ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík. Netfang: tryggingar@nefndir.is

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Samantekt úrskurða 2022

Síðast uppfært 9. maí 2023

Mál nr. 1/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging

Gildissvið vátryggingarskilmála. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28.12.2021 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 10. febrúar 2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að hann hafi tekið eftir leka meðfram fúu í sturtuklefa í baðherbergi hinnar vátryggðu fasteignar þann 19. desember 2020. Í framhaldinu hafi M fengið tvo fagaðila til að skoða baðherbergið og það hafi verði þeirra álit að vatnslekinn hafi byrjað hjá vaski á baðherberginu og vatnið lekið með einangrun til beggja átta. Tjónið tilkynnti M til tryggingafélagsins 28. desember 2020. M byggir á því að hann hafi reglulega upplýst tryggingafélagið um gang framkvæmda í baðherberginu og að þrisvar sinnum hafi skoðunarmaður á vegum tryggingafélagsins komið til að skoða aðstæður. Tryggingafélagið hafi svo hafnað bótaskyldu með vísan til þess að vátryggingin greiddi bætur vegna tjóns sem komi eingöngu til vegna ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lagnaleiðslum. Tjón M félli ekki undir þau skilyrði. M fellir sig ekki við þá niðurstöður og telur ljóst að affallsrör frá baðherbergisvaskinum hafi lekið með þeim afleiðingum að heilmikið vatnstjón hafi orðið á húseigninni.

Í athugasemdum V til nefndarinnar er byggt á því að félagið hafi fyrst eftir að tjónið var tilkynnt sent múrarameistara að heimili M í því skyni að skoða aðstæður og taka myndir. Þær myndir sem teknar voru beri glögglega með sér að baðherbergið hafi verið orðið lúið og illa farið. Í framhaldinu hafi félagið einnig sent pípulagningarmeistara á staðinn. Þá hafi M verið byrjaður að brjóta upp veggi o.fl. og þá hafi komið í ljós að um væri að ræða nokkuð umfangsmikið rakatjón en inni í veggjum hafi mátt sjá töluverðar raka-og mygluskemmdir. V telur aðallega tvö ákvæði skilmála fasteignatryggingarinnar koma til skoðunar annars vegar ákvæði 2.1. en þar segir að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum „vökva sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess.“ Hins vegar komi til skoðunar ákvæði 2.4. þar sem tilgreint sé að bætur séu greiddar ef tjón er af völdum „vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr fiskabúrum, kæliskápum, frystikistum, vatnsrúmum og hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilunar.“ M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið sé þess eðlis að það falli undir bótasvið tryggingarinnar. Þeir fagaðilar sem félagið sendi til að skoða tjónið hafi ekki séð nein merki þess að orsök tjónsins væri leki úr lögnum fasteignarinnar þvert á móti beri myndirnar og aðstæður með sér að um langvarandi notendaleka hafi verið að ræða. M hafi ekki tekið myndir eða aflað annars konar sannana fyrir því að lekinn ætti upptök sín meðfram affallinu á baðherbergisvaskinum. Þá sé einnig skilyrði fyrir greiðslu bóta að lekinn hafi verið óvæntur og skyndilegur. V telur ljóst út frá fyrirliggjandi gögnum að um langvarandi leka hafi verið að ræða. Bótaskylda sé því ekki til staðar úr fasteignatryggingu M hjá félaginu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort vatnstjón sem varð á fasteign í eigu M falli undir gildissvið vátryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V. Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er í kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur m.a. fram í ákvæði 2.1. að vátryggingin bæti tjón á vátryggðri húseign sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Í ákvæði 2.4. segir að vátryggingin bæti tjón á vátryggði húseign af völdum vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr fiskabúrum, kæliskápum, frystikistum, vatnsrúmum og hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum skilmálans sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni.
Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið um þó nokkurn tíma þegar M varð lekans var en umtalsverðar raka-og mygluskemmdir eru vel sýnilegar á fyrirliggjandi myndum í málinu. Þá liggur ekki fyrir nein skoðunar- eða álitsgerð sem sýnir fram á að tjónið stafi af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum eða frárennslislögnum. Loks hefur M ekki heldur sýnt

fram á að tjónið sé að rekja til óvænts og skyndilegs vatnsstreymis úr hreinlætistækjum vegna bilunar. Að öllu athuguðu hefur M ekki sýnt fram á að tjónið sé að rekja til leka sem falli undir bótasvið fasteignatryggingarinnar og því eru skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni ekki fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna vatnstjónsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 2/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Framúrakstur. Sakarskipting.

Gögn.

3. Málskot móttekið 30. desember 2021.
4. Bréf V dags. 1. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. febrúar 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningum sem ökumenn fylltu út hvor í sínu lagi varð árekstur milli bifreiðanna A, sem er bílaleigubifreið í eigu M og B, við gatnamót Þjóðvegar 1 og vegar 206 sem liggur að Fjarðarárgljúfri, hinn 23. desember 2021. Báðar bifreiðarnar eru vátryggðar hjá V. Niðurstaða V um sakarskiptingu vegna árekstursins var sú að A bæri alla sök á árekstri bifreiðanna.

M mótmælir þeirri afstöðu í málskoti. A hafi verið við framúrakstur þegar B hafi skyndilega beygt til vinstri og inn á veg 206 og hafi B því ekki gætt nægilega að umferð sem á eftir kom. Yfirborðsmerkingar á veginum (hálfbrotin miðlína) hafi þá gefið til kynna að framúrakstur væri heimill og sé eðlilegt að miða við slíkar merkingar við töku ákvörðunar um framúrakstur. Þá liggur fyrir lýsing ökumanns B á atvikum, en hann segist hafa beygt til vinstri og hafi gefið það til kynna með stefnuljósi, þegar ökumaður A hafi reynt framúrakstur á vegamótum.

Í bréfi V kemur fram að niðurstaða félagsins hafi m.a. byggt á 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem kveði á um bann við framúrakstri rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Þó er vakin athygli á 3. mgr. 7. gr. sömu laga, þar sem fram komi að leiðbeiningar um umferð sem gefnar séu til kynna með m.a. merkingum á yfirborði vega gildi framar almennum umferðarreglum. Vegmerkingum á vettvangi sé ábótavant en af kortamyndum megi þó sjá að um hálfbrotna miðlínu sé að ræða í akstursstefnu A og B. Sé það þá lagt í hendur nefndarinnar að meta hvort ákvæði 3. mgr. 7.gr. umferðarlaga eigi við í málinu, og sé uppi ósamræmi milli ákvæða laganna og merkinga á vettvangi sé ekki óeðlilegt að vegfarendur byggi ákvarðanir sínar á þeim síðarnefndu. Tekur V því ekki, í bréfi sínu, afstöðu til þess hvort og með hvaða hætti sök skuli skipt milli A og B.

Álit.

Ekki virðist ágreiningur milli aðila um að hálfbrotin miðlína hafi verið á vettvangi árekstursins í akstursstefnu A og B en við hlið hennar hafi verið heil lína. Samkvæmt b. lið 23. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, sbr. rg. 365/2019, er í slíkum tilvikum varhugavert að aka yfir línurnar og óheimilt nema með sérstakri varúð, en óheimilt að aka yfir þær þeim megin frá sem óbrotna línan er.

Í því tilviki sem hér um ræðir var báðum ökumönnum óheimilt að aka yfir fyrrnefnda hálfbrotna miðlínu við hlið heillar línu. Við mat á því hvernig ökumenn gæta fyllstu varúðar við slíkan akstur verður hins vegar ekki að öllu leyti litið fram hjá þeim almennum skyldum sem á ökumönnum hvíla í umferðarlögum nr. 77/2019, enda miða fyrirmæli þeirra laga að því að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi, sbr. markmið 1. gr. laganna.

Verður því við sakarmat litið til þess að ökumaður bifreiðar A var við framúrakstur, en í 23. gr. umferðarlaga er fjallað um að ökumenn verði að ganga úr skugga um að framúrakstur sé hættulaus og af 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga verður ekki annað ráðið en að augljós hætta sé af því að aka framúr bifreið við vegamót. Sú sérstaka varúð sem ökumanni bifreiðar A bar að viðhafa tekur mið að þessum grunnreglum umferðarlaga. Í hátternisreglu 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumenn sem beygja á vegamótum beri að ganga úr skugga um að þeim sé unnt að gera það án hættu eða óþarfa áhættu fyrir aðra og hyggja sérstaklega að umferð sem á móti og á eftir kemur. Verður af þessu ekki hægt að ályktа annað en sú sérstaka varúð sem ökumanni B bar að viðhafa var að gæta að umferð fyrir aftan sig.

Sakarmat skv. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 byggist á mati á háttsemi hvors ökumanns um sig. Af öllum gögnum málsins, framburði ökumanna og skyldum um sérstaka varúð verður ekki annað ráðið en meiri hætta hafi stafað af háttsemi ökumanns bifreiðar A sem hugðist aka fram úr bifreið B nálægt gatnamótum og ber hann meginhluta sakar vegna árekstursins. Sú háttsemi upphefur þó ekki þá sérstöku varúð sem ökumanni bifreiðar B bar að viðhafa vegna mögulegrar umferðar á eftir honum og ber hann því einnig sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar, og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 3/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Endurgreiðsla ferðar

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 16. febrúar 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 18. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ferðaðist til Spánar hinn 13. október 2021 og hugðist ferðast heim 2. nóvember 2021. Í málskoti kemur fram að M hafi ætlað að stunda golf fyrri hluta ferðarinnar en hann hafi veikst fljótlega eftir komu til Spánar með hósta og kvef og hafi því ekki getað stundað íþróttina. M kveðst hafa leitað á sjúkrahús hinn 22. október og verið greindur með lungnabólgu í báðum lungum. M fékk sýklalyfjameðferð en afþakkaði innlögn á sjúkrahúsið, en M flaug heim hinn 24. október 2021. Í sömu gögnum má sjá að M hafi fengið endurgreiddan þann kostnað sem hann hafði af sjúkrahúsheimsókn sinni á Spáni sem og kostnað við heimflug úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V, að frádreginni eigin áhættu M.

M telur að hann hafi ekki fengið tjón sitt fullbætt skv. vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar sinnar og gerir kröfu um kr. 360.000 krónur vegna gr. 4.6. í skilmálunum sem fjallar um endurgreiðslu ferðar. M telur skilyrði uppfyllt til endurgreiðslu. M telur að túlka eigi ákvæðið þannig að endurgreiðsla eigi ekki að vera háð samþykki V fyrir heimferð eða samráði við SOS neyðarþjónustu, en veikindi hans hafi verið orðin hættuleg þegar hann fór heim og hann taldi sig hafa gert allt rétt á og upplýst um ferðarofið eins fljótt og hægt var m.t.t. þess.

V hefur hafnað því að ákvæði gr. 4.6 í vátryggingarskilmálum greiðslukorts M eigi við í máli hans. V telur skilyrði ákvæðisins ekki uppfyllt en þar segi, nánar tiltekið í gr. 4.6.1 að félagið endurgreiði allt að 360.000 krónum af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs fyrir þann hluta ferðar sem hann getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International, að rjúfa ferð og fara heim eða hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hafi orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. V samþykkti ekki sérstaklega að M ryfi ferð sína, né SOS International og þar af leiðandi séu skilyrði til endurgreiðslu ekki fyrir hendi.

Álit.

Ágreiningur er í málinu um túlkun á ákvæði gr. 4.6.1. í vátryggingarskilmálum V en þar kemur fram að endurgreiðsla ferðar sé háð þeim skilyrðum að vátryggður þurfi skv. skriflegu læknisráði, og með samþykki V og SOS International, að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. Af gögnum málsins er ljóst að M sjálfur tók ákvörðun um heimferð fyrr en áætlað var og í gögnum málsins liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta að það hafi verið gert að skriflegu læknisráði. Ekki liggja heldur fyrir gögn um að samþykki V eða SOS International hafi legið fyrir, eins og áskilið er í fyrrnefndu ákvæði vátryggingarskilmála V. Ekki er dregið í efa að veikindi M hafi verið þess eðlis að hans ákvörðun um að flýta för heim hafi verið skynsamleg. Fyrrnefnd skilyrði um samþykki V og SOS International voru hins vegar ekki uppfyllt og hefur því ekki stofnast greiðsluskylda vegna endurgreiðslu ferðar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 4/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. febrúar 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 25. febrúar 2022.

Málsatvik.
Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 19. ágúst 2020 hafi X, verið ekið aftan á Y sem M ók umrætt sinn. Ekki virðist ágreiningur um að X beri alla sök á umræddum árekstri. M hafi hlotið áverka við áreksturinn, þ.e. mikinn hnykk á hálsinn enda hafi hún snúið hálsinum til hliðar við aftanákeyrsluna, og hafi einkenni sem rekja megi til þessa atviks hrjáð hana síðan. V hafnaði kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X, með bréfi dags. 5. janúar 2021, á grundvelli þess að orsakatengsl milli umrædds atviks og þeirra einkenna sem M rekur til þess væru ósönnuð. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu en hún hafi leitað til læknis fimm dögum eftir umrætt slys vegna einkenna frá hálsi, herðum og baki. Sé hún enn í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna þessa. Þrátt fyrir að M hafi haft einkenni frá stoðkerfi fyrir slysið verði að líta til þess að hún hafi ekki þurft á meðferð sjúkraþjálfara að halda fyrir slysdag og þá sé aðeins einu sinni minnst á einkenni frá hálsi í sjúkraskrá hennar fyrir umrætt slys. Það að M hafi verið með langvinna verki og dreifð stoðkerfiseinkenni girði þá ekki fyrir að hún hafi hlotið áverka við umræddan árekstur. Höfnun V byggi þá aðallega á einhliða öfluðum hraðaútreikningi sem segi aðeins til um líklegasta hraða og hröðun bifreiðar við árekstur en segi ekki til um líkamlegar afleiðingar áreksturs á tjónþola. Geti slíkur útreikningur því naumast gefið réttar mynd afleiðingum slyssins, enda sé í tilfelli M sýnt fram á þær með fyrirliggjandi gögnum. Við mat á afleiðingu slyss verði enda að líta til læknisfræðilegra gagna en ekki nær eingöngu líkindaútreiknings á ökuhraða og höggkrafti. Sé samkvæmt framlögðum gögnum fullsannað að M hafi orðið fyrir varanlegu heilsutjóni af völdum árekstursins.

Í bréfi V og síðari athugasemdum segir að í sjúkraskrá M komi fram að hún hafi fyrir umrætt slys glímt við einkenni frá öxlum, baki, mjóbaki, mjöðmum, hálsi o.fl. Þá komi fram að M hafi haft greiningu um vefjagigt og langvinna verki frá öxlum og verið óvinnufær af þeim orsökum. V hafi óskað eftir PC-Crash skýrslu og séu niðurstöður hennar þær að nær ekkert högg hafi orðið við áreksturinn. Slíkir árekstrar valdi almennt ekki varanlegu líkamstjóni og því séu ríkari kröfur gerðar um sönnun afleiðinga í slíkum tilvikum. Þá liggi ekki fyrir matsgerð þar sem tekin sé afstaða til orsakatengsla milli slyssins og einkenna M. Sé það mat V að ekki sé sýnt fram á orsakasamband árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M reki til hans og verði hún að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 19. ágúst 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að afar lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 24. ágúst 2020 og kvartaði undan verkjum og stífleika í hálsi. Var hún þá greind með hálstognun, og fékk beiðni vegna sjúkraþjálfunar og ávísuð lyf. Þá liggur fyrir að M leitaði alls 22 sinnum til sjúkraþjálfara á tímabilinu 29. október 2020 til 2. mars. 2021. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um aðrar komur M til læknis vegna afleiðinga sem hún rekur til umrædds áreksturs né er fyrirliggjandi skýrsla sjúkraþjálfara um

einkenni M eða meðferð hennar. Þá liggur fyrir sjúkraskrá M frá 19. ágúst 2015 til 19. ágúst 2020. Af henni má ráða að M hafi lengi þjáðst af útbreiddum stoðkerfisverkjum. Í færslu dags. 28. ágúst 2019 kemur þá fram að sögu um stoðkerfisverki megi rekja til ársins 1990, og hafi verkir þá byrjað í öxlum en á sl. árum verið víðar um líkamann, svo sem í hálsi, mjóbaki, brjóstkassa og fótum. Þá liggur fyrir að M hafi verið til meðferðar sjúkraþjálfara vegna stoðkerfisvandamála a.m.k. á árunum 2016 og 2019 þó ekki sé að fullu ljóst hvaða einkenni voru þá til meðferðar. Þrátt fyrir framangreint er ekki útilokað að M kunni að hafa orðið fyrir einhverjum meiðslum við áreksturinn 19. ágúst 2020 sem gætu veitt henni rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X. Fyrir nefndinni liggja hins vegar engin gögn með nánari upplýsingum um þau einkenni sem hún rekur til árekstursins og hvernig þau kunni að vera frábrugðin fyrri einkennum. Þá liggur ekki fyrir sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M. Á grundvelli alls framangreinds, og með vísan til heildstæðrar skoðunar á fyrirliggjandi gögnum, er vafi um að slík orsakatengsl séu fyrir hendi og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermansdóttir

Mál nr. 5/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging

Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 04.01.2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31.01.2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 07.02.2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V dags. 09.02.2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M lenti í slysi þann 28. nóvember 2018 er hann var að ganga niður þrep á brú við pottasvæði sundlaugar í eigu X. Hálka var á brúnni og skall M aftur fyrir sig og rann niður öll þrepin með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M gerði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X og í úrskurði nr. 202/2020, dags. 1. september 2020 komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að M ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M hyggst nú fara með málið fyrir dómstóla og gerði því kröfu í málskostnaðartryggingu sína hjá V þann 23. nóvember 2021. Þann 2. desember 2021 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess tilkynningafrestur væri liðinn.

M telur að hann eigi skýran og ótvíræðan rétt úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V. Matsgerð í málinu lá ekki fyrir fyrr en 13. október 2021 og því var M ekki ljóst fyrr en þá hverjar varanlegar afleiðingar yrðu. Í kjölfarið voru gerðar upp bætur úr frítímaslysatryggingu hjá V og að því loknu var tekin ákvörðun um að höfða dómsmál til heimtu bóta úr ábyrgðartryggingu X. Ákvörðun um málshöfðunina var þannig tekin nokkrum dögum áður en tilkynningin var send til V. Í viðbótarathugasemdum sínum vísar lögmaður M til þess að tjón M var tilkynnt til V með tölvupósti þann 6. mars 2019 og svo með sérstöku eyðublaði þann 11. júlí 2019. V staðfesti bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu vegna slyssins með tölvupósti dags. 11. júlí 2019. Vísar lögmaður M til sambærilegra sjónarmiða sem fram koma í dómi Landsréttar í máli nr. 280/2020 og vísar til þess að engin rök standi til þess að V hafni bótaskyldu úr einstökum bótaliðum fjölskyldutryggingar M hjá V.

V vísar til upplýsinga sem fram koma í tjónstilkynningu M þar sem fram kemur að ágreiningurinn hafi komið upp þegar V hafnaði bótaskyldu í málinu, sem var með bréfi dags. 2. febrúar 2020. Í tjónstilkynningu segi einnig að þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni um bætur úr málskostnaðartryggingunni hafi gerst 28. nóvember 2018. Þegar M tilkynnti tjón í málskostnaðartryggingu sína þann 23. nóvember 2021 var liðið meira en ár frá því að honum mátti vera ágreiningurinn ljós en V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þann 2. febrúar 2020. Með áliti sínu þann 1. september 2020 tók úrskurðarnefnd í vátryggingamálum undir þá afstöðu.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tilkynningafrestur hafi verið virtur í skilningi Samkvæmt 1. mgr. 51.gr. laga nr. 30/2004 glatar vátryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Þar sem um málskostnaðartryggingu er að ræða verður að líta til skilmála vátryggingarinnar um það hvenær stofnast til bótaskylds atviks úr tryggingunni. Segir í m.a. í skilmálanum að: *„Vátryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á vátryggingartímabilinu [..]“*.Verður því að miða við að upphaf ársfrestsins byrji að líða við það tímamark er vátryggðum mátti vera ljóst að ágreiningur væri kominn upp. Það er ágreiningslaust að M átti bótarétt úr frítímaslysatryggingu sem er hluti af fjölskyldutryggingunni og að lögmaður M var í samskiptum við V vegna þeirrar tryggingar allt frá 6. mars 2019. Bótaskyldu hefur verið hafnað úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Um er að ræða tvo aðskilda vátryggingaratburði. Fyrri vátryggingaratburðurinn er frítímaslysið sjálft sem gerðist þann 28. nóvember 2018 og svo seinni vátryggingaratburðurinn er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Sá ágreiningur kom fyrst upp er V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þann 2. febrúar 2020. Ekki er því unnt að líta svo á að málsatvik séu sambærileg og þau sem fjallað var um í dómi Landsréttar í máli nr. 280/2020. Í

því máli var um að ræða einn vátryggingaratburð sem bótaskyldur var úr tveimur mismunandi tryggingum hjá sama vátryggingafélagi. Að mati nefndarinnar mátti M vera ljóst að ágreiningur væri kominn upp þegar V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þann 2. febrúar 2020. Þegar M gerði kröfu í málskostnaðartrygginguna með tjónstilkynningu þann 23. nóvember 2021 var ársfrestur sem tilgreindur er í gr. 6.3 í vátryggingarskilmála V sbr. 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, liðinn þegar M tilkynnti um tjón til V þann 2. febrúar 2020.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 6/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Tómlætisfrestur 94. gr. vsl.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. janúar 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 13. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni í vinnuslysi þann 1. júní 2019 við störf sín fyrir Y. Í fyrirliggjandi rannsóknarskýrslu vinnuveitanda M er slysinu lýst með þeim hætti að M var sestur upp í vinnubifreið, þegar hann sá að blikkljós annarrar bifreiðar logaði og minnugur þess að rafgeymar bifreiðanna klárast ef það gleymist að slökkva ljósin, gekk M að bifreiðinni, teygði sig inn í hana og ætlaði að ræsa bifreiðina til þess að hlaða rafgeyminn. Bifreiðin var þá í bakkgír en ekki í handbremsu og hrökk bifreiðin í gang og ók aftur á bak. Við það lenti hurð bifreiðarinnar á M sem féll í jörðina, snerist frá bifreiðinni og fékk dekk yfir tána. Við þetta fékk M högg á úlnlið, olnboga og mjöðm. Lögmaður M gerði kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna slyssins. V samþykkti með tölvupósti dags. 13. janúar 2021 bótaskyldu að hluta. Taldi V hæfilegt að skerða bætur um helming vegna stórkostlegs gáleysis af hálfu M er hann gangsetti bifreiðina án þess að setjast undir stýri.

M hafnar því alfarið að hann hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi umrætt sinn. Verklag fyrirtækisins hafi verið að skilja umræddar bifreiðar eftir í hlutlausum og í handbremsu. Þessu verklagi var ekki fylgt í umrætt sinn af samstarfsmanni þar sem bifreiðin var í bakkgír og ekki í handbremsu þegar M ræsti bifreiðina í því skyni að hlaða rafgeyminn. Telur M einnig að V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig höfnun á bótaskyldu í málinu, sbr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þann 19. júní 2019, einu og hálfu ári áður en V tilkynnti um skerðingu bóta, fékk V upplýsingar um atvik málsins með tölvupósti. V hefur hafnað greiðsluskyldu að hluta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna stórkostlegs gáleysis M. Um sé að ræða beinskipt, stórt og mjög þung vélknúið ökutæki sem þarf meirapróf til þess að aka. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/1999 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það í fyrsta lagi hvort V hafi verið heimilt að skerða bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um helming (50%) vegna stórkostlegs gáleysis M og í öðru lagi hvort V hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig höfnun á bótaskyldu að hluta í málinu sbr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (vsl.) má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Ætli vátryggingarfélag að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að öllu leyti eða hluta verður það skv. 1. mgr. 94. gr. laganna að tilkynna vátryggingartaka eða þeim sem eiga rétt til vátryggingarbóta, skriflega um afstöðu sína án ástæðulauss dráttar eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum. Ef vátryggingafélag sinnir þessu ekki þá missir það rétt til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skv. 2. mgr. 94. gr. Fyrirliggjandi er ítarleg frásögn af tjónsatvikinu frá lögmanni M til V sem send var með tölvupósti þann 19. júlí 2019. Í þeim tölvupósti kemur fram að gerð hafi verið atvikaskýrsla af vinnuveitanda og að til sé myndbandsupptaka úr öryggismyndavél á svæðinu. Með tölvupósti þann 6. janúar 2021 tilkynnti V um að það hugðist afla frekari upplýsinga frá X svo hægt yrði að taka afstöðu til þess hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Afstaða félagsins var tilkynnt M í tölvupósti dags. 13. janúar 2021. Í þeim pósti kom fram að myndband liggi nú fyrir um atvikið og að félagið teldi atvikið vera bótaskylt úr ábyrgðartryggingu dælubílsins X en að bætur verði skertar um helming (50%). Hér er líklega um misritun á tryggingu að ræða en M gerir kröfu um bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda en ekki ábyrgðartryggingu ökutækis. Frestur skv. 1. mgr. 94. gr. vsl. byrjar að líða þegar félagið vissi um þau atvik sem veita því

heimild til að beita rétti sínum til að skerða bætur. Verður að telja að sá frestur hafi byrjað að líða er V fékk sendan tölvupóst frá lögmanni M með ítarlegri lýsingu á aðdraganda slyssins ásamt upplýsingum um að til væri atvikaskýrsla og myndbandsupptaka. V tilkynnti M ekki fyrr en um einu og hálfu ári síðar að það hugðist bera fyrir sig stórkostlegt gáleysi M. Verður þannig að telja að V hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að það hafi glatað rétti til að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis sbr. 2. mgr. 94. gr. vsl. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis M. Af ofangreindu verður þannig talið að M eigi óskertan rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.
M á rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 7/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sjúkrakostnaður. Skaðabótalög og gildissvið 1. mgr. 17. gr.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 11. mars 2022.
4. Bréf V, dags. 14. mars 2022.

Málsatvik.

Mál þetta er rakið til þess að hinn 19. júlí 2017 var bifreiðinni A ekið á Liliane Cambré (Hér eftir nefnd X), sem hlaut við það nokkuð líkamstjón. X er búsett í Belgíu og hefur verið undir læknishendi þar vegna afleiðinga líkamstjónsins. Nokkur sjúkrakostnaður hefur fallið til vegna sömu afleiðinga og hefur X sótt læknisþjónustu í Belgíu í tengslum við þær. Vátryggingafélagið M hefur greitt slíkan kostnað fyrir X eða beint til hennar og telur slíkan kostnað vera sjúkrakostnað í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skbl.). M hefur krafið V um greiðslu bóta sem nema þeim kostnaði sem greiddur hefur verið vátryggingu X hjá M. Krafan er gerð í ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A en V hefur hafnað greiðslu, aðallega á grundvelli 1. mgr. 17. gr. skbl. en þar segir: *„Endurkrafa vegna greiðslu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar verður ekki gerð á hendur þeim sem er skaðabótaskyldur. Sama á við um bótagreiðslur lífeyrissjóða eða vátrygginga og skiptir ekki máli hvers eðlis vátryggingin er, sbr. 2. mgr. 22. gr.“*

M byggir kröfu sína á V á því að greiðslur vegna X hafi verið greiddar úr vátryggingu sem sé byggð á belgískum lögum, en titill þeirra hefur verið þýddur sem lög um skyldutryggingu sjúkrahjálpar og stuðningsgreiðslna. M leiðir rétt sinn til endurgreiðslu kostnaðar í ábyrgðartryggingu hjá V til 136. gr. þeirra laga, en í því ákvæði komi fram að tjónþoli, skv. áðurnefndum belgískum lögum, eigi ekki rétt á greiðslum á grundvelli laganna ef í ljósi komi að bætur fáist greiddar úr annarri tryggingu, svo sem í gegnum erlenda löggjöf skv. 2. mgr. 136. gr. laganna. M hefur ekki krafið X um endurgreiðslu bóta úr umræddri vátryggingu en beinir kröfum beint að V þar sem ætla megi að X muni krefja V um slíka greiðslu á grundvelli 1. gr. skaðabótalaga ef M krefði hana um slíka greiðslu. M telur að krafan falli ekki undir 1. mgr. 17. gr. skaðabótalaga þar sem sú lagagrein fjalli um kröfur á hendur hinum skaðabótaskylda, en ekki á hendur vátryggingafélögum. M telur að taka hefði þurft fram í þessari grein skaðabótalaga ef hún hefði átt að ná til þess vátryggingafélags sem veitt hefur hinum skaðabótaskylda vátryggingu. Einnig vísar M til 1. mgr. 97. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kveðið var á um að ef mál væri höfðað til heimtu bóta skyldi það höfðað gegn bæði þeim sem væri bótaskyldur skv. 90. gr. laganna, sem og því vátryggingarfélagi sem hefði ábyrgðartryggt ökutæki. M telur skýringar V ekki standast hvað það varðar að M gangi inni í réttarstöðu X gagnvart V leiði til þess að krafa um greiðslu bóta falli niður, enda sé ekki heimild til slíks í lögum. M vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli 219/2020 og að þar hafi komið fram að þó skaðabótaskylda þess sem ábyrgð ber á ökutæki falli niður leiði það ekki sjálfkrafa til þess að greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu falli niður. M vísar til víðtækrar ábyrgðar í þágildandi umferðarlögum nr. 50/1987 um að sá sem bótaábyrgð beri á tjóni skuli greiða skaðabætur vegna þess tjóns og þannig sé rétt að bætur komi úr vátryggingu þess sem ábyrgð ber en ekki úr vátryggingu tjónþola. Einnig vísar M til 25. gr. skbl. þar sem komi fram að ef tveir eða fleiri beri bótaábyrgð skuli hún skiptast eftir því sem sanngjarnt þykir þegar litið er til skaðabótaábyrgðar þeirra og M beri ekki slíka ábyrgð.

V hefur, sem fyrr segir, hafnað því að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu A til M og telur í fyrsta lagi að nefndin eigi taka afstöðu til þess hvort vísa eigi máli M frá nefndinni þar sem M sé vátryggingafélag og ekki sé gert ráð fyrir að nefndin fjalli um endurkröfur milli vátryggingafélaga. Í öðru lagi vísar V til þess að þær greiðslur sem greiddar hafa verið af hálfu M úr vátryggingu X njóti ekki endurkröfu skv. 1. mgr. 17. gr. skbl. V vísar til þess að fyrirkomulag hér á landi sé ekki sambærilegt við fyrirkomulag bótagreiðslna víðs vegar í mið-Evrópu þar sem algengt sé að heimildir séu fyrir því að þeir sem sjá um

sjúkratryggingar, opinberir og einkaaðilar, hafi möguleika á endurkröfu í ökutækjatryggingar. Hérlendis geri skaðabótalög hins vegar ekki ráð fyrir slíku og undanskilji endurkröfur greiðslna úr almannatryggingum, lífeyrissjóðum og vátryggingafélögum. Iðgjöld ökutækjatrygginga séu auk þessa byggð á ákvæðum skaðabótalaga og því ekki gert ráð fyrir endurkröfum frá þessum aðilum. V telur einnig ósannað að M hafi greitt X bætur umfram skyldu og þannig sé M heimilt að endurkrefja X um þann kostnað sem greiddur hafi verið. Þýðing á ákvæði 136. gr. í belgískum lögum um skyldutryggingu sjúkrahjálpar og stuðningsgreiðslna gefi það heldur ekki til kynna með skýrum hætti. V vísar einnig til þess að M eigi ekki bótarétt vegna slyss X sem sjálfstæður tjónþoli heldur leiði rétt sinn af rétti X á hendur eiganda A og V sem vátryggjanda. V telur að X hafi borið skylda skv. almennum reglum skaðabótaréttar til takmörkunar tjóns síns vegna sjúkrakostnaðar og þannig hafi X borið skylda til að nýta bótarétt sinn hjá almannatryggingum. Bótaréttur X nái ekki lengra en því sem nemur þeim fjárhæðum sem ekki fást greiddar og sé því ekki hægt að framselja til þriðja aðila, eins og M, þann rétt sem ekki sé fyrir hendi. V mótmælir röksemdafærslu M hvað varðar túlkun á orðalagi 1. mgr. 17. gr. skbl. og telur að um alvarlegan misskilning sé að ræða um eðli ábyrgðartrygginga. V bendir á að það hafi sama mótbárurétt og sá skaðabótaskyldi og ábyrgðartrygging nái ekki lengra en sem nemur bótaskyldu hins skaðabótaskylda. Ekki sé gerður nokkur staðar greinarmunur í skaðabótalögum á hinum skaðabótaskylda og ábyrgðartryggjanda hans. Einnig vísar V til þess að íslenskar reglur gildi um bótarétt X og meðferð bótakrafna og vísar til athugasemda með frumvarpi til skaðabótalaga varðandi 19. gr. þeirra um að sömu reglur gildi um innlenda og erlenda vátryggjendur vegna endurkröfuréttar og veiti reglur laganna erlendum félögum ekki betri rétt en íslenskum. Þessu til viðbótar vísar V til 2. mgr. 27. gr. skbl. um að óheimilt sé að víkja frá ákvæði 1. mgr. 17. gr. laganna með samningi, ef það er í óhag hinum skaðabótaskylda. V telur ótvírætt að M falli undir ákvæði 1. mgr. 17. gr. skbl. með því að vera stór einkarekinn sjúkratryggjandi eða sjúkrasamlag. Um sé að ræða sambærilegt úrræði og lög um almannatryggingar á Íslandi gera ráð fyrir, þ.e. að vátrygging X hjá M sé hluti af almannatryggingakerfi Belgíu. Hið minnsta verði að jafna stöðu M við vátryggingafélag skv. orðalagi 1. mgr. 17. gr., enda sé bótaréttur X hjá M ekki bótaréttur úr skaðatryggingu. Að lokum bendir V á að ef fallist sé á endurkröfurétt M geti það leitt til þess að skaðabótaskyldir aðilar á Íslandi, sem séu eftir atvikum ekki með ábyrgðartryggingu, þurfi að greiða háar endurkröfur frá erlendum almannatryggingum, lífeyrissjóðum eða sjúkra- og slysatryggjendum, en ekki íslenskum og það sé andstöðu við jafnræðissjónarmið.

Lögmaður M gerði athugasemdir við afstöðu V til nefndarinnar með bréfi dags. 11. mars 2022. Þar kemur fram að M telur ekki í samræmi við samþykktir nefndarinnar að vísa máli frá án kröfu þar sem orðalag 2. gr. samþykkta fyrir nefndina gerir ráð fyrir því sem og að texti á heimasíðu nefndarinnar séu upplýsingar um að málskotsaðili geti verið *„..hver sá annar er telur sig eiga rétt til bóta úr vátryggingu..“* Í sama bréfi kemur fram að X hafi verið viðskiptavinur M frá árinu 1983 og stærstur hluti kostnar sem M hafi greitt vegna slyssins hafi verið úr skyldubundinni sjúkratryggingu sem greitt sé fyrir af vinnuveitanda X annars vegar og henni sjálfri hins vegar. X hafi verið frjálst að velja tryggingafélag og ekki sé því um sambærilegt kerfi að ræða og almannatryggingakerfi hérlendis. Einnig vísar M til þess að hluti kostnaðar hafi verið greiddur úr viðbótarvátryggingu X hjá M. Vísar er til þess að bótakerfi hérlendis og í Belgíu séu ólík og langsótt sé að M eigi að vera verr sett en íslensk vátryggingafélög sökum staðsetningar. M telur að það fari um réttarsamband við X eftir belgískum lögum og þar komi skýrt fram að vátryggjandi gangi inn í rétt vátryggðs gagnvart þriðja manni sem beri ábyrgð á tjóni. Einnig er vísað til 4. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið þar sem mismunun á grundvelli ríkisfangs sé bönnuð og þannig eigi M að eiga sama rétt og íslensk vátryggingafélög. Einni er vísað til þess að vátrygging X hjá M svipi til skaðatrygginga en ekki persónutrygginga skv. skilgreiningum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þannig eigi 1. mgr. 22. gr. skbl. betur við.

Í viðbótarathugasemdum V dags. 14. mars sl. kemur fram að félagið telji skyldubundna sjúkratryggingu M byggða upp með sambærilegum hætti og almannatryggingar hér á landi þar sem það kerfi sé fjármagnað annars vegar með skattgreiðslum einstaklinga og hins vegar með tryggingagjaldi atvinnurekenda. Það sé því ekki mismunun milli landa. Einnig telur V ósannað hvernig möguleg viðbótartrygging X hjá M hafi verið og hvort jafna megi henni til skaðatryggingar í skilningi 1. mgr. 22. gr. skbl., en slíkar greiðslur gætu sætt endurkröfu á grundvelli þess ákvæðis.

Álit.

Í fyrsta lagi verður máli þessu ekki vísað frá nefndinni á þeim grundvelli að málskotsaðili sé vátryggingarfélag. Í samþykktum fyrir nefndina, sem tóku gildi 1. janúar 2022 og birtar eru á heimasíðu nefndarinnar, kemur fram í 2. gr. að málskotsaðili geti m.a. verið lögaðili sem telur sig eiga rétt til bóta úr vátryggingu, þ.á.m. ábyrgðartryggingu. Ekki kemur fram í umræddri grein eða annars staðar í samþykktunum að lögaðili sem er einnig vátryggingafélag geti ekki verið málskotsaðili. Ágreiningurinn er því tækur til úrskurðar m.v. áðurnefndar samþykktir.

Aðilar málsins hafa ítarlega gert grein fyrir sjónarmiðum sínum um eðli þeirrar vátryggingar sem M veitti X á grundvelli belgískra laga um skyldutryggingu sjúkrahjálpar og stuðningsgreiðslna. Af gögnum málsins má ráða að ákvæði þeirra belgísku laga gera vátryggingafélagi eins og M kleift, m.v. 136. gr. laganna, að hafna greiðslu bóta ef tjónþoli á rétt til bóta annars staðar, t.d. á grundvelli skaðabótaábyrgðar eða úr annarri vátryggingu. Ekki verður fyllilega ráðið af sömu gögnum að ótvíræður réttur M til endurgreiðslu af hálfu X sé fyrir hendi eða að fyrirvari hafi verið gerður þess efnis vegna bótagreiðslna M vegna líkamstjóns X. Ekki kemur heldur fram með skýrum hætti hvernig möguleg viðbótarvátryggingu X hjá M var og hvaða greiðslur voru inntar af hendi úr þeirri vátryggingu.

Af kröfu M verður ekki annað ráðið en að um sé að ræða greiðslu bóta úr einhvers konar heilsutryggingu skv. belgískum lögum eða viðbótarvátryggingu sem nær til greiðslu bóta vegna líkamstjóns X. Ekki verður annað séð en að slík vátrygging teljist vera persónutrygging í skilningi 3. mgr. 1. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, eða vátrygging sem er sambærileg sjúkratryggingu í skilningi 2. mgr. 22. gr. skbl., en M verður að bera hallann af sönnunarskorti um annað.

Í 1. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 kemur skýrt fram að endurkrafa vegna bótagreiðslna úr vátryggingu verði ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda, auk þess sem sama gildi um bætur skv. lögum um almannatryggingar og bótagreiðslur lífeyrissjóða og vísað er til 2. mgr. 22. gr. skbl. þar sem sjúkratrygging er sérstaklega tilgreind. Réttur tjónþola til greiðslu bóta frá vátryggingafélagi sem ábyrgðartryggir eiganda ökutækisins A skv. þágildandi XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, byggir með beinum hætti á skaðabótaskyldu A og öðlast V því sama mótbárurétt og hinn skaðabótaskyldi. Orðalag 1. mgr. 17. gr. skbl. verður því ekki skilið öðruvísi en að V geti hafnað endurkröfum allra vátryggingafélaga vegna greiðslna úr persónutryggingum, óháð því hvort þau eru íslensk eða erlend. Þannig er hinu belgíska vátryggingafélagi ekki mismunað á grunvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ekki liggur fyrir að M hafi samið sérstaklega við V um milligöngu um greiðslu sjúkrakostnaðar X skv. 1. gr. skbl. eftir að tjón varð, en ekki verður séð að slíkur samningur væri andstæður 2. mgr. 17. gr. skbl. Það að bætur hafi verið greiddar úr vátryggingu X hjá M kemur í veg fyrir endurkröfu á hinn skaðabótaskylda og þar af leiðandi V, skv. 1. mgr. 17. gr. skbl. Greiðsluskylda V er því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eiganda ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 8/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M dags. 22. febrúar 2022.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M keypti húseign sína hér eftir nefnd húseignin Y, með kaupsamningi í febrúar 2019. Fasteignasalan X sá um sölu fasteignarinnar og var eigninni lýst í söluyfirliti sem þriggja herbergja íbúð og kom fram að íbúðinni fylgdi sér geymsla í sameign. M seldi sömu eign með kaupsamningi dags. 24. janúar 2020 og segir að þá fyrst hafi komið í ljós að eignin var skráð tveggja herbergja í eignaskiptayfirlýsingu og að geymslan sem sögð var vera í sameign fylgdi ekki eigninni, heldur tilheyrði hún annarri íbúð í húsinu. M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem hún varð fyrir vegna þessa og bendir á ákvæði 1. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Söluyfirlit eignarinnar hafi verið rangt og brást starfsmaður X skyldu sinni og gætti þannig ekki hagsmuna kaupanda. M hafði litla reynslu af kaupum fasteigna og treysti því að fasteignasalinn væri sérfróður og faglegur í sínum viðskiptum. Í viðbótarathugasemdum til nefndarinnar segist M ekki hafa fengið upplýsingar um að aukaherbergið var í raun geymsla íbúðarinnar og að við sölu eignarinnar hafi hún því ekki selt geymsluna með eigninni þegar hún var seld ári eftir kaupin. Gerir M kröfu um endurgreiðslu á þjónustu fasteignasala í kaupferlinu þ.e sölulaunum og að fá bætt fjárútlát við vegna sölu á eigninni rúmu ári síðar en M varð að kaupa þjónustu lögmanns til að tryggja að söluferlið væri rétt.

V hefur hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 13. janúar 2021 og telur að X hafi ekki brotið gegn skyldum sínum sem fasteignasali í tengslum við söluna. Telur V einnig ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni. Vísar V til þess að M hafi skoðað húseignina Y í nokkur skipti fyrir kaupin og hafi fengið þær upplýsingar að þáverandi eigandi hefði breytt íbúðinni og bætt við herbergi. M var ljóst innra skipulag íbúðarinnar. Íbúðin var því þriggja herbergja þegar M festi kaup á íbúðinni. Varðandi geymsluna þá telur V að ekki verði séð að M hafi freistað þess að útbúa nýja eignaskiptayfirlýsingu er hún var eigandi að eigninni en augljóst sé af eignaskiptayfirlýsingu að hún sé röng enda benda opinberar skráningar á eigninni til þess að eignin eigi stærri hluta í sameign en aðrar eignir á sömu hæð. Enginn í húsinu hafi gert tilkall til geymslunnar. M hafi selt eignina á mun hærra verði rétt tæpu ári eftir kaup hennar á eigninni. Ekki verði séð í hverju tjón M felst.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort starfsmenn fasteignasölunnar X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í störfum sínum á þann hátt að bótaréttur hafi skapast úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar hjá V. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðiþjónustu.

Ljóst er af gögnum málsins að húseigninni Y hafði verið breytt á þann hátt að geymslu sem var innan eignarinnar var breytt í svefnherbergi og var eignin þannig í raun 3ja herbergja þegar M keypti hana.

Verður það því ekki talið gáleysi hjá fasteignasalanum að lýsa eigninni sem þriggja herbergja í söluyfirliti þó taka megi undir það með M að eðlilegra hefði verið að upplýsa um að breytingar hefðu verið gerðar á fjölda herbergja eignarinnar frá því sem fram kemur í opinbergum teikningum af skipulagi eignarinnar. Fasteignasalinn kveðst þó hafa upplýst M um það munnlega. Hvað varðar geymslu í sameign hússins þá liggur fyrir að samkvæmt eignaskiptasamningi dags. 27. júlí 1976 fylgir geymsla í sameign ekki íbúð þeirri sem hér um ræðir. Er hún í eigi annarrar íbúðar á sömu hæð. Söluyfirlitið var því rangt hvað geymslu í sameign varðar. Orðalag 1. mgr. 11. gr. um að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að upplýsingar á söluyfirliti felur í sér strangt sakarmat gagnvart fasteignasölum sem sérfræðingum. Verður að gera þær kröfur til þeirra að þeir gangi úr skugga um að upplýsingar sem þessar, hvort sem þær stafa frá seljendum eða öðrum, séu staðreyndar áður en slíkt orðalag er sett í söluyfirlit. Verður að meta það fasteignasalanum til gáleysis að setja rangar upplýsingar í söluyfirlit eignarinnar. Þannig ber hann ábyrgð skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015. Til þess að greiðsluskylda stofnist skv. almennum reglum skaðabótaréttar verður að sýna fram á að ofangreint gáleysi fasteignasalans hafi leitt til tjóns, og þá skv. 4. gr. vátryggingarskilmála starfsábyrgðartryggingar fasteignasala hjá V, almenns fjártjóns fyrir M. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um umfang slíks tjóns eða að það hafi yfirhöfuð orðið. Ekkert mat liggur fyrir því til staðfestingar eða önnur gögn sem leiða líkum að því að M hafi orðið fyrir almennu fjártjóni. M seldi húseignina á hærra verði tæplega ári eftir að hún var keypt þrátt fyrir að geymsla í sameign fylgdi ekki með eigninni. Ekki verður því hægt að fallast á greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 9/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging fasteignatryggingar
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X): húsfélag

Skaðabótaábyrgð. Ábyrgð húseiganda.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum og tölvupóstur dags. 8. febrúar 2022.
3. Tölvupóstur M, dags. 8. febrúar 2022.

Málsatvik.

Ljóst er af gögnum málsins að hinn 5. eða 6. janúar sl. fauk annað hvort þakkantur eða hluti þakplötu á bifreið M með þeim afleiðingum að rúða brotnaði og frekara tjón varð á bifreiðinni.

M hefur gert kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu húsfélagsins X og í málskoti kemur fram að hluti þaksins sem fauk á bifreið hennar sé af álmu B í húsi X og M telur að greiða eigi bætur úr tryggingu húsfélagsins. Einnig upplýsir hún um að framkvæmdir hafi verið á þaki þegar tjónið varð.

V hefur hafnað bótaskyldu en segir í bréfi sínu til nefndarinnar að staðfest sé að þakrenna/þakkantur af húsi X hafi fokið á bifreið M í slæmu veðri 6. janúar sl. V bendir á að forsvarsmaður húsfélags hafi gefið upplýsingar um að ekki hafi verið vitað um veikleika í búnaði þaksins og þannig ekki fyrirsjáanlegt að hluti þaksins myndi fjúka laus. V telur að X beri því ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M en bendir á rúðutryggingu vegna tjóns á rúðum bifreiðarinnar.

Álit.

Til þess að bótaskylda komi til úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X þarf M að sýna fram á að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem hlaust af því að hluti þaks fauk á bifreið hennar. Í íslenskum rétti gera reglur skaðabótaréttar ráð fyrir því að almennt stofnist skaðabótaábyrgð á þeim grundvelli að saknæm háttsemi hafi leitt til tjóns. Í þessu máli er ekki sýnt að nokkur á vegum X hafi sýnt saknæma háttsemi sem lýtur að frágangi þaks, þakrennu eða þakkants. Ábyrgð X gagnvart tjóni á bifreið M er ekki hlutlæg í þeim skilningi að hún stofnist án sakar. M getur því ekki gert kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fasteignatryggingar húsfélags X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 10/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 16. október 2019 hafi M orðið fyrir líkamstjóni sökum vinnuslyss. Atvik voru þau að M var að störfum í þágu vinnuveitanda síns, Y, á starfsstöð X. Hafi hún verið á staflara þegar rafmagnstjakki, sem var í eigu X og stjórnað af starfsmanni þess, Z, var bakkað á hana með þeim afleiðingum að hún varð fyrir meiðslum. M hafi gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafi, með tölvupósti dags. 17. mars 2021, hafnað bótaskyldu þar sem slysið væri að rekja til gáleysis M sjálfrar sem hefði ekið í öfuga akstursstefnu, án þess að líta aftur fyrir sig. M hafnar þessu alfarið og telur slysið að rekja til saknæms gáleysis Z. Hefði M ekið í það sem V kalli „rétta akstursstefnu“ hefði hún ekki séð fram fyrir sig vegna bretta á staflaranum og þess utan hafi Z þá einnig ekið í „öfuga“ akstursstefnu, sem sé þá mögulega viðhaft verklag hjá X. Hafi Z þá bakkað inn á vinnusvæði hennar án þess að ganga úr skugga um að óhætt væri að aka aftur á bak. Hefði Z með aukinni aðgát getað komið í veg fyrir umræddan tjónsatburð. Máli sínu til stuðning vísar M til ákvæða umferðarlaga og nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hafi X þannig borið að setja skýrar reglur um framkvæmd starfs þeirra sem stjórni vinnuvélum og tryggja eftirfylgni þeirra og þess að fyllsta öryggis væri gætt.

Í bréfi V kemur fram sú afstaða að ekki sé sýnt fram á af hálfu M að slys hennar verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X verði gert að bera ábyrgð á. Slys hennar verði aðeins rekið til óhappatilviljunar og eigin aðgæsluleysis. Ljóst sé af myndum af vettvangi að M hafi bakkað standlyftaranum í öfugri akstursstefnu, þ.e. vinstra megin á akstursleið, inn í akstursleið sem liggi þvert á þá akstursleið, án þess að líta aftur fyrir sig og í veg fyrir Z sem hafi ekið lyftara í hægri beygju í sömu akstursleið og M hafi bakkað inn á. Því er sérstaklega mótmælt að Z hafi bakkað inn á vinnusvæði M enda sé augljóst af ljósmyndum að áreksturinn varð á akstursleið.

Álit.

Meðal gagna fyrir nefndinni er, auk ljósmynda, myndband af umræddu atviki. Af framangreindum gögnum má sjá að þrír starfsmenn eru við akstur vinnuvéla á fremur afmörkuðu svæði í starfsstöð X. Má þar sjá að M ekur umræddum staflara beint aftur á bak, en að Z ekur umræddum rafmagnstjakki, á sýnu meiri hraða, í beygju aftur á bak, með þeim afleiðingum að Z og M rekast saman. Fyrir nefndinni liggur ekki sjálfstæð frásögn X, né neinar frekari upplýsingar um verklagsreglur hvað varðar hugsanlegar akstursleiðir á þessu svæði. Er því að mati nefndarinnar ósannað að M hafi hagað störfum sínum í ósamræmi við skýrar verklagsreglur og ekki er sýnt fram á með hvaða hætti hún hafi ekið í „öfuga akstursstefnu“. Hvað sem því líður er þá ljóst að Z bar að gæta að annarri umferð, enda mátti hann gera sér grein fyrir að önnur umferð gæti verið á svæðinu og bar því að huga að henni við akstur aftur á bak. Af umræddum gögnum verður ekki ráðið að Z hafi litið aftur fyrir sig áður en hann sveigði aftur á bak á að því er virðist þó nokkrum hraða. Verður að telja að hann hafi með því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 en þar kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Sú skylda hvílir jafnt á ökumönnum þó um sé að ræða akstur á vinnusvæði svo sem hér um ræðir. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Af framangreindum gögnum má ráða að M hafi heldur ekki hugað sérstaklega að annarri umferð við akstur aftur á bak en jafnvel þótt hún kunni með því að hafa sýnt

óvarkárni er ekkert í gögnum málsins sem gefur tilefni til að virða þá háttsemi til stórkostlegs gáleysis. Af þeim sökum er réttur hennar til bóta úr ábyrgðartryggingunni óskertur.

Niðurstaða.
M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 11/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun atvika.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kvartað sé undan höfnun V á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu útgerðarinnar X vegna andláts sonar M, A, en skv. niðurstöðu lögreglurannsóknar má ætla hann hafi látist eftir að hann féll útbyrðis af bátnum B, þar sem hann var að störfum hjá X. A hafi verið ráðinn til tímabundinna starfa sem háseti hinn 5. maí 2020, en þá hafi hann verið átján ára gamall og enga reynslu haft af störfum á sjó. Hafi A hafið störf samdægurs án nokkurs undirbúnings og þá hafi hann ekki verið látinn sækja öryggisfræðslu hjá Slysavarnarskóla sjómanna né öðrum löggildum fræðsluaðila. Snemma morguns hinn 18. maí 2020, er B stefndi til hafnar, hafi A fallið útbyrðis en samkvæmt niðurstöðu lögregluskýrslu hafi það gerst kl. 7:44 en þá slökknaði á síma hans með þeim hætti að benti til að hann hefði lent í vatni. Hafi báturinn komið í höfn í Vopnafirði kl. 8:00. Enginn skipverja, hvorki skipstjóri né aðrir, hafi veitt því athygli að A var ekki um borð í B þegar B lagðist að. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu hafi áhöfn þó verið kunnugt um það um kl. 12:00 að A var ekki meðal skipverja og fannst ekki. Hefði skipstjóri og aðrir áhafnarmeðlimir þá mátt gera sér grein fyrir að líkur væru á því að hann hefði farið fyrir borð en þrátt fyrir það hafi lögregla ekki verið kölluð til fyrr en kl. 14:00. Síðast hafi sést til A um borð í B 4-14 mínútum áður en hann féll útbyrðis. Myndavélar sem beinist á þilfar bátsins séu um borð í B en af óupplýstum ástæðum hafi þær ekki verið í gangi á slysstundu. Þrátt fyrir umfangsmikla leit fannst A ekki, og það hafi loks verið tæpu ári síðar, hinn 4. apríl 2021, sem líkamsleifar hans fundust í Vopnafirði. Hinn 15. september 2021 hafi V samþykkt bótakröfu M í slysatryggingu sjómanna, og með því fallist á að um slys hafi verið að ræða, en hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ósannað væri að slys A væri að rekja til saknæmrar háttsemi sem X bæri ábyrgð á.

M telja bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vera fyrir hendi. X beri þannig skaðabótaábyrgð vegna andláts A á grundvelli 1. mgr. 171. gr. siglingalaga nr. 34/1985, meginregla skaðabótaréttar, sér í lagi sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð svo og ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993. M byggja á því að slys A hafi borið að með saknæmum og ólögmætum hætti og séu skilyrði um sennilega afleiðingu og orsakatengsl einnig uppfyllt. Þá beri útgerðin X ábyrgð á tjóni sem verði vegna vanrækslu skipstjóra eða annarra sem starfi í þágu skips, sbr. 1. mgr. 171. gr. siglingalaga. Skipstjóri hafi vanrækt þá skyldu sína að láta A undirgangast öryggisfræðslunámskeið áður en til ráðningar og lögskráningar hans kom, en á slíku námskeiði sé skipverjum m.a. kennt hvernig nota skuli öryggisbúnað, hvaða öryggisráðstafanir skuli viðhafðar, og um mikilvægi þess að halda sér á floti og halda kyrru fyrir falli þeir í sjóinn. Skipstjóra hafi þannig borið lagaleg skylda, sbr. 2. mgr. 5.gr. laga um lögskráningu sjómanna og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 817/2010 um lögskráningu sjómanna til að tryggja að A sækti námskeið sem væri sérstaklega haldið úti til að fyrirbyggja slys eins og þetta. Hafi skipstjóri B því sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til þess að A var óundirbúinn þeirri hættu sem var samfara starfi hans. Nýliðafræðslu hafi skort og skipstjóri hafi ekki uppfyllt leiðbeiningaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. A hafi verið ungur og óreyndur og er byggt á því af hálfu M að hefði hann fengið viðhlítandi og lögskylda þjálfun og fræðslu hefði umrætt slys ekki átt sér stað. Þá sé ósannað að björgunar- og eldvarnaræfingar hafi átt sé stað svo oft sem skylt sé og feli það í sér saknæma vanrækslu af hálfu skipstjóra og útgerðar. Þá hafi ekki verið fylgst með því hvaða skipverjar voru um borð er B kom til hafnar, og beri skipstjóra, sbr. 59. gr. sjómannalaga að hafa eftirlit með því hverjir séu um borð. Líklegast sé að A hafi fallið í sjóinn um 1,2 km frá höfninni um 16 mínútum áður en B kom til hafnar. Hefði eftirlit með áhöfn verið fyrir hendi megi því ætla að björgunaraðgerðir hefðu getað hafist svo skjótt sem 16-26 mínútum eftir að A féll útbyrðis. Andlát A sé ekki aðeins að rekja til þess að hann féll í sjóinn heldur eins þess hve seint leit að honum hófst. Þá hafi áhöfn og skipstjóri sýnt af

sér saknæma vanrækslu með því að tilkynna ekki um hvarf A til lögreglu fyrr en kl. 14:00 en ljóst sé að áhöfn B var kunnugt um það kl. 12:00 að enginn hafði séð til A frá því B kom í höfn.

Þá byggja M á því að það sé X sem verði að bera allan halla af sönnunarskorti í málinu. Engin tilkynning virðist hafa verið send til rannsóknarnefndar samgönguslysa svo sem skylt sé samkvæmt 16. gr. laga nr. 18/2013 um rannsókn samgönguslysa. Hefði rannsókn nefndarinnar farið fram megi ætla að hægt hefði verið að greina orsakir slyssins og hafi vanræksla að þessu leyti því verið til þess fallin að torvelda sönnun um atvik málsins. Sé það viðurkennd nálgun í skaðabótarétti að í slíku tilvikum beri að leggja frásögn tjónþola um atvik máls til grundvallar og verði því að byggja á því að A hafi fallið útbyrðis vegna atvika sem honum verði ekki kennt um. Þá hafi M ítrekað kallað eftir frekari gögnum og upplýsingum frá X sem hafi virt þær beiðnir að vettugi. Verði á grundvelli þessa að virða sönnunarskort M í hag enda standi það X nær að afla umræddra gagna sem gætu mögulega falið í sér frekari upplýsingar um tildrög slyssins.

Af öllu framansögðu byggja M á því að andlát A hafi verið sennileg afleiðing vanrækslu skipstjóra og X og því sé bótaréttur til staðar, enda hafi M orðið fyrir m.a. miskatjóni skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, tjóni vegna óbætts útfararkostnaðar skv. 12. gr. og almennu fjártjóni, m.a. vegna lögmannskostnaðar, sbr. 1.mgr.1. gr. sömu laga.

Í bréfi V segir að þrátt fyrir ítarlegar lýsingar M liggi engar upplýsingar um það hvernig það bar að A féll útbyrðis, og sé það með öllu óljóst og óupplýst. Liggi því engar upplýsingar fyrir sem styðji það að A hafi fallið útbyrðis vegna atvika sem X beri ábyrgð á. Sé með öllu ósannað að það verði rakið til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu af hálfu X og verði sá sem kröfu gerir í ábyrgðartryggingu að sanna atvik, tjón og orsakatengsl þar á milli. Það hafi ekki tekist og því telur V bótaskyldu ekki fyrir hendi.

Álit.

Í málskoti og fylgiskjölum þess er að finna töluvert ítarlegar lýsingar M á þáttum sem þau meta X til vanrækslu og varða m.a. þjálfun og fræðslu A, eftirlit með áhafnarmeðlimum, og viðbrögð í kjölfar þess að hvarf A uppgötvaðist. Verður í sjálfu sér að taka undir það með þeim að nokkuð skortir á upplýsingar frá X og ekkert liggur fyrir um að umrætt atvik hafi verið tilkynnt til rannsóknarnefndar samgönguslysa, og um ástæður þess hafi það ekki verið gert.

Hið eina sem liggur í raun fyrir varðandi atvik málsins er það að A fór útbyrðis og lést í kjölfar þess. Ekki er vitað hvernig það atvikaðist að hann fór fyrir borð, né hvaðan af bátnum. Þá liggur ekkert fyrir er sýnir fram á vanbúnað bátsins eða öryggisbúnaðar hans. Í fyrirliggjandi rannsóknarskýrslu Lögreglunnar á Austurlandi, dags. 8. september 2020, kemur fram að gengið sé út frá því að A hafi fallið í sjóinn og drukknað, en engin vitni hafi verið að fallinu og sé því ekki vitað með hvaða hætti það atvikaðist. Þó sé vitað að andleg líðan hans hafi ekki verið góð og að hann hafi þjáðst af svefnleysi dagana á undan. Í skýrslunni er þá m.a. að finna ljósmyndir af aðstæðum um borð í B, og lýsingu á veðuraðstæðum á þeim stað sem talið er að A hafi lent í sjónum, en klukkan átta var sunnan 8-9 metrar á sekúndu, lofthiti 3,2 °C og væntur sjávarhiti 3,5-4 gráður.

Jafnvel þó nefndin teldi sýnt fram á saknæma vanrækslu X eða starfsmanna þess hvað varðar þjálfun, eftirlit, og viðbrögð í kjölfar hvarfs M er þannig ekkert komið fram er rennir stoðum undir það að það að A féll fyrir borð með þeim afleiðingum að hann lést sé að rekja til þeirrar vanrækslu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að unnt hefði verið að koma A til bjargar, jafnvel þó hvarf hans hefði uppgötvast skömmu eftir að B lagði að höfninni. Það er forsenda þess að bótaskylda teljist fyrir hendi að sýnt sé fram á orsakatengsl milli saknæmrar háttsemi eða vanrækslu og tjóns og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki tekist að sýna fram á slík tengsl.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 12/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum, þar á meðal myndbandsupptökum.
2. Bréf V, dags. 1. mars 2022, ásamt myndum og tölvupósti.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðar sem stöðvaði á gatnamótum þegar bifreið A var ekið aftan á þá bifreið sem M ók 2. september 2021. Einnig koma fram upplýsingar í gögnum málsins um annan árekstur sem M lenti í hinn 27. ágúst 2021.

M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum 2. september 2021 og vísar til læknisfræðilegra gagna og skýrslu sjúkraþjálfara þar sem komi fram að hún hafi leitað til læknis og í sjúkraþjálfun vegna þess. Einnig vísar M til myndbandsupptöku af árekstrinum þar sem megi sjá að bifreið hennar hafi orðið fyrir höggi.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki hafi orðið frekara tjón á bifreið M, umfram fyrri árekstur 27. ágúst 2021 þegar áreksturinn 2. september 2021 átti sér stað. Þannig telur V að atvik seinni árekstursins séu ekki þess eðlis að hafa leitt til líkamstjóns. Einnig vísar V til læknisfræðilegra gagna þar sem kemur fram að M hafi leitað til læknis hinn 27. ágúst 2021 og kvartað yfir bakverk sem sé að aukast og hafi hún því glímt við slík einkenni þegar áreksturinn 2. september 2021 varð. V telur að gögn sýni ekki með nokkrum hætti hvort einkenni M sé hægt að rekja til árekstursins 2. september 2021 eða til annars, engin matsgerð liggi fyrir í málinu eða önnur gögn sem sýni það.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er upplýst að M lenti í umferðaróhappi rétt áður en bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar hinn 2. september sl. Ekki verður annað séð, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu, að ekki sé ljóst hvort einkenni M tengist fyrri eða síðari árekstri og má sjá tilvísun til þess í skýrslu sjúkraþjálfara. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa tiltekna áreksturs.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs við bifreið A 2. september 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 13/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. mars 2022.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi ökutækjaskýrslu fram að umferðaróhapp hafi orðið á Fífuhvammsvegi í Kópavogi þann 29. maí 2020. Bifreiðunum (A) og (B) var báðum ekið austur Fífuhvammsveg að Dalvegi gegn grænu ljósi. M sem var ökumaður B kveðst hafa stöðvað bifreið sína þar sem hundur í taumi hafi verið kominn út á götuna en við það hafi strætisvagninum A verið ekið aftan á B. Í skýrslunni er haft eftir M að hún hafi fengið hnykk og sé með verk í baki.

M tilkynnti líkamstjón sitt til V og með tölvupósti dags. 5. nóvember 2021 tilkynnti V að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Samþykkti V að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu og/eða annars kostnaðar vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga sem fallið hefur til á fyrstu þremur mánuðum eftir slysið en að öðru leyti hugðist félagið hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 11. mars 2021 og ítarlegt vottorð heimilislæknis dags. 6. október 2021.

M telur að fyrirliggjandi gögn sýni það með fullnægjandi hætti að orsakatengsl séu á milli þeirra einkenna sem hún býr við í dag og slyssins. M hafi haft viðvarandi einkenni frá m.a hægri öxl. Skýrsla V á högg- og hraðaútreikningi félaganna hafi takmarkað sönnunargildi, hennar var aflað einhliða og er útreikningurinn að litlu leyti byggður á samtímagögnum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Afstaða félagsins byggir á því að árekstur hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakatengsl á milli hans og líkamlegs ástands málskotsaðila. Engar skemmdir urðu á bifreið tjónvalds og afar litlar skemmdir á bifreið málskotsaðila. Ekki liggi fyrir álitsgerð óháðra matsmanna sem staðfestir orsakatengsl milli slyss og einkenna.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 29. maí 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði á heilsugæsluna þann 9. júní 2020 og lýsti verkjum í baki, hægri mjöðm og hægri öxl en mestu einkenni voru frá öxlinni. Fékk hún tilvísun í sjúkraþjálfun og almennar ráðleggingar. Næstu 12 mánuði leitaði M reglulega til læknis vegna einkenna sinna frá hægri mjöðm, hægri öxl og baki. Mest þó vegna einkenna frá hægri öxl. Af sjúkrasögu M verður ekki ráðið að þau einkenni hafi verið til staðar fyrir umferðarslysið og er það staðfest af heimilislækni í vottorði hans dags. 9. október 2021 en þar segir: *„ ..er enn að kljást við afleiðingar af umferðarslysinu þann 29.05.2020 með verki og skertri hreyfingu um hægri öxl. Einkenni eru henni hamlandi að mörgu leyti. Segulómun hefur sýnt bólgubreytingar með þykknun á liðpoka AC liðar og ennfremur vægar bólgubreytingar á sinum á axlarvöðvum (supraspinatus og subscapularis) án rifu."* Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir mat lækna á orsakatengslum umræddra árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 29. maí 2020. Hafa einkenni hennar verið viðvarandi frá slysdegi þrátt fyrir að M hafi bæði sótt sjúkraþjálfun og fengið ávísuð verkjalyf.

Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-Crash skýrslu sem V byggir mál sitt á og aflaði einhliða verða, eins og áður segir, ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo hafi verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 14/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingarskilmála. Matsfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti og fylgigögnum varð M, er hann var að störfum í þágu X, fyrir umferðarslysi hinn 17. mars 2015. Með matsbeiðni dags.23. ágúst 2016 var óskað eftir mati á afleiðingum þess og þriggja annarra slysa sem M hafi orðið fyrir en á þeim tíma þótti ekki tímabært að meta afleiðingar umferðarslyssins þar sem M hafði þá ekki gengist undir aðgerð vegna afleiðinga þess. Sú aðgerð fór fram í október 2018. Hinn 18. febrúar 2021 var þá haldinn matsfundur vegna slyssins og samkvæmt matsgerð dags. 30. júní 2021, var varanlegur miski M vegna þess metinn til 8 stiga. V hafnaði greiðslu bóta úr slysatryggingu launþega á grundvelli gr. 13.2.5 í skilmálum vátryggingarinnar þar eð mat hefði ekki farið fram innan þriggja ára frá slysdegi. M telur að umrætt ákvæði eigi ekki að leiða til brottfalls bótaréttar enda komi hvergi fram í skilmálum hvaða réttaráhrif það hafi eigi mat á afleiðingum slyss sér stað síðar. Eingöngu sé um að ræða mat á einkennum sem hafi komið fram innan þriggja ára frá slysdegi og bótakröfu vegna tjóns sem hafi komið fram á því tímabili. V hafi verið upplýst um gang mála og þá staðreynd að mat gæti ekki farið fram fyrr en eftir að M hefði gengist undir aðgerð. Einhliða samda skilmála verði að túlka M í hag, með þeim hætti að nægilegt sé að mat fari fram innan þriggja ára. Fyrsti matsfundur hafi farið fram innan þess tímamarks, þ.e. 13. október 2016 og hafi niðurstaða matsgerðar sem lá fyrir 6. febrúar 2017 verið sú að ekki væri tímabært að meta afleiðingar slyssins. Þá vísar M til 36. og 36. gr. c. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og telur að víkja beri umræddu skilmálaákvæði til hliðar enda sé, með hliðsjón af atvikum öllum, ósanngjarnt af hálfu V að bera það fyrir sig.

Í bréfi V er rakið að í matsgerð, dags. 6. febrúar 2017, þegar tæp tvö ár voru liðin frá slysdegi, hafi komið fram að ekki væri tímabært að leggja mat á afleiðingar slyssins. Samkvæmt gögnum málsins hafi M svo ekki leitað til bæklunarlæknis vegna afleiðinga slyssins 17. mars 2015 fyrr en í maí 2018, þegar rúm þrjú ár voru frá slysdegi og rúmt ár dagsetningu fyrrnefndrar matsgerðar. Ekkert hafi gerst í máli M frá því matsgerðin lá fyrir í febrúar 2017 og þar til ný matsgerð barst V í júlí 2021. Í millitíðinni hafi V ekki verið tilkynnt um að til stæði að kalla eftir nýrri matsgerð. Umþrætt skilmálaákvæði kveði á um að örorka skuli að jafnaði metin einu ári eftir slys, annars þegar læknir telji varanlega afleiðingar þess komnar í ljós en þó eigi síðar en þremur árum eftir slysdag. Ákvæðið sé skýrt, hafi margsinnis verið staðfest af dómstólum og verði ekki túlkað öðru vísi en samkvæmt orðanna hljóðan. Umræddur frestur hafi því verið liðinn þegar matsgerð vegna slyssins lá fyrir og ekki hafi verið farið fram á það af hálfu M að V félli frá því að bera fyrir sig umræddan þriggja ára frest. Hafi tómlæti M, sem auk þess hafi notið aðstoðar lögmanns, því verið algjört.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um gildissvið ákvæða í vátryggingarskilmálum V, sbr. gr. 13.2.1 og 13.2.5 þar sem gert er ráð fyrir því að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Ljóst er af gögnum málsins að M gerir kröfu um greiðslu bóta vegna slyss sem átti sér stað 17. mars 2015, á grundvelli matsgerðar sem er dags. 30. júní 2021, eða rúmum sex árum og þremur mánuðum eftir slysið. Þá voru liðin fjögur ár og fjórir mánuðir frá því fyrri matsgerð lá fyrir. Þegar umþrætt ákvæði er metið með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 604/2017 verður ekki hjá því komist að líta svo á að með þeim dómi hafi rétturinn staðfest fyrri niðurstöðu sína í máli nr. 22/2004 um að einhliða samin ákvæði um matsfrest í vátryggingarskilmálum væru hvorki óeðlileg eða óvenjuleg þannig að víkja bæri þeim til hliðar á grundvelli 36., 36. gr. b. eða 36. gr. c. laga nr. 7/1936. Þá er ekki sýnt fram á að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindu skilmálaákvæði og verður því kröfu M samkvæmt framansögðu hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V vegna þess slyss er hann varð fyrir hinn 17. mars 2015.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 15/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingarskilmála. Matsfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. febrúar 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti, fylgigögnum þess og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 27. mars 2017 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hún hrasaði í tröppum á vinnustað sínum. V hafi verið tilkynnt um tjónið hinn 15. maí 2017. Sumarið 2021 hafi M gert sér grein fyrir því að einkenni hennar vegna þeirra margþættu áverka sem hún hefði hlotið við slysið væru varanleg og frekari bata ekki að vænta. Mat hafi ekki verið tímabært fyrr þar sem M hafi fram að því gengist undir aðgerðir og sótt sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins. Hafi M því, sumarið 2021, talið tímabært að óska eftir bótauppgjöri og sett sig í samband við V. V hafi hins vegar neitað að standa að örorkumati þar sem meira en þrjú ár væru liðin frá slysdegi. Hafi V vísað til tölvupósts félagsins til M þar sem m.a. kæmi fram að örorkumat þyrfti, samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, að fara fram innan þriggja ára frá slysdegi. M hafi hins vegar aldrei fengið þann tölvupóst þar sem hann hafi verið sendur á rangt netfang og hafi hún því ekki fengið nein svör frá V varðandi afstöðu til bótaskyldu. V hafi á sínum tíma fengið tilkynningu í tölvupósti þess efnis að pósturinn hefði ekki borist réttilega og það verði að teljast afar óvönduð vinnubrögð af hálfu V að ekki hafi verið brugðist við þeirri tilkynningu. M hafi notið vátryggingarverndar vegna afleiðinga tjóns og bótaskylda verið fyrir hendi. Vegna vanrækslu V gagnvart lögbundinni upplýsingaskyldu sinni, sbr. 12. gr. b. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, hafi M hins vegar aldrei fengið nauðsynlegar upplýsingar um matsferli vegna tjónsins og verið grunlaus um að krafa hennar væri fallin á tíma. Þá hljóti sú skylda að hlutast til um að örorkumat sé framkvæmt innan frestsins að hvíla jafnt á V og M, enda geti vátryggingafélag ekki komið sér undan bótaskyldu með því að láta fyrir farast að framkvæma slíkt mat. Þá beri einnig að líta til þess að M hafi ekki verið vátryggingartaki, heldur vinnuveitandi hennar. Sé M því ekki beinn aðili að samningnum og hafi ekki átt þess kost að kynna sér skilmála hans með sama hætti og væri hún vátryggingartaki. Því hafi sérstaklega rík skylda hvílt á V að tryggja að henni bærust nauðsynlegar upplýsingar. Eins og mál þetta liggi fyrir, og með hliðsjón af ólíkri stöðu aðila, hljóti að teljast ósanngjarnt af hálfu V að bera fyrir sig umrætt skilmálaákvæði og beri að víkja því til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þess utan komi raunar hvergi fram í skilmálum hvaða réttaráhrif það hafi eigi mat á afleiðingum slyss sér stað að loknum umræddum þriggja ára fresti. Verði slíkir einhliða samdir óljósir samningsskilmálar, samkvæmt andskýringarreglu samningaréttar, ekki túlkaðir M í óhag. Með hliðsjón af öllu framansögðu sé því ljóst að M hafi ekki fyrirgert rétti sínum til bóta.

Í bréfi V kemur fram sú afstaða félagsins að tjón M sé ekki bótaskylt þar sem mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku hafi ekki farið fram innan þriggja ára matsfrests, sbr. gr. 13.2.6 í viðeigandi vátryggingarskilmálum. M hafi hins vegar ekki haft samband við V fyrr en fjórum og hálfu ári eftir slysið sem sé langur tími til að kanna ekki stöðu líkamstjónamáls. Þrátt fyrir að umræddur tölvupóstur hafi ekki borist M hafi hún þannig haft alla möguleika á að kynna sér skilmála vátryggingarinnar, þ.m.t. ákvæði um þau tímamörk sem sett séu fyrir örorkumati, en ákvæði um þau verði hvorki talin óvenjuleg né óeðlileg.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð M fyrir líkamstjóni hinn 27. mars 2017. Þá liggur fyrir að V var tilkynnt um tjónið hinn 15. maí sama ár. Í kjölfar þess sendi V tilkynningu um að slysið væri bótaskylt. Þar kom einnig fram að réttur til örorkubóta gæti verið til staðar væri um varanleg heilsufarsáhrif að ræða, en örorkumat þyrfti, samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar, að fara fram í síðasta lagi þremur

árum eftir slysdag. Umrædd tilkynning barst M aldrei, enda var hún, samkvæmt gögnum málsins, send á rangt netfang. Liggur ekkert fyrir um að frekari samskipti hafi verið milli aðila fyrr en sumarið 2021, en þá voru liðin meira en fjögur ár frá slysdegi og upphaflegri tjónstilkynningu. Samkvæmt gr. 13.2.6 í skilmálum vátryggingarinnar skal örorka að jafnaði metin einu ári eftir slys, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Orðalag skilmálans er fortakslaust um að framkvæma skuli örorkumat innan þriggja ára frá tjónsatburði og verður það ekki skýrt öðru vísi en samkvæmt orðanna hljóðan. Þá verður að telja að M hafi átt alla möguleika á að kynna sér þá skilmála sem giltu um vátrygginguna, þ.á.m. varðandi þau tímamörk sem vátryggðum eru sett til að fá örorku metna en ákvæði skilmálanna þar að lútandi verða ekki talin óvenjuleg eða óeðlileg, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar frá 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004 og 7. júní 2018 í máli nr. 604/2017. Verður því ekki litið svo á að umræddu ákvæði verði vikið til hliðar með vísan til ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eða að túlkunarregla 36. gr. b. sömu laga komi til frekari skoðunar. Er þá ekkert komið fram sem gefur til kynna að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindu ákvæði. Þrátt fyrir að fallast megi á það með M að það hafi verið ákveðið gáleysi af hálfu V að senda umrædda tilkynningu á rangt netfang verður því samkvæmt öllu framansögðu að fallast á afstöðu V varðandi það að bótaskylda sé fallin niður þar sem mat hafi ekki farið fram innan tilskilins frests.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 16/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. febrúar 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 11. febrúar 2022.
4. Bréf V dags. 14. febrúar 2022.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar á Miklubraut þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið M þann 8. janúar 2021. Í tjónstilkynningu vegna árekstursins er haft eftir báðum ökumönnum að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum. Þann 3. september 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V og kemur þar fram að hún hafi leitað á til læknis 8. febrúar 2021 og hafi verki í hálsi og herðum sem leiða niður í bak. Í gögnum málsins er fjallað um þessa heimsókn sem og liggja fyrir almennar lýsingar á fyrra heilsufari M. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá Aðstoð og Öryggi um PC-Crash útreikninga.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 8. janúar 2021 og hefur krafið V um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna þess. Telur M með vísan til gagna málsins, einkum skýrslu sjúkraþjálfara og afriti af sjúkraskrá vegna fyrstu komu eftir slysið, að líkur hafi verið leiddar að því að áverka M megi rekja til árekstursins þann 8. janúar 2021. Varhugavert sé að byggja höfnun eingöngu á niðurstöðu PC-Crash útreiknings sem aflað er einhliða af V. Ekki sé fallist á að útreikningur á þyngdarkröftum sem verkuðu á bíl M við áreksturinn sé einhlítt sönnunargagn um að M hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni, sbr. mál úrskurðarnefndar nr. 358/2016. Ekki verði litið fram hjá því að V aflaði útreikningsins einhliða og því ljóst að mat t.d dómkvadds matsmanns liggur ekki fyrir um mat á hraða og þyngdarkröftum við slysið. Skýrslan hafi því takmarkað sönnunargildi við mat á því hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum áreksturs.

V hefur hafnað greiðsluskyldu vegna málsins og telur að ekki sé sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 8. janúar 2021. V vísar til þess að M sé með margra ára sögu um dreifða verki, svefntruflanir, heilaþoku, mikla almenna þreytu og fleiri einkenni. Telur V að mánuður sé of langur tími þegar um svo almenn einkenni sem verk í hálsi og höfði er að ræða svo unnt sé að telja orsakatengsl milli árekstursins og einkennanna. Sérstaklega þegar málskotsaðili hefur sögu um margra ára almenna vanheilsu. Það sé því ósannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og líkamlegra einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 8. janúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að afar lítið tjón hafi orðið á bifreiðunum við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði ekki til læknis fyrr en mánuði eftir áreksturinn og var þá með aukna verki í hálsi og höfði. M leitaði næst til læknis 12. apríl 2021 og svo 2. júní 2021 vegna sjúkradagpeningavottorða og var talin óvinnufær með öllu frá 26. apríl 2021 vegna margra ára sögu um dreifða verki, svefntruflanir, heilaþoku, mikla almenna þreytu og fleiri einkenni. Ekki var sérstaklega fjallað um einkenni eftir áreksturinn. Fyrirliggjandi er einnig skýrsla sjúkraþjálfara þar sem greint er frá því að M hafi komið í samtals 23 meðferðir á tímabilinu frá 16. febrúar 2021 til 3. september 2021 og er það ályktun sjúkraþjálfarans að slysið hafi aukið á einkenni og ný einkenni komið fram, bæði andleg og

líkamleg. Virðist ályktun sjúkraþjálfarans eingöngu byggja á lýsingum M sjálfrar en ekki samanburðarrannsóknum á einkennum fyrir og eftir áreksturinn. Liggja því ekki fyrir myndgreiningar eða önnur slík gögn, né mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag. Af ofangreindu verður þannig ekki talið sannað að bótaréttur sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 17/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
2. Bréf V dags. 15. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
3. Bréf M dags. 14. mars. 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í mars 2020 hafi M skoðað fasteignina A í opnu húsi og fengið afhent söluyfirlit. Í söluyfirlitinu kemur fram að eignin hafi verið skoðuð 26. febrúar 2020 af X. Þar kemur fram að eignin hafi verið byggð árið 1950 og að byggt hafi verið við húsið og byggður bílskúr árið 1970. Segir orðrétt í söluyfirlitinu: „*Húsið er steinsteypt klætt að utan og virðist í mjög góðu ástandi og hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina.*“ Enn fremur kemur fram í söluyfirlitinu að ástand vatns- raf- og frárennslislagna sé „*í lagi*“. Gerði M í kjölfarið kauptilboð í fasteignina sem var samþykkt af seljendum. Kaupsamningur um söluna var undirritaður þann 12. maí 2020. Eftir afhendingu kveðst M hafa farið í framkvæmdir og rifið upp gömul gólfefni. Við það kveður hún hafa komið í ljós að mikill raki var á hæðinni auk þess sem þar hafi verið megn skólplykt. Þá hafi fundist silfurskottur auk þess sem svört mygla hafi verið sýnileg. Þá segir í málskoti að M hafi fengið stífluþjónustu til að mynda frárennslislagnir og að niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að lagnir væru upprunalegar og að gat væri komið á þær auk þess sem þær væru að einhverju leyti fallnar saman og stíflaðar. Taldi M um að ræða galla og aflaði dómkvadds mats sérfróðs matsmanns um hina meintu galla. Var gallamál gegn seljendum fasteignarinnar rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness, þar sem seljendur voru sýknaðir af kröfu um galla.

M gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X á grundvelli 2. mgr. 12. gr., sbr. 27. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 (fsl.). Byggir krafan á því að M hafi af gáleysi sett rangar upplýsingar í söluyfirlit fasteignarinnar A, þegar hann ritaði að ástand lagna væri „*í lagi“* og engra galla var getið í söluyfirlitinu. Telur M að X hefði verið nærri lagi að segja að ástand lagna væri upprunalegt eða óþekkt. Telur M að söluyfirlitið hafi verið gáleysislega unnið og í andstöðu við c. og j. lið 11. gr. fsl. Enn fremur vísar M til þess um mat á sök fasteignasala gildi strangt sakarmat.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fasteignasalans X og telur að ekki hafi verið sýnt fram á að fasteignasalinn hafi sýnt af sér gáleysi er hann aflaði upplýsinga um ástand lagna. Vísar V m.a. til þess að seljendur hafi undirritað og staðfest efni söluyfirlitsins og að X geti ekki borið ábyrgð á því að upplýsingar sem hann hafi fengið frá seljendum hafi reynst rangar. Enn fremur vísar V til þess að í dómsniðurstöðu gallamáls milli M og seljenda komi fram að dómurinn geti ekki fallist á að skort hafi á upplýsingar frá seljendum eða að þau hafi gefið rangar upplýsingar um ástand eignarinnar, sbr. 26. og 27. gr. fsl. Þeirri niðurstöðu hafi ekki verið hnekkt og hafi dómurinn því fullt sönnunargildi um þennan tiltekna ágreining gagnvart fasteignasalanum X. Enn fremur vísar V til þess að X hafi einungis framkvæmt sjónskoðun á eigninni og samkvæmt dómafordæmum verði ekki lögð víðtækari skoðunarskylda á fasteignasala til skoðunar á eignum í söluferli. Enn fremur telur V ósannað að upplýsingar í söluyfirliti um ástand frárennslislagna hafi verið rangar m.t.t. niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X, sem löggiltur fasteignasali, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við sölumeðferð fasteignarinnar A á árinu 2020. Fyrir liggur að M höfðaði mál á hendur seljendum eignarinnar sem lauk með dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-1129/2021 hinn 23. nóvember 2021. Var niðurstaða dómsins í mjög stuttu máli sú að ekki hefði verið sýnt fram á að skort hefði á

upplýsingar frá seljendum, eða að seljendur hefðu gefið rangar upplýsingar um eignina, sbr. 26. og 27. gr. fsl.

Bótaskylda fasteignasala byggir á öðrum grundvelli en möguleg bótaskylda seljenda. Verður því að meta sérstaklega hvort skilyrði skaðabótaréttar um skaðabótaskyldu fasteignasalans X séu uppfyllt, þ.e. hvort X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við gerð söluyfirlitsins og hvort M hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar saknæmu háttsemi.

Óumdeilt virðist af gögnum málsins að upplýsingar í söluyfirliti eignarinnar A um að lagnir hennar hafi verið „*í lagi*“ byggja á sjónskoðun X og samtölum hans við seljendur. Þá virðist X ekki hafa kallað eftir neinum haldbærum gögnum frá seljendum um ástand lagnanna, svo sem um það hvort þær hafi verið endurnýjaðar eða skoðaðar nýlega. X hafði því enga staðfestingu fyrir því að lagnirnar væru í lagi þegar hann ritaði í söluyfirlitið að ástand lagna væri „í lagi“. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna mátti X vera ljóst að upplýsingar frá seljendum um ástand eignarinnar, þ.m.t. ástand lagna byggði einungis á sjónskoðun þeirra en ekki á mati fagmanna. Með hliðsjón af framangreindu og því að um er að ræða húseign sem byggð var árið 1950 verður að mati nefndarinnar að meta X það til sakar að hafa ritað í söluyfirlitið að ástand lagna væri „í lagi“ án þess að hafa í höndum frekari gögn eða upplýsinga um ástand lagnanna.

Í matsgerð þeirri sem M aflaði í dómsmáli gegn seljendum segir: „*Í aðalatriðum virðist sem frárennslislagnir undir húsinu hafi verið í lagi. Steinlögn sem líklega er 70 ára gömul er mikið tærð/slitin og göt á henni á tveim stöðum undir þvottahúsið. Lögnin er ekki í lagi hvað það varðar en ástand hennar eins og við má búast miðað við aldur*.“

Af framangreindu verður að teljast nægilega sannað að lögnin var ekki í lagi hvað það varðar að göt voru á henni á tveimur stöðum undir þvottahúsi. Að teknu tilliti til framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að M hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verður til gáleysis fasteignasalans X. Verður þar af leiðandi fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartrygging X.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 18/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Meðábyrgð tjónþola. Þjónusta

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. febrúar 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að þann 29. september 2020 hafi M slasað sig er hún hnaut um litla hjólakerru í anddyri verslunar X. Um er að ræða hjólakerru sem venjulega er notuð sem geymsla fyrir litlar innkaupakörfur. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Myndbandsupptaka er til af slysinu og er hún meðal gagna málsins. V féllst á bótaskyldu með bréfi dags. 11. febrúar 2021 en taldi að M ætti að bera helming tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

M telur sig bera enga ábyrgð á því að slysið gerðist. Hún hafi treyst því að henni væri óhætt að ganga um anddyri verslunarinnar, líkt og hún gerði venjulega. Hún hafi verið rétt komin inn í verslunina þegar slysið gerðist og átti að geta treyst því að ekkert væri í gangveginum á þessum stað. Umrædd hjólakarfa hafi verið mjög lág og sést illa þegar ekki eru innkaupakörfur í henni.

V telur að M hafi ekki verið með fulla athygli við gönguna inn í verslunina og ekki litið fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hún datt um kerruna. Hafi það spilað stóran þátt í slysinu og verður það því metið M til gáleysis enda megi reikna með að geymdar séu kerrur, körfur og fleira í tengslum við verslunarrekstur inn í anddyri sem þessu.

Álit.
Ekki er ágreiningur um að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir í anddyri verslunar X þann 29. september 2020. Ágreiningur þessa máls lítur eingöngu að því hvort M hafi verið meðvöld að líkamstjóninu á þann hátt að hún verði að bera hluta tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar. Til þess nægir að M hafi sýnt af sér einfalt gáleysi. Myndband af atvikinu liggur fyrir þó ekki sé greinilegt um hvað M féll í umrætt sinn þá telst óumdeilt að það hafi verið lítil hjólakerra. Af myndbandinu sést að hún gætti ekki nægjanlega að sér í aðdraganda slyssins þar sem hún horfði ekki fram fyrir sig. Þykir því rétt að virtum aðstæðum öllum að hún beri helming tjónsins sjálf. Að sama skapi telst M eiga rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V en ber helming tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Reykjavík, 10. maí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 19/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 23. mars 2022.
4. Bréf V, dags. 30. mars 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 21. mars 2018. Í lögregluskýrslu kemur fram að tveir starfsmenn X tóku á móti lögreglu og sýndu henni roðflettingarvél sem M var að vinna við þegar hann slasaðist og hvernig hún virkaði. Þeir starfsmenn voru ekki vitni að atburðinum. Haft er eftir M í lögregluskýrslu að hann hafi verið að þrífa umrædda vél á meðan hún hafi verið í gangi þegar hanski á vinstri hendi hafi flækst í vélinni og höndin dregist inn í hana. M kvaðst hafa verið að losa roð sem var fast í vélinni og hann hafi reynt að fjarlægja það með höndunum eins og hann hafi oft gert. Í lögregluskýrslu er einnig fjallað um upptöku úr eftirlitsmyndavél þar sem kemur fram að það virðist sem hanskaklædd hönd M hafi flækst í færibandi vélarinnar og dregist aftur með neðri hluta fremra færibandsins. M tjáði lögreglu að hann hafi ekki verið með hönd nálægt öryggishlíf ofan á vélinni, en ef sú hlíf lyftist þá stöðvist færibandið. Einnig kemur fram í lögregluskýrslu að vélin var smávægilega biluð vegna slitinnar legu á slysdegi en að mati starfsmanns X hafi sú bilun ekki getað haft nein áhrif á slysið.

Í fyrri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 23. og 29. maí 2018 er slysi M lýst þannig að M hafi verið „...að þrífa tæki og vélin dró höndina inn.“ Í seinni tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 15. október 2018 er slysi M lýst þannig að hann sem starfsmaður hafi verið við þrif í flökunarsal og hafi sett málmhlut fyrir skynjara og haft roðflettingarvél opna við þrifin þegar hann festi hendi í vélinni og missti framan af tveimur fingrum. Báðar þessar tilkynningar eru undirritaðar bæði af M og starfsmanni X.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins vegna slyssins eru nokkur fyrirmæli til X m.a. um að stilla skuli útslátt að grind við roðflettingarvél þannig að tryggt verði að ekki sé hægt að komast að hættusvæði og að yfirfara skuli hlífar aftan á vélinni. Einnig eru þar fyrirmæli um neyðarstöðvunarhnapp sem voru síðan felld niður eftir athugasemdir X við skýrsluna.

Í málinu liggur einnig fyrir myndband sem sýnir aðstæður í vinnslusal X á þeim tíma sem var verið að þrífa þá vél sem M slasaðist við og að einhverju leyti af atvikum slyssins.

Í málskoti er á því byggt að M hafi verið að þrífa roðflettingarvél og þegar hann sá að roð var fast í vélinni hafi hann ákveðið að fjarlægja það með höndunum með þeim afleiðingum að hönd hans hafi dregist með neðra hluta fremra færibands vélarinnar. M telur X bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem athugasemdir um að vinnuaðstæður hafi ekki verið fullnægjandi hafi komið fram í skýrslu Vinnueftirlitsins, þannig að grind hafi verið vanstillt á roðflettingarvél þannig að hönd komst inn að hættusvæði vélarinnar. einnig hafi ekki verið neyðarstöðvunarrofi á vélinni, þó athugasemdir X hafi leitt til þess að það sá hluti skýrslunnar hafi verið fjarlægður. M telur að aðstæður á vinnustaðnum hafi ekki uppfyllt fyrirmæli laga nr. 46/1980 eða ákvæði reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja þar sem komi fram í I. viðauka, tl. 2.8. að hlífar skuli vera þar sem hætta er af vélum. M leggur áherslu á að slysa hans hafi orðið við neðri hluta færibands og að hann hafi ekki sett málmhlut fyrir skynjara til að koma í veg fyrir að roðflettingavélin stöðvaðist þegar öryggishlíf var færð til. Einnig leggur M áherslu á að hann hafi unnið við svipuð verk frá árinu 2005 ekki fengið athugasemdir við störf sín eða að þau væru ekki í samræmi við verklag sem hafi átt að viðhafa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ekki sé sýnt að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi. V telur að leggja eigi lýsingu úr seinni tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands til grundvallar

málsatvikum þar sem komi fram að M hafi farið framhjá öryggi vélarinnar sem hann var að þrífa með því að óvirkja skynjara hennar. V telur að þeirri lýsingu ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu M. V telur að M hafi haldið vélinni gangandi þrátt fyrir að öryggishlíf hennar væri opin og vísar til myndbands af atvikum slyssins því til stuðnings. Einnig bendir V á að skýrsla Vinnueftirlitsins staðfesti að neyðarstöðvun virkist þegar hlíf á vélinni lyftist upp og öryggi hennar hafi þar af leiðandi virkað ég slysdegi. Hins vegar vísar V til þess að skýrsla Vinnueftirlitsins hafi takmarkað sönnunargildi þar sem enginn skoðunarmaður mætti á staðinn heldur hafi verið dregnar ályktanir út frá upptökum lögreglu á slysstað. V vísar til þess að X hafni því alfarið að vélin hafi verið vanstillt og vísar til prófana sem gerðar hafi verið eftir slysið. Einnig bendir V á að X telji það rangt að það hafi tíðkast að þrífa vélar með þeim hætti sem M hafi gert með því að blinda skynjara hennar. Einnig vísar V til starfsreynslu M hjá X sem hafi unnið þar frá árinu 2005 og mátt vita um hættu við það verklag sem hann beitti og að hann hafi farið gegn fyrirmælum yfirmanna og verkstjóra með því.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um málsatvik hvað varðar aðdraganda líkamstjóns M og hvaða aðferð hann hafi notað til að þrífa roðflettingarvél á vinnustað sínum hjá X. Í málinu liggur fyrir myndbandsupptaka sem á að vera frá slysdegi en erfitt að sjá á henni hvernig M bar sig að í aðdraganda slyssins. Ekki kemur þar með skýrum hætti fram M hafi gert eitthvað til að blinda skynjara á vél til að hún héldist í gangi þó öryggishlíf væri uppi á vélinni. Engar upplýsingar koma heldur fram í frumskýrslu lögreglu um að þannig hafi atvik verið þrátt fyrir að talað hafi verið við samstarfsmenn M á vettvangi og skv. myndbandsupptöku sést að nokkrir starfsmenn X hafi verið í vinnslusal þegar slys varð. Ekki koma heldur fram upplýsingar um þá ætluðu háttsemi M í fyrstu tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem skrifað var undir af hálfu X. Þó upplýsingar um ætlaða háttsemi M við að blinda skynjara komi fram í seinni tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 15. október 2018, með undirskrift M og starfsmanns X, verður að telja þá tilkynningu eina og sér hafa takmarkaðra sönnunargildi vegna þess að sú lýsing af atvikum hafa ekki stoð í frumgögnum. Ekki liggur fyrir viðbótarframburður samstarfsmanna sem voru nærri þegar M slasaðist eða annað sem sýnir að atvikum sé rétt lýst í seinni tilkynningunni. Við mat á atvikum verður því ekki lagt til grundvallar að M hafi borið sig að með þeim hætti sem V hefur eftir X og því sem kemur fyrst fram í seinni tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands.

Skýrsla Vinnueftirlitsins tekur mið af upplýsingum frá lögreglu og athugasemdir voru gerðar við aðstæður að einhverju leyti þó ein athugasemd hafi verið fjarlægð eftir andmæli X. Eftir stendur þó að í skýrslunni kemur fram að gera skuli skriflegar leiðbeiningar um notkun og hættur véla og tækja á vinnustaðnum þannig að þær sé u öllum sjáanlegar og að allir skilji þær.

Almennt ber M sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna skaðabótaábyrgðar X. Skýrsla Vinnueftirlitsins sýnir að aðstæður hafi ekki verið í lagi að öllu leyti með tilliti til þess að það vantaði skýrar leiðbeiningar um notkun og hættur véla. Þannig verður að leggja til grundvallar að X hafi ekki gert nægar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Staða aðila til að tryggja sér sönnun er með þeim hætti að það stendur X nær að sanna fullyrðingar sínar um háttsemi M og að leiðbeiningar til starfsmanna hafi verið skýrar. Sú sönnun hefur ekki tekist m.v. gögn málsins. Verður því lagt til grundvallar að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X.

Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 og ber hann því ekki meðábyrgð vegna líkamstjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá Vþ

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 20/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. febrúar 2022, ásamt viðbótarframburðarskýrslu hjá lögreglu og úrskurði í máli nr. 132/2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M hinn 11. janúar 2022 þegar flugeldur sprakk í bifreið hans sem leiddi til þess að eldur kom upp í bifreiðinni. Lögregla kom á vettvang tjónsins þegar það komu upp og í lögregluskýrslu af vettvangi kemur fram að M hafi verið á þar ásamt öðrum sem hafi verið farþegi í bifreið hans, hér eftir nefndur X. Í framburði M kemur fram að hann hafi ásamt X verið að kveikja í flugeldum úti en tjónið hafi orðið þegar X hafi kveikt í flugeld inn í bifreið M, en ekki náð að kasta flugeldinum út áður en hann sprakk inni í bifreiðinni. Haft er eftir X í skýrslunni að hann hafi kveikt inn í flugeldi inni í bifreiðinni og ætlað að kasta honum út en það hafi ekki tekist. Hinn 21. janúar 2022 hafði lögregla samband við X vegna þess að hann hafði haft samband við lögreglu í þeim tilgangi að leiðrétta framburð sinn í frumskýrslu málsins. Í framburðaskýrslu sem dags. er 25. janúar 2022 kemur fram að X kveðst hafa verið fyrir utan bifreið M þegar hann kveikti í flugeldinum sem sprakk en þegar hann sprakk þá hafi hann farið úr hendi X og inn í bifreiðina.

M hefur gert kröfu um greiðslu fullra bóta vegna tjóns á bifreið sinni og vísar til þess að félagi hans hafi verið með flugeld fyrir utan bifreiðina og ekki hafi verið ætlunin að kveikja í bifreiðinni.

V hefur fallist á bótaskyldu úr kaskótryggingu en telur að takmarka eigi ábyrgð félagsins um þriðjung með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.), þar sem M og X hafi sýnt saknæma háttsemi við meðferð flugelda. V telur að það megi leiða það að framburði M og X að M hafi verið þátttakandi í því athæfi sem hafi leitt til tjóns beint eða óbeint. Einnig vísar V til 1. mgr. 28. gr. vsl. að M hafi ekki gert það sem með sanngirni meig ætlast til af honum til að hindra eða takmarka tjón, þar sem yfirvofandi hætta hafi verið á slíku tjóni. Í bréfi V segir að sú háttsemi, að taka þátt í leik með flugelda nálægt bifreið sinni og gera ekki athugasemdir við háttsemi X, sé gáleysi og þess vegna eigi að skerða bætur til hans um 1/3 hluta tjóns hans og vísar V til laga um ökutækjatryggingar máli sínu til stuðnings. Einnig vísar V til þess að seinni skýrsla X um atvik hafi ekki sönnunargildi.

Álit.

Af gögnum málsins er fullljóst að bæði M og X hafi verið að meðhöndla flugelda nálægt bifreið M í aðdraganda þess að X kveikti í flugeld sem sprakk inni í bifreið M. Mögulegar heimildir V til að takmarka ábyrgð sína gagnvart M, annars vegar í 2. mgr. 27. gr. vsl. og hins vegar í 1. mgr. , sbr. 4. mgr, 28. gr. sömu laga, áskilja að háttsemi M sem leitt hefur til tjóns teljist til stórkostlegs gáleysis eða eftir atvikum ásetnings þegar tjón varð. Engin heimild er til takmörkunar ábyrgðar úr kaskótryggingu er hins vegar í lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og er tilvísun V til þeirra laga því haldlaus. Í bréfi V er auk þess ekki vísað til þess að háttsemi M hafi verið stórkostlega gálaus, sbr. ofangreind skilyrði vsl..

Við mat á háttsemi M verður að líta til þess að hann sjálfur meðhöndlaði ekki þann flugeld sem sprakk inn í bifreið hans og verður háttsemi X ekki samsömuð við háttsemi M í skilningi a. liðar 2. mgr. 29. gr. vsl., en í þeirri grein kemur fram að til þess að slík samsömun sé heimili þurfi sá sem sýnir tiltekna háttsemi með samþykki vátryggðs að vera ábyrgur fyrir hinu vátryggða. M var sjálfur ökumaður bifreiðar sinnar og ábyrgur fyrir bifreiðinni. Háttsemi X hefur því sjálfstæða þýðingu en telst ekki vera eins og háttsemi M, en í 1. mgr. 29. gr. vsl. kemur fram að í vátryggingum, sem tengjast ekki atvinnustarfsemi, sé óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl.

Til þess að V geti takmarkað ábyrgð sína gagnvart M verður því að liggja fyrir að háttsemi hans sjálfs hafi verið þannig að hann með stórkostlegu gáleysi hafi valdið tjóni á bifreið sinni, sbr. 2. mgr. 27. gr.

eða vanrækt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt vegna yfirvofandi hættu, sbr. 1., sbr. 4. mgr. 28. gr. vsl. Sönnunarbyrði um slíka háttsemi M hvílir á V. Af framburði M og X hjá lögreglu verður ráðið að X hafi farið afar gáleysislega með flugeld, hvort sem sannað sé að kveikt hafi verið í honum fyrir utan bifreiðina eða inni í henni. Ekki verður hins vegar með fullri vissu ráðið af sömu gögnum að M hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi valdið tjónsatvikinu sjálfu eða vanrækt að gera ráðstafanir til að hindra það sem X gerði. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og getur ekki takmarka ábyrgð sína gagnvart M.

Niðurstaða.
M á rétt á fullum bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 21/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. febrúar 2022, ásamt viðbótarathugasemdum V dags. 2. mars 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 22. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M ók bifreið A á ljósastaur á Höfðabakka við Vesturhóla hinn 14. ágúst 2020. Þrjú vitni voru að áakstrinum og báru þau um að bifreið M hafi verið ekið Vesturhóla til norðurs og ekið í veg fyrir aðra bifreið sem var ekið Vesturhóla til suðurs. Þeirri bifreið var nauðhemlað og við það hafi M sem ökumaður bifreiða A fipast og ekið á staur. M kvaðst hafa ætlað að beygja til vinstri á gatnamótum Vesturhóla og Höfðabakka en misst stjórn bifreið A þegar annarri bifreið hafi verið ekið af beygjuakrein inn á Vesturhóla með akstursstefnu beint áfram. M kveðst hafa reynt að beygja frá en þá lent á ljósastaur. Í lögregluskýrslu kemur fram að grunur hafi vaknað hjá lögreglumönnum um að M hafi verið undir áhrifum sljóvgandi efna eða kannabiss þar sem M hafi verð seinn í tilsvörum og virst sljór. Með gögnum málsins fylgir einnig matsgerð dags. 27. ágúst 2020 frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði þar sem kemur fram að í blóði ökumanns hafi mælst 13 ng/ml af lyfinu alprazólam og að það lyf hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og dragi úr akstursháfni. Einnig kemur fram í matsgerðinni að M hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þessum sökum. Einnig liggur fyrir vottorð geðlæknis dags. 1. október 2020 þar sem geðlæknirinn lýsir lyfjaávísunum til M, þar á meðal notkun lyfsins alprazólam, og segir að lyfjameðferð af því tagi hafi ekki áhrif á akstursgetu og ætti ekki að mælast í háum styrk í blóði.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A og telur að með bréfi sínu dags. 2. nóvember 2020 hafi félagið tilkynnt M án ástæðulauss dráttar, eftir tilkynningu hans um tjón 5. október 2020, að það myndi áskilja sér rétt til takmörkunar á ábyrgð og þannig fullnægt tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Einnig telur V að gögn málsins sýni að háttsemi M við akstur hinn 14. ágúst 2020 sé hægt að meta til stórkostlegs gáleysis í skilningi 1. mgr. 90. gr. vsl. og þannig hafi V heimild til að takmarka ábyrgð sína að fullu. V bendir á matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 27. ágúst 2020 sýni með afdráttarlausum hætti að M hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti með 13 ng/ml af lyfinu aprazólam í blóði, auk þess sem lyfið sé merkt í fylgiseðli með rauðum þríhyrningi og þar komi einnig fram að þeir sem taki lyfið skuli ekki aka eða stjórna vélum eftir töku þess. Annað lyf, Sertal, sem M hafi einnig verið ávísað sé ekki með rauðum þríhyrningi en geti líka haft áhrif á getu til aksturs skv. leiðbeiningum í fylgiseðli. V telur að læknisvottorð geðlæknis um áhrif lyfjanna rýri ekki sönnunargildi fyrrnefndrar matsgerðar eða upplýsinga í fylgiseðlum lyfjanna. Einnig vísar V til þess að lögreglumenn urðu þess strax varir á vettvangi að M hafi verið undir sljóvgandi áhrifum. Hvað sönnunarbyrði varðar telur V að með tilvísun til Hrd. 263/2006 verði að líta svo á að V hafi fullnægt sönnunarbyrði sinni um að lyfjanotkun M hafi haft áhrif á akstursháfni hans og M sjálfur beri því sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi getað stjórnað bifreið örugglega. V telur hins vegar að viðbrögð M við aksturinn sýni ótvírætt að hann hafi ekki getað stjórnað bifreið með fullnægjandi hætti, hann hafi brotið gegn hátternisreglum umferðarlaga nr. 77/2019, bæði 48. og 50. gr. þeirra varðandi bann við akstri ef ökumaður er ekki andlega eða líkamlega fær til aksturs. V telur háttsemi M við aksturinn verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa og því sé sýnt að háttsemi hans að vera undir áhrifum lyfja við akstur hafi verið stórkostlega gálaus. Einnig vísar V til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu í gr. 4.2 í vátryggingarskilmálum ökutækjatryggingar V um lyfjanotkun, sem hafi einnig áhrif á mat félagsins á takmörkun ábyrgðar skv. 1. mgr. 90. gr. vsl.

M telur að hann eigi rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns og sýnt að hann hafi ekki valdið tjóni af stórkostlegu gáleysi, sbr. 1. mgr. 90. gr. vsl. M bendir á að V beri sönnunarbyrði um háttsemi

M hafi verið stórkostlega gálaus. M bendir á að skv. dómaframkvæmd þurfi sterk sönnunargögn fyrir stórkostlegu gáleysi og að áakstur hans hafi komið til vegna þess að hann hafi verið að reyna að forðast árekstur við aðra bifreið. M vísar til læknisvottorðs þar sem komi fram að lyf sem hann taki hafi ekki áhrif á akstursgetu, sérstaklega í ljósi þess að hann taki litla skammta af lyfinu alprazólam og það magn sem hafi mælst í blóðsýni eftir áreksturinn hafi verið í samræmi við það. M telur að allan vafa eigi að túlka honum í hag varðandi háttsemi og að rannsókn lögreglu á akstri M hafi ekki leitt til þess að hann hafi verið ákærður vegna aksturs undir áhrifum lyfja, heldur eingöngu greitt sekt vegna þess að hann hafi ekki virt hægri rétt. Einnig vísar M til dómaframkvæmdar varðandi heildstætt mat á háttsemi í tengslum við mat á takmörkunarheimild V skv. vsl. Þar að auki vísar M til þess að V hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. 94. gr. vsl. þar sem V hafi ekki tilkynnt M um takmörkun á ábyrgð sinni 11. júní 2021, eftir að hafa fengið fengið gögn dags. 4. nóvember 2020 um mælingu lyfsins alprazólam í blóði M og vottorð læknis um að M mætti aka bifreið þrátt fyrir lyfjameðferð hafi borist til V hinn 7. desember 2020. Þannig telur M að tilkynning V um algjöra takmörkun á ábyrgð skv. 2. mgr. 94. gr. vsl. hafi ekki borist án ástæðulauss dráttar eins og ákvæði kveði á um.

Í viðbótarathugasemdum lögmann M dags. 22. febrúar 2022 kemur að auki fram að M sé af erlendu bergi brotinn og hafi takmarkaðan skilning á íslensku máli og þannig hafi mögulega komið upp misskilningur milli hans og lögreglumanna á vettvangi um aðdraganda umferðaróhappsins. Einnig er vísað til þess regla sérlyfjaskrár um að ekki skuli aka eftir inntöku lyfsins alprazólam sé ekki fortakslaus og að þar komi fram að hver og einn þurfi að meta getu sína til aksturs sem og að M hafi verið ávísað lyfinu í sexfalt lægri skömmtum en daglegum hámarksskammti og verði því að ætla að það hafi ekki haft áhrif á aksturgetu M. Í bréfinu er einnig bent á að ef lyfjainntaka í læknanlegum skömmtum eigi að hafa áhrif á bótarétt geti skapast hættulegt fordæmi fyrir þá fjölmörgu ökumenn sem neyta slíkra lyfja. Einnig eru áréttuð sjónarmið um vanrækslu á tilkynningarskyldu V vegna takmörkunar á ábyrgð vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 37/2021 sem lögmaður M telur styðja sjónarmið M.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort V hafi vanrækt skyldu skv. 1. mgr. 94. gr. vsl. til að tilkynna án ástæðulauss dráttar um takmörkun ábyrgðar, eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðum vsl. Í 2. mgr. 94. vsl. kemur fram að vátryggingafélag sem vanrækir að senda slíka tilkynningu missi rétt til að bera fyrir sig takmörkun ábyrgðar. Í dómi Hæstaréttar í máli 37/2021 er fjallað ítarlega um ákvæði 94. gr. vsl. og áhrif tilkynninga um að vátryggingafélag ætli að takamarka ábyrgð sína. Í þeim dómi kemur fram í málsgrein nr. 30: *„Þótt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 mæli ekki berum orðum fyrir um að tilkynningarskylda hvíli á félagi um að til athugunar sé að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð, án þess að endanleg ákvörðun hafi verið tekin í þeim efnum, er gert ráð fyrir þeirri málsmeðferð í lögskýringargögnum, eins og áður er rakið. Með slíkri tilkynningu er vátryggðum gert kleift að gæta hagsmuna sinna og fyrirbyggt að hjá honum skapist væntingar um fullar bætur þannig að hann hagi ráðstöfunum sínum í trausti þess.“* Í málinu sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar virðist sem vátryggingafélagið sem þar átti í hlut hafi ekki tilkynnt um að það væri til athugunar að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð eins og gert var í þessu máli hinn 2. nóvember 2020, eða tæpum mánuði eftir tilkynningu M til V um líkamstjón. Vitnað er til skýringa með 94. gr. vsl. í athugasemdum frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga, sbr. málsgrein nr. 24 í dómi Hæstaréttar: *„Í skýringum við 94. gr. í athugasemdum með frumvarpinu var áréttað að orðalag ákvæðisins miðaðist einungis við að félagið tilkynnti að það hygðist bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun en því væri ekki skylt að tilgreina nákvæmlega í fyrstu tilkynningu hversu mikil lækkunin yrði enda gæti það ráðist af mati á upplýsingum sem fengjust með síðari gagnaöflun.“.* Við þær aðstæður sem uppi voru í þessu máli verður að telja að V hafi tilkynnt að það hygðist mögulega bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð án ástæðulauss dráttar með „fyrstu tilkynningu“ og það hafi gert M kleift að gæta hagsmuna sinna vegna málsins. Enda verður ekki annað séð en að læknisvottorð geðlæknis dags. 1. október 2020, hafi verið sent af hálfu lögmanns M til V hinn 7. desember 2020. Skýringar V á því að hafa fengið allar upplýsingar til afgreiðslu á munatjóni en starfsmenn persónutjóna hafi ekki fengið allar upplýsingar fyrr en síðar, eru ekki skýringar sem gagnast vátryggingafélagi ef það hefði ekki verið búið að senda út fyrstu tilkynningu um mögulega takmörkun á ábyrgð. Hins vegar fyrst það var gert án ástæðulauss dráttar og þannig hafi M verið gert kleift að gæta hagsmuna sinna gagnvart V, telst ákvæði 2. mgr. 94. gr. vsl. ekki eiga við þannig að V hafi glatað rétti til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun skv. vsl.

Til álita kemur þá hvort háttsemi M hafi verið þannig, við akstur til hliðar og í veg fyrir bifreið sem honum bar að veita forgang, með þeim afleiðingum að hann ók á ljósastaur, að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Við það mat verður að líta til þess að í málinu liggur fyrir matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði dags. 27. ágúst 2020 sem sýnir að M hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti vegna 13 ng/ml magns lyfsins aprazólam í blóði. Sú ályktun fær stoð í upplýsingum í sérlyfjaskrá á fylgiseðli umrædds lyfs þar sem það er merkt með rauðum þríhyrningi og koma fram upplýsingar um áhrif lyfsins á einbeitingu, stjórnun vöðva, svefnhöfga og þess háttar. Verður ökumaður að vera fær um að bregðast við óvæntum aðstæðum í umferðinni og skv. varúðarreglu í gr. 4.2 í vátryggingarskilmálum ökutækjatryggingar V kemur fram að ökumaður skuli ekki vera undir áhrifum deyfandi efna við notkun ökutækis. Þó mat geðlæknis M, sem ávísaði lyfinu aprazólam til hans, sé að lyfið hafi ekki áhrif á hæfni M til aksturs fylgja því mati ekki gögn sem hnekkja fyrrnefndri matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði um að M hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti þegar hann lenti í umferðaróhappi hinn 14. ágúst 2020. Samkvæmd 1. mgr. 90. gr. vsl. getur vátryggingafélag takmarkað ábyrgð sína að hluta eða í heild ef vátryggður sýnir stórkostlegt gáleysi við að hlíta ekki varúðarreglu eða með öðrum hætti og það leiðir til tjóns. Þar kemur einnig fram að við úrlausn á þessum atriðum skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Í þessu máli liggur fyrir að M var undir áhrifum lyfja sem höfðu sljóvgandi áhrif á hann og í lögregluskýrslu kemur skýrlega fram að framburður og framkoma M hafi verið þannig á tjónsvettvangi að hann hafi verið seinn í tilsvörum og virst sljór og hafi lögreglumenn grunað að hann væri undir áhrifum sljóvgandi efna eða kannabiss. Af því verður ekki annað ráðið en að sök M hafi verið mikil og hún falist í því að stjórna ökutæki án þess að geta það með öruggum hætti. Það hafi síðan haft áhrif á mat hans á aðstæðum þegar hann ók til hliðar í veg fyrir umferð á móti sem hann átti að veita forgang, en ekki telst sannað m.v. framburð vitna að bifreið sem á móti kom hafi verið ekið af beygjuakrein inn á Vesturhóla eins og framburður M bendir til. Vátryggingaratburður telst því hafa borið að vegna þess að M var ófær um að meta aðstæður réttilega vegna áhrifa sljóvgandi lyfja og eru orsakatengsl milli þess og atburðarins sjálfs. Vegna sakar M, orsakatengsla og atvika að öðru leyti telst V heimilt að takmarka ábyrgð sína um 2/3 hluta af heildartjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á 1/3 hluta bóta úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 22/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 17. október 2018, var lögregla kölluð á vettvang við beitingarskúr í Snæfellsbæ hinn 24. janúar 2018, en þá hafði M fallið niður um hleraop á efri hæð skúrsins, er hlerinn sem var fyrir opinu gaf sig, og slasast nokkuð. Samkvæmt málskoti var M að störfum í beitingarskúrnum en hann hafi verið að undirbúa veiðiferð á fiskiskipinu Signýju HU-13, Y, þar sem hann hafi verið lögskráður skipverji. Beitingarskúrinn og skipið hafi verið í eigu útgerðarfélagsins X, og umrædd veiðiferð á þess vegum. Á grundvelli þessa hafi M gert kröfu um bætur úr slysatryggingu sjómanna, en V hafi, með bréfi dags. 3. nóvember 2021, hafnað kröfu hans, annars vegar á grundvelli þess að annar aðili en X hefði gert skipið út umrætt sinn og hins vegar á grundvelli þess að krafa M væri of seint fram komin. M mótmælir þeim málatilbúnaði, bæði séu hugsanlegar tafir á meðförum málsins ekki á hans ábyrgð og eins hafi hann ekki fengið upplýsingar um raunverulegt tjón sitt fyrr en hann fékk í hendur læknisvottorð dags. 16. júní 2020. Þá hafi M verið lögskráður skipverji á skipi í eigu X og hafi slasast við störf sem voru í beinum tengslum við rekstur skipsins. Aðbúnaði í skúrnum, sem hafi verið á ábyrgð X, hafi þá væntanlega verið ábótavant. Útgerðum fiskiskipa sé skylt að kaupa tryggingu vegna dánar- og slysabóta og sé það ein grundvallarforsenda þess að skipverjar sinni störfum sínum. Verði M því ekki gert að þola það að trygging verði ekki talin vera fyrir hendi.

Í bréfi V kemur fram að af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að M hafi á tjónsdegi verið starfsmaður X. Ekki sé því hægt að skilgreina M sem vátryggðan samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Svo virðist þá sem fyrirtækið Z hafi verið með Y á leigu og X hafi því ekki gert skipið út á slysdegi. Engin frekari gögn liggi hins vegar fyrir er sýni fram á slíkt fyrirkomulag. Þá sé ekki sýnt fram á að M hafi verið starfsmaður Z, enda liggi hvorki fyrir launaseðlar hans né ráðningarsamningur. Þá hafi M, þrátt fyrir áskoranir, ekki lagt fram skattframtal vegna tekna ársins 2018. Því sé ósannað að M hafi verið launþegi á slysdegi eða hafi með öðrum hætti starfað í tengslum við rekstur skipsins. Þá telur V að krafa M sé of seint fram komin, sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, en þar segi að vátryggður glati rétti til bóta sé krafa ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Hafi M leitað til læknis hinn 26. ágúst 2019 og verði að miða við að hann hafi, í síðasta lagi þann dag, haft vitneskju um þau atvik sem krafa hans var reist á. M hafi hins vegar ekki beint kröfu sinni að V fyrr en í febrúar 2021, eða einu og hálfu ári síðar.

Álit.

Gr. 2.2 í viðeigandi vátryggingarskilmálum er svohljóðandi: *Vátryggðir eru þeir sem ráðnir eru í skipsrúm hjá vátryggingartaka á skipi því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og slysið hefur borið að höndum er viðkomandi var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.* Meðal þess sem aðila greinir á um er hvort M sé vátryggður samkvæmt þessu ákvæði. Af fyrirliggjandi vátryggingarskírteini vegna tímabilsins 1. janúar til 31. desember 2018 er ljóst að X er vátryggingartaki, og nær vátryggingin til tveggja skipverja á Y. Þá liggur fyrir tölvupóstur frá Samgöngustofu, dags. 29. janúar 2021, þar sem fram kemur að M hafi verið lögskráður á Y á tímabilinu 24. janúar til 7. maí 2018, og aftur á tímabilinu 29. maí til 31. maí sama ár. Þá verður að telja að sá hluti undirbúnings veiðiferðar sem fer fram í beitingarskúr sé í beinum tengslum við rekstur skips. Þrátt fyrir allt framangreint er ekki ljóst hvort M hafi verið ráðinn í „skipsrúm hjá vátryggingartaka“, sbr. og 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 en þar segir m.a. að útgerðarmaður beri ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys

borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur þess. Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá forsvarsmanni X til V, dags. 4. febrúar 2021, þar sem fram kemur að M hafi verið í vinnu hjá Z en ekki á launaskrá hjá X. Þá er fyrirliggjandi tölvupóstur, dags. 28. janúar 2021, frá Þ, sem segist hafa verið lögskráður skipstjóri á Y, en M hafi verið háseti. Y og beitingarskúrinn hafi verið í eigu X. Ekkert kemur þó fram í bréfinu varðandi það í þágu hvers Þ og M störfuðu umrætt sinn, þ.e. hver gerði Y út og sá um ráðningu í skipsrúm. M hefur ekki lagt fram gögn er sýni fram á ráðningarsamband hans við X eða Z, og ekki liggur fyrir skattframtal vegna tekna hans árið 2018. Fyrirliggjandi eru þó reikningar sem virðast stafa frá M til Z vegna „útseldrar þjónustu“ en þeir reikningar eru ódagsettir og gefa ekkert frekar til kynna um hvers kyns samband hafi verið milli M og Z, en fyrir liggur þó að í skattframtali vegna tekna ársins 2017 gerði M grein fyrir öðrum tekjum í formi reiknaðs endurgjalds vegna eigin reksturs. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi staðgreiðsluyfirliti Skattsins að M hafi á árinu 2018 þegið laun frá X eða Z. Verður því ekki talið sýnt fram á að M hafi á slysdegi verið ráðinn í skipsrúm hjá X og þar með verið vátryggður samkvæmt gr. 2.2 í viðeigandi vátryggingarskilmálum. Verður M að bera hallann af þeim vafa sem uppi er hvað það varðar og koma önnur atriði ágreinings aðila þá ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 23/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátrygginga: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar (V1) og fasteignatrygging (V2).
Nöfn vátryggingartaka: (X) vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs hjá V1.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24.1.2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1 dags. 11. febrúar 2022 ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2 dags. 15. febrúar ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að hann hafi tekið eftir vatnsskemmdum í nýrri viðbyggingu við sumarhús sitt. Vatnsskemmdirnar voru staðsettar á úthorni veggja í eldhúsi þar sem sturta hússins er innan við. M tilkynnti tjónið um leið til síns tryggingafélag V2. Þar sem M grunaði að orsök lekans mætti rekja til sturtubotns í tiltölulega nýinnréttuðu baðherbergi hafði M samband við söluaðila sturtubotnsins. Söluaðilinn benti M á að hafa samband við tiltekinn fagaðila á sviði pípulagna sem hefði mikla reynsla af því að tengja umrædda sturtubotna. M ræddi við þann fagaðila og sendi honum ljósmyndir af niðurfallinu í sturtubotninum. Það var mat fagaðilans að þéttihringurinn/pakkningin væri öfugt sett í. Skoðunarmaður á vegum V2 kom á staðinn 1. nóvember 2021 og skoðaði aðstæður. Sama dag reyndi M að ná sambandi við forsvarsmann X án árangurs. M fékk senda skoðunarskýrslu frá V2 þann 4. nóvember en samkvæmt þeirri skýrslu benti allt til þess að tjónið mætti rekja til mistaka pípara á vegum X. Þann sama dag hafði M samband við X og bað þá um að koma og skoða aðstæður og jafnframt sendi M skoðunarskýrslu V2 til X. Næstu daga ítrekaði M við X að þeir kæmu á staðinn og skoðuðu aðstæður sem fyrst. Þann 8. nóvember kom starfsmaður X á staðinn og samkvæmt M tjáði hann honum að það væri augljóst að þéttihringurinn/pakkningin snéri öfugt. Þann 9. nóvember tilkynnti X M að málið væri komið til V1 til vinnslu. Skoðunarmaður á vegum V1 skoðaði aðstæður 10 dögum seinna. Þann 23. nóvember hafnaði V1 bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmaður X hafi gert mistök við tengingu sturtubotnsins. M byggir á því að starfsmaður X, nemi í pípulögn, hafi sett þéttihring/pakkningu ranglega í vatnslás sturtubotns á baðherbergi sumarhússins þegar það var innréttað í janúar 2020. Þá telur M að ef tjónið er ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X hjá V1 að þá sé það bótaskylt úr fasteignatryggingu hans hjá V2 en samkvæmt 2. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingarinnar bætir tryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og sökkuls húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka en tjóninu var hafnað af hálfu V2 þann 29. desember 2021 með vísan til þess að atvikið félli ekki undir gildissvið tryggingarinnar. M mótmælir því að tjónið falli ekki undir skilmála tryggingar á þeim grundvelli að um langvarandi leka sé að ræða. Eðli málsins samkvæmt geti tekið langan tíma fyrir leka frá vatnslási að koma í ljós sérstaklega þar sem umrætt hús sé ekki í reglulegri notkun. M telur það ekki geta staðist að túlka skilyrðið um skyndilegan leka þannig að tjón sé ekki bótaskylt nema það sé tilkynnt um leið og hinn skyndilegi leki á sér stað án tillits til þess hvenær mögulegt er að uppgötva hann. M telur lekann falla undir skilmála tryggingarinnar.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að vátryggingartakinn X hafi ekki verið upplýstur um málið fyrr en tæpum tveimur árum eftir að vinna X við sumarhúsið átti sér stað. Allt bendi til þess að húsið hafi verið í notkun og vatn lekið undan sturtubotninum án þess að M gerði neitt til að lágmarka tjónið þegar þess varð vart. Þá bendi gögn málsins til þess að M hafi átt við þéttihringinn/pakkninguna í vatnslásnum áður en starfsmaður X kom á staðinn til að skoða aðstæður. Forráðamenn X hafi ítrekað gert athugasemdir við að ekki var haft samband við þá fyrr vegna málsins. Ekki hafi því verið hægt að sannreyna að mistök hafi átt sér stað þegar þéttihringurinn/pakkningin var sett í vatnslásinn. Vátryggingartakinn X segi að sturtubotninn hafi verið lekaprófaður eftir að þéttihringur/pakkning var sett í vatnslásinn. Sú prófun hafi ekki haft í för með sér neinn leka. V1 mótmælir því að starfsmaður X hafi verið nýbyrjaður að vinna hjá X þegar vinna hans við húsið átti sér stað. Hann hafi starfað hjá X í eitt ár og fengið mikla og fjölbreytta reynslu á þeim tíma. Starfsmaðurinn sé fagmaður og vel treystandi fyrir umræddu verki. Loks byggir V1 á því að ekki sé augljóst að sjáanlegt vatnstjón verði rakið til þess

að þéttihringur/pakkning hafi verið vitlaust sett í vatnslásinn og bendir á að þéttingar í fiboplötum hafi ekki verið nægilega góðar upphaflega eða hafi gefið sig með tíma. V1 telur ósannað að tjónið sé að rekja til mistaka við samsetningu vatnslássins og hafnar með að atvikið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að í 2. kafla skilmála fasteignatryggingarinnar komi skýrt fram að vátryggingin taki eingöngu á tjóni af völdum vatns sem streymi óvænt og skyndilega fram og á upptök sín innan útveggja og sökkuls húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. Það sé því ófrávíkjanlegt skilyrði að vatn streymi fram óvænt og skyndilega. Langvarandi leki og ástand sem hefur varað yfir langt tímabil falli ekki undir bótasvið tryggingarinnar. Í tjónstilkynningu M sem barst V2 þann 24. október 2021 komi fram að hann hafi tekið eftir að gólflistar voru að gliðna í einu horni á innivegg fasteignarinnar. Að mati V2 sé ljóst að þarna sé ekki um skyndilegan og óvæntan vatnsleka að ræða heldur rakaástand sem hafði leitt til þess að gólflistar voru farnir að gliðna. Skoðunarmaður V2 sem fór á staðinn til að skoða aðstæður var þeirra skoðunar að líkleg orsök tjónsins hafi verið sú að þéttihringur/pakkning hafi verð sett vitlaust í vatnslásinn. V2 vísar til fyrirliggjandi gagna og telur að um sé að ræða tjón af völdum langvarandi leka-og rakaástands og að slíkt tjón falli ekki undir skýr og ófrávíkjanleg skilyrði vátryggingarskilmálans um skyndilegan leka.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort vatnstjón, sem kom í ljós á fasteign M í október 2021, sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X hjá V1 vegna mistaka starfsmanns X við tengingu á sturtubotni og/eða úr fasteignatryggingu M hjá V2 þar sem skilyrði bótaskyldu eru þau að vatn streymi óvænt og skyndilega fram og eigi upptök sín innan útveggja og sökkuls húseignar.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að vatnstjón uppgötvaðist á fasteign M þann 24. október 2021 og að orsakir tjónsins megi rekja til sturtubotns inn á baðherbergi hússins. Baðherbergið var innréttað á árinu 2020. Starfsmaður X, pípulagningarnemi, sá um að tengja sturtubotninn, sturtu o.fl. Ekki er fallist á með V1 að M hafi ekki brugðist rétt við þegar hann tilkynnti tjónið fyrst til síns tryggingafélags V1 sama dag og hann var tjónsins var og ekki haft samband við X fyrr en nokkrum dögum síðar. Í gögnum málsins liggur fyrir að M reyndi strax að hafa samband við X þegar grunur vaknaði um að orsakir lekans væru að rekja til mistaka við vinnu starfsmann X. Þá er tímalína málsins eftir að lekans varð vart ekki löng og háttsemi M við að reyna að finna út orsakir lekans ekki óeðlileg. Sönnunarbyrðin um að vatnslekinn og tjónið vegna hans sé að rekja til mistaka starfsmanns X við tengingu sturtubotnsins hvílir á M. Sé litið til fyrirliggjandi gagna málsins s.s. ljósmyndir, skoðunarskýrslu starfsmanns V2 og loks tjónstilkynningu forsvarsmanns X til V1, dags. 8. nóvember 2021, þar sem forsvarsmaður X segir að starfsmenn vátryggingartaka beri ábyrgð á tjóninu og að orsök tjónsins sé að „Við tengingu á sturtubotni virðist pakkningu hafa verið snúið öfugt.“ verður að telja að M hafi tekist að sýna fram á að starfsmaður X hafi gert mistök þegar hann gekk frá þéttihring/pakkningu við tengingu sturtubotnsins og að þau mistök hafi leitt til tjóns á fasteign M. Að gögnum málsins virtum og aðstæðum öllum á M rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar M hjá V1.

Í skilmálum fasteignatryggingarinnar, sem M hefur keypt hjá V2, er í kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur m.a. fram að tryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og sökkuls húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum skilmálans sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að vatn hafi lekið um þó nokkurn tíma eða allt frá því að nýinnréttað baðherbergið var tekið í notkun á árinu 2020 eða fljótlega eftir að sturtan var tekin í notkun. Skilyrði skilmálans um vatn streymi skyndilega fram eru eins og atvikum er háttað ekki uppfyllt og því eru skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni ekki fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingunni vegna vatnstjónsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna vatnstjóns úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V1, M á ekki rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu hjá V2.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 24/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Vatnstjónstrygging fasteignatryggingar.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 7. mars 2022.
4. Bréf V, dags. 11. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M tóku eftir útfellingum á þremur stöðum á gólfi húseignar sinnar sem vátryggð er hjá V hinn 12. nóvember 2021. Um 10 dögum síðar kom í ljós að leki hafði komið upp í gólfhitalögn húseignarinnar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar og vísar til undanþáguákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar þar sem kemur fram í c.lið 2. gr. að vátryggingin bæti ekki tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka. V bauð M þó bætur án viðurkenningar á bótaskyldu vegna tjónsins. V bendir á að M hafi ekki verið í hinni vátryggðu fasteign í allt að 14 mánuði fram að því að tilkynnt var um tjónið. Einnig bendir V á að það bendi til langvarandi leka ef raki hverfur ekki úr svokallaðri ílögn með notkun þurrkunartækja og að ný ílögn feli í sér vinnu við lagfæringu eða endurlögn á gólfhitakerfi og slíkur liður sé alltaf undanskilinn skv. 3. málsl. 3. gr. vátryggingarskilmála þar sem segir að ekki sé bættur sá hlutur eða hluti er tjóninu olli svo sem rörin sjálf eða vinna við lagfæringu eða endurlögn þeirra.

M telur tjón sitt falla undir a.lið 1. gr. vatnstjónstryggingar þar sem komi fram að vátryggingin greiði bætur vegna tjóns ef um er að ræða skemmdir á vátryggðri húseign sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. M telur staðreynt að lekið hafi skyndilega úr gólfhitalögn og vísar m.a. til bréfs málarameistara sem hafi verið við vinnu í húseign M í lok október 2021, en sá varð þá ekki vör við neinn leka. Einnig vísar M til yfirlýsingar píplulagningar- og húsasmíðameistara sem hafi staðfest að skyndilegur leki hafi orðið. Auk þessa bendir M á skýrslu dags. 2. desember 2021 frá verkfræðistofu og tölvupóstsamskipti við þann sem skýrsluna ritaði um að ekki hafi komið fram í þeirri skýrslu að um langvarandi leka hafi verið að ræða. M bendir á að ákvæði c.liðar 2. gr. vátryggingarskilmála, þar sem V undanskilji tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka, sé undanþáguákvæði og V beri sönnunarbyrði um að þannig hafi aðstæður í húseign M verið, en ofangreind gögn sýni hið gagnstæða.

Álit.

Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina af hálfu málskotsaðila verður ekki annað séð en að ágreiningur sé um bótaskyldu úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar V skv. a.lið 1. gr. vátryggingarskilmála og hvort undanþáguákvæði um langvarandi leka eða raka skv. c.lið 2. gr. eigi við. Af gögnum sem M leggja fram verður ekki annað ráðið en að staðfest sé að lekið hafi skyndilega úr lögn húseignar og þannig orðið tjón. V hefur ekki lagt fram gögn sem hnekkja þeim sem M hefur vísað til og ekki heldur gögn sem sýna að leki hafi verið langvarandi. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og telst tjón M bótaskylt m.t.t. vátryggingarskilmála vatnstjónstryggingar og vátryggingarskírteinis.

Niðurstaða.

Viðurkennd er bótaskylda til handa M úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 25/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Lágmark örorku.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hann féll af hestbaki 24. apríl 2020. V hafi, með tölvupósti dags. 21. júlí 2021, hafnað því að standa að örorkumati vegna afleiðinga slyssins þar sem félagið telji að læknisfræðileg örorka nái ekki 15%, en í skilmálum vátryggingarinnar komi fram að ekki séu greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku sem sé lægri en 15% og að félagið standi ekki að mati á örorku sé að mati þess ljóst að því lágmarki verði ekki náð. M telur sig hins vegar eiga rétt á að hlutlaus og óháður aðili meti hvort hann uppfylli þau skilyrði sem V hafi sett fyrir greiðslu skaðabóta vegna afleiðinga slyss. V hafi þannig aðeins byggt höfnun sína á áliti ráðgefandi læknis sem starfi fyrir V. Sá læknir hafi eingöngu byggt álit sitt á fyrirliggjandi gögnum um heilsufar M. Lögmaður M hafi, hinn 16. september 2021, sent heimilislækni M beiðni um mat á því hvort líklegt væri að M hefði hlotið 15% örorku í umræddu slysi. Svar læknisins, dags. 8. janúar 2022, hafi verið á þá leið að hann hefði hvorki forsendur né þekkingu til að meta það heldur væri slíkt mat í verkahring sérhæfðra matslækna. M telur að sömu sjónarmið hljóti að eiga við um mat ráðgefandi læknis sem starfi fyrir V og að því sé nauðsynlegt að óháður sérfræðingur standi að mati á afleiðingum slyssins.

Í bréfi V er vísað til gr. 5.2.2 um frítímaslysatryggingu í viðeigandi vátryggingarskilmálum þar sem segi að ekki greiðist bætur vegna varanlegrar örorku ef hún er lægri en 15%. Í gr. 5.2.9 komi þá fram að félagið standi ekki að og greiði ekki fyrir mat á læknisfræðilegri örorku ef ljóst er að áliti félagsins á fyrirliggjandi gögnum og/eða töflu örorkunefndar um miska að lágmarki skv. gr. 5.2.2 verði ekki náð. Séu skilmálarnir skýrir að þessu leyti og hægur vandi fyrir M að kynna sér þá. Þá sé ekki um óvanaleg eða óeðlileg ákvæði að ræða og hafi M ekki sýnt fram á að hann eigi að vera óbundinn af þeim. Skilmálinn sé skýr varðandi það að það sé mat V hvort umrætt skilyrði sé uppfyllt eður ei og muni V því ekki standa að læknisfræðilegu mati vegna umrædds frítímaslyss.

Álit.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort V beri að standa að læknisfræðilegu mati vegna afleiðinga umrædds slyss, svo metið verði hvort læknisfræðileg örorka M nái 15 stigum, en skv. gr. 5.2.2 í VI. kafla þágildandi vátryggingarskilmála er slíkt lágmark áskilið svo bætur séu greiddar. Samkvæmt gr. 5.2.9 sömu skilmála stendur V þá ekki að slíku mati eða greiðir fyrir það ef ljóst er, að áliti þess á fyrirliggjandi gögnum og/eða töflu örorkunefndar, að umræddu lágmarki verði ekki náð. Orðalag umræddra skilmálaákvæða verður að teljast skýrt og M hefur ekki fært rök fyrir því að þau séu óeðlileg eða ósanngjörn. Verður því að telja á grundvelli þeirra að M eigi ekki sjálfkrafa rétt til þess að V standi að læknisfræðilegu mati á afleiðingum slyssins. Engin gögn liggja fyrir nefndinni um umrætt slys eða afleiðingar þess og hefur ekki verið sýnt fram á það með neinum hætti að hnekkja beri því áliti V að læknisfræðileg örorka M nái ekki 15 stigum. Verður því samkvæmt framansögðu að telja að V sé heimilt að hafna því að standa fyrir læknisfræðilegu mati á afleiðingum slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til þess að V standi að læknisfræðilegu mati á afleiðingum frítímaslyss hans hinn 24. apríl 2020.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 26/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega
Nafn vátryggingartaka (X): Sveitarfélag

Gildissvið vátryggingarskilmála. Matsfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir frítímaslysi í nóvember 2018 og var launþegatrygging til staðar hjá sveitarfélaginu X. Lögfræðingur M hafði samband við V í tölvupósti þann 17. nóvember 2021 með fyrirspurn hvort sveitarfélagið X hafði verið með launþegatryggingu hjá V í nóvember 2018. Samskipti áttu sér stað milli lögmanns M og V næstu 2 mánuði og var það svo þann 25. janúar 2022 sem M tilkynnti V formlega um frítímaslys sitt og gerði kröfu í tryggginguna. Sama dag tilkynnti V að það myndi ekki standa að mati vegna slyssins og vísaði V til greinar 13.2.5 í skilmála tryggingarinnar nr. SÞ20 þar sem fram kemur að örorka skuli að jafnaði metin einu ári eftir slysið og þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Þar sem meira en þrjú ár voru liðin frá slysinu var fresturinn til að meta slysið liðinn. M telur að kröfur hennar vegna slyssins í nóvember 2018 séu hvorki fallnar niður vegna fyrningar né á grundvelli þriggja ára matsfrests samkvæmt skilmálum tryggingarinnar og því eigi höfnun tryggingafélagsins á bótaskyldu ekki við rök að styðjast. Vísar M til 125. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga þar sem fram kemur að krafa um vátryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum og að slysatrygging launþega teljist til höfuðstólstrygginga. Varðandi þriggja ára matsfrestinn þá komi ekki fram í skilmála tryggingarinnar hvaða afleiðingar fylgi því að varanlegar afleiðingar séu ekki metnar innan þess tímaramma sem þar sé mælt fyrir um og ekki kemur fram í ákvæðinu að bótaréttur teljist niður fallinn fari umrætt mat ekki fram innan þess tímafrest. Umræddir skilmálar séu einhliða samdir af tryggingafélaginu og skv. andskýringarreglu samningaréttar, verða þeir ekki túlkaðir vátryggðum í óhag, teljist þeir óljósir. Vísar M til dóms héraðsdóms Reykjavíkur, í máli nr. E-1998/2021.

V vísar til ákvæða 13.2.5 í skilmála slysatryggingar launþega nr. SÞ20 og telur að bótaréttur hafi fallið niður í september 2021 þegar þrjú ár voru liðin frá því slys M gerðist. Slysið var ekki tilkynnt fyrr en þann 25. janúar 2022 en þá voru 3 ár og tæpir 5 mánuðir liðnir frá atvikinu. Vísar V til þess að í málskoti komi fram að slysið hafi gerst í nóvember 2018 sem sé ekki í samræmi við þær upplýsingar sem sendar voru V þegar atvikið var tilkynnt til félagsins en þá var talað um að slysið hefi gerst í september 2021. Engin læknisfræðileg gögn hafa borist né nánari lýsingar á því hvernig umrætt frítímaslys gerðist. Gögn málsins séu því takmörkuð. V mótmælir að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1998/2021 hafi fordæmisgildi þar sem málsatvik séu ekki sambærileg þeim sem eru til skoðunar í þessu máli. Einnig bendir V á að það hafi ekki borið fyrir sig fyrningu í málinu. Vísar V máli sínu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 22/2004 og 604/2017.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um gildissvið greinar 13.2.5 í vátryggingarskilmála V þar sem gert er ráð fyrir að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvenær slys það sem hér um ræðir átti sér stað en gera má ráð fyrir því að það hafi verið á tímabilinu september til nóvember árið 2018. Þegar M tilkynnti slys sitt til V í janúar 2022 voru því meira en þrjú ár liðin frá því slysið átti sér stað. Þegar umrætt ákvæði er metið með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 604/2017 verður ekki hjá því komist að líta svo á að með þeim dómi hafi rétturinn staðfest fyrri niðurstöðu sína í máli nr. 22/2004 um að einhliða samin ákvæði um matsfrest í vátryggingarskilmálum væru hvorki óeðlileg eða óvenjuleg. Þar sem V hefur ekki borið fyrir sig fyrningu kröfunnar verður ekki fjallað um þær málsástæður M. Með vísan til framangreinds verður talið að matsfresturinn hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um frítímaslys sitt. Verður kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 27/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Tómlætisfrestur 94. gr. vsl.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. mars 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 7. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti, dags. 29. mars 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifhjólinu A, sem M ók, og bifreið á gatnamótum Stórhöfða og Breiðhöfða í Reykjavík hinn 30. júlí 2020. Í gögnum málsins er vitnað til þess að í frumskýrslu lögreglu vegna árekstursins hafi komið fram að M hafi ekið hratt og í aðdraganda áreksturs hafi hann tekið fram úr annarri bifreið. Lögmaður M sendi tilkynningu til V um umferðarslys M hinn 24. ágúst 2020 og í svari V hinn 9. september 2020 kemur fram að málið hafi verið sent á vátryggingafélag þeirrar bifreiðar sem M lenti í árekstri við, auk þess sem eftirfarandi texti fylgdi: „Það þarf að skoða þetta mál. Hann var víst skv. vitnum líklega vel yfir hraðatakmörkunum...“ Nokkur tími leið síðan áður en gögn bárust frá lögreglu, þ.á.m. bíltæknirannsókn, en í nóvember 2021 komst Tjónanefnd vátryggingarfélaganna að þeirri niðurstöðu að M ætti að bera helmingssök vegna árekstursins sökum þess að hann ók of hratt. Með bréfi V til lögmanns M dags. 9. nóvember 2021 kom fram að félagið hygðist takmarka ábyrgð sína úr slysatryggingu ökumanns og eiganda um helming vegna stórkostlegs gáleysis M og vísaði V í því bréfi sínu til þess að mat á háttsemi M byggi á því að hann hafi viðhaft framúrakstur sem og ekið of hratt m.v. aðstæður.

M telur ósannað að að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn og því sé ekki heimild til takmörkunar ábyrgðar. M bendir á að V beri sönnunarbyrði um að háttsemi M sé hægt að meta til stórkostlegs gáleysis og vísar til þess að V hafi einnig komist að þeirri niðurstöðu, með því að una niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna um sakarskiptingu, að M bæri einungis hluta sakar og þannig geti ekki verið um stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að ræða. M telur að háttsemi hans sé í mesta lagi einfalt gáleysi og vísar um það til dóms Hæstaréttar í máli nr. 591/2007. M bendir einnig á að vegna afleiðinga slyssins muni hann ekki eftir atvikum, en hann sé vanur að aka sömu leið og bifreið sem lenti á honum hafi átta að veita honum forgang við aksturinn vegna biðskyldu. Vísar er auk þessa til dómaframkvæmdar varðandi takmörkunarhlutfall í ýmsum dómum Hæstaréttar.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 3. mars sl. kemur fram að félagið telji ákvörðun um sakarskiptingu ekki hafa áhrif á mat á stórfelldu gáleysi og að bótaréttur einstaklings í fullum rétti geti verið takmarkaður vegna stórkostlegs gáleysis. V vísar til hraðamælingar á bifhjóli M þar sem komi fram að mesti hraði í aðdraganda slyss hans hafi verið 109,4 km/klst þar sem hámarkshraði væri merktur 50 km/klst. V telur að ofsa- og framúrakstur M hafi verið hættulegur og meginorsök þess að tjón varð og sé takmörkun um 50% úr slysatryggingu ökumanns og eiganda því viðeigandi.

Í tölvupósti lögmanns M dags. 7. mars sl. kemur fram tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 37/2021, sem kveðinn var upp 9. febrúar 2022, varðandi gildissvið 94. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem komi fram að ef vátryggingafélag sendi ekki án ástæðulauss dráttar, eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum til takmörkunar bóta, t.d. vegna stórkostlegs gáleysis skv. 1. mgr. 90. gr. sömu laga, þá glati félagið rétti til að bera fyrir sig slíka takmörkun. Í sama tölvupósti er bent á að starfsmaður V hafi vísað til hraðaksturs M í tölvupósti dags. 9. september 2020 og samskipti lögmanns M og V hafi verið regluleg eftir það varðandi það að fá frekari gögn frá lögreglu, en þau hafi ekki borist fyrr en 4. nóvember 2021. Aldrei hafi V þó tilkynnt um mögulega takmörkun á ábyrgð sinni og þannig hafi liðið um 14 mánuðir frá því að upplýsingar um mögulegan hraðakstur lágu fyrir hjá V þar til tilkynnt hafi verið um bótaskerðingu. Á þeim tíma hafi V m.a. með tölvupósti 3. júní sl. ekki talið sig hafa leið til að ýta á að fá frekari gögn frá lögreglu.

V var gefinn kostur á að gera athugasemdir við viðbótarathugasemdir lögmanns M og með tölvupósti V dags. 29. mars sl. til nefndarinnar kemur fram að V lítur svo á að „slysatjón“ M hafi verið tilkynnt til V 4. nóvember 2021 og þá fyrst hafi rannsóknarskýrsla lögreglu borist til V og þannig hafi V ekki haft möguleika til að taka afstöðu til takmörkunar á ábyrgð fyrr en það sendi bréf til M hinn 9. nóvember 2021 um takmörkun ábyrgðar vegna stórkostlegs gáleysis. Það hafi því liðið fimm dagar og teljist það án ástæðulauss dráttar.

Álit.

Í þessu máli er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort V hafi vanrækt skyldu skv. 1. mgr. 94. gr. vsl. til að tilkynna án ástæðulauss dráttar um takmörkun ábyrgðar, eftir að félagið vissi um þau atvik sem veita því heimild til að beita rétti sínum samkvæmt ákvæðum vsl. Í 2. mgr. 94. vsl. kemur fram að vátryggingafélag sem vanrækir að senda slíka tilkynningu missi rétt til að bera fyrir sig takmörkun ábyrgðar. Rétt er að taka fyrst afstöðu til þessa ágreinings.

Í dómi Hæstaréttar í máli 37/2021 er fjallað ítarlega um ákvæði 94. gr. vsl. og áhrif tilkynninga um að vátryggingafélag ætli að takmarka ábyrgð sína. Í þeim dómi kemur fram í málsgrein nr. 30: *„Þótt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 mæli ekki berum orðum fyrir um að tilkynningarskylda hvíli á félagi um að til athugunar sé að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð, án þess að endanleg ákvörðun hafi verið tekin í þeim efnum, er gert ráð fyrir þeirri málsmeðferð í lögskýringargögnum, eins og áður er rakið. Með slíkri tilkynningu er vátryggðum gert kleift að gæta hagsmuna sinna og fyrirbyggt að hjá honum skapist væntingar um fullar bætur þannig að hann hagi ráðstöfunum sínum í trausti þess.“* Í málinu sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar virðist sem vátryggingafélagið sem þar átti í hlut hafi ekki tilkynnt um að það væri til athugunar að bera fyrir sig rétt til takmörkunar á ábyrgð, en vátryggingafélagi beri að gera það ef upplýsingar í gögnum málsins benda til þess. Vitnað má í þessu sambandi til skýringa með 94. gr. vsl. í athugasemdum frumvarpi til laga um vátryggingarsamninga, sbr. málsgrein nr. 24 í dómi Hæstaréttar: *„Í skýringum við 94. gr. í athugasemdum með frumvarpinu var áréttað að orðalag ákvæðisins miðaðist einungis við að félagið tilkynnti að það hygðist bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun en því væri ekki skylt að tilgreina nákvæmlega í fyrstu tilkynningu hversu mikil lækkunin yrði enda gæti það ráðist af mati á upplýsingum sem fengjust með síðari gagnaöflun.“.* Við þær aðstæður sem uppi voru í þessu máli verður að telja að V hafi með tilkynningu í tölvupósti hinn 9. september 2020 um að M hafi verið „..vel yfir hraðatakmörkunum..“ haft ástæðu til að gera fyrirvara um að félagið hygðist mögulega bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis og þannig M hefði þannig verið gert kleift að gæta hagsmuna sinna vegna mögulegrar takmörkunar á ábyrgð V.

Þó V telji sig ekki hafa getað tekið endanlega afstöðu til „slysatjóns“ fyrr en rannsóknarskýrsla lögreglu barst til félagsins hinn 4. nóvember 2021 verður að ætla af niðurstöðu í dómi Hæstaréttar í fyrrnefndu máli nr. 37/2021 að slíkur dráttur á því að skýrsla liggi fyrir verði metinn V í óhag, í ljósi þess að félagið hefði átt að hafa frumkvæði að því að afla slíkra gagna í ljósi sönnunarbyrði V um að skilyrði til takmörkunar á ábyrgð séu fyrir hendi. Einnig telst hafa verið ljóst af samskiptum lögmanns M og V, fyrst með tölvupósti dags. 24. ágúst 2020 að um umferðarslys M hafi verið að ræða og það að V hafi mögulega ekki skráð líkamstjón og mögulegan bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda sem „slysatjón“ við þá tilkynningu getur ekki verið M í óhag. Þrátt fyrir ákveðinn ómöguleika við að fá gögn frá lögreglu í þessu máli verður að líta svo á að upplýsingar um mögulegan hraðakstur M hafi verið komnar fram í frumskýrslu lögreglu sem og upplýsingar um framúrakstur hans í aðdraganda umferðarslyssins. Þær röksemdir eru færðar af hálfu V fyrir stórkostlegu gáleysi M og staðfest er í tölvupósti starfsmanns V til lögmanns M dags. 9. september 2020 að félagið hafi upplýsingar um a.m.k. hraðakstur og hefði við þær upplýsingar átt að gera M ljóst að félagið hefði háttsemi hans til skoðunar vegna mögulegrar takmörkunar á ábyrgð skv. XIII. kafla vsl. Þannig telst V hafa vanrækt að senda tilkynningu til M um mögulega takmörkun ábyrgðar úr slysatryggingu ökumanns og eiganda án ástæðulauss dráttar og skv. 2. mgr. 94. gr. vsl. glatar V því rétti til að bera fyrir sig atvik sem geta leitt til takmörkunar ábyrgðar félagsins og þarf því ekki að fjalla frekar um skilyrði þess.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 28/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 16. febrúar 2022.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að umferðaróhapp hafi orðið á Fjallkonuvegi þann 1. febrúar 2021. Er lögregla kom á staðinn var bifreiðinni X lagt aðeins uppi á kanti á umferðareyju við vinstri akrein vegarins, hjá gatnamótum Fjallkonuvegar og Gullinbrúar. Umferðarskilti rétt fyrir aftan bifreiðina var beyglað og lítilsháttar ákoma var vinstra megin á framhlið bifreiðarinnar, auk þess sem hliðarspegill vinstra megin hafði losnað úr festingunni. Hjá lögreglu lýsir M atvikinu með þeim hætti að hún hafi verið með túrverki allan daginn og fengið mikinn svima þegar hún beið á rauðu ljósi. Hún hafi ekki séð almennilega í smá stund vegna svima eftir að græna ljósið kom og því ekið beint á skiltið. Þann 23. apríl 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V. Með tölvupósti dags. 7. maí 2021 tilkynnti V að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Samþykkti V að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hefur til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið en að öðru leyti hugðist félagið hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 4. maí 2021.

M telur að höfnun V á bótaskyldu byggi á ólögmætu sönnunargagni sem hafi verið unnið án nokkurrar vitneskju M og það sé brot á persónuverndarlögum sbr. úrskurð persónuverndar í máli nr. 2020041418 frá 25. janúar 2021. Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar kemur til viðbótar fram að fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn sanni að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysinu. M hafi ítrekað leitað til læknis vegna einkenna sinna eins og heilsufarsgögn sýni. Ítrekar M mótmæli sín á niðurstöðu PC-Crash útreikninga dags. 4. maí 2021.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð en M ber sönnunarbyrðina. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sést á myndum af bifreið M sem teknar voru eftir áreksturinn og PC-Crash skýrslu dags. 4. maí 2021.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 1. febrúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slysið á bráðamóttöku Landspítala. Ekki voru merki um alvarlega áverka eftir áreksturinn og greindi M ekki frá sérstökum einkennum eftir áreksturinn. Viku síðar leitaði M til heimilislæknis og kvartaði undan verkjum eftir umferðarslysið og fékk M ávísað verkjalyfjum. Við komu til heimilislæknis þann 23. febrúar 2021 er skráð að M hafi haft verki í baki frá umferðarslysinu og fékk M aftur ávísað verkjalyfjum. Eftir þetta á M nokkur samskipti við heilsugæsluna vegna bakverkja og fær ávísað verkjalyfjum og þann 31. mars 2021 var skrifuð beiðni um sjúkraþjálfun. Í samskiptaseðli heilsugæslunnar dags. 23. desember 2021 kemur fram að M sé enn verkjuð og sé í sjúkraþjálfun. Verkir komi aðallega eftir vinnudaginn og einnig er hún lyftir þungum hlutum. Gerð var beiðni um

myndgreiningu. Liggur sú niðurstaða ekki fyrir í gögnum málsins. Kvartanir M eftir slysið hafa verið samfelldar þó í upphafi hafi ekki verið skráð í sjúkraskrá hvaða einkenni M hafði eftir slysið. Mögulega má rekja það til tungumálaörðugleika. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá má ekki sjá að M hafi haft einkenni frá baki fyrir umferðarslysið sem hér um ræðir. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir myndgreiningar eða önnur slík gögn, né mat lækna á orsakatengslum umrædds árekstrar og þeirra einkenna sem M kveðst búa við í dag verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þann 1. febrúar 2021. Sjáanlegar ákomur voru á bifreið M og hafa einkenni hennar frá baki verið viðvarandi frá slysdegi þrátt fyrir að M hafi bæði sótt sjúkraþjálfun og fengið ávísuð verkjalyf. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Af PC-Crash skýrslu sem V byggir mál sitt á og aflaði einhliða verður, eins og áður segir, ekki dregnar það víðtækar ályktanir að M geti ekki hafa orðið fyrir neinu tjóni við áreksturinn þar sem læknisfræðileg gögn styðja að svo hafi verið. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 29/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A og B

Sakarmat. Sönnun atvika.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 16. febrúar 2022, ásamt tjónstilkynningu, viðbótarlýsingu frá eiganda B og niðurstöðu Tjónanefndar í máli 38/21.
3. Bréf V1, dags. 17. febrúar 2022.

Málsatvik.
Árekstur varð með bifreiðunum A, sem er vátryggð hjá V1, og B, sem er vátryggð hjá V2 á Ægisíðu í Reykjavík. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu né liggur fyrir tjónaskýrsla frá hlutlausum aðila, eins og arekstur.is eða lögreglunni. Ökumaður bifreiðar B segir í sinni skýrslu að bifreið hans hafi verið í bílastæði fyrir utan veitingastað á Ægisíðu þegar bifreið A hafi verið ekið á bifreið B, en afturendi bifreiðar B hafi náð aðeins út fyrir bifreiðastæðið. Ökumaður B kveður ökumann A ekki hafa viljað kalla til lögreglu. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið eftir Ægisíðu þegar bifreið B hafi verið ekið aftur á bak út úr bifreiðastæði. Vöruflutningabifreið hafi verið lagt í stæði við bifreið B þannig að ekki hafi verið ráðrúm til að beygja frá þegar bifreið B hafi verið ekið aftur á bak. Ökumaður bifreiðar A taldi samkomulag hafa verið milli ökumanna að skila inn tjónstilkynningum til sinna tryggingafélaga.

M telur að alla sök eigi að leggja á bifreið B sem hafi ekið aftur á bak í veg fyrir bifreið A.

V1 telur að atvik málsins séu ósönnuð og gögn réttlæti ekki annað en að skortur á sönnun bitni með sama hætti á ökumönnum. Ef niðurstaða verði sú að framburður ökumanns bifreiðar B verði lagður til grundvallar þá hafi ökumaður þeirrar bifreiðar staðsett bifreið sína út í akstursleið og eigi því að bera ábyrgð á árekstrinum.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A beri sönnunarbyrði um að bifreið B hafi ekið aftur á bak þegar árekstur varð og þar sem það sé ekki sannað verði að rekja árekstur til þess að ökumaður bifreiðar A hafi ekið á bifreið B.

Álit.
Eins og fram kemur í málsatvikum þá liggur ekki fyrir sameiginleg tjónstilkynning frá ökumönnum bifreiða A og B. Ljóst er af þeim upplýsingum sem koma fram hjá ökumönnum að ökumaður bifreiðar A ók eftir akbraut Ægisíðu og ökumaður bifreiðar B sat undir stýri þeirrar bifreiðar þegar árekstur varð. Ágreiningur um atvik þegar árekstur varð er þess eðlis að ekki er unnt að leggja sönnunarbyrði um atvik á annan ökumann umfram hinn. Það hefur þær afleiðingar að atvik teljast ósönnuð og ekki er hægt að leggja meiri sök á annan ökumann en hinn. Sök skiptist því til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 30/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Stórkostlegt gáleysi. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. febrúar 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð árekstur milli bifreiðanna AO-790 (A) og MG-068 (B) þann 4. desember 2019 kl. 07.29 að morgni á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar í Hafnarfirði. Myrkur var úti, hálka og snjóþekja á vegum. Ökumaður A ók Reykjavíkurveg í norðurátt og kveðst hafa verið smá utan við sig og taldi sig hafa ekið gegn rauðu ljósi. Tók hann ekki eftir bifreiðinni B sem kom úr vesturátt og allt í einu fundið högg. Ökumaður B ók Hjallabraut í austur og var að taka af stað á gatnamótunum þegar bifreiðinni A var ekið í veg fyrir hana með þeim afleiðingum að M ók bifreið sinni inn í vinstri hlið bifreiðarinnar A. Sök vegna árekstursins var skipt þannig að ökumaður A var talinn bera alla sök á árekstrinum og er ekki ágreiningur milli aðila um þá sakarskiptingu. Hefur V viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M. Með kröfubréfi dags. 30. nóvember 2021 gerði M kröfu um bætur á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í uppgjörstillögu V var kröfu um miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga hafnað.

M telur að slysið verði rakið til einbeitingarleysis ökumanns A við aksturinn og að sú háttsemi að aka bifreið gegn rauðu ljósi sé mikið og alvarlegt frávik frá þeirri skyldu sem ökumönnum ber að viðhafa við akstur og teljist vera stórfellt gáleysi ökumanns. Til stuðnings kröfum sínum vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 522/2007 og 449/2009. V hafnar því að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem geti talist stórfellt gáleysi og telur að skilyrði réttar til greiðslu bóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga sé þar með ekki fullnægt. Telur V að við mat á því hvort háttsemi verði talin fela í sér stórfellt gáleysi verði hún að fela í sér verulegt og ámælisvert frávik frá því sem ætlast má til af gegnum og skynsömum manni í sömu aðstöðu. Við mat á þessu geti huglæg aðstaða tjónvalds einnig skipt máli og við slíkt mat verði að líta til allra atvika málsins. Sú háttsemi að aka gegn rauðu ljósi er því ekki ein og sér nægileg til þess að um stórfellt gáleysi sé að ræða heldur er þörf á heildstæðu mati. Umferðaróhöpp séu oftast vegna þess að ökumenn leggja ekki rétt mat á aðstæður. Telur V að meginorsök árekstursins verði rakið til birtuskilyrða og veðuraðstæðna á vettvangi og augnabliks eftirtektarleysi tjónvalds, sem geti þó aldrei verið jafnað til stórfellds gáleysis eins og aðstæðum var háttað.

Álit.

Ekki er um það deilt að ökumaður A telst eiga alla sök á árekstri bifreiðanna þann 4. desember 2019. Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi ökumanns X því að fela í sér veruleg frávik frá því sem eðlilegt má telja. Af gögnum málsins er ljóst að áreksturinn má rekja til þess að X fór yfir gatnamót Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar gegn rauðu ljósi en það eitt og sér felur í sér almennt gáleysi en felur ekki sjálfkrafa í sér stórkostlegt gáleysi. Leggja verður heildstætt mat á allar aðstæður og háttsemi ökumanns bifreiðarinnar A. Ökumaður A lýsti atvikinu með þeim hætti að hann hafi verið smá utan við sig og verður því ekki lagt til grundvallar að hann hafi ætlað að aka yfir gatnamótin gegn rauðu ljósi. Hann var auk þess ekki ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og ók bifreiða sinni undir hámarkshraða er atvikið átti sér stað en myrkur var úti, hálka og snjóþekja. Verður með hliðsjón af framangreindu ekki talið að ökumaður A hafi vikið svo verulega frá gildandi hátternisreglum sem honum bar að hlíta í aðdraganda árekstursins að virt verði honum til stórkostlegs gáleysis. Skilyrðum til greiðslu miskabóta samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga er því ekki fullnægt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 31/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. febrúar 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. janúar 2021 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi legið á maganum í vinnulyftu og verið að teygja sig inn á húsþak sem hann var að vinna við, þegar snerist upp á vinstri fót hans. Hafi M þá fundið fyrir smelli í hnénu og miklum verkjum í kjölfarið. Í skýrslu X til V, dags. 23. mars 2021, komi fram að M hafi verið í öryggisbelti og festur við lyftuna. Hann hafi verið að teygja sig inn á þakið og „þá hafi eitthvað komið fyrir hann í öðru hnénu.“ V hafi, með bréfi dags. 10. maí 2021, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu launþega á grundvelli þess að umrætt atvik félli ekki innan slysahugtaks skilmála vátryggingarinnar, þ.e. ekki hefði verið um skyndilegan, utanaðkomandi atburð að ræða. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda bendi ekkert til þess að innri veikleiki hafi orsakað meiðsli M og sé þau því ekki að rekja til undirliggjandi sjúkdóms eða meinsemda. Líkami vátryggðs þurfi að verða fyrir áhrifum frá hlutum eða atvikum utan við hann svo um slys í skilningi vátryggingarskilmálanna sé að ræða en hins vegar sé nægilegt að líkami vátryggðs sé hið eina sem er á hreyfingu, eins og t.a.m. þegar um fall er að ræða. Sá skyndilegi og utanaðkomandi atburður sem hér um ræði hafi verið sá að skyndilega snerist upp á fótlegg M á ófyrirséðan hátt þegar hann færði sig til.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji ósannað að meiðsli M verði rakin til slyss, sbr. 2. gr. skilmála vátryggingarinnar, þ.e. skyndilegs utanaðkomandi atburðar en sönnunarbyrði þess hvíli á M. Liggi þannig ekkert fyrir um að meiðsli M verði rakin til utanaðkomandi atburðar á við högg eða fall. Líkamstjón M verði aðeins rakið til þess að eitthvað gaf sig í vinstra hné hans þegar hann sneri upp á það en umrætt hné hafi verið veikt fyrir þar sem öll liðbönd þess, utan aftara krossbands, hafi slitnað á árinu 2006. Sé því um að ræða innri meiðsli sem rakin verði til rangrar líkamsbeitingar og/eða ofreynslu og álags.

Álit.

Í 2. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs, og gerist sannanlega án vilja hans. Í fyrirliggjandi tilkynningum til Vinnueftirlitsins, dags. 11. febrúar 2021, skýrslu X til V, dags. 23. mars 2021, og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 16. mars 2021, er umræddu atviki lýst svo að M hafi verið að teygja sig úr vinnulyftunni og inn á þakið þegar eitthvað kom fyrir hann í öðru hnénu. Verður ekki ráðið af þessum lýsingum eða öðrum fyrirliggjandi gögnum að utanaðkomandi atvik eða atburður hafi haft áhrif á þá athöfn M að teygja sig inn á þakið, eða að aðstæður hafi með einhverjum hætti truflað þá hreyfingu hans. Það að eitthvað small í hné M við þá hreyfingu telst ekki til utanaðkomandi atburðar og verður því að telja þau meiðsli sem af hlutust rakin til þess að eitthvað hafi brostið innan líkama hans. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðisins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 32/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) f.h. (V2)
Heiti vátryggingar: Starfsörorkutrygging.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Upplýsingaskylda vátryggðs.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 f.h. V2 dags. 11. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 9. desember 2019 hafi M orðið fyrir slysi sem haft hafi varanlegar afleiðingar í för með sér. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð bæklunarskurðlæknis, dags. 16. ágúst 2021, er læknisfræðileg örorka M metin 23%, en hann búi við mikil einkenni frá vinstri öxl með verkjum og skertum hreyfingum, auk þess sem hann búi við óþægindi í hálsi og brjóstbaki. Þá hafi M verið óvinnufær með öllu frá 9. desember 2019 til 13. júní 2021, en M gekkst undir aðgerð á öxlinni hinn 12. maí 2020. Í kjölfar þess að matsgerðin lá fyrir, eða hinn 19. ágúst 2021, hafi M gert kröfu í starfsörorkutryggingu sína hjá V2. Hinn 12. október 2021 hafi borist höfnunarbréf frá V1. Þar komi fram að V1 hafi, í samráði við vátryggjanda, V2, yfirfarið tjónstilkynningu M og fyrirliggjandi gögn, þ.m.t. afrit af sjúkraskrám. Hafi þá komið í ljós ósamræmi milli upplýsinga í sjúkraskrá og þeirra upplýsinga sem M hafi veitt þegar hann sótti um vátrygginguna. Þannig hafi M svarað því neitandi að hann væri metinn með örorku, en sjúkragögn beri það með sér að M hafi verið metinn til 15% örorku á árinu 1991 og 10% örorku vegna slyss á vinstri öxl á árinu 1993. Því til viðbótar hafi M ekki upplýst um að hann hefði þjáðst af alvarlegum bakverkjum á árunum áður en hann sótti um vátrygginguna, árið 2019. Leiði þessi ófullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu M til þess að V2 hafni bótakröfu hans og áskilji sér allan rétt til að fara með vátrygginguna eins og hún hefði aldrei verið til staðar, og endurgreiða greidd iðgjöld ásamt því að krefja M um endurgreiðslu þeirrar bótafjárhæðar sem þegar hafi verið greidd vegna tímabundinnar örorku hans.

M mótmælir í málskoti þessari afstöðu og gerir þá kröfu fyrir nefndinni að úrskurðað verði um fullan bótarétt hans, en til vara að bótaréttur hans verði aðeins skertur lítillega. Þannig mótmælir M því að hann hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar enda hafi örorka M hvergi verið skráð opinberlega og M hafi ekki verið með skráða örorku hjá Tryggingastofnun, sem sé eina *„skráða örorkan“*, þegar vátryggingin var tekin. V2 beri hallann af óljósu orðalagi spurningarinnar hvað þetta varðar. M hafi lent í slysi árið 1990, og hafi varanleg læknisfræðileg örorka vegna afleiðinga þess verið metin, samkvæmt matsgerð dags. 1. september 1991, til 15 stiga, en um hafi verið að ræða mat á varanlegum einkennum frá hálshrygg og höfði. Þá hafi M lent í slysi árið 1993, og hafi varanleg læknisfræðileg örorka vegna afleiðinga þess verið metin, samkvæmt matsgerð dags. 12. september 1995, til 10 stiga, m.a. vegna einkenna frá vinstri öxl. Á þeim 24–26 árum sem liðu frá því umræddar matsgerðir voru gerðar og þar til M hafi sótt um starfsörorkutryggingu hjá V2 hafi hann náð sér vel af fyrri meiðslum í hálshrygg og öxl. Hann hafi m.a. keppt í hnefaleikum með góðum árangri og stundað hestamennsku og aðrar íþróttir af kappi án þess að einkenni frá vinstri öxl eða hálsi hömluðu því. Í 20 ár fyrir töku umræddrar vátryggingar hafi M þá ekki leitað læknisaðstoðar vegna einkenna frá vinstri öxl eða hálshrygg. Þá hafi M, í umsókn um umrædda vátryggingu upplýst annars vegar um það hann hafi verið með verki í baki en ekki fundið fyrir þeim á undangengnum tveimur árum, og hins vegar um að hann hefði lent í bifhjólaslysi á árinu 1993, og undirgengist aðgerð vegna slitinna liðbanda í vinstri öxl, en hafi náð sér um átta mánuðum síðar og finni ekki fyrir neinum einkennum. Hafi M því veitt fullnægjandi upplýsingar í umsókn sinni. Þá bendir M á það að hafi V2 talið það skipta máli hvort hann hefði verið metinn til læknisfræðilegrar örorku vegna áverka á öxl hefði félaginu verið í lófa lagið að kalla eftir frekari upplýsingum frá M um slysið sem hann varð fyrir, enda sé slík upplýsingaöflun að frumkvæði þess en ekki vátryggðs. Ljóst sé þá að vanræksla M hvað varði upplýsingagjöf hafi í mesta falli verið óveruleg og sé þar af leiðandi ekki heimilt að fella bótarétt hans niður í heild eða að huta, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Það sé V2 sem beri sönnunarbyrði þess að umrædd vátrygging hefði aldrei tekið gildi hefðu „réttar“ upplýsingar komið fram við umsókn M, en félagið hafi engin gögn lagt fram því til stuðnings. Þá hafi sök M verið mjög lítil, enda um að ræða 24-26 ára gömul

örorkumöt og M með öllu einkennalaus fyrir töku vátryggingarinnar. Þá sé áverkinn sem M varð fyrir á árinu 1993, ólíkur þeim sem hann hlaut í slysinu 9. desember 2019. Þá hafi, við mat á læknisfræðilegum afleiðingum slyssins 9. desember 2019, verið tekið fullt tillit til fyrri heilsufarssögu og eigi upplýsingaskortur um fyrri einkenni frá hálsi og baki því ekki að hafa neina þýðingu. Varakrafa M, um skerðingu að litlum hluta, er rökstudd með því að jafnvel þó félaginu verði talið heimilt að skerða bætur úr vátryggingunni sé í öllu falli of langt gengið að fella bótarétt niður að fullu.

Í bréfi sem sent er af hálfu V2 kemur fram að ljóst sé að hefðu réttar upplýsingar legið fyrir við umsókn hefði viðkomandi vátrygging ekki verið gefin út með þeim hætti sem gert var. Sé það vinnuregla hjá V2, sé upplýst um metna örorku í umsókn um vátryggingu, að nánar sé spurt út í þau meiðsl, s.s. um örorkustig, hvort fullum bata sé náð og hvenær síðast hafi verið farið í skoðun vegna meiðslanna. Slíkar upplýsingar séu forsenda mats á því hvort vátrygging sé í boði fyrir viðkomandi og, ef svo er, hvort settir séu sérskilmálar um hana. Sé upplýst um verki frá tilteknum líkamshlutum leiði það almennt til þess að þeir líkamshlutar séu undanskildir í vátryggingunni, og byggi það á þeirri meginreglu að það sem ekki er heilt sé ekki tryggt. Ef M hefði þannig upplýst um bakverk með leiðni út í öxl hefði það leitt til synjunar eða þess að bak og öxl/herðar væru undanskilin vátryggingunni. Í viðeigandi umsóknareyðublaði sé sérstaklega áréttað mikilvægi þess að skýra rétt og satt frá og sé sá áskilnaður einnig áréttaður í skilmálum vátryggingarinnar sjálfrar. Verulega hafi því skort á fullnægjandi upplýsingagjöf M, sem hafi hvorki upplýst um eldri örorkumöt né verulega bakverki sem hann hefði haft um langt skeið fyrir töku vátryggingarinnar og hefðu kallað á meðferð stuttu áður en hún tók gildi. Á M hafi þá, skv. lokamálslið 1. mgr. 82. gr. laga um vátryggingarsamninga, hvílt sérstök skylda til að upplýsa um sérstök atvik sem hann vissi eða mátti vita að gætu haft verulega þýðingu við mat V2 á áhættu. Vanræksla M að þessu leyti, þ.e. að upplýsa hvorki um örorku né langa sögu um verulega bakverki, hljóti þá að teljast sviksamleg í skilningi 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verði ekki fallist á það hljóti vanræksla hans í öllu falli að vera talin ekki óveruleg, sbr. 2. mgr. 83. gr. M hafi enda bæði veitt rangar upplýsingar og haldið leyndu því sem hann mátti vita að varðaði miklu að gefa upplýsingar um. V2 hafi aldrei fengið tækifæri til að taka afstöðu til umsóknar M á grundvelli réttra og fullnægjandi upplýsinga, en hefði það verið raunin hefði vinstri öxl hans verið undanskilin vátryggingu og hefði umsókn hans því aldrei verið samþykkt með þeim hætti sem raunin varð. Beri því að hafna öllum kröfum M.

Álit.

Umsókn M um umrædda vátryggingu, dags. 28. ágúst 2019, er meðal gagna fyrir nefndinni. Má þar sjá að M svarar spurningunni *„ertu metinn með örorku?“* neitandi. Spurningu um hvort hann hafi einhvern tímann þjáðst af *„brjósklosi, tognað í baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum hrygg/mænu, kviðsliti eða einhvers konar einkennum gigtar?“* svarar hann játandi. Þá kemur fram í umsókninni að hann hafi gengist undir aðgerðir á vinstri öxl og bátsbeini. Þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum í umsókninni kemur svo fram að M hafi lent í mótorhjólaslysi 1993. Liðbönd í vinstri öxl hafi slitnað og hann farið í aðgerð vegna þess, en verið orðinn mjög góður átta mánuðum síðar, *„100% í dag og engin einkenni.“* Þá kemur einnig fram að M hafi haft verki í baki vegna reiðmennsku, *„finnur ekki fyrir þeim í dag og hamlar ekkert. Fyrir 2 árum hættu einkennin.“*

Eldri örorkumatsgerðir, frá árunum 1991 og 1995, eru meðal gagna fyrir nefndinni auk sjúkraskrár M allt frá árinu 1999. Verður ekki fallist á það með M að spurning um mat á örorku, eins og hún er orðuð í umsóknareyðublaði, á íslensku og ensku, sé á einhvern hátt óljós eða villandi, og verður að telja að með því að svara henni neitandi hafi M vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Það er hins vegar mat nefndarinnar að, að ekki sé sýnt fram á af hálfu V að um sviksamlega vanrækslu, sbr. 1. mgr. 83. gr., hafi verið að ræða. Við mat á því hvort og þá að hve miklu leyti heimilt er að fella ábyrgð félagsins niður á grundvelli þessarar vanrækslu M skal þá, sbr. 3. mgr. 83. gr., líta til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti vátryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti.

Í örorkumatsgerðinni frá 1995 kemur fram að M hafi hlotið áverka á vinstri öxl, einkum vinstri axlarhyrnulið en þar hafi viðbeinið gengið úr liðnum. Hann hafi gengist undir aðgerðir vegna liðhlaupsins en fái enn álagsbundin einkenni. Ekki verður hins vegar séð af fyrirliggjandi sjúkraskrá sem nær allt aftur til ársins 1999 að M hafi leitað læknis vegna einkenna frá öxl sem rekja megi til þessa slyss. Hins vegar má ráða af örorkumatsgerðinni frá 1991, vegna slyss sem M varð fyrir árið 1990, að

þá hafi hann hlotið hálstognun og finni m.a. fyrir eymslum við hreyfingar og stirðleika í hálsi auk dofa í herðum. Í fyrirliggjandi matsgerð, dags. 16. ágúst 2021, vegna þess slyss sem ágreiningur aðila snýst um, kemur m.a. fram að M búi við mikil einkenni frá vinstri öxl og óþægindi frá hálsi og brjóstbaki. Af fyrirliggjandi sjúkraskrám verður ekki ráðið að M hafi leitað til læknis á tímabilinu 1999 til 2017 vegna einkenna frá hálsi eða brjóstbaki. Má á grundvelli þess telja að M hafi náð sér að fullu af þeim áverkum sem leiddu til þess að hann var metinn til örorku á árunum 1991 og 1993. Verður að meta sök hans með hliðsjón af því. Með hliðsjón af framansögðu og því að M sagði í umsókn sinni frá því að hann hefði lent í slysi á árinu 1993 og farið í aðgerð vegna þess, og ekki var kallað eftir frekari gögnum um þá aðgerð eða önnur eftirköst slyssins af hálfu V2, telst V2 þá ekki hafa sýnt fram á hvaða þýðingu vanræksla M á því að geta um fyrri örorkumöt hafi haft fyrir mat þess á áhættu. Þannig liggja ekki fyrir neinar skriflegar verklagsreglur eða annað varðandi það og ákvæði og upplýsingar í vátryggingarskilmálum V2 verða ekki túlkuð með öðrum hætti en fyrrgreind ákvæði laga um vátryggingarsamninga.

Hvað varðar upplýsingar M um verk frá baki, þá liggur fyrir að hann svaraði því játandi að hann hefði haft einkenni frá baki en sagðist ekki hafa fundið fyrir þeim í tvö ár fyrir umsókn um vátrygginguna, hinn 28. ágúst 2019. Ljóst er af fyrirliggjandi sjúkraskrá að það er ekki alls kostar rétt, en hinn 29. janúar 2019 óskaði M eftir beiðni um sjúkraþjálfun, vegna stirðleika í hálsi sem leiði út í axlir og verkja í mjóbaki en M hafi átt við bakverki að stríða í fimm ár. Þá liggur fyrir að M gekkst undir segulómun á háls- og lendhrygg í nóvember 2018 og áður á hálshrygg í apríl 2017. Verður að telja að M hafi því vanrækt upplýsingaskyldu sína hvað þetta varðar og ekki með óverulegum hætti, sbr. 2. gr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verður sök hans þá að teljast nokkur þó ekki sé sýnt fram á sviksamlega vanrækslu, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamning. Verður jafnframt að telja að hefði M skýrt réttilega frá rannsóknum sem hann sætti vegna þessara einkenna og meðferð sem hann sótti vegna þeirra séu líkur til þess að V2 hefði kallað eftir frekari upplýsingum. Verður hins vegar ekki séð að orsakasamband sé milli þeirra einkenna sem M hafði frá baki og þess að vátryggingaratburður varð og virðist mat á örorku fyrst og fremst byggja á einkennum frá vinstri öxl en ekki hálshrygg. Við mat á því hvaða áhrif þessi vanræksla skuli hafa er þá rétt að líta til þess að ekki liggur fyllilega fyrir hvaða áhrif það hefði haft á mat V2 á áhættu hefðu upplýsingar um þetta verið réttilega veittar og hvaða áhrif það hefði haft á hvort og með hvaða hætti umrædd vátrygging hefði verið veitt. Áhættumatsreglur V2 liggja ekki fyrir nefndinni né er með skýrum hætti vísað til þeirra, þó í rökstuðningi sem settur er fram af hálfu V2 sé vísað til vinnuregla sem þó liggja ekki fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu er það mat nefndarinnar að V2 sé ekki heimilt að fella ábyrgð sína niður að fullu, en eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni þykir rétt, á grundvelli mats samkvæmt 3. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga, að takmarka ábyrgð V2 um fjórðung.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr starfsörorkutryggingu sinni, hjá V2, en heimilt er að skerða bætur til hans um fjórðung.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 33/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): sveitarfélag

Skaðabótaábyrgð, sveitarfélag

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjölum, móttekið 27. janúar 2022
2. Bréf V dags. 31. mars 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 20. janúar 2018 þegar M féll í gjótu sem var við stíg við Búrfellsgjá. M féll um 7 metra niður og slasaðist.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að X, sem vegahaldari og eigandi göngustígs, hafi ekki haldið honum við í samræmi við ákvæði vegalaga nr. 80/2007. M hafi verið í göngutúr á fjölförnum stað sem opinn er almenningi. M hafi gengið eftir stíg frá bílastæði þegar hún féll í gjótu sem var við stíginn. Engar merkingar hafi verið gjótuna eða í kringum hana sem gáfu tilefni til þess að ætla mætti að hættulegt væri að ganga um svæðið.M byggir á því að rík skylda hafi verið á X að sinna viðhaldi göngustígsins. X beri þannig fulla skaðabótaábyrgð gagnvart M á því tjóni sem hún varð fyrir í slysinu á grundvelli almennu sakareglunnar.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að M hafi ekki fallið í sprungu á göngustígnum sjálfum heldur hafi sprungan verið fyrir utan göngustíginn. Þannig hafi slysið orðið fyrir utan stíginn á svæði við náttúrlegar aðstæður og sprunga á þessu svæði eigi ekki að hafa komið á óvart. Hér sé ekki um manngerða holu að ræða og gangandi verði ávallt að gera ráð fyrir að sprungur, holur, þúfur, grjót og annað kunni að vera utan stíga sem hægt sé að hrasa um með auðveldum hætti. Þá hafi snjóað þennan dag og því hafi M mátt vita að hún þyrfti að sýna enn frekari varkárni. Einnig hvíli engin skylda á X að fylla upp í sprungur, gjótur utan stíga eða merkja þær sérstaklega. Því er alfarið hafnað að X hafi sýnt af sér saknæmt athafnaleysi og ekki sinnt viðhaldi í samræmi við vegalög nr. 80/2007. Loks sé ekki hægt að færa rök fyrir að frekari slys á svæðinu leiði sjálfkrafa til bótaskyldu X.

Álit.
Af gögnum málsins er ljóst að M féll um sprungu sem var utan göngustígs nálægt bílastæði við Búrfellsgjá. Tjónþoli, M ber sönnunarbyrgði fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu vegna skorts á viðhaldi. Gögn málsins sýna að slysið var þegar M var við göngu utan göngustígs sem lagður var af X. Þannig féll M í sprungu sem var utan stíginn og gera má ráð fyrir í náttúrulegu umhverfi. Sveitarfélagið X getur þannig ekki borið ábyrgð á óhöppum þegar göngugarpar ganga utan stíga og detta, hvort sem um er að ræða sprungu, gjótu, þúfu eða annað í náttúrulegu umhverfi. Vegna niðurstöðu málsins kom ekki til skoðunar hvort umræddur göngustígur félli undir ákvæði vegalaga nr. 80/2007.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022

Sóley Ragnarsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 34/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarmat. Biðskylda. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 17. febrúar 2022.
3. Bréf V2, dags. 25. febrúar 2022, ásamt myndum af vettvangi.
4. Bréf M, dags. 6. mars 2022.
5. Tölvupóstur V2, dags. 7. mars 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á gatnamótum Syðri-Reykjavegar og Biskupstunguvegar hinn 4. janúar 2022. Bifreið A er vátryggð hjá V1 og bifreið B hjá V2. Aðdragandi áreksturs er sá að ökumaður bifreiðar A ók eftir Syðri-Reykjavegi með fyrirhugaða aksturstefnu inn á Biskupstungnabraut þar sem bifreið B var ekið vestur Biskupstungnabraut. Í lögregluskýrslu kemur fram að biðskylda sé af Syðri-Reykjavegi inn á Biskupstungnabraut og sé hún mörkuð með umferðarskilti og ámálaðri stöðvunarlínu. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa stöðvað við biðskyldu þegar bifreið B hafi komið á nokkrum hraða eftir Biskupstungnabraut og ekið á bifreið A. Í framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi ekið vestur Biskupstungnabraut þegar hann hafi tekið eftir bifreið A á Syðri-Reykjavegi og telur hann þá bifreið ekki hafa stöðvað við biðskyldumerki og línu við gatnamótin heldur hafi framendi bifreiðarinnar verið alveg við hliðarlínu Biskupstungnabrautar. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa fært bifreið sína til vinstri á akbrautinni þegar hann var að aka framhjá gatnamótunum hafi bifreið A eins og horfið undir bifreið B og síðan hafi hann fundið smell og séð að bifreið A var komin þvert á akbraut Biskupstungnavegar og þegar hann stöðvaði bifreið sína það hafi verið lítils háttar ákoma á hægra framhjóli bifreiðar B.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið of hratt, eða á 90 km/klst þar sem hámarkshraði hafi verið 70 km/klst vegna vegaframkvæmda. M telur að árekstrinn megi rekja til þess að ökumaður bifreiðar B hafi misst stjórn á bifreiðinni vegna hraða og aðstæðna og ekið utan í framstuðara bifreiðar A sem hafi við það henst til hægri. M telur bifreið A hafa verið kyrrstæða og vísar til ummæla ökumanns bifreiðar B í lögregluskýrslu um að bifreiðin hafi verið kyrrstæð, auk þess sem brak úr bifreið A hafi verið innan hliðarlínu eftir áreksturinn.

V1 gerir engar athugasemdir til nefndarinnar, en í bréfi V2 kemur fram að félagið telji ökumann bifreiðar A bera ábyrgð á árekstrinum þar sem sá ökumaður hefði átt að veita bifreið B forgang við akstur um Biskupstungnabraut, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. V2 vísar til þess að brak af bifreið A hafi skv. myndum dreifst sitt hvoru megin við kantlínu akbrautar um Biskupstungnabraut eftir áreksturinn og að það liggi beinast við að áreksturinn hafi orðið við þá kantlínu en ekki við biðskyldumerki eða málaðar yfirborðsmerkingar sem séu um fjóra metra frá kanti Biskupstungnabrautar. V2 bendir á að bifreið B hafi verið ekið um mjóan veg og að ekki hafi verið sýnt með fullnægjandi hætti að aksturslag hans hafi verið þannig að skapað hafi hættu.

Álit.

Eins og kemur fram í 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga ber þeim sem ekur inn á veg veita umferð forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Sú skylda hvíldi ótvírætt á ökumanni bifreiðar A gagnvart bifreið B. Í 1. mgr. 4. gr. sömu umferðarlaga kemur auk þess fram að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum og þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Sú aðgæsluskylda hvílir eðli málsins samkvæmt á báðum ökumönnum. Í þessu máli er ágreiningur um hvort ökumaður bifreiðar A hafi ekið inn á Biskupstungnabraut í veg fyrir bifreið B eða hvort bifreið B hafi verið ekið utan í bifreið A inni á Syðri-Reykjavegi og ökumaður bifreiðar A hafi við þann akstur virt biðskyldu.

Í skýrslu lögreglu kemur ekki fram að bifreið B hafi verið ekið hraðar en hámarkshraða og ekki er fjallað sérstaklega um mögulegar vegaframkvæmdir á vettvangi. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið á 70-80 km/klst hraða í aðdraganda áreksturs og hafa reynt að beygja til vinstri þegar hann nálgaðist gatnamót við Syðri-Reykjaveg. Af myndum af vettvangi verður ráðið að einhver fjarlægð er frá biðskyldumerki að akbraut um Biskupstungnabraut og að brak úr bifreið A hafi verið við akbrautina. Verður af þeim gögnum ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar A hafi staðsett bifreið sína það nærri akbraut Biskupstungnabrautar að það standi henni nær að sýna fram á að biðskylda hafi verið virt í skilningi 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga, en að ökumaður bifreiðar B þurfi að sýna fram á að hann hafi ekki ekið út af akbrautinni og á bifreið A. Hallann af sönnunarskorti, um að aksturslag ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti eða með öðrum hætti gáleysislegt vegna staðsetningar á vegi eða ökuhraða, ber ökumaður bifreiðar A sem telst því bera alla sök á árekstrinum m.v. fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.
Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 35/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 28. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A og B á Holtavörðuheiði. Í málskoti kemur fram að samkvæmt niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna beri A alla sök á umræddum árekstri þar sem ökumaður hennar hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur að sök skuli skipt milli A og B. Aðstæður á vettvangi hafi verið erfiðar, skyggni lítið og færð slæm og B hafi þverað veginn þar sem hún hafi verið að draga aðra bifreið sem lent hafði utan vegar. Ökumaður A hafi keyrt varlega og greint hættuljós frá B, en vegna slæms skyggnis og hæðarmismunar hafi hann aðeins greint bjarma af ljósinu en ekki bifreiðina sjálfa. Hann hafi markvisst dregið úr hraða en bifreiðin svo byrjað að renna án nokkurs viðnáms og rekist á B, en flughált hafi verið á vettvangi. Ekki hafi verið mögulegt fyrir A að komast framhjá B án þess að lenda utan vegar en B hafi verið lagt yfir báðar akreinar vegarins. Það hafi verið gáleysi af hálfu B að reyna að draga aðra bifreið upp á veg og þvera veginn í þeim tilgangi við þessar aðstæður. Það hljóti þannig að hafa áhrif á sakarmat að ökumaður B hafi ákveðið að stöðva bifreiðina með þessum hætti án þess að koma fyrir viðvörunarþríhyrningi eða kalla eftir vegaaðstoð frekar en að draga bifreiðina upp sjálfur við þessar aðstæður.

Í bréfi V kemur fram að þar sem báðar bifreiðarnar séu vátryggðar hjá félaginu séu ekki gerðar sérstakar athugasemdir. Bréfi V fylgdi þó m.a. frásögn ökumanns B þar sem kemur fram að hann hafi verið að aðstoða ökumann bifreiðar sem hafði lent utan vegar. Hafi hann verið að verið að búa sig undir að tengja kaðla milli bifreiðanna þegar hann heyrði A nálgast. Hafi A hemlað en lent framan á B, sem hafi verið kyrrstæð í vegkanti. Fljúgandi hálka hafi verið á vettvangi og dimmt en B sé búin auka ljósum á hliðum og að framan sem auki sýnileika hennar. Alltaf sé kveikt á þeim ljósum.

Álit.

Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökumaður skuli haga akstri sínum þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki sínu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir áður en komið er að hindrun. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. hvílir m.a. sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður þegar útsýni er takmarkað vegna birtu eða veðurs, þegar vegur er blautur eða háll og þar sem umferðaróhapp hefur orðið. Ökumönnum A og B ber saman um að akstursaðstæður hafi verið afar erfiðar umrætt sinn og verður því að líta svo á að á A hafi hvílt sérstök skylda til að haga akstri sínum til samræmis við það. Af 32. gr. umferðarlaga leiðir svo að á ökumanni hvílir skylda til að setja upp viðvörunarþríhyrning og tendra hættuljós hafi ökutæki stöðvast á stað þar sem óheimilt er að stöðva ökutæki eða leggja því. Verður að telja að í þessu tilviki hafi slík skylda hvílt á ökumanni B. Samkvæmt frásögn hans voru hættuljós bifreiðarinnar tendruð, svo og sérstök viðbótarljós framan á B og á hliðum hennar, þó ekki liggi fyrir hvort viðvörunarþríhyrningur hafi verið settur upp. Það er til samræmis við frásögn ökumanns A sem segir í málskoti að hann hafi greint hættuljós en ekki séð bifreiðina. Hafi hann gert ráð fyrir að verið væri að skafa slabb og salta. Hann hafi markvisst dregið úr hraða sem var ekki mikill fyrir en bifreiðin hafi byrjað að renna án nokkurs viðnáms þrátt fyrir að vera búin negldum hjólbörðum. Er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að ökumaður B hafi vanrækt skyldur sínar hvað þetta varðar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að byggja á því að orsök árekstursins hafi verið sú að A gætti ekki nægilega að umferð fyrir framan sig, þrátt fyrir að veita hættuljósum sem stöfuðu frá B athygli, sem leiddi til þess að við þær akstursaðstæður sem voru til staðar gat hann ekki stöðvað bifreið sína áður en til áreksturs kom.

Niðurstaða.
Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 36/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. febrúar 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 16. mars 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið um umferðarslys við hringtorgið hjá Laxalóni þann 10. febrúar 2021. M var ökumaður bifreiðarinnar og kvaðst hann hafa verið að aka niður brekku er hann missti stjórn á bifreiðinni í hálku og ók á hringtorgið við Laxalón. Bifreiðin var á sumardekkjum en myrkur var úti, hálka og snjókoma. M kenndi sér meins á brjóstkassa og hefur krafið V um bætur vegna líkamstjóns. V hefur samþykkt bótaskyldu en telur að skerða eigi bætur um ¼ hluta með vísan til vanbúnaðar bifreiðarinnar og aðstæðna á vettvangi. M telur að ósannað að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem réttlæti skerðingu á bótarétti. M telur að ekki sé sjálfkrafa samhengi milli þess að aka á sumardekkjum að vetrarlagi í Reykjavík og þess að sýna af sér stórkostlegt gáleysi við akstur. Ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 (vsl.) áskilur stórkostlegt gáleysi til að skerða bótarétt. Einfalt gáleysi nægi ekki. Með því að vísa eingöngu til tegundar hjólbarðanna án þess að minnast á raunverulegt ástand þeirra, telur M að félagið hafi með öllu litið fram hjá skilyrðum sem fram koma í loka málslið 1. mgr. 90. gr. vsl. Ekki liggi fyrir að M hafi ekið of hratt eða að öðru leyti með ógætilegum hætti. M hafi ekki verið skráður eigandi bifreiðarinnar, heldur eingöngu fengið hana lánaða hjá vini sínum og þannig beri M ekki ábyrgð á því að bifreiðin væri útbúin hjólbörðum með vetrarmynstri.

V telur að skerða eigi bótaskyldu um 25% og vísar til 1. mgr. greinar 16.02 í reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Telur V það engum vafa undirorpið að orsök atviksins verði rakið til vanrækslu ökumanns á skyldum sínum skv. ofangreindu reglugerðarákvæði. Ökumaður var í umrætt sinn að aka um hávetur, á ísilagðri götu á sumardekkjum sem með engu móti gátu veitt viðnám við þessar aðstæður.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þessi að því hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga séu uppfyllt, þ.e. hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur í greint sinn. V ber sönnunarbyrðina um að það teljist til stórkostlegs gáleysis að hafa ekið á sumarhjólbörðum við umræddar aðstæður. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem fram kemur að bifreiðin hafi verði búin sumarhjólbörðum. Engar myndir eru af hjólbörðunum og ekki liggur fyrir ítarleg greining á dýpt mynsturs eða ástandi dekkjanna að öðru leyti. Með hliðsjón af þessu verður því ekki talið nægilega sannað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og á M því rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 37/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 11. maí 2021, orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Atvik hafi verið þau að M hafi staðið í tröppu sem búið var að líma saman og var að losa bolta í um tveggja metra hæð þegar trappan valt næstum því með þeim afleiðingum að M missti næstum jafnvægið og sló hendinni harkalega í þegar hann reyndi að halda jafnvægi. Við þetta slasaðist hann á hendi. M telur að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað sem hafi valdið því að M missti jafnvægið og að orsakatengsl séu milli þess vanbúnaðar og slyssins og að vinnuveitandi beri ábyrgð á því. Telur M að stiginn hafi ekki hentað til verksins og því hafi aðstæður á slysstað verið hættulegar. Vísar M til ákvæða reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og fræðslu og leiðbeiningarits Vinnueftirlitsins frá 2017 þar sem fjallað er um vinnu í hæð og fallvarnir. Vísar M einnig til nokkurra dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings. Með bréfi dags. 29. desember 2021 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins. Telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið sé að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Í læknisvottorði dags. 16. júní 2021 hafi M lýst slysinu með þeim hætti að hann hafi verið að herða skiptilykil þegar hann klemmdi litla fingur hægri handar fyrir slysni. Fengu verkstjórar upplýsingar frá M um að hann hefði þurft að hætta vinnu daginn sem slysið átti sér stað vegna þess að gömul meiðsli hefðu tekið sig upp. Hann hafi verið að festa klemmu þegar eitthvað hafi brostið.Vísar V til þess að X leggi mikla áherslu á öryggi og öryggisreglur. M hafi setið nokkur öryggisnámskeið, hann hafi skuldbundið sig til að lesa og fara eftir öryggisreglum X auk þess að sérstök fræðsla hafi verið í október 2019 um notkun stiga og verkpalla og kynntur var sérstakur bæklingur um þau efni. M hafi starfað hjá X frá árinu 2013 og sé vel kunnugt um þær öryggisreglur sem gilda og þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Læknisfræðileg gögn málsins styðja ekki þá frásögn M af tjónsatvikinu sem fram kemur í málskoti þ.e að M hafi lent í slysi við það að trappa sem límd var saman hafi næstum því oltið. Við komu til læknis á slysdegi og svo aftur 16. júní 2021 lýsti M atvikinu með þeim hætti að hann hafi klemmt litla fingur hægri handar fyrir slysni. M tilkynnti verkstjórum sínum ekki að hann hefði lent í slysi, heldur eingöngu að gömul meiðsli frá árinu 2018 hefðu aftur tekið sig upp. Þannig bera samtímagögn málsins ekki með sér að atvik hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir í málskoti til nefndarinnar. Verður því að telja að M hafi ekki tekist að sanna að tjón hans megi rekja til sakar X. Tjón M er því ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 38/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins ók M þann 16. janúar 2019 suð- austur Hverfisgötu í Hafnarfirði þegar bifreiðinni X var ekið frá Skólabraut inn á Hverfisgötu og inn í hlið bifreiðar M. Leitaði M daginn eftir slysið á Heilsugæsluna Sólvangi og kvartaði undan verkjum í hálsi og mjóbaki og var greining læknisins tognun á hálshrygg. Leitaði M ekki aftur til læknis vegna einkenna eftir slysið fyrr en rúmlega ári síðar eða þann 25. febrúar 2020 og kvartaði þá undan verkjum í baki. Í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M hafi lent í bílslysi árið 2008 og falið af mótorhjóli árið 2015. Þann 17. janúar 2019 tilkynnti M um líkamstjón til V og svo aftur þann 22. júní 2020 eftir að M hafði leitað til lögmanns vegna slyssins. Með tölvupósti dags. 4. febrúar 2021 tilkynnti V að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Samþykkti V að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hefur til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið en að öðru leyti hugðist félagið hvorki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana. Gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af slysinu. Í málinu liggur einnig fyrir sjúkraskrá og skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 3. febrúar 2021. M telur að höfnun V á bótaskyldu byggi á einhliða aflaðri PC-Crash skýrslu sem hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Telur M að orsakatengsl séu milli þeirra áverka sem hún varð fyrir í hinu umrædda bílslysi og þeirra áverka/verkja sem hún þjáist af í dag. Af læknisfræðilegum gögnum megi ráða að full ástæða sé fyrir því að V viðurkenni bótaskyldu í málinu. M telur að gögn málsins séu til sönnunar um þá áverka sem hún varð fyrir í bílslysinu.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð en M ber sönnunarbyrðina um það atriði. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sést á myndum af bifreið M sem teknar voru eftir áreksturinn og PC-Crash skýrslu dags. 3. febrúar 2021. Áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Langt líður á milli lækniskoma og engin samfella í lýsingum M á einkennum. Einkennum sem er lýst eru mjög almenn einkenni sem hrjá fjölmarga án þess að slys hafi komið til sérstaklega þegar nýlokið er meðgöngu og fæðingu barns eins og í tilfelli M. Þá hefur M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesta orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. janúar 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slysið á Heilsugæsluna Sólvangi og lýsti einkennum frá hálshrygg og mjóbaki og var greining læknisins tognun og ofreynsla á háls- og lendahrygg. Fékk M veikindavottorð fyrir tímabilið frá 17. janúar 2019 til 22. janúar 2019. Á þessum tíma var M þunguð og næstu mánuði þar á eftir eru skráðar margar komur í mæðravernd heilsugæslunnar þar sem M var spurð út í heilsufar sitt og líðan. Lét M vel af sér og kvartaði aldrei undan verkjum í baki eða hálsi auk þess sem hún starfaði fram að 38 viku meðgöngu. Það var svo ekki fyrr en tæpu hálfu ári eftir fæðinguna eða þann 25. febrúar 2020 sem M leitaði til læknis vegna

einkenna frá baki. Fékk M sjúkraþjálfunarbeiðni og útbúin var beiðni um myndgreiningu. Næsta koma eftir slysið var þann 9. júní 2020 og þá kveðst M hafa verið slæm í hálsi og baki alla meðgönguna. Hafi svo versnað eftir að hún byrjaði að vinna í maí en var ekki byrjuð í sjúkraþjálfun. Af ofangreindu má sjá að kvartanir M eftir slysið voru ekki samfelldar þar sem rúmlega eitt ár leið þar til M leitaði aftur til læknis vegna einkenna sinna. Ákomur á bifreið M voru litlar og ekkert í gögnum málsins styður frásögn M um viðvarandi einkenni eftir slysið svo sem mat lækna á orsakatengslum milli árekstursins og einkenna þeirra sem M kveðst búa við í dag. V hefur þegar samþykkt að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem féll til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og verður að telja miðað við gögn málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X vegna árekstursins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 39/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sakarmat sérfræðinga.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 21. mars 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 24. mars 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M leituðu til X vegna kaupa á fasteign á Spáni. M greiddu tiltekna fjárhæð hinn 5. febrúar 2019 til spænskrar lögmannsstofu, sem fasteignasali X kom þeim í samband við. Um var að ræða fjárhæð átti að endurspegla greiðslu skatta og stimpilgjalds. Í nóvember 2021 barst M ábyrgðarbréf frá skattyfirvöldum á Spáni um að umrædd skattgreiðsla hefði ekki skilað sér frá fyrirtækinu sem M greiddu til. Hinn 19. nóvember 2021 greiddu M skattfjárhæðina ásamt álagi og vöxtum til skattyfirvalda á Spáni til að koma í veg fyrir frekari kostnað og innheimtuaðgerðir á Spáni.

M telja að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem þau urðu fyrir vegna þess að þær greiðslur sem þau greiddu í góðri trú skiluðu sér ekki til réttra aðila sem gerði það að verkum að þau þurftu að greiða sömu fjárhæð aftur ásamt vöxtum og kostnaði. M telja að X beri ábyrgð á saknæmri háttsemi starfsmanna hins spænska fyrirtækis og vísa auk þess til þess að fasteignasali X hafi lýst yfir slíkri ábyrgð bæði við M og V. M benda á að upplýsingar á heimasíðu X sýni að X bjóði upp á fulla þjónustu á frágangi allra mála sem snerta kaup á fasteign á Spáni og hefðu M því mátt treysta því að fasteignasalan væri tryggð fyrir því að kaupin gengu í gegn án þess að nokkuð kæmi upp á. Einnig vísa M til þess að gildissvið starfsábyrgðartryggingar X sé á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og að greiðslan sem þau greiddu hafi verið vörslufé sem fasteignasala sé skyld að halda aðgreindum frá eigin fé með vísan til 17. gr. laga um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015. M telja að X hefði átt að veita fjármunum M móttöku, leggja þá inn á eigin vörslureikning og sjá síðan um að skattar og gjöld á Spáni væru greidd með réttum hætti. M telja að ekki hafi stofnast sérstakt samningssamband með M og þeirri spænsku lögmannsstofu sem tók við þeirri greiðslu sem ekki skilaði sér á réttan stað. M vísa einnig til þess að X hafi haft sérfræðiþekkingu umfram þau vegna þessa og hafi verið í samstarfi við spænsku lögmannsstofuna og ef eitthvað samningssamband verið við lögmannsstofuna þá hafi það verið milli hennar og X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur X ekki geta skuldbundið V til greiðslu bóta með viðurkenningu á ábyrgð, sbr. 40. gr. almennra skilmála sem gilda um starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Yfirlýsing fasteignasala X um ábyrgð sé því V óviðkomandi. V telur einnig að M hafi gert sérstakan samning við hina spænsku lögmannsstofu um greiðslu skatta og gjalda fyrir M vegna fasteignakaupa á Spáni, auk umboðs sem veitt hafi verið beint til hennar. V telur skýr gögn liggja fyrir um að samskipti M og hinnar spænsku lögmannsstofu hafi verið skv. umboði M til þeirra. V bendir einnig á að X hafi ekki haft lögfræðinga hinnar spænsku lögmannsstofu sem starfsmenn eða haft sérstakt umboð til að ganga frá þessum hluta kaupanna. Ekki verði séð að það þurfi réttindi fasteignasala til að einstaklingur geti greidd skatta vegna fasteignakaupa á Spáni og því hafi X ekki verið að fela annarri fasteignasölu slík störf. V telur að X geti ekki borið skaðabótaábyrgð vegna misferlis hinnar spænsku lögmannsstofu með fé M. Auk þessa telur V að tjón M sé ósannað, ekki komi fram í gögnum málsins að reynt hafi verið að innheimta fjárhæðina hjá hinni spænsku lögmannstofu, þrátt fyrir vilja til endurgreiðslu, eða sótt í starfsábyrgðartryggingu lögmannsstofunnar.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að M nutu aðstoðar X við kaup á fasteign á Spáni. Upplýsingar á heimasíðu X, sem vitnað er til í gögnum málsins, benda til alhliða þjónustu og skapa væntingar um að X annist allt sem þarf til vegna fasteignakaupa á Spáni. Væntingar M til umsjónar skapast vitaskuld af

slíkum yfirlýsingum. Það að þær væntingar séu ekki uppfylltar skapar hins vegar ekki sjálfkrafa skaðabótaskyldu af hálfu X.

Í málinu liggur fyrir að M greiddu spænskri lögmannsstofu sérstaklega fyrir tiltekna þjónustu og upplýsingar um hvert ætti að greiða þá greiðslu kom beint frá lögmannsstofunni til M. X benti M á þjónustu lögmannsstofunnar. Í skilningi almennrar reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitandaábyrgð getur gáleysi starfsmanns vinnuveitanda leitt til skaðabótaábyrgðar vinnuveitandans, þ.e. þess vinnuveitanda sem hafði boðvald yfir störfum starfsmannsins þegar saknæm háttsemi átti sér stað. Í þessu máli telst sönnunarbyrði um að starfsmenn spænsku lögmannsstofunnar hafi verið undir boðvaldi X, við viðtöku greiðslu frá M sem átti síðan að skila sér að mestum hluta til spænskra skattyfirvalda, hvíla á M. Staða hinnar spænsku lögmannsstofu sem M var í beinu sambandi við vegna umræddrar greiðslu er hægt að líkja við stöðu sjálfstæðra verktaka sem bera sjálfir ábyrgð á saknæmri háttsemi þeirra starfsmanna sem þeir hafa boðvald yfir. Hallann af sönnunarskorti um annað ber M. Ekki er heldur vísað til þess í vátryggingarsamningi milli X og V að starfsábyrgðartrygging X nái til háttsemi starfsmanna hinnar spænsku lögmannstofu.

Háttsemi starfsmanna X að vísa M til hinnar spænsku lögmannsstofu verður ekki talin hafa verið gáleysisleg í þeim skilningi að ekki er upplýst um að greiðslur hafi áður ekki skilað sér til skattyfirvalda frá lögmannsstofunni, eða sérstök ástæða til að ætla að starfsmenn X hafi mátt vita að lögmannsstofan myndi ekki sinna því sem henni var ætlað að sinna. Ekki verður heldur séð af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að X hafi falið hinni spænsku lögmannsstofu að sinna störfum sem löggilding fasteignasala nær til skv. 6. gr. laga nr. 70/2015.

Af þessu verður ekki annað ráðið en að skaðabótaskylda X sé ekki fyrir hendi m.v. fyrirliggjandi gögn og hefur þar af leiðandi ekki stofnast greiðsluskylda úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 40/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verkframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 13. mars 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 5. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatn hafi hinn 16. september 2021 fossað inn í íbúð M, nánar til tekið úr lofti. M lýsir aðstæðum þannig að verktakafyrirtækið X hafi verið við að vinna við húseignina og að búið hafi verið að fjarlægja varnir vegna rigningaveðurs, án þess að búið væri að setja aðrar þegar tjón hennar varð. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á skemmdum á íbúð M og vísar til gagna um úttekt á íbúð hennar í ágúst þar sem ekki hafi verið vart við leka úr lofti sem og veðurspár þar sem rigningu var spáð 15.-17. september 2021. Einnig vísar M til þess að viðgerðir X hafi tekið langan tíma eftir tjón hennar.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að hægt sé að rekja leka í íbúð hennar til framkvæmda á vegum X eða að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi sem leitt hafi til slíks leka. Einnig vísar V til þess að þaksvalir hafi lekið áður en X hóf framkvæmdir og það hafi verið um langt skeið og þegar X hóf viðgerðir hafi komið í ljós að þaksvalirnar héldu engu vatni. V vísar til skýrslu X um að verkið hafi verið unnið eins hratt og hægt var m.t.t. veðuraðstæðna og ekki sé sýnt að lekinn hafi átt sér stað vegna athafna starfsmanna frekar en að ástand húss hafi verið bágborið fyrir. Auk þessa vísar V til þess að ábyrgðartrygging X hjá V taki ekki til tjóns á munum sem X hafi verið að vinna við með einum eða öðrum hætti.

Álit.

Ágreiningur málsins er í fyrsta lagi um hvort tjón á íbúð M sé hægt að rekja til vinnubragða starfsmanna X við viðgerðir ytra byrði fjöleignarhúss þess sem íbúðin er í eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Almennar reglur sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á hans tjóni verði að sanna að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt.

Í þessu máli liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn um orsakir þess tjóns sem varð í íbúð M og hvort það megi rekja til vinnubragða starfsmanna X. Ekki liggur t.d. fyrir úttekt á vinnubrögðum X eða álit sérfræðinga um orsakir tjóns M. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber M, með hliðsjón af fyrrnefndum sönnunarreglum. Verður því ekki fallist á að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi af hálfu X að svo stöddu og bótaskylda þegar af þeirri ástæðu ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 41/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar sveitafélagsins (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjölum, móttekið 7. febrúar 2022
2. Bréf V, ásamt fylgiskjölum, dags. 1. mars 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. mars 2022.
4. Viðbótarathugasemdir X, dags. 30. mars 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 23. nóvember 2018 í íþróttatíma þegar M, 12 ára, hoppaði niður af vegg, lenti með fótinn undir sér og slasaðist.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli sakarreglunnar og vinnuveitendaábyrgðar. Slysið megi þannig rekja til saknæmrar háttsemi íþróttakennara við skólann sem gætti ekki að aðstæður í leikfimitíma væru öruggar. Vísar M m.a. til ákvæði laga nr. 91/2008 um grunnskóla, lög nr. 64/1998 um íþróttir og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. og reglugerð nr. 1040/2011. Telur M að kennari við skólann hafi, með því að bjóða upp á æfingu í íþróttum sem feli í sér að hoppa niður háan vegg, ekki gætt að þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem á honum hvílir sem kennari í grunnskóla. Vísar M sérstaklega til þess að fallhæð af vegg niður á dýnu hafi verið um 2-3 metrar.

V hafnar kröfum M og gerir í fyrsta lagi athugasemdir við ónákvæmni í málsatvikalýsingu í málskoti. Vekur V þannig athygli á að fallhæð af brún palls, sem M stökk niður af, niður á dýnuna er um 1,6 metrar, auk þess sem að um sé að ræða fasta æfingastöð í íþróttahúsinu sem hafi verið notuð svo árum skiptir án þess að slys hafi orðið. Þannig sé stöðin notuð við íþróttakennslu fyrir börn frá 7 ára aldri. Þá er það afstaða V að ekki hafi verið sýnt fram á að X, eða starfsmenn X, hafi valdið slysi M eða eigi sök á slysi M, hvorki á grundvelli saknæmrar háttsemi X né á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Sönnunarbyrðin um ætlaða sök sé hjá M og ekkert í gögnum málsins sýni fram á eða leiði að því líkum að nokkuð hafi verið athugavert við stöðina, notkun hennar, þá kennslu sem átti sér stað eða viðbrögð íþróttakennara eftir slys. Þannig hafi verið um venjubundna æfingu að ræða, þ.e. stökk úr 1,6 m. hæð ofan á 1 metra þykka sérbúna fimleikadýnu. Æfingin sé hættulítil sem endurspeglist í því að slys hafi hvorki fyrir umrætt atvik né síðar orðið við notkun stöðvarinnar.

Álit.
Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort slys M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, en það er skilyrði þess að bótaskylda sér til staðar. Af gögnum málsins er ljóst að M var við æfingar í íþróttatíma þegar hún stökk af palli niður á sérútbúna 1 m. þykka fimleikadýnu. Ákveðinn óskýrleiki er í fylgiskjölum M um meinta fallhæð en telja verður að fylgiskjöl V gefi réttari mynd af raunverulegri fallhæð, um 1,6 m. Þá liggur fyrir að um er að ræða fasta æfingastöð sem hefur verið í notkun í fjölda ára og fyrir börn frá 7 ára. Engin slys hafa áður orðið við æfinguna og því verður að telja að æfingin sé hættulítil. Loks verður að notkun stöðvarinnar sé innan kennsluskrár og námsskrár í aðalnámskrá fyrir árgang. Af gögnum málsins verður ekki sýnt fram á að X eða starfsmenn X hafi valdið slysi M eða eigi sök á slysi M, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi X né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 42/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
2. Bréf V, dags. 3. mars 2022, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf M, dags. 18. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í húsnæði X þann 14. september 2019, þar sem hún var stödd á mannfögnuði sem X stóð fyrir í húsnæði sínu. M lýsir málsatvikum með þeim hætti að hún hafi runnið til í bleytu á flísalögðu gólfi skömmu eftir að hún kom inn í húsið. Þegar hún hrasaði hafi hún borið fyrir sig vinstri höndina með þeim afleiðingum að hún brotnaði. Málskotinu fylgir slysaskráningarblað/tjónstilkynning sem virðist útfyllt af starfsmanni X þann 16. september 2019. Þar kemur fram að M hafi runnið til í bleytu og borið höndina fyrir sig sem leiddi til þess að hún handleggsbrotnaði. Þá segir í skráningarblaðinu að flísarnar hafi verið blautar og sleipar. Málskoti M fylgir einnig yfirlýsing tveggja tilgreindra aðila sem sagðir eru hafa verið á umræddum mannfögnuði. Önnur yfirlýsingin er dagsett 8. október 2021. Þar kemur fram að flísalagt gólf hússins hafi verið hált af bleytu þegar leið á kvöldið og að fólk hafi átt erfitt með að fóta sig á dansgólfinu. Þá segir að engin skilti hafi verið til að vara við blautu gólfinu. Viðkomandi kveðst enn fremur hafa séð þar sem nokkrir aðilar hafi hrasað á gólfinu. Hin yfirlýsingin er ódagsett en þar kemur fram að dansgólfið hafi verið sleipt vegna bjórbleytu og annarra drykkja sem hellst höfðu niður. Þá segir þar að engin skilti hafi verið til að vara við bleytunni en að staðarhaldarar hafi skipst á að reyna að þurrka bleytuna en ekki nóg gert. Viðkomandi kveðst sjálf hafa farið nokkrar ferðir eftir moppum til að reyna að þurrka upp bleytuna en allar tuskur og moppur hafi verið orðnar gegnsósa af bleytu og engar þurrar eftir.

M telur X bera skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns hennar á þeim grundvelli að X hafi vanrækt að tryggja öryggi þeirra sem sóttu mannfögnuðinn. Vísar M m.a. til þess að X hafi vanrækt að þurrka upp bleytu á gólfum. Þá vísar M til þess að um sé að ræða samkomuhús sem boðinn var aðgangur að gegn greiðslu. X beri þar af leiðandi ríka skyldu til að tryggja að húsnæðið og allur búnaður þess sé öruggur og að gestum stafi ekki hætta á að sækja það heim.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Í bréfi V til nefndarinnar segir að tjónþoli beri almennt sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu og hver hin meinta saknæma háttsemi tjónvalds hafi verið. Í máli þessu liggi ekki fyrir gögn sem sýna fram á hverjar aðstæður voru í húsnæðinu í umrætt sinn og að M hafi ekki aflað gagna um aðstæður á slysstað. Telur V að með þessu hafi M sýnt af sér tómlæti sem hún verði sjálf að bera hallann af. Í bréfi V til nefndarinnar segir einnig að samkvæmt X hafi tveir starfsmenn verið á vakt sem höfðu m.a. það hlutverk að þrífa upp bleytu við innganginn, þá segir að samkvæmt X séu að jafnaði sett upp skilti sem vara við bleytu þegar það á við.

Álit.

Samkvæmt reglum skaðabótaréttar hefur M sönnunarbyrðina um að slysið verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Samtímagögn um aðstæður og tildrög slyssins eru afar takmörkuð. Nákvæm staðsetning slyssins liggur ekki fyrir og þá eru engar myndir, skýrslur eða annað í gögnum málsins sem sýna fram á aðstæður í umrætt sinn. Það liggur fyrir að M slasaðist þegar hún rann til á blautu gólfi í húsnæði X en að öðru leyti er lítið hægt að fullyrða um tildrög slyssins. Ekki liggur með skýrum hætti fyrir hvort flísarnar þar sem M féll hafi verið blautar vegna rigningar eða þess að einhver hafi hellt niður drykkjum. Gögn málsins bera þó með sér að starfsmenn X hafi m.a. verið að verið í því hlutverki að þurrka blaut gólf umrætt kvöld. Að teknu tilliti til framangreinds og takmarkaðra gagna um málsatvik og tildrög slyssins telst ósannað að líkamstjón M verði rakið til vanrækslu X, ófullnægjandi aðbúnaðar,

eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 43/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging. Málskostnaðartrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi verið í óvígðri sambúð með fyrrum sambýlismanni sínum, A, í um fjögurra ára skeið, frá árinu 2016 til ársins 2020 er slitnaði upp úr sambúð þeirra. Undir lok sambandsins millifærði A 2.800.000 kr. inn á banka reikning M vegna fyrirhugaðs greiðslumats vegna fasteignakaupa sem M og A hugðust ráðast í. Ekkert varð af fasteignakaupum og stuttu síðar slitnaði upp úr sambúðinni. Rúmu eftir sambúðarslitin krafðist A endurgreiðslu frá M á umræddri fjárhæð á þeim grundvelli að um lán hefði verið að ræða. M hafnaði endurgreiðslu á þeim grundvelli að ekki hefði verið um lán að ræða. A höfðaði í nóvember 2021 mál á hendur M og krefst þess að M verði gert að endurgreiða fjármunina sem lán, að frádregnum tveimur innborgunum. Vegna þessa fór M fram á að V viðurkenndi bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að um væri að ræða ágreining vegna sambúðarslita sem undanskilinn er í tryggingunni. M mótmælir því að ágreiningur tengist sambúðarslitum. Um sé að ræða ágreining um það hvort fjármunir sem A millifærði á reikning M hafi verið lán, hvort stofnast hafi lánsloforð milli þeirra. Sá ágreiningur væri til staðar hvort sem um sambúðarslit væri að ræða eða ekki. Engin fjárskipti hafi farið fram milli aðila eftir sambúðarslitin og hefur hvorugur aðila gert kröfu um skipti á fjárfélagi þeirra.

V telur að málið hafi komið til vegna sambúðarslita og vísar því til stuðnings til greinargerðar lögmanns M dags. 11. janúar 2022 þar sem ýmislegt kemur fram sem styður það að málið hafi komið upp vegna sambúðarslita.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort dómsmáls milli M og A tengist sambúðarslitum þeirra og falli þar með undir undanþáguákvæði vátryggingarskilmálans. Samkvæmt vátryggingarskilmála málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar tekur vátryggingin til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Hins vegar er sú takmörkun á bótasviði vátryggingarinnar að hún bætir m.a. ekki málskostnað vegna ágreiningsmála er varða sambúðarslit. Meðal gagna málsins fyrir nefndinni eru stefna og greinargerð lögmanna A og M. Í stefnu er því haldið fram að um lán til M hafi verið að ræða sem hafði þann tilgang að létta greiðslubyrði M og aðstoða hana fjárhagslega. Í greinargerð lögmanns M er því mótmælt að um lán hafi verið að ræða og eru nokkrar málsástæður reifaðar, þar á meðal sú málsástæða að ekki hafi verið um lán að ræða, heldur sé krafa A í raun krafa um *„nokkurs konar fjárskipti milli þeirra, sem þó hafa aldrei farið fram."* Í greinargerðinni segir jafnframt að ekkert fjárhagslegt uppgjör hafi farið fram milli aðila í kjölfar sambúðarslita eins og rétt hefði verið. Réttara hefði verið að farið hefðu fram fjárskipti milli aðila í stað þess að A höfðaði mál til endurgreiðslu fjármuna sem millifærðir voru af bankareikningi hans yfir á bankareikning M. Með slíkri kröfur getur aldrei fengist rétt mynd á það hvort krafan sé í raun og veru réttmæt, enda verður að taka í slíka mynd að um blandaðan fjárhag var að ræða milli sambúðaraðila.

Með vísan til ofangreindra málsástæðna lögmanns M í greinargerð sem lögð er fyrir héraðsdóm er ekki unnt að leggja annað til grundvallar en að framangreindur málarekstur stendur í beinu sambandi við sambúðarslit M og A. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 44/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarmat. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 24. febrúar 2022.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna dags. 11. janúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreið A og B við Sunnubraut í Reykjanesbæ. Ökumenn bifreiðanna gerðu ekki sameiginlega tjónaskýrslu vegna atviksins og ekki liggur fyrir lögregluskýrsla vegna atvika. Ekki liggur heldur fyrir sjálfstæð lýsing ökumanna af atvikum heldur einungis tjónstilkynningar eigenda bifreiðanna, feðra ökumanna.

Í tjónstilkynningu M (eiganda bifreiðar A) kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi verið að aka út af bílastæði og þegar hún hafi verið að mæta bíl hafi hún sveigt frá en bíllinn sem á móti hafi komið hafi runnið beint á bifreið A. Í málskoti kemur fram að ökumaður bifreiðar A hafi beygt til vinstri þar sem hún taldi sig ekki geta beygt til hægri vegna kants sem þar hafi verið. M bendir á að hann hafi ekki fengið myndefni úr eftirlitsmyndavélum sem nái yfir svæðið þar sem árekstur varð.

Í tjónstilkynningu eiganda bifreiðar B kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið að aka Sunnubraut til norðurs þegar bifreið A hafi komið á móti og ökumönnum þá fipast vegna hálku og hafi ekki getað stöðvað bifreiðarnar þess vegna. Í tjónstilkynningunni kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar A hafi sagt ökumanni bifreiðar B að sá ökumaður hafi ekið gegn einstefnu, en við athugun á vettvangi séu engin merki um einstefnu.

Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 15/22 var sú að öll sök var lögð á ökumann bifreiðar A fyrir að beygja til vinstri yfir á öfuga akstursleið.

Álit.

Eins og málið er lagt fyrir nefndina verður ekki séð að einstefna sé fyrir akstursleið annars ökumanns á vettvangi. Bifreiðar A og B virðast hafa verið að mætast og á þeim hvíldi skylda til að haga ökuhraða m.v. aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra, sbr. 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og skal ökumaður haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á bifreið og geti stöðvað það á þeim hluta vegar sem fram undan er og hann sér yfir og áður en komið er að hindrun. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hvorugur ökumanna hafi gætt þessa nægilega vel. Lýsingar af aðdraganda árekstursins benda til þess að bifreið A hafi verið ekið til vinstri í veg fyrir bifreið B, en bifreið B hafi runnið áfram í hálku án þess að geta stöðvað. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu verður ekki lögð meiri sök á annan ökumann heldur en hinn og skiptist hún því til helminga milli þeirra.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 45/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Akreinaskipti.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 3. mars 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 1. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. apríl 2022.

Málsatvik.

Hinn 2. febrúar 2022 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B á Kringlumýrarbraut í Reykjavík. Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi, en skýrsla Aðstoðar og öryggis vegna atviksins er fyrirliggjandi. Er þar haft eftir M að hann hafi verið kyrrstæður á miðjuakrein á rauðu ljósi og tveir eða þrír bílar fyrir framan hann. Þegar grænt ljós hafi kviknað hafi bíll fyrir framan drepið á sér og hafi tekið tíma að koma honum í gang. Hafi M því ákveðið að aka yfir á vinstri akrein. Hann hafi ekki séð neina bifreið í speglinum og því gefið stefnuljós og beygt yfir á vinstri akrein. Hafi hann þá séð ljós koma á fleygiferð aftan að sér. Bifreiðin fyrir framan hafi rétt verið tekin af stað og hann reynt að auka hraðann, en það hafi ekki dugað til og B ekið aftan á A. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi verið á vinstri akrein og ein bifreið fyrir framan hann, en röð af bílum hafi verið á miðjuakrein. B hafi haldið sínum ökuhraða og ætlað að aka fram fyrir bílaröðina á miðjuakrein en hafi þá skyndilega séð stefnuljós fyrir framan sig. Hann hafi þá hemlað en A ekið í veg fyrir B með þeim afleiðingum að bifreiðarnar rákust saman.

Á grundvelli framangreinds var M talinn bera alla sök á árekstri aðila. Hann fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að það sé ekki svo að A hafi verið ekið beint í veg fyrir B við akreinaskiptin. M hafi tekið rösklega af stað eftir að hann sá enga bifreið í hliðarspeglinum. Það hafi ekki verið fyrr en ökuhraði A var orðinn 20 til 30 kílómetrar á klukkustund sem hann hafi veitt B athygli í baksýnisspegli en þá hafi B nálgast hratt. Áreksturinn hafi ekki átt sér stað fyrr en A hafi verið komin framhjá gangbrautarljósum við gatnamótin. Því hljóti B að hafa verið á of miklum hraða miðað við aðstæður. Málskoti fylgja jafnframt afstöðumyndir sem gefi m.a. til kynna líklega staðsetningu bifreiðanna í aðdraganda áreksturs.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að leggja verði upphaflegan framburð aðila, eins og hann komi fram í áðurnefndri skýrslu, til grundvallar. Síðar til komin frásögn M dugi því ekki til að færa sönnur á að áreksturinn hafi orðið á öðrum stað og með öðrum hætti en skýrslan gefi til kynna. M hafi ekið af stað úr kyrrstöðu, skipt um akrein og tekið fram úr án þess að viðhafa lögskylda aðgát. Beri hann því alla sök á árekstri aðila.

Í viðbótarathugasemdum sínum skorar M á nefndina að hlusta á hljóðupptökur Aðstoðar og öryggis en þar komi greinilega í ljós að ökumenn hafi verið sammála um að A hafi verið á að minnsta kosti 30 kílómetra hraða þegar árekstur varð. Ljóst sé að til að ná þeim hraða þurfi að aka töluverða vegalengd og því hafi A ekki verið ekið í veg fyrir B, eins og ráða megi af einföldum texta í skriflegri skýrslu Aðstoðar og öryggis. M geti ekki sannað á hvaða hraða B hafi verið en greinilegt sé að hraði B hafi verið umfram löglegan hámarkshraða á vettvangi. M hafi gengið vel úr skugga um að engin bifreið væri sýnileg áður en hann skipti um akrein.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Líta verður á framburð M í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis, dags. 2. febrúar 2022, sem frumgagn í málinu en nefndin hlutast ekki til um sjálfstæða

gagnaöflun. Án frekari gagna, svo sem vitnisframburða, sem styðji við frásögn hans er því ekki tækt að byggja á lýsingum M í málskoti varðandi það hvar áreksturinn átti sér stað eða um meintan hraðakstur B. Í fyrrnefndri skýrslu er haft eftir M að hann hafi ekki séð neina bifreið í speglinum og þá gefið stefnuljós og ekið inn á vinstri akrein. Þegar hann hafi verið kominn út á akreinina hafi hann séð ljós koma á fleygiferð að sér. Getur frásögn hans að þessu leyti samræmst frásögn B en haft er eftir honum að hann hafi skyndilega séð stefnuljós A og hemlað en A ekið í veg fyrir sig. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að M hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hann skipti um akrein og að rekja megi umræddan árekstur til þess.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 46/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Vátryggingartakar: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Sérfræðiábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 21. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 5. apríl 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram M gerði kaupsamning við einkahlutafélag hinn 31. ágúst 2018 um kaup á raðhúsi sem var verið að smíða. Áætlaður afhendingardagur var um miðjan nóvember 2018, en afhending varð ekki fyrr en á árinu 2021. Fyrri byggingarstjóri hússins var A, sem vátryggður var með starfsábyrgðartryggingu hjá V1 en hinn 12. febrúar 2020 tók byggingarstjórinn B við byggingarstjórn og var hann vátryggður með starfsábyrgðartryggingu hjá V2. Með málskoti fylgir mat dómkvadds matsmanns frá því í september 2021, en aðilar þess matsmáls, sem er hluti af rekstri dómsmáls fyrir Héraðsdómi Reykjaness, voru skv. matsbeiðni dags. 26. janúar 2021 M og einkahlutafélagið sem seldi M húsið. Hvorki byggingarstjóri A né B voru aðilar að dómsmálinu eða matsmálinu og matsspurningar lúta ekki sérstaklega að mögulegri bótaábyrgð byggingarstjóra.

M hefur krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingum A hjá V1 og B hjá V2. Í málskoti kemur fram að M telji að annar eða báðir byggingarstjórar beri ábyrgð á smíði hússins og hann eigi því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu þeirra, en bæði vátryggingafélög þeirra bendi á þann byggingarstjóra sem ekki sé tryggður hjá þeim. M krefst þess að nefndin taki afstöðu til þess hvort um sé að ræða tjón sem eigi að bæta úr annarri eða báðum starfsábyrgðartryggingum byggingarstjóra og hvort eðlilegt sé að félögin vísi á hvort annað og taki ekki efnislega afstöðu til ábyrgðar sinnar. Einnig vísar M til þess hvort sú röksemd haldi að hafna bótaskyldu með vísan til þess að verki sé ekki lokið í ljósi þess að lokavottorð liggur fyrir og byggingarstjóri hafni frekari framkvæmdum.

V1 hafnar bótaskyldu og telur ekki sýnt að skilyrði laga um mannvirki nr. 160/2010 séu uppfyllt varðandi skaðabótaábyrgð byggingarstjórans A vegna vinnu hans eftir byggingarstjóraskipti í febrúar 2020, en A beri ekki ábyrgð á vegna verka sem framkvæmd hafi verið eftir það. Einnig bendir V1 almennt á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga um mannvirki komi fram að ábyrgð byggingarstjóra komi ekki til nma í undantekningartilvikum þar sem ábyrgð á faglegri framkvæmd verkhluta hvíli fyrst og fremst á herðum iðnmeistara. Í bréfi V1 er síðan farið yfir einstaka matsliði í mati dómkvadds matsmanns meðal annars með tilliti til þess hvenær verk vegna þeirra voru framkvæmd og hvort verkþáttum sé ólokið.

V2 hafnar einnig bótaskyldu og telur að matsgerð dómkvadds matsmanns sé því marki brennd að matsmaður hafi ekki skoðað endanlegar teikningar húss M heldu einungis þær teikningar sem lágu fyrir við kaupsamning á árinu 2018. Matsgerðin geti því ekki svarað því hvort byggt hafi verið í samræmi við endanlegar teikningar og hún svari því heldur ekki vort frágangur hafi verið í samræmi við góðar venjur, lög og reglugerðir. Í bréfi V2 til nefndarinnar er síðan farið ofan í einstaka matslið m.t.t. þessa.

Álit.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji

maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþáttar sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

Rétt er að geta þess að skv. samþykktum fyrir nefndina fjallar hún um bótaskyldu úr vátryggingum þegar ágreiningur er milli málskotsaðila og varnaraðila, sem hér eru tveir þ.e. vátryggingafélögin V1 og V2.

Sönnunargagn það sem M leggur fyrir nefndina til stuðnings kröfum sínum um viðurkenningu á bótaskyldu er matsgerð dómkvadds matsmanns, sem aflað var í tengslum við tiltekið dómsmál, þar sem byggingarstjórar eru ekki aðilarmáls, né vátryggingafélög þeirra, enda virðist matsgerðinni ætlað til að sýna fram á atriði sem eru grundvöllur kröfu M á hendur seljanda raðhússins, en ekki beint að atriðum sem geta verið til grundvallar skaðabótaskyldu byggingarstjóra, sbr. ofangreind ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010.

Þau atriði sem tilgreind eru í matsgerðinni ná ekki með skýrum hætti til mats á því hvort um stórfellda vanrækslu hafi verið að ræða hjá iðnmeistara og þykir því ekki mega fullyrða samkvæmt henni eða öðrum gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að verulegra ágallar hafi verið á framkvæmd þeirra tiltekinna verkþátta né heldur að frávik í þessum mæli verði virt iðnmeistara við byggingarframkvæmdina til stórfelldrar vanrækslu. Um það ber M sönnunarbyrði þar sem almennt verður ekki séð að sönnun hafi tekist verður ekki fjallað um einstaka þætti matsgerðarinnar. Samkvæmt þessu verður ekki talið að skilyrði sé að lögum til að fella bótaábyrgð á B sem byggingarstjóra með framkvæmdunum vegna þessa misræmis. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóranna A eða B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóranna A hjá V1 eða B hjá V2.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 47/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Slys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 8. maí 2019 orðið fyrir slysi þegar hún var að fara yfir framkvæmdasvæði við heimili sitt. Atvik hafi verið þau að M hafi verið á leið til vinnu frá heimili sínu og hafi hún þurft að fara yfir framkvæmdasvæðið þar sem framkvæmdir voru í götunni. Hún hafi þar fallið og borið fyrir sig höndina með þeim afleiðingum að hún varð fyrir meiðslum. Hún hafi síðan leitað til læknis á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 21. júní 2019. Þann 13. ágúst 2021 hafi svo læknisfræðileg örorka hennar verið metin 15% vegna slyssins samkvæmt matsgerð læknis. M telur orsök slyssins mega rekja til þess að verktaki framkvæmdanna, X, hafi vanrækt að tryggja öryggi gangandi vegfaranda sem áttu leið um framkvæmdasvæðið og hafi þar með brotið gegn 2. mgr. 18. gr. lögreglusamþykktar nr. 125/2019. Í ákvæðinu komi fram að ef gerður sé skurður í gangstétt skuli sá sem verkið vinnur tryggja öryggi gangandi vegfaranda og annarra svo sem með því að sjá fyrir göngubrautum. Engin göngubrú hafi verið sett til að auðvelda för íbúa yfir vinnusvæðið. Vegna þessara vanrækslu beri X skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss M. Einnig vísar M til ákvæða 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, um að X hafi átt að ganga úr skugga um að tryggja öryggi og góðan aðbúnað á vinnustaðnum. Með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir hafi X brugðist skyldum sínum.

V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 8. apríl 2021. V telur atvikið ósannað þar sem hvorki liggi fyrir lögregluskýrsla né vitnisburður um atvikið. V tekur fram að fram komi hjá X að fjórir starfsmenn hafi verið mættir á vinnusvæðið á þeim tíma þegar M kvaðst hafa hrasað en þeir hafi ekki orðið vitni að slysinu og X hafi ekki vitað af slysinu fyrr en krafa barst í ábyrgðartrygginguna. V telur að jafnvel þótt atvikið teldist sannað hafi ekki tekist að sýna fram á að aðbúnaður á verkstað hafi verið ófullnægjandi þegar slysið átti sér stað. Þvert á móti liggi fyrir að X hafi brugðist við athugasemdum frá M um að útbúa rampa úr möl við hverja innkeyrslu og því hafi ráðstafanir verið gerðar skv. lögreglusamþykkt 135/2019. Ekki sé skylda skv. lögreglusamþykktinni að gera göngubraut heldur sé það nefnt í dæmaskyni. Slysið verði því fremur að rekja til óhappatilviks sem X beri ekki skaðabótaskyldu á.

Álit.

Með málskotinu fylgdu myndir af framkvæmdasvæðinu sem samkvæmt gögnum málsins voru teknar 6. maí 2019 eða tveimur dögum fyrir slysdag. Myndirnar sýna stóran skurð fyrir framan húsin. Hins vegar er tekið fram í tölvupóstsamskiptum M og Reykjanesbæjar að möl hafi verið sett við hverja innkeyrslu og að M hafi slasast þegar hún var að fara niður malarskáann. Fyrirliggjandi myndir sýna því ekki aðstæður á framkvæmdastað á slysdegi. Það liggur fyrir í málinu að X brást við athugasemdum íbúa með því að útbúa rampa úr möl við hverja innkeyrslu og er því ekki annað að sjá en að hann hafi uppfyllt skyldur sínar skv. lögreglusamþykkt nr. 125/2019. M slasast því eftir að X bætti aðstæður á framkvæmdastaðnum. Engin vitni voru að slysinu og af gögnum málsins er ekki unnt að fullyrða með hvaða hætti atvik slyssins báru að. Með vísan til framangreinds hefur M ekki sýnt fram á að aðstæðum hafi verið þannig háttað á slysstað að slys hennar megi rekja til saknæms háttsemis X eða annarra aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Tjón M er því ekki bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 48/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. mars 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 10. mars 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins sendi M, hinn 11. október 2021, tilkynningu til V um þjófnað úr læstri bifreið sem hún var með á langtímaleigu hjá bílaleigunni X. Þjófnaðurinn hefði átt sér stað hinn 9. september 2021, og hafi munir að verðmæti 803.500 kr. verið teknir. Jafnframt liggur fyrir tilkynning M til lögreglu, dags. 11. september 2021, þar sem fram kemur listi yfir stolna muni, og tekið er fram að bifreiðinni hafi verið lagt í bifreiðastæði til móts við hótel í miðbæ Reykjavíkur og að atvikið hafi átt sér stað milli klukkan 12:45 og 15:00. Hinn 15. október 2021 hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að ekki væru nein sjáanleg merki um að brotist hefði verið inn í bifreiðina en það væri skilyrði bótaskyldu.

M var ósátt við þá afstöðu og kemur fram í tölvupósti hennar til V, dags. 15. október 2021, að nokkuð augljóst sé að rótað hafi verið til í bílnum. Lögregla hafi aldrei komið á vettvang þrátt fyrir beiðni hennar þar að lútandi. Þegar hún skoði bílinn „núna“ séu ummerki um að einhverju hafi verið troðið ofan í hurðina farþegamegin. Viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar fylgja þá ljósmyndir sem sýna los á klæðningu innan á hurð bifreiðarinnar.

Í tölvupósti V til M, hinn 21. október 2021, kemur fram að félagið óski eftir ljósmyndum sem sýni sannanlega ákomu á bifreiðinni. Þar sem X sé eigandi hennar þurfi einnig staðfestingu frá X um að tilkynnt hafi verið um skemmdir á bifreiðinni, hvers eðlis þær séu og hvernig þær séu tilkomnar.

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá X þar sem fram kemur að M hafi komið til þeirra, en ummerki um innbrot hefðu hvergi verið sjáanleg á bifreiðinni.

Með tölvupósti, dags. 26. október 2021, tilkynnti V að þar sem engin ummerki um innbrot væru á bifreiðinni stæði fyrri höfnun félagsins.

M fellir sig ekki við þau málalok og í viðbótarathugasemdum hennar til nefndarinnar kemur fram að enginn á vegum X hafi skoðað bifreiðina.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að í 1. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála sé fjallað um gildissvið innbústryggingar og sé það skýrt skilyrði bótaskyldu vegna innbrots úr læstri bifreið að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn. Í tilkynningu til lögreglu sé í engu getið um það hvernig farið hafi verið inn í bifreiðina og sé ljóst út frá fyrirliggjandi gögnum að engin merki séu um innbrot í hana. Sé því að mati félagsins ekki um bótaskylt atvik að ræða. Að mati félagsins hafi það þá engin áhrif á niðurstöðu málsins hvort starfsmenn X hafi skoðað bifreiðina eður ei, enda hafi M lýst því sjálf yfir að engar skemmdir eða ummerki hafi verið á bifreiðinni eftir atvikið. Megi því ætla að engin ástæða hafi verið fyrir X til að skoða bifreiðina sérstaklega. Myndir af losi á innréttingu hurðar á bifreiðinni hafi þá ekki borist fyrr en eftir að afstaða V lá fyrir og séu ekki samtímagögn. Þær sanni ekki að sýnileg merki hafi verið um innbrot í bifreiðina strax í kjölfar atviksins en í tilkynningum til V og lögreglu sé ekki getið um sýnileg ummerki innbrots. Sé framangreint skilyrði skilmálans um bótaskylt atvik því ekki uppfyllt.t

Álit.

Í gr. 4.6 í 1. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála um innbústryggingu segir um bótasvið vátryggingarinnar að hún bæti tjón vegna m.a. innbrota í læsta bifreið. Einnig kemur fram að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun á tjóni og að á vettvangi séu greinileg

ótvíræð verki þess að brotist hafi verið inn. Í sömu grein kemur jafnframt fram sú varúðarregla að læsa beri tryggilega m.a. bílum sem vátryggingin taki til þegar þeir séu mannlausir, en í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er kveðið á um heimild vátryggingafélags til að gera fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki tekist að sýna fram á að brotist hafi verið inn í bifreiðina, en í samtímagögnum, þ.e. tilkynningu til V og lögreglu kemur ekkert fram um hvernig komist hafi verið inn í bifreiðina, né verður ráðið af þeim að ummerkja um innbrot hafi orðið vart á bifreiðinni. Ljósmyndir af losi á hurðarklæðningu sýna þá einar sér ekki fram á að innbrot hafi átt sér stað. Með hliðsjón af því verður að telja líkur þess að M hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði fyrrgreindrar varúðarreglu, og að bifreiðin hafi verið ólæst umrætt sinn. Samkvæmt framansögðu verður að telja að V sé heimilt að takmarkað ábyrgð sína að fullu, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 49/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A, B og C

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. desember 2021 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 1. mars 2022.
3. Bréf V1 dags. 19. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 30. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B við Borgarröst á Sauðárkróki, og einnig varð tjón á bifreiðinni C þegar A rann á hana við áreksturinn. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 6. desember 2021, fyrir nefndinni. Er þar haft eftir ökumanni B að hann hafi verið að aka út af bílaplani með akstursstefnu til norðurs þegar hann hafi séð A koma akandi eftir götunni frá norðri. Hann hafi verið á réttum vegarhelmingi og hemlað en runnið til í hálku. Haft er eftir ökumanni A að hann hafi ekið eftir götunni til suðurs þegar hann hafi séð B koma út af bílaplaninu og á móti sér. Hafi A þá byrjað að hemla en mikil hálka hafi verið á veginum og A hafi hafnað á framenda B og svo runnið á C sem hafi verið kyrrstæð. A hafi verið á réttum vegarhelmingi. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að snjóþekja og mikil hálka hafi verið á vettvangi. Hjól- og bremsuför eftir A hafi verið á miðri götunni. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingarfélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að A bæri helming sakar vegna rangrar staðsetningar á vegi og B helming sakar fyrir að virða ekki forgang umferðar um Borgarröst.

M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að ökumaður B hafi ekki sinnt neinni varúð og keyrt á fullri ferð inn á götu og í veg fyrir A. Ef B hefði verið á sínum vegarhelmingi hefði aldrei komið til áreksturs. A hafi verið ekið við miðlínu enda þurfi mikla varúð við akstur eftir þessari götu þar sem bifreiðum sé lagt við hana eða á henni auk þess sem það hafi verið flughált. B hefði hins vegar ekki átt að aka út á götuna nema ganga úr skugga um að það væri hættulaust.

V1 sem var vátryggjandi A og B á tjónsdegi og V2 sem var vátryggjandi C á tjónsdegi skila ekki sérstökum athugasemdum vegna málsin.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Fyrir liggur að B var ekið út á veg af bifreiðastæði og samkvæmt gögnum málsins verður að telja sýnt að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði. Ber hann því meginsök á árekstrinum. Hins vegar kemur fram í 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga að ökumaður skuli vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu, svo og meðfylgjandi ljósmyndum, ók A eftir miðjum veginum umrætt sinn. Verður því að miða við að staðsetning A á vegi hafi ekki verið til samræmis við fyrrgreint ákvæði og ber ökumaður hennar því einnig nokkra sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 2/3 hluta.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 51/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (A) og (B).

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 16. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M slasaðist við vinnu sína þann 16. apríl 2020 er hann vann á þaki nýbyggingar við Gerplustræti í Mosfellsbæ. M stóð á þaki hússins og var að taka á móti einangrun sem verið var að hífa upp á þak með krana og slógust einangrunarplöturnar eða stroffa kranans utan í M með þeim afleiðingum að hann niður af þakinu og slasaðist. Í lögregluskýrslu kemur fram að M var ekki með neinn fallvarnarbúnað og að vinnupallar sem búið var að reisa upp við húsið náðu ekki upp að þakbrún en húsið var um það bil 5 hæðir. Af hálfu V1 og V2 hefur bótaskyldu verið hafnað.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V1 og B hjá V2. Í málskoti kemur fram að M telji, með vísan til 18. gr. laga nr. 46/1980, að A og B beri óskipta skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Bæði félögin hafna bótaskyldu með vísan til ábyrgðar hins, auk annarra atriða. M telur að meginorsök slyssins hafi verið sú að honum var falið að vinna ofan á þaki án fallvarna, líkt og kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins. Vísar M til niðurstöðu skýrslunnar þar sem fram kemur að orsök slyssins mætti m.a. rekja til ófullnægjandi fallvarna við vinnu á þakinu. Vísar M til 13., 14., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna nr. 547/1996 um aðbúnað og hollustuhætti á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Telur M að gera hafi mátt þá lágmarkskröfu til A sem var vinnuveitandi hans að hann útvegaði honum fallvarnarbelti og líflínu til að nota við þeta verk. Telur M að B beri sem aðalverktaki verksins einnig ábyrgð á saknæmum vanbúnaði. Hafi A og B þannig sameiginlega ábyrgð á skorti á fallvörnum. Auk þessa telur M að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar vinnuveitanda en M var falið að raða upp efni á þaki þar sem ekki hafði verið komið upp fallvörnum og það var C, yfirmaður M, sem verkstýrði verkinu og leiðbeindi stjórnanda kranans með bendingum. Vísar M einnig til þess að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanns aðalverktakans B sem stýrði krananum í umrætt sinn en hann hafði ekki tilskilin réttindi til að stýra slíkum krana hérlendis. Að lokum vísar M til þess að ekkert áhættumat lá fyrir varðandi þennan verkþátt en samkvæmt 65. gr. a. laga nr. 46/1980 ber atvinnurekandi ábyrgð á því að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi.

V1 hafnar bótaskyldu og vísar til þess að B sem var aðalverktaki hafi annast fallvarnir á byggingarstaðnum en ekki A. Það hafi þannig verið B sem annaðist uppsetningu og ákvað hæð fallvarna. Byggingarstjóri verksins hafi verið starfsmaður B sem og stjórnandi kranans. Vísar V1 til þess að M hafi verið rangt staðsettur í umrætt sinn en hann hafi átt að vita betur en að staðsetja sig upp á hlassi við þakbrún. Hann hafi áður unnið í slíkum verkum og að með staðsetningu sinni í umrætt sinn hafi M sýnt af sér stórfellt gáleysi. Er það mat V1 að tjónið verði ekki rakið til atvika sem V1 beri skaðabótaábyrgð á, fremur sé um óhappatilvik að ræða.

V2 hafnar einnig bótaskyldu og vísar til þess að ástæða þess að vinnupallur hafi ekki náð að þakbrúninni vera þá að breyta þurfti efsta pallinum, þ.e. færa þurfti hann niður, vegna vinnu við utanhússklæðningu. Því verki var ekki lokið þegar slysið gerðist. Til staðar hafi verið fallvarnarbelti og línur á verkstað sem starfsmönnum A stóð til boða og var þeim fullkunnugt um það. Það hafi verið þeirra ákvörðun að nýta ekki þann búnað. Vísar V2 einnig til þess að það var C sem var forráðamaður A og jafnframt yfirmaður M sem stjórnaði framkvæmd verksins og sendi merki til stjórnanda kranans. V2 hafnar því að stjórnandinn hafi sýnt af sér óaðgæslu sem hafi valdið slysinu, hann hafi eingöngu farið eftir leiðbeiningum frá C sem var með yfirsýn yfir framkvæmd verksins og hafði stjórnina á framkvæmd

þess. Telur V2 að ekki séu orsakatengsl milli slyssins og þess að stjórnandi kranans hafi ekki haft íslenskt leyfi enda var hann þaulvanur að stjórna krana og hafði unnið við þennan tiltekna krana í þrjú ár og var með pólskt leyfi til kranastjórnunar.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem A og/eða B bera skaðabótaábyrgð á. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu A eða B eða beggja aðila þarf að mega rekja tjón M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu aðila sem þau bera ábyrgð á. Það er M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé. Engin skýr gögn liggja fyrir um það hvernig verkaskiptingu var háttað á byggingarstaðnum en óumdeilt er að það var C, sem var forráðamaður A, sem stjórnaði því verki sem verið var að vinna er slysið átti sér stað. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 46/1980 skulu atvinnurekendur þar sem fleiri eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum. Ekki hefur verið sýnt fram á að orsök slyssins megi rekja til saknæmrar háttsemi stjórnanda kranans eða að orsakatengsl séu milli slyssins og þess að hann var ekki með íslensk réttindi á kranann. Hvað varðar skort á fallvörnum verður einnig að telja, án frekari gagna um samninga milli undir- og yfirverktaka, að það hafi staðið A nær að sjá til þess að þær væru fullnægjandi og hefja ekki vinnu á þakinu fyrr en fullnægjandi fallvarnir starfsmanna sinna væru tryggðar. Verður samkvæmt gögnum málsins þannig ekki talið að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna B. Með vísan til 17. gr. laga nr. 46/1980 bar C sem fyrirsvarsmanni A að leggja sitt að mörkum til að tryggja örugg starfsskilyrði á byggingarstaðnum. Undan þessari skyldu gat hann ekki skorist jafnvel þótt ábyrgð á uppsetningu vinnupalla hafi verið í höndum starfsmanna B og það hafi verið starfsmaður B sem stjórnaði krananum sbr. það sem að ofan greinir. Var það í höndum A að gæta þess að fyllsta öryggis yrði gætt við hífingu einangrunarplatna upp á þakið og að útvega starfsmönnum sínum fullnægjandi öryggisbúnað en samkvæmt mati Vinnueftirlitsins mátti rekja orsakir slyssins til ófullnægjandi fallvarna við vinnu á þakinu, ófullnægjandi stjórnunar á hífingu og framkvæmd vinnu þar sem efni var raðað við hættusvæði. Var það A sem vinnuveitandi M sem bar ábyrgð á öllum þessum atriðum og ber A því ábyrgð á líkamstjóni M. Þá er það jafnframt atvinnurekandi sem ber ábyrgð á gerð áhættumats. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Á M því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 52/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki (X).

Skaðabótaábyrgð. Verkframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. mars 2022.
3. Tölvupóstur M, dags. 24. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að aðfaranótt 12. janúar 2022 hafi bifreið M orðið fyrir skemmdum þar sem hún stóð við gistihús á Borgarfirði eystra. Nærri bifreiðastæðinu hafi verið byggingarsvæði á vegum X og þaðan hafi járnplötur fokið á bifreið M.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið hennar þar sem ekki hafi verið gengið nægilega tryggilega frá bárujárnsplötubúnti sem auðveldlega hafi farið á loft með vindi, eins og raunin varð. Bárujárnsplöturnar hafi verið bundnar saman í búnt skv. ljósmynd sem tekin var átta dögum fyrir tjón M þar sem þær höfðu haft eitthvað skjól af snjó, en þegar tjón M varð hafi snjór verið farinn og plöturnar legið á beru svæði við sjóinn. Þannig hafi vindur átt greiða leið undir búntið þannig að það tókst á loft. einnig hafi skv. gögnum frá Veðurstofu Íslands spáð roki og ofsaveðri á svæðinu þá nótt sem tjónið varð og X hafi átt að ganga frá lausu byggingarefni á byggingarstað sínum og hafi haft næg tækifæri til þess í ljósi veðurspár.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki sé sannað að skilyrði skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð X séu uppfyllt. V vísar til þess að gögn séu takmörkuð og þar komi ekki fram að frágangur þakplata X hafi verið ófullnægjandi og ekkert sé í gögnum málsins sem renni stoðum undir að X hafi haft tök á að bregðast við aðstæðum í tæka tíð. V telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem enginn ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram skemmdir urðu á bifreið M þegar henni var lagt á bifreiðastæði aðfaranótt 12. janúar sl. Í gögnum málsins kemur skýrt fram að spáð var ofsaveðri á svæðinu þá nótt og því almenn aðgæsluskylda á eigendum lausra muna að gæta að þeim. Í málinu liggur einnig fyrir ljósmynd af bárujárnsplötubúnti tekin um átta dögum fyrir tjón M þar sem búntið er sýnt í snjóþekju. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sú ljósmynd stafi frá X og eigi að sýna frágang bárujárnsplötubúntsins á tjónsdegi. Verður ekki annað ráðið af umræddri mynd en að bárujárnsplötubúntið hafi legið þar sem vindur komst auðveldlega að því með tilliti til þeirrar veðurspár sem var aðfaranótt 12. janúar sl. Verður að telja það lágmarksaðgæslu á byggingarsvæði að fergja þá muni sem geta auðveldlega færst til þegar veðurspá er slæm og í ljósi þess að almennt eru bárujárnsplötur ekki þungar, verður að meta X það til gáleysis að hafa ekki gert sérstakar ráðstafanir í greint sinn. Bótaskylda er því fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 53/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 2022 hafi verið í gildi rauð veðurviðvörun fyrir höfuðborgarsvæðið. Nágranni M, A, hafi verið með gám á leigu frá X, sem X hafi staðsett á bifreiðastæði A. Þessa nótt hafi gámurinn tekist á loft vegna veðurs og hafnað á bifreið í eigu M sem hafi þá runnið á aðra bifreið í hans eigu en bifreiðarnar hafi báðar verið staðsettar á bifreiðastæði hans. Nokkuð tjón varð á bifreiðunum. Lögregla var kölluð til vegna atviksins og liggur lögregluskýrsla, dags. 7. febrúar 2022, fyrir nefndinni. Í málskoti kemur fram að A hafi verið búin að tæma gáminn og hafi hún, síðdegis föstudaginn 4. febrúar, haft samband við X og beðið um að hann yrði fjarlægður. M telur að X beri ábyrgð á tjóni hans enda telur hann að það verði metið X til gáleysis að hafa látið tóman gám standa í miðju íbúðahverfi við þær veðuraðstæður sem voru fyrirséðar. Beiðni um að fjarlægja gáminn hefði verið send milli klukkan 15 og 16 á föstudeginum og hefði X hæglega getað brugðist við þeirri beiðni áður en óveðrið skall á. A hefði ekki átt þess kost að fjarlægja gáminn og ekki sé sanngjarnt að M beri tjón af því að gámur sem ekki sé á hans vegum eða ábyrgð valdi tjóni á bifreiðum hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt frásögn X hafi ekki náðst að sækja gáminn fyrir helgina þar eð beiðni um það hafi borist skömmu fyrir lokun á föstudegi. Það sé skilyrði bótaskyldu að tjón M verði rakið til saknæmrar háttsemi X. Ekki sé sýnt fram á að það skilyrði sé uppfyllt heldur sé tjón M að rekja til óviðráðanlegra ytri aðstæðna og/eða óhappatilviljunar sem X beri ekki sakarábyrgð á. Umræddur gámur sé 2,3 tonn að þyngd og ekki verði litið svo á að það stafi sérstök tjónshætta af því að slíkir gámar standi úti, jafnvel þó þeir séu tómir en öll framkvæmd verksins af hálfu X hafi verið með eðlilegum og hefðbundnum hætti. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að X eða starfsmenn þess hafi haft um það vitneskju á föstudeginum að óveður mundi skella á aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar, enda hafi rauð viðvörun ekki verið gefin út fyrr en á sunnudeginum. Jafnvel þó það yrði talið til gáleysis að geyma gáminn utandyra sé því ljóst að starfsmenn X hefðu ekki haft ráðrúm til að bregðast við.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. bent á að frétt um að búist væri við miklu illviðri á aðfaranótt mánudagsins hefði birst á heimasíðu Ríkisútvarpsins kl. 16:34 á föstudeginum, og að veðurspá á föstudagskvöldið hefði einnig gefið það skýrlega til kynna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreiðum hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Óumdeilt er að gámur í eigu X fauk á bifreið í eigu M aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 2022 þegar í gildi var rauð veðurviðvörun fyrir höfuðborgarsvæðið. Jafnframt er óumdeilt að umræddur gámur var í vörslu A, nágranna M, sem sendi X tilkynningu þess efnis að hún hefði lokið tæmingu gámsins seinnipart föstudagsins 4. febrúar 2022. Þá liggur fyrir að eigin þyngd umrædds gáms var 2,33 tonn. Ekki er sýnt fram á að búnaði, staðsetningu eða frágangi gámsins hafi verið ábótavant af hálfu X. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki talið að augljós tjónshætta hafi staðið af gámnum þar sem hann var staðsettur þannig að það verði metið starfsmönnum X til gáleysis að hafa ekki sótt hann strax og tilkynning barst frá A um að hann hefði verið tæmdur en samkvæmt framansögðu barst slík tilkynning ekki fyrr en undir lok hefðbundins vinnudags. Hefur M þar af leiðandi ekki tekist að sýna fram á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 56/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Véla og tækjatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. febrúar 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 28. mars 2022, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið í starfsstöð M þann 4. febrúar 2021 er gat kom á svokallaða „zinkdeiglu“ sem var full af fljótandi zinki með þeim afleiðingum að zink flæddi um starfsstöðina. Af atvikinu hlaust margvíslegt tjón á véla- og rafeindabúnaði, munum og birgðum. Vegna þessa fór M fram á að V viðurkenndi bótaskyldu úr Véla- og tækjatryggingu. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að um væri að ræða tjón sem undanskilið væri í tryggingunni þar sem gatið sé tilkomið vegna tæringar, slits og/eða hægfara eyðingar. M vísar til fyrirliggjandi skýrslna og úttekta sem gerðar voru á deiglunni í kjölfar tjónsins þar sem fram kemur að holan á deiglunni hafi myndast í svokölluðum pytti sem varð til vegna pyttatæringar. Þannig geti tæring átt sér stað á tiltölulega skömmum tíma og valdið miklu tjóni. Ekki sé hægt að spá fyrir um hvort eða hvar pyttir fara að myndast. Ekki hafi því verið um að ræða hefðbundna jafna tæringu sem kemur til við á lengri tíma til samræmis við áætlaðan endingartíma deiglunnar. Hafi orsök þess að gat kom á deigluna verið ófyrirsjáanlegt og ekki hefði verið hægt að koma í veg fyrir hana með eðlilegu viðhaldi eða endurnýjun tækja. Ljóst sé að með „tæringu“ í skilningi e-liðar 2. gr. skilmálans er ætlunin að undanþiggja tjón vegna hægfara og jafnrar tæringar sem koma má í veg fyrir með eðlilegu viðhaldi en ekki svokallaða pyttatæringu sem er ófyrirsjáanleg og kemur fram á skömmum tíma. Vísar M máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 179/2019.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi skv. 1. gr. vátryggingarskilmálans, þar sem tjónið verði ekki rakið til skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar, heldur til fyrirsjáanlegrar og hægfara tæringar. Vísar V til þess að e-liður 2. gr. sé hlutlæg ábyrgðartakmörkun sem undanskilur tjón af völdum tæringar. Ábyrgðartakmörkunin sé skýr og einföld og nær samkvæmt orðanna hljóðan meðal annars til allra tjóna af völdum tæringar óháð orsökum hennar. Ekkert bendi til þess að eitthvað utanaðkomandi hafi orsakað tæringuna eða aukna tæringu og ekkert liggi fyrir um annað en að um sé að ræða hefðbundna og hægfara tæringu sem hefur átt sér stað á notkunartímabili deiglunnar frá 2016-2021.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón það sem varð hjá M þann 4. febrúar 2021 falli undir undanþáguákvæði vátryggingarskilmálans sem fram kemur í e-lið 2. gr. Samkvæmt 1. gr. 1. kafla vátryggingarskilmála véla- og tækjatryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar greiðir vátryggingin bætur á hinu vátryggða vegna bilunar eða mistaka við notkun. Með bilun er átt við skyndilegar og ófyrirsjáanlegar skemmdir á vél eða rafbúnaði sem stöðva eða valda því að stöðva verður hið vátryggða. V ber fyrir sig undanþáguákvæði í e-lið 2. gr. skilmálans þar sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón sem verður vegna slits, hægfara eyðingar, ryðskemmda, tæringar, sýringar, sviðskemmda, ketilsteins, rispna á máluðum eða lökkuðum flötum, brots á gleri eða viðhaldskostnað. Í málinu liggja fyrir álit nokkurra fagaðila og ber þeim öllum saman um að tæring sú sem leiddi til þess að gat kom á deigluna hafi verið staðbundin á afmörkuðum hluta deiglunnar. Orsök þess að tæringin myndaðist á þessum afmarkaða hluta deiglunnar liggur ekki fyrir né heldur á hversu löngum tíma tæringin myndaðist. Ekki verður þó talið að hin hlutlæga ábyrgðartakmörkun sem fram kemur í e-lið 2. gr. 1. kafla skilmálans áskilji það sérstaklega að tæring þurfi að hafa verið jöfn eða myndast á löngum tíma svo V sé unnt að bera hana fyrir sig. Á undanþágan því við í þessu máli en óumdeilt er að tæring eða svokölluð pyttatæring olli tjóni því sem hér um ræðir. Er bótaskylda úr véla- og tækjatryggingu því ekki til staðar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr véla- og tækjatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 57/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Rekstrarstöðvunartrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. febrúar 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 28. mars 2022, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið í starfsstöð M þann 4. febrúar 2021 er gat kom á svokallaða „zinkdeiglu“ sem var full af fljótandi zinki með þeim afleiðingum að zink flæddi um starfsstöðina. Af atvikinu hlaust margvíslegt tjón á véla- og rafeindabúnaði, munum og birgðum. Vegna þessa fór M fram á að V viðurkenndi bótaskyldu úr rekstrarstöðvunartryggingu vegna rekstrartaps sem rekja má til rekstrarstöðvunar sem hlaust af tjóninu. V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að um væri að ræða tjón sem undanskilið væri í tryggingunni þar sem umræddur leki kom á deigluna af völdum tæringar, slits og/eða hægfara eyðingar. M telur bótaskyldu fyrir hendi úr rekstrarstöðvunartryggingu sem hann hafði hjá V á tjónsdegi og að ljóst sé að ekki megi rekja orsök tjónsins til tæringar, slits og/eða hægfara eyðingar í skilningi 2.9 gr. skilmála tryggingarinnar. M vísar til fyrirliggjandi skýrslna og úttekta sem gerðar voru á deiglunni í kjölfar tjónsins þar sem fram kemur að holan á deiglunni hafi myndast í svokölluðum pytti sem varð til vegna pyttatæringar. Þannig geti tæring átt sér stað á tiltölulega skömmum tíma og valdið miklu tjóni. Ekki sé hægt að spá fyrir um hvort eða hvar pyttir fara að myndast. Ekki hafi því verið um að ræða hefðbundna jafna tæringu sem kemur til við á lengri tíma til samræmis við áætlaðan endingartíma deiglunnar. Hafi orsök þess að gat kom á deigluna verið ófyrirsjáanlegt og ekki hefði verið hægt að koma í veg fyrir hana með eðlilegu viðhaldi eða endurnýjun tækja. Framangreint skilmálaákvæði er undanþáguákvæði sem undanþiggur tjón vegna ýmissa orsaka sem allar hafa það sammerkt að vera fyrirsjáanlegar, koma fram á lengri tíma og stafa af skorti á endurnýjun og viðhaldi þeirra véla- og tækja sem tryggðar eru. Vísar M máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 179/2019.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi þar sem tjónið verði ekki rakið til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs atviks en það er forsenda bótaskyldu úr rekstrarstöðvunartryggingunni. Telur V að skilyrði bótaábyrgðar skv. 1. gr. vátryggingarskilmálans séu ekki uppfyllt og að tjónið falli undir undanþáguákvæði 2.9 gr. vátryggingarskilmálans. Ekkert bendi til þess að eitthvað utanaðkomandi hafi orsakað tæringuna eða aukna tæringu og ekkert liggi fyrir um annað en að um sé að ræða hefðbundna og hægfara tæringu sem hefur átt sér stað á notkunartímabili deiglunnar frá 2016-2021.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón það sem varð hjá M þann 4. febrúar 2021 falli undir undanþáguákvæði vátryggingarskilmálans sem fram kemur í 2. gr. Samkvæmt 1. gr. vátryggingarskilmála rekstrarstöðvunartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar tekur vátryggingin til rekstrartaps sem vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu vöru og þjónustu sökum þess, að tjón hefur orðið á vátryggðum vélum á vátryggingarstað þeim, sem tilgreindur er á vátryggingarskírteininu, við skyndilegt og ófyrirsjáanlegt atvik af hvers konar tagi með þeirri undantekningu sem tilgreind er í 2. gr. V ber fyrir sig undanþágu ákvæði í grein 2.9 í skilmála vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin taki ekki til tjóns af völdum slits, hægfara eyðingar, ryðskemmda, tæringar, sýringar eða ketilsteins. Í málinu liggja fyrir álit nokkurra fagaðila og ber þeim öllum saman um að tæring sú sem leiddi til þess að gat kom á deigluna hafi verið staðbundin á afmörkuðum hluta deiglunnar. Orsök þess að tæringin myndaðist á þessum afmarkaða hluta deiglunnar liggur ekki fyrir né heldur á hversu löngum tíma tæringin myndaðist. Ekki verður þó talið að hin hlutlæga ábyrgðartakmörkun sem fram kemur í grein 2.9 áskilji það sérstaklega að tæring þurfi að hafa verið jöfn eða myndast á löngum tíma svo V sé unnt að bera hana fyrir sig. Á undanþágan því við í þessu máli en óumdeilt er að tæring eða svokölluð

pyttatæring olli tjóni því sem hér um ræðir. Er bótaskylda úr rekstrarstöðvunartryggingu því ekki til staðar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr rekstrarstöðvunartryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 58/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingaskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
M átti pantaða ferð til Tenerife ásamt fjölskyldu sinni dagana 22. desember 2021 til 5. janúar 2022. Ferðin var greidd þann 9. nóvember 2021 og þann 16. desember 2021 afbókaði M ferðina og fékk 25% endurgreiðslu frá ferðaskrifstofunni. Sótti M um bætur úr forfallatryggingu kortatryggingar hjá V sem óbætt var af ferðaskrifstofunni á grundvelli meiðsla sonar M á fæti, vegna smitgátar sonar og svo vegna veikinda maka. V hefur hafnað bótaskyldu vegna allra atburðanna með tölvupóstum dags. 20. og 22. desember 2021. M telur bótaskyldu vera fyrir hendi og vísar til fyrirliggjandi vottorða og gagna. V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðar til Tenerife þann 22. desember 2021.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Tenerife sem hann hugðist fara í þann 22. desember en afpantaði þann 16. desember s.á. vegna veikinda og smitgátar. Í 7. kafla vátryggingarskilmála kortatryggingarinnar er fjallað um forföll og segir þar að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar, ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð ef nánar tilgreindar ástæður eiga við. Í ákvæði 7.1.1 er kveðið á um að bótaskylda stofnist ef ástæða þess að vátryggður kemst ekki í ferð eru veikindi, enda séu þau vottuð af starfandi lækni. Jafnframt kemur fram í ákvæði 7.2.1 að bætur greiðist ekki sé tjón að rekja til hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. M hefur tilkynnt tvenns konar veikindi til V, annars vegar meiðsli sonar og svo hins vegar veikindi maka. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði vegna meiðsla sonar dags. 16. desember 2021 kemur fram að hann hafi slasast á fæti í október 2021 og farið í aðgerð þann sama mánuð. Þau meiðsli voru þannig til staðar þegar ferðin var greidd í nóvember 2021. Hið sama á við um veikindi maka en samkvæmt læknisvottorði dags. 15. desember 2021 kemur fram að um sé að ræða kvíða, þunglyndi og krónísk verkjavandamál sem hafa farið mikið versnandi vegna utanaðkomandi streituvalda. Er því í báðum tilvikum um að ræða veikindi sem falla undir fyrrgreint undanþáguákvæði greinar 7.2.1 í skilmálum tryggingarinnar. Er bótaskylda á þessum grundvelli því ekki til staðar.

Kemur því næst til skoðunar hvort fallist verði á bótakröfu M á grundvelli smitgátar sonar. Því til stuðnings lagði M fram tilkynningu frá skóla sonarins dags. 19. desember 2021 og einnig vottorð dags. 21. desember 2021. Fram kemur í grein 7.1.3 að félagið bæti forföll ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt. Í grein 7.2.2 segir að félagið bæti ekki tjón sem stafa beint eða óbeint af tilskipunum stjórnvalda, nema þeim er varða skyldusóttkví. Engar opinberar ferðatakmarkanir hafa verið gefnar út af stjórnvöldum vegna smitgátar og fellur smitgát sonar því ekki undir bótaskylt atvik greinar 7.1 í vátryggingarskilmála kortatryggingarinnar. Í því skilmálaákvæði er tæmandi upptalning á þeim tilvikum sem bótaskyld eru skv. vátryggingunni. Auk þess er rétt að nefna að af gögnum málsins má ráða að ferðin hafi verið afbókuð áður en M fékk upplýsingar um smitgát sonar og er því ekki unnt að líta á smitgát sem ástæðu þess að M afbókaði ferðina. Er bótaskylda á grundvelli smitgátar sonar því ekki til staðar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 59/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A).

Bótafjárhæð. Tjónshugtak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. mars 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 30. mars 2022.

Málsatvik.

Hinn 18. mars 2021 varð árekstur milli A og B, bifreiðar í eigu M. Ekki er ágreiningur um að A hafi borið alla sök á árekstrinum. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti sá ekki mikið á B eftir áreksturinn en ekki hafi tekist að fullhlaða hana og hún hafi leitað til vinstra. Eftir viðgerð hafi rafkerfi B verið í lagi en ekki hafi fundist skýringar á skertum aksturseiginleikum hennar. Þá væri aukin íkveikihætta af rafmagnsbifreiðum sem hefðu lent í hörðum árekstrum. Hafi M því viljað fá B greidda út og hafi V verið sent bréf þess efnis hinn 21. apríl 2021. Hinn 30. apríl 2021 hafi V, eftir að hafa leitað verðmats, boðist til að kaupa bifreiðina af M á 2,4 til 2,5 milljónir króna. M hafi ekki verið sáttur við það verð og V hafi, hinn 10. maí 2021, hækkað boð sitt í 3 milljónir króna. Hafi M enn þótt það of lágt verð og hafi hann farið fram á 3,2 milljónir króna. Hafi aðilar átt í nokkrum samskiptum vegna þessa en í byrjun júní hafi náðst samningar um að V greiddi M 3 milljónir króna vegna B. Ágreiningur aðila snýst hins vegar um greiðslu vegna leigu á bílaleigubíl. Fyrir liggur að M tók bifreið á leigu hinn 25. mars 2021 og samkvæmt fyrirliggjandi reikningi frá bílaleigu skilaði hann bifreiðinni hinn 21. júní 2021. Áður hafði M leigt bifreið frá 18. til 25. mars. V hefur greitt kostnað vegna bílaleigu í 21 dag en hafnar frekari kröfum vegna þessa. M krefst þess hins vegar að V greiði kostnað vegna bílaleigubifreiðar fram til 10. júní 2021, þar sem það hafi ekki fyrr en þá sem M var upplýstur um að félagið greiddi bílaleigu í 21 dag að hámarki. Varakrafa M er sú að V verði gert að greiða kostnað vegna leigunnar fram til 10. maí 2021, en þá hafi V loks samþykkt rétt verðmat á B.

M rökstyður kröfur sínar með því að V hafi ekki tjáð honum um fyrrgreint 21 dags hámark á greiðslu vegna bílaleigubíls en sú regla komi þess utan hvergi fram í skilmálum V. Hinn 14. maí hafi V spurt hvort M væri á bílaleigubíl en M telji að V hafi verið upplýst um það löngu fyrr. Í tölvupósti frá V hinn 17. maí hafi komið fram að V óttaðist að M væri búinn að vera með bifreið á leigu lengur en V væri tilbúið að greiða fyrir. Hinn 19. maí hafi komið fram í tölvupósti frá V að ekki væri sjálfgefið að félagið væri tilbúið að greiða fyrir bílaleigubíl í lengri tíma en sem næmi áætluðum viðgerðartíma auk eðlilegs tíma við öflun varahluta. Það hafi fyrst verið 3. júní 2021 sem minnst hafi verið á 21 dags reglu. M telur sig ekki bera sök á þeim töfum sem hafi orðið við meðferð málsins, enda hafi V miðað við rangt verðmat á B, en M hafi verið nauðsyn á að hafa bifreið til umráða.

V krefst í fyrsta lagi frávísunar þar sem nefndin hafi ekki heimildir til að fjalla um bótafjárhæðir í málinu. V hafi þannig alltaf verið reiðubúið til að greiða bætur vegna afnotamissis en ágreiningur hafi einfaldlega staðið um fjárhæð bótanna. Verði ekki fallist á þá kröfu vísa V til þess að M hafi sjálfur tekið ákvörðun um að taka bifreið á leigu og V hafi ekki komið að þeirri ákvörðun. Ekki sé til staðar sjálfkrafa, lögvarinn réttur tjónþola til að fá greiddan afnotamissi vegna árekstrar heldur hvíli sönnunarbyrði slíks tjóns og umfangs þess á tjónþola sjálfum. Til hagræðis fyrir tjónþola hafi V þó verið reiðubúið til að greiða allt að 21 dag í afnotamissi án þess að sýnt sé fram á raunverulegt fjártjón. Hvert mál sé metið sérstaklega m.t.t. meginreglna skaðabótaréttar um takmörkun tjóns og sennilega afleiðingu. Telur V að fjártjón M hafi á grundvelli þessa verið bætt að fullu en tjónvaldur verði ekki gerður ábyrgur fyrir þeim ófyrirsjáanlega drætti sem varð á því að samningar næðust milli M og V.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur M fram að hann búi á Selfossi en starfi í Reykjavík, og þurfi því eðlilega að hafa bifreið til umráða. Sjónarmið um takmörkun tjóns komi því ekki til álita. M eigi rétt á

því að fá tjón sitt bætt að fullu og vera eins settur og ef það hefði ekki átt sér stað. Sönnun fjártjóns liggi þá fyrir sbr. reikning frá bílaleigunni. Ákvörðun V um að bæta tjónið aðeins að hluta, þ.e. vegna 21 dags, hafi ekki verið kynnt honum og eigi sér enga stoð í skilmálum félagsins. M hafi því talið sig eiga rétt á greiðslu vegna bílaleigubifreiðar frá og með 26. mars 2021, og þar til hann fengi greitt fyrir B. M eigi þá ekki að bera tjón vegna þeirra tafa sem orðið hafi á afgreiðslu málsins af hálfu V.

Í viðbótarathugasemdum sínum tekur V fram að telji M sig hafa orðið fyrir tjóni vegna saknæmrar háttsemi þess verði bótaréttur vegna slíks tjóns ekki byggður á lögboðinni ábyrgðartryggingu A. V fallist á að greiða kostnað vegna leigu bifreiðar í 21 dag án sönnunar á umfangi tjóns en M hafi ekki sýnt fram á frekara tjón en sem því nemi. Að öðru leyti ítrekar V áður fram komnar athugasemdir og tímalínu samskipta aðila.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ekki sé ágreiningur um að V beri að bæta það fjárhagslega tjón sem M varð fyrir vegna áreksturs A og B. Verður ekki ráðið annað en að V telji að það hafi verið gert með því greiða fyrir kostnað M vegna bílaleigubifreiðar í 21 dag. M telur hins vegar að leiga bifreiðar í lengri tíma hafi verið óhjákvæmileg og hann hafi því ekki fengið tjón sitt að fullu bætt. Verður að líta svo á að ágreiningur aðila snúist ekki aðeins um bótafjárhæðir sem slíkar, heldur umfang þess tjóns sem hlaust af árekstri A og B. Verður máli þessu því ekki vísað frá á grundvelli 1. málsliðar 3. mgr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, dags. 17. desember 2021.

Það liggur fyrir að ekki er fjallað um umþrætta 21 dags reglu í skilmálum V, heldur er um að ræða verklagsreglu félagsins, þ.e. að tjónþoli fái greiddar bætur vegna afnotamissis í 21 dag án þess að sérstaklega sé sýnt fram á umfang tjónsins. Hins vegar liggur ekkert fyrir um að M hafi verið tilkynnt um inntak þessarar 21 dags reglu, og virðist sem það hafi fyrst verið í tölvupósti V dags. 17. maí 2021 sem fram kom að V greiddi aðeins fyrir leigu bifreiðar í tiltekinn dagafjölda. Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður fallist á að vegna búsetu sinnar hafi M þurft að hafa bifreið til afnota. Liggur þá jafnframt fyrir reikningur bílaleigu þar sem fram kemur að M hafi verið með bifreið að leigu í samtals 89 daga. Fyrir liggur að M greiddi leiguverðið vegna tímabilsins 18. til 25. mars sjálfur og virðist ekki ágreiningur um greiðslu vegna þess tímabils. Þá liggur fyrir að hinn 20. apríl var V reiðubúið að hefja viðgerð á B. Ekki er þó að fullu ljóst hve langan tíma sú viðgerð hefði tekið en telja verður samkvæmt framansögðu að M hefði átt rétt á bótum vegna afnotamissis á því tímabili. Hins vegar liggur fyrir að M afþakkaði viðgerð og fór þess í stað fram á að V greiddi bifreiðina út. Hinn 10. maí 2021 bauð V M greiðslu fyrir bifreiðina að þeirri upphæð sem aðilar sættust að lokum á. Liggur fyrir að afsal vegna B var undirritað hinn 25. júní 2021 og eigendaskiptayfirlýsing 7. júlí sama ár. Þá liggur fyrir að M skilaði bílaleigubifreiðinni ekki fyrr en 21. júní 2021. Í ljósi þess að skylda til tjónstakmörkunar hvíldi á M svo og þess að ekki hefur verið sýnt fram á að verðtilboð það er V setti fram hinn 10. maí 2021 hafi verið ósanngjarnt eða óeðlilegt telur nefndin rétt að fallast á varakröfu M, en að tjón sem leiði af frekari töfum á lúkningu málsins beri hann sjálfur. Í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi rétt á greiðslu vegna leigu bílaleigubifreiðar frá og með 26. mars 2021 og til og með 10. maí 2021, eða samtals Í 46 daga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna afnotamissis tímabilið 26. mars 2021 til 10. maí 2021.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 60/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Hlaupahjól. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 20. júní 2021 hafi M ekið rafmagnshjóli eftir miðjum göngustíg á u.þ.b. 10 kílómetra hraða á klukkustund er hún kom að mótum stígsins og annars göngustígs, en fyrirhuguð stefna hennar var þvert yfir þessi göngugatnamót. Skyndilega hafi X komið á rafhlaupahjóli um 25 kílómetra hraða á klukkustund frá hægri og rekist á hana, með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina. Varð M fyrir meiðslum við atvikið og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar foreldra X, sem var 15 ára á tjónsdegi, hjá V. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 3. febrúar 2022. M vísar til 1. mgr. 43. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en af henni leiði að akstur reiðhjóls á göngustíg sé aðeins heimill valdi hann gangandi vegfarendum ekki hættu eða óþægindum. Þá sé aðeins heimilt að aka reiðhjóli um göngustíg sé þess gætt að ekki sé farið hraðar en sem nemi almennum gönguhraða. Fram komi í lögregluskýrslu, dags. 9. júlí 2021, að M hafi verið á 10 kílómetra hraða en X á 25 kílómetra hraða, sem sé langt umfram það sem heimilt sé. Þá hafi X ekki dregið úr hraðanum er hann nálgaðist gatnamót svo sem skylt sé. Fram komi í yfirlýsingu hans hjá lögreglu að tré hafi byrgt honum sýn við gatnamótin. Hefðu slíkar aðstæður átt að leiða til enn meiri aðgátar en ella. Sé því ljóst að X hafi valdið tjóninu með háttsemi sinni, og sé skilyrðum skaðabótaábyrgðar fullnægt. Þá verði tjón M ekki rakið til eigin sakar hennar, enda hafi hún farið gætilega og aldrei orðið X vör. Því er þá sérstaklega mótmælt að regla 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga, um forgang umferðar frá hægri eigi við í þessu tilviki enda eigi hún ekki við um akstur reiðhjóla.

Í bréfi V er vísað til þess að frásögn M af atburðum sé að finna í skýrslugjöf hennar hjá lögreglu, og sé því um einhliða frásögn að ræða sem ekki verði sjálfkrafa byggt á. Þannig sé ósannað á hvaða hraða M hafi verið en X hafi ekki verið spurður út í það við skýrslugjöf. X hafi ekið beint áfram eftir auðum göngustíg í aðdraganda atviksins, og hafi honum verið fullheimilt að aka á 25 kílómetra hraða á klukkustund. Sú staðreynd að M hafi komið hjólandi blint í veg fyrir X geri það ekki að verkum að sérstök aðgæsluskylda hafi hvílt á honum. Því er þá hafnað að hámarkshraði á vettvangi hafi verið sem nemi almennum gönguhraða, enda eigi sá áskilnaður aðeins við þegar hjólastígur liggi samhliða göngustíg enda beri hjólreiðamönnum þá að jafnaði að notast við hjólastíginn. Umræddur göngustígur sé ekki samhliða hjólastíg. Þá vísar V til 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga um forgang umferðar frá hægri. Er afstaða V því sú að ekki sé sýnt fram á að tjón M verði rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi X, heldur hafi verið um óhappatilvik eða eigin gáleysi M að ræða.

Álit.

X er einn hinna vátryggðu samkvæmt skilgreiningarkafla viðeigandi vátryggingarskilmála. Þá nær bótasvið vátryggingarinnar m.a. til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum sem einstakling enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Ágreiningslaust er að bæði M og X voru umrætt sinn á farartækjum sem falla undir skilgreiningar 30. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga á reiðhjóli. Þá er einnig ágreiningslaust að umrætt atvik átti sér stað á mótum tveggja göngustíga sem bæði M og X hugðust fara þvert yfir, og að X var M á hægri hönd. Aðila greinir hins vegar á um inntak 1. mgr. 43. gr. umferðarlaga, en þar kemur m.a. fram að heimilt sé að hjóla á gangstétt, göngustíg eða göngugötu, enda valdi það gangandi vegfarendum ekki hætti eða óþægindum. Sé hjólastígur samhliða gangstétt eða göngustíg skuli að jafnaði notast við hjólastíginn. Í slíkum tilvikum sé þó heimilt að hjóla á gangstétt eða göngustíg ef fyllsta öryggis er gætt og ekki er hjólað hraðar en sem nemur eðlilegum gönguhraða. Fallist verður á það með V að af ákvæði þessu leiði ekki að aðeins sé heimilt að hjóla á hraða sem samsvari eðlilegum gönguhraða á göngustíg, heldur eigi sú regla aðeins við þegar hjólastígur

er samhliða göngustíg en hjólreiðamaður kýs allt að einu að notast við göngustíg. Þrátt fyrir yfirlýsingu X fyrir lögreglu þess efnis að hann hafi verið á 25 kílómetra hraða á klukkustund er því ekki sýnt fram á að hann hafi verið á hraða sem var umfram leyfilegan hámarkshraða, eða hafi að öðru leyti brotið gegn hátternisreglum 43. gr., en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Hvað varðar ágreining aðila um hvort IV. kafli umferðarlaga sem ber yfirskriftina „umferðarreglur fyrir ökumenn“, þ.m.t. 4. mgr. 26. gr., eigi við um stjórnendur reiðhjóla, þá verður ekki annað séð en svo sé. Þannig eru reiðhjól skilgreind sem „ökutæki“ í lögunum og þó hugtakið „ökumenn“ sé ekki skilgreint sérstaklega í 3. gr. þeirra verður að líta svo á að undir það falli allir stjórnendur ökutækja. Í umræddum kafla er einnig að finna nokkrar sérreglur um hjólreiðamenn, sem falla þá undir gildissvið hans. Verður því að líta svo á að umræddur kafli laganna eigi við um stjórnendur reiðhjóla eftir því sem við getur átt. Leiðir af því að M bar, sbr. 4. mgr. 26. gr. að veita umferð frá hægri forgang við mót göngustíganna. Fyrir nefndinni liggja engar yfirlýsingar vitna og engin sjálfstæð rannsókn fór fram á tildrögum atviksins en fyrir liggur að bæði M og X gáfu skýrslur hjá lögreglu. Þar lýsir X atvikum m.a. svo að M hafi birst mjög skyndilega á reiðhjóli frá vinstri en M segist ekki hafa orðið vör við X í aðdraganda atviksins. Með vísan til alls þessa verður að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviks og þess að M hjólaði þvert yfir gatnamót án þess að gæta nægilega að umferð frá hægri. Hefur í öllu falli ekki verið sýnt fram á með fyrirliggjandi gögnum að það sé að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar foreldra X, hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 61/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. febrúar 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 15. mars 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur V dags. 28. mars 2022.
4. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 28. mars 2022.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni er hún var farþegi í hægra aftursæti bifreiðarinnar PG-427 (A) sem valt á Þorlákshafnarvegi um kl. eitt aðfaranótt 28. nóvember 2020. B, ökumaður A, var undir áhrifum áfengis. Tekið var úr honum blóð í þágu rannsóknar málsins kl. 2:25 og áfengismagn í því sýni mældist 1,6‰. Næst var dregið úr honum blóð kl. 3:26 og áfengismagn í því sýni mældist 1,47‰. Loks var tekið úr honum blóð kl. 4:29 og í því sýni mældist áfengismagn 1,32‰. Að mati Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, sbr. bréf dags. 27. janúar 2021, má ætla að áfengismagn í blóði B um það leyti sem slysið varð hafi verið um 1,9‰. Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir M að B hafi verið að leika sér að því að aka glæfralega fyrr um kvöldið og verið ölvaður. Í framburðarskýrslu sem tekin var af M hjá lögreglu þann 28. nóvember 2020 kvaðst M hafa drukkið áfengi umrætt kvöld og að allir sem voru í bílnum hafi verið undir áhrifum áfengis. B hafi ekið bifreiðinni á allt að 180-190 km/klst í aðdraganda slyssins en hún gat ekki sagt til um hversu hratt hann ók þegar bifreiðin valt. Kvað M ekki hafa séð B drekka meðan á akstrinum stóð eða eftir slysið og sagði jafnframt að B hafi sagt henni að hann væri drukkinn. Við skýrslutöku hjá lögreglu 3. desember 2020 kvaðst B viðurkenna að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis. Hann hafi svo ekið eftir Þorlákshafnarvegi í átt að Hveragerði á um 95-100 km hraða er vindhviða hafi komi á A og við það hafi A farið út af veginum og oltið. Næst muni hann eftir sér að eftir að hafa farið út úr A í gegnum framrúðuna og staðið svo fyrir utan A. Kvaðst B hafa verið búinn að drekka um 3-4 stóra bjóra í gleri, 500 ml að hann taldi. Hann kvaðst ekki hafa verið ölvaður en fundið lítillega til áfengisáhrifa, en hann hafi verð í *"mest ökuhæfasta ástandi"* af þeim sem voru í A og því hafi hann ekið. Hann hafi byrjað að drekka um kl. 21:00 og hætt að drekka skömmu áður en slysið varð. M gerði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A og samþykkti V bótaskyldu að 1/3 hluta.

M hafnar því að hún hafi vitað að ökumaður bifreiðarinnar hafi neytt áfengis fyrir aksturinn. Hvergi komi fram í lögregluskýrslu á hvaða tímapunkti umrætt kvöld M hafi orðið kunnugt um ölvun ökumanns. M hafi ekkert þekkt ökumanns, hafi hitt hann í fyrsta skipti umrætt kvöld. M hafi ekki vitneskju um ástand B fyrr en eftir að hún var sest upp í bíl.

V hefur hafnað greiðsluskyldu að hluta og telur að skerða eigi bætur til M um 2/3 hluta vegna stórfellds gáleysis. Telur V að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir svo miklum áhrifum áfengis að það gat ekki dulist M eða öðrum farþegum bifreiðarinnar þegar þeir tóku sér far með bifreiðinni fyrir slysið.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki ef magn vínanda í blóði hans nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti sem hann andar frá sér nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Enn fremur er mælt fyrir um það í 4. mgr. sömu lagagreinar að bætur fyrir líkamstjón má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

M var 17 og ½ árs gömul þegar slysið varð. Hún hafði verið með B í A nær samfellt frá kl. 22 um kvöldið fyrir slysið og m.a. komið við í bílskúr eða verkstæði þar sem B kvaðst hafa neytt áfengis. Þá verður að telja yfir allan vafa undirorpið að B var undir það miklum áfengisáhrifum að M gat ekki dulist ástand B að þessu leyti. Því getur ekki breytt þótt M hafi sjálf verð undir áfengisáhrifum. Af þeim sökum var hún meðvöld að líkamstjóni því sem hún varð fyrir af stórkostlegu gáleysi. Gáleysið var verulegt. Að öllu athuguðu, þar á meðal tiltölulega ungum aldur M, þykir rétt að skerða bætur til hennar um helming, sbr. einnig úrskurð nefndarinnar í máli nr. 414/2021 og að sama skapi telst hún eiga rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að helmingi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 62/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 14. febrúar 2020, er hann starfaði sem staðarhaldari á jörð í eigu X, hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Tildrög slyssins hafi verið þau að M var að huga að ástandi bygginga og lausamuna á jörðinni þar sem ofsaveður hafði geysað um nóttina. Hafi M staðið í skjóli við vélageymslu er öflug vindhviða feykti bárujárnsplötum sem legið höfðu við geymsluna á hann af miklu afli. Hafi ein platan skorist í vinstri fótlegg M með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega áverka og var fluttur með björgunarsveit á bráðadeild. M hafi í kjölfarið, hinn 25. ágúst 2021, krafist bóta úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X hjá V. Þeirri kröfu hafi verið hafnað með bréfi dags. 5. nóvember 2021, annars vegar á þeim grunni að atvikið félli ekki undir gildissvið vátryggingarinnar og hins vegar þeim að slys M væri ekki að rekja til atvika sem X bæri skaðabótaábyrgð á. M tekur fram að á þeim tíma sem slysið átti sér stað hafi verið unnið að því að skipta um bárujárn á því húsnæði sem vátryggingin taki til. Smiðir hafi verið að störfum við klæðningu þess og í lok dags hafi járninu verið staflað upp. Telur M ljóst að plöturnar, sem átti að festa á umrætt hús, hafi því verið fylgifé fasteignarinnar. Á eigendum fasteigna hvíli rík aðgæsluskylda til að rækja viðhald og umhirðu með fasteign þannig að þeir sem þangað eigi erindi verið ekki fyrir tjóni. Ljóst sé að umrætt sinn hafi frágangi verið ábótavant en plötunum hafi aðeins verið staflað upp þrátt fyrir að X hafi ekki getað dulist að von var á ofsaveðri á svæðinu. Hafi X því vanrækt eftirlit með fasteign sinni Þar sem vanbúnaður hafi verið á frágangi og viðhaldi bárujárnsplatnanna hafi X sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi og/eða athafnaleysi og sé skaðabótaskylda því fyrir hendi enda verði byggt á ströngu sakarmati megi rekja líkamstjón til vanbúnaðar fasteigna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar verði að mega rekja tjón til þeirrar húseignar sem getið sé um í vátryggingarskírteini. Bárujárnsplata sem legið hafi í stafla á jörðinni geti ekki talist hluti af hinni vátryggðu húseign, en afgangstimbri, hleðslugrjóti og bárujárni frá framkvæmdum á svæðinu hafi verið komið fyrir hjá geymsluskúr. Jafnvel þó litið væri svo á að bárujárnsplatan teldist hluti húseignarinnar hafi ekki verið sýnt fram á að slys M sé að rekja til atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á. Bárujárnsplatan hafi legið i stafla sem hafi verið fergjaður og staðið öruggur um nokkurn tíma. Hafi því verið gerðar ráðstafanir til að varna foki. Þá hafi M verið staðarhaldari á jörðinni og hafi vitað af bárujárnsplötunum er hann fór, að eigin frumkvæði út til að athuga með ástand bygginga og lausamuna á staðnum.

Álit.

Ágreiningur aðila snýst samkvæmt framansögðu einvörðungu að því hvort tjón M sé bótaskylt úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar X. Gildissvið fasteignatryggingar er afmarkað með þeim hætti að vátryggingin nær til þeirrar húseignar sem nefnd er í vátryggingarskírteini ásamt fylgifé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignar, sbr. 2. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála. Þá segir m.a. í skilmálum vátryggingarinnar um ábyrgðartryggingarlið hennar að vátryggingin nái aðeins til tjóns sem verði vegna húseignarinnar eða eignarhluta vátryggðs enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Tjón M má rekja til þess að bárujárnsplata, sem virðist hafa tengst framkvæmdum við umrædda húseign, og var staðsett í stafla við geymsluskúr, fauk á hann við vindhviðu. Verður ekki litið svo á að umrædd bárujárnsplata, sem var ekki áföst húseigninni á þessum tíma, verði talin hluti eða fylgifé húseignarinnar í ofangreindum skilningi. Verður því að telja umrætt tjónsatvik falla utan við gildissvið umræddrar

váryggingar, en aðeins er um að ræða kröfu í fasteignatryggingu X og liggur ekki fyrir að aðrar vátryggingar vegna starfsemi þess, eða framkvæmdaaðila við bárujárnsskiptin, séu til staðar. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna kröfu M og kemur þá hugsanlegt saknæmi þess að ganga frá plötunum með þeim hætti sem gert var ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 63/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Gatnamót.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V2, dags. 15. mars 2022.
3. Bréf V1, dags. 21. mars 2022.
4. Tölvupóstur M, dags. 23. mars 2022.
5. Skýrsla Aðstoðar&Öryggis um árekstur A og B, send með tölvupósti frá V2 26. apríl 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreið A, sem vátryggð er með ábyrgðartryggingu hjá V1, og bifreið B, sem vátryggð er með ábyrgðartryggingu hjá V2, hinn 12. febrúar 2022 á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar og Fjarðarhrauns. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið vestur Fjarðarhraun á hægri akrein gegn grænu umferðarljósi inn á gatnamót Hafnarfjarðarvegar í bílaröð sem hafi verið hæg og löng. Umferðarljós hefðu skipt frá grænu í rautt þegar hún hafi verið inni á gatnamótunum að reyna að komast yfir þegar bifreið B hafi verið ekið í hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið suður Hafnarfjarðarveg á vinstri akrein gegn grænu umferðarljósi inn á gatnamót við Fjarðarhraun þegar bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir hann gegn rauðu ljósi.

M, sem er ökumaður bifreiðar A, telur að alla sök eigi að leggja á bifreið B þar sem hann hafi ekið án aðgæslu í hlið bifreiðar hennar á gatnamótum. M kveðst hafa ekið inn á gatnamótin gegn grænu ljósi en umferð fyrir framan hana hafi hægt verulega á sér þannig að hún hafi verið föst á gatnamótunum þegar rautt ljós kviknaði. M telur að bifreið B hafi verið ekið af stað á gatnamótunum þrátt fyrir bílaröðina.

V2 vísar til 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem segir að ökumaður á vegamótum sem stjórnað sé með umferðarljósum eigi ekki að aka inn á þau ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt. Það hafi M sem ökumaður bifreiðar A hins vegar gert og beri því alla sök á árekstrinum. V2 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

M tekur fram í viðbótarathugasemdum sínum dags. 23. mars 2022 að V2 taki ekki mið af öllu því sem komi fram í 10. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem þar komi einnig fram að eigi megi aka af stað eftir að grænt ljós hafi kviknað hafi umferð úr þverstæðri átt ekki komist út af gatnamótunum. M telur að hún hafi ekki getað séð fyrir að bíll fyrir framan hana myndi hægja á sér þar sem veður og færð hafi verið góð. Einnig bendir M á að aðrir ökumenn sem óku í sömu átt og bifreið B hafi ekki ekið á bíla sem voru inni á gatnamótunum.

Álit.

Eins og fram kemur í röksemdum M og V2 kemur fram í 10. mgr. 26. gr. núgildandi umferðarlaga nr. 77/2019 að sérstök aðgæsluskylda sé á ökumönnum sem aka inn á vegamót þannig að þeim verður að vera ljóst af aðstæðum í umferðinni að þeir muni komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð úr þverstæðri átt. Þessa bar M sem ökumanni bifreiðar A að gæta. Einnig kemur fram í sömu málsgrein að ökumenn sem aka inn á vegamót megi eigi aka af stað eftir að grænt ljós hefur kviknað hafi umferð úr þverstæðri átt ekki komist út af gatnamótunum. Þessa bar ökumaður bifreiðar B að gæta.

Í tjónsskýrslu vegna málsins koma ekki fram upplýsingar um vitni að aðdraganda árekstursins eða aðrar upplýsingar sem geta varpað ljósi á mat M á því hvort hún kæmist yfir vegamót áður en grænt ljós kviknaði fyrir umferð úr þverstæðri átt. M ber hallann af sönnunarskorti um það en hins vegar kemur heldur ekkert fram um að ökumaður bifreiðar B hafi haft skert útsýni á vegamótin þegar hann ók inn á þau.

Af þessu verður því ekki annað ráðið en að hvorugur ökumaður hafi gætt nægilega að umferð á vegamótunum áður en þau óku inn á þau gegn grænu ljósi. M sem ökumaður bifreiðar A getur ekki sýnt fram á með skýrum hætti að mat hennar á aðstæðum hafi verið rétt um að gatnamótin næðust að hreinsast áður en rautt ljós kviknaði fyrir umferð í hennar akstursátt og ökumaður bifreiðar B getur ekki sýnt fram á að gatnamótin hafi verið hreinsuð þegar hann ók inn á þau úr þverstæðri átt við bifreið A. Við mat á sök hvors ökumanns um sig verður ekki gerður sá greinarmunur á aðgæsluleysi þeirra að máli skipti við sakarskiptingu og verður sök skipt til helminga m.v. öll gögn málsins.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 64/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstar M dags. 24. mars 2022 og 29. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í slysi fyrir utan heimili sitt þann 19. október 2021. M lýsir atvikum þannig að hún hafi verið að toga kerru upp innkeyrsluna hjá sér og við það hafi hún brotið fingur. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar vegna slyssins. Afstaða félagsins byggir á því að í læknisfræðilegum gögnum kemur fram að M hafi lent í átökum við bróður sinn og við það hlotið högg á hægri hendi. Vísar V til 19. gr. skilmála vátryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli.

M telur niðurstöðu V ranga enda hafi slysið ekki orðið í handalögmálum. Skráning í sjúkraskrá slysadeildar Landspítalans sé röng og byggð á misskilningi. M kveðst ekki hafa lent í líkamlegum átökum við bróður sinn, heldur hafi hún lent í ágreiningi við hann sem kom tjóninu ekki við. Hjúkrunarfræðingur á slysadeildinni hafi ranglega skrifað í sjúkraskrá að slysið mætti rekja til átaka hennar við bróður sinn. Hið rétta er að slysið hafi gerst á þann hátt að hún var að tæma kerru fyrir utan húsið sitt og við það slasast á baugfingri hægri handar. Hún hafi gert ítrekaðar tilraunir til að fá skráningu slysadeildar breytt.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort slys M sé bótaskylt úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar. Samkvæmt vátryggingarskilmálum V fyrir slysatryggingu þá sem hér er til skoðunar greiðir vátryggingin bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir enda leiði slysið m.a. til tímabundins missis starfsorku eða varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Þó bætir vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður m.a. fyrir í handalögmálum nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástands þessa og slyssins. Í tjónstilkynningu sem M sendi til V þann 19. nóvember 2021 er tildrögum slyssins ekki lýst. V aflaði læknisfræðilegra gagna frá Landspítalanum þar sem fram kemur að M hafi slasast í átökum við bróður sinn. Eru það einu samtímagögnin þar sem finna má lýsingu á tjónsatvikinu. Af hálfu M hafa ekki verið lögð fram gögn sem hnekkja þeirri atvikalýsingu. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 65/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verkframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. mars 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfaranótt mánudagsins 7. febrúar 2022 hafi orðið tjón á bifreið í eigu M þegar frauðplast og annað drasl frá byggingarsvæði þar sem X var að störfum fauk á hana. Með bréfi, dags. 24. febrúar 2022, hafnaði V kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X, þar eð félagið teldi tjón hennar ekki að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X. Þá kemur fram í bréfi V að gengið hafi verið frá vinnusvæðinu á fullnægjandi hátt og gripið til ráðstafana til að varna foki. Stæður af einangrunarplötum hafi verið strappaðar saman, en ein stæðan hafi oltið á hliðina í óveðri um nóttina og plötur úr henni brotnað og minni bútar fokið burt. M mótmælir þessu sérstaklega, enda hafi plöturnar sem fuku ekki verið minni háttar og hafi þær valdið umfangsmiklu tjóni á bifreið M og öðrum bifreiðum. Starfsmenn X hafi þá varið stórum parti mánudagsins í að taka saman og hafi þeir fyllt margar kerrur af efni sem fokið hafi um nærliggjandi svæði. Fullyrðingar um að um minniháttar brot hafi verið að ræða og að frágangur hafi verið fullnægjandi standist því ekki skoðun. Þá hafi ítrekað verið kvartað undan frágangi við umrætt byggingarsvæði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að það hvíli á M að sýna fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Af gögnum málsins verði ekki talið sýnt fram á að frágangur einangrunarplatnanna hafi verið óvenjulegur eða honum ábótavant. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem renni stoðum undir það að X hafi haft tök á því að bregðast við í tæka tíð eða hefði átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna veðurs í aðdraganda tjónsins. Þá liggi ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á að umgengni hafi almennt verið ábótavant á svæðinu. Hallann af þessum sönnunarskorti beri M. Það sé því afstaða V að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að tjón hafi orðið á fleiri bifreiðum umrædda nótt vegna foks frá byggingarsvæðinu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hennar verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Í málflutningi sínum byggir M m.a. á því að umgengni hafi verið ábótavant á umræddu vinnusvæði og að ítrekað hafi verið kvartað vegna þess. Engin gögn liggja hins vegar fyrir nefndinni sem renni stoðum undir þær staðhæfingar. Samkvæmt upplýsingum frá X var gripið til ráðstafana til að varna foki frá vinnusvæðinu, þ.e. stæður af einangrunarplastplötum á svæðinu voru „strappaðar saman fyrir storminn.“ Af gögnum málsins má svo ráða að slík stæða hafi oltið á hliðina í vindhviðu með þeim afleiðingum að plötur úr henni brotnuðu og fuku m.a. á bifreið í eigu M þannig að tjón varð af. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að fyrrgreindur frágangur hafi verið óvanalegur eða að það verði metið X til gáleysis að hafa ekki gengið frá plötunum með öðrum hætti með tilliti til veðurfars. Hefur þannig ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V+.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 66/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Bifreiðastæði. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 31. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 4. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreið A, sem vátryggð er með ábyrgðartryggingu hjá V1, og bifreið B, sem vátryggð er með ábyrgðartryggingu hjá V2, hinn 6. janúar 2022 á bifreiðastæði við Stóru Vogaskóla í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Ekki liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning frá ökumönnum eða skýrsla lögreglu vegna árekstursins heldur var gerð grein fyrir atvikum sjálfstætt af hálfu hvors um sig. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið áfram eftir akstursleið á bifreiðastæði og að bifreið B hafi „..svínað fyrir mig þar hann er vinstra megin við [A] sem er á akstursleið að bílastæði sínu. [B] gaf ekki stefnuljós að hann ætlaði að beygja viðrst ekki sinna varúð til hægri.“ Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið að leggja í bílastæði með því að bakka mjög hægt þegar bifreið A hafi verið ekið hlið bifreiðar B. Í viðbótarupplýsingum kemur fram að bifreið B hafi verið svo til kyrrstæð þegar árekstur varð þar sem ökumaður hafi verið að skipta „..yfir í bakk á sjálfskiptum bíl.“

V2 telur að bifreið A hafi verið ekið of hratt m.v. aðstæður og vísar til skýrslu kennda við PC-crash, sem félagið aflaði sérstaklega, þar sem leiddar eru líkur að því að bifreið A hafi verið ekið á 23-27 km/klst þegar árekstur varð. Á bifreiðastæði því sem árekstur varð á sé hámarksökuhraði hins vegar 15 km/klst skv. 6. mgr. 37. gr. og því hafi bifreið A verið ekið gegn fyrirmælum 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga um ökuhraða. V2 telur ekki orsakatengsl á milli háttsemi ökumanns bifreiðar B og árekstursins. Er ekki hægt að skilja afstöðu V2 öðruvísi en að félagið telji ökumann bifreiðar A bera alla sök á árekstrinum.

V1 telur alla sök liggja á ökumanni bifreiðar B þar sem hann hafi ekið aftur á bak án nægrar aðgæslu og þannig farið gegn fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Skýrslu um áætlaðan umferðarhraða bifreiðar A er mótmælt þar sem þær forsendur sem lagðar séu til grundvallar séu rangar eða eftir atvikum óljósar þar sem það sé ekki upplýst af hálfu V2 hvaða forsendur lagðar hafi verið fyrir skýrsluritara. Ekki sé sannað að ökumaður bifreiðar A hafi ekið of hratt m.v. aðstæður.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um akstur bifreiða í aðdraganda áreksturs. Ekki liggur fyrir skýrsla frá hlutlausum aðila um aðstæður á vettvangi eða framburð ökumanna. Af skýrslum beggja ökumanna verður hins vegar ekki annað ráðið en að þegar árekstur varð hafi ökumaður bifreiðar B verið á afar hægri ferð við akstur aftur á bak á bifreiðastæði á leið inn í stöðureit þegar bifreið A var ekið í hlið bifreiðar B. Verður ekki annað ráðið en að orsakatengsl séu milli aksturs beggja ökumanna í aðdraganda áreksturs og árekstursins sjálfs.

Við þann akstur aftur á bak bar ökumanni bifreiðar B að gæta sérstakrar varúðar, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ekki liggur með skýrum hætti fyrir hver aðdragandi þess að ökumaður bifreiðar B ók aftur á bak var, hvaða aksturssstefnu hann kom úr áður en ekið var áleiðis aftur á bak og hver fjarlægð við bifreið A hafi þá verið. Verður ökumaður bifreiðar B að bera hallann af þeim sönnunarskorti í ljósi sértakrar aðgæsluskyldu sinnar. Ber ökumaður bifreiðar B meginsök á árekstrinum, eða ¾ hluta sakar.

Af myndum af bifreiðunum og ástandi eftir áreksturinn verður hins vegar ráðið að nokkuð mikið högg hafi komið á bifreið B þegar bifreið A var ekið á hana. Slíkt högg verður ekki nema ökuhraði bifreiðar A hafi verið meiri en hámarkshraði á bifreiðastæðum eða meiri en 15 km/klst, sbr. 6. mgr. 37. gr.

umferðarlaga. Af sömu myndum og upplýsingum verður því ráðið að ökumaður bifreiðar A hafi ekið of hratt m.v. aðstæður á bifreiðastæðinu, þar sem almennt má vænta umferðar úr eða í stöðureiti. Ber hann því ¼ hluta sakar vegna áreksturs við bifreið B.

Mat nefndarinnar byggist hins vegar ekki á PC-crash skýrslu sem einhliða er aflað af hálfu V2 og hefur takmarkað sönnunargildi vegna þess, sem og að þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar þeim útreikningum sem í skýrslunni eru, hafa ekki skýra samsömun við atvik þau sem lýst er í öðrum gögnum málsins.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar (A) ber ¼ hluta sakar en ökumaður bifreiðar (B) ber ¾ hluta sakar.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 67/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: (A).

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Ásetningur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Ódags. viðbótarathugasemdir M.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 22. apríl 2022.

Málsatvik.

Í máskoti kemur fram að hinn 17. september 2021 hafi bifreiðin A, sem M ók en var í eigu vinnuveitanda hans, X, lent utan vegar við Elliðavatnsveg. M telji ágreining málsins tvíþættan, þ.e. snúa annars vegar að því hvort hann hafi vísvitandi verið valdur að tjóni sínu og svo því hvort hann hafi orðið fyrir líkamstjóni. Í kjölfar þess að M hafi tilkynnt tjón sitt til V og krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns hafi félagið hafnað bótaskyldu og kært M til lögreglu fyrir tilraun til fjársvika. Rannsókn málsins hafi tvívegis verið tekin upp hjá lögreglu og síðar felld niður og hafi ekkert komið fram sem bendi til sektar M. Hafni M því alfarið aðdróttunum V um að hann hafi vísvitandi verið valdur að tjóni sínu í þeim tilgangi að hafa fé af V. Það sé ekki á ábyrgð M að afsanna fullyrðingar V heldur beri félagið alfarið sönnunarbyrði fyrir fullyrðingum um refsiverða háttsemi eða eigin sök M. Ekkert í gögnum málsins styðji slíkar fullyrðingar. Hvað varði líkamstjón M þá hafi hann strax leitað læknis vegna áverka sinna sem síðar hafi verið staðfestir af sérfræðingi í bæklunarlækningum. Sé því sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra áverka sem M reki til þess.

Í bréfi V kemur fram að samkvæmt lögregluskýrslu um atvikið, dags. 23. september 2021, sé haft eftir M að hann hafi heyrt hljóð frá bifreiðinni og því farið úr henni til að athuga hvað væri að. Hann hafi ekki séð neitt athugavert og því haldið ferð sinni áfram. Þegar hann hafi komið að beygju hafi hann ætlað að hægja á sér en bremsurnar ekki virkað og A hafnað utan vegar. Þegar lögregla spurði hann hvernig bifreiðin hefði þá að endingu stöðvast hefði hann fyrst svarað því til að lúpínurnar hefðu stöðvað hana en síðar bætt því við að hann hefði tekið í handbremsuna. Í síðari framburðarskýrslu segist M þó hafa tekið í handbremsuna eftir að A hafði staðnæmst. Halli á vettvangi hafi, samkvæmt fyrirliggjandi PC-Crash skýrslu, verið slíkur að hemlar hafi verið nauðsynlegir til að stöðva bifreiðina. Við skoðun lögreglu á vettvangi hafi bremsufetill virst vera í lagi. Við skoðun bifvélavirkja á A hafi þá komið í ljós skemmdir á bremsuröri bifreiðarinnar sem virtust vera eftir klipputöng, en fremur bitlitlar klippur hafi fundist í glasahaldara í A. Virðist sem reynt hafi verið að klippa á bremsurörin með tönginni, og laufblað á tönginni kunni að benda til þess að hún hafi verið notuð eftir að A lenti utan vegar. Samkvæmt framansögðu sé framburður M um að bremsuleysi A hafi valdið útafakstri hennar ótrúverðugur. Vitni sem ekið hafi á eftir A beri að A hafi fyrst verið ekið framhjá slysstað og inn á bifreiðastæði við Vífilsstaðavatn en þá snúið við og ekið aftur til baka. Þá standist ekki lýsingar M á því hvernig meiðsli hans hafi komið til auk þess sem misræmi sé í framburði M í frumskýrslu lögreglu annars vegar og framburðarskýrslu hins vegar. Bendi gögn því til þess að vátryggingaratburði hafi verið valdið af ásetningi, sbr. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Í viðbótarathugasemdum mótmælir M í fyrsta lagi niðurstöðu og sönnunargildi PC-Crash skýrslu sem félagið hafi einhliða aflað án samráðs við M sem ekki hafi átt þess kost að gæta hagsmuna sinna við gerð skýrslunnar. Þá eru gerðar ýmsar athugasemdir við hæfi skýrsluhöfundar auk þess sem útreikningar af þessu tagi brjóti gegn persónuréttindum tjónþola hafi hann ekki veitt skýrt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Þá er því mótmælt að M hafi unnið skemmdir á bremsubúnaði A enda séu engar sannanir fyrir þeirri háttsemi og rannsókn lögreglu leitt í ljós að ásakanir V ættu ekki við rök að styðjast.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að höfundur PC-Crash skýrslunnar hafi mikla reynslu og sérmenntun á því sviði. Þess utan byggi V afstöðu sína aðallega á lögregluskýrslu og framburði kæranda

hjá lögreglu. Í andsvörum kæranda sé ekki að finna nein haldbær andsvör eða rök gegn afstöðu V. Þá er að lokum bent á að aðrar sönnunarkröfur eigi við um ágreining í einkamálum en sakamálum.

Álit.

V byggir höfnun sína á 1. mgr. 89. gr. laga um vátryggingarsamninga en þar kemur fram að vátryggingafélag beri ekki ábyrgð valdi vátryggður því af ásetningi að vátryggingaratburður verður. Kemur þá til skoðunar hvort sýnt sé að M hafi valdið umræddu tjóni af ásetningi. Rétt er að árétta að hvað varðar útreikninga í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, og verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað með þessum hætti heldur þarf að líta heildstætt til allra fyrirliggjandi gagna. Engin vitni virðast hafa orðið að umræddu atviki en fyrirliggjandi er skýrsla lögreglu sem kvödd var á vettvang. Lýsti M þá atvikum svo að hann hafi ætlað að hægja á sér við beygju en bremsurnar ekki virkað og bifreiðin hafnað utan vegar. Áður hefði hann heyrt hljóð frá bifreiðinni og stöðvað hana án þess að neitt athugavert kæmi í ljós. Aðspurður um hvernig bifreiðin hefði staðnæmst eftir að hún lenti utan vegar hefði M svarað því til að „lúpínurnar hefðu stöðvað bifreiðina“, en síðar hefði hann svo bætt því við að hann hefði tekið í handbremsuna. V byggir m.a. á því að í síðari framburðarskýrslu sinni hafi M sagst hafa tekið í handbremsuna eftir að A staðnæmdist og bendi það ekki til þess að hann hafi stöðvað bifreiðina með handbremsu. Þá bendir V einnig á misræmi í framburði M á vettvangi og síðari framburði hans. Síðari framburðarskýrsla M er hins vegar ekki meðal fyrirliggjandi gagna og verður því ekki byggt á henni við niðurstöðu nefndarinnar. Þá kemur fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að við skoðun lögreglu á A hafi bremsufetill virst í lagi, auk þess sem lýsing M á tildrögum meiðsla á mjóbaki virðist ekki eiga við rök að styðjast. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 22. september 2022, um rannsókn málsins kemur þá fram að ekkert sýnilegt hafi verið á vettvangi er hafi valdið því að A stöðvaðist skyndilega. Samkvæmt bifvélavirkja sem skoðaði A eftir atvikið hafi enginn þrýstingur verið á bremsunum og aðvörunarljós í mælaborði vegna þeirra. Hafi skemmdir verið á bremsuröri að framan en einnig hefði töng verið í glasahaldara bifreiðarinnar. Þá liggur fyrir lögregla felldi niður rannsókn málsins þar sem ekki þótti grundvöllur til að halda henni áfram. Samandregið og án frekari gagna liggur því fyrir að ekki er að ljóst hvað olli því að bifreiðin hafnaði utan vegar og stöðvaðist síðar, þ.e. hvort M stöðvaði hana með handbremsu eins og segir í fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Þá er ekki sýnt fram á, af þeim takmörkuðu gögnum um rannsókn lögreglu sem liggja fyrir nefndinni, að M hafi valdið skemmdum á bremsubúnaði bifreiðarinnar, sem var í eigu vinnuveitanda hans, þrátt fyrir að töng hafi fundist í henni og skemmd hafi verið á bremsuröri líkt og eftir töng. Með vísan til framangreinds og þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að M hafi valdið umræddu tjóni af ásetningi og verður V að bera hallann af því. Er bótaréttur því til staðar að því marki sem M getur sýnt fram á tjón sem rakið verði til umræddrs atviks.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 68/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sjúkdómur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur aðila snúi að því hvort sjúkdómur sem M hafi greinst með falli undir þá skilgreiningu vátryggingarskilmála að vera „illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi“ og hvort M eigi þá á grundvelli þess rétt á bótum úr vátryggingunni.

M vísar til þess að samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrám komi fram að nauðsynlegt hafi verið að framkvæma aðgerð á M en grunur hafi verið um dreifðan, illkynja sjúkdóm, en við myndgreiningu hafi fjórir hnútar greinst í lungum hans. Hafi uppskurður verið nauðsynlegur til að koma í veg fyrir dreifingu illkynja fruma sem hafi verið orðnar ífarandi og vaxið í lungnavef M.

Þá kemur fram að með bréfi dags. 26. mars 2021 hafi V hafnað bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu M. Afstaða V byggi á því að í 4. gr. viðeigandi skilmála komi fram þeir sjúkdómar, aðgerðir og ástand sem leitt geti til bótaréttar úr viðeigandi vátryggingu. Meðal þeirra þátta sem um ræði sé krabbamein, illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Í tilviki M verði ekki séð að einkenni þau og sjúkdómsgreiningar sem fram komi í fyrirliggjandi sjúkragögnum falli undir slíka skilgreiningu. Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V þessa afstöðu. M hafi verið lagður inn á sjúkrahús vegna gruns um lungnaþembu og krabbamein og hinn 19. ágúst 2020 hafi verið framkvæmdur svokallaður fleygskurður á lungum og sýni tekið til greiningar. Niðurstöður hafi sýnt að um bólgur í lungnavef, en ekki krabbamein, hafi verið að ræða og því séu skilyrði fyrir greiðslu bóta ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að vorið 2019 hafi M verið greindur með hnúta í efra blaði hægra lunga, en einnig hnút í neðra blaði sama lunga og annan minni í vinstra lunga. Því hafi verið æxli í líkama hans sem kallað hafi á uppskurð, en talið hafi verið að um krabbamein væri að ræða eða að mikil hætta væri á ferðum. M hafi því misst hálft lunga vegna æxlis sem hann telji illkynja. Eftir uppskurðinn hafi komið í ljós að ekki var um krabbamein að ræða heldur „granuloma“. Skilgreiningin á æxli sé þá sú að um kýli eða bólguhnút í líkama sé að ræða og því hafi umræddir hnútar i líkama M verið æxli í tryggingafræðilegum skilningi. Krefst M því bóta úr sjúkdómatryggingu sinni.

Álit.

Í 4. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála er að finna upptalningu þeirra sjúkdóma, aðgerða eða tilvika sem vátryggingin tekur til. Ágreiningur aðila snýst um það hvort tilvik M falli undir eftirfarandi skilgreiningu: „Krabbamein (Cancer) Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi.“ Af þessu leiðir að svo bótaskylda sé til staðar á grundvelli þessarar skilgreiningar þarf að vera sýnt fram að framangreindir eiginleikar sjúkdóms séu til staðar og sönnunarbyrði þess hvílir á tjónþola. Fyrirliggjandi er útskrift úr sjúkraskrá M en engin frekari læknisfræðileg gögn, eins og t.a.m. vottorð sérfræðilæknis um að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Af lestri á sjúkraskrá M má ráða að ekki hafi verið um krabbamein að ræða heldur hnúta og lungnaþembu. Þá verður ekki skýrlega ráðið af sjúkraskrá að einkenni þessa hafi verið stjórnlaus vöxtur og dreifing illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni er það því mat nefndarinnar að ekki hafi tekist að sýna fram á að ofangreind skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt og verður því að hafna kröfu M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 69/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Bótafjárhæð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Atvik þessa máls má rekja til leka úr vatnslögnum fasteignar M sem tilkynnt var til V þann 24. júní 2019. Vatnsskemmdir voru á gólfi annarrar hæðar og á lofti herbergis fyrstu hæðar (kjallara hússins). V samþykkti bótaskyldu og fékk verktaka á sínum vegum til þess að framkvæma viðgerðir eftir lekann. Viðgerðin fór fram í febrúar 2020 og var þá meðal annars gert við loft herbergis í kjallara fasteignarinnar. Í lok desember 2021 hafði M aftur samband við V eftir að M varð vör við undarlega lykt í umræddu herbergi og grunaði M að lyktin tengdist myglu. V sendi tjónamatsmann á staðinn sem taldi mögulegt að mygla væri til staðar og að orsök hennar væri líklegast kuldaskil á útvegg sem orsakað geti rakamyndun í útveggjum. Upplýsti V að endurbætur sem framkvæmdar voru eftir lekann í júní 2019 hafi verið frágengnar á sama hátt og var komið að þeim þ.e. engu hafi verið breytt í uppsetningu og frágangi útveggja. Hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess að vátryggingin tæki ekki á slíkum lekavandamálum. M telur að tjónið megi rekja til ófullnægjandi frágangs eða skorts á einangrun við útvegg sem stafi af ófullnægjandi vinnu eða frágangi verktaka V. Engin merki um myglu hafi verið í herberginu fyrir lekann 2019 en herbergið hafi verið notað sem svefnherbergi í mörg ár og engin lykt eða grunur um myglu hafi komið upp áður. V hafi ekki lagt fram haldbærar lýsingar, skýrslur eða myndir til grundvallar niðurstöðu sinni. Eingöngu sé vísað til orða undirverktaka.

V hefur hafnað greiðslu frekari bóta úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar og vísar til þess að tjónið í júní 2019 hafi verið að fullu bætt með viðgerð sem framkvæmd var í byrjun ársins 2020. Ekkert í gögnum málsins bendi til annars en að viðgerðin hafi verið framkvæmd í samræmi við góðar venjur og að verktakinn hafi skilið við húseignina í sama ástandi og hún í fyrir tjónið. Það sé þar með ósannað að fúkkalykt og hugsanleg mygla sem nú er kominn upp tengist fyrra tjóni eða viðgerðinni með nokkrum hætti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort ætlaður raki og mygla í herbergi fasteignar M megi rekja til ófullnægjandi viðgerðar eftir leka sem upp kom í fasteigninni í júní 2019. Sönnunarbyrði um það að viðgerðin hafi verið ófullnægjandi hvílir á M. Hefur M ekki lagt fram nein sönnunargögn svo sem matsgerð eða álitsgerð sérfróðs aðila sem sýna fram á að tjónið megi rekja til ófullnægjandi viðgerðar verktaka sem komu að viðgerð eftir lekann 2019. Slík sönnunargögn eru til þess fallin að varpa ljósi á orsök raka og myglu og hvort orsakatengsl séu milli tjónsins og viðgerðar verktaka á vegum V í febrúar 2020. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum sem teknar voru á viðgerðartíma má sjá að mjög umfangsmiklar viðgerðir fóru fram eftir tjónið 2019. Álit starfsmanna V og verktakans sem framkvæmdi viðgerðina er að viðgerðin hafi verið framkvæmd í samræmi við góðar venjur og að skilið hafi verið við fasteignina í sama ástandi og hún var í fyrir tjónið. Hefur því mati ekki verið hnekkt. Af því leiðir að M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 70/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Slys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 27. desember 2017 orðið fyrir slysi vegna starfa sinna. Slysið hafi orðið með þeim hætti að hann hafi runnið í hálku, dotti og lent mjög illa með þeim afleiðingum að varanlegur miski hafi verið metinn 5 stig með matsgerð dags. 18. mars 2021. M hafi sent V tölvupóst 4. febrúar 2021 til að kanna hvort samkomulag næðist um að láta tiltekin lækni meta afleiðingar slyssins og hafi V í kjölfarið óskað eftir ástæðu þess að M hafi ekki farið fyrr í mat sökum þess að vottorð heimilislæknis hafi legið fyrir um mitt ár 2020. V hafi svo sent tölvupóst 4. mars 2021 og hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að matsfundur hafi ekki farið fram innan þriggja ára frá slysdegi í samræmi við gr. 13.2.5 í skilmálum SÞ20. M ber fyrir sig að hvergi sé tekið fram hvaða réttaráhrif það hafi að meta örorku þremur árum eftir slysdag. Matsfundur hafi ekki getað farið fram fyrr en meðferð M hafi lokið og þessar upplýsingar hafi komið fram í læknisvottorði 15. maí 2020. V hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag eða upplýst að það hygðist bera fyrir sig ákvæði skilmálanna. Einnig vísar M til 36. gr. og 36. gr. c laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, um að víkja beri til hliðar ákvæði skilmálanna þar sem ósanngjarnt væri af atvikum öllum að V bæri það fyrir sig.

Í bréfi V kemur fram að slysið hafi orðið 27. desember 2017 og það hafi verið tilkynnt V 22. mars 2018. Vottorð heimilislæknis sé dagsett 15. maí 2020 og síðan hafi borist tölvupóstur lögmanns M 4. febrúar 2021. Þá hafi V hafnað að standa sameiginlega að mati með M og vísað til skilmálanna þar sem fram komi að örorku skuli að jafnaði meta einu ári eftir slysið. Í bréfi V kemur einnig fram að það hafi aldrei verið óskað eftir framlengingu á matsfresti og það sé staðfest í dómum Hæstaréttar að ákvæði í skilmálum sem kveða á um að mat skuli fara fram á tilteknu tímabili og ekki síðar en þremur árum eftir slysdag séu hvorki óeðlileg né óvenjuleg í skilningi ákvæða 36. gr. og 36. gr. b laga nr. 7/1936. Að auki vísar V í úrskurði nefndarinnar í sambærilegum málum.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um gildissvið ákvæðis 13.2.5 í vátryggingarskilmálum V þar sem gert er ráð fyrir því að örorka sé metin innan þriggja ára frá slysdegi. Ljóst er af gögnum málsins að M gerir kröfur um greiðslu bóta vegna slyss sem átti sér stað 27. desember 2017, á grundvelli matsgerðar sem er dags. 18. mars 2021, eða rúmum fjórum árum eftir slysið. Þegar ákvæði vátryggingarskilmálanna er metið með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 640/2017 verður ekki komist hjá því að líta svo á að með þeim dómi hafi rétturinn staðfest fyrri niðurstöðu sína í máli nr. 22/2004 um að einhliða samin ákvæði um matsfrest í vátryggingarskilmálum væru hvorki óeðlileg eða óvenjuleg þannig að víkja bæri þeim til hliðar á grundvelli 36., 36. gr. b eða 36. gr. c laga nr. 7/1936. Þá er ekki sýnt fram á að V hafi samþykkt að víkja frá framangreindu skilmálaákvæði og er kröfu M því samkvæmt framansögðu hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 71/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A), (B) og (C).

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 17. mars 2022, ásamt loftmyndum og svipmyndum af heimiluðum akstursleiðum, skýrslu A&Ö, dags. 3. apríl 2021 og niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli 88/2021.
3. Bréf V2, dags. 3. maí 2022, ásamt úrskurði í máli nefndarinnar nr. 299/2020.
4. Ódagsettar athugasemdir.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreiðum B og C í hringtorgi við gatnamót Nýbýlavegar, Dalbrekku, Kársnesbrautar og Kringlumýrarbrautar hinn 3. apríl 2021. Bæði bifreiðar B og C eru vátryggðar með ábyrgðartryggingu hjá V2. Bifreið A er vátryggð með ábyrgðartryggingu hjá V1, en þeirri bifreið var einnig ekið inni í hringtorginu þegar árekstur varð með bifreiðum B og C.

Nánar tiltekið var bifreið A, sem M ók, ekið frá Dalbrekku inn í ytri akrein hringtorgsins með fyrirhugaða akstursstefnu á öðrum útakstri, framhjá Nýbýlavegi og að Kringlumýrarbraut. M kveðst hafa verið með stefnuljós til vinstri og þegar bifreið C hafi verið ekið, án stefnumerkis til hægri, áleiðis út úr hringtorginu af innri hring inn Nýbýlaveg og hafi ökumaður bifreiðar C hemlað og þá hafi bifreið B verið ekið á bifreið C. Ökumaður bifreiðar C kveðst hafa ekið á innri akrein hringtorgsins eftir að hafa ekið inn á það frá Kársnesbraut og ætlað út við Nýbýlaveg. Það þýðir að ökumaðurinn ók framhjá gatnamótum við Dalbrekku þar sem M, sem ökumaður bifreiðar A, ók inn í hringtorgið. Af myndum á vettvangi má ráða að innakstur af hringtorginu inn í Dalbrekku sé bannaður, en á vettvangi eru umferðarmerki sem sýna það greinilega. Þegar ökumaður bifreiðar C hemlaði í innri hring hringtorgsins, að hans sögn vegna þess að hann vildi koma í veg fyrir að hann myndi aka á bifreið A sem var ekið á ytri akrein hringtorgsins, var bifreið B ekið á bifreið C. Ökumaður bifreiðar B ók að sögn á innri akrein hringtorgsins og leit til vinstri eftir umferð á sama tíma og hann telur að bifreið C hafi verið nauðhemlað til að koma í veg fyrir árekstur við bifreið A. Við það lenti bifreið B í hlið bifreiðar C.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna skipti sök þannig að ökumaður bifreiðar B var talinn bera helming sakar vegna áreksturs við bifreið C fyrir að gæta ekki að umferð fyrir framan sig og M, sem ökumaður bifreiðar A helming sakar fyrir að virða ekki forgang bifreiðar C af innri hring hringtorgs.

M telur að sök hafi ranglega verið lögð á hana sem ökumann bifreiðar A og vísar til þess að ökumaður bifreiðar C hafi ekki gefið til kynna með stefnuljósi að hann ætlaði út úr hringtorginu við Nýbýlaveg og þannig hafi hann ekið gegn fyrirmælum 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Einnig bendir M á að árekstur megi fyrst og fremst rekja til þess að ekki hafi verið nægilegt bil milli bifreiðanna B og C, ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður og gegn fyrirmælum c.liðar 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga um sérstaka aðgæsluskyldu í hringtorgum.

V1 telur að M eigi ekki að bera sök vegna árekstursins og telur að skipta eigi sök milli ökumanna bifreiða B og C. Annars vegar vegna þess að ökumaður bifreiðar C hafi ekið gegn fyrirmælum í 2. ml. 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga þar sem segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Það hafi ökumaður bifreiðar C ekki gert auk þess sem hann hafi brotið gegn i.lið 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga með því að gefa ekki stefnuljós. Hins vegar vegna þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess hafa nægt bil milli bifreiða þegar hann ók á eftir bifreið C á akrein á innri hring hringtorgsins.

V2 telur að árekstur bifreiða B og C megi rekja til aksturslags bifreiðar A þar sem ökumaður þeirrar bifreiðar (M) hafi ekki farið eftir fyrirmælum 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga þar sem segir að ökumaður á ytri hring skuldi veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr hringtorginu og skapaði þannig að

mati V2 hættu fyrir ökumenn bifreiða B og C. Vísað er til úrskurðar nefndarinnar í máli 299/2020 þeirri niðurstöðu til stuðnings.

Álit.

Eins og fram kemur hér að ofan er ágreiningur um hvort M, sem ökumaður bifreiðar A, beri einhverja ábyrgð á árekstri bifreiðanna B og C í hringtorgi, hvar hægt er að aka af hringtorginu inn á Kársnesbraut, Nýbýlaveg og á aðrein að Kringlumýrarbraut og af hringtorginu inn á þær götur. Einnig er hægt að aka inn á hringtorgið af Dalbrekku en umferðarmerki banna hins vegar útakstur af hringtorginu inn Dalbrekku.

Árekstur milli bifreiða B og C varð inni í hringtorginu þegar bifreið C var hemlað í þann mund sem ökumaður hennar ætlaði að aka úr úr hringtorginu við Nýbýlaveg af innri hring þess eftir að hafa ekið inn á það af Kársnesbraut, framhjá gatnamótum við Dalbrekku, þ.e. á öðrum gatnamótum. Ekki liggja fyrir næg sönnunargögn sem sýna að akstur bifreiðar C hafi verið frá Dalbrekku inn á hringtorgið.

Þó útakstur sé bannaður með umferðarmerkjum við Dalbrekku verður 2. málsliður 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga ekki túlkaður þannig að háttsemi ökumanns bifreiðar C hafi farið gegn fyrirmælum hans, þ.e. að hann hafi farið út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum þess og hafi þannig átt að velja ytri hring í stað þess innri. Gatnamót við Dalbrekku heimila einungis akstur inn á hringtorgið en ekki út úr því, en skoðast samt sem áður sem gatnamót í skilningi fyrrnefnds 2. málsliðar. Þannig verður ekki séð að aksturslag ökumanns bifreiðar C hafi brotið gegn umferðarlögum með skýrum hætti, en ekki liggur fyrir sönnun á því að stefnumerki hafi ekki verið gefið og þannig farið gegn fyrirmælum i. liðar 3. mgr. 33. gr. umferðarlaga, eins og M heldur fram. Verður M einnig að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Ástæða þess að bifreið B var ekið á bifreið C var sú að bifreið C var hemlað. Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga segir að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Einnig segir þar að þess skuli að jafnaði gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Af framburði ökumanns bifreiðar B, sem ekið var á eftir bifreið C, má ráða að hann hafi ekki gætt þessa nægilega vel að hafa nægilegt bil milli bifreiða, auk þess sem sérstök skylda hvíldi á honum skv. c. lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga að aka nægilega hægt m.v. aðstæður. Auk þessa leit ökumaður bifreiðar B til vinstri við akstur inn á hringtorgið. Ber ökumaður bifreiðar B því meginsök á árekstrinum, eða 2/3 hluta hennar.

Í 3. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Á þessu varð misbrestur af hálfu ökumanns bifreiðar A sem leiddi til þess að bifreið C var hemlað snögglega og vegna þess ber hún hluta sakar á árekstri bifreiða B og C, eða 1/3 hluta hennar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig vegna áreksturs bifreiðanna (B) og (C) að ökumaður bifreiðar (B) ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðarinnar (A) ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 72/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að verslun M sé rekin í fasteign sem skiptist í nokkra eignarhluta. M hafi ákveðið að ráðast í framkvæmdir, m.a. uppbrot flísa, í sínum eignarhluta. M hafi ráðið X til þess að koma upp vegg sem kæmi í veg fyrir að ryk bærist yfir í aðra eignarhluta. Eftir að slíkum vegg hafi verið komið upp, hafi M, aðfararnótt 13. mars 2015, framkvæmt uppbrot flísanna. Morguninn eftir hafi hins vegar komið í ljós að umræddur veggur hefði ekki dugað sem skyldi og hefði ryk borist í önnur verslunarrými í húsinu. Hafi M í kjölfarið, með dómi Landsréttar, verið dæmt til að greiða fyrirtækinu A bætur vegna þess tjóns sem hlaust af. Hefur M á grundvelli þessa krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafnaði kröfu þess með bréfi dags. 26. mars 2021. Vísar M til dóms Landsréttar en dómurinn hefði talið sannað að rykvörnum hefði verið ábótavant og að það hefði valdið tjóni A. M telji að X beri einn ábyrgð á vanbúnaði rykvarna enda hefði hann sett þær upp. X hafi verið ráðinn til að sinna framkvæmdum í verslunarrými M og hafi, sem menntaður smiður, haft næga þekkingu og reynslu til að setja upp vegg sem héldi ryki frá öðrum rýmum. Upphaflega hafi verið áformað að X sinnti einnig múrbroti en síðar hafi komið upp sú hugmynd að M sæi um það og hafi X lánað vélar til verksins. Veggurinn hafi verið settur upp á miðjum verktíma og sé vandséð hvaða öðrum tilgangi en rykvörnum hann hafi átt að þjóna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið sé ósammála málsatvikalýsingu M. Þannig hafi M óskað eftir því að X tæki að sér að taka niður glerveggi og létta tréveggi. Múrbrot hafi ekki verið hluti þeirra verka sem X hafi tekið að sér. Vegna þeirra verka sem honum var falið að vinna hafi X sett upp plastdúk sem hafi átt að þjóna þeim tilgangi að hefta rykmengun sem stafað gæti af fjarlægingu léttra tréveggja og hins vegar til að hefta umferð um vinnusvæðið. Mun minni rykmengun sé samfara fyrrnefndum verkum en múrbroti og hafi frágangur á rykvörnum verið til samræmis við það. Hafi dúkurinn sem X setti upp aldrei verið hugsaður sem rykvörn vegna uppbrots á flísum. Hafi X ekki vitað að M hygði á múrbrot umrædda nótt og hafi hann enga aðkomu haft að því verki. Skipti ekki máli í því samhengi að M hafi fengið brotvél að láni hjá X enda hafi M ekki leitað eftir leiðbeiningum hjá X, og X hafi ekki verið meðvitaður um að M hygðist nota umræddan plastdúk sem rykvörn.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Ber M því sönnunarbyrði þess að tjón það sem hlaust af ófullnægjandi rykvörnum verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Fyrir nefndinni liggja engin gögn er sýni fram á að samningur hafi verið milli M og X um að X hefði tekið að sér að reisa rykvarnarvegg sem kæmi í veg fyrir rykmengun frá múrbroti í aðliggjandi rými. Af dómi Landsréttar verður þá ekki séð að M hafi haldið því fram að X hefði séð um rykvarnir vegna uppbrots flísa. Í héraðsdómi, sem var hvað skaðabótaábyrgð M sem slíka varðaði staðfestur með vísan til forsendna, kemur þannig fram að það hafi verið M eða starfsmenn þess sem komu upp bráðabirgðarykvörnum, sem síðan reyndust að mati dómsins, ófullnægjandi. Þar sem ekki liggur fyrir að X hafi tekið að sér það verk að rykverja vegna múrbrots verður kröfu M, þegar af þeirri ástæðu, hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 73/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á helluborði á heimili M sem orsakaðist af því að 9 ára barn rakst í hnapp og kveikti undir tómum potti. Í kjölfarið brotnaði glerplata helluborðsins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu M og vísar til ákvæðis 9.5.3 í skilmála vátryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin bæti tjón af völdum brots á keramikhelluborði, eingöngu þegar það brotnar vegna óvænts og skyndilegs utanaðkomandi atburðar eftir að því hefur verið komið endanlega fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. V bendir á að ekkert óvænt, skyndilegt og utanaðkomandi hafi valdið tjóninu. Það sé í fyrsta lagi harla óvænt að það kvikni á hellu þegar verið er að setja hendur á helluborð sem kveikir á sér með snertingu, í öðru lagi þá þurfi dágóðan tíma til þess að ketill ofhitni og valdi tjóni á helluborði og því ekkert skyndilegt til staðar og í þriðja lagi sé enginn utanaðkomandi atburður þar sem tjónið má rekja til helluborðsins sjálfs og hita sem myndast innan þess.

M telur tjón sitt falla undir ofangreint ákvæði í skilmála vátryggingarinnar. Atburðurinn hafi verið óvæntur þar sem um var að ræða óhapp tengt barni og hann sé utanaðkomandi þar sem hann tengist ekki galla eða eðlilegri virkni helluborðsins sjálfs.

Álit.

Ágreiningur er um hvort tjón á helluborði sé bótaskylt úr fasteignatryggingu M. Í vátryggingarskilmála kemur fram að tjón á keramikhelluborði bætist svo lengi sem það brotnar vegna óvænts og skyndilegs utanaðkomandi atburðar. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Í málskoti kemur fram að helluborðið hafi ofhitnað þar sem óvart hafi verið kveikt undir tómum potti. Ofhitnun helluborðs sem leiðir til þess að það brotnar er atburður sem gerist á lengri tíma en svo að atburðurinn teljist vera skyndilegur enda helluborð beinlínis hannað með það í huga að það þoli mikinn hita í langan tíma. Þannig verður ekki talið sannað að helluborðið hafi brotnað vegna skyndilegs atburðar eins og áskilið er samkvæmt skilmálaákvæðinu. Eru skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 74/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 29. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 8. apríl 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. apríl 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M slasaðist á Langjökli hinn 6. nóvember 2021. Haft er eftir M í skýrslunni að hann hafi setið á slöngu sem bundin hafi verið aftan í bifreiðina X, milli tveggja annarra. Bifreiðinni hafi verið ekið áfram, án þess að hafa verið á mikilli ferð, þegar M datt af slöngunni og lenti illa. Haft er eftir ökumanni bifreiðarinnar X að hann hafi verið kominn á jafnsléttu á jöklinum og ekið á um 20-25 km/klst þegar slysið varð. Einnig kemur fram að ökumaður X telur að hann hafi ekið í gömul hjólför og vitni, annar þeirra sem var með M á slöngunni, telur að slangan hafi lent í holu og þá hafi M dottið af henni. Hitt vitnið hafði dottið af slöngunni skömmu áður og ekki séð hvað hafi gerst þegar M slasaðist, en taldi þá ekki hafa verið að mikilli ferð.

M telur sig eiga fullan bótarétt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og að V geti ekki takmarkað ábyrgð sína vegna líkamstjóns hans. M bendir á að líklegasta orsök slyssins sé sú að ökumaður bifreiðar X hafi ekki tekið eftir gömlum hjólförum og ekið yfir þau, með slönguna með M og tveimur öðrum á, þannig að slynkur kom á slönguna með þeim afleiðingum að M datt af henni og lent illa. M bendir á að hann og allir viðstaddir hafi borið um að bifreiðinni X hafi verið ekið hægt og þannig hafi hætta af háttsemi M ekki verið mikil, í besta falli sambærileg þeirri háttsemi að setjast á sleða eða slöngu og renna sér niður snævi þakta brekku. M bendir á að mál M sé ekki sambærilegt við málsatvik í máli Hæstaréttar nr. 374/2002 þar sem þar hafi komið fram að stórfelld hætta hefði stafað af þeim heimasmíðaða trépalli sem tjónþolar í því máli sátu á. Málin séu því ekki sambærileg. M bendir á að í dómaframkvæmd komi fram að til þess að gáleysi teljist stórkostlegt þurfi það að vera á mjög háu stigi. M bendir þar að auki á dóm Hæstaréttar í máli nr. 31/2014 þar sem háttsemi sautján ára stúlku sem lá ofan á farþegum í aftursæti bifreiðar taldist ekki vera stórkostlega gálaus og væri háttsemi M í þessu máli ekki alvarlegri en það. Einnig vísar M til þess að taka verði mið orðalagi 27. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þegar metið er hvort og þá hvernig háttsemi eigi að hafa áhrif á rétt til bóta, það verði að taka mið af sök, hvernig vátryggingaratburð hafi borið að og til atvika að öðru leyti.

V hefur viðurkennt bótaskyldu vegna líkamstjóns M en telur hann sjálfan bera ábyrgð á helmingi tjóns síns vegna stórkostlegs gáleysis, sbr. heimild til takmörkunar á ábyrgð í 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. V bendir á að við mat á háttsemi M verði að líta til þess að hann hafi brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 5. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ekki megi draga vagn, sleða eða þess háttar tæki eða búnað aftan í ökutæki. V telur að augljós hætta hafi stafað af því að sitja á slöngu sem dregin hafi verið aftan í bifreiðinni X og að sú háttsemi M sé sambærileg við háttsemi tjónþola í máli Hæstaréttar nr. 374/2002, en í þeim dómi hafi sú háttsemi verið metin til stórkostlegs gáleysis og tjónþolum gert að bera helming tjóns síns sjálfir. Einnig bendir V á að augljóst hafi verið að stórfelld hætta hafi verið af þeim leik sem M og vinir hans hafi verið í þar sem landslag jökulsins hafi verið hættulegt vegna hjólfara og sprunga.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sú háttsemi M að hafa setið á slöngu sem bundin var aftan í bifreiðina X, ásamt tveimur öðrum, á meðan bifreiðinni var ekið um jökulsvæði, feli í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Við mat á því verður að líta til þess hvort háttsemin sé þess eðlis að hún sé gálaus, hvort gáleysið sé á háu stigi, hversu mikil hætta getur

stafað af háttseminni og hvort orsakatengsl séu milli hennar og þess tjóns sem varð. Í 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar segir: „Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.“ Þær leiðbeiningar sem koma fram í ákvæðum laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 koma ekki sérstaklega til skoðunar við mat á rétti M til bóta á grundvelli laga nr. 30/2019, nema að því leyti sem þær fela í sér þau almennu sjónarmið sem nefnd eru hér að ofan.

Eins og áður segir þarf gáleysi að vera á mjög háu stigi til að teljast stórkostlegt. Háttsemi M felst í því að hafa sest á slöngu sem bundin var aftan í jeppabifreið sem ekið var áfram. Þó vitnisburður M og félaga hans, sem og ökumanns þeirrar bifreiðar, gefi til kynna að bifreiðinni hafi ekki verið ekið hratt þá verður að ætla að í háttsemi M felist einhvers konar leikur frekar en að seta hans á slöngunni hafi verið nauðsynleg, t.d. vegna plássleysis inni í jeppabifreiðinni eða annarra atvika. Sá leikur sem M ákvað að taka þátt í ásamt félögum sínum var hættulegur í ljósi þess að hvorki hann né aðrir sem á slöngunni sátu hafa nokkra stjórn á atburðarás þegar bifreiðinni er ekið af stað og ekki verður séð af lögregluskýrslu að samskipti milli M og ökumanns hafi verið möguleg eða annarra að láta vita ef eitthvað kæmi upp á. Verður að telja þátttöku í slíku leik til háttsemi sem telst til gáleysis á mjög háu stigi og að orsakatengsl séu á milli háttseminnar og líkamstjóns M. Í því samhengi telst gáleysið ekki minna en það sem kom fram hjá málsaðila í dómi Hæstaréttar í máli nr. 374/2002 þó það sem bundið hafi verið aftan í bifreið í því máli hafi ekki verið slanga heldur heimasmíðaður járnpallur sem tjónþoli átti þátt í að smíða. Það að sitja á slöngu sem hefur enga grind eða annað til að varna því að þeir sem á henni sitja geti fallið af henni er hættulegt og verða bætur fyrir líkamstjón M lækkaðar um helming þess vegna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V en bótaréttur takmarkast við helming af heildartjóni hans.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 75/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingaskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M átti pantaða ferð til Dubai dagana 18 - 27. febrúar 2022. Fyrirhugað var að millilenda í Kaupmannahöfn á útleið og heimleið. M greindist með Covid þann 11. febrúar 2022 og losnaði úr einangrun 17. febrúar. Þann dag fór M í pcr próf en niðurstaða þess prófs var ekki komin vegna álags hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fór M því í flugið frá Keflavík til Kaupmannahafnar. Þegar þangað var komið barst M niðurstaða úr pcr prófinu sem reyndist vera jákvæð. Fór hann aftur í pcr próf út í Kaupmannahöfn sem reyndist einnig jákvætt. Var því útséð með að M gæti flogið frá Kaupmannahöfn til Dubai og keypti hann því nýtt flug til Íslands þann 19. febrúar. M fer fram á endurgreiðslu úr kreditkortatryggingu sinni vegna ferðar fram og til baka frá Kaupmannahöfn til Dubai og svo vegna upprunalegu ferðarinnar frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur og svo einnig vegna aukaflugs sem M þurfti að kaupa vegna heimferðar þann 19. febrúar eftir að fyrirséð var að hann gæti ekki flogið til Dubai. V hefur hafnað bótaskyldu.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi. Hann hafi ekki getað að því gert að niðurstaða úr pcr prófinu sem hann tók þann 17. febrúar fyrir flugið til Kaupmannahafnar hafi ekki verið komin og því hafi verið eðlilegt að halda áætlun og taka flugið til Kaupmannahafnar þann 18. febrúar. Það að hafa fengið niðurstöðuna úr pcr prófinu í Kaupmannahöfn fremur en á Íslandi eigi ekki að skipta máli um bótarétt þar sem sýnataka heilsugæslunnar skilaði ekki niðurstöðu fyrir flugið.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðarinnar. Vísar V til þess að í grein 7.1.9 í vátryggingarskilmála kortatryggingarinnar komi fram að skilyrði greiðslu vegna forfalla sé að forföllin verði fram að brottför frá heimili vátryggðs. M hafi hafið ferð sína er hann hélt af stað til Kaupmannahafnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Dubai með millilendingu í Kaupmannahöfn dagana 18-27. febrúar 2022 og vegna heimferðar sem M þurfti að kaupa er hann greindist jákvæður á pcr prófi úti í Kaupmannahöfn. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki annað fyrir en að M hafi verið farinn frá heimili sínu í umrædda ferð áður en til forfalla kom og á hann því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. ákvæði í grein 7.1.9 í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir í máli þessu. Hið sama á einnig við um kostnað vegna flugmiða frá Kaupmannahöfn til Íslands sem M keypti er fyrirséð var að hann gæti ekki haldið ferðinni til Dubai áfram. En sá kostnaður fellur ekki undir forfallatryggingu sbr. ákvæði í grein 7.1 enda ekki um að ræða ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5 .apríl 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 76/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi. Líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4.mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 8. október 2020 orðið fyrir slysi þegar bifreiðin X sem hann ók lenti utan vegar. V hafnaði bótaskyldu þar sem félagið taldi M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M hafi farið af vettvangi og neytt efna eftir slysið. Eftir að lögregla hafði samband við M fór hann á slysadeild í lögreglufylgd þar sem blóðsýni var tekið. Samkvæmt matsgerð hafi M ekki verið undir áhrifum áfengis en róandi lyf mældust í blóðinu. Styrkur efnisins hafi verið samkvæmt ráðlögðum skammti. Það að M hafi farið af vettvangi geti ekki talist stórkostlegt gáleysi og sönnunarbyrði um gáleysi hafi verið stórkostlegt og að orsakatengsl séu á milli gáleysis og slyss hvíli á félaginu. Blóðrannsóknin hafi verið framkvæmd sex klukkustundum eftir slysið og vitni staðfesti að efnisins hafi verið neytt eftir slysið.

Í bréfi V kemur fram að M beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi neytt lyfja eða efna svo stuttu eftir slysið og að M geti ekki sannað að hann hafi neytt efnanna eftir slysið. Þá hafi M borið að tilkynna lögreglu um slysið sbr. 2. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og verð hann að bera hallan af því að hafa ekki gert það. Samkvæmt lögregluskýrslu hafi verið megn áfengislykt úr bifreiðinni þegar lögregla kom á vettvang og hafi verið áfengisumbúðir í bifreiðinni og fyrir utan hana. Þar sem M tilkynnti lögreglu ekki um slysið hafði lögreglan ekki tök á því að framkvæma vettvangsrannsókn strax eftir slysið, kanna ástand M eða sjá til þess að blóð væri úr honum dregið eins fljótt og unnt var. Þetta hafi leitt til þess að sönnunargögnum hafi verið spillt og verði M að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt lögreglu um atvikið. Þá hafi framburður M verið mjög á reiki og hann hafi svarað því játandi að hafa tekið kókaín. Það sé því ljóst að framburður M sé í engu samræmi við fyrirliggjandi matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja – og eiturefnafræði. Enn fremur kemur fram að þótt refsimál gegn M hafi verið fellt niður þá breyti það ekki afstöðu V enda sönnunarkröfur sakamálaréttarfars og einkamálaréttarfars ólíkt.

Álit.

Óumdeilt er að M slasaðist þegar bílinn valt og að hann tilkynnti lögreglu ekki um bílveltuna eða slysið þegar það átti sér stað. Samkvæmt úrskurði nefndarinnar nr. 122/2021 er ósannað að vitni hafi verið í bílnum og er því ekki unnt að byggja á framburði þess varðandi ástand M. Þá er ekki ljóst hvenær slysið átti sér stað. Ökutækið var tilkynnt um morguninn en M segir að atvikið hafi átt sér stað á miðnætti. Hann fer sjálfur á slysadeild á hádegi í lögreglufylgd.

Umferðarlögin nr. 77/2019 gera ekki greinarmun á því hvort lyfjanotkun sé í læknanlegum skammti eða ekki. M svarar því játandi hjá lögreglu að hafa tekið kókaín en það er ekki í samræmi við blóðrannsóknina og matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt matsgerðinni er fullvíst að M hafi ekki getað stjórnað ökutæki örugglega miðað við styrk lyfja í blóði hans.

Framburður M er ekki í samræmi við önnur gögn sem liggja fyrir í málinu og þegar litið er til Hæstaréttardóms 25/2021 verður M að bera sönnunarbyrði fyrir sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar að efnanna hafi verið neytt eftir að vátryggingaatburð bar að höndum.

Samkvæmt 5. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ökumanni óheimilt að neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í sex klukkustundir eftir að akstri lýkur ef ætla má að lögregluranns ókn fari fram vegna akstursins. Með hliðsjón af atvikum öllum, því að M fór ekki eftir þessu ákvæði og þess að hann ber sönnunarbyrði fyrir því að segjast hafa neytt efnanna eftir slysið sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi og þyki rétt að hann beri 2/3 hluta sakar sjálfur.

Niðurstaða.
M á rétt á 1/3 hluta bóta úr slysatryggingu ökutækisins X, hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 78/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjóns. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 4. apríl 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna málsins er að finna framburð M, ökumanns bifreiðar A. Þar kemur fram að þann 8.9.2021 hafi M haft samband við Fjarskiptamiðstöð lögreglu og tilkynnt að grjót hafi hrunið af bifreiðinni B, grænni Scania vörubifreið, á Suðurlandsvegi við Þórustaðanámu. Við það hafi einn grjóthnullungur hafnað undir A og valdið skemmdum á bifreiðinni. Enn fremur kemur fram að M teldi sig vita hver væri eigandi bifreiðarinnar B og nafngreindi hann tiltekinn mann. Við skýrslutöku skömmu síðar leiðrétti hann áður gefnar upplýsingar um eiganda vörubifreiðarinnar og sagði að bílstjórinn hefði ekki verið sá sem hann nafngreindi fyrst, heldur bróðir þess aðila. Hafði lögreglan samband við þann sem M taldi vera ökumann B í umrætt sinn. Staðfesti sá aðili að hann hefði verið að aka með mulning úr Þórustaðanámu á þessum tíma en kvaðst ekki vita til þess að grjót hafi fallið af bifreiðinni. Kvaðst hann reyna að passa mjög vel upp á að það gerðist ekki. Í málskoti M segir að ekki hafi verið ábreiða eða hlíf yfir farminum.

M telur að telur tjónið á A bótaskylt úr ábyrgðartryggingu B. Telur M sannað að tjónið verði rakið til B og vísar hann m.a. til þess að staðfest sé að vörubifreiðin hafi verið á ferð á Suðurlandsvegi á þeim tíma sem tjónið varð. Þá segir M það liggja fyrir að skemmdir hafi orðið á bifreiðinni sem búið er að gera við.

V2 telur að ekki hafi verið lögð fram sönnun þess efnist að tjón á bifreið A verið rakið til notkunar vörubifreiðarinnar B. Þá vísar V2 til þess að þó skemmdir hafi orðið á bifreiðinni staðfesti það eitt og sér ekki hvað hafi valdið þeim. Þá vísar V2 til þess að eigandi B hafi ekki getað staðfest að grjót hafi fallið af vörubifreiðinni.

Álit.

Gögn málsins og framburður aðila staðfestir að bifreiðunum var ekið gegnt hver annarri á þeim stað og á þeim tíma sem M kveður að umferðaróhappið hafi átt sér stað. Gögn málsins eru að öðru leyti af skornum skammti. Engar myndir eða önnur gögn liggja fyrir sem sýna fram á tjónið á bifreiðinni B. Af fyrirliggjandi gögnum er því ekki unnt að meta hvort tjón hafi orðið á bifreiðinni eða hvort það verði rakið til þess að bifreiðinni var ekið yfir grjóthnullung líkt og haldið er fram í málskoti. Þá hafa ekki verið lagðar fram myndir af árekstrarstaðnum, grjótinu sem sagt er hafa fallið af vörubifreiðinni, eða öðru sem sýnir fram á tjónið á bifreiðinni B eða orsök þess.

Almennar reglur skaðabótaréttar gera ráð fyrir því að sá sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þurfi að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Sá sem verður fyrir tjóninu ber með öðrum orðum sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Slík sönnun hefur ekki tekist samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Af því leiðir að M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B, hjá V2.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 79/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Tjónshugtak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti og fyrirliggjandi gögnum málsins er húsfélagið M með fasteignatryggingu í gildi hjá V. Um er að ræða húshluta með þremur íbúðum, þ.e. í kjallara, á 1. hæð og á 2. hæð. M tilkynnti V um raka- og mygluskemmdir á eldhúsinnréttingu á 1. hæð hinn 30. september 2020. Hafi umrætt atvik verið metið bótaskylt af hálfu V og talið að rakann leiddi frá baðherbergi íbúðarinnar á 2. hæð, en eldhús og baðherbergi íbúðanna séu hlið við hlið. Var í kjölfarið skipt um eldhúsinnréttingu á 1. hæð auk þess sem kíttað var meðfram baðkari á 2. hæð. Hafi framkvæmdum á 1. hæð verið lokið í fyrstu viku nóvember 2020. Hinn 23. nóvember s.á. hefði V hins vegar verið tilkynnt um að rakaskemmdir hefðu komið fram að nýju og enn hafi fulltrúar V metið það svo að lekinn ætti upptök sín frá baðherbergi 2. hæðar. M hafi, m.a. vegna rakaummerkja í kjallara og á 1. hæð efast um þá niðurstöðu og farið fram á að V sýndi fram á að tjónið mætti rekja til baðherbergisins á 2. hæð. Hafi loftið á 1. hæð verið opnað en þrátt fyrir það hafi ekki verið hægt að staðreyna upptök leka frá 2. hæð. Í byrjun árs 2021 hafi eigandi íbúðarinnar á 2. hæð ráðist í endurbætur á baðherberginu en V hafi ekki tekið þátt í kostnaði vegna þess. Áfram hafi íbúar í M orðið varir við rakamyndun og myglu og hafi V verið tilkynnt um rakaskemmdir á 1. hæð í byrjun júní 2021. Hafi V hafnað bótaskyldu hinn 3. júní 2021. Þrátt fyrir viðgerðir hafi íbúar á 1. hæð aftur kvartað undan raka- og mygluskemmdum í eldhúsinnréttingu í ágúst 2021. Í kjölfar þess hafi M leitað til matsaðilans X sem hafi skilað minnisblaði um skoðun sína hinn 7. september 2021. Niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að leki á heitavatnslögn í kjallara hússins hafi valdið rakaskemmdum á forsköluðum veggjum í kjallara, á 1. hæð og líklega á 2. hæð. Hinn 30 september 2021 hafi V tilkynnt M að um bótaskylt atvik væri að ræða en að V takmarkaði bótaábyrgð sína við skemmdir í kjallara og féllist ekki á að umræddur leki væri orsök rakaskemmda á öðrum hæðum hússins. M mótmælir þeirri afstöðu og telur að öll tjón sem M hafi tilkynnt um til V megi rekja til þessa leka, enda komi fram í skýrslu X að talið sé að vatn hafi lekið frá umræddri lögn í u.þ.b. 12 mánuði. Þá telji M einsýnt að heitt vatn leiði til myndunar gufu, sem eðlilegt sé að leiti upp á við, þ.e. upp fallstamma með tilheyrandi skemmdum á aðlægum veggjum og innréttingum. Hafi V því ekki greint orsök tjónsins réttilega í upphafi. Er þess því krafist að nefndin úrskurði um bótaskyldu V vegna tjóns á veggjum og innréttingum í kjallara, á 1. hæð og á 2. hæð, og að V verði gert að greiða M bætur samkvæmt framlögðum útreikningum, auk kostnaðar vegna endurbóta á eldhúsinnréttingu og lögmannsþjónustu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið líti svo á að það sé aðeins A, eigandi íbúðarinnar á 1. hæð sem sé málskotsaðili, enda snúi tjónstilkynning sem V hafi borist hinn 6. september 2021 aðeins að eignarhluta hennar og mögulega sameignarhlut hennar í kjallara eignarinnar. V hafi hins vegar ekki borist tilkynning vegna meints tjóns á 2. hæð og því ekki haft færi á að taka afstöðu til þess. Geri V því kröfu um að þeim þætti ágreiningsins verði vísað frá, sbr. 4. gr. samþykkta nefndarinnar. Hvað varði tjón það sem A hafi tilkynnt um hinn 30. september 2020 þá hafi skoðun tjónamatsmanns leitt í ljós leka frá botnventli og stíflu í lögn frá honum. Þá hefði frágangi baðherbergja, bæði á 1. og 2. hæð verið verulega ábótavant og líklegt að tjónið yrði a.m.k. að einhverju leyti rakið til þess. Þrátt fyrir það hafi V látið framkvæma viðgerð á fasteign A og hafi verið gert við innréttingu, parket, forskalaðan vegg, hurðarkarma og gerefti. Hinn 23. nóvember hafi A tilkynnt um leka að nýju en enginn lagnaleki hafi fundist við skoðun. Hins vegar hefði A ekki framkvæmt úrbætur á baðherbergi sínu og veggur fyrir ofan baðkarið væri enn ekki vatnsvarinn. Hefði niðurstaða skoðunarmanna því verið sú að líklega bærist vatn að eldhúsinnréttingunni gegnum vegg á baðherbergi. Bótaskyldu hefði verið hafnað þar sem enginn lagnaleki var til staðar. Hinn 6. september 2021 hafi enn borist tjónstilkynning frá A þar sem tilkynnt var um að heitavatnslögn í kjallara hefði gefið sig og heitt vatn streymt þaðan. Hafi niðurstaða V verið sú að ekki væru tengsl milli þess leka og tjóns á öðrum hæðum hússins enda hefði það tjón verið til

staðar áður en umrædd lögn gaf sig. Engin ummerki séu um langvarandi leka í kjallara en hins vegar séu miklar skemmdir og fúi í timbri í innveggjum íbúðar á 1. hæð. Hvað varði skýrslu X þá sé hennar einhliða aflað án aðkomu V og hafi því takmarkað sönnunargildi. Þá sé ekkert fjallað um fyrri rakavandamál í skýrslunni og skautað sé framhjá því að vatnsvörn á baðherbergi 1. hæðar sé ófullnægjandi. Fullyrðingar í skýrslunni um að vatn frá heitavatnslögninni hafi leitað upp og valdið tjóni á efri hæðum séu þá með öllu ósannaðar og geti í besta falli talist getgátur byggðar á ófullnægjandi gögnum og skoðun. Þá er því hafnað með öllu að V hafi ekki greint tjónið með réttum hætti í upphafi. Samandregið sé afstaða V sú að bótaskylda vegna skyndilegs og óvænts lagnaleka í kjallara sé viðurkennd sem slík en því hins vegar hafnað að tjón á 1. hæð og meint tjón á 2. hæð sé að rekja til þess leka.

Álit.

Af framangreindu má m.a. ráða að aðilum ber ekki saman um hvað valdi raka- og mygluskemmdum í eldhúsi íbúðar á 1. hæð og aðliggjandi vegg sem skilur að eldhús og baðherbergi íbúðarinnar. Þannig byggir V á því að umræddar skemmdir sé að rekja til ófullnægjandi rakavarnar á baðherbergi eða annarra viðvarandi rakavandamála í húsinu en af hálfu M er því haldið fram að þær sé að rekja til leka frá heitavatnslögn í kjallara hússins. Eins og rakið er liggur minnisblað X, dags. 7. september 2021, fyrir nefndinni. Meðal þess sem þar kemur fram er að rakaskemmdir sem finna megi í forsköluðum veggjum í kjallara, 1. hæð og mögulega 2. hæð megi rekja til neysluvatnslagnar sem sé staðsett í geymsluvegg í kjallara. Þá kemur fram í minnisblaðinu að talið sé að vatn hafi lekið frá lögninni í u.þ.b. tólf mánuði. Virðist sú tímasetning koma heim og saman við það að tjóns í íbúð A virðist fyrst hafa orðið vart í lok september 2020. Þá liggur fyrir að í tölvupósti A til V, dags 13. nóvember 2020, er lýst rakaummerkjum í kjallara en þar segir: In addition the wall in the basement underneath the kitchen has had the paint bubble which was very old paint but it was not bubbling before.“ Ekki verður þó séð að uppspretta þessa raka hafi verið skoðuð frekar á þeim tíma. Bendir framanritað jafnframt til þess að vel mögulegt sé að heitavatnslögn í kjallara hafi lekið í einhvern tíma. Þrátt fyrir að skoðunar, og eftirfarandi skýrslu, X hafi verið einhliða aflað af hálfu M verður ekki litið framhjá því að um sérfræðiálit er að ræða sem jafnframt virðist sækja nokkra stoð í önnur gögn. Í andsvörum V er byggt á því að rakaskemmdir í fasteign A verði raktar til viðvarandi rakavandamála í húsinu, eða notkunarleka frá baðherbergi, en fyrir liggur að það er ekki vatnsvarið með fullnægjandi hætti. Í minnisblaði X virðist þó tekin afdráttarlaus afstaða til þess að rakavandamál á 1. hæð verði rekin til lagnaleka í kjallara og þar sem V er ekki afdráttaraust í afstöðu sinni til þess að um notendaleka sé að ræða, né liggja fyrir gögn sem hreki niðurstöðu X verður byggt á þeirri afstöðu. Er þá jafnframt litið til þess að ekki virðist liggja fyrir afdráttarlaust mat V á því hvað hafi valdið því tjóni sem tilkynnt var um hinn 30. september 2020.

Hvað varðar hugsanlegt tjón á 2. hæð þá liggur fyrir að við skoðun X mældist raki í vegg á baðherbergi 2. hæðar næst niðurfallsstamma og neysluvatnslögnum. Kann það að benda til þess að raki hafi borist upp fallstamma en hins vegar verður ekki séð að veggurinn hafi verið rofinn í tengslum við skoðun X og í minnisblaði X kemur aðeins fram að mögulegt sé að þennan raka sé að reka til heitavatnslagnarinnar. Þá virðist, samkvæmt fyrirliggjandi reikningi frá byggingafélaginu Y, sem viðgerð hafi þegar farið fram. Ekki verður hins vegar séð að nein skýrsla um viðgerðina eða ástæður hennar liggi fyrir nefndinni. Á grundvelli framangreinds verður að telja að ósannað sé að það tjón verði rakið til lagnaleka í kjallara. Verður kröfu M hvað þann þátt varðar þar af leiðandi hafnað.

Er það samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að bótaskylda sé til staðar að því er varðar tjón á íbúð á 1. hæð hússins, enda verði það að mati nefndarinnar rakið atviks sem V hefur þegar viðurkennt bótaskyldu vegna.

Niðurstaða.

Bótaskylda úr fasteignatryggingu M hjá V er til staðar að því er varðar tjón á íbúð á 1 hæð.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 80/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í slysi þann 24. apríl 2021 í Bláfjöllum. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M fékk yfir sig bifhjólið X sem hann ók og við það hafi hann slasast. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins X. Afstaða félagsins byggir á því að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysaatburði umrætt sinn og að orsakatengsl milli hins meinta atburðar og einkenna M séu ósönnuð. Enginn sjónarvottur var að atburðinum sjálfum, engin samtímagögn staðfesti atburðinn sjálfan eða að líkamstjón hafi hlotist af, enda beri samtímaskráningar í sjúkraskrá ekki með sér að M hafi minnst á slys eða tengt einkenni sín við áverka fyrr en um miðjan ágúst, tæpum 4 mánuðum eftir meintan atburð, þrátt fyrir að nokkur samskipti og rannsóknir hafi átt sér stað í millitíðinni.

M telur að hann hafi sannað orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna með fullnægjandi hætti með fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum. Hann hafi leitað til heimilislæknis þann 10. maí 2021, rúmum tveimur vikum eftir slysið og lýst því að hann hafi snúið sig á hægri fæti og tognað á hné. Hann hafði svo aftur samband við heimilislæknis þann 30. maí vegna áframhaldandi einkenna og var sendur í segulómum. Í framhaldinu hafi hann verið sendur til bæklunarlæknis fram framkvæmdi aðgerð á hné í byrjun nóvember 2021. Leggur M fram samskiptaseðil heimilislæknis dags. 16. nóvember 2021 þar sem fram kemur að lækninum hafi láðst að skrá í sjúkraskrá við komu M til hans þann 10. maí 2021 að áverkana megi rekja til þess að hann hafi dottið af bifhjóli. Telur M að læknisfræðileg gögn bendi til þess að einkennin tengist umferðarslysinu þann 24. apríl 2021 og að í upplýsingum um fyrra heilsufar sé ekki að finna neinar lækniskomur vegna verkja í hægra hné.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til meints umferðarslyss þann 24. apríl 2021. M leitaði fyrst til læknis þann 10. maí 2021 og skráði heimilislæknir í sjúkraskrá við þá komu að M hafi snúið sig á hægri fæti fyrir um 5 vikum síðan og tognað á hné. Þann 30. maí 2021 sendi M rafræn skilaboð til heimilislæknis í gegnum Heilsuveru þar sem fram kemur að hnémeiðslin hafi plagað hann í um 2 mánuði. Í kjölfarið fékk M tilvísun í segulómum og svo til bæklunarlæknis. Í tilvísun til bæklunarlæknis kemur fram að M hafi snúið sig á hægri fæti í vor og tognað á hné. Niðurstaða rannsókna var sú að M greindist með endastigs slit í hægra hné og fór hann í gerviliðsaðgerð hjá bæklunarlækni í kjölfarið. Þann 27. september 2021 tilkynnti lögmaður M tjónið til V sem hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda. Í kjölfarið lagði M fram samskiptaseðil heimilislæknis dags. 16. nóvember 2021 þar sem fram kemur að læknirinn staðfesti að í samtali við M við fyrstu komu eftir slysið þann 10. maí 2021 hafi komið fram að ástæða þeirrar komu hafi verið afleiðingar áverka er M hafi hlotið er hann datt af bifhjóli. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir því og að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna og hins meinta tjónsatviks. Í fyrstu samskiptum M við heimilislækni, annars vegar við komu til heimilislæknis 10. maí og svo hins vegar í rafrænum samskiptum þann 30. maí 2021 minnist M ekki á að einkennin megi rekja til bifhjólaslyss og tilgreinir í bæði skiptin að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað um 3 vikum fyrir slysið þann 24. apríl 2021. Í skilaboðum M til heimilislæknis sem hann sendi í gegnum Heilsuveru þann 30. maí 2021 minnist M ekki á að hafa lent í slysi, heldur minnist eingöngu á hnémeiðsli sem hafi plagað hann í um tvo mánuði. Þrátt fyrir að heimilislæknir hafi í samskiptaseðli upplýst að í samskiptum við M þann 10. maí 2021 hafi honum láðst að tilgreina að M hafi upplýst sig um að einkennin mætti rekja til umferðarslyss þá er ekki unnt að horfa fram hjá skilaboðum sem M sendi sjálfur í gegnum Heilsuveru þar sem hvorki er minnst á bifhjólaslys

né rétta dagsetningu á upphafi einkenna frá hné. Þannig verður ekki talið að fullnægjandi sönnun liggi fyrir um að einkenni tjónþola megi rekja til umferðarslyss þann 24. apríl 2021. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 81/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Slys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. febrúar 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi þann 8. mars 2019 orðið fyrir slysi þegar hún var að ganga út í bíl eftir leiksýningu hjá X. Slysið varð með þeim hætti að skór hennar festist í holu þar sem hafði brotnað upp úr stétt fyrir framan leikhúsið. M telur X bera skaðabótaábyrgð á slysinu þar sem aðstæður hafi verið ófullnægjandi. Útisvæðið hafi átt að vera upplýst og búið að lagfæra þær hellur sem gætu valdið slyshættu. Hafi öryggi leikhúsgesta því ekki verið gætt. Vísað er til 14. gr. reglugerðar nr. 941/2022, um hollustuhætti, í þessu sambandi þar sem fram kemur að húsnæði skuli vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast, starfa, eða nálægir íbúar, hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slysið sé ekki að rekja til atriða sem X beri ábyrgð skaðabótaábyrgð á. Í bréfi V kemur fram að það telji stéttina ekki hættulega og ekki hafi áður orðið slys svo vitað sé né ábendingar um umrædda holu. Þá fellst félagið ekki á að útisvæðið hafi ekki verið nægilega upplýst þar sem fjöldi ljósastaura séu meðfram bílastæðinu.

Álit.
Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi dottið fyrir framan leikhúsið. Í gögnum málsins er mynd af stéttinni og holunni sem hæll M festist í. Af myndum má sjá að það eru ljósastaurar á og við stéttina. Samkvæmt gögnum málsins er lýsingin í samræmi við hönnun og hefur verið óbreytt frá því gengið var frá lóðinni. Almennt er ekki hægt að útiloka að það brotni upp úr stéttum eða að misfellur séu á yfirborði og í þessu tilviki er ekki hægt að líta svo á að misfellan hafi verið meiri en almennt má búast við enda um lítið brot upp úr stétt er að ræða. Með vísan til þess er slys M því ekki rakið til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi X, starfsmann þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð. Kröfu M er því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 82/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguakvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 28. febrúar 2022 hafi M tekið eftir því að parket í fasteign hennar hefði verpst og verið laust, þá hafi gólf verið óeðlilega heitt á þeim svæðum. Hafi M þegar haft samband við V. Í kjölfarið hafi pípulagningarmaður og smiður á vegum V fundið leka, en eftir viðgerð á þeim leka hafi fundist leki á öðrum stað. Hafi tveir ofnar þá verið teknir úr sambandi. Á þeim tíma hafi verið ljóst að leggja þyrfti í endurnýjun á lögnum, skipta um parket og þurrka upp blauta útveggi. Hinn 4. mars hafi M svo borist tölvupóstur frá V þar sem fram komi að eirlagnir séu í fasteigninni og leki virðist vera á fleiri en einum stað. Mikil viðhaldsþörf sé til staðar og vátryggingafélög sjái almennt ekki um viðhald fasteigna. Hinn 4. mars hafi M þá tekið eftir leka frá sömu lögnum bakvið eldhúsinnréttingu og því ljóst að vatnið hafi leitað sér að öðrum farvegi. M segir að það hafi komið sér í opna skjöldu að V hafi alfarið hafnað bótaskyldu strax, og túlkar höfnun þess svo að eirlagnir séu undanskildar vátryggingunni. Sé svo hefði V átt að geta þess þegar vátryggingin var tekin en V hafi ekki framkvæmt skoðun á fasteigninni áður en vátryggingin tók gildi. Hafi M, í ljósi samskipta sinna við félagið við töku vátryggingarinnar, haft réttmætar væntingar um tjónið yrði bætt. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að henni hafi verið talin trú um að vatnstjónstrygging væri innialin. Kvartar hún þá undan því að V hafi hafnað að funda með henni og lögmanni hennar vegna málsins.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að vatnstjónstrygging sé sannarlega innifalin í vátryggingunni en hún taki eðli máls samkvæmt ekki á öllu vatnstjóni sem kunni að verða. Þannig bæti vátryggingin skemmdir af völdum vökva sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Þá sé ekki bætt tjón sem hljótist af langvarandi raka eða vatnsleka og vegna myglu eða sveppagróðurs þrátt fyrir að slíkt tjón sé afleiðing bótaskylds tjónsatburðar. Ljóst sé að um hafi verið að ræða langvarandi vatnsleka sem hefði verið það lengi til staðar að mygla hefði myndast. Hafi því ekki verið um að ræða ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka. Þrátt fyrir að vatntjónstrygging sé fyrir hendi sé tjónsatvikið því ekki bótaskylt.

Álit.

Samkvæmt skilmálum þeim sem gilda um fasteignatryggingu M hjá V er vatnstjónstrygging vissulega innifalin, og þá verður ekki séð að V hafi undanskilið tjón á eirlögnum. Er því í raun ekki mótmælt af hálfu V. Hvað sem því líður felur vatntrygging ekki í sér að allt vatnstjón sé bætt. Þannig segir í skilmálum að vatnstjónstrygging bæti skemmdir á vátryggðri húseign af völdum vökva sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Þetta ákvæði verður þó ekki skilið sem svo að lekans þurfi að verða vart um leið og hann kemur til, heldur sé nægilegt að tjónsatvik sem slíkt sé ófyrirsjáanlegt, skyndilegt og óvænt jafnvel þó leki hafi verið til staðar í einhvern tíma þegar hann uppgötvast. Fyrir nefndinni liggur tjónaskýrsla frá byggingarverktakafyrirtæki, dags. 2. mars 2022, þar sem eftirfarandi kemur fram*: „Þarna var leki á eirlögn sem er staðsett í stokki í gólfi, lekinn á lögninni var á beinum legg ekki tengistykki. Þarna hafði lekið lengi og sennilega hefur vatn lekið út um sprungu á húsinu, raki nær upp í veggi og parket er orðið ónýtt og mikil mygla þar undir. Ekki var hægt að tengja saman lagnir því að leki kom annarsstaðar þegar búið var að hleypa á og var því lögnin blinduð þó nokkuð langt frá.“* Ekki eru neinar ítarlegri matsgerðir meðal gagna fyrir nefndinni. Af framangreindri skýrslu verður ráðið að um leka frá vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum

hússins hafi verið að ræða og eru skilyrði skilmálaákvæðisins því uppfyllt hvað það varðar. Þá verður ekki ráðið að frágangi lagnanna hafi verið ábótavant og bendir leki á beinum legg ekki til þess. Verður í raun ekki annað ráðið en að umræddur leki, þegar hann hófst, hafi verið ófyrirsjáanlegur, skyndilegur og óvæntur, jafnvel þó M hafi ekki veitt honum athygli fyrr en eftir nokkurn tíma. Telst tjón hennar því bótaskylt. Að hvaða marki tjón M er bótaskylt fer hins vegar eftir undanþáguákvæðum viðeigandi skilmála, en þar kemur m.a. fram að tjón vegna myglu og sveppagróðurs sé ekki bótaskylt þrátt fyrir að vera afleiðing bótaskylds tjónsatburðar og að vátryggingin bæti ekki tjón á þeim hlut er veldur tjónsatviki.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 83/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Akreinaskipti.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 6. maí 2022.
3. Bréf V2 dags. 6. maí 2022 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. maí 2022.

Málsatvik.

Hinn 30. september 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem vátryggð er hjá V1 og sem M ók umrætt sinn, og B, sem vátryggð er hjá V2, á Austurvegi við Tryggvatorg á Selfossi. Var lögregla kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 4. október 2021, fyrir nefndinni. Kemur þar fram að á vettvangi hafi mikill ágreiningur verið milli ökumanna um atburðarás í aðdraganda árekstursins. Er þar haft eftir M að hann hafi ekið Suðurlandsveg yfir Ölfusárbrú og inn á Tryggvatorg þar sem hann ók á innri akrein. Hafi hann svo ákveðið að fara á ytri akrein hringtorgsins en þá veitt B athygli en ökumaður hennar hafi gefið í svo M náði ekki að skipta um akrein. Hafi M þá beygt út úr hringtorginu og ekið A áleiðis Austurveg en þá hafi B verið ekið á A. Eftir ökumanni B er haft að hann hafi ekið inn á ytri akrein hringtorgsins frá hægri akrein Eyrarvegar. Hafi hann ætlað að aka áfram eftir hægri akrein Austurvegar en að A hafi þá verið ekið í veg fyrir B. Á grundvelli framangreinds taldi Tjónanefnd vátryggingafélaganna M bera alla sök á árekstri aðila þar eð hann hefði skipt um akrein í veg fyrir umferð. Hann fellir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að hann telji að ökumaður B hafi vísvitandi ekið á A. Í öllu falli hafi aksturslag B, en henni hafi verið ekið á töluverðri ferð og yfir gangstétt við hringtorg með það að markmiði að koma í veg fyrir akreinaskipti A, leitt til árekstursins. Sæki sú afstaða jafnframt stoð í gögn málsins, og sé ljóst a skemmdum á A að B hafi verið ekið á hana á töluverðum hraða. Í þeim tilgangi að aka áfram eftir Austurvegi, sem er aðeins ein akrein til austurs frá gatnamótum Sigtúns og Austurvegar, hafi M verið óhjákvæmilegt að skipta um akrein og hafi B átt að vera fullkunnugt um það enda hafi M jafnframt gefið akreinaskiptin til kynna með stefnumerki.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að M beri alla sök á árekstri aðila enda hafi hann ekki gætt nægilega að annarri umferð áður en hann skipti um akrein. Ljósmyndir af vettvangi sýni þá að B hafi við áreksturinn verið alveg við hægri brún vegar en A á miðjum veginum, u.þ.b. hálf á hvorri akrein hans.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að það hafi verið B sem ók á A, B hafi gefið í hraða bifreiðarinnar og ekið yfir gangstétt við Austurveg í þeim tilgangi að aka á A. Þá lýsir M ágreiningi sem verið hafi milli M og B og kunni að vera skýringin á þessari hegðun B, en ljóst sé að hinn síðarnefndi hafi valdið árekstrinum af ásetningi eða gáleysi. Krefst M því þess að öll sök á umræddum árekstri verði felld á B.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ber ökumanni, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Líta verður á fyrirliggjandi lögregluskýrslu sem frumgagn í málinu. Verður því byggt á því sem þar kemur fram en ekki síðar tilkomnum lýsingum eða uppdráttum sem liggja fyrir nefndinni. Af ljósmyndum í skýrslunni má greina að árekstur aðila hafi átt sér stað stuttu eftir að þeir óku úr hringtorginu til austurs. Má þar jafnframt sjá að B var, í kjölfar áreksturs, við hægri brún vegar, og annað afturhjóla hennar á gangstéttarbrúninni. A var þá staðsett á miðjum veginum, þ.e. á báðum akreinum. Þá má einnig ráða af umræddum ljósmyndum að báðir ökumenn hafi hemlað í aðdraganda áreksturs. Af þessum gögnum má ráða að orsök árekstursins hafi verið sú að M hóf

akreinaskipti á umræddum stað. Án frekari gagna, svo sem vitnisframburða, sem styðji við frásögn hans er því ekki tækt að byggja á lýsingum M í málskoti varðandi meintan hraðakstur B eða ásetning til að aka á A og að B hafi í þeim tilgangi m.a. ekið eftir gangstétt á vettvangi. Verða slíkar ályktanir þá ekki leiddar af því að annað afturhjóla B hafi verið á gangstéttarbrúninni í kjölfar áreksturs, eða því að einhvers konar núningsför séu við gangstéttarbrún við ytri akrein hringtorgsins. Er því ekki sýnt fram á að aksturslag B hafi umrætt sinn verið í andstöðu við umferðarlög. Af framburði M fyrir lögreglu má þá ráða að hann hafi áður, þ.e. inni í hringtorginu sjálfu, reynt akreinaskipti, en hætt við vegna staðsetningar B í hringtorginu. Verður því að telja að M hafi verið kunnugt um staðsetningu B og að sérstakrar aðgátar væri þörf við akreinaskipti svo nálægt hringtorginu. Samkvæmt þessu verður að líta svo á að M hafi ekki gætt nægilega að annarri umferð áður en hann skipti um akrein og að rekja megi umræddan árekstur til þess.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 84/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 12. júlí 2020 hafi M slasað sig er hann var að ganga yfir háan þröskuld á leið út af veitingastað M. Hann hafi misstigið sig og hlotið meiðsli á vinstri fæti. Á grundvelli þessa krafðist M, með bréfi dags. 18. júní 2021, bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 23. júlí 2021. M telur að orsök slyssin megi rekja til ófullnægjandi aðstæðna sem M beri ábyrgð á þar sem hæð þröskuldar við útganginn hafi verið of mikil. Vísar M m.a. til dómafordæma og ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 máli sínu til stuðnings. Um sé að ræða þjónustu sem fjöldi fólks sækir á degi hverjum og ber að veita þeim sem mest öryggi.

V telur ósannað að slysið verði rakið til ófullnægjandi aðstæðna á staðnum en umræddur útgangur sé neyðarútgangur og hafi hann verið merktur sem slíkur. Ekki liggi annað fyrir en að fasteignin og þ.m.t neyðarútgangurinn uppfylli þær reglur sem voru í gildi þegar húsið var byggt. Engar kvartanir hafi borist vegna slysa við umræddan útgang og hafi M þekkt aðstæður á staðnum og vitað að umræddur útgangur væri ekki almennur útgangur heldur neyðarútgangur.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða aðila sem það ber ábyrgð á. Ekki liggja fyrir nein gögn eða vitnaframburðir í málinu sem styðja frásögn M af atvikinu né heldur matsgerð óháðra aðila eða önnur úttekt á hinum meinta vanbúnaði fasteignarinnar. Þar sem M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vettvangi hafi verið með þeim hætti að leitt hafi til slyssins er greiðsluskylda því ekki fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 85/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Slys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 27. janúar 2018 orðið fyrir slysi þegar hann var að ganga frá verslun X að bíl sínum sökum þess að hann hafi runnið á svellbunka sem hafði myndast á mörkum aðkomuleiðar og bílaplans. Slysið hafi orðið u.þ.b. 8 metrum frá inngangi verslunarinnar. M telur X ekki hafa gert fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hálku og tryggja öryggi viðskiptavina sinna og ekki hafi verið búið að salta eða sanda svæðið. Vísað er til dómaframkvæmdar um að umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta sæti strangara saknæmi þar sem slík fyrirtæki leitist við að laða að til sín fólk.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slysið sé ekki að rekja til atriða sem X beri ábyrgð skaðabótaábyrgð á að lögum. Í bréfi V kemur fram að M hafi verið á leið til baka í bifreið sína og honum hafi mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af hálkunni. Þá hafi veðurfar þennan dag og dagana í kringum slysið verið með þeim hætti að sérstök ástæða hafi verið til aðgæslu og oft sé erfitt að gera ráðstafanir þannig að hálka sé upprætt algerlega á stórum svæðum eins og bílastæðum. Einnig kemur fram að skyldur séu ríkari næst inngangi sbr. dómafordæmi Hæstaréttar en ekki sé unnt að gera sambærilegar kröfur til bílastæða.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort verslunin X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi runnið á hálku fyrir utan verslunina. Í málinu liggur fyrir að hálka hafi verið umhverfis verslunina á slysdegi og að M hafi dottið þegar hann var leið frá versluninni og að bíl sínum. Það kemur fram að veðuraðstæður hafi verið þannig dagana í kringum slysið að ástæða hafi verið til aðgætni. Hins vegar er ljóst að erfitt er að koma algerlega í veg fyrir hálku á stórum svæðum eins og bílastæðum. Í gögnum málsins kemur fram að það er snjóbræðslukerfi undir stéttinni fyrir framan verslunina og við inngang hennar og að það hafði verið saltað á gangstéttum og bílastæðum þennan dag sem og á þeim stað þar sem M féll. X hafði því gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna. Þar sem M var að fara til baka úr verslun í bíl sinn þegar hann féll átti honum að vera kunnugt um aðstæður á slysstað og með tilliti til veðurfars þennan dag átti M að vera ljóst að hann þyrfti að gæta varúðar. Með vísan til framangreinds verður ekki talið að X hafi sýnt af sér ólögmæta eða saknæma háttsemi og er kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 86/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A).

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. mars 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. apríl 2022.

Málsatvik.

Í máskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni hinn 25. júlí 2021, þegar árekstur varð milli bifreiðanna A, sem hún var farþegi í, og B. Ekki virðist um það deilt að öll sök á árekstrinum hvíli á A. V, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, hafi tilkynnt M, með tölvupósti, dags 5. nóvember 2021, að ákveðið hefði verið að skerða bótarétt hennar að 2/3 hlutum á grundvelli þess að hún hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að taka sér far með ölvuðum ökumanni. M hafnar því að hafa haft vitneskju um ölvun ökumanns A, X. M hafi ekki hitt X fyrr um daginn og hafi ekkert bent til þess að hann væri ölvaður þegar ökuferðin hófst. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 25. júlí 2022, hafi X verið látinn blása í áfengismæli sem sýnt hafi niðurstöðuna 0,51 prómill. Séu einkenni slíkrar ölvunar væg slökun og óþvingaðri hegðun. Ekki sé um það deilt að niðurstöður blóðrannsóknar hafi verið þær að X hafi verið ölvaður og því ekki getað stjórnað bifreiðinni örugglega, heldur aðeins það hvort gengið verði út frá því að M hafi vitað eða mátt vita af áfengisneyslu hans. Svo skerðing komi til álita þurfi M að hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi og svo sé ekki. Dómaframkvæmd sé sú að svo að stórkostlegt gáleysi sé fyrir hendi þurfi ölvun ökumanns að vera slík að hún hefði ekki getað dulist farþega. Fyrir ökuferðina hafi M ekki hitt X umræddan dag og þá hafi hún setið í aftursæti bifreiðarinnar þaðan sem erfitt hafi verið að greina hegðun ökumanns, auk þess sem hann hafi ekki sýnt ölvunareinkenni. Hafi hún þá enga ástæðu haft til að ætla að hann væri undir áhrifum áfengis um miðjan dag á sunnudegi. Komist nefndin hins vegar að því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sé skerðing um 2/3 hluta í öllu falli úr hófi fram.

Í bréfi V kemur fram að þegar lögregla kom á vettvang, en tilkynnt hafi verið um slysið kl. 16:55, hafi ökumenn og farþegar A og B verið komnir út úr bifreiðunum. M hafi verið flutt á sjúkrahús og hafi lögregla ekki getað rætt við hana á vettvangi. X og annar farþegi í A hafi þá sagt lögreglu að M hefði ekið bifreiðinni umrætt sinn. Fljótlega hafi þó vaknað grunur um að X hefði verið ökumaður og hafi í kjölfarið verið tekin blóðsýni úr honum. Hafi áfengismagn í blóði X verið 0,55 prómill kl. 18:44 og 0,27 prómill klukkustund síðar. Þá komi fram í sjúkraskrá M að hún hafi sagt viðbragðsaðilum að hún hefði ekið bifreiðinni en hafi svo tjáð lækni á bráðadeild að hún hefði verið farþegi. Fyrir liggi að M hafi tekið sér far með ölvuðum ökumann sem ekki hafi getað stjórnað ökutæki örugglega í skilningi 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M og X hafi þá þekkst fyrir umrætt slys og ekki sé gerð fullnægjandi grein fyrir samskiptum þeirra í aðdraganda ökuferðarinnar. M hafi þá, strax eftir umrætt slys, sagt að hún hefði verið ökumaður bifreiðarinnar. Ástæða þess hljóti að vera vitneskja um ölvun ökumanns. Þá verði að líta til þess að um leið og í ljós kom að X hefði ekið bifreiðinni hafi vaknað grunsemdir um ölvun hans.

Í viðbótarathugasemdum sem settar eru fram af hálfu M kemur fram að samkvæmt sjúkraskrá eigi M að hafa tjáð viðbragðsaðilum að hún hafi verið ökumaður bifreiðarinnar. Þessi frásögn eigi sér ekki stoð í öðrum gögnum málsins og hafi M samdægurs, við skýrslugjöf hjá lögreglu, sagst hafa verið farþegi í A. M hafi verið í mikilli geðshræringu og mögulega vitneskju um ölvun X megi hugsanlega rekja til tímans milli slyssins og aðkomu viðbragðsaðila en ekkert sé sýnt fram á að M hafi vitað af áfengisneyslu X áður en árekstur átti sér stað. Áréttað er að M og X hafi ekki verið saman fyrr um daginn og að einkenni áfengisneyslu rétt yfir refsimörkum séu lítil sem engin.

Álit.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Hér reynir því á hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hún tók sér far með X hinn 25. júlí 2021, en ekki er um það deilt að X hafi verið ölvaður umrætt sinn og ekki getað stjórnað ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Gegn neitun M er ekki sýnt fram á að M og X hafi verið saman fyrr um daginn þannig að hún hafi verið vitni að áfengisneyslu hans. Þá er nokkuð óljóst af gögnum málsins hvort M hafi tjáð viðbragðsaðilum á vettvangi að hún hefði verið ökumaður A, en ekkert kemur fram um það í fyrirliggjandi lögregluskýrslu og framburðarskýrsla M er ekki meðal gagna málsins. Verður þá ekki talið að slík yfirlýsing, væri á henni byggt, sýni fram á að M hafi verið kunnugt um ástand M áður en til árekstrar kom. Þá er ekki sýnt fram á að ölvunarástand X hafi verið slíkt að það hafi ekki getað dulist henni. Svo skerðingu á grundvelli áðurnefndrar 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar verði beitt þarf að sýna fram á stórkostlegt gáleysi tjónþola. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur það ekki tekist og er því óskertur bótaréttur M fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 87/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (X).

Sönnun tjóns. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 20. maí 2022.
3. Tölvupóstur M, dags. 25. maí 2022, ásamt myndum.

Málsatvik.

Í tjónsskýrslu Aðstoðar&Öryggis dags. 14. febrúar 2022 kemur fram að eigandi M hafi haft samband til að tilkynna tjón á bifreið sinni sem var kyrrstæð og mannlaus á einkastæði við Ystasel umræddan morgun. M heldur því fram að að snjóruðningstækið X hafi kastað snjó og ís á bifreið hans og valdið þannig á henni tjóni. Á ljósmyndum sem fylgja skýrslunni sést snjór við hægra framdekk bifreiðar M, undir stuðara. Í framburði ökumanns X kemur fram að hann kannist ekki við að hafa rekist utan í neinn bíl á þessum tíma og að hann hafi ekið hægt og varlega.

M telur að tjón á bifreið hans megi rekja til notkunar X og telur það sannað með myndum og skýringum á þeim.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til framburðar ökumanns X um að hann kannist ekki við að hafa valdið neinu tjóni. Einnig vísar V til þess að gangstétt sé langt frá bifreið M og hafi þurft mikinn hraða hjá X til að skjóta snjó og ís þannig að stuðari á bifreið brotni. V telur að mynd af vettvangi sanni ekki að snjór hafi komið frá X, heldur gæti hann hafa komið frá öðrum bíl eða af öðrum ástæðum.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort sannað sé að notkun snjóruðningstækisins X, þegar því var ekið um Ystasel, hafi leitt til þess að snjór og ís hafi kastast þannig að bifreið M að tjón varð á framhlið hennar.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans ber samkvæmt almennum sönnunarreglum sönnunarbyrði um að atvik hafi borið að með þeim hætti. Í þessu máli hefur M lagt fram myndir af bifreið sinni og aðstæðum á vettvangi. Ekki voru hins vegar vitni að atvikum eða fylgja upplýsingar um umferð um götuna í greint sinn. Ekki verður af þessum gögnum fyllilega ráðið að tjón á bifreið M verði eingöngu rakið til aksturs X en ekki einhvers annars. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu snjóruðningstækisins X hjá V.

Niðurstaða.

M, Geri allt slf., á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins US-U68 hjá V, TM tryggingum hf.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 89/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að leki frá lögn innan burðarveggjar sé að valda sprungum beggja megin við stofu og eldhús í fasteign M. Um er að ræða lögn úr eldhúsi á hæðinni fyrir ofan. M hefur krafist þess að fá tjónið bætt út húseigandatryggingu sinni hjá V.

M segir í málskoti að þetta sé búið að vera svona í mörg ár og að árið 2010 hafi sprungan í stofu fasteignarinnar verið orðin það stór að M hafði samband við V sem sendi menn á staðinn til að stöðva lekann og gera við vegginn. Á þeim tíma hafi þetta einnig verið búið að vera langvarandi vandamál en V setti það ekki fyrir sig þá að lekinn væri langvarandi. Telur M að viðgerðin frá árinu 2010 hafi ekki virkað.

V hefur hafnað bótaskyldu úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar og vísar til þess að samkvæmt skilmála vátryggingarinnar sé það skilyrði greiðsluskyldu að vatn, gufa og olía streymi óvænt og skyndilega úr leiðslum hússins og eigi upptök innan veggja þess. Telur V óumdeilt að lekinn hafi staðið yfir í mörg ár þegar M tilkynnti tjónið með tjónstilkynningu dags. 19. janúar 2022.

Álit.

Samkvæmt skilmálum vatnstjónstryggingarliðs húseigandatryggingar þeirrar sem hér um ræðir, bætir vátryggingin tjón af völdum vatns, gufu og olíu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja þess. M þarf að sýna fram á að skilyrði bóta úr vátryggingunni séu fyrir hendi, þar á meðal að tjónið megi rekja til óvænts og skyndilegs leka. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki annað ráðið en leki úr lögninni hafi varað um langt skeið. Hefur ekki verið sýnt fram á að um skyndilegan leka úr leiðslum hússins hafi verið að ræða eins og áskilið er svo bótaskylda úr vátryggingunni geti stofnast. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 90/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Slys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9.mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 7. október 2020 orðið fyrir slysi þegar hann var ásamt samstarfsmanni að lyfta kælipressu um borð í skipi X. Slysið hafi orðið með þeim hætti að samstarfsmaðurinn hafi misst takið þegar þeir voru að lyfta kælipressunni og við það hafi M fengið slynk á sig með þeim afleiðingum að hann hafi fengið verk í mjóbak og hné. M hafi 20 dögum eftir atvikið farið í meðferð til sjúkraþjálfara og farið til heimilislæknis. M telur að fyrirliggjandi skýrsla sjúkraþjálfara og læknisfræðileg gögn séu í samræmi og að með þeim sé sýnt fram á orsakatengsl milli varanlegs líkamstjóns hans og slyssins.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi skilmála tryggingarinnar þar sem tjón hans hafi ekki orðið vegna utanaðkomandi atburðar. Að mati V verða meiðsl M ekki rakin til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða sem rakin verða til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags. Og jafnvel þótt svo yrði talið að um slys væri að ræða þá sé ekki orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem hann rekur til þess. Því til stuðnings vísar V til þess að engin læknisfræðileg gögn bendi til þess að um vinnuslys hafi verið að ræða sem hafi valdið meiðslum M. V telur skýrslu sjúkraþjálfara ekki hafa sönnunargildi um tjónsatvikið og ekki sé minnst á slys í fyrstu komum til læknis eftir að atvikið átti sér stað.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort M eigi rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna sökum þeirra einkenna sem hann telur sig hafa fengið við að lyfta kælipressu um borð í skipi X.
Í fyrsta lagi kemur til skoðunar hvort atvikið teljist slys í skilningi 1. gr. vátryggingarskilmálanna. Með orðinu slys í skilmálunum er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans. Í tilkynningu um slysið á M til Sjúkratrygginga Íslands og V staðfestir X að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst er er í málskotinu. Í tilkynningunni er lýsing á atvikinu og kemur fram að samstarfsmaðurinn missti smá takið og M hafi fengið hnykk í bakið og fótinn og daginn eftir hafi M fundið verulega til í baki og hné. Þá eru tilgreindir tveir sjónarvottar að atvikinu. Með vísan til þess að vinnuveitandi sjálfur lýsir atvikum á þá leið að einkenni M sé að rekja til þess að samstarfsmaður M hafi misst takið á kælipressunni auk þess sem það eru tilgreind vitni að atvikinu þykir rétt að leggja þá lýsingu til hliðsjónar í málinu. Með vísan til þess þykir ljóst að um utanaðkomandi atburð er að ræða og sem olli meiðslum á líkama M og því um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna.
Í öðru lagi kemur til skoðunar hvort það séu orsakatengsl milli slyssins og einkenna M eftir það. Það er rakið í tilkynningu X til V og Sjúkratrygginga Íslands að M hafi fundið verulega til í baki og hné. Þá liggur fyrir að M leitaði til sjúkraþjálfara 20 dögum eftir slysið og var þar í meðferð um nokkurt tímabil. Í vottorði sjúkraþjálfarans kemur fram að M hafi leitað þangað vegna stoðkerfisverkja sem raktir eru til vinnuslyss nokkru áður. Þá liggur fyrir læknisvottorð þar sem fram kemur að M hafi haft samand við lækni rúmum þremur mánuðum eftir slysið og lýst verkjum í hnjám og baki og hann hafi verið sendur í myndatöku sem leiddi í ljós meiðsli og í framhaldinu hafi M farið í aðgerð. Í læknisvottorði sem er gefið vegna afleiðinga slyssins 8. desember 2021 kemur fram að M hafi fengið í bakið og farið í sjúkraþjálfun. Einnig kemur fram að vinnuálag hafi verið á sjónum. Ekki er frekar fjallað um orsakasamband vinnuálagsins og þess að M fékk í bakið. Af gögnum málsins er ekki að sjá að meiðsli

M sé að rekja til annars en slyssins sem hann varð fyrir við að lyfta kælipressunni. Með vísan til þess teljast orsakatengsl milli slyssins og meiðsla M í baki og hnjám.
Með vísan til alls framangreinds á M rétt á bótum að því marki sem sýnt er fram á tjón.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 91/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og kaskótrygging bfreiðar.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verkframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 12. apríl 2022.
3. Bréf V2 dags 21. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að aðfararnótt mánudagsins 7. febrúar 2022 hafi orðið tjón á A, bifreið í eigu M, þegar einangrunarplast frá byggingarsvæði þar sem X var að störfum fauk á hana. Með bréfi, dags. 24. febrúar 2022, hafnaði V1 kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X, þar eð félagið teldi tjónið ekki að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X. Þá kemur fram í bréfi V að gengið hafi verið frá vinnusvæðinu á fullnægjandi hátt og gripið til ráðstafana til að varna foki. Stæður af einangrunarplötum hafi verið strappaðar saman, en ein stæðan hafi oltið á hliðina í óveðri um nóttina og plötur úr henni brotnað og minni bútar fokið burt. M mótmælir þessu, enda hafi plöturnar sem fuku ekki verið minniháttar heldur fremur stórar. Starfsmenn X hafi þá komið morguninn eftir og fyllt nokkrar kerrur af efni sem fokið hafi um nærliggjandi svæði. Tjón hafi orðið á fleiri bifreiðum í nágrenni við M þessa nótt og þá hafi ítrekað verið kvartað undan frágangi við umrætt byggingarsvæði. Gæti X því ekki nægilega að því að munir fjúki ekki frá framkvæmdasvæðinu. Telur M því bótaskyldu fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að það hvíli á M að sýna fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Af gögnum málsins verði ekki talið sýnt fram á að frágangur einangrunarplatnanna hafi verið óvenjulegur eða honum ábótavant. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem renni stoðum undir það að X hafi haft tök á því að bregðast við í tæka tíð eða hefði átt að gera sérstakar ráðstafanir vegna veðurs í aðdraganda tjónsins. Þá liggi ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á að umgengni hafi almennt verið ábótavant á svæðinu. Hallann af þessum sönnunarskorti beri M. Það sé því afstaða V að um óhappatilvik hafi verið að ræða sem ekki verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

M sendi einnig tjónstilkynningu, dags. 7. febrúar 2022, til V2 sem er vátryggjandi bifreiðarinnar A. Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að A sé ekki tryggð kaskótryggingu hjá V2.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Í málflutningi sínum byggir M m.a. á því að umgengni hafi verið ábótavant á umræddu vinnusvæði og að ítrekað hafi verið kvartað vegna þess. Engin gögn liggja hins vegar fyrir nefndinni sem renni stoðum undir þær staðhæfingar. Samkvæmt upplýsingum frá X var gripið til ráðstafana til að varna foki frá vinnusvæðinu, þ.e. stæður af einangrunarplastplötum á svæðinu voru „strappaðar saman fyrir storminn.“ Af gögnum málsins má svo ráða að slík stæða hafi oltið á hliðina í vindhviðu með þeim afleiðingum að plötur úr henni brotnuðu og fuku m.a. á bifreið í eigu M þannig að tjón varð af. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að fyrrgreindur frágangur hafi verið óvanalegur eða að það verði metið X til gáleysis að hafa ekki gengið frá plötunum með öðrum hætti með tilliti til veðurfars. Hefur þannig ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M að bera hallann af því.

Hvað varðar kröfu M á hendur V2 hafa ekki verið lögð fram nein gögn er sýni að bifreiðin A hafi verið tryggð vátryggingu sem taki til tjóns af þessu tagi á umræddum tíma. Þar af leiðandi verður ekki ráðið af gögnum málsins að krafa M á hendur V2 komi til frekari skoðunar og verður henni því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V1. M á ekki rétt til bóta frá V2 vegna tjóns á A.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 92/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging, réttaraðstoðartrygging.

Gildissvið vátryggingar. undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18. mars. 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 11. apríl 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Samkvæmt gögnum málsins sendi M tjónstilkynningu til V vegna réttaraðstoðar þann 18. febrúar 2022. Í málskoti kemur fram að M hafi með bréfi til Kærunefndar jafnréttismála óskað eftir því að nefndin kanni og taki afstöðu til þess hvort brotið hafi verið á honum við ráðningu annars umsækjanda í tiltekið starf þar sem M var meðal umsækjanda. Þá kemur fram að kostnaður hafi hlotist af vinnu lögmanna vegna reksturs málsins fyrir kærunefndinni.

M hefur telur greiðsluskyldu hafa myndast úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V vegna kostnaðar við málarekstur fyrir Kærunefnd jafnréttismála.

V hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis vátryggingarskilmála tryggingarinanr um að vátryggingin taki einungis til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausna dómstóla hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Mál M hafi ekki farið fyrir dómstóla og því hafi greiðsluskylda ekki stofnast.

Álit.
Í skilmála vátryggingarinnar kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómssátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá segir að sé um að ræða ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi taki tryggingun einungis til kostnaðar sem stofnað er til að lokinni slíkri meðferð.

Óumdeilt er að ágreiningur M hefur ekki komið til úrlausnar hjá íslenskum dómstólum. Með vísan til þess og að teknu tilliti til framangreinds ákvæðis vátryggingarskilmálans um gildissvið vátryggingarinnar er ljóst að ekki hefur stofnast greiðsluskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 93/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. apríl 2022, ásamt tjónstilkynningu dags. 2. febrúar 2021 og sjúkraskrá á tímabilunum 1. maí 2017 til 31. maí 2019 og 1. maí 2019 og 11. febrúar 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti V um bótakröfu sína í sjúkdómatryggingu með tjónstilkynningu dags. 2. febrúar 2021.

M telur sig eiga rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V. M telur að túlka eigi eins árs tilkynningarfrest í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 með þeim hætti að upphaf ársfrestsins miðist við þegar sá sem hefur orðið fyrir tjóni hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hafi varanlegar afleiðingar fyrir hann. M vísar til niðurstöðu Landsréttar í dómi í máli réttarins nr. 482/2020 þar sem vitnað sé til dóma Hæstaréttar með sömu túlkun á ákvæðinu. M vísar til þess að hann hafi tilkynnt um tjón þegar hann byrjaði raunverulega að finna fyrir tjóni MS sjúkdómsins.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi haft upplýsingar um greiningu og fræðslu um MS sjúkdóm hans hinn 15. desember 2017 og vísar um það í sjúkraskrá M þegar sem komi fram í færslu hjúkrunarfræðings að M hafi verið að fá greininguna MS. V telur að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi byrjað að líða þennan dag og hafi því verið liðinn einu ári síðar eða 15. desember 2018 og því liðinni þegar M tilkynnti tjón sitt til V 2. febrúar 2021. V vísar til 16. gr. vátryggingarskilmála sjúkdómatryggingar þar sem segir að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir V ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Einnig bendir V á að skýrlega komi fram í tjónstilkynningu M sjálfs og komunótu í sjúkraskrá á greining sjúkdóms hans hafi komið fram í desember 2017.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi tilkynnt V um tjón sitt í sjúkdómatryggingu innan þess frests sem ann hafði frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sem vísað er til í 16. gr. vátryggingarskilmála fyrir sjúkdómatryggingu hjá V. Í bréfi V til M dags. 25. mars 2021 kemur fram að félagið hafi útvíkkað þann ársfrest sem tilgreindur er í þeim ákvæðum í tvö ár. Af þessari yfirlýsingu V verður ekki annað ráðið en að félagið telji að M hafi haft tvö ár frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á til að tilkynna um tjón sitt.

Til þess að M geti vitað um atvik sem krafa hans er reist á verður að líta til þess hvenær vátryggingaratburður getur hafa orðið. Í fyrrnefndu bréfi V til M dags. 25. mars 2021 kemur fram tilvísun til vátryggingarskilmála sem gilda um sjúkdómatryggingu M og afrit þeirra var sent með bréfinu. Um er að ræða vátryggingarskilmála sem merktir eru *„Skilmáli L-8“* og síðast í þeim segir *„Skilmáli þessi gildir frá 1. júlí 2015“*.

Í 11. gr. umræddra skilmála kemur fram eftirfarandi texti: *“Vátryggingaratburður telst einungis verða, ef vátryggður verður fyrir miska með því að greinast með einhvern eftirtalinna sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða sem taldar eru upp, verður fyrir útlimamissi, lömun, blindu, málstoli eða hlýtur alvarlega áverka eða brunasár, skv. nánari skilgreiningu hér á eftir.“* Í texta sem þar fylgir eru síðan gerð grein fyrir ýmsum sjúkdómum.

V hefur samkvæmt þessu, í sínum stöðluðu samningsskilmálum, skilgreint vátryggingaratburð þannig að hann sé bundinn við að vátryggður verði fyrir miska með því að greinast með tiltekinn sjúkdóm, en skv. frekara orðalagi 11. gr. verður að ætla sjúkdómur M falli undir IV.flokk í greininni með heitinu tauga og hrörnunarsjúkdómar.

Í máli M er ljóst að upplýsingar í sjúkraskrá benda eindregið til þess að í kjölfar greiningar á sjóntaugabólgu M í júní 2017 hafi farið fram frekari rannsóknir sem leitt hafi til greiningar á MS sjúkdómi í lok árs 2017. Í tilkynningu M til V kemur einnig fram að dagsetning tjóns sé 15. maí 2017, en af sjúkraskrá verður hins vegar ekki ráðið að greining MS sjúkdóms hafi verið komin fram þá heldur í fyrsta lagi seinna á árinu.

Krafa M um bætur úr sjúkdómatryggingu sinni kom fram 2. febrúar 2021. Við túlkun á því hvenær M vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. orðalag 16. gr. vátryggingarskilmála og 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga, verður að líta til þess að vátryggingaratburður telst eins og áður segir, skv. 11. gr. sömu skilmála verða *„..ef vátryggður verður fyrir miska með því að greinast með einhvern eftirtalinna sjúkdóma...“* Í dómi Landsréttar í máli nr. 482/2020 snerist ágreiningur hins vegar um bótakröfu vegna varanlegrar örorku og og skilgreiningar á því hugtaki og er því ekki að öllu leyti sambærilegur við málsatvik í þessu máli, frekar en önnur dómaframkvæmd Hæstaréttar varðandi túlkun á tilkynningarfresti skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki fyllilega ráðið hvort M hafi orðið fyrir miska strax við greiningu MS sjúkdóms á árinu 2017, ekki verður heldur með nægri vissu ráðið að miski hafi komið fram á árunum fram til 2. febrúar 2019, en það er sú dagsetning sem verður að líta til við upphaf tveggja ára frests sem V hefur skv. yfirlýsingu félagsins í bréfi til M dags. 25. mars 2021, lagt til grundvallar varðandi tilkynningar um tjón í sjúkdómatryggingu félagsins. Í færslu læknis Landspítala Háskólasjúkrahúss frá 20. janúar 2020 kemur fram að undanfarið hafi M verið slappari en ekki sé um að ræða ný „focal“ einkenni.

Af þessum gögnum verður ekki ráðið með vissu að M hafi orðið fyrir miska með greiningu MS sjúkdóms fyrir 2. febrúar 2019 en þá voru tvö ár fram að þeim degi sem M sendi tilkynningu um tjón sitt til V. Sá tveggja ára frestur sem V hefur lýst yfir að M hafi haft frá því að hann vitað um atvik sem krafa hans er reist á miðast við að M hafi vitað um að hann hafi orðið fyrir miska með því að greinast með MS-sjúkdóm. Vafi um þann nákvæma tímapunkt verður ekki túlkaður M í óhag.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 95/2022
Nafn málskotsaðila (M).
Nafn varnaraðila: (V).
Heiti vátryggingar: Slysatrygging fjölskyldutryggingar

Gildissvið vátryggingar. Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. mars 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 28. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti er vísað til þess að M hafi slasast á fimleikaæfingu 23. janúar 2019 og hafi haft vaxandi verki á árinu 2020 vegna þess. Í tjónstilkynningu foreldra M fyrir hennar hönd til V 4. desember 2020 kemur fram að þau hafi farið með M á slysadeild hinn 23. janúar 2019 vegna verkja í baki og lýsa meðferð kírópraktors og sjúkraþjálfara á árinu 2020 sem og myndgreiningum í lok árs 2020.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M telji að líkamtjón hennar sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar þegar hún hafi lent illa eftir stökk á fimleikaæfingu, þó ekki liggi fyrir hvað hafi nákvæmlega orðið til þess, en ljóst sé að það hafi ekki verið með vilja gert og sannanlega valdið líkamtjóni. Í málskoti M er einnig vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 412/2011 og að líkamstjón M verði ekki rakið til innra ástands eða sjúkdóma.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að ekki liggi fyrir hvað hafi nákvæmlega orðið til þess að M lenti illa eftir stökk á fimleikaæfingu 23. janúar 2019. V bendir á að gildissvið slysatryggingar fjölskyldutryggingar nái til þess þegar skyndilegur utanaðkomandi atburður veldur meiðslum á líkama og gerist án vilja vátryggðs. Ekki sé ljóst af gögnum málsins hvað í atburðarás í aðdraganda stökks M á fimleikaæfingu hafi falið í sér frávik frá því að lenda á gólfi. Einnig bendir V á að liðskrið sé þekkt sem álagsmeiðsli í íþróttum. V telur því skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar, eins og það birtist í vátryggingarskilmálum þar sem M er vátryggð, ekki uppfyllt í máli hennar.

Álit.

Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður ekki nákvæmlega ráðið af gögnum hvernig atburðarás í tengslum við stökk M á fimleikaæfingu var og hvort ætla megi að hún hafi t.d. misst jafnvægi, sbr. atvik í dómi Hæstaréttar í máli nr. 412/2011, eða að líkamsmeiðsli M megi rekja með öðrum hætti til utanaðkomandi atburðar. Læknisfræðileg gögn málsins segja heldur ekki skýrlega að þau einkenni sem M hefur séu þess eðlis að þau geti einungis komið til vegna utanaðkomandi atviks. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilgreiningar í vátryggingarskilmálum V þannig að gildissvið slysatryggingar fjölskyldutryggingar nái til mögulegra afleiðinga líkamsmeiðsla hennar. Fyrirliggjandi gögn sýna ekki skýrlega fram á að þau skilyrði séu uppfyllt hvað varðar utanaðkomandi atburð. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 96/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Smábátatrygging (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot, dags. 24. mars. 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf, M dags. 25 apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V, dags. 2 maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
5. Bréf M, dags. 9. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þriðjudaginn 6. júlí 2021, um klukkan 17:36, hafi báturinn A strandað við Harrastaðavík norðan við Skagaströnd. Í frumskýrslu lögreglu, dags. 10. júlí 2022, kemur fram að skipstjóri bátsins hafi sjálfur hringt á neyðarlínuna og látið vita af sér. Í kjölfarið hafi björgunarsveit farið á strandstað, dregið bátinn í land og flutt skipstjórann með sér. Í skýrslunni er haft eftir skipstjóranum að hann telji að hældrif bátsins hafi bilað, sláttur hafi komið í það og þess vegna hafi hann misst stjórn á bátnum sem endaði með því að hann strandaði. Þá kemur fram í frumskýrslunni að lögregla hafi talið rétt að skipstjórinn yrði látinn blása í áfengismæli. Sýndi áfengismæling neikvæða niðurstöðu. Var skipstjórinn einnig látinn undirgangast fíkniefnapróf sem sýndi jákvæðar niðurstöður á kókaíni, amfetamíni og benzódíazepíni. Aðspurður kvaðst skipstjórinn vera með lyf uppáskrifuð frá lækni sem gætu skýrt jákvæðar niðurstöður á amfetamíni og bensódíazepíni. Þá viðurkenndi hann að hafa neytt fíkniefna á föstudagskvöldið, 2. júlí 2021. Vegna jákvæðrar niðurstöðu úr fíkniefnaprófi var dregið blóðsýni úr skipstjóranum til frekari greiningar.

Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 12. júlí 2021 sagði skipstjórinn að hann hafi byrjað veiðitúrinn kl. 04:00 og farið á sína veiðistaði. Þegar dagurinn hafi verið að verða búinn hafi hældrifið bilað og báturinn strandað. Aðspurður að því hvort hann hafi neytt fíkniefna og/eða lyfja síðustu daga kvaðst hann síðast hafa notað kókaín á föstudagskvöldið fyrir strandið.

Í yfirlýsingu formanns Björgunarsveitarinnar Strandar, dags. 7. mars. 2022 kemur fram að hann hafi verið búinn að sjá stefnu bátsins fyrir strandið í svokölluðu SiteWatch kerfi. Hann hafi því reynt að kalla á skipstjórann í talstöð og hringt í GSM síma hans þar sem báturinn var að stefna í land. Svaraði skipstjórinn ekki fyrr en eftir strandið. Þá kemur fram í yfirlýsingunni að liðið hafi u.þ.b. 5-10 mínútur frá því reynt var að hafa samband við skipstjórann, þar til báturinn strandaði. Í yfirlýsingu frá skipstjóranum, dags. 15. mars. 2022 segir að orsök þess að báturinn strandaði hafi verið sú að hann hafi sofnað og að báturinn hafi tekið beygju vegna bilunar í hældrifi.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands, dags. 6 ágúst 2021, mældust 90 ng/ml af amfetamíni í blóði skipstjórans. Segir í matsgerðinni að efnið sé í flokki ávana- og fíkniefna sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði og að ökumaður teljist óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga. Ekki mældust önnur fíkniefni eða alkahól í blóði skipstjórans.

M, eigandi bátsins, hefur gert þá kröfu að báturinn verði bættur úr smábátatryggingu M hjá V. Byggir M m.a. á því að einungis lítið magn amfetamíns hafi mælst í blóði skipstjórans og að skipstjórinn hafi fullyrt að hann hafi ekki fundið fyrir áhrifum við stjórn bátsins. Þá vísar M til þess að hvorki fyrirsvarsmaður né eigandi M hafi átt sök á tjónsatburðinum og V sé óheimilt skerða bótarétt M með samsömum, þar vátryggður skuli einungis gjalda fyrir eigin háttsemi skv. meginreglum vátryggingaréttar. Enn fremur vísar M til þess að skipstjórinn hafi sofnað við stjórn bátsins og ósannað sé að orsakasamband sé á milli neyslu skipstjórans og þess að hann sofnaði. Þá byggir M á að það sé ósannað að tjónið verði rakið til stórkostlegs gáleysis skipstjórans. M gerir enn fremur kröfu um að V verði gert að greiða kostnað M, að fjárhæð kr. 750.000,- vegna vinnu lögmanns við málið.

V hefur hafnað bótaskyldu, m.a. með vísan til þess að strandið verði rakið til þess að skipstjórinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna og samkvæmt 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingarlaga hafi hann verið óhæfur til að stjórna bátnum í umrætt sinn. Strandið verði þannig rakið til stórkostlegs gáleysis skipstjórans. Enn fremur byggir V á því að skipstjórinn hafi verið óhæfur til að stjórna bátnum sökum þreytu og lyfjanotkunar. Telur V að skipstjórinn hafi augljóslega verið of þreyttur til að stjórna skipinu í umrætt sinn og gerst brotlegur við 2. mgr. 238. gr. sbr. 3. mgr. 238. gr. siglingarlaga, þar sem kveðið er á um að enginn megi stjórna skipi ef hann er óhæfur til þess sökum þreytu eða neyslu ávana- og fíkniefna. Enn fremur vísar V til þess að bótaréttur sé niður fallinn vegna brota á varúðarreglu 9.6. gr. vátryggingarskilmála tryggingarinnar, þar sem kveðið er á um að vátryggður skuli sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að orsök strandsins verður rakin til þess að skipstjórinn sofnaði við stjórn bátsins. Enn fremur er óumdeilt að skipstjórinn var undir áhrifum amfetamíns þegar atvikið átti sér stað. Ágreiningur er hins vegar um hvort þessar staðreyndir skuli leiða til skerðingar bóta samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga á grundvelli þess að skipstjórinn, sem stjórnandi, hafi orðið valdur af tjóninu með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis.

Með hliðsjón af því sem fram kemur í gögnum málsins verður að teljast ljóst að skipstjórinn hafi verið vansvefta við stjórn bátsins, eða í það minnsta svo þreyttur að hann sofnaði við stjórn hans. Felur það eitt og sér í sér brot gegn ákvæði 2. mgr. 238. gr. siglingarlaga, þar sem kveðið er á um að enginn megi stjórna skipi sé hann óhæfur til þess sökum þreytu. Þá hafa engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á það með óyggjandi hætti að neysla M á efninu hafi verið samkvæmt læknisráði. Verður því jafnframt að líta svo á að skipstjórinn hafi verið undir áhrifum ólöglegra fíkniefna við stjórn bátsins. Samkvæmt 3. mgr. 238. gr. siglingarlaga telst hver sá sem reynir að stjórna skipi óhæfur til þess ef hann er undir áhrifum ólöglegra ávana- og fíkniefna. Verður að líta svo á að neysla efnisins hafi haft neikvæð áhrif á getu skipstjórans til að stjórna bátnum og/eða til þess að meta hvort hann hafi verið of þreyttur til þess að stjórna honum í umrætt sinn. Með hliðsjón af framangreindu telst skipstjórinn hafa valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi við stjórn bátsins.

Í 6.2. gr. skilmála vátryggingarinnar sem um ræðir kemur fram að félagið geti borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða vátryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga. Er slík samsömun heimil skv. framangreindu ákvæði laga um vátryggingarsamninga. Í ljósi framangreinds og að teknu tilliti til atvika málsins telst hæfilegt að skerða bætur til M um helming með vísan til þess að til þess að tjónið verður rakið til stórkostlegs gáleysis skipstjórans.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr smábátatryggingu sinni hjá V en skerða skal bætur um 50% vegna stórkostlegs gáleysis skipstjóra.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 97/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 5. maí 2022, ásamt matsgerð dags. 10. apríl 2007 og tjónskvittun.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að umferðaróhapp varð hinn 6. febrúar 2021 þar sem bifreiðinni X var ekið inn í hringtorg við Stekkjarbakka í Reykjavík og Smiðjuveg í Kópavogi og hlið bifreiðar M.

M kveðst hafa slasast í umferðaróhappinu og vísar til þess að báðar bifreiðar hafi skemmst í óhappinu og hún hafi verið greind með tognun og ofreynslu á mjöðm og liðbönd í hálsi við komu á bráðamóttöku Landspítalans hinn 14. febrúar 2021. Í beiðni um sjúkraþjálfun dags. 19. febrúar 2021 komi einnig fram að M hafi axlarverki beggja vegna og skerta hreyfigetu, auk verkja og leiðni í baki hægra megin og verki í þumli hægri handa. Þannig telur M að nægilega hafi verið skráð um afleiðingar líkamstjóns hennar til að V verði að fallast á bótaskyldu vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að orsakatengsl séu milli einkenna M og umferðaróhappsins. V vísar til eldri matsgerðar, dags. 10. apríl 2007 þar sem M hafi verið metin til varanlegs miska og varanlegrar örorku vegna einkenna frá hálsi, mjóbaki og hnjám og þess að áreksturinn 6. febrúar 2021 hafi verið vægur. Það megi álykta af því að viðgerðarkostnaður vegna tjóns á bifreið M hafi einungis verið 258.217 krónur og ekki hafi verið farið fram á tjónaskoðun á bifreiðinni X. V bendir á að ekki sé hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram, að meiri líkur en minni séu á því að einkenni M tengist árekstrinum 6. febrúar 2021.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er upplýst að M lenti í umferðaróhappi sem leiddi til viðgerða á bifreið hennar, einnig liggja fyrir myndir sem sýna að ekki var sjáanlega mikið tjón á bifreið hennar. M leitaði ekki til læknis fyrr en 8 dögum eftir umferðaróhappið og lýsing einkenna þá og í beiðni um sjúkraþjálfun 5 dögum síðar er bæði mismunandi og nokkuð almenn. Ekki verður annað séð, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu, að ekki sé ljóst hvort einkenni M tengist fyrra heilsufari hennar eða umferðaróhappinu sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðaróhapps 6. febrúar 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 98/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V).
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Vátryggingartaki: (A).

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í byrjun nóvember 2021 hafi M gert kauptilboð í fasteignina X sem var í eigu Y en A fasteignasala hafi annast söluna og Z, aðstoðarmaður fasteignasala hafi séð um samskipti við M. M hafi í aðdraganda kaupanna gert Z ljóst að annað þeirra, M1, ætti sögu um alvarleg veikindi vegna myglu og það væri því forsenda fyrir kaupum að viðkomandi fasteign væri laus við raka/mygluskemmdir. Hefði, í aðdraganda kaupanna, verið minnsti grunur um slíkar skemmdir, hefðu M aldrei gert tilboð í X. Z hafi tekið fram að hún hefði gert allt til að ganga úr skugga um að ekkert væri athugavert við ástand X og að ekkert í sögu hennar benti til annars. Þá hafi Z, í ljósi hraðans á fasteignamarkaði, ráðið M frá því að gera fyrirvara um ástandsskoðun á X. Eftir að tilboð M í X var samþykkt hafi M skoðað eignina aftur og þá hafi M1 þegar fundið fyrir ofnæmiseinkennum vegna myglu. Hafi M þá farið fram á að gera nánari úttekt á X. Við eftirgrennslan hafi svo komið í ljós að í kaupsamningi, sem gerður var um kaup Y á X rúmlega ári áður var getið um rakaskemmdir í bílskúr og í parketi herbergis í bílskúr. M gera athugasemdir við það að Z hafi reynt að fá þau til að fallast á það skilyrði fyrir úttekt á X að þau afsöluðu sér öllum rétti til að byggja á niðurstöðu slíkrar úttektar en slíkir starfshættir séu í hróplegu ósamræmi við hlutlægnisskyldu fasteignasala sem beri að gæta hagsmuna bæði kaupenda og seljenda. Samkvæmt matsgerð dags. 17. janúar 2022, sem M og Y öfluðu, var líklegur kostnaður við úrbætur talinn nema 1,6 milljónum króna en það mat hafi byggt á sjónskoðun og mælingum en án þess að veggir væru rofnir eða gólfefni tekið upp. Eftir afhendingu X, hinn 15. janúar 2022, hafi verið opnað inn í gólf og veggi í bílskúrnum, þ.e. bæði í geymsluhluta hans og afstúkuðu svefnherbergi, og hafi þá komið í ljós að ástandið var verra en vænst var og umfang nauðsynlegra úrbóta meira en M höfðu gert ráð fyrir á grundvelli fyrrgreindrar matsgerðar. Fagmenn áætli þannig að heildarkostnaður við úrbætur nemi 3-5 milljónum króna en þess utan hafi M orðið fyrir ýmsum kostnaði, t.a.m. vegna skammtímaleigu á húsnæði þar sem þau hafi ekki getað flutt í X. Y hafi fallist á að veita 1,2 milljónir í afslátt af söluverði og sé því fjarri að fjártjón M sé að fullu bætt.

M telur að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu A hjá V sé til staðar enda hafi M, á grundvelli laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, haft réttmætar væntingar til þess að Z aflaði upplýsinga um X frá Y og úr opinberum skrám og skýrði réttilega frá ástandi fasteignarinnar í söluyfirliti. Upplýsingar í söluyfirliti hefðu hins vegar verið misvísandi þar sem ekkert segi í því um rakaskemmdir í bílskúr sem Y hafi þó verið kunnugt um enda hafi þeim verið lýst í eldri kaupsamningi. M hefðu mátt treysta því að Z kynnti sér opinber gögn um X, þ.á.m. umræddan kaupsamning frá árinu 2020. Jafnvel þó Y teldu að við kaup þeirra hefði verið búið að koma í veg fyrir vandann, sem í öllu falli reyndist ekki rétt, hefði átt að geta rakaskemmda enda beri að veita upplýsingar um ástand eignar við sölu hennar og þau atriði sem kunnugt er um og varða hana. M hafi sérstaklega spurt um rakavandamál í aðdraganda kaupsamnings og það hafi verið alger forsenda fyrir kaupunum að engin slík vandamál væru til staðar. Z, sem beri ríka sérfræðiábyrgð, hafi í þessu samhengi veitt rangar upplýsingar og ekki gætt hófs í lýsingu á ástandi X. Þá hafi hún sérstaklega tekið fram að ekkert í sögu X benti til annars en að ástand hennar væri gott hvað þetta varðaði. Það hafi augljóslega ekki verið rétt og hafi upplýsingar sem veittar voru í aðdraganda kaupanna verið rangar og ófullnægjandi og ekki til samræmis við áskilnað laga nr. 70/2015.

V, sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 11. febrúar 2022, segir í bréfi sínu til nefndarinnar að Z, ásamt löggiltum fasteignasala hjá A, hafi framkvæmt söluskoðun á X hinn 17. október 2021. Þá hafi Y fyllt út eyðublað um ástand X. Í framhaldinu hafi verið útbúið söluyfirlit sem stuðst hafi við opinberar skrár, þinglýst skjöl og önnur viðeigandi gögn. M hafi þá fengið að skoða eignina áður en opið hús var

haldið. Hafi M2 jafnframt mætt á opið hús ásamt systur sinni. Það hafi ekki verið fyrr en við þriðju skoðun, eftir að kauptilboð þeirra var samþykkt, sem M urðu vör við eitthvað sem þau vildu láta skoða nánar. Við gerð söluyfirlits hafi verið byggt á því sem Y sögðu í áðurnefndu eyðublaði, þ.e. að þau hefðu ekki vitneskju um raka eða leka í eigninni og hafi Z og A ekki haft ástæðu til að efast um þá fullyrðingu. Þá hafi Y verið í þeirri trú við kaup þeirra á eigninni að komist hefði verið fyrir raka og þau hefðu ekki orðið vör við raka í X á þeim tíma sem þau bjuggu í fasteigninni. Hafi starfsmenn A því ekki haft forsendur eða ástæðu til að koma upplýsingum úr eldri kaupsamningi á framfæri við M. Þá liggi ekki fyrir gögn er sýni fram á að starfsmenn A hefðu mátt sjá það, með hefðbundinn sjónskoðun, að upplýsingar frá Y væru rangar eða ástand bílskúrs með öðrum hætti en lýst var. Kaupsamningurinn frá 2020 hafi verið „óvirkt skjal“, þ.e. skjal sem var ekki þinglýst þegar söluferlið á X stóð yfir. Enginn grunur hafi verið um annmarka á X og því engin ástæða til að skoða umrætt skjal sérstaklega. Þess utan sé sjaldgæft að athugasemdir um ástand eigna rati í kaupsamninga enda sé slíks almennt getið í söluyfirliti. Jafnvel þó litið yrði svo á að starfsmenn A hefðu átt að kynna sér eldri kaupsamning og koma athugasemd í honum áleiðis þá sé það svo að í fyrirvara hans segi „Kaupanda er kunnugt um rakaskemmdir í bílskúr, í parketi herbergis í bílskúr…“. Bendi hann ekki til þess að um raka eða myglu hafi verið að ræða eða almennar rakaskemmdir heldur aðeins skemmdir sem bundnar hafi verið við parket í herbergi í bílskúrnum. Sé samkvæmt framansögðu ósannað að starfsmenn A hafi viðhaft saknæma háttsemi. Ekki hafi þá verið sýnt fram á orsakatengsl milli þeirrar háttsemi og tjónsins sem M telji sig hafa orðið fyrir en þess utan liggi ekki fyrir sönnun um meint fjártjón M og umfang þess.

Í viðbótarathugasemdum M er lýst þeirri afstöðu að hefði skoðun á sögu X verið jafnítarleg og Z hélt fram í samskiptum við M hefði ársgamall kaupsamningur ekki átt að fara framhjá starfsmönnum A. Þá hafi M, þegar þau urðu vör rakavandamála við skoðun eignarinnar, kannað möguleika þess að vera laus undan samningi við Y þar sem forsendur kaupanna væru brostnar. Því hafi verið hafnað. Þá mótmæla M þeim málatilbúnaði að ekki tíðkist að skoða „óvirk skjöl“ enda hvíli skylda á fasteignasala að afla upplýsinga sem koma eigi fram í söluyfirliti og hefði hann því átt að skoða samninginn. Auk þess séu sýnilegar skemmdir við bílskurshurð sem gefa hefðu átt fasteignasala tilefni til nánari skoðunar, þrátt fyrir upplýsingar frá Y um að engin þekkt rakavandamál væru til staðar. M hafi spurt sérstaklega um þessar skemmdir við skoðun eignarinnar og fengið þau svör að þar væri enginn leki. Er þeim skilningi V að fyrirvari í eldri kaupsamningi taki aðeins til rakaskemmda í gólfefni á herbergi þá mótmælt sérstaklega enda sé um að ræða bæði raka í bílskúr og í gólfefni umrædds herbergis. Þess utan eru gerðar ýmsar athugasemdir við starfshætti A og samskipti við M. Hvað varði fjárhæð tjónsins sem slíka þá hvíli ekki á M að sýna fram á hana heldur nægi að leiða líkur að tjóni, enda lúti krafa þeirra fyrir nefndinni ekki að tiltekinni fjárhæð heldur því að bótaskylda sé viðurkennd.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um a eigninni. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðiþjónustu.

Fyrir nefndinni liggur ódagsett söluyfirlit um X sem M munu hafa fengið afhent. Verður ekki séð að þar sé getið um neina galla á eigninni, en hún er sögð vönduð og vel skipulögð. Þá liggur fyrir yfirlýsing Y, dags. 22. október 2021, um ástand fasteignarinnar. Um er að ræða eyðublað með tilteknum spurningum og Y hafa hakað við „já“ eða „nei“ og skrifað athugasemdir eða skýringar við tiltekin atriði í þartilgerða dálka. Meðal þess sem spurt er um er „Hefur þú vitneskju um sveppagróður (myglu) eða rakaskemmdir af einhverju tagi í eigninni?“. Haka Y við „nei“ og ekki hefur verið fyllt út í dálk þar sem óskað er nánari skýringa og athugasemda ef við á. Spurningunni „Hefur þú vitneskju um raka eða leka í eigninni?“ er svarað á sama veg. Þá er einnig spurt „Hefur þú vitneskju um sig eða halla í gólfum,

sprungur í veggjum, galla í múrverki eða þess háttar?“ Þessari spurningu svara Y játandi, og segir í athugasemd „múrverk brotið af í bílskúr við hurð og steining losnuð af á súlu úti á palli“. Ekki liggur fyrir hvort M voru sérstaklega upplýst um þetta atriði í aðdraganda kaupanna, en þessa er ekki getið á söluyfirliti. Hins vegar liggur fyrir að skemmdir á múrverki við bílskúrshurð voru sýnilegar á auglýsingamyndum af X og að M spurðu að sögn sérstaklega um þær og má því ætla að þessi atriði hafi verið sýnileg við almenna sjónskoðun. Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi gögnum að aðrar skemmdir innan bílskúrsins hafi verið sýnilegar við hefðbundna sjónskoðun, en gólfefni mun hafa verið á gólfi bílskúrsins og veggir hans órofnir. Við nánari skoðun, sbr. skýrslu verkfræðistofu dags. 30 nóvember 2021, og skoðunarskýrslu matsmanns dags. 16. janúar 2022, kom fram að fyrir neðan gönguhurð í bílskúr voru ummerki eftir raka. Það hvílir sem áður segir á fasteignasala að kynna sér af eigin raun fasteign áður en henni er lýst í söluyfirliti, en ekki verður séð að krafa sé gerð um meira en almenna sjónskoðun. Þegar litið er til þeirra upplýsinga sem lágu fyrir frá seljendum verður þá ekki fallist á það með M að það verði metið fasteignasala til gáleysis að hafa ekki leitað upplýsinga í eldri kaupsamninga um eignina, enda verður ekki séð að sérstakt tilefni hafi verið til að efast um framangreint né að hefðbundin sjónskoðun hafi gefið slíkt tilefni. Áskilnaður um að fasteignasali skuli sækja upplýsingar um fasteign í opinberar skrár og skýrslur, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015, verður þá ekki túlkaður svo rúmt að í honum felist skylda til að kynna sér, án frekara tilefnis, eldri kaupsamninga sem kunna að hafa verið gerðir um eignina. Verður þá samkvæmt framansögðu ekki talið að sýnt sé að A eða einstakir starfsmenn hennar hafi af gáleysi veitt rangar upplýsingar um ástand eignarinnar en þrátt fyrir strangt sakarmat gilda hefðbundnar sönnunarreglur þegar kemur að skaðabótaábyrgð fasteignasala. Þá liggur, gegn neitun A, ekki fyrir nein staðfesting þess að Z hafi ábyrgst að eignin væri laus við raka, eða að það hafi verið sérstaklega kannað með öðrum hætti en almennri sjónskoðun og upplýsingaöflun frá Y. Er því ekki sýnt fram á að kynning fasteignasala á eigninni hafi að þessu leyti verið í andstöðu við 1. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2015.

Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að A eða starfsfólk hennar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við sölumeðferð á X og verður þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu M um staðfestingu bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu A. Þarf þar af leiðandi verða önnur atriði ágreinings þessa, t.a.m. varðandi það hvort M hafi sýnt fram á tjón umfram það sem nemur afslætti sem þau hafa samið við Y um, því ekki tekin til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala A hjá V

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 99/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar: (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 27. maí 2022.
4. Bréf V dags. 6. júní 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M fór í sjónlagsaðgerð hjá augnlækni (A) þann 13. nóvember 2002. Fyrir aðgerðina hafði M nærsýni og sjónskekkju. Í kjölfar aðgerðarinnar komu upp ýmsir fylgikvillar sem ollu því að M þjáðist af fjölsýni á hægra auga og slakri rökkursýn á báðum augum. Gekkst hann undir nokkrar aðgerðir á árunum 2003-2005 í þeim tilgangi að reyna að ráða bót á fjölsýninni án árangurs. Bótaskylda var samþykkt úr sjúklingatryggingu af þáverandi tryggingafélagi X og voru fylgikvillarnir metnir til 10 stiga varanlegs miska og 5% varanlegrar örorku með matsgerð dags. 30. desember 2010. Við mat á varanlegum miska horfðu matsmenn til þess að aðgerðin heppnaðist vel á vinstra auga en M bjó við margsýni á hægra auga eftir aðgerðina. M fór í enn eina aðgerðina þann 9. febrúar 2018 í þeim tilgangi að bæta úr einkennum hans. Aðgerðin dró að sögn M tímabundið úr fjölsýninni en fljótlega fór sjónin að versna að öðru leyti þar sem hann fór að finna fyrir fjarsýni og frekari sjónskekkju. M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V vegna aðgerðarinnar. Telur M að aðgerðin sem framkvæmd var þann 9. febrúar 2018 hafi valdið honum tjóni umfram það sem áður hafið hlotist. Ekki hafi verið réttlætanlegt að framkvæma hana miðað við ástand M á þeim tíma og í ljósi þess hversu margar aðgerðir hann hafði farið í á síðustu árum. Byggir M einnig á því að aðrar meðferðir hefðu staðið til boða sem hefðu getað reynst áhættuminni og/eða skilað sama gagni og stefnt var að með aðgerðinni, án þess þó að M yrði fyrir því tjóni sem hann býr við nú. Telur M einsýnt að tilvik hans falli undir lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 enda séu skilyrði 2. gr. laganna uppfyllt. Unnt hefði verið að komast hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð hefið verið hagað eins vel og unnt hefði verið í samræmi við þekkingu og reynslu þess læknis sem framkvæmdi aðgerðina á viðkomandi sviði og beita hefði mátt annarri meðferðaraðgerð sem hefði forðað honum frá tjóni. Óforsvaranlegt hefði verið að framkvæma skurðaðgerð á M þegar áhættan var jafn mikil og raun ber vitni og ávinningurinn ekki í samræmi við hana. M telur að fjarsýni hans sé tilkomin vegna þess að hornhimna hans sé orðin of þunn í kjölfar margra aðgerða og að aðgerðin frá 9. febrúar 2018 hafi ollið því. M hafi fengið það álit frá öðrum augnlækni. Að lokum telur M að hann hafi ekki verið nægilega upplýstur um þá möguleika sem stóðu til boða og þá áhættu sem fólst í aðgerðinni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að aðgerðin þann 9. febrúar 2018 hafi verið gerð til þess að reyna að bæta ástand hægra auga M með því í fyrsta lagi að minnka óreglulega sjónskekkju sem olli fjölsýni og í öðru lagi að taka í burtu fjarsýni. Ekki liggi fyrir ný gögn sem sýni fram á stöðu M í dag en samkvæmt mælingum frá 11. apríl 2019 var mæld fjarsýni M á hægra auga var ekki verri eftir aðgerðina en hún var fyrir hana. Ósannað sé að fjarsýni M sé til komin vegna of þunnrar hornhimnu eða aðgerðarinnar þar sem mælingar A sýni fram á annað. Óregluleg sjónskekkja hafi einnig minnkað við aðgerðina en regluleg sjónskekkja hafi aukist þó óljóst sé hver staðan er í dag þar sem nýjustu gögnin eru orðin þriggja ára gömul. Reglulega sjónskekkju er hægt að meðhöndla með glerjum. Telur V að skilyrði 1., 3. og 4. töluliðar 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu séu ekki uppfyllt.

Álit.
Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í þeirri grein laganna eru tilgreind að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur til bóta stofnast úr sjúklingatryggingu. Þar segir að bætur skuli greiða án tillits til

þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:
1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að sjónlagsaðgerðinni umrætt sinn hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að réttur til bóta úr tryggingunni hafi stofnast á grundvelli 1. töluliðar. Ekkert hefur heldur komið fram samkvæmt gögnum málsins að tjón M megi rekja til bilunar eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður var við aðgerðina. Af því leiðir að bætur verða ekki reistar á 2. tölulið. Ekkert síðara mat hefur farið fram sem leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við aðgerðina í tilviki M. Bætur verða því ekki reistar á 3. tölulið. Kemur þá til skoðunar hvort M búi við fylgikvilla eftir aðgerðina sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að hann búi við það bótalaust. Líta þarf til þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan við mat á því. Fram kemur í matsgerð dags. 30. desember 2010 þar sem afleiðingar aðgerðarinnar þann 13. nóvember 2002 voru metnar að M hefur búið við fjölsýni sem hái honum bæði í vinnu og starfi auk þess að hafa áhrif á andlegan líðan M. Vegna þessa var hann metinn til 10 stiga miska. M hafði gengist undir nokkrar sjónlagsaðgerðir hjá A sem miðuðu að því að bæta úr fjölsýninni en án árangurs. Aðgerðinn þann 9. febrúar 2018 var einnig framkvæmd í þeim tilgangi auk þess að laga fjarsýni. Aðgerðin sjálf skilaði ekki þeim árangri sem að var stefnt þ.e. fjarsýnin lagaðist ekki en mælingar benda til þess að óregluleg sjónskekkja sem olli fjölsýni minnkaði lítillega. Við aðgerðina varð aukning á svokallaðri reglulegri sjónskekkju sem leiðir til þess að M varð háðari gleraugum en áður. Við heildarmat á ástandi M fyrir og eftir aðgerðina sem hér um ræðir verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að skilyrðum 4. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu um alvarleika fylgikvilla hafi verið uppfyllt þ.e. að M búi við fylgikvilla sem sé meiri en sanngjarnt þykir að hann þoli bótalaust. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 101/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Tilkynningarfrestur. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. apríl 2022.

Málsatvik.

Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að þann 21. september 2018 M ók bifreið sinni X á ytri hring hringtorgs í Hafnarfirði við Lækjargötu og inn í hlið bifreiðar sem ekið var út úr hringtorginu frá innri hring hringtorgsins. Kvaðst M hafa ekið á 20-30 km/klst hraða er árekstur varð. Í málskoti kemur fram að M hafi leitað samdægurs á slysadeild LSH vegna einkenna í hálsi, baki og mjóbaki auk stífleika í vinstri öxl með kuldatilfinningu niður í fingur. Var hann greindur með tognun og ofreynslu á hálshrygg, brjósthrygg, lendhrygg og axlarlið. M leitaði næst til heimilislæknis þann 5. ágúst 2020 og kvartaði undan verkjum í hálsi og fram í fingur. Samkvæmt rannsóknum var brjóskeyðing á milli liða 6 og 7 og skekkja á fjórða lið. Þann 21. apríl 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V. Með tölvupósti dags. 30. júní 2021 tilkynnti V að það hafni bótaskyldu þar sem félagið telji ósannað að orsakatengsl séu milli einkenna M og umferðarslyssins auk þess sem tilkynningarfrestur vegna líkamstjónsins hafi verið liðinn þegar tilkynning barst þar sem umboð og tilkynning um líkamstjón barst V fyrst þegar tæp tvö ár voru liðin frá atvikinu. Vísar V til 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

M mótmælir afstöðu félagsins og telur með vísan til læknisvottorðs heimilislæknis dags. 16. júlí 2021 að sannað sé með fullnægjandi hætti að orsakatengsl séu til staðar milli umferðarslyssins og núverandi einkenna. Hvað tilkynningarfrest varðar þá hafnar M því að slysið hafi verið tilkynnt of seint og vísar til orðalags 124. gr. laga nr. 30/2004 ásamt því sem fram kemur í athugasemdum við greinina í lagafrumvarpi og vísar til þess að upphaf ársfrest getur verið matskennt og oft erfitt að festa hönd á það hvenær tjónþolar mega almennt gera sér grein fyrir að um varanlegar afleiðingar af slysum er að ræða. Í langflestum tilvikum gerir tjónþoli, líkt og M, ráð fyrir því að einkenni slyss muni lagast með tímanum. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 10/2015.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það í fyrsta lagi hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 21. september 2018 og einnig ef svo er hvort tilkynningarfrestur skv. 124. gr. laga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um líkamstjón sitt þann 21. apríl 2021. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði á slysdegi á bráðamóttöku Landspítala. Lýsti hann þar verkjum og stífleika í vinstri öxl með kuldatilfinningu niður í fingur og í brjóstkassa. Einnig var hann stífur í hálsi. Samkvæmt bráðamóttökuskrá var M með dreifðar tognanir en einkennin voru ekki talin alvarleg. M leitaði ekki aftur til læknis fyrr en 26. maí 2020 er hann leitaði til heimilislæknis og kvaðst alltaf vera með mikla verki í hálsi með taugastraumi niður hendurnar og segir það hafa byrjað eftir bílslys 2016/17. Einnig kveðst hann vera byrjaður að stama og finnst það gerast meira þegar hann er verkjaður í hálsinum. Eftir þetta á hann nokkrar komur til heimilislæknis vegna sömu einkenna. Í vottorði læknis telur læknirinn að umrætt slys 2016/17 sé slysið þann 21. september 2018 þar sem M hefur ekki lent í neinu öðru slysi. Fram kemur í vottorðinu að M hafði fyrir slysið eina komu til læknis vegna einkenna frá baki en það var á árinu 2011.

Samkvæmt gögnum málsins voru báðar bifreiðarnar á litlum hraða er árekstur varð eða um 20-30 km/klst. M leitaði á slysdegi til læknis en svo ekki aftur fyrr en um mitt árið 2020 vegna krónískra einkenna frá hálsi. Í málinu liggja ekki fyrir læknisfræðileg gögn eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna sem sýna fram á að einkenni M í dag megi rekja til þessa tiltekna áreksturs. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim

sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn þann 21. september 2018. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort tilkynningafrestur samkvæmt 124. gr. laga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er slysið var tilkynnt til V. Telst M því ekki eiga rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 102/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. apríl 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 12. ágúst 2020 hafi M, við vinnu sína í þágu X, verið einn að störfum á þaki sumarbústaðar en vinnan hafi falist í því að negla niður þakplötur. Hafi M verið í fallbelti sem hafi verið fest við sperruenda á öðrum megin á þakinu. Við störf sín hafi M farið yfir mæni þaksins enda hafi þurft að negla niður nagla sem enn stóðu uppúr þakplötum við mæninn en hætta hafi verið á að þeir naglar festust í bandinu sem M var festur við. Þegar M var kominn upp á mæninn hafi hann runnið niður þakið hinum megin. Þar sem fallbeltið var fest við þakbrún þeim megin sem hann rann hafi M þá fallið til jarðar. Engir stillansar eða aðrar fallvarnir hafi verið til staðar. M hafi meiðst töluvert við fallið enda brún þaksins í yfir þriggja metra hæð frá jörðu og séu áverkar hans að stórum hluta varanlegir. Hinn 7. júní 2021 krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V en þeirri kröfu hafi verið hafnað með bréfi V dags. 17. september 2021 á grundvelli þess að ekki hefði verið sýnt fram á saknæma háttsemi X eða starfsmanna þess í aðdraganda slyssins. M byggir á nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settum með stoð í þeim. Hafi X á grundvelli þeirra verið skylt að koma fyrir stillönsum eða öryggisbretti við þakbrúnina til að tryggja öryggi þeirra sem unnu á þakinu. Auðvelt hafi verið að koma slíkum búnaði fyrir á staðnum og verði því ekki byggt á undanþáguákvæði sem kveði á um að heimilt sé að nota öryggisbelti verði öðrum búnaði ekki komið við. Þá hafi M verið falið að vinna á þakinu án þess að fá til þess fullnægjandi þjálfun eða leiðbeiningar. M hafi ekki haft reynslu af störfum af þessu tagi og hafi því ekki verið réttlætanlegt að fela honum að vinna einum á þakinu. Framangreind vanræksla hafi leitt til slyss M. Þar sem slysið hafi þá ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins sbr. 79 gr. laga nr. 46/1980 verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði.

Í bréfi V segir að í frumgögnum, þ.e. tjónstilkynningu til V og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, komi fram að M hafi verið að fullnegla þakklæðningu þegar hann fór upp á mæni þaksins til að hvíla sig. Þegar hann var þar hafi hann tekið eftir nagla á gagnstæðri hlið þaksins sem ekki var fullnegldur. Hafi hann þá teygt sig að naglanum með hamar í hendinni. Hafi hann þá misst grip það sem hann hafði með hinni hendinni á mæninum og fallið niður. Mótmælir V því málavaxtalýsingu í málskoti að því leyti sem hún er í ósamræmi við lýsingu á atvikum í ofangreindum tilkynningum. Ferð M upp á mæninn hafi verið með öllu þarflaus. Þá sé óumdeilt að M hafi verið í fallbelti af viðurkenndri gerð sem hafi verið fest með viðurkenndum hætti. M hafi jafnframt, tveimur dögum fyrir slysið, fengið kennslu í notkun fallbeltisins og það hafi verið brýnt fyrir honum að nota það öllum stundum. Um einaldan búnað með augljósa virkni sé að ræða og starfsmanni sem hafi haft reynslu, fengið þjálfun, og starfað í nokkra daga á umræddu þaki hafi mátt vera fullljóst hvernig fallbeltið og öryggislínan virkuðu. Við vinnu sem þessa sé þá almennt notast við fallbelti og öryggislínu enda mjög tímafrekt að smíða öryggispalla kringum þök sem aðeins sé unnið við í nokkra daga. Hafi verið bæði heimilt og eðlilegt að nota aðeins öryggisbelti með línu umrætt sinn enda sé það heimilt verði öðrum öryggisbúnaði, s.s. öryggisbretti, ekki komið við. Sé því um opið skilyrði að ræða og að mati V heimilt og eðlilegt að nota belti og línu umrætt sinn. Jafnvel þó svo hefði ekki verið sé ekki sýnt fram á orsakatengsl meints vanbúnaðar og tjóns M. Þá hafi M ekki verið einn við vinnu á tjónsdegi enda hafi annar starfsmaður verið í stiga að vinna við þakkantinn er umrætt tjónsatvik varð. Tjón M verði samkvæmt framansögðu rakið til aðgæsluleysis M sjálfs og/eða óhappatilviks og verði ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að atvikið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu samdægurs, enda hafi ekki legið fyrir á þeim tíma að um alvarleg meiðsl væri að ræða. Jafnvel þó nefndin komist að þeirri niðurstöðu að

atvikið verði rakið til saknæmrar vanrækslu X hljóti stórkostlegt gáleysi M, er hann tók sjálfviljugur þá ákvörðun að fara upp á mæninn til að hvílast og þaðan yfir á gagnstæðan þakflöt án þess að skeyta um þá augljósu hættu sem í því fólst, að leiða til fullrar skerðingar á bótarétti hans, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í viðbótarathugasemdum M er því mótmælt að óumdeilt sé að umrætt fallbelti hafi verið af viðurkenndri gerð og að það hafi verið fest með viðurkenndum hætti enda liggi engar frekari upplýsingar um fallbeltið fyrir í gögnum málsins. Þá er ítrekað að þjálfun M hafi verið ábótavant og að skýrt sé að X hafi ekki fylgt skýrum reglum um skyldur til öryggisráðstafana við þær aðstæður sem M hafi starfað við á slysdegi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Fyrir liggur að umrætt atvik var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 28. ágúst 2022. Þar sem ekki liggur að fullu fyrir hvenær í ljós kom að M væri óvinnufær í einn eða fleiri daga, eða að líkur væru til þess að hann hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, verður þó ekki talið sýnt að með því hafi X brotið gegn 79. gr. laga nr. 46/1980. Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að umrætt atvik hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr. Í tjónstilkynningu M til V svo og tilkynningu til Sjúkratrygginga lýsir M atvikum svo að hann hafi verið að störfum á austurþekju að fullnegla klæðningu þegar hann fór upp á mæni þaksins til að hvíla sig. Þar hafi hann tekið eftir nagla á vesturþekju sem ekki hafi verið fullnegldur og hafi hann teygt sig eftir honum en þá misst takið á mæni þaksins og runnið niður vesturþekjuna. Verður að byggja á þessari atvikalýsingu og af henni má ráða að engin sérstök nauðsyn hafi borið til þess að M teygði sig með þessum hætti á vesturhluta þaksins. Þá verður jafnframt að telja að um einfalt verk í sjálfu sér hafi verið að ræða og að M hafi mátt gera sér grein fyrir virkni þess öryggisútbúnaðar sem var til staðar. Þannig hafi honum mátt vera ljóst að á meðan lína fallbeltisins var fest við sperrukant á vesturþekju nyti hann ekki fallverndar þeim megin á þakinu. Í IV. viðauka við reglugerð nr. 547/1997 sem M vísar til kemur fram að verði slíkum, þ.e. verkpöllum, eða öryggisbretti við þakbrúnina, eða a.m.k. jafntryggum öryggisbúnaði ekki komið við skuli hver starfsmaður sem vinni á þaki hafa öryggisbelti með lás í líflínu af viðurkenndri gerð og skuli hún fest á öruggan hátt í fastan hluta byggingarinnar. Hefur ekki verið sýnt fram á að aðbúnaður eða öryggi á vinnustað hafi verið í andstöðu við þetta ákvæði eða að þjálfun eða leiðsögn hafi verið ábótavant og að það hafi valdið tjóni M. Verður samkvæmt framansögðu að telja að um óhappatilvik og/eða eigin aðgæsluleysi M hafi verið að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 103/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ferðatrygging fjölskyldutryggingar.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf M, dags. 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 16. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á ferðalagi rétt fyrir utan borgina Cannes í Suður-Frakklandi þegar hann stoppaði rétt fyrir utan hraðbraut við skyndibitastað. M lýsir atvikum þannig að um leið og hann hafi drepið á bifreiðinni og stigið út úr henni hafi komið að honum mjög æstur maður sem hrópaði að honum á frönsku og verið ógnandi í framkomu. Eftir um 15-20 sekúndur hafi M gengið frá bifreiðinni og stutt á hnapp til að læsa henni á meðan hann fór inn á skyndibitastaðinn. Þegar M kom aftur að bifreiðinni sá hann að tvær töskur voru horfnar úr farþegasæti bifreiðarinnar.

M telur að hann hafi verið rændur þannig að samverkamaður þess sem hrópað hafði að M á bifreiðastæðinu hafi tekið töskurnar á meðan hinn hafi dreift athygli hans. M tilkynnti þjófnað til lögreglu símleiðis. M telur sig eiga rétt á bótum úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar með vísan til 44. og 51. gr. vátryggingarskilmála þar sem komi fram að tryggingin greiði bætur vegna tjóns á einkamunum af völdum þjófnaðar, innbrots eða ráns. M telur að h. og j. liður 2. mgr. 42. gr. sömu vátryggingarskilmála eigi ekki við um atvik í máli hans þar þau ákvæði geymi varúðarreglur en ekki hlutlægar ábyrgðartakmarkanir. M vísar til þess að hann hafi ekki skilið farangur sinn eftir í bifreiðinni og orðalag um slíka háttsemi eigi því ekki við auk þess sem hann hafi ekki farið gegn varúðarreglum þannig að sök hans teljist ekki óveruleg skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M leggur áherslu á að hann hafi verið vísvitandi blekktur með því að athygli hans var dreift á meðan töskum hans var stolið og verði háttsemi hans í þeim aðstæðum í besta falli metin sem óveruleg sök þannig að V geti ekki takmarkað ábyrgð sína. M vísar einnig til úrskurða nefndarinnar varðandi túlkun á því hvað teljist til varúðarreglna.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að félagið hafi undanþegið sig ábyrgð með hlutlægum hætti í h. og j. lið 2. mgr. 42. gr. vátryggingarskilmála. Í h. lið komi fram að vátryggingin bæti ekki tjón á hlutum sem einhver hinna vátryggðu týni, missi, gleymi, misleggi eða skilji eftir á almannafæri eða í ólæstum híbýlum, geymslum, bifreiðum og bátum. Í j. lið komi síðan fram að vátryggingin bæti ekki tjón á hlutum sem stolið er eða hverfi úr læstum híbýlum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða. V telur þessi ákvæði skýr og að þær feli í sér hlutlægar ábyrgðartakmarkanir, auk þess sem M geti ekki sýnt fram á að töskum hans hafi verið stolið með þeim hætti sem hann lýsir. V vísar auk þess til þess að ef ekki verði fallist á að um hlutlægar ábyrgðartakmarkanir sé að ræða hafi M brotið gegn varúðarreglum og þannig eigi að takmarka rétt hans til bóta skv. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Skilmálaákvæði þau sem V byggir synjun sína á bótaskyldu á, h. og j. liður 2. mgr. 42. gr., teljast í báðum tilvikum varúðarreglur sem eftir atvikum geta veitt félaginu rétt til að skerða bætur eða fella niður samkvæmt því sem mælt er fyrir um í 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Um er að ræða fyrirmæli til vátryggðs um háttsemi hans skv. orðanna hljóðan í h. lið og j. liður felur í sér fyrirmæli um að læsa híbýlum og eftir atvikum bifreiðum. Samkvæmt umræddri 26. gr. laganna getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Af lýsingu M verður ekki annað ráðið en að honum hafi brugðið nokkuð þegar hrópað var að honum á tungumáli sem hann skildi ekki og verður það ekki metið honum til meira en óverulegrar sakar að hafa

brugðist við með þeim hætti sem hann gerði og þannig að hann hafi ekki séð þegar farið var inn í bifreið hans. Ekki er að sjá neitt í gögnum málsins sem dregur úr trúverðugleika þeirrar lýsingar M og getur V því ekki takmarkað ábyrgð sína. Á M því fullan rétt á bótum vegna tjóns á farangri úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ferðatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 104/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. maí 2022.
3. Bréf M, dags. 16. maí 2022.
4. Bréf V, dags. 18. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatn lak inn í íbúð M á fyrstu hæð tveggja hæða húseignar hinn 25. febrúar 2022, en húseignin er í Kópavogi. Í tjónsskýrslu kemur fram að leki virðist koma að ofan og gerðar hafi verið ráðstafanir á svölum á efri hæð til að skapa rás fyrir vatn þannig að það færi af svölum.

M telur að um hafi verið að ræða tjón á húseign hennar vegna asahláku og þannig eigi það undir gr. 9.1.6 í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að vátrygg V bæti tjón sem verði til vegna yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku þannig að vatnsmagn verði svo mikið að frárennslisleiðslur nái ekki að flytja það frá. M vísar á bug skýringum V á mögulegum tjónsorsökum að það sé sýnt að vatn hafi komið frá svölum íbúðar á 2. hæð, heldur sé alveg ljóst m.v. upplýsingar um veður að asahláka hafi verið á þeim tíma sem tjónið varð. Því til stuðnings vísar M til tilkynningar á heimasíðu sveitarfélagsins Mosfellsbæjar, þar sem varað er við slíku veðri. M telur að óðagot við tilkynningu tjóns hennar í upphafi og mögulegar skýringar sem gefnar hafi verið þá á orsök tjónsins eigi ekki að leggja til grundvallar sem staðreyndir.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að vatn hafi safnast fyrir á svölum íbúðar fyrir ofan íbúð M og þannig hafi vatn lekið með kverk og þéttingu á glugga í stofu og svefnherbergi inn í íbúð M. V tekur fram að ákvæði 9.1.6 í vátryggingarskilmálum taki til þess þegar yfirborðsvatn, vatn sem safnist fyrir á yfirborði jarðar, verður svo mikið að frárennslisleiðslur nái ekki að flytja það frá. V bendir á skýringar í orðabók varðandi orðið yfirborðsvatn. V vísar einnig til undanþáguákvæðis í gr. 9.1.7 í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að vátryggingin bæti ekki tjón sem verða vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.

Álit.

Í máli þessu liggja m.a. fyrir gögn um tjónstilkynningu M vegna vatnstjóns í íbúð hennar, tjónsskýrsla vegna skoðunar á tjóninu sem og fjöldi ljósmynda. Einnig hefur M komið á framfæri skjáskoti af færslu á vefsíðu sveitarfélagsins Mosfellsbæjar vegna mögulegrar asahláku hinn 25. febrúar 2022.

Af þessum gögnum verður ekki með fullri vissu ráðið með hvaða hætti vatn lak inn í íbúð M. Í gr. 9.1.6 í vátryggingarskilmálum kemur fram að fasteignatrygging M hjá V nái til þess þegar tjón verður vegna yfirborðsvatns sem orsakist af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verði það mikið að frárennslisleiðslur nái ekki að flytja það frá. Einnig kemur þar fram að það skuli haft til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað.

Sá sem heldur því fram að bótaskilyrði séu uppfyllt skv. vátryggingarskilmálum ber almennt sönnunarbyrði um það. Í þessu máli er, eins og áður segir, ekki alveg ljóst hvernig vatn barst inn í íbúð M, einhverjar líkur eru leiddar af því að það hafi komið af svölum á 2. hæð, en engar upplýsingar liggja fyrir um hvort frárennslisleiðslur hefðu átt að flytja vatnið frá eða hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis og/eða asahláku. Á meðan gögn málsins eru ekki skýrari en þetta verður ekki fallist á að sannað sé að skilyrði gr. 9.1.6 í vátryggingarskilmálum sé uppfyllt. M á því ekki, að svo stöddu, rétt til greiðslu bóta úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 105/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Björgunarstörf.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu festist bifreiðin B í sjó í Vestmannaeyjum þann 19. febrúar 2022. Óskað var eftir aðstoð frá Björgunarfélagi Vestmannaeyja við að losa bifreiðina og á vettvang komu björgunarsveitarmenn í bifreiðinni A. Samtals hafi þeir losað bifreiðina þrisvar sinnum, bæði með því að moka undan bifreiðinni og með því að nota dráttartaug sem fest var í bifreiðina til að draga hana. Björgunarsveitarmenn höfðu fengið leyfi frá M sem var eigandi bifreiðarinnar til þess að draga hana upp úr snjónum. Þegar ökumaður B hafði fest bifreiðina í þriðja sinn ráðlögðu björgunarsveitarmenn eiganda bifreiðarinnar að skilja hana eftir en óskaði M ásamt ökumanni B eftir því að bifreiðin yrði dregin í skjól. Dráttartaug frá bifreiðinni A var fest við auga á framhöggvara bifreiðarinnar B og gerð var tilraun til þess að draga bifreiðina en við það losnaði framhöggvari bifreiðarinnar B og tjón var á bifreiðinni. M, eigandi B, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá V1. V1 hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að bifreiðin hafi verið notuð sem björgunarsveitarbifreið umrætt kvöld og vísar til undanþáguákvæðis 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. V2 telur tjónið bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A og vísar til þess að tilgangur löggjafans með umræddu ákvæði hafi verið að leysa björgunarsveitir undan bótaábyrgð verði tjón á bifreiðum sem eru dregnar af bifreiðum í þeirra eigu. Eigi ákvæðið ekki við um tjón af völdum annarra bifreiða. Vísar V2 til álits nefndarinnar í máli nr. 318/2020 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 er eigandi (umráðamaður) ökutækis sem notað er til dráttar skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutæki. Tjón á ökutæki sem er dregið af öðru ökutæki vegna björgunarstarfa er undanskilið bótaábyrgð ef sannanlegt samþykki eiganda (umráðamanns) liggur fyrir. Ekki er skýrt í lögunum hvað átt er við með *„ökutæki vegna björgunarstarfa“* samkvæmt lagaákvæði þessu. Í áliti nefndarinnar í máli nr. 318/2020 fjallaði úrskurðarnefndin um túlkun sína á fyrrgreindu lagaákvæði ásamt því að fjalla um álit efnahags- og viðskipanefndar en nefndin lagði til breytingar á orðalagi 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins í þá veru að orðalagið var rýmkað frá upprunalegu frumvarpsdrögunum. Í áliti úrskurðarnefndar í fyrrgreindu máli segir: *„Í umræðum í þinginu um frumvarpið var ekki vikið frekar að þessu ákvæði laganna en fram kom í nefndarálitinu. Texti sjálfs lagaákvæðisins endurspeglar ekki með skýrum hætti þann löggjafarvilja sem fram kemur í nefndarálitinu sem er óheppilegt, en álit nefndarinnar er skýrt að því leyti að umræddu ákvæði er einungis ætlað að taka til ökutækja Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra viðbragðsaðila, svo sem slökkviliðs og lögreglu, þegar þau eru notuð við björgunarstörf. Önnur ökutæki eigi á hinn bóginn að falla undir meginreglu fyrri málsliðar málsgreinarinnar. Síðari málsliðurinn mælir fyrir um undantekningu frá meginreglu fyrri málsliðar. Eins og hér stendur á verður að skýra síðari málsliðinn í samræmi við skýrt álit efnahags- og viðskiptanefndar þannig að með ökutæki vegna björgunarstarfa sé einungis átt við björgunarbifreiðir Slysavarnafélagsins Landsbjargar og annarra viðbragðsaðila, svo sem slökkviliðs og lögreglu.“* Fram kemur í lögregluskýrslu að bifreiðin A var umrætt kvöld nýtt við björgunarstörf hjá Björgunarfélagi Vestmannaeyja. Það er óumdeilt að sannanlegt samþykki M fyrir drætti bifreiðarinnar lá fyrir en eins og fyrr segir var bifreiðin A ekki í eigu Slysavarnafélagsins Landsbjargar eða annarra viðbragðsaðila, svo sem slökkviliðs og lögreglu, heldur var hún í eigu fyrirtækis sem lánaða hana til björgunarstarfa umrætt kvöld. Björgunarfélagið er aðili að Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og því falla bifreiðar félagsins undir undanþáguákvæði 2.

málsl. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019. Að mati nefndarinnar verður að telja að bifreiðin A hafi í umrætt sinn verið björgunarbifreið Björgunarfélags Vestmannaeyja, óháð beinu eignarhaldi, enda kemur skýrt fram í gögnum málsins að bifreiðin var sérstaklega lánuð af eiganda hennar til björgunarstarfa í Vestmannaeyjum umrætt kvöld og var Björgunarfélagið því með umráð hennar er tjónið varð auk þess sem bifreiðinni var ekið af björgunarsveitarmönnum sem kallaðir voru sérstaklega á vettvang til að aðstoða við að draga og losa bifreiðar þ.m.t. bifreiðina B, sem fastar voru í snjó umrætt kvöld. Telst bifreiðin þar með ökutæki sem fellur undir undanþáguákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2019 og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Niðurstaða.
Tjón á B, bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 106/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. apríl 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B í íbúðargötu í Kópavogi. Í tjónaskýrslu frá Aðstoð&Öryggi kemur fram að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Í skýrslunni kveðst ökumaður A hafa verið að aka aftur á bak út úr bílastæði og stöðvað til þess að seta bifreið sína í „drive“ en í kjölfarið fengið högg á bifreiðina. Ökumaður B segir í skýrslunni að báðum bifreiðunum hafi verið aftur á bak er árekstur varð. Hann hafi þó ekki séð bifreiðina A fyrr en rétt fyrir áreksturinn.

M var ökumaður bifreiðar A í greint sinn og telur alla sök á árekstrinum eigi að leggja á bifreið B þar sem ekki hafi verið rétt að báðar bifreiðar hafi ekið aftur á bak er árekstur varð. Kveðst M hafa ekið aftur á bak úr stæði á meðan verið var að losa sorp úr bifreiðinni B. M kveður bifreið sína hafa verið kyrrstæða og jafnvel komna af stað áfram þegar högg kom á bifreiðina. Það sé því ekki rétt að báðum bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak er árekstur varð.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Það er einnig ljóst af gögnum málsins að ökumaður bifreiðar A ók út úr stöðureit við íbúðarhús rétt áður en áreksturinn varð og bar að gæta við það fyllstu varúðar skv. fyrirmælum 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þegar gögn málsins eru metin í heild verður ekki lagt til grundvallar að M sem var ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína það löngu fyrir árekstur að hún hafi verið búin að gæta nægrar varúðar við aksturinn. Miðað við gögn málsins er því ekki sýnt fram á annað en að hvorugur ökumanna hafi gætt að varúðarskyldu 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 107/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V).
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Vátryggingartaki: (A).

Fyrning.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 13. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 21. júní 2021 hafi húsfélagið M tilkynnt V um að það gerði kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A. Í tjónstilkynningu sagði að mistökin hefðu komið fram hinn 15. ágúst 2021. Í framhaldinu hafi M aflað matsgerðar um þá galla á húseigninni sem enn þörfnuðust úrbóta, þ.e. skemmdir á svölum og klæðningu hússins. Í fyrirliggjandi matsgerð, dags. 13. desember 2021, kemur m.a. fram að íbúar hússins hafi tekið eftir því um haustið 2019 að flísar og undirlag á svölum hússins hafi losnað og lyfst. Eru þá í matsgerðinni gerðar ýmsar athugasemdir við frágang svala og niðurstaðan sú að flísalögn á svölum hafi verið hroðvirknislega unnin. Um klæðningu hússins segir þá að hún hafi verið illa frágengin og að hnoð hefðu losnað á fjölmörgum stöðum. V hafi, með bréfi dags. 8. febrúar 2022, hafnað kröfunni á grundvelli þess að hún væri fyrnd, enda kæmi fram í tjónstilkynningu að þau mistök sem krafan grundvallaðist á hefðu komið fram hinn 15. ágúst 2017 og hafi húseigendur því á þeim tímapunkti haft nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem bæri ábyrgð á því. Hér sé að mati M um að ræða augljósan misskilning. Ágreiningur aðila fyrir nefndinni snúi aðeins að göllum á svölum og klæðningu hússins og hvergi komi fram í tjónstilkynningu að þau mistök hafi komið fram hinn 15. ágúst 2017. Meðfylgjandi stöðluðu eyðublaði V, sem aðeins gefi kost á því að ein dagsetning sé tilgreind, hafi verið ítarleg greinargerð M. Þar komi m.a. fram að flísar á svölum hafi losnað „fyrir tæpu ári síðan“ og ítrekað sé tekið fram í greinargerðinni að umrædd mistök, þ.e. er snúi að svölum og klæðningu, hafi komið í ljós á eftir öðrum atriðum sem einnig séu tilgreind. Ýmsir ágallar á húseigninni hafi vissulega verið ljósir fljótlega eftir afhendingu eða í kjölfar úttektar en þau mistök sem hér komi til úrlausnar hafi ekki komið fram fyrr en á árunum 2019 og 2020. Af heildstæðri skoðun á tjónstilkynningu og greinargerð M sé því ljóst að krafa þess sé ekki fyrnd. Þá sé ljóst að umræddir ágallar hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit og að skemmdirnar hefðu ekki komið fram hefði byggingarstjóri sinnt starfsskyldum sínum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hinn 13. mars 2017 hafi verið undirritaður samningur um kaup á íbúð í M. Í kaupsamningi komi fram að tvær flísar á svölum séu brotnar og að fram hafi komið rakaskemmdir í eigninni. Hinn 21. júní 2021 hafi M tilkynnt um tjón og komi fram í tjónstilkynningunni að mistök hafi komið fram hinn 15. ágúst 2017. Þá hafi verið vísað til meðfylgjandi greinargerðar þar sem tiltekinn hafi verið fjöldi meintra mistaka við byggingarframkvæmdina. Hafi V ekki getað tekið afstöðu til kröfunnar án frekari gagna og hinn 1. febrúar 2022 hafi V borist áðurnefnd matsgerð. Það sé afstaða V að krafan sé fyrnd á grundvelli 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 en þar komi fram að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. M hafi sjálft upplýst um það að mistökin sem tilkynnt var um hefðu komið fram hinn 15. ágúst 2017. Eigi að miða við annað tímamark hvíli sönnunarbyrði þess á M og slík sönnun hafi ekki tekist. Í málsgögnum sé þvert á móti ýmislegt sem bendi til þess að meintir gallar á svölum hússins hafi komið fram á árinu 2017, sbr. umræddan kaupsamning en í honum liggi fyrir staðfesting á því að gallinn hafi í síðasta lagi verið ljós í mars 2017. Sé það og í samræmi við lýsingar eiganda umræddrar íbúðar í skýrslu sem fylgt hafi tjónstilkynningu. Hvað varði utanhússklæðningu þá komi lítið fram um hana í gögnum málsins, en í skýrslu meðfylgjandi tjónstilkynningu komi þó fram að frá afhendingu íbúða hafi ítrekað komið fram lekavandamál sem rekja megi til galla í framkvæmdum. Þá komi fram í fyrrgreindum kaupsamningi að rakaskemmdir séu í botnstykkjum glugga og loftakverkum við svalir. Ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi verið kunnugt um meinta galla á utanhússklæðningu síðar en 15. ágúst 2017. Sé krafa vegna þess þáttar því einnig fyrnd. Verði ekki fallist á framangreinda afstöðu telji V þá að hafna beri kröfu M á

þeim grundvelli að ekki hafi verið lögð fram haldbær gögn um orsakir galla á fasteigninni eða hver beri ábyrgð á þeim. Verði því að telja ósannað að meintir gallar verði raktir til saknæmrar vanrækslu byggingarstjóra á starfsskyldum sínum.

Álit.

Hvað varðar meinta ágalla á gólfi svala fjölbýlishússins verður ekki litið framhjá því að fyrirliggjandi er kaupsamningur um eina íbúð þess, dags. 13. mars 2017, þar sem fram kemur að tvær litlar flísar á svölum séu brotnar. Af fyrirliggjandi ljósmyndum, svo og því sem fram kemur í skýrslu húseigenda sem var meðfylgjandi tjónstilkynningu dags. 21. júní 2021, verður ekki annað séð en að kvörtun þeirra lúti að því að flísar á svalagólfi hafi losnað og sprungið eða brotnað. Verður því að telja að umræddur ágalli hafi verið kominn fram í síðasta lagi hinn 13. mars 2017. Verður þá að líta svo á að á þeim tíma hafi tjónþoli fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð bar á því eða hafi borið að afla sér þeirra upplýsinga en krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá því tímamarki, sbr. 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda. Með hliðsjón af því að M hefur samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að um sé að ræða tjón er hafi komið fram síðar en 15. ágúst 2017, eins og byggt er á í málskoti, verður því að telja kröfu M hvað þennan þátt varðar fyrnda og kemur hún þá ekki til frekari skoðunar.

Hvað varðar meinta ágalla á klæðningu hússins þá segir í fyrirliggjandi matsgerð að klæðning sé illa frágengin. Ekki er hins vegar að fullu ljóst hvað felst í því, hvaða afleiðingar það hafi haft, t.a.m. hvort leka eða rakaskemmdir í húseigninni sé að rekja til þess, eða hvar ábyrgðin á meintum galla liggi. Né liggur fyllilega skýrt fyrir hvenær umræddir ágallar hafi komið fram. Hvað varðar ábyrgð byggingarstjóra þá er það svo að samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laganna, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið þeirrar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Þar sem gögn um meinta ágalla á utanhússklæðningu eru af afar skornum skammti hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð byggingarstjóra hvað þennan þátt varðar, en t.a.m. liggur ekki fyrir að meintir ágallar hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit, en sönnunarbyrði þessa hvílir á M.

Niðurstaða.

M húsfélag á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 108/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Bótafjárhæð. Samþykktir nefndarinnar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. maí 2022, ásamt grunnmynd húseignar.
3. Bréf M, ódagsett, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 7. júní 2022.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að vatn hafi lekið úr uppþvottavél í húseign hans hinn 4. október 2021. Vatn hafi lekið á bak við eldhúsinnréttingu, undir spónaplötuklædda útveggi og undir parket. M kveðst hafa tilkynnt tjón til V og félagið hafi sent verktaka á tjónsdegi til að gera ráðstafanir til tjónstakmörkunar og einhverra lagfæringa. Eftir það hafi atvik þróast þannig að umræddur verktaki hafi unnið að hluta viðgerða vegna tjónsins en að öðru leyti hafi V boðið M greiðslu í samræmi við það tjónsmat sem starfsmenn V hafi framkvæmt. Af gögnum málsins verður ráðið að tölvupóstsamskipti hafi verið nokkur milli M og starfsmanna V eftir tjónið, fram til 10. mars 2022, þegar starfsmaður V upplýsir um að greiddar verði bætur skv. tjónsmati V og komi það ekki í veg fyrir að M krefjist frekari bóta eða leiti til úrskurðarnefndar.

M er ósáttur við afgreiðslu V vegna málsins og að meginstefnu til verður sá ágreiningur rakinn til þess að V var ekki tilbúið til að hlutast til um viðgerð á öllu tjóni M, sérstaklega ekki því sem lýtur að ætluðum skemmdum á parketi, kostnaði við slípun þess og fyrirkomulega tjónagreiðslna. M telur að tjónsuppgjör eigi að miða við endurnýjun eða slípun á öllu parketi, auk þess hluta sem skipta þurfi út til að ná sama útliti á allan þann flöt sem sé með sams konar parketi og án þröskulda.

V hefur hafnað því að greiða eigi frekari bætur til M og vísar annars vegar til 31. gr. vátryggingarskilmála þar sem komi fram að við greiðslu tjóns á parketi sem sé eldra en 5 ára hafi félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár, en að sá frádráttur geti aldrei orðið meiri en 70% í heildina. Í sömu grein segi einnig að það séu ekki greiddar bætur nema fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Um sé að ræða hlutlæga ábyrgðartakmörkun sem þýði að V sé einungis skylt að bæta tjón á gólfefni í eldhúsi en ekki annars staðar í húseign M. Einnig vísar V til þess að félaginu sé ekki skylt að hlutast til um viðgerðir og vísar þar til 30. gr. almennra skilmála sem gildi einnig um fasteignatryggingu V. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 27. maí sl. kemur einnig fram að félagið telji að ágreiningur um greiðslu bóta til M snúist aðallega um bótafjárhæðir og félagið hafi ekki gefið samþykki fyrir því að um slíkan ágreining sé fjallað hjá nefndinni.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að ágreiningur milli M og V snýr að greiðslu bóta vegna vatnstjóns í húseign hans, fyrst og fremst lýtur sá ágreiningur að fjárhæð bóta vegna tjóns á gólfefni og bótum vegna flutnings húsgagna og annars samverustaðar fjölskyldu M á meðan gert er við gólfefni. Þó ákvörðun um bótafjárhæð til M geti að hluta tekið mið af gildissviði 31. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar V, verður ekki hjá því litið að það hvernig því ákvæði er beitt leiðir til niðurstöðu um bótafjárhæð og verður ágreiningur milli M og V því ekki túlkaður öðruvísi en að hann snúist um bótafjárhæð.

Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir nefndina, án samþykkis vátryggingafélags, ef fjárhæð ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Það má ætla að sú fjárhæð sem þarf til að bæta tjón M sé innan þeirra marka. Áður gerði 3. gr. eldri samþykkta fyrir nefndina ráð fyrir því að allir aðilar þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um ágreining um bótafjárhæðir.

Hér þarf því að taka afstöðu til þess hvort nýjar samþykktir fyrir nefndina gera ráð fyrir því að M sem neytandi geti lagt ágreining um bótafjárhæð fyrir nefndina skv. áðurnefndri 3. mgr. 3. gr. þeirra. Í 22.

gr. sömu samþykkta segir: „*Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2022. Þær gilda um ágreiningsmál sem varða fjárhæðir vegna vátryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar, sbr. nánari tilgreiningu um starfssvið nefndarinnar og fjárhæðamörk í 3. gr.*“ Þetta ákvæði í samþykktunum er skýrt og vátryggingaratburður sá sem sem leiddi til ágreinings M og V átti sér stað 4. október 2021. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nær ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim vátryggingaratburði tengist.

Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykkta. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir, sbr. bréf V til nefndarinnar, dags. 27. maí 2022.

Verður að gera athugasemd við það hvernig V upplýsti M um möguleika hans til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd í tölvupósti starfsmanns félagsins dags. 10. mars 2022 í ljósi þess að félagið hafði ekki tekið ákvörðun um að samþykkja að slíkur ágreiningur færi fyrir nefndina. Tilvísun til nefndarinnar var því í þeim tölvupósti haldlaus og villandi fyrir M. Verður þó ekki litið svo á að sú tilvísun víki til hliðar eindreginni afstöðu V um að nefndin geti ekki fjallað um bótafjárhæðir í þessu máli, sbr. áðurnefnt bréf dags. 27. maí 2022. Þess ber einnig að geta að starfsmaður V, sem skrifar umrætt bréf til nefndarinnar, kemur ekki að nokkur leyti nálægt afgreiðslu nefndarmanna á málinu, þó viðkomandi starfsmaður sé varamaður í nefndinni í öðrum málum hennar.

Að þessu sögðu verður að vísa máli M frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, á grundvelli b.liðar 4. gr. núgildandi samþykkta fyrir nefndina, þar sem ekki liggur fyrir samþykki V um að fjallað sé um ágreining um bótafjárhæðir vegna vátryggingaratburðar 4. október 2021. Nefndin getur ekki vikið til hliðar ákvæðum í samþykktum sínum og ekki eru efni til að túlka ákvæði 22. gr. samþykktanna öðruvísi þrátt fyrir misvísandi tilvísun V í tölvupóstsamskiptum sínum við M.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 109/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (X) og (Y).

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. apríl 2022.
2. Bréf V1 dags. 11. maí 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 3. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. og 12. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M segir að hinn 31. júlí 2021 hafi vélhjólið X spólað upp bílaplan á einkalóð hans á sumarhúsasvæði með þeim afleiðingum að grjót skaust á bifreiðina Y og tjón varð af. Nýlega hafi verið búið að keyra steypumulning í planið og hjól X hafi grafið sig ofan í hann og spýtt honum upp með framangreindum afleiðingum. M tilkynnti atvikið til lögreglu og liggur skýrsla hennar, dags. 3. ágúst 2021, fyrir nefndinni. Er þar haft eftir honum að hann hafi séð tvo aðila spóla á möl á bílplani við lóð hans og daginn eftir hafi hann séð ákomu á vinstri hlið Y. Þá er haft eftir Z, nágranna M, að barnabarn Z, Þ, hafi ekið krossara inn á lóð í eigu M. Þ sé hins vegar óöruggur ökumaður, fari hægt yfir á hjólinu og hafi verið á um 10 kílómetra hraða á klukkustund er hann beygði inni á lóð M. Þá hafi Z hvorki séð né heyrt Þ ýta á bensíngjöfina í beygjunni né heyrt hann séð möl spýtast á Y. Er einnig haft eftir Æ, föður Þ, sem var þó ekki vitni að atvikum, að Þ sé óöruggur á hjólinu og snúi því þar af leiðandi hægt svo enginn möguleiki sé á grjótkasti frá því, auk þess sem afturhjól X hafi aldrei snúið að Y. Gerir M kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X, en í viðbótarathugasemdum segir hann að ekki sé um einangrað tilvik að ræða heldur hafi fleiri kvartað undan ofsaakstri Þ og Æ um svæðið. Þá segir M að tjónvaldar hafi boðið honum bætur vegna tjónsins að fjárhæð 40.000 kr. en að hann vilji að tjónið sé að fullu bætt úr vátryggingu þeirra.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi X á tjónsdegi, segir að M hafi ekki orðið vitni að tjónsatvikinu sem slíku. Ekkert vitni hafi staðfest að möl hafi spýst á Y af völdum aksturs X um svæðið. Í málskoti komi fram að tjón hafi orðið á Y sökum vélhjóla sem spóluðu upp bílaplan með þeim afleiðingum að grjót skall á Y. Í lýsingu M á atburðum sé ökutækið X ekki tilgreint sérstaklega og ekkert í gögnum málsins gefi tilefni til að ætla að X hafi valdið tjóni á Y. V2, sem er vátryggjandi Y, skilar ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Álit.

Hvað varðar V2 þá verður ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að M hafi beint sérstakri kröfu að því félagi né að nokkur ágreiningur sé í raun kominn upp milli M og V2. Kemur þáttur V2 því ekki til frekari skoðunar fyrir nefndinni.

Hvað varðar hugsanlega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V1 þá lýtur ágreiningur aðila að því hvort sýnt sé að tjón á Y megi rekja til aksturs X um svæðið. Af málsgögnum virðist sem ekki sé ágreiningur um það í sjálfu sér að X hafi verið ekið eftir bílaplani á lóð M, þar sem bifreiðin Y var einnig staðsett. Ekki verður þó séð að nein vitni hafi orðið að því að tjón varð á Y, eða því grjótkasti sem M telur að hafi leitt til tjónsins. Upplýsingar um tjónið sjálft og mögulegar orsakir tjóns af þessum toga eru einnig af skornum skammti, en af ljósmyndum má þó greina ákomur á vinstra framhorni Y. Það hvílir á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til notkunar X og gegn neitun Z og Æ fyrir hönd Þ og án frekari gagna er sýni fram á hið gagnstæða verður ekki séð að slík sönnun hafi tekist.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 110/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer (A) og (B).

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 13. maí 2022.
3. Bréf V2, dags. 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að þann 10. mars 2022 hafi orðið umferðaróhapp við Grenilund á Akureyri milli körfu sem áföst er bifreiðinni (A) og bifreiðarinnar B). Ökumaður bifreiðarinnar B hefði séð mann vinna í ljósastaur uppi í körfu og ákvað að aka bifreið sinni aftur á bak út úr innkeyrslu við Grenilund. Ökumaður A sem jafnframt var stjórnandi körfunnar kvaðst hafa verið lagt við innkeyrslu að bifreiðastæði við Grenilund og verið að vinna í efsta hluta ljósastaursins. Eftir að hafa klárað verkið leit hann niður til að athuga hvort einhver væri fyrir neðan sig en sá engan og stýrði hann þá körfunni niður og lenti á bifreiðinni B. Tjón varð á vinstri hlið bifreiðarinnar B þar sem karfan lenti á bifreiðinni. M, eigandi B, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu A hjá V1. V1 telur að sakarskiptingarregla 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 gildi ekki í þessu tilviki enda hafi bifreiðin A verið notuð í öðrum tilgangi en sem ökutæki er tjónið varð. Þannig fellur þáttur bifreiðarinnar A utan við gildissvið laganna enda var ökutækið í notkun sem vinnulyfta. M verði þannig að byggja kröfu sína á almennum reglum skaðabótaréttarins og sýna fram á sök eiganda bifreiðarinnar A en eigandi A hefur einnig í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá V1. Er það afstaða V1 að báðir aðilar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda árekstursins og að M eigi rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu eiganda bifreiðarinnar A en tilefni sé til að skerða þann bótarétt um helming vegna eigin sakar. V2 vísar til 5. gr. laga nr. 30/2019 og telur á grundvelli þess lagaákvæðis að ökumaður A sem jafnframt var stjórnandi kröfunnar beri alla sök á árekstri bifreiðanna.

Álit.

Ný lög um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 tóku gildi þann 1. janúar 2020. Gildissvið laganna kemur fram í 2. gr. þar sem fram kemur að lögin gildi um lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja. Í 2. mgr. 2. gr. er gildissvið laganna takmarkað og segir þar í a-lið að lögin gildi ekki þegar ökutæki er notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki. Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2019 segir um 2. mgr. 2. gr.: *„Ökutæki sem eru vinnuvélar myndu samkvæmt því ekki falla undir gildissvið frumvarpsins þegar þau eru notuð sem vinnuvélar. Um er að ræða staðfestingu á framkvæmd en hugtakið notkun á ökutæki hefur verið túlkað þannig af dómstólum að það nái ekki til vinnuvéla þegar þær eru notaðar sem slíkar, þ.e. hlutlæga ábyrgðin takmarkast við það þegar ökutækið er í umferð en nær ekki til þess ef tjón hlýst af notkun vinnuvélarinnar utan almennrar umferðar.“*

Hina hlutlægu ábyrgðarreglu laganna er að finna í 4. gr. þar sem fram kemur að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu og ógætni ökumanns. Í 5. gr. laganna er að finna svokallaða árekstrarreglu sem er efnislega samhljóða 89. gr. eldri umferðarlaga nr. 50/1987. Í greininni segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hluta eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á því hvort og þá með hvaða hætti ofangreind lagaákvæði eiga við um tjónsatvikið þann 10. mars 2022 verður að líta til notkunar hvors ökutækis fyrir sig í aðdraganda tjónsatviksins. Ökutækinu B var ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs og á hin hlutlæga ábyrgðarregla 4. gr. því við nema talið verði að árekstrarregla 5. gr. laganna taki til tjónsatviksins. Ökutækið A var kyrrstætt og var ökumaður þess einn að störfum í körfu sem áföst var ökutækinu. Karfan var upp við ljósastaur sem ökumaður var að vinna viðgerð á. Ökutækið var þannig notað í öðrum tilgangi en sem ökutæki sbr. orðalag a-liðar 2. mgr. 2. gr. laganna og þar með fellur notkun ökutækisins ekki undir gildissvið laganna

og á því árekstrarregla 5. gr. ekki við um þetta tjónatvik. Hefðbundnar reglur skaðabótaréttarins gilda þannig við mat á því hvort stjórnandi körfunnar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda tjónsins.

Ökumaður bifreiðarinnar B ók bifreið sinni aftur á bak án þess að ganga nægjanlega úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra eins og honum bar að gera skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Á sama hátt sýndi stjórnandi körfunnar af sér saknæma háttsemi með því að stýra körfunni niður án þess að gæta nægilega að umferð fyrir neðan körfuna. Hafði hann betri yfirsýn yfir umhverfið í kring en ökumaður B og er það því mat nefndarinnar að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda stjórnanda körfu bifreiðarinnar A hjá V1 að 2/3 hlutum en verði að bera 1/3 hluta sjálfur vegna eigin sakar. Í gögnum málsins kemur ekki fram að tjón hafi orðið á körfu bifreiðarinnar A og verður því hér ekki vikið að bótarétti eiganda A.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum að 2/3 hluta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs eiganda A, hjá V1.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 111/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og skaðsemisábyrgðartrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 12. maí 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. ágúst 2022.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 29. ágúst 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 2. febrúar 2021 hafi M orðið fyrir slysi við verslun X í Reykjavík. Tildrög slyssins hafi verið þau að M hafi verslað matvöru í verslun X, og keypt tvo bréfpoka undir varninginn. Þegar M kom út úr versluninni hafi haldið á öðrum pokanum rifnað með þeim afleiðingum að vörurnar féllu úr honum. M hafi fallið um vörurnar og á jörðina og slasast töluvert. Var lögregla kölluð til og er skýrsla hennar, dags. 2. febrúar 2021, meðal gagna fyrir nefndinni. Vegna tjóns síns krefst M bóta úr ábyrgðartryggingu og skaðsemisábyrgðartryggingu X hjá V. Byggir hún kröfu sína á því að vörurnar sem hún keypti hafi hvorki verið þungar né umfangsmiklar og hafi hún dreift þeim í tvo poka, en heildarþyngd varanna hafi verið um 14 kíló. Leggur M fram yfirlýsingu vitnisins Z þar sem fram kemur að vitnið geti staðfest að pokarnir hafi verið langt frá því að vera ofhlaðnir og að í þeim hafi ekki verið sérlega þungar vörur. X hefði þá haft vitneskju um að þessir tilteknu pokar ættu það til að rifna og því hefði, áður en til slyss M kom, verið tekin ákvörðun um að skipta þeim út fyrir aðra tegund bréfpoka í versunum X. Ljóst sé að burðargeta umræddra poka hafi ekki verið fullnægjandi og þeir því beinlínis hættulegir sé þeir notaðir með eðlilegum hætti. Verði að gera ríkar kröfur um öryggi innkaupapoka sem verslun stilli upp og selji viðskiptavinum sérstaklega undir varning sem þeir kaupa. Máli sínu til stuðnings vísar M m.a. til laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Með því að selja óörugga innkaupapoka hafi X sýnt af sér sök og það auki enn á sök X að fyrirtækið hafi haft vitneskju um ágalla á pokunum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 13. apríl 2021. X hlaði ekki í poka viðskiptavina sinna og geti ekki tekið ábyrgð á því skemmist innkaupapoki sé of miklum eða þungum varningi hlaðið í hann. Umræddur innkaupapoki hafi haft 10 kílóa burðargetu og hafi þessi tegund burðarpoka verið til sölu í verslunum X frá októbermánuði 2020 án teljandi vandræða. M hafi þá staðið til boða að kaupa fjölnota poka með meiri burðargetu. Með öllu sé óljóst hvernig M hafi skipt vörunum milli þeirra tveggja innkaupapoka sem hún keypti og verði hún að bera hallann af því. Af hálfu X sé því þá sérstaklega mótmælt að umræddir pokar hafi átt það til að rifna umfram það sem eðlilegt geti talist og stafi slík tilvik tengst því að of miklum eða of þungum varningi hafi verið hlaðið í þá. Það að X hafi síðar ákveðið að nota poka með meiri burðargetu sé á engan hátt viðurkenning á því að þessi tiltekna tegund poka hafi ekki verið fullnægjandi. Þá vísar V til þess að í lögregluskýrslu sé haft eftir M að hún hafi hrasað um gangstéttina en ekki vörurnar eins og síðar sé haldið fram. Með vísan til alls framangreinds sé það mat V að tjón M verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsfólks þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að Kvörðunarþjónustan hafi framkvæmt vigtun á þeim vörum sem M keypti umrætt sinn og hafi heildarþyngd þeirra verið 14,098 kíló. Í einhverjum tilvikum hafi verið notast við staðgönguvörur þar sem sumar vörurnar hafi ekki verið fáanlega við vigtun. Hafi staðgönguvörurnar verið samtals 140,5 grömmum léttari en uppgefin þyngd þeirra vara sem M keypti og megi því slá því föstu að umræddan dag hafi heildarþyngd þess sem hún keypti verið rétt undir 14 kílóum. Verði þá að telja það langsótt að M hafi sett meira en tíu kíló af varningi í annan pokann. Það hafi þá verið nafngreindur starfsmaður X sem hafi tjáð M símleiðis að vandræði hefðu verið með umrædda tegund innkaupapoka og að búið væri að skipta þeim út fyrir aðra með meiri burðargetu. Hvað

varði meint misræmi í lýsingu M á atvikum þá slíti V ummæli í lögregluskýrslu úr samhengi en M hafi verið stöðug í frásögn sinni, og m.a. sé lýsing hennar í læknisfræðilegum gögnum á þann veg að henni hafi skrikað fótur vegna þess að matvörur duttu á jörðina.

Að beiðni nefndarinnar sendu aðilar frekari athugasemdir hvað varðaði afstöðu þeirra gagnvart mögulegri bótaábyrgð á grundvelli skaðsemisábyrgðartryggingar.

Í bréfi M til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að viðurkenna beri bótarétt úr báðum vátryggingum. Skilyrði sakarreglunnar séu uppfyllt eins og áður sé rakið og bótaskylda úr ábyrgðartryggingu því til staðar. Þá sé ljóst að umræddur bréfpoki hafi verið haldinn ágalla og að skýr orsakatengsl séu milli þess ágalla og tjóns M. Sé því einnig til staðar bótaréttur á grundvelli laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, sem feli í sér lögfestar hlutlægar ábyrgðarreglur.

Í bréfi V kemur fram að jafnvel þó einblínt sé á lög um skaðsemisábyrgð sé enn uppi ágreiningur um hvort umræddur poki hafi verið haldinn ágalla eða hvort M hafi hlaðið of miklu í pokann. Jafnvel þó byggt sé á einhliða öfluðu vigtunarvottorði liggi fyrir að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að M setti meira en 10 kíló í annan pokann enda hafi heildarþyngd varanna verið 14 kíló. Ekki sé hægt að ganga út frá því að M hafi hlaðið jöfnum þunga í báða pokana, og hallinn af vafa um það atriði hvíli á M. Þá hafi komið fram í tölvupósti starfsmanns X til M að það sé misskilningur að mikið hafi verið kvartað vegna umræddra poka, og þó X hafi tekið ákvörðun um að skipta pokunum út teljist það ekki ágalli á vöru í skilningi laga um skaðsemisábyrgð þó önnur öruggari vara komi síðar á markað. Engin gögn liggi fyrir um ágalla á umræddum pokum, þ.e. ekkert liggi fyrir um að slíkur poki sem minna en 10 kílóum hafi verið hlaðið í hafi rifnað. Hafi M því ekki tekist að sýna fram á ágalla með óyggjandi hætti og er því bótaskyldu úr skaðsemisábyrgðartryggingu hafnað.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu um hvort bótaskylda sé til staðar annars vegar úr skaðsemisábyrgðartryggingu og hins vegar úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þó bótakröfurnar sé að rekja til sama atviks eru skilyrði bótaskyldu ekki að fullu hin sömu.

Óumdeilt er að X hafi á tjónsdegi verið með í gildi skaðsemisábyrgðartryggingu hjá V. Í 18.1 gr. þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda segir að hún bæti beint líkams- eða munatjón þriðja manns af völdum vöru sem haldin er ágalla og sem vátryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda hafi tjónið orðið eftir að vátryggður afhenti söluvöruna. Þá segir að um skaðabótaábyrgð vátryggðs fari eftir íslenskum lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um skaðsemisábyrgð ber tjónþola að sanna tjón sitt, ágalla vörunnar og orsakatengsl milli ágalla og tjóns. Þá segir í 9. gr. laganna að heimilt sé að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi. Ekki liggur annað fyrir en að X sé framleiðandi innkaupapokans í skilningi laganna sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. og 4. mgr. enda verður ekki séð að bent hafi verið á annan innflytjanda eða framleiðanda. Framleiðandi ber ofangreinda bótaábyrgð þó ekki sé sýnt fram á sök hans, og verður aðeins leystur undan ábyrgð sanni hann að eitthvað þeirra tilvika sem talin eru upp í 7. gr. laganna eigi við. Verður samkvæmt framansögðu þá tekið til skoðunar hvort M hafi sýnt fram á tjón sitt, ágalla vöru í skilningi 5. gr. laganna og orsakatengsl milli ágalla og tjóns og hvort, teljist framangreint sannað, hún hafi verið meðvöld að tjóni sínu.

Af gögnum málsins er ljóst og raunar óumdeilt að M varð fyrir líkamstjóni þegar hún féll fyrir utan verslun X hinn 2. febrúar 2021. Hvað varðar hugsanlegt misræmi í frásögn M af atvikum er afstaða nefndarinnar sú að hún hafi verið stöðug í frásögn sinni. Þannig er atvikum lýst svo í lögregluskýrslu að hún hafi verið að ganga úr versluninni „þegar burðarpokinn sem hún hélt á rifnaði, við þetta hrasaði hún um gangstéttina og náði að bera fyrir sig hendurnar.“ Verður þessi frásögn ekki talið í ósamræmi við mun ítarlegri frásögn sem höfð er eftir M í bráðamóttökuskrá dags. 2. febrúar 2021 og fyrirliggjandi yfirlýsingar vitna. Verður því að telja nægilega sýnt fram á að M hafi hrasað við eftir að umræddur burðarpoki gaf sig og matvara féll úr honum og að því sé sýnt fram á orsakatengsl milli þess að pokinn gaf sig og tjóns M. Það hvílir hins vegar jafnframt á M að sýna fram á að þessa atburðarás sé að rekja til ágalla á pokanum í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð, en þar segir m.a. að vara teljist haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu megi vænta eftir öllum aðstæðum, þ.á.m. þeirri notkun sem með sanngirni megi gera ráð fyrir. Þrátt fyrir að fyrirliggjandi vigtunarvottorðs um þyngd þess varnings sem M keypti umrætt sinn hafi verið einhliða aflað verður ekki annað séð en að það sé ítarlegt og í samræmi við kvittun sem X lagði fram um viðskiptin. Hefur því þar af leiðandi ekki verið hnekkt

að samanlögð þyngd þeirra vara sem deildust milli tveggja innkaupapoka hafi verið um 14 kg. Fyrir liggur að burðargeta umræddra poka var 10 kíló, og virðist V byggja á því M hafi sett meira en 10 kíló í annan þeirra. Ekki er hægt að sýna fram á með óyggjandi hætti að svo hafi ekki verið. Með hliðsjón af því að svo ójöfn þyngdardreifing virðist ólíkleg, svo og þeirri yfirlýsingu vitnisins Z sem kom að slysinu og aðstoðaði með vörurnar og pokana að pokarnir hafi ekki verið ofhlaðnir, verður þó að telja meiri líkur en minni á að umræddur poki hafi verið haldinn ágalla í þeim skilningi að hann hafi ekki hentað til þeirrar notkunar sem með sanngirni megi vænta. Er þá jafnframt litið til þess að X virðist hafa ákveðið að skipta út umræddum pokum, eftir að þeir höfðu aðeins verið í notkun í um fjóra mánuði, fyrir aðra poka með meiri burðargetu. Samkvæmt framansögðu verður að telja að sýnt sé fram á tjón, ágalla vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Er bótaskylda úr skaðsemisábyrgðartryggingu X hjá V þar af leiðandi til staðar. Þar sem það er mat nefndarinnar að umræddur poki hafi ekki verið ofhlaðinn, né er sýnt fram á gáleysi M að öðru leyti, er þá ekki talið tilefni til að lækka bætur til hennar á grundvelli þess að hún hafi verið meðvöld að tjóni sínu, sbr. 9. gr. laga um skaðsemisábyrgð.

Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um mögulega bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr skaðsemisábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 113/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 10. janúar 2020 er hann var við störf. Var hann að ganga niður stiga með verkfærakassa í höndum er hann rann í hálku og slasaðist. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Vísar M til þess að aðstæður á vinnustað, þar sem hann féll, hafi verið óforsvaranlegar og hættulegar enda stiginn opinn til himins. Það hefði kostað litla fyrirhöfn að salta eða sanda tröppurnar eða beita öðrum hálkuvörnum eftir atvikum og hefði það komið í veg fyrir hálkumyndun. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því liggur ekki fyrir umsögn þess varðandi slysið. Vísar M til ákvæða 79. – 81. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda. Einnig vísar M til 21. gr. laganna sem og dóma Hæstaréttar í málum nr. 272/2008 og 309/2002 auk úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 334/2020.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og gáleysis M. Tröppurnar hafi verið steyptar með handriði beggja vegna. Hálkuvörnum var sinnt eftir þörfum á byggingarsvæðinu með mokstri og dreifingu salts og sands. Eins voru aðgengilegar kistur með salti og sandur til dreifingar ef starfsmenn mátu hættu á hálku vera til staðar. Þó svo hálkuvörnum hafi verið sinnt þá má alltaf búast við hálku og snjó á útisvæðum í janúar á Íslandi. M hafi verið í vinnuskóm með grófum botni og verið uppálagt að styðjast við handrið í tröppum sbr. áhættumat fyrirtækisins sem hann skrifaði undir. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 5/2021 auk dóma Hæstaréttar í málum nr. 583/2017, 387/2005 og 41/2003 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er hann rann í hálku í stiga milli hæða. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þó ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði, enda greinir aðila ekki á um málsatvik. Almennt má gera þá kröfu til atvinnurekenda að þeir hálkuverji helstu gönguleiðir starfsmanna á athafnasvæði fyrirtækisins. Samkvæmt upplýsingum frá V var byggingarsvæðið hálkuvarið auk þess sem starfsmenn höfðu aðgang að salti og sandi til dreifingar. M hefur ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja þeirri frásögn V og því verður ekki annað séð en að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 114/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Meðábyrgð tjónþola. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 19. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 19. ágúst 2019 hafi M slasast við vinnu sína er hann féll 4 metra niður af röraverkpalli sem hann var að klifra niður úr. M starfaði hjá X við glerísetningar og var við verkið notaður röraverkpallur á fjórum hæðum. Verkinu var lokið og hugðist M flytja verkfæri niður og festi hann hluta af verkfærunum í vesti sitt en hélt á hamri og járni er hann lagði af stað niður eftir annarri hlið verkpallsins. Missti hann takið og féll niður á fyrstu hæð pallsins. V samþykkti bótaskyldu að hluta en taldi M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fara niður grind vinnupallsins með verkfæri í höndum og af þeim sökum ætti hann að bera helming að tjóni sínu sjálfu sbr. 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga. V samþykkti bótaskyldu að hluta á þeim grundvelli að leiðbeiningar hafi skort varðandi viðhlítandi verklag við flutning á verkfærum upp og niður verkpallinn. V taldi að M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi en hann hafi mátt, í ljósi reynslu sinnar og almenns verklags, vita að láta ætti verkfærin síga niður eða rétta þau milli hæða. Það teljist til almennrar vitneskju að hættusamt er að hafa ekki báðar hendur til reiðu þegar farið er niður vinnupalla, stillansa eða bratta stiga.

M telur tjón sitt vegna vinnuslyssins vera að fullu greiðsluskylt úr ábyrgðartryggingu X. Í fyrsta lagi hafi M verið að vinna eftir því verklagi sem viðgekkst á vinnustaðnum en í upphafi verksins hafi verið klifrað með verkfærin upp eftir grindinni. Í öðru lagi byggir M á því að slysið megi rekja til ófullnægjandi frágangs og aðbúnaðar röraverkpallsins og í þriðja lagi byggir M á því að slys hans megi rekja til þess að ekki var gert áhættumat innan fyrirtækisins.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sem M varð fyrir í vinnuslysinu þann 19. ágúst 2019. Ágreiningur þessa máls lítur eingöngu að því hvort M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi á þann hátt að hann verði talinn hafa verið meðvaldur að líkamstjóninu og eigi þannig að bera helming tjónsins sjálfur. Samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta sem verður fyrir líkamstjóni í starfi sínu vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. M sýndi af sér gáleysi með því að tryggja ekki fullt handgrip er hann klifraði niður grind röraverkpallsins en að teknu tilliti til aðstæðna allra verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að M hafi vikið verulega frá hefðbundnu verklagi á þann hann að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er því ekki efni til að skerða rétt hans til bóta. Hann á því óskoraðan rétt til bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á óskertan rétt til bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 115/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Bótafjárhæð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, 10. júní 2022.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tilkynnt hafi verið um vatnstjón í húseign M hinn 17. janúar 2021. Ekki var vitað nákvæmlega hvenær tjónið byrjaði, en tilkynning bendir til þess að lekið hafi frá ofni á einum stað. Upplýst er að enginn hafi verið í húseigninni frá 17. desember 2020 til 16. janúar 2021. Tjón var tekið út af hálfu matsmanns sem kom á staðinn og greiddar bætur að tiltekinni fjárhæð vegna tjónsins, sbr. tölvupóst dags. 16. apríl 2021 frá V til M. Í þeim tölvupósti er vísað til þess af hálfu V að skjóta megi afstöðu félagsins til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

M er ósáttur við afgreiðslu V og telur tjón á húseign sinni meira en sem nemur því mati sem V hefur greitt bætur vegna. M vísar til þess að matsmaður hafi fundið frekari skemmdir á húseigninni eftir skoðun og mygla hafi fundist í vegg beint undir lekanum sem og í lofti í eldhúsi. M bendir á að um hafi verið að ræða leka á heitu vatni og sá tími sem leikinn hafi mögulega verið í húseigninni hafi haft í för með sér miklu mun meira tjón en V hafi gert ráð fyrir, um sé að ræða timburhús og vatn hafi brotið sér leið í gegnum loftaklæðningu vegna vatnsþunga sem og millivegg og útveggi að hluta og vísar M til ljósmynda máli sínu til stuðnings. Einnig gagnrýnir M að hann hafi ekki haft aðgang að öllum málsskjölum V. M lýsir tjóni sínu í því að ekki sé hægt að dvelja í húsinu í lengri tíma auk þess sem þurfi að gera við, flytja húsgögn og henda rusli vegna heildartjónsins. Með málskoti M fylgja ítarlegar lýsingar á núverandi ástandi húseignar hans og hvar hann telur vatnstjónið í desember 2020 eða janúar 2021 hafa haft afleiðingar. Ekki er þörf á að rekja þær lýsingar frekar.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur og telur ágreining við M snúast um bótafjárhæðir. Í ljósi þess að tjónsatvik hafi átt sér stað í tíð eldri samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 verði samþykki allra aðila málsins að liggja fyrir sbr. 3. gr. þeirra samþykkta, til þess að nefndin geti fjallað um bótafjárhæðir. V er ekki tilbúið til að veita slíkt samþykki og telur að eigi að vísa málinu frá úrskurðarnefnd af þeim sökum. Einnig bendir V á að M hafi ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að þurrka húseign sína eftir að tjón varð og þannig hafi mögulega orðið frekara tjón sem félagið beri ekki ábyrgð á. Að auki vísar V til þess að þegar félagið hafi tekið eignina út við töku fasteignatryggingar hafi verið ummerki um eldra vatnstjón og M gerð grein fyrir því að slíkt fengist ekki bætt úr nýrri tryggingu.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá að ágreiningur milli M og V snýr að greiðslu bóta vegna vatnstjóns í húseign hans, fyrst og fremst lýtur sá ágreiningur að fjárhæð bóta.

Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir nefndina, án samþykkis vátryggingafélags, ef fjárhæð ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Það má ætla að sú fjárhæð sem þarf til að bæta tjón M sé innan þeirra marka. Af gögnum sem M hefur lagt fram verður ekki annað séð en að mögulega telji hann að fjárhæð tjóns sé yfir fimm milljónir króna

Áður gerði 3. gr. eldri samþykkta fyrir nefndina ráð fyrir því að allir aðilar þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um ágreining um bótafjárhæðir.

Hér þarf að taka afstöðu til þess hvort nýjar samþykktir fyrir nefndina gera ráð fyrir því að M sem neytandi geti lagt ágreining um bótafjárhæð fyrir nefndina skv. áðurnefndri 3. mgr. 3. gr. þeirra. Í 22. gr. sömu samþykkta segir: „*Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2022. Þær gilda um ágreiningsmál sem varða fjárhæðir vegna vátryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar,*

sbr. nánari tilgreiningu um starfssvið nefndarinnar og fjárhæðamörk í 3. gr.“ Þetta ákvæði í samþykktunum er skýrt og vátryggingaratburður sá sem sem leiddi til ágreinings M og V átti sér stað í desember 2020 eða í janúar 2021. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nær ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim vátryggingaratburði tengist.

Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykkta. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir, sbr. bréf V til nefndarinnar, dags. 27. maí 2022.

Verður að gera athugasemd við það hvernig V upplýsti M um möguleika hans til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd í tölvupósti starfsmanns félagsins dags. 16. apríl 2021 í ljósi þess að félagið hafði þá augljóslega ekki tekið ákvörðun um að samþykkja að slíkur ágreiningur færi fyrir nefndina. Tilvísun til nefndarinnar var því í þeim tölvupósti haldlaus og villandi fyrir M. Verður þó ekki litið svo á að sú tilvísun víki til hliðar eindreginni afstöðu V um að nefndin geti ekki fjallað um bótafjárhæðir í þessu máli, sbr. áðurnefnt bréf dags. 27. maí 2022.

Að þessu sögðu verður að vísa máli M frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, á grundvelli b.liðar 4. gr. núgildandi samþykkta fyrir nefndina, þar sem ekki liggur fyrir samþykki V um að fjallað sé um ágreining um bótafjárhæðir vegna vátryggingaratburðar 4. október 2021. Nefndin getur ekki vikið til hliðar ákvæðum í samþykktum sínum og ekki eru efni til að túlka ákvæði 22. gr. samþykktanna öðruvísi þrátt fyrir misvísandi tilvísun V í tölvupóstsamskiptum sínum við M.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 116/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.

Bótafjárhæð. Samþykktir nefndarinnar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 19. maí 2022.
4. Bréf V, dags. 20. maí 2022.

Málsatvik.

M slasaðist í umferðarslysi 21. janúar 2020. V féllst á bótaskyldu í málinu og voru bætur greiddar 21. mars 2022, meðal annars með fyrirvara um árslaunaviðmiðun vegna útreiknings bóta fyrir varanlega örorku skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Enginn ágreiningur er milli M og V um að við ákvörðun árslauna verði miðað við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga en ágreiningurinn beinist að því hvaða árslaun eigi að leggja til grundvallar uppgjöri. M hefur skotið þessum ágreiningi til nefndarinnar með málskoti sem móttekið var 25. apríl sl.

M telur að ágreiningur um bótafjárhæð eigi undir nefndina skv. núgildandi samþykktum hennar. Einnig færir M rök fyrir hvaða árslaunaviðmiðun eigi að leggja til grundvallar uppgjöri og er mismunur þess útreiknings og þess sem miðað var við við uppgjör V 2.609.962 krónur og er það krafa M ásamt dráttarvöxtum. Ekki verða röksemdir M tilgreindar með ítarlegum hætti hvað þetta varðar þar sem ágreiningur er einnig um hvort úrskurðarnefnd í vátryggingamálum geti úrskurðar í málunum og gildissvið samþykkta nefndarinnar.

V vísar til núgildandi samþykkta fyrir nefndina, en í 22. gr. þeirra kemur fram að þær gildi um ágreiningsmál sem varðar fjárhæðir vegna vátryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar. V bendir á að slys M hafi átt sér stað 21. janúar 2020 og geti nefndin því ekki úrskurðað um bótafjárhæð nema V samþykki, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr. þágildandi samþykkta fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. V telur sérstaklega fram í bréfi sínu dags. 12. maí 2022 að það samþykki ekki að nefndin fjalli um fjárhæðir í máli þessu.

M hefur mótmælt túlkun V á ákvæðum samþykkta og vísar til tilgangs nefndarinnar, sem rakinn sé í 1. gr. samþykkta fyrir nefndina. Einnig bendir M á að V hafi einhliða ákveðið árslaun í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til samningaviðræðna. Einnig bendir M á að lög um úrskurðarnefndir á sviði neytendamála nr. 81/2019 og reglugerð nr. 900/2019 eigi að tryggja neytendum rétt til úrræðis sem feli ekki í sér að þurfa að stefna máli fyrir dómstóla. Einnig vísar M til ákvæða núgildandi samþykkta nefndarinnar um að samþykki vátryggingafélaga þurfi ekki vegna ágreinings um bótafjárhæðir upp að fimm milljónum króna, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um fjárhæð bóta fyrir varanlega örorku í skilningi skaðabótalaga. Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir nefndina, án samþykkis vátryggingafélags, ef fjárhæð ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Sú fjárhæð sem M hefur lagt til grundvallar kröfu sinni á V er innan þeirra marka. Áður gerði 3. gr. eldri samþykkta fyrir nefndina ráð fyrir því að allir aðilar þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um ágreining um bótafjárhæðir.

Hér þarf því að taka afstöðu til þess hvort nýjar samþykktir fyrir nefndina gera ráð fyrir því að M sem neytandi geti lagt ágreining um bótafjárhæð fyrir nefndina skv. áðurnefndri 3. mgr. 3. gr. þeirra. Í 22. gr. sömu samþykkta segir: „*Samþykktir þessar taka gildi þann 1. janúar 2022. Þær gilda um ágreiningsmál sem varða fjárhæðir vegna vátryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar, sbr. nánari tilgreiningu um starfssvið nefndarinnar og fjárhæðamörk í 3. gr.*“ Þetta ákvæði í samþykktunum er skýrt og vátryggingaratburður sá sem sem leiddi til ágreinings M og V átti sér stað

21. janúar 2020. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum ná ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim vátryggingaratburði tengist.

Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykkta. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir, sbr. bréf V til nefndarinnar, dags. 12. maí 2022.

Nefndin getur ekki vikið til hliðar ákvæðum í samþykktum sínum og ekki eru efni til að túlka ákvæði 22. gr. samþykktanna öðruvísi en að vátryggingaratburður M hafi átt sér stað fyrir 1. janúar 2022. Ákvæði um tilgang samþykktana og markmið breyta þessu ekki, né lög nr. 81/2019.

Ágreiningur um bótafjárhæð, án þess að samþykki V liggi fyrir, á því ekki undir starfssvið nefndarinnar og verður að vísa málinu frá á grundvelli b.liðar 4. gr. núgildandi samþykkta fyrir nefndina.

Niðurstaða.
Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 117/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 19. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem vátryggð er hjá V1 og B, sem vátryggð er hjá V2 á bifreiðastæði við Hagkaup í Skeifunni. Tjónstilkynningar ökumanna eru ekki sameiginlegar, heldur skiluðu ökumenn sínum lýsingum á atvikum í sitthvoru lagi. Af merkingum í þessum tjónstilkynningum verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn telji sig hafa verið kyrrstæða þegar árekstur varð, en hafi í aðdraganda áreksturs verið að aka aftur á bak. Í gögnum málsins kemur fram að myndbandsupptaka sé til af atvikinu sem starfsmenn V1 og V2 hafi horft á, en upptakan sjálf hafi ekki fengist til afhendingar og því liggur hún ekki fyrir hjá nefndinni. Starfsmenn félaganna lýsa atvikum þannig í niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna um sakarskiptingu að M, sem ökumaður bifreiðar B hafi *komið „…akandi í gegnum stöðureit, stöðvar bifreiðina og ekur svo afturábak í stöðureit þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðarinnar [A] sést aka afturábak úr stöðureit sínum og á bifreiðina [B].“*

M tilgreinir í málskoti að hún hafi ekið bifreið B og telur að ökumaður bifreiðar A beri fulla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekki gætt að sér við að aka aftur á bak. M lýsir atvikum þannig að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak þegar hún hafi stöðvað bifreið B, ökumaður bifreiðar A hafi einnig stöðvað en síðan ekið aftur af stað og þannig á bifreið B. M segir ökumann bifreiðar B hafa játað sök á vettvangi en síðan breytt framburði sínum og sagt ósatt í skýrslu.

V1 vísar til þess að starfsmaður félagsins hafi skoðað myndbandsupptöku af atvikum og telur af þeim gögnum að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs og hvorugur gætt þeirra fyrirmæla sem komi fram í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ökumönnum beri að sýna aðgæslu við akstur aftur á bak.

V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A þar sem hann hafi ekki gætt nægilega að sér er hann ók aftur á bak í hægri beygju.

Álit.

Í gögnum málsins er að finna skýra tilvísun til lýsingar starfsmanna V1 og V2, sem horfðu á myndbandsupptöku af aðdraganda áreksturs bifreiða A og B og árekstursinn sjálfan. Af þeim lýsingum verður ekki annað ráðið en að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins og bar því báðum að gæta sín sérstaklega, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Lýsingar M sem ökumanns bifreiðar B og lýsingar ökumanns bifreiðar A eru báðar þess eðlis að þeir hafi stöðvað bifreiðar sínar fyrir árekstur. Það passar ekki við lýsingar af myndbandsupptöku. Sönnunarbyrði hvílir á þeim sem heldur því fram að sök sé meiri hjá öðrum ökumanninum en hinum. Slík sönnun hefur ekki tekist hjá M. Verður því lagt til grundvallar að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda áreksturs og hvorugur náð að stöðva bifreið sína það löngu fyrir árekstur að máli skipti við sakarskiptingu. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 118/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: (A)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. apríl 2022.
2. Bréf V móttekið 3. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V, dags. 22. mars 2022, losnaði efri demparafesting á aftari búkkadempara vélsleðans A í akstri þegar keyrt var eftir sléttu undirlagi á Langjökli hinn 20. mars 2022. Demparinn sprakk þegar A datt niður á samsláttarpúða að aftan. Sleðinn var keyrður niður af jökli þegar gat kom á kæli vegna þess að belti með nöglum náði í kælinn. Í málskoti er lýst þeirri afstöðu M að um sé að ræða tjón vegna fyrra atviks. Þó tjónið hafi ekki komið fram við einhvers konar ákomu eða högg þýði það ekki að A hafi ekki orðið fyrir slíku tjóni áður og um sé að ræða afleiðingu þess tjóns. Ástand A hafi verið yfirfarið áður en umrædd ferð hófst og við akstur þess hafi ekkert gefið til kynna að demparafesting mundi losna með fyrrgreindum afleiðingum. Telur M að kaskótrygging eigi að ná til atvika sem þessara og krefst því bóta.

Í bréfi V er vísað til 2. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála þar sem segi að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika með þeim undanþágum og takmörkunum sem fram komi í skilmálunum. Í a-lið 3. gr. skilmálanna komi fram að vátryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess nema hana sé sannarlega að rekja til áreksturs, áaksturs, útafaksturs eða skemmdarverka enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá þeim atburði. Miðað við lýsingu M á atvikum verði ekki séð að utanaðkomandi atvik eða atburður hafi orðið til þess að demparafesting losnaði við akstur á sléttu undirlagi á Langjökli. Þvert á móti virðist sem um innri bilun hafi verið að ræða. Sé því ekki sýnt fram á að tjón á A verði rakið til atburðar sem fellur undir gildissvið vátryggingarinnar.

Álit.

Í 2. gr. skilmála þeirra sem gilda um kaskótryggingu A hjá V segir að vátryggingin taki til tjóns á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika, með þeim undanþágum og takmörkunum sem fram koma í skilmálunum. Það hvílir þá á M að sýna fram á að tjón á A sé að rekja til slíkra atvika. Upplýsingar um orsakir tjónsins á A eru nokkuð takmarkaðar en af lýsingu M í tjónstilkynningu má þó ráða að ekki hafi verið um skyndilegt og óvænt utanaðkomandi atvik að ræða í skilningi skilmálans, heldur hafi demparafestingin losnað við akstur á sléttu undirlagi án þess að nokkurt sérstakt atvik á þeim tíma hafi leitt til þess. M virðist byggja á því að það að demparafestingin hafi losnað með þessum hætti sé að rekja til fyrra atviks, þ.e. að einhvers konar ákoma eða högg hafi komið á A þó afleiðingar þess hafi ekki komið fram fyrr en síðar. Fyrir nefndinni eru þó engin gögn um slíkt atvik og er því ekki sýnt fram á að umrætt tjón á A sé að rekja til skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar. Er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik falli undir gildissvið vátryggingarinnar eins og það er afmarkað í skilmálum hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 119/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: Erlent félag (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Sjúkdómatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 3. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M mótteknar 29. apríl 2022 og 27. júní 2022.

Málsatvik.

Í læknabréfi, dags. 15. mars 2021, kemur fram að M hafi, stuttu eftir bólusetningu vegna Covid, leitað á bráðamóttöku. Hafi hún m.a. verið með málstol og minnisskerðingu. Hafi M verið greind með heilahimnubólgu af óþekktum toga, og atvikið tilkynnt til Lyfjastofnunar sem möguleg aukaverkun af bóluefni. Í athugasemdum M kemur m.a. fram að ekki hafi verið framkvæmdar miklar rannsóknir og engin skýring fundist á veikindum hennar, en að hún hafi fengið sýklalyf og stera í framhaldi þess. Hafi hún verið frá vinnu í rúmlega ár vegna þessara veikinda en vonist eftir betra starfsþreki með tímanum. Krefst M bóta úr vátryggingum sínum hjá V1 og V2.

V1, sem er erlent vátryggingafélag, hafnaði kröfu M, með tölvupósti dags. 7. febrúar 2022, á grundvelli þess að vátryggingin veitti aðeins vörn vegna ákveðinna sjúkdóma og veikindi M féllu ekki þar undir. Meðfylgjandi svari V1 til M voru skilmálar umræddrar vátryggingar þar sem fram kemur að meðal þess sem er bótaskylt sé heilahimnubólga af völdum bakteríu: „Skýr greining ráðgefandi taugasérfræðings á heilahimnubólgu vegna bakteríusmits sem leiðir af sér varanlegar taugaskemmdir. Önnur afbrigði sjúkdómsins, að heilahimnubólgu vegna vírussmits meðtalinni, eru sérstaklega undanskilin.“

Í bréfi V2, sem hafnaði kröfu M með tölvupósti 2. febrúar 2022, til nefndarinnar kemur fram að bótaskyldir sjúkdómar séu tæmandi taldir í skilmálum umræddrar vátryggingar og heila- og mænubólga séu ekki bótaskyldir sjúkdómar. Þar af leiðandi sé bótaréttur M, sem hafi ekki greinst með bótaskyldan sjúkdóm, ekki til staðar.

Álit.

V1 er, eins og áður segir, erlent vátryggingafélag. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum starfar á grundvelli samþykkta nefndarinnar sem fela í sér samning milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Samtaka fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 2. gr. samþykktanna heyra vátryggingafélög, og eftir atvikum aðrir dreifingaraðilar vátrygginga, sem eru aðilar að Samtökum fjármálafyrirtækja, undir nefndina. Að öðrum kosti geta vátryggingafélög eða dreifingaraðilar óskað eftir því að mál sem falli undir starfssvið nefndarinnar fái umfjöllun og niðurstöðu hennar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki séð að slík ósk eða samþykki liggi fyrir og verður því að vísa kröfu M á hendur V1 frá nefndinni á grundvelli a-liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. 3. mgr. 4. gr. áðurnefndra samþykkta, þar eð ágreiningur aðila fellur ekki undir lögsögu nefndarinnar.

Krafa M á hendur V2 verður hins vegar tekin til efnislegrar úrlausnar. Hvað varðar veikindi M þá segir í áðurnefndu læknabréfi dags. 15. mars 2021 að sjúkdómsgreining sé: „Other and unspecified symptoms and signs involving the nervous and musculoskeletal systems, R29.8 Encephalitis, myelitis and encephalomyelitis unspecified, G04.9.“ Þá segir einnig að um sé að ræða „Heilahimnubólgu af óþekktum toga.“ Af umræddu læknabréfi verður ekki ráðið að orsök veikindanna sé ljós, en atvikið var tilkynnt sem möguleg aukaverkun bólusetningar. Í skilmálum vátryggingar M hjá V2 er að finna, í 5. gr. skilmálanna um bótasvið, skilgreiningu á þeim sjúkdómum sem vátryggingin tekur til. Segir þar að heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar sé bótaskyld en hún er skilgreind sem svo: „Afdráttarlaus greining bakteríusýkingar í himnum sem umlykja heila eða mænu og leiðir til varanlegs taugaskaða sem staðfestur er í a.m.k. 3 mánuði í kjölfar greiningar. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugalækningum og studd með vexti sjúkdómsvaldandi baktería í ræktunum frá heila- og mænuvökva.“ Af þessu leiðir að svo bótaskylda sé til staðar á grundvelli þessarar skilgreiningar þarf að vera sýnt fram að framangreindir eiginleikar sjúkdóms séu til staðar og sönnunarbyrði þess hvílir á tjónþola. Af

málflutningi M er raunar ekki að fullu ljóst hvort hún byggir kröfu sína á því að um heilahimnubólgu, sem falli þá undir framangreinda skilgreiningu, hafi verið að ræða. Þar sem fram kemur í athugasemdum hennar að ekki hafi verið sýnt fram á með afgerandi hætti hvort um heilabólgu eða heilahimnubólgu hafi verið að ræða verður þó að telja að svo sé, en af skilmálum vátryggingarinnar verður ekki ráðið að hún taki til heilabólgu. Þar sem ekki liggur fyrir nefndinni staðfest greining á því að um bakteríusýkingu í himnum sem umlykja heila eða mænu og leitt hafi til varanlegs taugaskaða hafi verið að ræða verður ekki séð að bótaskylda á grundvelli framangreinds skilmálaákvæðis sé til staðar. Þá verður ekki ráðið að veikindi M, eins og þeim er lýst í fyrirliggjandi gögnum, falli undir aðrar skilgreiningar vátryggingarskilmálanna á bótaskyldum sjúkdómum.

Niðurstaða.
Kröfu M á hendur V1 er vísað frá.
M á ekki rétt til bóta úr sjúkdómatryggingu sinni, hjá V2.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 120/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar sveitarfélagið X

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjölum, móttekið 19. apríl 2022
2. Bréf V dags. 19. maí 2022

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kvöldi þann 26. mars 2022 var M að keyra í Vesturvör í Kópavogi þegar ökutækið fer ofan í opinn brunn á veginum með þeim afleiðingum að ökutækið skemmist.

M telur að orsök slyssins megi reka til þess að X, sem sveitarfélag, beri ábyrgð á því að vegur, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé viðhaldið með eðlilegum hætti. X hafi verið upplýst að lokið á brunninum væri iðulega að losna og að brunnurinn stæði þá opinn með tilheyrandi hættueiginleikum fyrir akandi. Þá hafi X ekki látið gera við opið með viðeigandi hætti.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að þó X hafi vitað af því að brunnurinn hafi verið opinn þá hafi X gripið til viðeigandi ráðstafana, s.s. með því að setja upp merkingar til þess að taka niður hraðann á umræddum vegarkafla. Þá hafi verið haft samband við verktaka til að laga brunnlokið, en til bráðabirgða hafi malbik verið sett undir karm brunnloksins til að gera það stöðugt. Einnig virðist sem merkingar hafi verið keyrðar niður, en ekki sé hægt að gera þá kröfu á X að hann fylgist með merkingum allan daginn. Þannig hafi X ekki sýnt af sér gáleysi við veghaldið, heldur þvert að móti brást X strax við og hann vissi af brunnlokinu og setti upp merkingar ásamt því að reyna að festa brunnlokið til bráðabirgða.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að brunnlok, sem er á vegi á ábyrgð X, var laust og hafði reglulega losnað með þeim hætti að opinn brunnur var á veginum með tilheyrandi hættu fyrr akandi. Þannig hefur X viðurkennt að hafa vitað af framangreindu og ágreiningur snýr að því hvort X hafi gripið til fullnægjandi úrræða. Í gögnum málsins liggja fyrir yfirlýsingar aðila á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem ótengdir aðilar staðfesta að pottlokið hafi verið lengi til vandræða, þ.e. hafi verið að losna og það hafi verið til vandræða „alla vikuna“, alla vega frá „miðvikudegi“ en slysið varð á laugardegi. Þá er í gögnum málsins færslur annarra aðila sem þekkja vel til, keyra daglega þessa leið, og segja að lokið sé alltaf að fara af og sett aftur á og sé stórhættulegt ef aðili sé ekki kunnugur. Segir að það eigi löngu að vera búið að laga þetta þar sem opna gatið sjáist mjög illa, í reynd ekki fyrr en keyrt sé ofan í holuna. Þá liggur fyrir að í vikunni þegar slysið varð voru aðilar á vegum X að laga eða malbika í kringum brunninn þar sem reynt er að laga opið til að festa pottlokið. Gögn málsins sýna þannig að X, eða starfsmenn X, vissu að brunnlokið væri iðulega að losna og að vegurinn væri hættulegur. Hafði X kallað til verktaka sem malbikuðu undir lokið í þeim tilgangi að reyna að festa lokið. Að öllu framangreindu virtu verður að telja að það hafi ekki verið fullnægjandi viðbrögð hjá X að setja upp vegamerki í þeim tilgangi að lækka hraða á umræddu svæði. Þess í stað hafði X reynt að grípa til aðgerða, s.s. með að festa brunnlokið, sem virðist ekki hafa tekist, enda um viðvarandi vandamál að ræða. Af framangreindu verður að telja að sé að ræða slys sem rekja má til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 121/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjölum, móttekið 25. apríl 2022
2. Bréf V dags. 3. maí 2022

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 10. janúar 2022 hafi lagnir í götunni við hús M hafi stíflast með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í hús M og tjón varð.

M telur að orsök slyssins megi reka til þess að X, sem sveitarfélag, beri ábyrgð á að hreinsa niðurföll sem eru í eigu og umsjón X. M hafi ítrekað haft samband við starfsmenn sveitarfélagsins þegar miklar leysingar séu. Þegar gatan, þar sem hús M sé staðsett, sé mokuð sé iðulega rutt yfir ræsið með þeim afleiðingum að vatn renni inn í hús M. Þá hafi það tekið X langan tíma að bregðast við útkalli til að hreinsa niðurfallið sem hafi valdið M meira tjóni. Loks sé til fordæmi, hjá öðru tryggingarálagi, fyrir eins tjóni sem hafi verið bætt.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að X hafi vitað af aðstæðum í götunni eða að niðurföll væru stífluð eða myndu stíflast. Þá hafi X brugðist við um leið og upplýsingar bárust um stíflu í niðurföllum og lagfærðu starfsmenn X vandamálið. Loks verði orsök stíflunnar ekki rakin til starfsmanna X eða starfsemi X, þar sem orsökina megi rekja til framkvæmda í húsum í kringum hús M. Líklega hafi möl þannig borist frá framkvæmdum og valdið stíflu í niðurföllum. Þannig er það afstaða V að umrædd stífla og afleitt vatnstjón verði ekki ekki rekið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að niðurfall, sem er í eigu og umsjón X og sem er fyrir utan hús M, stíflaðist með þeim afleiðginum að vatn rann inn í kjallara M. Tjónþoli, M ber sönnunarbyrði fyrir því að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu. Í gögnum málsins vísar M til þess að áður hafi orðið sambærilegt tjón sem hafi fengist bætt og að ítrekað hafi verið tilkynnt um að ræsið væri fullt, án þess að nokkur gögn væru lögð fram því til stuðnings, s.s. um bætur vegna fyrra tjóns, hvað hafi verið tilkynnt, hvenær og hvernig. Gögn málsins sýna þannig ekki fram á að X eða starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita af því að niðurfallið væri eða myndi stíflast og hefur slík sönnun því ekki tekist. Af framangreindu verður því ekki talið að um sé að ræða tjón sem rekja má til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 122/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): sveitafélag

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. maí 2022.
3. Bréf M, dags. 31. maí 2022.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að rétt upp úr kl. 8.10 að morgni 22. febrúar 2022 hafi bifreiðinni (A) verið ekið ofan í holu á Fjarðargötu við verslunarmiðstöðina Fjörð í Hafnarfirði. Við það skemmdust tvö dekk, felgur og hjólbarðar og var bifreiðin dregin á verkstæði. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Starfsmennirnir höfðu fengið vitneskju um holuna skömmu áður og brugðist við með því að setja upp varúðarskilti og í framhaldinu sett viðgerðarmalbik í holurnar sem höfðu myndast í malbikinu. Eðlilegt sé að tækifæri sé gefið til þess að athafna sig og bregðast við slíkum ábendingum og að aðvaranir og viðgerðir hafi farið fram innan eðlilegs viðbragðstíma. Vísar V til 43. gr. vegalaga þar sem fram kemur í 2. mgr. að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram. V vísar til þess að í gögnum málsins hafi ekki komið fram nein sönnunargögn frá M um að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að vita af holunni en láta undir höfuð liggja að gera við eða merkja hinn hættulega stað.

M telur að tjónið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X og vísar til samskipta sem hann átti við starfsmenn X. Starfsmaður á vegum X kom á vettvang, skoðaði holuna og lét hann fá símanúmer hjá forstöðumanni þjónustumiðstöðvar X. Í símtali við hann þá um morguninn kom fram að starfsmenn X vissu af holunni þar sem fleiri tilkynningar hefðu borist varðandi þessa tilteknu holu um morguninn og að starfsmenn á þeirra vegum væru á leið til þess að gera við hana.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki brugðist nægjanlega hratt við er þeir fengu vitneskju um holu í Fjarðargötu með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreið M. Í 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 er kveðið á um viðhald vega og hvernig bregðast skuli við vegskemmdum. Segir í lagagreininni að veghaldari beri ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þar segir einnig að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Óumdeilt er að starfsmenn X vissu af holunni og heldur V því fram að þeir hafi brugðist við innan eðlilegs viðbragðstíma. Engin gögn því til stuðnings eru lögð fyrir nefndina af hálfu X eða V og því liggur ekki fyrir hvenær starfsmenn X fengu vitneskju um holuna í veginum og þar með hversu langan tíma þeir höfðu til að bregðast við aðstæðum. Að mati nefndarinnar stendur það X og þar með V nær að leggja slík gögn fram í málinu. Eins og mál þetta liggur fyrir verður X að bera hallan af sönnunarskorti á því að starfsmenn sveitarfélagsins hafi brugðist við svo fljótt sem við því varð komið eftir að þeir fengu vitneskju um holuna. Engin efni eru til að telja eigin sök sé til staðar hjá M. M á því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 123/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 1. desember 2020 hugðist M aka vinnuvél undir Bústaðavegsbrú. Gálgi vinnuvélarinnar var í uppréttri stöðu og rakst hann upp undir brúnna með þeim afleiðingum að M slasaðist nokkuð. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hélt að gálginn hefði verið niðri við aksturinn. Hæð vinnuvélarinnar reyndist vera 5,07 metrar skv. því sem fram kemur í málskoti M.

V hefur viðurkennt bótarétt úr slysatryggingu launþega en skerti bæturnar um helming. Byggir niðurstaða V á því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn, þar sem hann hafi ekki gætt að því hvort gálgi vinnuvélarinnar væri niðri við aksturinn. Þá vísar V til þess að hæð vinnuvélarinnar verið töluvert yfir hámarkshæð vinnuvéla skv. 9. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja, þar sem fram kemur að hámarkshæð vinnuvéla er 4,2 metrar. Vísar V enn fremur til þess að félaginu sé heimilt að fella niður bætur úr slysatryggingu launþega skv. 8. gr. skilmála slysatryggingarinnar, þar sem fram kemur að félagið bæti ekki slys sem verða vegna stórkostlegs gáleysis launþega.

M fer fram á fullar bætur úr slysatryggingunni. Telur M að tjónið verði ekki rakið til stórfellds gáleysis í skilningi laga, heldur hafi verið um að ræða almennt gáleysi. Telur M að þar af leiðandi sé félaginu óheimilt að skerða bætur úr slysatryggingunni. Þá byggir M á því að vinnuvélin hafi verið lítið eitt hærri en brúin og 87 cm. hærri en leyfileg hámarkshæð skv. reglugerð. Telur M m.ö.o. að hæðarmunurinn hafi verið svo lítill að ekki sé unnt að líta svo á að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða. Enn fremur vísar M til sanngirnissjónarmiða og telur hann ósanngjarnt að bætur verði skertar um helming að teknu tilliti til heildarmats á aðstæðum.

Álit.

Fyrir liggur að M ók vinnuvélinni á Bústaðavegsbrú og að áaksturinn verður rakinn til þess að vinnuvélin var hærri en brúin og nokkuð umfram þá 4,2 metra sem kveðið er á um sem hámarkshæð í 9. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja. Í 3. gr. sömu reglugerðar kemur einnig fram að ökumaður skuli gæta sérstaklega að hæð ökutækis þegar ekið er undir brú. Ljóst er að M gætti ekki að þessu. Með hliðsjón af aðstæðum öllum verður háttsemi M í umrætt sinn metin sem verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa. Telst háttsemi hans því stórkostlegt gáleysi.

Við mat á takmörkun ábyrgðar V, sbr. ákvæði 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, verður að líta til þess að sök M var veruleg og skýr orsakatengsl eru milli háttsemi hans og tjónsins. Verður með vísan til þess að líta svo á að takmörkun V um helming bótafjárhæðar sé réttmæt. M á því ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 124/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 27. maí 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 30. maí 2022.

Málsatvik.

M slasaðist við akstur bifreiðarinnar X þegar hún ók út af á gatnamótum Borgarvegar og Strandvegar í Grafarvogi hinn 24. maí 2019. Bifreiðinni X var ekið inn á gangstétt og stöðvaðist ofan á grjóti á gangstéttinni. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi ekki verið á miklum hraða né að hún hafi fengið aðsvif, en hún viti ekki nákvæmlega hvað gerðist. M var flutt af slysavettvangi með sjúkrabifreið.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn með því að vera ófær um að stjórna ökutæki sökum þreytu. V vísar til þess sem haft er eftir M á bráðamóttöku þar sem hún segist hafa dottað við stýrið og sofið illa tvær nætur fyrir atburðinn þar sem hún hafi legið andvaka vegna bakverkja og verið að trappa út verkjalyf. Einnig bendir V á að ætla megi að M hafi verið þreytt eftir vinnuviku og telur ekkert annað benda til þess í málinu en að slys M megi rekja til ástands hennar. V telur að M hafði átt að vera það ljóst að hún hafi vart verið ökufær vegna þreytu og svefnleysis þegar hún lagði af stað til vinnu snemma morguns, henni hafi mátt vera það ljóst, enda hafi slysið orðið rétt eftir að hún lagði af stað. Einnig vísar V til nokkurra mála hjá nefndinni þar sem fallist hafi verið á takmörkun ábyrgðar af sömu orsökum skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að félagið hafi tilkynnt M án ástæðulauss dráttar um takmörkun ábyrgðar sinnar, sbr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga, en fullnægjandi læknisfræðilegar upplýsingar hefðu ekki borist til V fyrr en eftir að matsbeiðni var send til félagsins dags. 27. júlí 2021 eða eftir að félagið óskaði eftir frekari gögnum með tölvupósti 29. júlí 2021, þar á meðal gögnum úr bráðamóttökuskrá. Þau gögn hafi sýnt stórkostlegt gáleysi M og ábyrgð félagið hafi verið takmörkuð með tölvupósti V dags. 3. ágúst 2021.

M telur sig eiga rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V og vísar því á bug að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. M telur að V hafi ekki vísað til fullnægjandi heimilda vegna takmörkunar á ábyrgð. M telur einnig að hún hafi verið fær um að aka bifreið og sinna vinnu, enda hafi hún verið á leið til vinnu þegar hún slasaðist. M telur að augnabliks gáleysi hafi getað orsakað slys M og ekkert bendi til þess að hún hafi brotið hátternisreglur við aksturinn eða að háttsemi hennar feli í sér verulegt frávik frá viðurkenndri háttsemi. M bendir á að orsök slyssins sé óljós og beri V hallann af því að geta ekki sýnt fram á að M hafi sofnað við akstur. Einnig telur M að V hafi ekki tilkynnt M án ástæðulauss dráttar að félagið ætlaði að takmarka ábyrgð sína. Tjónstilkynning M hafi borist V 2. apríl 2020 og félagið hafi staðfest bótaskyldu, en tilkynning um takmörkun ábyrgðar hafi hins vegar ekki verið send fyrr en í byrjun ágúst 2020 og það sé ekki án ástæðulauss dráttar í skilningi fyrrnefndrar 94. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess, eins og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, sé fyrir hendi ber félagið sönnunarbyrði um að skilyrði þess ákvæðis sé uppfyllt. Þar segir: „Hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum.“ V ber sönnunarbyrði um að háttsemi M við akstur X hinn 24. maí 2019 hafi verið þannig að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi

við aksturinn. Röksemdir V eru fyrst og fremst þær að þegar M hafi komið á bráðamóttöku með sjúkrabifreið hafi hún sagst hafa sofnað undir stýri og að hún hafi verið svefnlítil síðustu tvær nætur. Þessar upplýsingar koma ekki fram í frumskýrslu lögreglu vegna málsins. Gögn málsins benda ekki heldur til þess að rannsókn lögreglu hafi beinst að því að M hafi verið ófær um að aka bifreið í greint sinn. Þó fram komi upplýsingar í bráðamóttökuskrá um að M hafi gefið þær skýringar að hún hafi dottað við stýri og sofið illa tvær nætur á undan kemur einnig fram að hún hafi ekki misst meðvitund. Ekki koma fram frekari upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum um að ástand M hafi verið þannig að morgni 24. maí 2019 að hún hafi verið ófær um akstur. Þannig er kominn upp vafi um hvort líkamlegt ástand M hafi verið með þeim hætti að hún hafi verið eða mátt vita að hún gæti verið ófær um akstur. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V sem telst ekki hafa sýnt nægilega fram á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur. M á því rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V. Þegar af þeirri ástæðu kemur 94. gr. laga um vátryggingarsamninga ekki frekar til umfjöllunar.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 125/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. apríl 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 23. maí 2022, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið um umferðarslys og bílveltu á Vesturvör þann 20. nóvember 2020. Ummerki á vettvangi bentu til þess að bifreiðinni hefði verið ekið yfir rennustein og beint út af án þess vera beygt eða hemlað. Hefði bifreiðin þannig flogið um 30 metra þar til hún endaði á hvolfi um 75 metra frá rennusteininum. M var sjáanlega slasaður eftir bílveltuna og var fluttur á slysadeild með sjúkrabifreið. Á slysstað var M ekki vel áttaður. Vitni að atvikinu báru öll um að bifreiðinni hefði verið ekið á miklum hraða eða um 120 – 150 km/klst. og farið nokkra leið í lausu lofti af kantinum áður en hún lenti og fór upp á malarhrúgu þar sem hún valt. Í framburðarskýrslu M kveðst hann ekki muna hvað gerðist en viðurkennir að hann hafi ekki átt að vera að keyra þennan dag þar sem honum hafði verið sagt að aka ekki bifreið í 6 mánuði frá því hann fékk flogakast í júlí.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis þar sem M hafi ekki verið heimilt að aka ökutæki þegar umrætt atvik átti sér stað. Vísar V til 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 90/2004. Með háttsemi sinni hafi M brotið gegn skráðum hátternisreglum umferðarlaga er hann ók ökutæki þvert gegn gildandi akstursbanni sem hann hafði verið settur í vegna veikinda sinna. M telur að hann eigi rétt til bóta, a.m.k. að hluta til og hafnar því alfarið að bótaréttur hans sé felldur niður að öllu leyti. M hafi verið á flogaveikilyfjum og þó honum hafi verið sagt að aka ekki í nokkra mánuði þá sé ekki hægt að leggja fyrirmæli læknis að jöfnu við varúðarreglur vátryggingarskilmála og umferðarlaga sem eiga við um t.d. neyslu áfengis- og fíkniefna. M hafi verið allsgáður og telur í besta falli að hann hafi sýnt af sér einfalt gáleysi.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þessi að því hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga séu uppfyllt. Samkvæmt þeirri lagagrein má lækka eða fella niður ábyrgð vátryggingafélagsins hafi vátryggður í slysatryggingu eins og hér um ræðir valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn á þessum atriðum skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. V ber sönnunarbyrðina um að það teljist til stórkostlegs gáleysis M að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn eftir að hafa fengið fyrirmæli frá lækni um að aka ekki bifreið og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og slyssins. Í málinu liggur fyrir læknisvottorð frá taugalækni þar sem fram kemur að M hafi verið í akstursbanni er slysið átti sér stað. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 24. nóvember 2020 viðurkennir M að hafa ekki mátt aka þennan dag og að hann hafi þrátt fyrir það ákveðið að aka bifreiðinni. Af gögnum málsins og þá sérstaklega niðurstöðu tæknideildar lögreglu og frásögn M sjálfs verður ráðið að veikindi M séu orsök slyssins. Þannig eru bein orsakatengsl milli þeirrar háttsemi M að aka bifreiðinni í umrætt sinn þrátt fyrir að akstursbann og slyssins. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga skal ökumaður vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því sem hann fer með. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann m.a. vegna veikinda er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Gegn þessu braut M. Með vísan til atvika allra og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga er V heimilt að fella niður bótarétt M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda að fullu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 14. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 126/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. apríl 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags.25. maí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 18. febrúar 2021 hafi bifreiðin X, verið ekið í hlið bifreiðarinnar Y sem M ók umrætt sinn. Ekki virðist ágreiningur um að X beri alla sök á umræddum árekstri. M leitaði til læknis hinn 24. febrúar s.á. og sagðist þá hafa fundið fyrir verkjum í mjóbaki daginn eftir árekstur. Við skoðun hafi flexion í baki verið eðlileg en tekið í við extention og við lateral hreyfingar í hrygg. M hafi aftur leitað til læknis 16. september 2021 og lýst verkjum í mjóbaki og upp brjóstbak. Hafi M frá slysinu sótt meðferð hjá bæði sjúkraþjálfara og kírópraktor. Samkvæmt sjúkrasögu M hafi hún ekki glímt við stoðkerfiseinkenni fyrir umrætt slys. M telur ljóst að M hafi hlotið áverka í umræddu slysi og beri gögn málsins það með sér að einkenni hennar verði rakin beint til þess. Ekkert í sjúkraskrá M bendi þá til annars og er því sérstaklega hafnað að hún sé í líkamlega erfiðu starfi sem hefði getað leitt til umræddra einkenna.

V, sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 2. febrúar 2022, segir í bréfi sínu til nefndarinnar að M hafi leitað til læknis vegna ósértækra og almennra einkenna viku eftir umrætt slys, en næsta koma til læknis vegna einkenna frá baki hafi verið um sjö mánuðum eftir slysið. M vinni þá líkamlega erfiða vinnu sem geti leitt til svipaðra einkenna frá baki. Af fyrirliggjandi PC-Crash skýrslu sem V hafi látið gera sé ljóst að höggið á bifreið M hafi verið afar vægt og ekki til þess fallið að valda varanlegu líkamstjóni auk þess sem munatjón hafi verið takmarkað. Það sé M sem beri sönnunarbyrði fyrir því að orsakatengsl séu milli árekstursins og þeirra einkenna sem hún reki til hans og slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 18. febrúar 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að afar lítið munatjón hafi orðið við áreksturinn. Verður því að telja að áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og þeirra einkenna sem M rekur til hans. Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 24. febrúar 2021 vegna einkenna frá baki. Var hún þá greind með tognun á lendarhrygg og fékk ráðleggingar um að taka verkjalyf og sjá hvort einkenni löguðust ekki á tveimur til þremur vikum en leita ella aftur til læknis. Af sjúkraskrá og fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 14. október 2021, verður ráðið að næsta koma M til læknis vegna einkenna frá baki hafi verið hinn 16. september 2021, eða um sjö mánuðum síðar, en þá lýsti hún daglegum verkjum í mjóbaki og aðeins upp í brjóstbak. Fékk hún þá beiðni vegna sjúkraþjálfunar og hefur, að því er segir í málskoti, sótt meðferð hjá sjúkraþjálfara og kírópraktor vegna einkenna frá baki. Engin frekari gögn liggja hins vegar fyrir nefndinni um þá meðferð né sérstakt mat á orsakatengslum milli árekstursins og tímabundinna eða varanlegra afleiðinga hans á líkamlegt ástand M. Jafnvel þó ekki verði fallist á með V að sýnt sé að M hafi stundað líkamlega erfiða vinnu sem leitt hefði getað til svipaðra einkenna verður ekki litið framhjá því að einkenni þau sem M lýsir eru ósértæk og geta átt sér ýmsar ástæður. Á grundvelli framangreinds og með vísan til þess hve læknisfræðileg gögn eru takmörkuð, verður að telja vafa um að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til hans séu fyrir hendi. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 128/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 20. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi sem verktakafyrirtæki tekið að sér vinnu við heimlagnir í veitukerfum á grundvelli útboðs X sem jafnframt er eigandi lagnanna. Um var að ræða endurnýjun á heitu vatni og rafstrengjum við hús A í Reykjavík. Við verkið var notuð skurðgrafa auk þess sem starfsmaður var staðsettur í skurðinum. Við eitt húsið fór grafan utan í óeinangrað stálrör með þeim afleiðingum að rörið hrökk í sundur inni í húsinu og olli tjóni. Þegar tjónið varð hafði M í gildi ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V sem samþykkti bótaskyldu úr tryggingunni vegna tjónsins. M telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu, heldur telur M að X ábyrgð á því enda sá X um lagninu og frágang lagnanna á sínum tíma og að orsök tjónsins sé slæmur frágangur lagnarinnar. Fór M fram á það við V með bréfi dags. 19. janúar 2022 að afstaða félagsins yrði endurskoðuð. Með tölvupósti dags. 3. apríl 2022 upplýsti V að það teldi M bera ábyrgð á tjóninu en ekki X. V byggði afstöðu sína á því að M sem verktaki hafi einn borið ábyrgð á verkinu og í þeirri skyldu hafi falist að afla sér allra gagna til að vinna verkið. Hafi M verið kunnugt um að lagnir væru gamlar og ef það hefði talið misræmi í gögnum hafi M borið að fá skýringar á því. M hafi átt að sýna frekari varfærni og aðgæslu við framkvæmd verksins þegar það hóf gröft.

M telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu, heldur sé ábyrgðin hjá X sem lagði upprunalegu lagnirnar og er eigandi þeirra. Umrætt rör hafi verið óeinangrað og við tjónið hefði það ekki átt að hrökkva í sundur inni í húsinu en þar sem það hafi verið mikið ryðgað og kraninn á því mjög gamall var það eingöngu tímaspursmál hvenær það færi í sundur. Um hafi verið að ræða óhappatilvik sem hver sem er hefði getað lent í. Frágangur rörsins hafi verið slæmur og ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til frágangs við slík verk. Það hafi verið lagt óeinangrað í urð og grjót og á því beri X ábyrgð. Þessu til viðbótar hafi teikningar og upplýsingar um kortasjá ekki verið réttar. Telur M sig hafa sýnt mikla varfærni og aðgæslu við framkvæmd verksins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón á lögn við hús A sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X eða M en svo bótaskylda sé fyrir hendi þarf að mega rekja tjónið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu aðila sem þau bera ábyrgð á. V hefur samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M vegna tjónsins en hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Ekki er ágreiningur um að það var starfsmaður M sem stýrði skurðgröfunni sem olli tjóni á lögninni. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk, eins og þau sem starfsmönnum M var falið að vinna og þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður af gögnum málsins ekki annað ráðið en að tjónið megi rekja til óaðgæslu starfsmanna M í umrætt sinn en þeim bar að sína fyllstu aðgæslu við gröft að lögnunum enda höfðu þeir vitneskju um að lagnirnar væru gamlar. Verður ekki talið að tjónið megi rekja til sakar starfsmanna X jafnvel þótt lögnin hafi ekki verið einangruð með sama hætti og aðrar lagnir í götunni né í samræmi við upplýsingar á kortavef X enda mátti X ekki búast við öðru en að M myndi sýna fyllstu aðgæslu við gröftinn.

Niðurstaða.

Tjónið er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu M hjá V

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 129/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 7. júní 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð 19. júlí 2021 með bifreið M og bifreiðinni X þegar X var ekið af bifreiðastæði inn á akbraut þar sem M ók bifreið sinni og inn í hægri hlið bifreiðar sem M ók. M leitaði á Læknavaktina hinn 21. júlí 2021 og var greind með spennu og var ávísað verkja- og vöðvaslakandi lyfi. Hinn 28. og 30. júlí 2021 leitaði M til heimilislæknis og fékk þar beiðni um sjúkraþjálfun vegna stífleika í vöðvum og útlimum. Upplýsingar um fyrra heilsufar M í gögnum málsins ná aftur til ársins 2020, en í biðni um sjúkraþjálfun kemur fram að M hafi verið á örorku vegna þunglyndis í mörg ár. M tilkynnti um líkamstjón til V með tjónstilkynningu 25. ágúst 2021. V hefur lagt fram svokallað PC-Crash skýrslu vegna árekstursins, dags. 17. ágúst 2021.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstri við bifreið X og séu álitaefni um orsakatengsl læknisfræðilegs eðlis og eigi ekki að byggja á PC-skýrslu sem lögð sé fram af V. Lögmaður M gerir einnig athugasemdir við skýrslutöku fyrirtækis sem kom á vettvang árekstursins og samstarf þess fyrirtækis við V. Lögmaður M telur nauðsynlegt að fá upplýsingar um greiðslur til þeirra sem gera skýrslur fyrir V og hvert tjón á bifreið M hafi verið.

V telur ekki fyllilega sýnt að orsakatengsl séu á milli einkenna M og árekstursins og vísar til þess að PC-skýrsla dags. 17. ágúst 2021 sýni að högg á bifreið M hafi verið vægt, viðgerðarkostnaður hafi verið um 260 þúsund krónur. Einnig vísar V til þess að félagið hafi samþykkt að greiða útlagðan kostnað vegna lækniskoma, lyfja og sjúkraþjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir árekstur en læknisfræðileg gögn sýni ekki að varanlegar afleiðingar hafi orðið af árekstrinum. V vísar til tiltekinna atriða varðandi mat á orsakatengslum eins og eðli slyss, áverkagreiningu strax eftir slys, hvort einkenni séu almenn eða sértæk, hvort einkennalýsingar séu samfelldar eftir slys sem og meðferð við einkennum og hvort annað geti skýr einkenni. V telur að einkenni M sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum séu almenn, óljóst sé hvernig þau tengjast fyrra heilsufari M þar sem ekki hafi verið lögð fram frekari gögn en aftur til ársins 2020 hvað það varðar. Einnig vísar V til dómaframkvæmdar varðandi sönnunarbyrði tjónþola þegar um væga árekstra er að ræða.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er upplýst að M lenti í árekstri sem leiddi til viðgerða á bifreið hennar. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Nefndin telur ekki nauðsynlegt að afla frekari gagna um greiðslur til aðila vegna þessa sönnunargagns eða annarra.

M leitaði til læknis tveimur dögum eftir árekstur og lýsing einkenna þá og í beiðni um sjúkraþjálfun rétt eftir það vísar til nokkuð almennra einkenna. Miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu er ekki ljóst hvort einkenni M tengist fyrra heilsufari hennar eða árekstrinum sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 19. júlí 2021.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 130/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. júní 2022.
3. Bréf M, 14. júní 2022.

Málsatvik.

M er þrotabú og var félagið lýst gjaldþrota 21. október 2020. Í málskoti skiptastjóra M kemur fram að að í skýrslutöku forsvarsmanns hinn 12. nóvember 2020 hjá skiptastjóra hafi komið fram upplýsingar um að M ætti útistandandi skuld vegna sölu tiltekinnar fasteignar í eigu félagsins og hafi afsali ekki verið þinglýst vegna hennar. Þegar skiptastjóri hafi ætlað að gæta hagsmuna M vegna þessarar skuldar hafi hins vegar komið í ljós að afsal hafi verið afhent kaupanda til þinglýsingar hinn 20. október 2020 og hafi það verið fært inn til þinglýsingar daginn eftir, eða sama dag og seljandi (M) var lýst gjaldþrota. Í gögnum málsins kemur fram að fyrirhugað hafi verið skv. kaupsamningi dags. 17. júlí 2018 að gefa út afsal 16. ágúst sama ár, afsal hafi hins vegar ekki verið undirritað fyrr en 29. nóvember 2019 og það síðan móttekið til þinglýsingar, eins og áður segir 20. október 2020.

Skiptastjóri M telur að þrotabúið hafi orðið fyrir tjóni þar sem tveggja milljóna skuld vegna fasteignaviðskiptanna hafi ekki verið uppgerð þegar fasteignasali á vegum fasteignasölunnar X hafi afhent kaupanda afsal til þinglýsingar. M telur að X hafi ekki með fullnægjandi hætti gert grein fyrir afsalsuppgjöri og kvittunum fyrir greiðslu á afsalsgreiðslum þannig hægt væri að ganga úr skugga um að gengið hafi verið frá sölu eignarinnar í samræmi við lög og reglur er gilda um fasteignaviðskipti. M vísar til skyldna fasteignasala í 15. og 16. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa þar sem komi fram að fasteignasali eigi að gæta þess að hagsmunir bæði kaupanda og seljanda séu tryggðir og annast skjalagerð í samræmi við það. Ekki sé hægt að bera fyrir sig að hafa bara tekið að sér skjalagerð að hluta vegna fasteignaviðskipta og ætla megi að afsali hafi verið haldið eftir þar sem skuld hafi ekki verið að fullu greidd af hálfu kaupanda. X hafi ekki sýnt fram á að greiðsluuppgjör kaupanda og seljanda (M) hafi átt sér stað og verði að bera hallann af því. Það að tryggja það ekki sé saknæm háttsemi af hálfu fasteignasalans og eigi M því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að við undirritun afsals milli M og kaupanda fasteignar dags. 29. nóvember 2019 hafi verið staðfest að kaupverð hafi verið að fullu greitt. Forsvarsmaður M hafi starfað við fasteignasölu í mörg ár og hafi því vel vitað hvað fælist í undirritun afsals. Einnig bendir V á að X hafi einungis sé um skjalagerð á forsendum samningsaðila og greiðslur hafi ekki átt sér stað í gegnum fjárvörslureikning fasteignasölunnar. Enn fremur bendir V á að X hafi ekki verið kunnugt um væntanlegt þrot M og afsali hafi því verið þinglýst í góðri trú.

Álit.

Í málskoti er því lýst af hálfu skiptastjóra M að skýrslutaka yfir forsvarsmanni þess félags sem nú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta hafi leitt í ljós að það félag ætti inni tveggja milljóna króna greiðslu frá kaupanda fasteignar sem hafi verið í eigu félagsins. Engin frekari sönnunargögn liggja fyrir um þá skuld. Skýrsla umræddsforsvarsmanns ein og sér eftir að félag hans er komið í þrot getur ekki hnekkt þeirri yfirlýsingu sem hann sjálfur skrifaði undir á afsali dags. 29. nóvember 2019 um að kaupverð væri að fullu greitt af hálfu kaupanda. Hallann af sönnunarskorti um þá skuld ber M og þegar af þeirri ástæðu telst ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja má til háttsemi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 131/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega og almenn slysatrygging.

Slysahugtakið.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 20. maí 2022.
3. Bréf V2 dags. 27. maí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 6. október 2021 hafi M, við vinnu sína hjá X, verið að beygja ryðfrítt stál í þartilgerðri vél. Hafi hann misst lítið stykki inn í vélina og þurft að ná í það að aftanverðu. Hafi hann opnað vélina að aftan, slegið út hreyfanlegum hlutum hennar, og farið á fjóra fætur til að teygja sig eftir stykkinu. Hafi vinstri fótur hans þá runnið til í olíu, sem hafi verið úti um alla vél og á gólfinu við hana. Við það hafi snúist upp á M og slinkur komið á bak hans. Leitaði M samdægurs til læknis og í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 19. janúar 2022, er atvikum lýst svo „Var að beygja sig í vinnu í dag, fór niður á 4 fætur og teygði sig undir vél, sveigði við það upp á hrygginn. Fékk ekki högg á sig.“ Í fyrirliggjandi sjúkradagpeningavottorði til Sjúkratrygginga, dags. 17. desember 2021, kemur þá fram að M hafi fengið skyndilegt tak í bakið við vinnu sína. Í læknisvottorði, dags. 4. mars 2022, kemur fram að M hafi óskað eftir því að upplýsingar um vinnuslysið komist betur til skila og segir þar m.a. svo um atvik málsins: „… fer á fjóra fætur og teygir sig undir armana sem eru staðsettir neðarlega til að ná í stykkið. Þegar hann er búinn að ná því rennur vinstri löppin til og líkaminn snýr upp á sig.“ Þá er fyrirliggjandi tilkynning X til Vinnueftirlitsins þar sem atvikum er lýst svo „Starfsmaður missti smáhlut úr áli, beygði sig niður á fjóra fætur og fékk tak í bakið.“ Þá liggur fyrir, sbr. fjarvistavottorð, dags. 17. desember 2021, að M var óvinnufær með öllu frá slysdegi og til 6. janúar 2022. Vegna líkamstjóns síns krafðist M bóta, annars vegar úr slysatryggingu launþega X hjá V1 og hins vegar úr almennri slysatryggingu M hjá V2. V1 og V2 hafi bæði hafnað kröfu hans á grundvelli þess að ekki væri um að ræða atvik sem félli innan slysahugtaks vátryggingaréttar. Telur M að sú afstaða byggi á gögnum sem gefi ekki rétta mynd af atburðum, enda hafi málsatvikalýsing síðar verið leiðrétt, en við fyrstu komu M til læknis og í tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi verið að finna ranga atvikalýsingu. M verði ekki gert að bera hallann af því og verði að gera kröfu til þess að afstaða félaganna byggist á nýjum og réttum gögnum. Hvað varði slysatryggingu launþega sérstaklega þá hafi verið um vinnuslys að ræða sem ekki hafi verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 13. október 2021. Þar sem X hafi ekki fylgt fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins og engin rannsókn hafi farið fram af hálfu þess verði að leggja framburð M um atvik málsins til grundvallar. Telur M samkvæmt framansögðu ljóst að um slys í skilningi vátryggingaréttar hafi verið að ræða og því sé bótaskylda til staðar.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji umrætt atvik ekki falla undir slysahugtak vátryggingaréttar, en með slysi sé átt við „skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannarlega án vilja hans“. Algert samræmi sé milli atvikalýsingar sem M gaf samdægurs hjá lækni og þeirrar lýsingar sem fram komi í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins. Með vísan til samtímagagna sé bótaskyldu því hafnað enda telji félagið ljóst að um álagsmeiðsli sé að ræða. Álagsmeiðsli og meiðsli sem eigi uppruna sinn innan líkama vátryggðs séu almennt ekki talin slys í skilningi slysahugtaksins enda komi slík meiðsli yfirleitt til vegna rangra hreyfinga vátryggðs en ekki utanaðkomandi orsaka. Verði að byggja á samtímagögnum hvað þetta varði og breytt frásögn M verði ekki lögð til grundvallar nema hún sé studd frekari gögnum en um slíkt sé ekki að ræða.

Í bréfi V2 til nefndarinnar er vísað til 2.2 gr. skilmála almennrar slysatryggingar M hjá V2 þar sem slys sé skilgreint sem „skyndilegur, utanaðkomandi atburður, sem veldur tjóni á líkama þess sem vátryggður er, og gerist án vilja hans.“ Samtímagögn málsins bendi ekki til þess að utanaðkomandi atburður hafi orsakað áverka M og álagstengd meiðsli eða áverkar sem orsakist af rangri líkamsbeitingu falli ekki

undir ofangreint slysahugtak. Höfnun V2 byggi alfarið á framburði málsaðila, sbr. fyrirliggjandi læknisvottorð en ekki síðari lýsingu, sem hafi ekki komið fram fyrr en með tjónstilkynningu, eftir að M leitaði aðstoðar lögmanns.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega hafnað að sú leiðrétting sem M hafi gert á atvikalýsingu sé tilraun til að láta atvikið falla að slysahugtakinu. Ábyrgð á rangri skráningu læknis verði ekki lögð á M og hafi hann látið leiðrétta atvikalýsingu um leið og ljóst var að hún var ranglega skráð. Við upphaflega komu til læknis hafi M auk þess verið kvalinn og ekki sé hægt að ætlast til að frásögn hans á þessum tíma hafi verið skýr. Leiðrétt lýsing í nýju læknisvottorði sé hins vegar mun ítarlegri. Hvað varðar lýsingu á atvikum í tilkynningu til Vinnueftirlitsins er bent á að um sé að ræða tilkynningu vinnuveitanda en ekki lýsingu M sjálfs og verði hún því ekki lögð til grundvallar þegar ný gögn með réttri atvikalýsingu liggi fyrir. Verði að leggja frásögn M, í leiðréttu læknisvottorði og tjónstilkynningum til félaganna, til grundvallar enda sé þar um að ræða beina frásögn hans sjálfs, en ekki þriðja aðila.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, en bæði V1 og V2 byggja afstöðu sína á því að svo sé ekki. Af gögnum málsins að dæma eru vísbendingar um að umrætt atvik hafi ekki verið réttilega tilkynnt Vinnueftirlitinu, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, þó það verði ekki fullyrt á grundvelli þeirra. Jafnvel þó byggt verði á lýsingum M um þau atvik sem leiddu til líkamstjóns hans, verður þó almennt ekki byggt á síðar tilkominni frásögn tjónþola nema frekari gögn styðji við hana. Eins og að framan greinir liggur fyrir læknisvottorð, dags. 19. janúar 2022, þar sem kemur fram að í gögnum um fyrstu komu M til læknis komi fram sú atvikalýsing að M hafi sveigt upp á hrygginn við að fara niður á fjóra fætur en að hann hafi ekki fengið högg á sig. Er ekki sýnt fram á annað en að umrædd lýsing sé í samræmi við frásögn M á þeim tíma. Sambærilega lýsingu er að finna í tilkynningu sem barst Vinnueftirlitinu hinn 13. október 2021 og í sjúkradagpeningavottorði, dags. 17. desember 2021, þar sem segir að M hafi fengið skyndilegt tak í bakið. Í tjónstilkynningum til V1 og V2, dags. 18. nóvember 2021, segir hins vegar að mikil olía hafi verið á gólfinu og M því farið á fjóra fætur, en hann hafi þurft að teygja sig og snúa upp á sig til að sækja stykkið í vélina. Hafi hann þá runnið skyndilega til og fengið slink á bakið. Í læknisvottorði, dags. 4. mars 2022, kemur þá fram að M hafi óskað eftir því að frekari upplýsingar um atvikið kæmust til skila og er atvikum þar lýst svo að eftir að M hafi náð umræddu stykki hafi vinstri fótur hans runnið til og líkami M snúið upp á sig. Er því nokkurt misræmi milli þeirrar atvikalýsingar sem höfð er eftir M við fyrstu komu til læknis og kemur jafnframt fram í vottorði dags. 17. desember 2021 og tilkynningu til Vinnueftirlitsins annars vegar og hins vegar þeirrar lýsingar sem fram kemur í tjónstilkynningum og læknisvottorði dags. 4. mars 2022. Engin vitni virðast hafa verið að atvikinu né liggja fyrir nein gögn um ástand vélarinnar eða gólfsins við hana aftanverða á slysdegi. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður að líta á upphaflega atvikalýsingu, sem fram kom við fyrstu komu M til læknis sem frumgagn í málinu og verður ekki byggt á síðar til kominni lýsingu M án frekari gagna er styðji við hana. Upphafleg lýsing á atvikum bendir þá til þess að meiðsli M sé að rekja til líkamsbeitingar hans sjálfs fremur en utanaðkomandi atburðar, og að umrætt atvik falli því ekki undir slysahugtak vátryggingaréttar.

Niðurstaða.

Má ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V1. M á ekki rétt til bóta úr almennri slysatryggingu hjá V2.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 132/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að hinn 27. maí 2019 hafi M, við vinnu sína í þágu Y, verið að störfum í húsnæði X, en Y mun m.a. hafa þjónustað brunavarnarkerfi X. Hafi M verið að fara niður fellistiga sem liggi um lúgu upp á háaloft þegar festingar stigans gáfu sig með þeim afleiðingum að M og stiginn féllu á gólfið. Leiddi fallið til líkamstjóns M sem hafi verið óvinnufær í um tíu vikur frá slysdegi. M hafi greint Z, húsverði í húsnæði X frá slysinu, og fyrir liggur yfirlýsing þess síðarnefnda, dags. 30. janúar 2022, um að hann hafi hitt M þennan dag, M hafi borið sig illa og sagst þurfa að fara á bráðamóttöku. Hafi Z skoðað aðstæður og greinilegt hafi verið að stiginn hafi losnað úr festingunum. Hafi Z í kjölfarið komið tilkynningu til þáverandi yfirmanns fasteignadeildar X. M telur bótarétt úr ábyrgðartryggingu X til staðar. Er byggt á því að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins, sbr. 79 gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem tilkynning hafi ekki verið send fyrr en 26. nóvember 2019. Hafi því engin rannsókn farið fram af hálfu Vinnueftirlitsins og verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði. Vísar M sérstaklega til 1. mgr. 17. gr. sömu laga sem leiði til þess að X hafi verið skylt að tilkynna um slys M þrátt fyrir að hann hefði verið starfsmaður Y. Hvað vitneskju X um slysið varði fái það svo stoð í yfirlýsingu Z að X hafi verið tilkynnt um slysið þegar fyrir hádegi á slysdegi. Er þá byggt á því að fellistiginn hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur sem leiði af lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stoð í þeim. Hann hafi verið vanbúinn og aðstæður á slysstað verið hættulegar. Mikil slysahætta hafi verið af notkun stigans í því ástandi sem hann var á slysdegi og hefði verið auðvelt að koma í veg fyrir slys M með því t.d. að aðgæta festingar stigans með reglulegu millibili. V hafi hafnað kröfu M með bréfi dags. 20. desember 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að verkefni það sem M sinnti í húsnæði X á slysdegi hafi verið alfarið á ábyrgð Y, sem veiti X tiltekna þjónustu við yfirferð á brunakerfi. Engin vitni hafi orðið að slysinu og enga lýsingu eða skráningu um slysið sé að finna í kerfum X sem hafi ekki fengið vitneskju um það fyrr en löngu síðar. Þá hafi X ekki fengið neinar ábendingar eða kvartanir vegna stigans fyrir slys M, og engin sambærileg slys hafi átt sér stað áður. Einhverju eftir slys M hafi það þó verið metið svo að tímabært væri að endurnýja umræddan stiga en það verði ekki metið X til sakar og hafi endurnýjun stigans verið ótengd umræddu atviki. Ekki verði séð að slys M sé að rekja til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu enda hafi X ekki verið kunnugt um vanbúnað á stiganum. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt fyrirliggjandi samskiptum lögmanns M við Vinnueftirlitið barst því ekki tilkynning um slysið fyrr en 28. nóvember 2019. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Jafnvel þó byggt sé á fyrirliggjandi yfirlýsingu Z, húsvarðar í húsnæði X, verður ekki ráðið af henni að þá þegar hafi verið ljóst að M yrði óvinnufær í einn eða fleiri daga, eða að líkur væru til þess að hann hefði orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, en í lýsingu Z segir að M hafi ekki borið sig vel

og að hann hafi sagt Z að hann þyrfti að fara á bráðamóttöku. Verður þá ekki greint af gögnum málsins að M, eða vinnuveitandi hans Y, hafi tilkynnt X um að slysið hefði leitt til óvinnufærni. Er því ekki talið sýnt að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að umrætt atvik hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr og að rannsókn þess á aðstæðum, skv. 81. gr. sömu laga, hafi ekki farið fram. Telja má ljóst af lýsingu M og Z, samkvæmt yfirlýsingu hans um skoðun á vettvangi, að festingar umrædds stiga hafi gefið sig. Ekki liggur hins vegar fyrir hvað leiddi til þess að þær gáfu sig, en engin sérstök skoðun á stiganum eða festingum hans virðist hafa farið fram í kjölfar slyssins og engin vitni voru að umræddu atviki. Þá liggur ekkert fyrir um að X hafi fyrir slysið verið kunnugt um vanbúnað eða bilun í stiganum og ekki liggur fyrir annað en að hann hafi verið af viðurkenndri gerð. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að líkamstjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 133/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 21. júlí 2020 er hann vann við að setja nýtt þak á starfsmannabústað við hótel í eigu X. Við verkið notaði M stiga sem var reistur upp við húsið og er hann var kominn ofarlega í stigann gaf sig jarðvegurinn undir stiganum með þeim afleiðingum að M missti jafnvægið og skall í jörðina.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Vísar M til þess að þrátt fyrir alvarleika slyssins hafi X ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið fyrr en rúmlega ári síðar og hafi því engin rannsókn farið fram á tildrögum þess eða aðstæðum á slysstað. Vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda. M kveðst í aðdraganda slyssins hafa óskað eftir að fá vinnupall til verksins þar sem stiginn hentaði ekki að hans mati eins vel til verksins en að honum hafi verið neitað um slíkan búnað. Stiginn hafi ekki hentað til verksins og því hafi aðstæður á vinnustað verið hættulegar. Vinnuveitanda hafi borið að tryggja öryggi M við framkvæmd verksins og útvega vinnupalla sem hæfðu verkinu. Telur M að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að ekki ágreiningur uppi um málsatvik og því skipti tímasetning tilkynningar til Vinnueftirlitsins ekki máli auk þess sem lögregla hafi komið á vettvang og tekið myndir og framburð M. M hafi verið ráðinn inn sem „maintenance manager“ hjá X í ljósi þess að hann var reynslumikill smiður og sem slíkur bar hann ábyrgð á öllu viðhaldi bygginga á vegum X. Í því fólst m.a. að meta hvert verkefni fyrir sig og taka ákvörðun um hvernig ætti að vinna það, hvort kalla þyrfti til auka mannskap og hvaða búnað þyrfti að nota. Þannig hafi M á slysdegi tekið sjálfur ákvörðun um að vinna verkið einn og notað til þess umræddan stiga. Að mati V hefur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Slysið megi heldur rekja til eigin óaðgæslu M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þannig að hann hlaut samfallsbrot á hrygg. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá eftirlitinu kom á slysstað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður það þó ekki talið hafa áhrif á almennar reglur um sönnunarbyrði, enda greinir aðila ekki á um málsatvik. Fyrir liggur að M er menntaður smiður, hafði unnið við viðhald hjá X í um þrjú ár fyrir slysið sem stjórnandi viðhalds bygginga í eigu X. Hann var á slysdegi kominn vel yfir fimmtugt og má þannig ætla að hann hafi nokkra reynslu af þeim störfum sem honum voru falin af hálfu X. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá frásögn hans að honum hafi ekki verið í sjálfsvald sett að stjórna hvernig verkið var unnið né að honum hafi verið neitað um viðeigandi búnað. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður þannig ekki talið að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Á M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 134/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X út af Eyjafjarðarbraut, við brú við Þverá, hinn 18. apríl 2022 þannig að tjón varð á bifreiðinni. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekið Eyjafjarðarbraut og haldið að framkvæmdir væru búnar við brúna við Þverá þegar hann heyrði hliðarspegil bifreiðarinnar slást í eitthvað, sennilega viðvörunarmerki um hliðarleið. Eftir það hafi hann reynt að stöðva bifreiðina en ekki náð því áður en hún fór út af veginum. Aðspurður taldi M ekki vita á hvaða hraða hann var en taldi sig hafa verið á um 60 km/klst þegar hann ók utan í viðvörunarmerkið. Farþegi hafði ekki tekið eftir hvað gerðist nákvæmlega þar sem hún hafi verið að horfa út um hliðarrúðu þegar óhappið varð.

V hefur takmarkað ábyrgð sína úr kaskótryggingu X um þriðjung heildarfjárhæðar bóta með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) og telur að aksturslag M hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. V vísar til þess að þó M sé ekki eigandi bifreiðarinnar X sé hann samsamaður með eigandanum, eiginkonu sinni, með vísan til heimildar í vátryggingarskilmálum, sbr. a-liður 2. mgr. 29. gr. vsl. V vísar til upplýsinga í lögregluskýrslu um að hámarksökuhraði á því svæði sem M ók út af veginum hafi verið verið tekinn niður í 30 km/klst og hafi umferðarmerki verið greinileg um það. Akstur M á 60 km/klst hafi því verið yfir löglegum hámarkshraða og farið gegn fyrirmælum 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem og n.lið sömu greinar þar sem sérstök aðgæsluskylda sé þegar ekið sé um veg þar sem vegavinna fer fram.. V telur aksturslag M fela í sér stórkostlegt gáleysi þar sem hann hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum.

M telur að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi og í málskoti kemur fram að mögulega hafi verið um meðvitundarleysi við aksturinn í augnablik að ræða. M kvaðst hafa verið illa áttaður eftir útafaksturinn þegar lögregla spurði um ökuhraða og hélt að spurningin hefði lotið að ökuhraða inn á vinnusvæðið, auk þess sem honum finnst ekki trúlegt að maður á áttræðisaldri hafi verið í stórkostlega gáleysislegum akstri á nýlegum bíl.

Álitri

Í gögnum málsins kemur fram að M missti stjórn á bifreiðinni X þegar hann ók utan í viðvörunarmerki á Eyjafjarðarbraut, við brú yfir Þverá. Af myndum í lögregluskýrslu hafði hámarkshraði verið færður í 30 km/klst á svæðinu vegna framkvæmda. Á M sem ökumanni hvíldi varúðarskylda skv. fyrirmælum í 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um ökuhraða. Af framburði M í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að hann hafi verið eitthvað yfir þeim hámarksökuhraða sem tilgreindur var með umferðarmerkjum í aðdraganda þess að hann ók utan í viðvörunarmerki. Sönnunargögn um að hann hafi verið á 60 km/klst hraða þegar óhappið verð eru hins vegar ekki óyggjandi. Að öðru leyti verður ekki séð að M hafi farið gegn fyrirmælum umferðarlaga.

Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess, eins og 1. mgr. 90. gr. vsl. um stórkostlegt gáleysi, sé fyrir hendi ber félagið sönnunarbyrði um að skilyrði þess ákvæðis sé uppfyllt. Í dómaframkvæmd síðustu ára hefur verið litið svo á að háttsemi sem feli í sér stórkostlegt gáleysi sé meira eða alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem viðhafa ber skv. mælikvörðum sem að mestu eru hlutrænir.

Í þessu máli snýst mat á háttsemi M að því hvort akstur hans, sem virðist hafa verið eitthvað yfir 30 km/klst hámarkshraða, sé það alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem bara að viðhafa að það teljist stórkostlegt gáleysi. Eins og segir hér að framan verður því ekki slegið föstu af gögnum málsins að M

hafi ekið á tvöföldum hámarkshraða þegar hann ók utan í viðvörunarskilti. Þótt sýnt sé að M hafi sýnt eitthvað gáleysi við aksturinn er það, m.v. gögn málsins, metið sem augnabliks athugunarleysi fremur en gáleysi á það háu stigi að það teljist stórkostlegt.

Vegna þessarar niðurstöðu er ekki tilefni til þess að taka frekar afstöðu til samsömunar í skilningi a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 135/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Brunatrygging húseignar

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. júní 2022, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
3. Bréf M, dags. 11 júní 2022.
4. Bréf M, dags. 13. júní 2022.
5. Bréf V, dags. 15. júní 2022.

Málsatvik.

Hinn 14. október 2021 varð alvarlegur eldsvoði í þriggja hæða steinsteyptu fjölbýlishúsi. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Tæknideildar Lögreglunnar gekk greiðlega að slökkva eldinn sem var bundinn við íbúð á annarri hæð. Af gögnum málsins má sjá að reykur og sót hefur borist um húsið, m.a. inn á sameiginlegan stigagang annarrar og þriðju hæðar og inn í íbúð M á þriðju hæð. Sjá má af myndum að sót er á rafmagnstenglum, parketlistum og flísum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur V greitt M bætur vegna þrifa á séreign hans. Þá hefur V boðið M greiðslu bóta vegna þrifa og viðgerða í sameign, þ.e. djúphreinsun og málningarviðgerð, sem greiðast skuli skv. framvindu. Þá liggur fyrir skýrsla byggingarverktaka, dags. 29.3.2022 sem V aflaði vegna tjóns á stigagangi. Í skýrslunni kemur fram að stigagangurinn hafi verið þrifinn þannig að loft og veggir hafi verið djúphreinsaðir. Þá segir í skýrslunni að enga brunalykt sé að finna í stigaganginum, hvorki af veggjum né teppi. Enn fremur segir í skýrslunni að kominn sé tími á að spartla, og mála veggi og skipta út teppi, en það sé af orsökum sem ekki tengjast brunatjóninu. Niðurstaða skýrslunnar er enn fremur á þá leið að eigendur sameignarinnar séu ekki verr settir með stigaganginn eftir bruntjónið en það sé kominn tími á viðhald.

M telur að tjón á fasteigninni, bæði á séreign hans og á sameigninni sé umfangsmeira en fram kemur í tjónamati V. Telur M m.a. að skipta þurfi út raflögnum hússins, þar sem hann telur ekki hægt að tryggja að þær séu öruggar eða í sama ástandi og fyrir bruna. Nefnir M það m.a. í málskoti að borið hafi á að ljós blikki í tíma og ótíma bæði í séreign og sameign. Þá telur M að skipta þurfi um skólplögn milli hæða, þar sem hún hefur þanist út og skemmt út frá sér vegna hita. Enn fremur telur M að skipta þurfi um teppi á sameigninni þar sem ekki dugi að þrífa teppið til að ná úr því óhreinindum og lykt. Þá kvartar M yfir því að bætur vegna sameignar séu bundnar skilyrðum um að viðgerð fari fram. Enn fremur snýr kvörtun M að því að hann hafi ekki fengið fullnægjandi gögn um tjónið frá V. Segir hann félagið t.a.m. hafa neitað að afhenda honum lögregluskýrslu og að félagið hafi borið fyrir sig óljósa tilvísun í lög um persónuvernd. Auk þess gerir M athugasemd við að skýrsla sem V lagði fram um umfang tjónsins er dagsett eftir að félagið sendi honum tjónamat. Tjónamatið byggi því ekki á skýrslunni heldur skoðun starfsmanna V. Enn fremur kemur fram í málskoti M að hann treysti sér ekki til að fara í viðgerðir sjálfur og að hann fari því fram á að verktakar verði fengnir í verkið og V greiði fyrir vinnu þeirra.

V hefur hafnað kröfu M um frekari bætur en sem nemur tjónamati félagsins. Í bréfi V kemur fram að félagið hafi greitt M bætur á séreign hans vegna þrifa. Þá kemur fram að V hafi sent M bótatilboð vegna útistandandi tjóns á eignarhlut M í sameiginlegum stigagangi eignarinnar. V hafi boðið að greiða fyrir málningarviðgerð og þrif á teppi sem falli skv. skilmála á gjalddaga þegar viðgerð hefur farið fram. Vísar V enn fremur til þess að M hafi ekki sýnt fram á að tjónið sé meira en sem nemur framlögðu tjónamati og þeim bótum sem félagið hefur þegar greitt. Sönnunarbyrði um að umfangið sé annað og meira en skv. niðurstöðu V hvíli á M og slík sönnun hafi ekki tekist, enda liggi ekki fyrir nein matsgerð sem styður staðhæfingar M.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M með lögboðna brunatryggingu húseigna í gildi hjá V þegar bruninn varð. Um vátrygginguna gilda skilmálar V um brunatryggingu húseigna. Í 11.1. gr. vátryggingarskilmálans kemur fram að matsmenn á vegum félagsins meti tjón og að félaginu beri að hlutast til um að virðing fari fram svo fljótt sem verða má. Þá segir enn fremur að helstu liðir virðingarinnar skulu sérgreindir. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að M hafi fengið greiðslu vegna þrifa á séreign skv. sundurliðuðu mati félagsins sem sent var í tölvupósti til M þann 17. desember 2021. Þá hefur V sent M mat á umfangi tjóns á sameign, sbr. tölvupóstur félagsins til M þann sama dag. Fram kemur í tölvupóstinum að um sé að ræða bætur vegna málningarviðgerðar og þrifa á teppi.

Hlutverk tryggingafélagsins þegar brunatjón verður er skv. vátryggingarskilmálum félagsins og lögum nr. 48/1994 um lögboðna brunatryggingu húseigna, fyrst og fremst að greiða vátryggðum fjárbætur vegna brunatjóna. Hefur félagið þegar greitt bætur vegna tjóns á séreign M og boðið fram tilteknar bætur vegna sameignarinnar, sem greiðast skuli skv. framvindu viðgerða. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um lögboðnar brunatryggingar húseigna, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 809/200 um lögboðna brunatryggingu húseigna, er vátryggingafélagi skylt að sjá til þess, áður en bætur eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Greiðsluskylda vegna tjóns á sameign stofnast því ekki fyrr en endurbætur, þ.e. þrif og/eða viðgerð í samræmi við tjónamat félagsins hefur farið fram. Gögn málsins bera með sér að búið sé að þrífa sameignina eftir tjónið. Tjónabætur er varða þrif á sameigninni eru því fallnar á gjalddaga. Tjónabætur vegna málningarvinnu eru hins vegar ekki fallnar á gjalddaga, þar sem ekki er búið að mála stigaganginn. Í þessu sambandi skal tekið fram að það er alfarið á ábyrgð eigenda að framkvæma viðgerðir.

Varðandi það hvort M hafi orðið fyrir frekara tjóni en V hafi samþykkt að bæta nú þegar þá hvílir sönnunarbyrðin á M um að sýna fram á það. Ekki liggur fyrir mat á slíku tjóni frá einhverjum sem hefur sérþekkingu til slíks eða nokkur gögn sem benda til þess að lagnir eða annað sem er í séreign, eða eftir atvikum sameign hússins hafi orðið fyrir tjóni. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að V hafi haldið frá M slíkum gögnum. Frekari sönnunargögn en frásögn M af áhrifum bruna í stofu í annarri íbúð en hans eigin eru því nauðsynleg til að staðreyna hvort frekari tjón hafi orðið og verður M að sýna fram á það með gögnum. Verður M skv. meginreglum vátryggingaréttar að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar og á M þar af leiðandi ekki rétt á frekari bótum úr brunatrygginga húseigna hjá V.

Hvað varðar það tjón sem nú þegar hefur verið gert upp og afgreiðslu málsins hjá V almennt þá minnir nefndin á að á félaginu hvílir skylda skv. 12.gr. b í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem kemur fram að vátryggingafélagi beri að sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Í þessu felst að félaginu ber að upplýsa tjónþola um þau gögn sem liggja til grundvallar bótauppgjöri og getur ekki vísað með óskýrum hætti til laga um persónuvernd þegar kemur að því að afhenda grunngögn eins og lögregluskýrslu vegna atburðar sem þessa. Hæglega hefði verið hægt að afmá viðkvæmar persónuupplýsingar úr skýrslunni ef þær höfðu ekki sérstaka þýðingu fyrir réttarstöðu M. Þetta breytir þó ekki þeirri afstöðu nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á frekara tjón af hálfu M, m.v. þau gögn sem liggja nú fyrir nefndinni.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 136/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og. (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 16. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 22. júní 2022.
4. Athugasemdir M við bréf V1, ódagsettar.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu vegna áreksturs sem varð milli bifreiðanna A og B hinn 23. apríl 2022 kemur fram að bifreið A hafi verið að aka inn í stöðureit á bifreiðastæði við verslunina Bónus í Hveragerði þegar bifreið B hafi verið að aka aftur á bak út úr slíkum. Á framhlið tjónstilkynningarinnar kemur fram að bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð og framburður ökumanns bifreiðar B styður það. Ökumaður bifreiðar A segir í yfirlýsingu dags. 23. apríl 2022 að hún geti ekki fullyrt hvort bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Í tölvupósti dags. 3. maí 2022 liggur fyrir lýsing vitnis af atburðum þar sem kemur fram að bifreið B hafi ekki verið kyrrstæð þegar snerting varð, en ökumaður þeirrar bifreiðar hafi stöðvað bifreið sína fyrr en ökumaður bifreiðar A. Í sama framburði vitnis kemur fram að beygja bifreiðar A áleiðis inn í stöðureit hafi verið „..ögn svagari en hún hefði þurft að vera..“ Vitnið lýsir því einnig yfir að hann þekki hvorugan ökumann. Ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi eftir að árekstur átti sér stað.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar A sem hafi ekið á bifreið B sem hafi verið kyrrstæð. M telur vitnisburð vitnis sem hafi ekki gefið sig fram við báða ökumenn eigi ekki að leggja til grundvallar og vísar til þess að ökumaður bifreiðar A hafi sagst hafa blindast af sól og hafi sagt á vettvangi að hún ætti ekki að vera að keyra lengur. V2 tekur undir sjónarmið M.

V1 telur hins vegar að alla sök eigi að leggja á bifreið B þar sem ökumaður hennar (M) hafi verið að aka aftur á bak án nægilegrar aðgæslu þegar árekstur varð og vísar til vitnisburðar vitnis um að bifreið B hafi ekki verið kyrrstæð þegar árekstur varðar.

Álit.

Ágreiningur er um sakarskiptingu vegna áreksturs bifreiðanna A og B á bifreiðastæði við Bónus í Hveragerði. Ljóst er af gögnum málsins, sérstaklega vitnisburði óháðs vitnis, að báðar bifreiðar voru á ferð þegar árekstur varð. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. M sem ökumanni bifreiðar B bar því að gæta sérstaklega að umferð fyrir aftan sig og m.v. að bifreið hans hafi ekki verið kyrrstæð þegar árekstur varð verður að ætla að hann hafi ekki gætt þess nægilega vel. Ber M því meginsök á árekstrinum. Almenn tillitsskylda er þar að auki í 4. gr. umferðarlaganna og hvílir slík skylda á öllum vegfarendum. Lýsing vitnis af akstri ökumanns bifreiða A bendir til þess að slíkrar tillitssemi hafi ekki verið gætt nægilega vel þegar bifreið A var ekið í víðri beygju inn í stöðureit við hlið þess sem bifreið B var ekið út úr á sama tíma. Bendir það til einhvers gáleysis af hálfu ökumanns bifreiðar A. Ber hún því einnig sök á árekstrinum og með hliðsjón af atvikum öllum ber ökumaður bifreiðar B 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B, sem vátryggð er hjá V2, ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar A, sem vátryggð er hjá V1 ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 137/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X) sveitafélags

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag. Munatjón.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi 2. nóvember 2021 misst stjórn á bifreiðinni Y í hálku á gatnamótum Norðurstrandar og Suðurstrandar með þeim afleiðingum að bifreiðin lenti á ljósastaur og skemmdist. Í ljós kom að lögn á vegum bæjarins hafði gefið sig, það frosið og það myndaðist ísing. M telur að tjónið sé að rekja til vanrækslu X á að gæta fyllst öryggis og góðs aðbúnaðar á götum bæjarins. M telur X hafa vitað af óforsvaranlegu ástandi á götunni en vanrækt að setja upp merkingu og vara vegfarendur við bleytu og hálku og því beri X skaðabótaábyrgð á skemmdum á bifreiðinni. X hafi ekki tilkynnt um lekann fyrr en 12. nóvember 2021 á vefsíðu en starfsmönnum X hafi ekki getað dulist ástandið á gatnamótunum þar sem þeir fari þarna um daglega og hafi því átt að vita hvert ástandið var. Gatnamótin séu á ábyrgð X og það beri því skaðabótaábyrgð á slysinu á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar.

Í bréfi V kemur fram að það hafni bótaskyldu þar sem ekki hafi verið um að ræða saknæma háttsemi hjá starfsmönnum X. X hafi ekki vitað um ástandið á gatnamótunum og hafi því ekki getað gert ráðstafanir vegna hálkunnar. Ekki sé um hlutlæga ábyrgð X að ræða heldur beri M sönnunarbyrði fyrir því að sök X sé til staðar og slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreiðinni Y megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Af gögnum málsins er ekki unnt að ráða að X hafi vitað af lekanum og hálkunni við gatnamótin þar sem bifreiðin skemmdist. Gegn neitun X um vitneskju á hálkunni er því ósannað að slysið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 138/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 21. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi, hinn 23. desember 2021, orðið fyrir líkamstjóni er hann féll í hálku. M hafi verið í þvottastöð X, í þeim tilgangi að þvo bifreið sína. Hafi hann þurft að ganga frá sjálfsafgreiðslustæði eða þvottarými þar sem hann hafi lagt bifreið sinni og meðfram húsnæði X inn að greiðslurými. Hafi hann tekið 3-4 skref út úr þvottarýminu er hann féll í hálku við inngang greiðslurýmisins. Var lögregla kölluð á vettvang og skýrsla hennar, dags. 23. desember 2021, er meðal gagna fyrir nefndinni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X þar eð tjón hans verði rakið til óforsvaranlegra hálkuvarna af hálfu X. Vatn hafi safnast saman við inngang þvottarýmisins og frosið þar, en ekki hafi verið til staðar frárennsli eða önnur úrræði til að koma í veg fyrir vatnssöfnun. Hafi starfsfólki X mátt vera kunnugt um þá slysahættu sem þetta skapaði. Þrátt fyrir tíðarfar hafi mátt ráða af aðstæðum á vettvangi er slysið atvikaðist að ekki hafi verið saltað þann dag og engar aðrar ráðstafanir gerðar af hálfu X til að koma í veg fyrir hálkumyndun. Þá hafi ekki verið varað við hálku á vettvangi. Starfsmenn X hafi þó saltað í kjölfar slyssins og þar með sýnt það í verki að aðstæðum hafi verið ábótavant og slysahætta til staðar. Þá vísar M til þess að rík aðgæsluskylda hvíli á fasteignareigendum og rekstraraðilum þegar um þjónustuhúsnæði er að ræða þar sem almenningur venji komur sínar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að ósannað sé að líkamstjón M sé að rekja til saknæms vanbúnaðar eða saknæmra mistaka starfsfólks X. Ekki sé ljóst af gögnum málsins hvar M hafi dottið, en þegar lögregla kom á vettvang hafi hann verið staddur í bifreið sinni við annað fyrirtæki sem deili bílaplani með X. Samkvæmt X sé snjóbræðslukerfi á gólfum þvottastöðvarinnar og hálfan metra allt í kringum hana. Gólfin inni í þvottastöðinni halli inn að miðju þvottarýmanna en þar sé niðurfallsrist. Þá komi starfsmaður X á staðinn þrisvar á dag til að yfirfara tæki og aðstæður. Hafi planið fyrir framan þvottastöðina verið saltað fyrr um daginn á slysdegi og saltkar sé á staðnum. Meðalhitastig á slysdegi hafi verið um frostmark og farið undir frostmark dagana á undan. Í ljósi þess, og þess að slys M hafi átt sér stað í desember, hefði hann mátt gera sér grein fyrir að hálka gæti verið fyrir utan bílaþvottastöð, þar sem vatn og sápa væru notuð. Þess utan sé sérstaklega varað við hálku á vettvangi á þartilgerðum skiltum inni á þvottastöðinni og utan við hana. Samkvæmt framansögðu verði X ekki kennt um umrætt slys.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Engar ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi á slysdegi. Í fyrrnefndri lögregluskýrslu kemur þá ekki fram nákvæmlega hvar M féll en eftir vitni er aðeins haft að það hafi séð M detta mjög harkalega á hliðina en ekki er getið um nánari staðsetningu. Þá segir í skýrslunni að starfsmenn X hafi verið látnir vita af aðstæðum og þeir komið að salta á vettvangi. Verður ekki fallist á það með M að í þeim aðgerðum felist viðurkenning á sök, enda má reikna með að hálka geti myndast á mjög skömmum tíma við þvottastöð við þær veðuraðstæður sem voru á umræddum tíma. Gegn staðhæfingu X hefur þá ekki verið sýnt fram á að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt fyrr um daginn. Þá kemur fram í bréfi V að snjóbræðslukerfi sé til staðar framan við þvottastöðina og ekki hefur verið sýnt fram á annað eða að það kerfi hafi verið ófullnægjandi. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að frárennsliskerfi við þvottastöðina hafi verið ófullnægjandi. Enn fremur liggja fyrir nefndinni ljósmyndir er sýna skilti er vara við hálku, bæði inni í

einstökum þvottarýmum og eins framan við greiðslurými og er ekki sýnt fram á annað en að þau hafi verið til staðar á slysdegi. Hefur þannig samkvæmt öllu framansögðu ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 139/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 5. ágúst 2021 hafi M, við vinnu sína í þágu Y, verið að lesta bifreið sem Y hafði tekið á leigu hjá X. Þegar hann hafi verið að draga búnað út á vörulyftu bifreiðarinnar hafi þakhleri hennar skollið á höfuð hans með þeim afleiðingum að M hlaut líkamstjón. Lögregla var kvödd á vettvang og er skýrsla hennar, dags. 9. ágúst 2021, fyrirliggjandi. Í skýrslunni sé haft eftir vitni að atvikinu að hlerinn hafi skollið niður af afli og á höfuð M. Það sé óumdeilt. Hvergi komi fram að nokkuð hafi verið átt við hlerann heldur virðist hann hafa verið bilaður. Slys M verði rakið til ófullnægjandi ástands bifreiðarinnar og saknæms vanbúnaðar sem X geti eitt borið ábyrgð á. M og Y sem hafi leigt bifreiðina af X hafi hins vegar mátt treysta því að ástand bifreiðarinnar væri fullnægjandi. V hafi, með bréfi dags. 8. apríl 2022, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Í bréfi V komi fram að skipt hafi verið um pumpur á hleranum hinn 1. júlí 2021, en ekki hafi komið fram neinar athugasemdir við ástand hlerans eftir að slys M átti sér stað. M vísar til þess að engin gögn hafi verið lögð fram er styðji þessar fullyrðingar og er þeim mótmælt sem ósönnuðum. Í öllu falli sé ljóst, hafi umrædd viðgerð farið fram, að sú viðgerð hafi verið ófullnægjandi og ástandi bifreiðarinnar ábótavant. Þá tekur M fram að vindur hafi verið litill sem enginn og því sé ljóst að vindhviða hafi ekki valdið því að hlerinn skall niður. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem feli í sér að m.a. bifreiðar sem leigðar eru út til notkunar við atvinnurekstur skuli útbúnar með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og að notkun þeirra leiði ekki af sér slysahættu. Þá vísar M til dómafordæma máli sínu til stuðnings. Slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu og X hafi verið í lófa lagið að láta fara fram rannsókn á hleranum strax eftir slysið. Sé sönnunarskortur uppi í málinu verði X því að bera hallann af honum.

Í bréfi V segir að það sé M að sanna að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi X og slík sönnun hafi ekki tekist. Bifreiðinni hafi verið skilað til X án athugasemda og upplýsingar um slysatjón hafi ekki borist fyrr en með kröfu þremur mánuðum eftir slysdag. Verði sönnunarbyrði því ekki snúið við á grundvelli þess að X hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni, eða tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins, en X sé þess utan ekki vinnuveitandi M. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi hlerapumpurnar verið nýjar og engar athugasemdir hafi borist um ástand þeirra, hvorki frá Y né öðrum. Af ljósmyndum sem fylgi lögregluskýrslu megi þá ráða að hlerinn hafi verið opinn og hafi pumpurnar því þjónað sínu hlutverki. Ekki liggi fyrir af hverju hlerinn hafi skollið aftur en mögulegt sé að hann hafi ekki verið opnaður til fulls og sterk vindhviða hafi skellt honum aftur. Í ljósi umræddra ljósmynda megi einnig velta því upp hvort M hafi rekið sig uppundir hlerann frekar en að hann hafi skollið aftur. Ekki sé óþekkt að hurðir og hlerar skelli aftur án þess að nokkuð sé að búnaði þeirra og hafi að mati V verið um óhappatilvik að ræða. Í öllu falli hafi M ekki tekist að sýna fram á að slys hans verði rakið til vanbúnaðar bifreiðarinnar eða þess að viðhaldi hennar hafi verið ábótavant.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Fyrir liggur að umrætt atvik var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi

síðar en innan sólarhrings. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni eru takmörkuð, hvað varðar heilsutjón M eða tímabil óvinnufærni en í öllu falli verður ekki séð að skylda til að tilkynna um slysið hafi hvílt á X. Þá liggja ekki fyrir nein gögn er sýni fram á að slys M, eða meintur vanbúnaður á bifreiðinni, hafi verið tilkynnt til X fyrr en krafa var gerð í ábyrgðartryggingu þess, dags. 29. október 2021. Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að X hafi vanrækt rannsóknar- eða tilkynningaskyldu vegna slyssins. Það hvílir því á M að sýna fram á að umrædd bifreið hafi verið vanbúin með þeim hætti að skaðabótaskylda vegna tjóns hans hvíli á X. Meðal gagna fyrir nefndinni er reikningur fyrir tveimur gaspumpum, gefinn út 24. júní 2021, og er X tilgreint sem kaupandi. Verða því að teljast líkur til þess að skipt hafi verið um pumpur umrædds hlera hinn 1. júlí 2021, svo sem haldið er fram af hálfu X. Þá verður ekki horft framhjá því að ekkert liggur fyrir um að M eða Y, sem leigutaki, hafi tilkynnt X um ágalla á pumpunum, og gegn staðhæfingu X er ekki sýnt fram á að ástandi hlerans hafi verið ábótavant eftir að slys M átti sér stað. Má jafnframt greina af ljósmyndum sem fylgdu lögregluskýrslu að pumpurnar haldi hleranum uppi, en af þeim að dæma er hann a.m.k. hálfopinn. Er ekki að fullu ljóst hvað olli því að hlerinn skall á höfði M með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón en með hliðsjón af framansögðu og heildstæðri skoðun þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja verður ekki talið sýnt fram á að það hafi verið vegna vanbúnaðar eða þess að viðhaldi var ábótavant.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 141/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. júní 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var við störf hjá X, þann 5. febrúar 2021, þegar hann féll í tröppum í fjölbýlishúsi sem var í byggingu. Leitaði M á bráðamóttöku þann sama dag. Í bráðamóttökuskrá kemur fram að M hafi verið við vinnu þegar hann datt aftur fyrir sig í steintröppum og lenti með lendarhrygg í steinþrepi. Í tilkynningu X til Vinnueftirlits ríkisins (VER), dags. 18. febrúar 2021, er tildrögum slyssins lýst á þá leið að M hafi verið að setja upp milliplötur í stigagang. Hann hafi verið með fullt fang af verkfærum og runnið til í miðjum stigagangi með þeim afleiðingum að hann lenti illa með mjóbakið í þrepunum og runnið niður u.þ.b. sjö þrep. Í tilkynningu M til V, dags. 29. mars 2021, er tildrögum slyssins lýst með þeim hætti að M hafi verið að ganga niður um hæð með fangið fullt af verkfærum þegar hann rann í sleipu þrepi, lenti á mjóbakinu og rann niður. Í málskoti M segir að M hafi verið við vinnu á stigagangi og ætlað að ganga niður af ganginum með verkfæri í hönd. Allt í einu hafi hann runnið á sleipu undirlagi og hvorki náð fótfestu, né handfestu, með þeim afleiðingum að hann féll aftur á bak og rann niður stigann. Kveður málskotsaðili að orsök þess að hann hafi fallið í umrætt sinn hafi verið að eitthvað efni/olía hafi lekið á tröppurnar þar sem málskotsaðili rann til og féll. Einnig hafi tröppurnar verið hálar, m.a. vegna slípaðs yfirborðs og ryks sem safnast hafði á tröppunum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut. Byggir M m.a. á því að aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglur reglugerðar nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Enn fremur vísar M til þess að X, sem atvinnurekandi, beri ábyrgð á öryggi og aðbúnaði á vinnustað málskotsaðila, þ.e. vinnusvæðinu þar sem slysið varð. Enn fremur telur M að X hafi borið að tilkynna slysið til VER án tafar og að þar sem það hafi ekki verið gert beri X hallann af sönnunarskorti um orsök tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Byggir V niðurstöðu sína á því að M hafi fyrst orðið óvinnufær vegna slyssins þegar þrír dagar voru liðnir frá slysinu og að fyrst um sinn hafi ekkert bent til þess að um væri að ræða alvarlegt slys sem myndi valda langvinnu heilsutjóni. Skylda X til að tilkynna vinnuslysið til VER hafi því ekki virkjast fyrr en þann 8. febrúar, þegar M varð fyrst óvinnufær. Telur V að ástæða þess að slysið var ekki rannsakað af VER verði því ekki rakin til þess að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína. Telur félagið að þar af leiðandi beri M sönnunarbyrði um orsök og aðdraganda slyssins. Þá byggir félagið á því að staðhæfingar M um að slysið verði rakið til þess að M hafi runnið til í olíu/hálku verði að teljast ósannaðar. Enn fremur byggir félagið á því að X hafi ekki borið ábyrgð á aðstæðum á vinnusvæðinu, þar sem X hafi verið undirverktaki á vinnusvæðinu og annar verktaki hafi haft umsjón með verkstað.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins slasaðist M við vinnu sína hjá X með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkuð líkamstjón. Slysið var tilkynnt til VER þrettán dögum eftir slysið. Þegar svo langt er um liðið frá tjónsatviki framkvæmir VER ekki úttekt á slysstað. Það fór því engin rannsókn fram af hálfu óvilhallra aðila strax í kjölfar slyssins. Samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi tilkynna án ástæðulausrar tafar um öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Þá segir jafnframt í ákvæðinu að tilkynna skuli til VER innan sólarhrings öll slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni eða þegar starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að X hafi mátt vera ljóst strax eftir slysið að líkur væru á að M hefði orðið fyrir varanlegu líkamstjóni enda verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að M hafi fyrst orðið óvinnufær þremur dögum eftir slysið. Verður því ekki lagt til grundvallar að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til VER skv. 79. gr. l. nr. 46/1980.

Í málinu liggja ekki fyrir sönnunargögn sem sýna fram á að aðstæður á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegar eða með þeim hætti að augljós slysahætta hafi verið af þeim. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. M á því ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 142/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 25. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 21. júní 2022 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 21. júní 2022.

Málsatvik.

Hinn 27. nóvember 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B á hringtorgi við Smáratorg, Kópavogi. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að A og B hafi verið kyrrstæðar samhliða við stöðvunarlínu að hringtorgi sem tengi saman Smátorg, Dalveg og Dalsmára. M hafi ekið A eftir ytri akrein hringtorgsins með ætlaða akstursstefnu inn Dalsmára, þ.e. á öðrum gatnamótum. Hafi hann gefið stefnumerki til vinstri til að upplýsa um fyrirætlan sína. Þegar M hafi verið kominn um tvær bíllengdir inn á hringtorgið hafi hann veitt því athygli að B ók á eftir honum inn á innri akrein hringtorgsins, á svo miklum hraða að henni hafi tekist að aka í veg fyrir A. Þrátt fyrir að M reyndi að sveigja frá hafi því komið til áreksturs með A og B. B lýsir atvikum svo að hún hafi verið að aka út úr hringtorgi, frá innri akrein hringtorgsins, og hafi hún gefið það til kynna með stefnumerki. M hafi hins vegar ekki gefið stefnumerki og hafi ekið A í hliðina á B þegar B hafi verið komin hálf út úr hringtorginu. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem lagði helming sakar á A fyrir að virða ekki forgang umferðar af innri hring hringtorgsins, og helming sakar á B fyrir að aka af innri hring á fyrstu útkeyrslu út af hringtorgi.

M fellir sig ekki við þau málalok og tekur í málskoti fram að B, sem hafi verið kyrrstæð þegar A ók inn í hringtorgið, hafi ekið á miklum hraða fram úr A og í veg fyrir hana. Sé því ljóst að B hafi valdið árekstrinum með glæfralegum framúrakstri og beri ákomur á bifreiðunum þess jafnframt merki. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M þessa afstöðu og vísar til þess að um framúrakstur í hringtorgi, sem sé óheimill samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019, hafi verið að ræða. M hafi lagt sig fram um að forða árekstri en vegna glæfraaksturs B hafi það ekki verið möguleiki.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að rétt sé að skipta sök til helminga. Vísar félagið til þess að hvorugur ökumanna hafi fylgt áskilnaði 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga en þar segi annars vegar að ökumaður skuli velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorgi á fyrstu gatnamótum, og hins vegar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Álit.

Í 2. málslið 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslið sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu. Þar sem B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hún ók inn í hringtorgið bar henni að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. málsliðar 6. mgr. 19. gr. Óumdeilt virðist hins vegar að hún ók á innri akrein. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, að Dalvegi, sbr. 3. málslið sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að M hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Hvað varðar meintan glæfraakstur B og óheimilan framúrakstur hennar, sem leiða eigi til ríkari sakar hennar, þá verður ekki séð að nein gögn liggi fyrir er sýni fram á slíkt.

Með því að ökumaður B valdi ekki rétta akrein um hringtorgið miðað við fyrirhugaða akstursleið og ökumaður A virti ekki forgang B út úr hringtorginu teljast því báðir ökumenn eiga sök á árekstrinum og verður ekki séð að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, skal sök skipt þannig að hvor ökumanna ber helming sakar.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 143/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig í málskoti að ekkert rafmagn hafi verið í húsnæði M þegar starfsfólk mætti til vinnu 14. mars sl. og hafi brunakerfi hússins verið dæmt ónýtt vegna straumrofs sem og hafi sjálfvirk hurðaopnun hætt að virka og hitakerfi. Af gögnum málsins má ætla að rafmagnsleysið sé hægt að rekja til þess að vatn hafi komist inn á heimtaugarstrengi í jörð við húsnæði M. Þeir heimtaugarstrengir eru í eigu X.

Rökstuðningur í málskoti af hálfu M bendir ekki til annars en að M telji X bera ábyrgð á tjóni sem hafi orðið vegna rafmagnsleysis og vísar því á bug að girðingarstaurar sem settir hafi verið niður af hálfu M 8-9 árum áður hafi leitt til tjónsins.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að tjón M á brunakerfi verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna X. Við skoðun X á vettvangi hafi komið fram að vatn hafi komist inn á heimtaugarstrengi en kápa utan um strengina hafi verið götuð vegna girðingarstaura, sem settir hafi verið niður af M. V bendir á að M hafi ekki fengið upplýsingar frá X áður en girðing var sett niður og hafi starfsmenn X ekki vitað af skemmdum á kápu utan um strengina. V bendir einnig á að úrkoma hafi sjaldan mælst meiri en árið 2022 og því sé ekki óeðlilegt að tjón komi ekki fram fyrr en nú þó girðingarstaurarnir hafi verið settir niður nokkru fyrr.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaábyrgð X vegna tjóns á brunakerfi í húsnæði M, en af gögnum málsins má ætla að það hafi skemmst vegna rafmagnsleysis sem leiddi af því að strengur í eigu X hætti að virka þar sem vatn komst að honum. Til þess að skaðabótaábyrgð X geti fyrir fyrir hendi verður að sýna með óyggjandi hætti fram á mögulega saknæma háttsemi starfsmanna X eða önnur atvik eða aðstæður sem X ber ábyrgð á þar sem ekki er kveðið á um hlutlæga bótaábyrgð X í lögum. Í gögnum málsins liggur ekkert fyrir um að starfsmenn X hafi vitað að hætta væri á því að vatn kæmist að heimtaugarstrengjum eða að viðhald hafi með einhverjum hætti verið vanrækt. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 144/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X): Sveitarfélag

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 22. ágúst 2020 hafi M, þá sjö ára gömul, verið að hjóla eftir nýlögðum göngustíg í sveitarfélaginu X. Hún hafi farið út fyrir stíginn og ætlað upp á hann aftur þegar hún hafi hjólað á kantinn og steypst fram fyrir sig. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að göngustígurinn hafi verið nýlega malbikaður og verið 4 sentimetra brún á hvorri hlið hans. Er þar haft eftir móður M að M hafi verið, ásamt tveimur öðrum börnum, að hjóla eftir stígnum en farið út af stígnum og yfir á malarplan sem liggi meðfram honum, í þeim tilgangi að taka framúr hinum börnunum. Þegar M hafi ætlað aftur inn á göngustíginn hafi hún hjólað á kant hans með framangreindum afleiðingum. M handleggsbrotnaði við fallið. Í málskoti er þess krafist að úrskurðað verði um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem slysið megi rekja til saknæms vanbúnaðar umrædds göngustígs. Hafi frágangur göngustígsins, en ekki hafi verið varað við brúnum hans, falið í sér óvarða slysagildru, en um sé að ræða göngustíg í íbúðarhverfi sem m.a. börn og aldraðir eiga leið um. Er þá vísað til nánar tilgreindra ákvæða vegalaga nr. 80/2007, þar sem m.a. komi fram að veghaldari, þ.e. X, skuli gæta að umferðaröryggi og því að umferð eigi greiða og góða leið um vegi og að vegum skuli haldið við með eðlilegum hætti. Með því að malbika stíginn með þessum hætti, þ.e. þannig að upphækkun hans hafi verið 4 sentimetrar, hafi X brotið gegn framangreindum áskilnaði og vanrækt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að varna slysum. Þær skýringar X og V sem fram hafi komið í höfnunarbréfi V dags. 30. nóvember 2021, um að gengið hafi verið frá stígnum með venjubundnum hætti séu þá ósannaðar. Sé hætta á annað borð fyrir hendi beri veghaldara að tryggja umferðaröryggi. Beri X því fulla skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir við að reyna að hjóla upp á göngustíginn.

Í bréfi V er lýst þeirri afstöðu að slys M megi rekja til óhapps eða aðgæsluleysis en ekki atriða sem X beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Samkvæmt upplýsingum frá X séu brúnir á stígum og stéttum almennt um 5-15 sentimetra frá götu/undirlagi. Hæð umrædds stígs hafi verið 5 sentimetrar, sem sé þykktin á malbikinu. Til samanburðar séu gangstéttir og gangstéttarkantar almennt 15 sentimetrum ofar en gata. Mishæðir sem þessar séu því víða. Unnt sé að þökuleggja meðfram stígum en það sé ekki algild framkvæmd. Ekki sé sýnt fram á að um brot gegn lögum nr. 80/2007 hafi verið að ræða né brot á öðrum lögum eða reglugerðum við lagningu og frágang stígsins. Umrædd kantbrún hafi ekki verið hættuleg eða falið í sér frekari hindrun en almennt megi gera ráð fyrir.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því. Af framansögðu byggir M á því að brún göngustígsins hafi verið of há. Af framlögðum ljósmyndum af göngustígnum á slysdegi má ráða að brún stígsins, þ.e. mishæðin milli hans og aðlægs malarplans sem M hjólaði út á, hafi verið vel greinileg. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að frágangur stígsins, hvað verðar hæð kantsins eða aðra þætti, hafi verið í andstöðu við lög eða reglur, eða að það sé í sjálfu sér óeðlilegur frágangur að hæðarmismunur sé milli göngustígs og umhverfis hans. Er þá ekki fallist á að sýnt sé að X, sem veghaldari, hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt vegalögum. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt og að um óhappatilvik hafi verið að ræða þegar M hjólaði á kant stígsins með þeim afleiðingum að hún hlaut líkamstjón.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X, sveitarfélags hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 145/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X) sveitafélag

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. júní 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að í hádeginu 26. febrúar 2022 hafi bifreiðinni (A) verið ekið ofan í holu sem myndaðist við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Við það skemmdust tvö framdekk bifreiðarinnar. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að starfsmenn X hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Starfsmennirnir höfðu fengið vitneskju um holuna skömmu áður og brugðist skjótt við með því að setja upp varúðarskilti og í framhaldinu sett viðgerðarmalbik í holurnar sem höfðu myndast í malbikinu. Eðlilegt sé að tækifæri sé gefið til þess að athafna sig og bregðast við slíkum ábendingum og að aðvaranir og viðgerðir hafi farið fram innan eðlilegs viðbragðstíma. Vísar V til 43. gr. vegalaga þar sem fram kemur í 2. mgr. að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram. V vísar til þess að í gögnum málsins hafi ekki komið fram nein sönnunargögn frá M um að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að vita af holunni en láta undir höfuð liggja að gera við eða merkja hinn hættulega stað.

Í gögnum málsins eru afrit af tveimur tölvupóstum starfsmana V til M, en ekki er afrit af frekari samskiptum M við starfsmenn X eða V, eða afrit samskipta milli starfsmanna X og V.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki brugðist nægjanlega hratt við er þeir fengu vitneskju um holu við Reykjavíkurveg með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreið M. Í 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 er kveðið á um viðhald vega og hvernig bregðast skuli við vegskemmdum. Segir í lagagreininni að veghaldari beri ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þar segir einnig að veghaldari skuli svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Óumdeilt er að starfsmenn X vissu af holunni og heldur V því fram að þeir hafi brugðist við innan eðlilegs viðbragðstíma. Engin gögn eru hins vegar því til stuðnings lögð fyrir nefndina af hálfu X eða V og því liggur ekki fyrir hvenær starfsmenn X fengu vitneskju um holuna í veginum og þar með hversu langan tíma þeir höfðu til að bregðast við aðstæðum. Að mati nefndarinnar stendur það X og þar með V nær að leggja slík gögn fram í málinu. Eins og mál þetta liggur fyrir verður X að bera hallan af sönnunarskorti á því að starfsmenn sveitarfélagsins hafi brugðist við svo fljótt sem við því varð komið eftir að þeir fengu vitneskju um holuna. Engin efni eru til að telja eigin sök sé til staðar hjá M. M á því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 146/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingarskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M átti pantaða ferð til Dubai dagana 18. febrúar – 5. mars 2022 með millilendingu í Kaupmannahöfn. M fór í Covid próf daginn fyrir brottför en niðurstaða þess prófs kom ekki fyrr en seint að kvöldi 18. febrúar er M var kominn til Kaupmannahafnar. Nauðsynlegt var að leggja fram neikvætt Covid próf til þess að fá inngöngu inn í Dubai og því varð ekkert af fyrirhuguðu flugi frá Kaupmannahöfn til Dubai þar sem M þurfti að vera i einangrun í Kaupmannahöfn í 4 daga. M fer fram á endurgreiðslu úr kreditkortatryggingu sinni vegna ferðarinnar á þeim grundvelli að veikindin hafi verið til staðar er ferðin hófst þ.e. að miða skuli veikindadag við þann dag sem Covid prófið var tekið en ekki þann dag sem niðurstaðan barst.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðarinnar. Vísar V til þess að í grein 6.1.9 í vátryggingarskilmála kortatryggingarinnar komi fram að skilyrði greiðslu vegna forfalla sé að forföllin verði fram að brottför frá heimili vátryggðs. M hafi hafið ferð sína er hann hélt af stað til Kaupmannahafnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Dubai með millilendingu í Kaupmannahöfn dagana 18. febrúar – 5. mars 2022. Samkvæmt grein 6.1 í vátryggingarskilmálum kortatryggingarinnar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 400.000 vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar, ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð af ástæðum sem taldar eru upp í greinum 6.1.1 – 6.1.9. Miðað við fyrirliggjandi gögn liggur ekki annað fyrir en að M hafi verið farinn frá heimili sínu í umrædda ferð áður en til forfalla kom þ.e. ferðalagið hafi verið hafið er í ljós kemur að hann var smitaður af Covid og á M því ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V sbr. ákvæði í grein 6.1.9 í vátryggingarskilmálum kortatryggingarinnar þar sem fram kemur að bætur eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili vátryggðs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 147/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 27. maí 2022.
3. Bréf V2, dags. 21. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M, sem eigandi bifreiðar A, tilkynnti um tjón á bifreið sinni sem hann telur hafa orðið með árekstri við bifreið B hinn 29. mars 2022 á bílastæði við Bónus á Smáratorgi. Bifreið B er vátryggð hjá V2 og bifreið A er vátryggð hjá V1. Í tölvupósti frá V2 til V1, dags. 19. apríl 2022, er haft eftir ökumanni bifrreiða B að hún lýsi atvikum þannig að ekki hafi orðið árekstur með bifreiðunum í greint sinn. Í skýrslu frá fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi (A&Ö) dags. 3. maí 2022 kemur fram að starfsmaður fyrirtækisins, að ósk V1, bar saman bifreiðar A og B m.t.t. mögulegra ákoma á bifreiðunum. Mat starfsmannsins eftir skoðun á báðum bifreiðum og framburði ökumanna að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreið A og ekki hægt að finna áberandi ákomu í sömu hæð og M benti á á sinni bifreið og bifreið B.

M vísar til mynda af bifreið sinni þar sem hann telur vera augljósa ákomu í rauðum lit á sinni bifreið (A) og sé það í samræmi við lit á bifreið B. M vísar á bug ályktunum í skýrslu A&Ö og áréttar að hann hafi horft á þegar ökumaður bifreiðar B ók á bifreið A.

V1 telur að ákoma á bifreið A sjáist á myndum og komi það einnig fram á myndum frá verkstæði sem M fór á með bifreiðina. V1 telur ákomustað í „..48-45/55 cm hæð..“ stemma við ákomur á hægra framhorni bifreiðar B. Einnig telur V1 að ekki verði byggt á framburði sem hafður sé eftir ökumanni bifreiðar B í tölvupósti frá V2 dags. 19. apríl 2022.

V2 telur ósannað að ökumaður bifreiðar B hafi valdið tjóni á bifreið M og vísar til ályktunar í skýrslu A&Ö, dags. 3. maí 2022. Einnig áréttar V2 að engin áberandi ákoma sé á bifreið B í sömu hæð og M hafi bent á að ákomustaður á sinni bifreið hafi verið og að gömul ákoma á bifreið B sé 24 sm breið en meint ákoma á bifreið A hafi einungis verið 6 sm breið.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort sannað sé að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B og hvort tjón hafi orðið á bifreið A sem rekja megi til hans. Lýsingum ökumanna af atburðarás ber ekki saman, engin vitni eru af árekstrinum og skv. mati sérstaks skoðunarmanns frá fyrirtækinu A&Ö telur hann ekki sannað að tjón hafi orðið á bifreið A sem rekja megi til áreksturs við bifreið B.

Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Í þessu máli er verulegur vafi um hvort árekstur hafi orðið með bifreiðunum auk þess sem sönnunargögn benda eindregið til þess að ekki megi rekja mögulegt tjón á bifreið A til áreksturs við bifreið B. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður sá að bera sem hefur sönnunarbyrðina, þ.e. M sem eigandi bifreiðar A og á hann því ekki rétt á bótum frá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 148/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 1. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 16. júlí 2019 er hann vann í stiga við að leggja ljósleiðara í loft húsnæðis. M var staddur í um þriggja metra hæð er stiginn rann undan honum með þeim afleiðingum að hann féll niður og slasaðist.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs A hjá V. Vísar M til þess að þrátt fyrir alvarleika slyssins hafi X ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið fyrr en rúmum tíu mánuðum eftir að slysið átti sér stað og hafi því engin rannsókn farið fram á tildrögum þess eða aðstæðum á slysstað. Vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda. Að mati M hentaði stiginn ekki til verksins en hann þurfti að vinna í óstöðugri tröppu í töluverðri fjarlægð frá loftinu sem hann var að vinna í og náði því ekki tryggri handfestu með þeim afleiðingum að stiginn rann undan honum. Vísar M til frásagnar vinnufélaga M sem varð vitni að slysinu. M telur að X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglugerðum settum með stoð í lögunum og þá einkum reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir í húsnæðinu og fullnægjandi vinnutæki. Telur M ljóst að slysið megi rekja til saknæms aðbúnaðar og háttsemi X og sé því bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ekki sé sýnt að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi. V vísar til þess að M hafi lýst atvikum með margvíslegum hætti og að í upphaflegri atvikalýsingu við komu á slysadeild og í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands komi fram að M hafi dottið úr stiganum og niður á gólf. Með vísan til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2006 sé það upphafleg lýsing á atvikum sem gildir. Þannig verði ekki lagt til grundvallar að stiginn hafi runnið undan M. Það hafi verið mat verkstjóra að verkpallur hafi hefði ekki hentað til verksins en í sambærilegum verkum hafi verið notaður stigi. V mótmælir því að eitthvað hafi verið athugavert við stigann enda hafi sami stigi verið notaður til að ljúka verkinu. Telur V að X hafi ekki brotið gegn tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits enda hafi ekkert bent til þess að um alvarlegt slys væri að ræða þar sem M gekk út í bíl til að fara á slysadeild þar sem hann var brotinn á ökkla, heldur greindur með mar og ofreynslu á ökkla.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X þannig að hann hlaut tognun og ofreynslu á ökkla. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins og upplýst er að enginn frá stofnuninni kom á slysstað til úttektar. Í ljósi þess að M varð óvinnufær strax eftir slysið og var það í a.m.k. fjóra mánuði, verður ekki annað séð en að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Með tilliti til dómaframkvæmdar verður því að leggja frásögn M af málsatvikum til grundvallar. Engin formleg skýrsla liggur fyrir um málsatvik frá M sjálfum en af gögnum málsins og framburði vitnis verður ekki annað ráðið en að stiginn hafi ásamt M fallið til jarðar. Vitnið lýsir atvikum með þeim hætti að M hafi verið að teygja sig upp í kerfisloft við erfiðar aðstæður því eldhúsinnrétting sé fyrir og M hafi þannig þurft að teygja sig yfir hana og við það hafi jafnvægið á stiganum farið með þeim afleiðingum að stiginn féll og M með. Samkvæmt V hafi verkstjóri metið aðstæður þannig að verkpallur hefði ekki hentað til

verksins og að ekkert hafi verið athugavert við stigann enda var hann notaður til þess að klára verkið. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu eða sé hæfilega lagað að verkinu, þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hætta búin. Í II. viðauka við fyrrgreinda reglugerð segir í grein 4.1.1. að velja skuli þau tæki sem best tryggja öruggar starfsaðstæður. Í grein 4.2. er að finna sérákvæði varðandi notkun stiga. Þar segir í grein 4.2.3. að stigar skuli notaðir þannig að starfsmenn geti jafnan verið stöðugir og haft trygga handfestu. Einkum er nauðsynlegt að starfsmaður hafi trygga handfestu í stiga ef hann þarf að halda á einhverju. Að teknu tilliti til frásagnar vitnis af vinnuaðstæðum verður að líta svo á að M hafi verið falið að vinna verkið í umræddum stiga þrátt fyrir erfiðar vinnustæður þar sem M þurfti að teygja sig upp og yfir eldhúsinnréttingu sem var fyrir honum til að vinna verkið. Verður því litið svo á að X hafi, samkvæmt framansögðu, vanrækt þær skyldur sem lagðar eru á það með ákvæðum laga nr. 46/1980 um að gæta skuli fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað, sbr. og ákvæði varðandi notkun stiga í 4.2. gr. II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja sem sett er á grundvelli laganna. Samkvæmt öllu framansögðu verður að telja að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Á M því óskoraðan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 149/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. júní 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. maí 2018 hafi M, við vinnu sína í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var í snjósleðaferð á vegum M á Geldingafelli við Kjöl í vondu veðri og lélegu skyggni. Hafi hann farið af sínum sleða til að aðstoða viðskiptavin sem hafi verið fastur þegar hann rann í gegnum snjóbrú sem lá yfir sprungu. Hafi hann náð að grípa einhverja handfestu og koma sér upp úr sprunginni en hafi við það farið úr axlarlið og hlotið varanlegt líkamstjón en varanleg læknisfræðileg örorka M vegna þessa atviks hafi verið metin til átta stiga. Gerir M kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þessa. Byggir M á því að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna en orsök þess megi rekja til þeirrar ákvörðunar X að halda í umrædda ferð þrátt fyrir slæmar veðuraðstæður og spá um verra veður en öryggisreglur X kvæðu á um. M hafi verið einn þriggja starfsmanna í umræddri ferð en enginn yfirmaður sem hafi haft heimild til að aflýsa ferðinni hafi verið á svæðinu. Á svæðinu hafi verið mikið rok með tilheyrandi snjófoki, skyggni um 5-10 metrar og djúpur nýfallinn snjór á svæðinu. Veður hafi verið slíkt að ekki hafi verið fært fyrir sjúkrabifreið á grunnbúðir við svæðið í kjölfar slyssins heldur hafi þurft að aka M niður að Gullfossi á breyttri jeppabifreið. Þá hafi fyrirhuguðum ferðum síðar sama dag verið aflýst. Hefðu veðuraðstæður verið betri hefði ekki komið til slyssins þar sem M hefði þá séð hvar óhætt væri að stíga niður án slysahættu. Í ljósi þessa hefði verið nauðsynlegt að einhver væri á staðnum sem hefði heimild til að aflýsa ferðinni og gæti byggt þá afstöðu á aðstæðum á svæðinu á rauntíma en ekki aðeins með hliðsjón af veðurspám. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem leggi þær skyldur á atvinnurekanda að tryggja starfsfólki eins öruggt starfsumhverfi og hægt er og veita því nauðsynlega kennslu og þjálfun í að rækja starf sitt með þeim hætti að ekki stafi hætta af. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 29. maí 2018 og því hafi tilkynning ekki verið til samræmis við 79. gr. laganna. Hafi því engin rannsókn á orsökum þess farið fram og verði X að bera hallann af upplýsingaskorti sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess er tekið fram að um Geldingafell sé fjall en ekki jökull og því hæpið að M hafi fallið í sprungu. X hafi þá fengið þær upplýsingar um slysið að M hafi ætlað að hoppa yfir læk en ekki náð yfir hann. Við skoðun á veðurspám sé helst stuðst við veðurstöðina við Gullfoss en skráning þaðan sýni að meðalvindhraði meðan ferðin stóð yfir hafi verið um 9,2 metrar á sekúndu. Textaspá fyrir miðhálendið að morgni 4. maí 2018 hafi verið suðvestan 13-20 og él og frost 0 til 5 stig en þurrt norðan Vatnajökuls og frostlaust að deginum. Verklagsreglur í öryggisáætlun X geri þá ráð fyrir því að jeppabílstjóri og fremsti sleðaleiðsögumaður skoði veðurspár fyrir ferðir, og taki aftur stöðu á veðri þegar komið er á staðinn. Þá sé sérstök vakt á vegum X sem starfsmenn geti haft samband við lítist þeim ekki á veður eða aksturskilyrði enda séu þeir þá í betri aðstöðu til mats á því. Í slíkum tilvikum sé ferðum aflýst. Engin slík beiðni hafi borist umrætt sinn. Með hliðsjón af framangreindu hafi það hvorki falið í sér gáleysi né brot á öryggisreglum að umræddri ferð hafi ekki verið aflýst. Þá er því sérstaklega mótmælt að enginn yfirmaður hafi verið á svæðinu, en samkvæmt upplýsingum frá X hafi næsti yfirmaður M verið á staðnum. Þess utan komi hvergi fram að orsök þess að M féll í gegnum snjóinn hafi verið slæmt veður eða skyggni, og sé nærtækara að telja orsökina einfaldlega þá að snjóhengja gaf sig undan honum. Verði X ekki gert að bera ábyrgð á slíku óhappi og jafnvel þó frásögn M sé lögð til grundvallar séu engin orsakatengsl milli veðurfars og slyssins.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að M hafi slasast við að hoppa yfir læk enda séu engin gögn sem styðji þá lýsingu. Þá er vísað til yfirlýsingar Y, sem hafi verið starfsmaður í sömu ferð og vitni að umræddu slysi, en þar segir að eftir að hafa aðstoðað viðskiptavininn hafi M gengið yfir snjóbrú eða hengju sem ekki hafi verið sýnileg og fallið í gegnum hana. Þá liggi fyrir að á þessum tíma hafi ekki verið fyllt út „daily report“ og verði því allur vafi um atvik að falla X, enda standi það vinnuneytanda nær að sjá um skráningu vegna slysa á starfsmönnum. Þá vísi V til þess að vindur samkvæmt textaspá hafi verið 13 til 20 metrar á sekúndu sem teljist allhvass vindur og upp í hvassviðri samkvæmt Beaufort-kvarða. Samræmist það einnig frásögn Y sem segi veður hafa verið vont, mikinn vind og lítið skyggni. Hafi M því ekki getað gert sér grein fyrir aðstæðum og því ekki séð snjóhengjuna sem olli slysi hans. Þá staðfesti Y þá frásögn M að enginn yfirmaður verið á svæðinu.

Álit.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ágreiningur sé um að M hafi slasast við það að falla niður um snjóhengju í kjölfar þess að hann aðstoðaði farþega sem sat fastur, þó aðila greini á um hvort snjóhengjan hafi verið við læk, holu eða sprungu. Verður því að telja að ekki sé uppi ágreiningur um málsatvik að slysinu sem slík heldur um skilyrði skaðabótaábyrgðar X, og hefur hugsanleg vanræksla X á því að tilkynna réttilega um atvikið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ekki áhrif á sönnunarstöðu hvað það varðar.

M byggir á því að hann hefði áttað sig betur á aðstæðum á svæðinu hefði veður verið betra og að X hafi, við þær veðuraðstæður sem uppi voru, borið að aflýsa umræddri ferð. Því séu orsakatengsl milli meintrar vanrækslu X og slyss hans sem X beri ábyrgð á. Ágreiningur aðila hverfist því aðallega um það hvort X hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með því að aflýsa ekki umræddri ferð. Af gögnum málsins má ráða að slys M hafi átt sér stað um kl. 13:00 en að veður hafi farið versnandi eftir því sem leið á daginn. Liggur ekki fyrir að veðurspá vegna þess tíma sem ferðinni var ætlað að standa hafi verið með þeim hætti að það verði metið X til sakar að hafa ekki aflýst henni áður en haldið var af stað í grunnbúðir. Samkvæmt fyrirliggjandi öryggisáætlun vegna sleðaferða skal þá fremsti sleðaleiðsögumaður í slíkum ferðum skoða veðurspá. Þá hefur því í sjálfu sér ekki verið mótmælt að starfsfólk á vettvangi hafi getað, væru aðstæður með þeim hætti að þess teldist þörf, haft samband við sérstaka vakt á vegum X með beiðni um að ferð væri aflýst, jafnvel þó enginn starfsmaður á vettvangi hafi haft sjálfstæða heimild til slíkrar aflýsingar. Verður samkvæmt framansögðu að miða við að starfsmenn á vettvangi hafi metið það svo að óhætt væri að fara í umrædda ferð og er ekki sýnt fram á að það mat hafi ekki verið forsvaranlegt. Er því ekki talið sýnt fram á að það að aflýsa ekki umræddri ferð hafi falið í sér gáleysi af hálfu X eða brot á öryggisreglum þess svo sem haldið er fram.

Þess utan liggur raunar ekki fyrir að orsakatengsl hafi verið milli þeirra veðuraðstæðna sem M segir hafa verið á vettvangi á tjónsdegi og slyssins, en ætla má að snjóhengjur geti alltaf verið varhugaverðar og að þeirra megi vænta á svæði þar sem ferðast er á snjósleðum, sér í lagi á tímum sem hitastig er nálægt eða yfir frostmarki. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að um óhapp hafi verið að ræða sem verði ekki rakið til atvika sem X beri skaðabótaskyldu vegna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 150/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 12. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 19. mars 2021 hafi komið upp leki í íbúð í nýbyggingu í Kópavogi. Verið var að þrífa íbúðina þegar vatn tók að leka inn á baðherbergisgólf og fram á gang íbúðarinnar. Haft var samband við pípulagningarmeistara hússins sem kom á vettvang og opnaði vegg þar sem hann taldi lekann koma þaðan en eftir skoðun taldi hann lekann koma frá niðurfalli í gólfi þvottahúss íbúðarinnar. Að hans sögn hafði efri stykki vatnslássins verið dregið of langt upp við flísalögn og þannig farið úr sambandi við niðurfallið sjálft. Þannig hafði vatn komist á milli þegar vatni var hellt í vaskinn. Setti hann framlengingu á efra stykki niðurfallsins til að koma í veg fyrir frekara tjón. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu múrarameistarans A sem tryggður er í gegnum fyrirtækið X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 1. september 2021.

M rekur tjón á íbúðinni til sakar múrarameistarans A og vísar til tölvupósts frá A til V þar sem fram kemur að krans (toppur) á niðurfalli hafi hrokkið úr tengingu þegar flísalögn var í vinnslu hjá X. Telur M að með þessu hafi A viðurkennt mistök við flísalögn sem olli tjóni á þeirri íbúð sem um ræðir.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli í fyrsta lagi að M hafi ekki verið eigandi íbúðarinnar þegar tjónið átti sér stað. Í öðru lagi þar sem engin gögn eða matsgerð liggi fyrir sem sýni fram á að tjónið verði rakið til leka frá niðurfallinu og í þriðja lagi þar sem ekkert í gögnum málsins sýni fram á að starfsmenn X hafi gert mistök eða sýnt af sér saknæma háttsemi við vinnu sína í kringum niðurfallið. Að lokum bendir V á 40. gr. almennra skilmála félagsins þar sem fram kemur að viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindi aðeins hann en ekki félagið.

Álit.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Ber M því sönnunarbyrði fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, eða starfsmanna þess, eða annarra aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Af gögnum málsins verður ráðið að M seldi umrædda íbúð til B með kaupsamningi dags. 8. febrúar 2021, rúmum mánuði fyrir tjón það sem hér um ræðir. Var M þó enn þinglýstur eigandi íbúðarinnar samkvæmt afsali og verður að mati nefndarinnar ekki loku fyrir það skotið að sem seljandi og afsalshafi íbúðarinnar hafi M orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna lekans. Verður þar að leiðandi ekki fallist á frávísun vegna aðildarskorts. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að M hafi fyrst tilkynnt tjónið í ábyrgðartryggingu pípulagningarmeistara hússins en síðar hafi verið fallið frá þeirri kröfu og þess í stað gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V á þeim grundvelli að pípulagningarmeistarinn sem kom á vettvang þegar lekans varð vart taldi að tjónið mætti rekja til mistaka múrarameistarans A. Af samskiptum V við A verður ekki annað ráðið en að A hafi ekki komið á vettvang er tjónið varð og byggði hann afstöðu sína eingöngu á upplýsingum frá M en ekki eigin skoðun á vettvangi. Ekki er því fallist á það að A hafi með orðalagi sínu viðurkennt að hafa valdið því tjóni sem hér um ræðir. Af hálfu M hefur ekki verið lögð fram álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila né önnur gögn sem sýna fram á það með ótvíræðum hætti að múrarameistarinn A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiddi til þess tjóns sem hér um ræðir þ.e. skemmdir á baðherbergi og á parketi fyrir framan baðherbergi og þvottahús íbúðarinnar. Einnig hafa engin gögn verið lögð fram sem sýna fram á að fyrrgreint tjón megi rekja til niðurfallsins í þvottahúsi íbúðarinnar, þvert á móti kemur fram í ástandsskoðun sem M aflaði og er meðal gagna málsins, að upp hafi komið leki innan veggjar/lagnastamma á milli baðherbergis og þvottahúss sem hafi ollið tjóninu. Með vísan til ofangreinds verður M að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Með vísan til ofangreinds á M því ekki

rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 151/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að rétt um klukkan 17.30 þann 21. mars 2022 hafi bifreiðinni (A) verið ekið ofan í holu á Höfðabakka við Árbæjarsafn. Við það skemmdist dekk og felga bifreiðarinnar. M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjón á bifreið M verði ekki rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi starfsmanna X. Starfsmenn X hafi reynt að fylgjast með svæðinu eftir fremsta megni og gert við holur jafn óðum og þær mynduðust en nokkrir viðkvæmir kaflar hafi verið á veginum sem ollu tjóni um miðjan desember og svo í lok febrúar og byrjun mars 2022. Eftir fyrstu helgina í mars hafi virst sem viðgerðir hafi dugað til en þó hafi verið sett upp viðvörunarskilti þann 10. mars 2022 til að draga enn frekar úr hættu á tjónum.

M telur að tjónið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X. Holan hafi verið illa merkt og telur M vafa leika á því hvort skiltið hafi í raun verið til staðar er tjónið varð. Erfitt hafi verið að sjá ómerkta holu í snjókomu.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn um að viðhaldi og/eða merkingu vegar hafi verið ábótavant. Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um að önnur tjón hafi orðið á sama vegarkafla á sama tíma né að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast strax við með viðgerð. Fyrir liggur að viðvörunarmerki var sett upp við veginn 11 dögum fyrir tjónið og holan var lagfærð strax í kjölfar þess. Með vísan til til þess verður talið að M verði að bera hallan af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 152/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Opinbert hlutafélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig í málskoti að tjón hafi orðið á öðru inntaksröri af tveimur sem þjóni þeim tilgangi að dæla ferskvatni úr Þverá í Vatnsfirði á Barðaströnd í dælubrunn sem síðan er dælt til fiskeldis sem M rekur. Um hafi verið að ræða varainntaksrör sem staðsett sé út frá húsbyggingu sem hýsir dælubrunninn, en aðalinntak sé staðsett nokkru fyrir ofan húsbygginguna. M lýsir aðstæðum þannig að rör við varainntakið hafi verið 12 metrar á lengd frá dælubrunni og „..staðsett 50 cm undir vatnsyfirborði, grafin niður í árbotninn í rás sem varnaði því að rörið lyftist upp fyrir vatnsyfirborðið en jafnframt var rörir hulið steypuröri grjóti og möl í þeim sama tilgangi.“ M leggur einnig fram ljósmyndir af aðstæðum. M telur að aðilar á vegum X hafi plægt og fleygað í gegnum Þverána á tímabilinu 4.-6. september 2018 þannig að varainntaksrörið hafi farið í tvennt, losnað úr fyrrnefndri rás og og flotið upp á yfirborð árinnar. Afleiðingar þessa hafi síðan verið þær að dælur, brunnar og ker fiskeldis hafi fyllst af drullu og leir sem og hafi starfsmenn á vegum X tekið í sundur rafmagnsstreng sem liggi um jörð M þannig að samband við fiskeldi hennar rofnaði. M lýsir því að sambýlismaður hennar hafi orðið var við framkvæmdir á vegum X hinn 6. september 2018 og spurst fyrir um hvað þeir væru að gera. Hinn 10. september 2018 hafi sá hinn sami sent erindi á skipulagsyfirvöld í Vesturbyggð vegna framkvæmdanna og þá komið í ljós að ekki lægi fyrir leyfi fyrir lagningu strengs á þessu svæði.

M telur að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að hefja framkvæmdir og gröft með vinnuvélum í Þverá án leyfis skipulagsyfirvalda og vísar um það til 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem komið fram að afla skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda. M vísar einnig til ýmissa ákvæði í reglugerða um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þar sem komi fram það markmið að tryggja faglegan undirbúning framkvæmda og liggi refsing við því að fara ekki eftir skilyrðum reglugerðar og laga. M telur að ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis við undirbúning framkvæmda, ekki hafi verið haft samráð við M, eins og hefði átt að gera áður en framkvæmdaleyfi var gefið. M vísar til þess að X sé opinbert hlutafélag sem hafi á að skipa sérfræðingum vegna framkvæmda auk þess sem ljósmyndir af vettvangi sýni að auðveldlega hefði verið hægt að komast hjá því að mannvirki M yrðu fyrir skemmdum með því að plægja og fleyga fjær mannvirkjum. M bendir einnig á að ekkert samráð hafi verið haft við M áður en framkvæmdir hófust.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ósannað sé að framkvæmdir X hafi leitt til tjóns fyrir M. V telur óljóst af myndum sem M hefur lagt fram hvort lögn við varainntak vatnslagnar hafi farið í sundur eða einungis færst til, hvort hún hafi flotið upp vegna leysinga eða af öðrum náttúrulegum orsökum. Auk þess bendir V á að búnaður M sé kominn nokkuð til ára sinna og að tjón hafi verið á rafstrengjum áður en framkvæmdir X hófust og vísar þar til tölvupósts starfsmanns X dags. 14. maí 2021. Auk þess bendir V á að ekki hafi legið fyrir opinberar lagnateikningar eða annað sem hefðu getað sýnt starfsmönnum X hvar vatnslagnir lágu og starfsmenn X kannist ekki við að hafa rofið lagnir á svæðinu. V bendir enn fremur á að framkvæmdaleyfi vegna lagningar jarðstrengs á svæðinu hafi legið fyrir af hálfu Umhverfisstofnunar og ekki hafi verið skylt að afla framkvæmdaleyfis sveitarfélag þar sem framkvæmdin hafi ekki verið „meiri háttar framkvæmd“, eins og 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga áskilji. Einnig bendir V á að M hafi ekki verið landeigandi heldur leigutaki og því hafi X ekki borið að leggja lagnaleið undir M. Einnig er vísað til þess að M eða fólk á hennar vegum hafi verið á staðnum þegar lagnaleið var valin og M hafi samþykkt þá leið munnlega og með undirritun á bréf dags. 12. október 2018, enda hafi verið um að ræða lagningu 3 fasa rafmagnsstrengs að fiskeldi M og í þágu þess.

V vísar einnig til orðalags vátryggingarskilmála fyrir ábyrgðartryggingu X þar sem komi m.a. fram í 2. gr. að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á vátryggðan m.v. vegna skemmda á munum, enda verði skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. V telur að orsök tjóns eða að minnsta kosti stór hluti þess sé hægt að rekja til rasks árfarvegi og þó slíkt rask mætti rekja til X sé um að ræða mögulegt almennt fjártjón M vegna þess en ekki skemmdir á munum og nái gildissvið ábyrgðartryggingar V því ekki til slíks tjóns. Einnig bendir V á e.lið 8. gr. vátryggingarskilmála þar sem komi fram að munatjón sem hlýst af framkvæmdum í jörðu og eða breytingum á rennsli vatns eða öðrum framkvæmdum varðandi straumvatn falli ekki undir trygginguna.

Álit.

Í fyrsta lagi er í málinu ágreiningur um hvort sannað sé að framkvæmdir á vegum X í byrjun september 2018 hafi leitt til þess að vatnslögn við varainntak M í Þverá hafi skemmst, rafstrengur hafi slitnað og hvort það hafi síðan leitt til tjóns á búnaði fiskeldis M eða öðru því sem fylgir rekstri fiskeldisins.

Sönnunarbyrði hvílir á þeim slíku heldur fram og verður því að meta hvort M hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að framkvæmdir X hafi leitt til tjóns á hennar eigum, áður en mat fer fram á því hvort sú háttsemi sem starfsmenn X sýndu við slíkar framkvæmdir hafi verið gáleysisleg eða að X beri skaðabótaábyrgð vegna atvika eða aðstæðna við framkvæmdina að öðru leyti.

Ljóst er af gögnum málsins að starfsmenn á vegum X voru við vinnu í Þverá í byrjun september 2018 við lagningu 3 fasa háspennustrengs að fiskeldi M. Ágreiningur er hins vegar um hvort sannað sé að þær framkvæmdir hafi leitt til tjóns á varainntaki og annars rafstrengs M. Myndir þær sem M hefur lagt fram máli sínu til stuðnings sýna ekki með afgerandi hætti að tjón sé vegna framkvæmda X, ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvernig lögnin lá áður en framkvæmdir hófust og hvort breyting hafi orðið á við þær. Yfirlýsingar aðila á vegum M duga ekki einar og sér til sönnunar og vitnisburðir annarra í málinu sýna heldur ekki með óyggjandi hætti að tjón hafi orðið vegna framkvæmda X eða að nægar líkur hafi verið leiddar af því þannig að sönnunarbyrði snúist við.

Þannig telst bótaréttur ekki vera fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V og telur nefndin þegar af þeirri ástæðu ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um hvort mat á háttsemi starfsmanna X vegna öflunar framkvæmdaleyfis eða ætlaðrar vöntunar á samráði við M hafi verið saknæm, mögulegt umfang tjóns, skilgreiningu á skemmdum á munum eða almennu fjártjóni eða undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 153/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 15. september 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins var bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók á Bæjarhálsi við gatnamótin að Tunguhálsi þann 28. maí 2020. M fann til í baki eftir áreksturinn og leitaði sama dag á heilsugæsluna í Árbæ og svo einnig á bráðamóttöku Landsspítalans. Á bráðamóttöku kvartaði M undan verkjum í hálsi, öllu baki, hægri hendi og hægri mjöðm/rasssvæði. Leitaði M mörgum sinnum til heilsugæslunnar vegna einkenna sinna eftir slysið næstu mánuði og var með öllu óvinnufær a.m.k. fram í ágúst 2020 samkvæmt fyrirliggjandi vottorðum til atvinnurekenda v/fjarvista. M tilkynnti um líkamstjón til V eftir að hafa leitað til lögmanns vegna slyssins. Með bréfi dags. 7. júní 2021 tilkynnti V að það hefði aflað PC-Crash skýrslu frá Aðstoð & Öryggi þar sem reiknaðir voru út þyngdarkraftar beggja ökutækja. Samkvæmt þeim útreikningi var árekstur bifreiðanna mjög vægur og hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X á þeim grundvelli að ósannað væri að um orsakatengsl væri að ræða milli slyssins og meintra líkamsáverka M.

M telur að orsakatengsl séu milli slyssins og líkamsáverka hans og að vafasamt sé að byggja höfnun bótaskyldu alfarið á PC-Crash skýrslu. M kveðst ekki hafa sögu um fyrri líkamlega áverka og að hann hafi ekki lent í umferðarslysi áður. M telur PC-Crash skýrsluna ranga og hafi hún því ekkert gildi við greiningu líkamstjóns. Í málskoti rekur M nánar þá ágalla sem hann telur vera á skýrslunni m.a. að þar sé ranglega haldið fram að bifreið hans hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð. Bifreiðin hafi verið kyrrstæð sbr. það sem fram kemur í samskiptaseðli heilsugæslunnar dags. 28. maí 2020. Skýrslunnar hafi verið einhliða aflað og hafi hún því ekkert vægi fyrir rétti. Auk þess er eingöngu um líkindaútreikning að ræða sem gefi ágætis mynd af höggþyngd og hraða ökutækja en þær gefi hvorki skýra né góða mynd af því hvort og hversu mikið líkamstjón hlýst af atviki. Það geri læknisfræðileg gögn. Vísar M til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6/2015 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 542/2012 máli sínu til stuðnings. Telur M sig eiga rétt til fullra skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann hlaut í umferðarslysinu þann 28. maí 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A vegna umferðaróhappsins þann 28. maí 2020. Kveðst V hafa aflað leiðréttrar PC-crash skýrslu sem dags. er 1. júní 2022. Niðurstaða hennar var óbreytt frá fyrri skýrslu. Þyngdarkraftur á ökutækið B var 0,52 g og á ökutæki A, 0,50 g. Telur V að kraftur í umræddum tjónsatburði hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama M. Beri að líta til þess að nánast engar skemmdir voru á bifreið M. Telur V að af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum sé óljóst hvað orsaki þau einkenni sem hrjá M. Engir áverkar hafi greinst í röntgenrannsókn og segulómrannsókn, sjúkraþjálfun hefur ekki skilað árangri og verkjalyf slá ekki á þá verki sem M býr við. Það litla högg sem varð við áreksturinn þann 28. maí 2020 geti ekki skýrt þá einkennamynd sem M býr við.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. janúar 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Hins vegar verður einnig ráðið af fyrirliggjandi gögnum að lítið tjón hafi orðið á A og B við áreksturinn. Verður því að telja að

áreksturinn hafi verið það vægur að frekari gagna sé þörf til að sýna fram á orsakasamband milli hans og líkamlegs ástand M. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði samdægurs eftir slysið bæði á heilsugæslu og á slysadeild Landspítalans. Næstu mánuði var M óvinnufær og leitaði reglulega á heilsugæsluna vegna einkenna sinna. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá kvartaði M aðallega undan verkjum frá mjóbaki með leiðni niður í ganglim mánuðina eftir slysið. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um fyrra heilsufar M nema sjúkraskrá heilsugæslu sem nær eingöngu aftur til ársins 2015. Er því ekki ljóst hvort M hefur sögu um einkenni frá mjóbaki. Þá liggur ekki fyrir vottorð bæklunarlæknis eða frekari upplýsingar um meðferð sjúkraþjálfara sem hann leitaði til vegna þeirra einkenna sem hann rekur til slyssins. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs A og B þann 28. maí 2020.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 154/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Skaðsemisábyrgð.
Vafn vátryggingartaka (X)

Skaðsemisábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júní 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. júní 2022.
4. Vátryggingarskilmálar V dags. 4. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að hinn 25. mars 2020 hafi M keypt startara í bifreið af tegundinni Nissan Patrol hjá X. Samkvæmt fyrirliggjandi greiðslukvittun vegna kaupanna hafi verið um að ræða startara ætlaðan bifreið af þeirri tegund með 4,2 lítra vél. Hinn 28. mars 2020, en kvöldið áður hafi hinn nýi startari verið settur í bifreiðina, hafi kviknað í bifreiðinni. Vegna tjóns síns hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með tölvupósti, dags. 4. október 2021, hafi V hins vegar hafnað kröfu hans. M telur ljóst að tjón hafi hlotist af umræddum startara og vísar til fyrirliggjandi matsskýrslu rafvirkjameistara máli sínu til stuðnings. Þar kemur fram í niðurstöðukafla að skýrsluhöfundur telji hafið yfir allan vafa að galli í startara hafið valdið brunanum. Þá segir í matsgerðinni að umræddur startari sé ekki sams konar og upprunalegur startari bifreiðarinnar, en halli á öryggisstýringu hans sé rangur auk þess sem fjarlægð tengipunkts frá húsi startmótors sé minni en á upprunalegum startara, þ.e. einangrunarbil sé ófullnægjandi. Þjóni stýringin ekki þeim tilgangi að koma í veg fyrir snertingu tengiskós við ytra byrði mótors. Þessi galli á öryggisstýringu á tengifleti stofnlagnar inn á startarann hafi orsakað brunann en sjá megi ummerki um skammhlaup á startaranum þar sem stýringin hafi þvingað tengiskó að húsi startmótors. Einnig komi fram í matsgerðinni að ísetningaraðili hafi farið rétt að í öllu og hefði ekki getað gert sér grein fyrir gallanum eða mögulegum afleiðingum hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að ósannað sé að umræddur startari hafi orsakað tjón á bifreiðinni. V hafi leitað eftir upplýsingum frá X um málið og matsskýrsla hafi verið greind auk þess sem startarinn hafi verið skoðaður af starfsmönnum V og X. Sú skoðun hafi fyrst og fremst leitt í ljós að útleiðsla startarans hafi virkað eðlilega eftir mælingu. Þá bendir V á að vél í bifreiðinni sé ekki upprunaleg, en í stað 3 lítra vélar sé nú 4,2 lítra vél í bifreiðinni sem passi ekki við upprunalegt rafkerfi bifreiðarinnar. Sá sem setti umræddan startara í bifreiðina hefði átt að átta sig á því og gera ráðstafanir vegna þess. Á myndum í fyrirliggjandi matsskýrslu sjáist þá að lega kapals sé röng og hann snúi öfugt miðað við legu kapalsskós. Ekki sé að sjá galla á startaranum heldur hafi kapallinn sem var á röngum stað valdið brunanum. Þá hafi fyrirliggjandi matsskýrslu verið aflað einhliða af hálfu M án þess að V eða X hafi átt þess kost að koma að athugasemdum og verði ekki víðtækar almennar ályktanir dregnar af slíku gagni. Sé því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri ábyrgð á.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að umræddur startari hafi verið ætlaður til notkunar í bifreið með 4,2 lítra vél. Þá er tekið fram að 4,2 lítra vélin hafi verið með eigið rafkerfi sem tengst hafi rafkerfi bifreiðarinnar. Startarinn sem var fyrir í bifreiðinni hafi þá einnig verið frá X, og við kaup á nýja startaranum hafi M verið með umbúðir af þeim gamla og beðið um annan eins. Þá kemur fram að eftir umrætt tjónsatvik hafi lögregla tekið bifreiðina í sína vörslu og að niðurstaða lögreglu hafi verið sú að kviknað hefði í út frá startara. M hefði hins vegar talið rannsókn lögreglu takmarkaða. Hafi M því ákveðið að fá þriðja aðila til að framkvæma rannsókn á eldsupptökum. Í millitíðinni hefði hann þó boðið X að framkvæma rannsókn og hafi eigandi X tekið nokkrar myndir og tjáð M að hann gæti komið með startarann ef hann vildi. Þá er því sérstaklega mótmælt að hægt hefði verið að snúa umræddum kapli með öðrum hætti en gert var og áréttað að M hafi aldrei haldið því fram að útleiðsla væri í startaranum heldur hefði orðið útleiðsla vegna galla á tengistýringu á startaranum sem hefði valdið því að kapallinn

pressaðist utan í og einangrun rofnaði. Þá hafi V fengið matsskýrsluna senda og haft færi á að gera við hana athugasemdir.

Álit.

Rétt er að taka fram að umfjöllun V, bæði í höfnunarbréfi dags. 4. október 2021 og í bréfi til nefndarinnar, virðist byggð á því að vátryggingin sem um ræðir sé frjáls ábyrgðartrygging atvinnurekstrar. Samkvæmt fyrirliggjandi vátryggingarskírteini var X á tjónsdegi hins vegar með í gildi sérstaka skaðsemisábyrgðartryggingu hjá V og verður við eftirfarandi umfjöllun nefndarinnar miðað við að um bótakröfu úr þeirri vátryggingu sé að ræða. Í gr. 18.1 þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda segir að hún bæti beint líkams- eða munatjón þriðja manns af völdum vöru sem haldin er ágalla og sem vátryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda hafi tjónið orðið eftir að vátryggður afhenti söluvöruna. Þá segir að um skaðabótaábyrgð vátryggðs fari eftir íslenskum lögum um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um skaðsemisábyrgð ber tjónþola að sanna tjón sitt, ágalla vörunnar og orsakatengsl milli ágalla og tjóns. Þá segir í 9. gr. laganna að heimilt sé að lækka eða fella niður bætur ef tjónþoli er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða gáleysi. Ekki liggur annað fyrir en að X sé framleiðandi í skilningi laganna sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. og 3. og 4. mgr. enda verður ekki séð að bent hafi verið á annan innlendan innflytjanda umrædds startara. Framleiðandi ber ofangreinda bótaábyrgð þó ekki sé sýnt fram á sök hans, og verður aðeins leystur undan ábyrgð sanni hann að eitthvað þeirra tilvika sem talin eru upp í 7. gr. laganna eigi við. Verður samkvæmt framansögðu þá tekið til skoðunar hvort M hafi sýnt fram á tjón sitt, ágalla vöru í skilningi 5. gr. laganna og orsakatengsl milli ágalla og tjóns og hvort, teljist framangreint sannað, hann hafi verið meðvaldur að tjóni sínu.

Ekki virðist deilt um það að tjón hafi orðið. Eins og að framan er rakið liggur þá fyrir nefndinni matsskýrsla rafvirkjameistara, dags. 11. júní 2021, um eldsupptök í bifreiðinni. Er niðurstaða hennar afdráttarlaus varðandi það að ágalli á umræddum startara hafi valdið brunanum og er lýsing á umræddum ágalla nokkuð ítarleg. V hafnar niðurstöðum skýrslunnar og vísar í bréfi sínu til þess að skoðun hafi farið fram af hálfu starfsmanna X og V. Engin gögn, ljósmyndir eða skýrslur liggja hins vegar fyrir um þá skoðun og segir fátt um hana annað en að hún hafi leitt í ljós að útleiðsla startarans hafi virkað eðlilega. Ekki er heldur útlistað frekar hvort eða með hvaða hætti umræddri matsskýrslu, eða frásögn M af atvikum, er hnekkt með því. Þá bendir V á að umrædd bifreið hafi verið með 4,2 vél en ekki upprunalegri 3 lítra vél. Samkvæmt fyrirliggjandi greiðslukvittun er þó um að ræða startara ætlaðan 4,2 lítra vél og umfjöllun M um að vélin hafi verið tengd eigin rafkerfi hefur ekki verið hnekkt. Hefur V þá ekki tekist að sýna fram á að mistök hafi verið gerð við ísetningu startarans.

Umræddrar matsskýrslu er vissulega aflað einhliða af hálfu M, og verða víðtækar almennar ályktanir ekki dregnar af slíkum gögnum. Hins vegar verður hefur því ekki verið mótmælt að X og V hafi haft fullt tækifæri til sjálfstæðrar rannsóknar. Matsskýrsla sú sem M hefur lagt fram er skýr, greinargóð og afdráttarlaus og hefur V, samkvæmt því sem áður er rakið, ekki tekist að hrekja niðurstöður hennar með afdráttarlausum eða sannfærandi hætti, enda er afstaða þess ekki studd frekari gögnum eða nánari skýringum. Verður því að telja að M hafi sýnt fram á ágalla vörunnar og orsakatengl milli hans og þess tjóns sem varð. Hvað varðar hugsanlega meðábyrgð M, hvað varðar mögulega ranga tegund startara og hugsanleg mistök við ísetningu hans, hefur ekki verið sýnt fram á slíkt og verður þá ekki talið að heimild til að lækka eða fella niður bætur til hans sé til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr skaðsemisábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 155/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging og starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Vátryggingartaki starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 12. júní 2022.

Málsatvik.

M lýsir atvikum í málskoti með þeim hætti að hún hafi fest kaup á íbúð í fjöleignarhúsi í byggingu árið 2019 og flutt inn í íbúðina í lok þess árs. M lýsir því að 5. október 2019 hafi hún orðið vör við mikla bleytu á tveimur stöðum í íbúðinni, annars vegar frá þaki og hins vegar við svalahurð, eftir mikið vatnsveður. Þar sem íbúð var ekki fullgerð lét M seljanda vita af lekanum og sömuleiðis hafi orðið vart við mikla bleytu á árinu 2020 sem byggingarstjórinn X hafi verið tilkynnt um sem og hafi hann skipt um gólflista í íbúðinni í kjölfarið. Hinn 23. september 2021 hafi síðan orðið mikill vatnsleki inn um svalahurð sem V hafi hafnað að bæta úr fasteignatryggingu húsfélags fjöleignarhússins. M bendir á að hún hafi verið í stöðugu sambandi við byggingarstjórann X eftir þetta tjón í þeim tilgangi að laga lekann og skipta um parket að hluta og hann hafi ætlað að bæta úr en hafi heyrst frá honum síðan í mars 2022. M telur að byggingarstjórinn X beri ábyrgð á tjóni hennar og krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu húsfélags fjöleignarhúss M þar sem ekki hafi verið um að ræða leka úr lagnakerfi hússins heldur leka að utan sem gildissvið fasteignatryggingar nái ekki til. V hefur einnig hafnað bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra og vísar til þess að ekki liggi fyrir sönnunargögn, t.d. matsgerð dómkvaddra matsmanna, um mögulegt tjón og orsakir þess. V vísar til þess að matsmál sé í gangi m.a. gegn umræddum byggingarstjóra þar sem fjöldi annarra eigenda í fjöleignarhúsi M hafi gert kröfu um mat á tilteknum þáttum vegna húsbyggingarinnar, en M sé ekki þar á meðal, heldur einungis húsfélagið. V telur því miðað við fyrirliggjandi gögn að ekki sé sannað að tjón M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar byggingarstjóra.

Álit.

Tjón vegna rigningarvatns sem veldur tjóni á húseign M fellur ekki undir gildissvið vatntjónstryggingar fasteignatryggingar hjá V þar sem sú vátrygging bætir skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar.

Hvað varðar skaðabótakröfu hennar á byggingarstjórann X varðar þá verður að minna á að samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþáttar sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

Þetta þýðir að sá sem heldur því fram að það séu ágallar á verki iðnmeistara sem nemi stórfelldri vanrækslu af hans hálfu og að ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit ber sönnunarbyrði um þá þætti. Í gögnum málsins er ekki úttekt á mögulegum ágöllum, orsökum þeirra eða öðru. Þó vægi sönnunargagns eins og mat dómkvadds matsmanns sé meira en annara sönnunargagna um ágalla verður ekki talið áskilið að M þurfi að sýna fram á mögulegt tjón sitt eingöngu með slíku mati, eins og V virðist byggja á í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 9. júní sl. Sönnunargögn sem aflað er utan réttar geta nýst tjónþolum til að sanna tjón sitt. Ekkert af ofantöldu liggur hins vegar fyrir í þessu máli af hálfu M og verður ekki lögð skaðabótaábyrgð á X á grundvelli fyrrnefndra laga um mannvirki af lýsingum M einum saman. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er ekki efndatrygging vegna húsbygginga heldur þarf að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi af hálfu byggingarstjóra. Ekki er af gögnum þessa máls sýnt fram á það og á M því ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V né úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 156/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsörorkutrygging.

Upplýsingaskylda vátryggðs. Erlent vátryggingafélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 27. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sótti um starfsörorkutryggingu hjá erlenda vátryggingafélaginu V í gegnum tryggingamiðlunina X með beiðni dags. 11. nóvember 2017. Með tjónstilkynningu dags. 9. ágúst 2021 sótti M um bætur úr tryggingunni vegna fjórhjólaslyss sem hann lenti í þann 26. júní 2021. Afleiðingar slyssins voru slitinn tvíhöfði á vinstri hönd. X f.h. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 5. október 2021 á þeim grundvelli að veruleg ósamræmi hafi komið í ljós milli þeirra upplýsinga sem fram komu í sjúkraskrá M og þess sem upplýst var í umsókn um tryggginguna. Þannig hafi ekki verið getið um tiltekin alvarleg heilsufarsvandamál sem voru til staðar við umsókn. Var tryggingin þar að auki felld niður og iðgjald frá upphafi tryggingarinnar endurgreitt.

M krefst bóta úr starfsörorkutryggingu sinni hjá V og vísar því á bug að hafa veitt félaginu rangar upplýsingar við töku tryggingarinnar. Hann hafi veitt V réttar og fullnægjandi upplýsingar eftir bestu vitund. Hann hafi svarað spurningum í stafliðum C og E í gr. 10 játandi. Í spurningu C, er óskað eftir þeim upplýsingum hvort M hafi einhvern tímann þjáðst af: „Brjósklosi eða tognað í neðra baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum mænu, kviðsliti eða einhverskonar einkennum gigtar og slitgigtar.“ Í spurningu E er óska eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði er varða heilsufar M en þar segir: „Einhver önnur einkenni eða meiðsli sem þurft hafa læknismeðferð síðustu þrjú ár eða gætu þurft það í framtíðinni.“ Telur M orðalag ofangreindra spurninga sé almennt og afmarki að verulega litlu leyti, hvaða einkenni M búi við fyrir töku tryggingarinnar. M byggir á, að hafi V talið að svör M væru óskýr eða ekki nægilega ítarleg, hafi það staðið V nær, að óska eftir ítarlegri svörum um heilsufar M við töku tryggingarinnar. Telur M fullyrðingar M um að tryggingin hefði aldrei verið veitt hefðu réttar upplýsingar legið fyrir um heilsufar M geti ekki staðist. Í öndverðu hafi V fengið fullnægjandi upplýsingar um fyrra heilsufar M, m.a. verið upplýstur um fjölmörg heilsufars vandamál sem M hafi glímt við á þeim tíma sem tryggingin var tekin.

X hefur f.h. V hafnað bótaskyldu með vísan til 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Byggir V á því aðallega að M hafi borið við umsókn um tryggginguna og endurnýjanir að svara spurningum eftir bestu vitund og samvisku sbr. lokamálslið 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004. Það hafi hann augljóslega ekki gert þar sem gögn málsins staðfesta annað. Verulegt ósamræmi hafi komið í ljós milli þeirra upplýsinga sem fram koma í sjúkraskrám og þess sem M upplýsti um í umsókn sinni um tryggginguna og við endurnýjun. Vísar V til sjúkraskrárfærslu frá 9. mars 2018 þar sem fram kemur að M hafi lent í alvarlegu slysi fyrir um 20 árum þar sem hægri fótleggur brotnaði. M hafi kvartað undan slitgigt í hnjám og fengið hálflið í hægra hné árið 2012. Einnig kemur fram að undanfarin ár hafi M verið allur stirðari og vakni oft með verki að nóttu eða morgni í báðum fótleggjum. Hann hafi haft stirðleika og verki í öxlum, stundum dofa í báðum handleggjum og höndum að nóttu. Sjúkraskrá beri enn fremur með sér reglulega ávísun lyfja ásamt því að getið er um liðspeglunaraðgerð á hné stuttu fyrir umsókn um tryggginguna eða þann 9. maí 2017 og greiningu kviðslits. Um öll þessi atriði bar M að upplýsa um við umsókn um tryggginguna og hefði það leitt til þess að trygging hefði aldrei verið veitt. V telur að spurningar hafi verið skýrar og gefið M tilefni til ítarlegri upplýsingagjafar. Ákvörðun um að samþykkja tryggginguna byggði meðal annars á þeirri yfirlýsingu M að hann væri við góða heilsu (svar við spurningu nr. 14) og því að í frekari upplýsingum við svör tiltekur M sérstaklega að hann hafi náð fullum bata. Þannig hafi V ekki haft sérstaka ástæðu til að kalla eftir frekari upplýsingum. Telur V að forsendur hafi verið til að hafna kröfu M vegna rangrar upplýsingagjafar, sbr. 82. og 83. gr. laga nr. 30/2004.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við tryggingatöku á þann hátt að það leiði til þess að bótaréttur vegna slyss sem M varð fyrir þann 26. júní 2021 falli niður á grundvelli 1. eða 2. mgr. 83. gr. um vátryggingarsamninga. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laganna ber félagið ekki ábyrgð ef upplýsingaskylda er vanrækt með sviksamlegum hætti. Eins og fram kemur hér að ofan sótti M um tryggginguna í desember 2017. Fyllti hann út umsókn og svaraði þeim spurningum sem þar voru lagðar fyrir hann. Svaraði hann játandi tveimur spurningum varðandi heilsufar sitt þ.e. C og E lið spurningar nr. 10. Verður þannig að telja að þessi jákvæðu svör hafi gefið V tilefni til að bregðast við og afla nánari upplýsinga við áhættumat sitt, sérstaklega í ljósi þess að M svarar því játandi að hafa einhvern tíma þjáðst af einhverjum öðrum einkennum eða meiðslum sem þurft hafa læknismeðferð síðustu þrjú ár eða gætu þurft í framtíðinni án nánari útskýringa eða upplýsinga í þar til ætluðum reit umsóknarinnar. Hvað varðar spurningu nr. 14 þar sem spurt er hvort umsækjandi sé fyrir utan svör sem gætu bent til annars, við góða heilsu, þá er orðalag þeirrar spurningar háð persónulegri upplifun umsækjenda og því ekki unnt að líta svo á að M hafi gefið rangt svar við þessari spurningu, sérstaklega með tilliti til svara hans við spurningum 10.C og E. Að því virtu verður ekki talið að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína með sviksamlegum hætti en fyrir því ber V sönnunarbyrði og hefur sú sönnun ekki tekist.

Þá kemur til skoðunar hvort skilyrði 2. mgr. 83. gr. laganna séu uppfyllt. Þar kemur fram að fella megi ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta ef vátryggingartaki eða vátryggður hafi ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt. Með vísan til þess sem fram kemur hér að ofan og að virtum öllum gögnum málsins verður jafnframt að telja að vanræksla M hafi verið óveruleg. Svör hans við spurningum á umsókn um tryggginguna gáfu til kynna að hann byggi við ýmiss fyrri einkenni frá stoðkerfi og að hann hefði önnur einkenni eða meiðsli sem þurft hafa læknismeðferð síðustu þrjú ár eða gætu þurft það í framtíðinni. Gaf M ekki nákvæmar upplýsingar um jákvæð svör sín í umsókninni og að vissu leyti ónákvæmar upplýsingar hvað dagsetningar fyrri áverka varðar varðar en þó ekki á þann hátt að unnt sé að telja að vanræksla á upplýsingaskyldu teljist vera veruleg. Verður heimild V til að fella niður ábyrgð sína, í heild eða hluta, ekki byggð á 2. mgr. 83. gr. laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt öllu framansögðu er bótaréttur M úr starfsörorkutryggingu hans hjá V því til staðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 157/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júní 2022.
3. Bréf lögmanns M dags. 16. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir vinnuslysi þann 21. desember 2018 og var launþegatrygging til staðar hjá sveitarfélaginu X. Lögfræðingur M hafði samband við V í tölvupósti þann 12. maí 2021 ásamt því að senda félaginu tjónstilkynningu og umboð. Í tölvupóstinum fór lögmaður M fram á það við V að vegna sérstakra aðstæðna myndi félagið ekki bera fyrir sig tilkynningarfrest, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Með bréfi dags. 31. maí 2021 upplýsti V um afstöðu sína sem var sú að atvikið væri ekki bótaskylt úr slysatryggingu launþega hjá sveitarfélaginu X þar sem tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hefði verið runninn út áður en tilkynning M barst V. M telur að ársfrestur sem ákvæði 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 áskilur hafi ekki verið liðinn þar sem tjónstilkynningin dags. 11. maí 2021 hafi verið komin fram innan árs frá því M fékk vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hans er reist á, auk þess sem félagið hafi virt að vettugi þær sérstöku aðstæður sem urðu í kjölfar slyssins. Vísar M til fyrirliggjandi sjúkrasögu sinnar þar sem fram kemur að hann hafi legið meira og minna inni á sjúkrastofnunum árin 2019 og 2020 vegna alvarlegra veikinda og hafið einkenni hans vegna axlaráverka fallið í skuggann á öðrum veikindum. Að mati M hafði hann raunverulega ástæðu til þess að ætla að hann myndi ná fullum bata, hvort sem það var mánuðina eftir slys með sjúkraþjálfun eða löngu eftir slys með aðgerð eða annarri meðferð. Það hafi í fyrsta lagi verið haustið 2020 þegar í ljós kom að M gæti ekki gengist undir gerviliðsaðgerð sem hann gerði sér grein fyrir því að afleiðingar slyssins væru varanlegar. Vísar M til þess að samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð dags. 9. desember 2021 er stöðugleikatímamark talið vera þann 21. desember 2020 en það tímamark geti gefið vísbendingu um hvenær M mátti vera ljóst að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni vegna slyssins. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 7/2009 og 10/2015 og dóms Landsréttar í máli nr. 813/2019.

V vísar til þess að þó M hafi þjáðst af öðrum veikindum á tímabili í kjölfar slyssins leysir það hann ekki undan skyldu sinni til þess að tilkynna tjón sitt innan tímamarka 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Af sjúkragögnum megi sjá að öxlin og slysið hafi komið reglulega til umræðu hjá læknum. M hafi verið með viðvarandi verki og mjög skerta hreyfigetu í öxlinni. Telur V að M hafi í síðasta lagi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum áverka sinna þann 18. febrúar 2020, þegar álit bæklunarlæknis á því að M þarfnaðist gerviliðsaðgerðar lá fyrir.

Álit.

Aðila greinir á um við hvaða tímamark ætti að miða upphaf frests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 og hvort M hafi glatað rétti til bóta úr slysatryggingu launþega, sem vinnuveitandi hans var með hjá X, þar sem tilkynning um slysið hafi ekki borist V innan tilskilins frests. Samkvæmt ákvæðinu, glatar sá sem á rétt til bóta skv. slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til viðkomandi vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á eða því hefur ekki borist tilkynning um vátryggingaratburð með öðrum hætti. Af fordæmum Hæstaréttar má ráða að upphaf fyrningarfrests miðast ekki sjálfkrafa við tiltekna atburði, svo sem þegar tjónþoli undirgengst aðgerð, eða við stöðugleikapunkt, heldur þurfi að horfa til þess hvenær sá, sem orðið hefur fyrir tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 10/2015.

Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir í málinu verður ráðið að M bjó við einkenni frá öxlinni allt frá slysdegi. Taka má undir með M að axlareinkenni hans hafa án efa fallið í skugga annarra veikinda sem hann bjó við eftir slysið og leiddu til endurtekinna innlagna á sjúkrastofnanir á árunum 2019 og 2020. Það er hins vegar ekki unnt að líta framhjá komu hans til bæklunarlæknis þann 18. febrúar 2020 en samkvæmt læknabréfi bæklunarlæknisins til heimilislæknis er ljóst að ástand axlarinnar var ekki gott, M hafði viðvarandi óþægindi og mikla hreyfiskerðingu. Verður ekki séð að bæklunarlæknir hafi lofað M fullum bata með gerviliðsaðgerð. Fær það stuðning í fyrirliggjandi matsgerð þar sem fram kemur að bæklunarlækninum hafi verið ljóst í febrúar 2020 að M bjó við varanleg einkenni vegna afleiðinga slyssins. Með vísan til þessa verður að telja að upphaf tilkynningarfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið 18. febrúar 2020 en þá hafi M fengið vitneskju um þau atvik sem krafa hans er reist á. Var umræddur frestur því runninn út þegar M tilkynnti V um tjón sitt og ber því að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 158/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 1. júlí 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti keypti M íbúð í fasteigninni A í Hverageröi með kaupsamningi dagsettum 8. maí 2020. Um var að ræða endurnýjaða íbúð þar sem atvinnuhúsnæði hafði verið breytt í íbúðarhúsnæði og í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 var um byggingarleyfisskylda starfsemi að ræða og gerð var krafa um að byggingarstjóri og iðnmeistarar yrðu skráðir á verkið. Byggingarleyfi var gefið út þann 20. desember 2019 þar sem fram kom að B væri skráður byggingarstjóri fyrir framkvæmdinni og var hann með starfsábyrgðartryggingu hjá V í gegnum fyrirtækið X. Eftir afhendingu og búsetu M í eigninni kom í ljós að ástand gólfefna var ekki eðlilegt. Holhljóð heyrðist í gólfum þegar gengið var, hiti var oft óbærilegur og það fauk inn um hurðir og glugga. Til þess að leggja mat á umfang tjóns tveggja íbúða hússins var C húsasmíðameistari dómkvaddur matsmaður í Héraðsdómi Suðurlands þann 9. desember 2020. Í matsgerð hans dags. 15. júlí 2021 kemur fram að fasteignirnar og þar með fasteign M er haldin ýmsum göllum. Að mati M sinnti B ekki þeim skyldum og eftirliti sem honum var lögum samkvæmt skylt að sinna og hefur hann því sýnt af sér gáleysi í störfum sínum sem valdið hefur M stórfelldu tjóni. Vísar M til skyldna byggingarstjóra skv. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 ásamt 31. og 2. mgr. 34. gr. laganna og dóma Hæstaréttar í málum nr. 267/2005, 459/2009 og 369/2009. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 25. febrúar 2022.

Álit.

Samkvæmt byggingarleyfi útgefnu 20. desember 2020 var, m.a. með vísan til tiltekinna ákvæða í mannvirkjalögum veitt byggingarleyfi til þess að gera breytingar á núverandi húsi og fjölga íbúðum. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal á hverjum tíma við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis vera einn byggingarstjóri sem er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Skal byggingarstjóri gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laganna, reglugerðar og samningi við eiganda. Þá er tekið fram í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Enn fremur er tekið fram í 7. mgr. 29. gr. að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis hans í starfi. Þó beri hann ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Í 5. mgr. 29. gr. kemur fram að komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós, sem ekki hafi verið bætt úr og megi rekja til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum, enda hefðu þeir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Sönnunarbyrði um að þessi skilyrði hvíla á M. Í fyrirliggjandi matsgerð dómkvadds matsmanns dags. 15. júlí 2021 svarar matsmaður þeim 18 matsspurningum sem lagðar voru fyrir hann. Niðurstaða matsgerðarinnar var sú að fasteignin var haldin ýmsum göllum er varða þéttingar á glugga- og hurðakörmum, skakka hurðakarma, leka frá þaki og flísalögn. Fyrst verður vikið að þeirri niðurstöðu dómkvadds matsmanns að endurnýja þurfi allar þéttingar milli hurða- og gluggakarma og útveggjar þar sem ekki hafi verið gengið frá þéttingum í samræmi við deiliteikningu hönnuðar. Samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa

verið fyrir nefndina og þá sérstaklega ljósmyndir af eigninni sem teknar voru nokkrum mánuðum fyrir útgáfu byggingarleyfis var framkvæmdum við glugga lokið áður en byggingarleyfi var gefið út og B tók að sér byggingarstjórn. Með vísan til 3. gr. skilmála vátryggingarinnar fellur kostnaður vegna útbóta á þéttingu hurða- og gluggakarma ekki undir starfsábyrgðartryggingu B hjá V en samkvæmt því ákvæði greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum. Hvað skakkar útihurðar varðar þá er hér um að ræða óverulegan ágalla sem fellur ekki undir ábyrgð byggingarstjóra, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki og því hefur ekki stofnast bótaskylda vegna þessa þáttar. Málsaðilar eru sammála því að kostnaður sem metinn er vegna endurnýjunar á þaki fellur ekki undir ábyrgð byggingarstjóra og verður því ekki nánar vikið að þeim þætti matsins.

Að lokum verður vikið að flísalögn en að mati dómkvadds matsmanns þarf að fjarlægja allar flísar af gólfum og veggjum í báðum íbúðunum þar sem halli á gólfum í baðherbergjum er rangur og flísar eru lausar á veggjum baðherbergisins. Kostnaður vegna þessa er metinn kr. 6.736.600 vegna beggja íbúðanna. Að mati V er um að ræða ýmsa minniháttar galla á flísalögn, lausar flísar og óvandaðan frágang sem ekki verður rakinn til byggingarstjóra. Telur V að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á verkþáttum á ábyrgð einstakra iðnmeistara, sbr. 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki. Nefnir V einnig að ekki hafi verið sýnt fram á að gólfhalli hafi verið teiknaður á teikningar eða að framkvæmd flísalagnar sé í andstöðu við teikningar hvað gólfhalla varðar. Í fyrirliggjandi skýrslu byggingarstjórans B kemur fram að enginn múrarameistari hafi verið á þessu verki og að flísalögnin hafi ekki verið tekin út af honum. Þegar hann hafi tekið við sem byggingarstjóri hafi verið byrjað að flísaleggja baðherbergi en ekki stofu. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um mannvirki ræður byggingarstjóri iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Skal byggingarstjóri gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda og skal í samningi m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð. Eins og fyrr segir var ekki ráðinn múrarameistari til að sjá um flísalögn. Þrátt fyrir það voru baðherbergi og stofur íbúðanna flísalögð á þeim tíma sem B var byggingarstjóri en ekki liggur fyrir hver hafi séð um þá framkvæmd. Í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 4.10.1. um ábyrgð og verksvið iðnmeistara kemur fram í 2. gr. að byggingarstjóra er ætlað að leggja mat á það hvaða iðnmeistara þarf til verksins og skilgreina ábyrgðarsvið þeirra. Í leiðbeiningunum er sérstaklega vikið að því að það hafi lengi verið skilgreint í byggingarreglugerð hvað tilheyrði verksviði hvers iðnmeistara en þau ákvæði voru felld niður með reglugerð nr. 360/2016. Tilgangur niðurfellingarinnar var að auka sveigjanleika reglnanna og gefa byggingarstjóra meira svigrúm til að ákveða verksviðið, innan ramma iðnlöggjafar. Í viðauka við leiðbeiningarnar er að finna verkaskiptingu sem unnt er að nota til viðmiðunar við tilgreiningu byggingarstjóra á verksviði einstakra iðnmeistara. Í lið II.e. undir ábyrgðarsviði múrarameistara er flísalögn talin upp sem einn þeirra þátta sem múrarameistari, sem staðfest hefur ábyrgð sína á verki, ber m.a. ábyrgð á að sé framkvæmd í samræmi við hönnunargögn og góða starfshætti. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð sem ekki hefur verið hnekkt verður að telja nægilega sýnt fram á að flísalögn hafi ekki verið frágengin í samræmi við 10.5.7. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um frágang votrýma eða góða starfshætti enda margar flísar lausar á gólfum bæði í stofum og baðherbergjum íbúðanna og vatnshalli í baðherbergjum rangur auk þess sem flísar voru lagðar yfir niðurfall í gólfum baðherbergja. Eins og fyrr segir er það á ábyrgð byggingarstjóra að leggja mat á það hvaða iðnmeistara þarf til verksins og skilgreina ábyrgðarsvið þeirra. Það að ekki hafi verið ráðinn múrarameistari til þess að sjá um flísalögn leggur að mati nefndarinnar aukna ábyrgð á herðar byggingarstjóra að hafa eftirlit með því að flísalögn sé framkvæmd í samræmi við lög, reglur, hönnunargögn og góða starfshætti. Þessu sinnti B sem byggingarstjóri eignarinnar ekki og hefur að mati nefndarinnar sýnt af sér gáleysi sem leitt hefur til tjóns M.

Með vísan til 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð á slíku tjóni samkvæmt almennum reglum. Þrátt fyrir að dómkvaddur matsmaður sundurliðaði ekki kostnað við lagfæringu hvorrar íbúðar fyrir sig í matsgerð sinni þá verður að telja að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um fjárhagslegt tjón M. Með vísan til alls ofangreinds á M rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V vegna ágalla á flísalögn baðherbergis og stofu.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum vegna ágalla er varðar flísalögn úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans B hjá V.

Reykjavík, 9. ágúst 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 159/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 1. júlí 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti keyptu M íbúð í fasteigninni A í Hveragerði með kaupsamningi dagsettum 2. júlí 2020. Um var að ræða endurnýjaða íbúð þar sem atvinnuhúsnæði hafði verið breytt í íbúðarhúsnæði og í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 var um byggingarleyfisskylda starfsemi að ræða og gerð var krafa um að byggingarstjóri og iðnmeistarar yrðu skráðir á verkið. Byggingarleyfi var gefið út þann 20. desember 2019 þar sem fram kom að B væri skráður byggingarstjóri fyrir framkvæmdinni og var hann með starfsábyrgðartryggingu hjá V í gegnum fyrirtækið X. Eftir afhendingu kom í ljós að íbúin var óíbúðarhæf. Ýmsir gallar voru á íbúðinni og má þar helst nefna að salernisskál var laus og það lak meðfram henni, halli á sturtuborni var rangur, rofa vantaði fyrir baðviftu, handklæðaofn hitnaði ekki, hitastýringu á gólfhitakistu vantaði, flætt hafði upp úr niðurföllum auk þess sem frágangur á flísalögn og raflögnum var ábótavant og hurðakarmar voru skakkir. Til þess að leggja mat á umfang tjóns tveggja íbúða hússins var C húsasmíðameistari dómkvaddur matsmaður í Héraðsdómi Suðurlands þann 9. desember 2020. Í matsgerð hans dags. 15. júlí 2021 kemur fram að fasteignirnar og þar með fasteign M er haldin ýmsum göllum. Að mati M sinnti B ekki þeim skyldum og eftirliti sem honum var lögum samkvæmt skylt að sinna og hefur hann því sýnt af sér gáleysi í störfum sínum sem valdið hefur M stórfelldu tjóni. Vísar M til skyldna byggingarstjóra skv. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 ásamt 31. og 2. mgr. 34. gr. laganna og dóma Hæstaréttar í málum nr. 267/2005, 459/2009 og 369/2009. Hefur M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 25. febrúar 2022.

Álit.

Samkvæmt byggingarleyfi útgefnu 20. desember 2020 var, m.a. með vísan til tiltekinna ákvæða í mannvirkjalögum veitt byggingarleyfi til þess að gera breytingar á núverandi húsi og fjölga íbúðum. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal á hverjum tíma við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis vera einn byggingarstjóri sem er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Skal byggingarstjóri gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma. Um umboð byggingarstjóra, verksvið og ábyrgð fer eftir ákvæðum laganna, reglugerðar og samningi við eiganda. Þá er tekið fram í 5. mgr. 29. gr. laganna að byggingarstjóri skuli hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Enn fremur er tekið fram í 7. mgr. 29. gr. að byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis hans í starfi. Þó beri hann ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Í 5. mgr. 29. gr. kemur fram að komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós, sem ekki hafi verið bætt úr og megi rekja til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, beri byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum, enda hefðu þeir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit. Sönnunarbyrði um að þessi skilyrði hvíla á M. Í fyrirliggjandi matsgerð dómkvadds matsmanns dags. 15. júlí 2021 svarar matsmaður þeim 18 matsspurningum sem lagðar voru fyrir hann. Niðurstaða matsgerðarinnar var sú að fasteignin var haldin ýmsum göllum er varða þéttingar á glugga- og hurðakörmum, skakka hurðakarma, leka frá þaki og flísalögn. Fyrst verður vikið að þeirri niðurstöðu dómkvadds matsmanns

að endurnýja þurfi allar þéttingar milli hurða- og gluggakarma og útveggjar þar sem ekki hafi verið gengið frá þéttingum í samræmi við deiliteikningu hönnuðar. Samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina og þá sérstaklega ljósmyndir af eigninni sem teknar voru nokkrum mánuðum fyrir útgáfu byggingarleyfis var framkvæmdum við glugga lokið áður en byggingarleyfi var gefið út og B tók að sér byggingarstjórn. Með vísan til 3. gr. skilmála vátryggingarinnar fellur kostnaður vegna útbóta á þéttingu hurða- og gluggakarma ekki undir starfsábyrgðartryggingu B hjá V en samkvæmt því ákvæði greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum. Hvað skakkar útihurðar varðar þá er hér um að ræða óverulegan ágalla sem fellur ekki undir ábyrgð byggingarstjóra, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki og því hefur ekki stofnast bótaskylda vegna þessa þáttar. Málsaðilar eru sammála því að kostnaður sem metinn er vegna endurnýjunar á þaki fellur ekki undir ábyrgð byggingarstjóra og verður því ekki nánar vikið að þeim þætti matsins.

Að lokum verður vikið að flísalögn en að mati dómkvadds matsmanns þarf að fjarlægja allar flísar af gólfum og veggjum í báðum íbúðunum þar sem halli á gólfum í baðherbergjum er rangur og flísar eru lausar á veggjum baðherbergisins. Kostnaður vegna þessa er metinn kr. 6.736.600 vegna beggja íbúðanna. Að mati V er um að ræða ýmsa minniháttar galla á flísalögn, lausar flísar og óvandaðan frágang sem ekki verður rakinn til byggingarstjóra. Telur V að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á verkþáttum á ábyrgð einstakra iðnmeistara, sbr. 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki. Nefnir V einnig að ekki hafi verið sýnt fram á að gólfhalli hafi verið teiknaður á teikningar eða að framkvæmd flísalagnar sé í andstöðu við teikningar hvað gólfhalla varðar. Í fyrirliggjandi skýrslu byggingarstjórans B kemur fram að enginn múrarameistari hafi verið á þessu verki og að flísalögnin hafi ekki verið tekin út af honum. Þegar hann hafi tekið við sem byggingarstjóri hafi verið byrjað að flísaleggja baðherbergi en ekki stofu. Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um mannvirki ræður byggingarstjóri iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Skal byggingarstjóri gera skriflegan samning við iðnmeistara sem hann ræður í umboði eiganda og skal í samningi m.a. koma fram á hvaða verkþáttum iðnmeistari ber ábyrgð. Eins og fyrr segir var ekki ráðinn múrarameistari til að sjá um flísalögn. Þrátt fyrir það voru baðherbergi og stofur íbúðanna flísalögð á þeim tíma sem B var byggingarstjóri en ekki liggur fyrir hver hafi séð um þá framkvæmd. Í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar nr. 4.10.1. um ábyrgð og verksvið iðnmeistara kemur fram í 2. gr. að byggingarstjóra er ætlað að leggja mat á það hvaða iðnmeistara þarf til verksins og skilgreina ábyrgðarsvið þeirra. Í leiðbeiningunum er sérstaklega vikið að því að það hafi lengi verið skilgreint í byggingarreglugerð hvað tilheyrði verksviði hvers iðnmeistara en þau ákvæði voru felld niður með reglugerð nr. 360/2016. Tilgangur niðurfellingarinnar var að auka sveigjanleika reglnanna og gefa byggingarstjóra meira svigrúm til að ákveða verksviðið, innan ramma iðnlöggjafar. Í viðauka við leiðbeiningarnar er að finna verkaskiptingu sem unnt er að nota til viðmiðunar við tilgreiningu byggingarstjóra á verksviði einstakra iðnmeistara. Í lið II.e. undir ábyrgðarsviði múrarameistara er flísalögn talin upp sem einn þeirra þátta sem múrarameistari, sem staðfest hefur ábyrgð sína á verki, ber m.a. ábyrgð á að sé framkvæmd í samræmi við hönnunargögn og góða starfshætti. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð sem ekki hefur verið hnekkt verður að telja nægilega sýnt fram á að flísalögn hafi ekki verið frágengin í samræmi við 10.5.7. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um frágang votrýma eða góða starfshætti enda margar flísar lausar á gólfum bæði í stofum og baðherbergjum íbúðanna og vatnshalli í baðherbergjum rangur auk þess sem flísar voru lagðar yfir niðurfall í gólfum baðherbergja. Eins og fyrr segir er það á ábyrgð byggingarstjóra að leggja mat á það hvaða iðnmeistara þarf til verksins og skilgreina ábyrgðarsvið þeirra. Það að ekki hafi verið ráðinn múrarameistari til þess að sjá um flísalögn leggur að mati nefndarinnar aukna ábyrgð á herðar byggingarstjóra að hafa eftirlit með því að flísalögn sé framkvæmd í samræmi við lög, reglur, hönnunargögn og góða starfshætti. Þessu sinnti B sem byggingarstjóri eignarinnar ekki og hefur að mati nefndarinnar sýnt af sér gáleysi sem leitt hefur til tjóns M.

Með vísan til 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki ber byggingarstjóri skaðabótaábyrgð á slíku tjóni samkvæmt almennum reglum. Þrátt fyrir að dómkvaddur matsmaður sundurliðaði ekki kostnað við lagfæringu hvorrar íbúðar fyrir sig í matsgerð sinni þá verður að telja að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um fjárhagslegt tjón M. Með vísan til alls ofangreinds á M rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V vegna ágalla á flísalögn baðherbergis og stofu.

Niðurstaða.
M eiga rétt á bótum vegna ágalla er varðar flísalögn úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans B hjá V

Reykjavík, 9. ágúst 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 160/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Skráningarnúmer ökutækis (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 9. júní 2020 þegar ökutækið A ók aftan á ökutæki B, sem M ók, á gatnamótum Bæjarbrautar og Vífilstaðavegar í Garðabæ. Fram kemur að V hafi hafnað bótaskyldu og getur M ekki fallist á þá afstöðu. M byggir á því að orsakatengsl séu á milli líkamstjóns hennar og slyssins og bendir á að ekki séu gerðar ríkar kröfur til sönnunar orsakatengsla í líkamstjónamálum. Í málinu liggur fyrir matsgerð sem M aflaði. V var gefin kostur á að koma sínum sjónarmiðum að sem það og gerði. Einnig liggur fyrir PC-Crash skýrsla sem V aflaði einhliða.

Í matsgerðinni kemur fram að M segist hafa fengið högg á hnakka við áreksturinn og daginn eftir verk í hálsi, herðum og óþægindum í kvið og væga ógleði. Í matsgerðinni kemur einnig fram að M hafi lent í vinnuslysi 2018 og verið metin til 6 stiga varanlegrar læknisfræðilegrar örorku í kjölfar þess. Hún hafi verið frá vinnumarkaði árin 2018-2021 og hafi verið í starfsendurhæfingu hjá Virk sem hafi lokið í júlí 2021. Enn fremur kemur fram að hún hafi dottið á vinstri hönd 2013 og kennt óþæginda í vinstri öxl 2015. Þá hafi hún leitað til læknis vegna bakverkja 2016 og eigi sögu um hryggskekkju. Í júlí 2020 lýsi M versnandi verkjum í hálsi og lendhrygg eftir slysið og hún hafi fengið segulómum af hálshrygg í ágúst 2020 sem hafi sýnt óbreyttar niðurstöðu frá árinu 2019. Matsmenn telja að þrátt fyrir að um vægan slysaatburð hafi verið að ræða þá hafi M hlotið væga tognun í lendhrygg í slysinu. Hún sé viðkvæm fyrir vegna fyrri einkenna og líklegt að lítið þurfti til að hún hljóti tognun. Hins vegar telja þeir að óþægindi M frá vinstri öxl hafi ekki versnað við slysið og hálsóþægindi séu það væg að þau komi ekki til mats. Varanlegur miski hennar er metin 3 stig og varanleg örorka 3%.

M telur sönnunargildi matsgerðarinnar vera ríkt og að V geti ekki hafnað bótaskyldu á grundvelli einhliða aflaðrar skýrslu V um hraða og höggútreikning. Þá sé ekki tekið tillit til hraðabreytinga sem verkuðu á M í skýrslunni. Í PC-Crash skýrslunni kemur fram að ökutæki A hafi verið á 21 km hraða og ökutæki B á 0 km. Tímalengd árekstursins hafi verið 0,14 sek.

Í athugasemd V vegna matsgerðar kemur fram að áreksturinn hafi verið vægur og að félagið fallist á tímabundnar afleiðingar tjónsatburðar á M en ekki varanlegar. V bendir á að ekki sé nóg að tengsl séu hugsanleg milli slyss og afleiðinga heldur þurfi þau að vera nokkuð vís og meiri líkur en minni að orsakatengsl séu til staðar. Þá hafi M dottið illa 2018 og hafi enn verið að glíma við þær afleiðingar þegar slysið átti sér stað.

Í bréfi V kemur fram að kraftur í tjónsatburðinum hafi ekki verið nægur til að valda skaða á líkama M. Nánast engar skemmdir hafi verið á ökutækjum og þyngdarhröðun 0,81 g sem sé lágorkuárekstur. Fjölmargar rannsóknir sýni að við svona vægt högg sé ómögulegt að fólk í bifreiðum verði fyrir varanlegu líkamstjóni. V hafnar því að matsgerði verði lögð til grundvallar og telur óskiljanlegt hvernig matsmenn hafi komist að þessari niðurstöðu. Fyrirliggjandi gögn sýni að M glímdi við sömu einkenni fyrir slysið. Hún hafi við glímt við einkenni frá vinstri öxl frá 2013 og oft leitað til lækna frá 2016 vegna bakverkja. þá hafi hún fallið á vinstri öxl á árinu 2018. V telur því einsýnt að einkenni M sé af öðrum ástæðum sem voru til staðar fyrir slysið.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 9. júní 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af

sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði einhliða matsgerðar og hafði V tækifæri á því að koma að athugasemdum við matsgerðina. Matsgerðin er mjög ítarleg og lýsir vel ástandi M. M hafði ýmis líkamleg einkenni fyrir áreksturinn en því er lýst í matsgerðinni að áreksturinn hafði ekki áhrif á flest einkennin til að mynda einkenni frá vinstri öxl. Hins vegar er það vel rökstudd í matsgerðinu að hún hafi tognað í lendhrygg við áreksturinn. Fram kemur að hún hafi verið viðkvæm fyrir og lítið hafi þurft til svo hún tognaði. Þrátt fyrir að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða getur ástand tjónþola við árekstur haft áhrif á hann. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem draga niðurstöður matsgerðarinnar í efa. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir tjóni þar sem matsgerðin styður það að M hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 161/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækis (A)
Skráningarnúmer ökutækis (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi ætlað að beygja inn á aðrein að Reykjanesbraut frá Breiðholtsbraut þegar ekið var aftan á bifreið hennar B. Þetta hafi átt sér stað 2. desember 2021 kl. 16:58. Ökumaður A hafi látið sig hverfa af vettvangi en M hafi náð að taka ljósmyndir af bifreið og númeraplötu hans. Þegar M kom heim hafi hún séð skemmdir á B og fundið verki á hálshrygg og baki. Hún leitaði þá til slysadeildar LSH og hafi svo verið greind með tognun á hálshrygg, lendhrygg og mjaðmagreind. Í kjölfarið hafi hún látið Árekstur.is vita af slysinu. Þeir hafi haft uppi á ökumanni A en ekki náð sambandi við hann vegna skýrslunnar. M telur atvikið sannað þar sem fyrir liggi að hún fór á bráðadeildina sama dag og áreksturinn varð og hún lýsi slysinu á sama hátt þar og í skýrslu til Árekstur.is. Þá er vísað til dómafordæma í málum í Hæstaréttar nr. 228/2913 og 10/2015 og héraðsdóms í máli nr. E-2582/2020. Að lokum liggir fyrir tjónamat á bifreið M hjá Autocenter ehf.

Í bréfi V kemur fram að það hafi ítrekað reynt að ná í eiganda A en ekki tekist og þar sem liggi fyrir einhliða skýrsla M telur V atvikið ósannað og óhjákvæmilegt að hafna bótaskyldu.

Álit.

Í máli þessu liggur fyrir framburður M um að ekið hafi verið aftan á bifreið hennar og vottorð frá bráðamóttöku LSD dags. 2. desember 2021 um að hún hafi orðið fyrir áverkum við áreksturinn. Einnig kemur fram að hún hafi talið, þegar áreksturinn varð, að bifreiðin hennar hefði ekki skemmst eða að hún hefði hlotið skaða af árekstrinum sem skýrir vegna hún kallaði ekki til lögreglu eða aðila frá Árekstur.is á vettvang. Framburður M er skýr og samræmdur og fram kemur í skýrslu Árekstur.is að ökumaður A hafi farið af vettvangi. Þá kemur fram að hún hafi tekið mynd af bifreiðinni sem ók á hana á árekstrarstað. Það liggur ekki fyrir í málinu á hvaða hátt V reyndi ítrekað að hafa uppi á eiganda A. Það hlýtur hins vegar að teljast V nær að hafa uppi á viðskiptavini sínum til að fá afstöðu hans. Þar sem það var ekki gert og eins og þetta mál liggur fyrir, þess hversu skýr og stöðugur framburður M, að það liggur fyrir skýrsla á bráðadeild LSH, tjónamat á bifreið hennar og að hún sýnir mynd af bifreiðinni sem ók á hana verður talið sannað að bifreiðin A hafi ekið aftan á bifreið.

Hvað varðar orsakatengsl milli árekstursins og áverka M þá liggur fyrir að hún hafi leitað á bráðadeild sama kvöld og áreksturinn varð. Þá liggur fyrir að M leitaði á heilsugæslu í júlí 2020 vegna bakverkja/mjaðmaverkja og að hún hafi verið í meðferð vegna þess hjá sjúkraþjálfara og kírópraktór. Tekið er undir með V að ekki sé unnt að fullyrða, án þess að sérstakt mat fari fram afleiðingum slyssins á M, að meiri líkur en minni sé á að einkenni M tengist slysinu. Í því sambandi er litið til þess að skemmdir á bifreið M voru mjög litlar. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu veita mjög takmarkaðar upplýsingar um líkamstjón M og varpa ekki fyllilegu ljósi á hvort þau megi rekja til árekstursins. Þannig liggur ekki fyrir nein matsgerð um líkamstjón M. Meginregla um sönnun í skaðabótarétti gera ráð fyrir að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M því að bera hallan af þeim sönnunarskorti sem að framan greinir. Með vísan til þess verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

V er hins vegar bótaskylt vegna ökutækisins B.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík, 4. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 162/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Húseigandaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M , dags. 22. júní 2022 ásamt myndum.
4. Tölvupóstur V, dags. 27. júní 2022

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að tjón hafi orðið á bifreið hennar 25. febrúar 2022 þegar ruslatunnur í eigu X hafi fokið á bifreiðina í vondu veðri. Einnig liggur fyrir upptaka sem sýnir aðstæður á vettvangi.

M telur X bera skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og vísar til þess að frágangur ruslatunna hafi verið ófullnægjandi. Þær hafi verið í opnu tunnuskýli þar sem hafi verið laust band við tunnurnar en ekkert ofan á þeim til að varna því að þær fykju upp og vísar M til ljósmynda máli sínu til stuðnings. Einnig vísar M til þess að tunnurnar hafi verið tómar þar sem X hafi dvalið langdvölum erlendis sl. vetur og þannig meiri hætta á því að þær fykju. M gerir einnig athugasemdir við að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir af hálfu X að setja ruslatunnur í sérstakt skjól á þeim tíma, eins og hún hafi sjálf gert með sínar tunnur, auk þess sem X hafi viðurkennt ábyrgð sína með því að greiða sjálfsábyrgð kaskótryggingar eiganda annarrar bifreiðar sem varð fyrir tjóni með svipuðum hætti.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur tjón rakið til óveðurs sem ekki hafi ráðist við, en ekki til saknæmrar háttsemi X. V bendir á að ruslatunnur hafi einnig fokið hjá M sjálfri, sem búi tveimur húsum frá X. V bendir einnig á að frágangur X hafi verið þannig að band hafi verið strengt yfir ruslatunnur X með svörtu bandi. Einnig vísar V til þess að það sé reynsla félagsins að almennt verði ruslatunnur ekki fyrir svo miklu tjóni og á tjónsdegi og bendi það til mikils veðurofsa sem hafi verið á landinu þennan dag.

Álit.

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að ruslatunnur í eigu X fuku á bifreið M hinn 25. febrúar 2022. Á þeim tíma gekk óveður yfir landi og m.v. árstíma verður að gera þær kröfur til húseiganda að þeir gæti að lausum munum, svo sem ruslatunnum, sérstaklega ef þær eru tómar. Þó X hafi verið með sínar tunnur í sérstöku tunnuskýli verður að telja m.v. aðstæður og árstíma að það að setja band við tunnurnar, án þess að gera frekari ráðstafanir til að fergja tunnurnar, hafi falið í sér ófullnægjandi ráðstafanir hjá X sem húseiganda. Ekki hefur verið hrakið að X hafi dvalið erlendis sl. vetur og hvíldi því sú skylda á honum að láta gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr fokhættu á meðan hann gat það ekki sjálfur. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki að 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eigi ekki við, þ.e. að bifreið M hafi verið vátryggð með munatryggingu á tjónsdegi takmarkast skaðabótaréttur M sem þeim bótum nemur.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V að því marki sem 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 takmarkar ekki þann rétt.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 165/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Vafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar. Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot dags. 21. janúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 23. júní 2020 hafi M, við vinnu sína um borð í skipi X, slasast við að taka upp troll. Hafi hann verið að lása dauðalegginn úr hleranum, tekið í hann með vinstri hendi og þá fengið skyndilegan hnykk á handlegginn og öxlina. M hafi strax látið vita og hafi atvikið verið skráð í skipsdagbók. Hafi M eftir þetta haft viðvarandi verki en þó haldið áfram störfum til loka veiðiferðarinnar. Hinn 5. júlí 2020 hafi hann leitað til læknis og greint frá meiðslunum, og í kjölfarið hafi hann leitað til sjúkraþjálfara og lýst atvikum svo að hann hafi fengið slink á öxlina þegar hann var að draga inn þungan hluta af trolli. Einkenni M hafi farið versnandi og áverkavottorð hafi verið gert á heilsugæslu hinn 23. september 2020. Ljóst sé því að M hafi hlotið áverka á vinstri upphandlegg og öxl þegar hann fékk hnykk á höndina er hann tók í svokallaðan dauðalegg, sem sé stífur og sterkur trollvír. Þó engin vitni hafi verið að atvikinu hafi það verið skráð í skipsdagbók og M verið stöðugur í frásögn sinni. Standist því ekki skoðun að hafna bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna á grundvelli þess að atvikið teldist ósannað, eins og V hafi gert í höfnunarbréfi sínu dags. 13. apríl 2021. Allar lýsingar beri þá með sér að um slys í skilningi vátryggingaréttar hafi verið að ræða, þ.e. skyndilegt utanaðkomandi atvik. Það að M hafi fengið „slink“ á öxlina verði ekki túlkað öðru vísi en svo að einhver utanaðkomandi truflun hafi orðið á hreyfingu hans. V hafi þá ekki sýnt fram á að sú truflun hafi orðið vegna einhvers innra ástands í líkama M. M geti þá ekki borið ábyrgð á knappri skráningu lækna á atvikum, en í læknisvottorði um komu hans á heilsugæslu hinn 5. júlí 2020, sé alls ekki greint frá öllu sem fram kom við skoðun. Á óvinnufærnivottorði dags. 11. ágúst 2020 hafi þá verið ranglega merkt við að óvinnufærni væri til komin vegna „sjúkdóms“ en M ekki inntur eftir því hvað olli óvinnufærni hans. Er þess á grundvelli framangreinds krafist að úrskurðað verði um óskertan bótarétt M úr slysatryggingu sjómanna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið fallist á að sýnt sé fram á að M hafi fengið verk í öxl sína við vinnu sína. Hins vegar sé deilt um með hvaða hætti nákvæmlega það hafi gerst, hvort um sé að ræða atvik sem falli undir skilgreiningu slysahugtaksins og hvort þau einkenni sem M lýsi hafi sannarlega orsakast af því atviki. Í útdrætti úr skipsdagbók 23. júní 2020 komi fram að M hafi verið að toga í dauðalegginn og sagst hafa fengið tak í öxlina. Veður hafi verið hægt og engin vitni að atvikinu. Um sé að ræða frásögn sem höfð sé eftir M sjálfum og einu samtímagögnin um tildrög meiðsla hans. Sama frásögn sé tekin upp í tilkynningu til Sjúkratrygginga. Hafi M fyrst leitað læknis hinn 5. júlí 2020 og þá lýst langri sögu bakverkja og axlarmeini, en ekki minnst á að það væri að rekja til tiltekins atburðar. Hins vegar komi fram að M hafi áður gengist undir aðgerð á báðum öxlum. Í færslu vegna komu til læknis hinn 30. júlí 2020 komi þá fram að „undanfarna mánuði“ hafi M verið með versnandi verki í vinstri öxl. Hinn 19. ágúst 2020 hafi komið fram ósk frá M um leiðréttingu á óvinnufærnivottorði þannig að fram kæmi að axlarmeiðsli hans væri að rekja til slyss. Það sé í fyrsta sinn sem í sjúkragögnum hafi verið vísað til tiltekins atburðar. Í læknisvottorði vegna komu M til læknis hinn 23. september 2020 komi svo fyrst fram sú lýsing M að hann hafi fengið slink á öxlina. V telur upphaflega lýsingu M á atvikum benda til þess að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en ekki utanaðkomandi slysaatburð. Þá er því sér staklega mótmælt að „slinkur“ feli það í sér að einhver utanaðkomandi truflun hafi orðið á hreyfingu M þegar hann greip um vírinn með þeim afleiðingum að hnykkur kom á öxl hans. Slinkur eða átaksmeiðsli geti ekki sjálfkrafa talist í slys í skilningi vátryggingarskilmála og ekkert sé komið fram um að óvænt hreyfing skipsins eða annað utanaðkomandi hafi átt hlut að máli. Það hafi þá staðið M næst að koma á framfæri skýrum lýsingum á atvikum en engar frekari útskýringar hafi komið fram varðandi það hvernig umræddur slinkur kom á öxl hans og hvað hafi orsakað hann. Bendi

læknisfræðileg gögn eindregið til þess að um álagseinkenni sé að ræða, ekki síst þegar litið sé til þess að M hafi áður gengist undir aðgerðir á öxlum og að fram komi í sjúkragögnum að verkir hafi verið til staðar fyrir meint slys.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmálum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, en V1 byggir afstöðu sína á því að svo sé ekki heldur hafi verið um að ræða álagsmeiðsl. Fyrir liggur að M leitaði til læknis hinn 5. júlí 2020, og samkvæmt læknisvottorði um þá komu, dags. 12. september 2020, kom þá fram að M ætti langa sögu um bakverki og væri einnig með axlarmein, en hann hefði gengist undir aðgerð á báðum öxlum. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 25. september 2020, kemur þá fram að átak hafi komið á öxl M er hann var að taka upp dauðalegg. Í yfirlýsingu sjúkraþjálfara, dags. 22. september 2020 kemur þá fram að M hafi lýst atvikum með þeim hætti að hann hefði fengið slink á öxlina þegar hann var að draga inn þungan hlut af trolli. Sömu lýsingu er að finna í læknisvottorði dags. 23. september 2020. Þá er haft eftir M, í sjúkraskrá, að hann hafi, við komu til læknis hinn 30. júlí 2020, eða rúmum mánuði eftir umrætt atvik, fundið fyrir versnandi verkjum í vinstri öxl undanfarna mánuði. Af framansögðu má sjá að ekki er fullt samræmi í lýsingu á atvikum. Jafnvel þó fallist verði á að „slinkur“ hafi komið á öxl M umrætt sinn felur það ekki sjálfkrafa í sér að um hafi verið að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburð. Ekkert liggur fyrir um það að einhver utanaðkomandi truflun hafi orðið á hreyfingu M umrætt sinn, eða að verklag eða aðstæður hafi á einhvern hátt verið óvenjulegar, veður slæmt eða óvæntur þungi á dauðaleggnum. Þá benda gögn málsins samkvæmt framansögðu til þess að M hafi verið með einkenni frá öxlum fyrir umrætt atvik og rennir það frekar stoðum undir að um átaksmeiðsli sem rekja megi til innra ástands hans, en ekki slys í skilningi vátryggingaréttar, hafi verið að ræða. Af heildstæðri skoðun þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja þykir því ekki sýnt að um bótaskylt atvik hafi verið að ræða og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 166/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 23. febrúar 2018 um kl. 21.00 hafi M slasast er hann rann í hálku fyrir utan meðferðarstöð sem rekin er af X. Var M á göngu frá vistarverum sjúklinga yfir að kirkju sem staðsett er í um 100 metra fjarlægð. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu á þeim grundvelli að tjónið megi rekja til vanrækslu og gáleysis af hálfu starfsmanna X, en á þeirri saknæmu háttsemi ber X skaðabótaskyldu á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Þegar slysið varð hafi verið rigning og hávaðarok en dagana á undan hafi snjóað talsvert og hlánað á víxl, þannig að svellbunkar og blautur snjór voru yfir öllu svæðinu. Aðstæður hafi verið varhugaverðar en þátt fyrir það hafi skjólstæðingum X verið gert að fara gangandi frá meðferðarkjarnanum yfir í kirkjuna. Malarplanið hafi verið þakið svelli, blautt og flughált og hafi hvorki verið sandborið né saltað áður en haldið var út. Mannbroddar hafi ekki verið í boði né annar búnaður til að verja þá falli í hálkunni og rokinu og starfsmenn hafi ekki leiðbeint sjúklingum um val á leið að kirkjunni. Hafi mæting í kirkjuna verið hluti af skipulagðri meðferðardagskrá og hafi M talið sér skylt mæta. X hafi samkvæmt lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, reglugerð nr. 786/2007 og þjónustusamningi um starfsemi sjúkrahússins, borið að tryggja aðbúnað og öryggi skjólstæðinga í meðferðarúrræðum sínum. Vísar M máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 251/2005 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3652/2011.

V tiltekur í bréfi sínu til nefndarinnar að málsaðilum beri ekki saman um það hvar atvikið átti sér stað. V vísar til upplýsinga frá X um að slysið hafi átt sér stað við kirkjuna og að samkvæmt vitni hafi M verið að stytta sér leið þvert yfir hálkusvæði í stað þess að fylgja leiðbeiningum um að ganga eftir öruggri leið ofan við bílaplan kirkjunnar. Einnig hafi M verið í kúrekastígvélum. V staðfestir að mannbroddar hafi ekki verið til staðar en sjúklingum hafi verið leiðbeint að ganga örugga leið ofan við hálkuna, meðfram gróðri enda hafi aðstæður verið óvenjulegar þetta kvöld. Skjólstæðingar X hafi séð um að hálkuverja við húsið og reyksvæði og daginn sem slysið átti sér stað höfðu skjólstæðingar X hálkuvarið svæðið að morgni til og yfir daginn eftir þörfum. Kirkjuferðir hafi verið valkvæðar og hafi M átt að vera fullljóst hvernig aðstæðurnar voru úti þennan daginn og um kvöldið. Með vísan til þessa telur V að slysið megi ekki rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að þegar atvikið átti sér stað hafi aðstæður verið óvenjulegar en mikil hálka hafði myndast á gönguleið að kirkjunni. Mátti M því vera ljóst að aðstæður voru varhugaverðar er hann gekk af stað í átt að kirkjunni. Engin gögn styðja fullyrðingar M um að fullnægjandi leiðbeiningar hafi skort eða að starfsmenn X hafi á annan hátt sýnt af sér gáleysi í störfum sínum. Telst fullyrðingin því ósönnuð og ber M hallann af þeim sönnunarskorti. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 167/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. júní 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við að renna sér niður rennibraut í skemmtigarði sem X rekur hinn 28. desember 2019. Í lögregluskýrslu eru myndir af rennibrautinni, sem er hluti af leikkastala, og lýsing á aðstæðum á slysdegi. Þar kemur einnig fram að M sagðist hafa rennt sér niður rennibrautina og farið á það mikla ferð að hún hefði stokki á rennibrautinni og skollið aftur niður og þá heyrt háan smell í bakinu á sér. Í læknisfræðilegum gögnum er áhrifum líkamstjóns M lýst, þ.e. samfallsbroti á hrygg og meðferð vegna þess. Einnig liggur fyrir mat á tímabundnum missi starfsorku og læknisfræðilegum miska M vegna atviksins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem skilyrði reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða nr. 942/2002 og viðauka hennar hafi ekki verið uppfyllt. Engar merkingar hafi verið um að rennibrautin væri eingöngu ætluð börnum, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, auk þess sem loka hefði aðgengi að henni vegna veðurs á þeim degi sem M slasaðist. Einnig vísar M til þess að haft hafi verið eftir lögreglu á vettvangi að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem lögreglan væri kvödd á vettvang vegna slyss í rennibrautinni. M telur að Reykjavíkurborg hefði átt að bregðast við hættu þar sem mikil slík fylgi því að rennibrautir séu blautar, mikið og alvarlegt tjón geti orðið, auðvelt var fyrir X að gera sér grein fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu. Það að starfsmenn X hafi ekki gert það feli í sér gáleysi af þeirra hálfu sem leiði til skaðabótaábyrgðar X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slys M sé rakið til óhappatilviljunar og ekki til skaðabótaábyrgðar X. V bendir á að ákvæði 2. mgr. 10. gr. í reglugerð um öryggi leiktækja og leiksvæða nr. 942/2002 segi að þar sem það eigi við skuli leikvallatæki sérstaklega merkt hvaða aldri barna þau séu ætluð, en ekki sé gerð krafa um að þau sé merkt þannig að þau séu einungis ætluð börnum. V telur einnig ljóst af öllum aðstæðum, það að rennibrautin sé hluti leikkastala og á leiksvæði sem skipulagt sé fyrir leik barna, að rennibrautin hafi verið ætluð börnum en ekki fullorðnum og hafi því ekki þurft að merkja það sérstaklega. V bendir einnig á að nokkur úrkoma hafi verið á slysdegi og því hafi M ekki átt að hafa dulist að það gæti verið bleyta í rennibrautinni. Einnig vísar V því á bug að fjöldi slysa hafi orðið í sömu rennibraut, enda sé það ekki stutt gögnum.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir nokkuð skýr lýsing af atvikum sem leiddu til líkamstjóns M og myndir af rennibrautinni sem hún var að renna sér niður þegar það kom til. Af þeim myndum verður ekki annað ráðið en að um hafi verið að ræða hluta leiktækja fyrir börn og verður ekki ráðið af stjórnvaldsfyrirmælum að merkja hafi þurft leikkastalann með þeim hætti sérstaklega. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að sérstök hætta hafi verið fyrir hendi þennan dag eða liggja fyrir gögn um að önnur slys hafi orðið á sama stað þannig að X hefði átt að grípa til ráðstafana til að varna mögulegum tjónum. Verður því ekki fallist á að um gáleysi af hálfu starfsmanna X hafi verið að ræða eða slys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 168/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. júní 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum þess kemur fram að M hafi hugst fara í utanlandsferð hinn 23. maí 2022. Aðfararnótt brottfarardags hafi hún hins vegar fundið fyrir flensulíkum einkennum. Þar sem hún hefði verið í óbeindum samskiptum við manneskju sem hafði nýlega greinst með Covid-19 hafi hún óttast að vera smituð af þeim sjúkdómi og ekki treyst sér í ferðina. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 25. maí 2022, segir um lýsingu á læknisfræðilegri ástæðu forfalla að um sé að ræða mikið þunglyndi og kvíða, versnun á sjúkdómnum. Hafi M krafist bóta vegna þess tjóns sem hlaust af afbókuninni úr forfallatryggingu sinni hjá V. V hafi hins vegar hafnað kröfunni á grundvelli þess að M hafi þjáðst af þunglyndi og kvíða til lengri tíma. Slík rök standist ekki skoðun enda hafi M aldrei fyrr þurft að afboða ferð vegna veikinda og hafi hún m.a. ferðast erlendis í apríl 2022, þ.e. eftir að hún bókaði ferðina sem hún hugðist fara í 23. maí 2022. Sé því ljóst að hún hafi ekki verið veik á þeim tíma. Kvíði og þunglyndi séu þess eðlis að þó viðkomandi nái sér geti veikindi komið upp síðar á lífsleiðinni, og sé þá ekki um sömu veikindi að ræða þó yfirheiti þeirra sé það sama. Í þessu tilviki hafi kvíði M tengst því að hún taldi sig vera smitaða af Covid-19 og hefði því verið gáleysi af hennar hálfu að fara eftir sem áður í umrædda ferð.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum forfallatryggingar silfurkorts, en það sé sú vátrygging sem M sé með í gildi hjá V, komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Í fyrirliggjandi læknisvottorði komi fram að M hafi hætt við ferð sína vegna mikils þunglyndis, sem hún hafi verið í lyfjameðferð vegna. Því sé ljóst að M hafi þjáðst af umræddum sjúkdómi við greiðslu staðfestingargjalds og sé bótaréttur því ekki til staðar.

Álit.

Í umræddum vátryggingarskilmálum segir að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur eru fyrirfram og fæst ekki endurgreiddur vegna ferðar sem vátryggður kemst ekki í sé ástæða þess m.a. veikindi hins vátryggða. Um takmörkun á bótaskyldu segir svo að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt. Af gögnum málsins má ráða að staðfestingargjald hafi verið greitt hinn 11. apríl 2022. Fyrirliggjandi er læknisvottorð dags. 25. maí 2022. Í umræddu vottorði er ekki fjallað um flensueinkenni þau sem M segist hafa fundið fyrir heldur er ástæða forfalla sögð vera þunglyndi og í nánari lýsingu segir að um versnun einkenna þunglyndis og kvíða sé að ræða. Þá kemur fram að M hafi verið til lyfjameðferðar vegna sama eða tengds heilsuvanda á síðustu 12 mánuðum og að ekki séu önnur atriði sem hafi áhrif á getu sjúklings til að ferðast. Jafnvel þó M hafi lengi þjáðst af þunglyndi og kvíða, með mismiklum einkennum sem hafi ekki áður haft áhrif á getu hennar til ferðalaga, verður því ekki annað ráðið af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum en að ástæða forfalla í þessa tilteknu ferð hafi verið versnun sjúkdóms sem hún þjáðist af og var í meðferð vegna við greiðslu staðfestingargjalds.

Niðurstaða.

M , á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 169/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 23. júní 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 27. júní 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu rann M í hálku á göngu frá vinnuskúr í átt að vinnuvél sinni en samanþjappaður snjór hafði gert svæðið þar sem M slasaðist flughált. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað og að aðstæður hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Gera verði þá kröfu að vinnuveitandi útvegi öryggisbúnað svo sem mannbrodda en þeir hafi ekki verið til staðar á slysdegi en eftir slysið hafi þeir verið aðgengilegir á vinnustaðnum. Hægt hefði verið að koma í veg fyrir tjónið með mannbroddum. Vísar M til þess að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins á þeim tíma sem slysið varð, líkt og skylda er til skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Verði því að leggja framburð M um atvik að slysinu og aðstæður á vettvangi til grundvallar í samræmi við margítrekaða dómaframkvæmd Hæstaréttar sbr. m.a. dóm í máli nr. 272/2008.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis M sjálfs. Bifreiðastæðið hafi verið sandað fyrr um morguninn að sú skylda verði ekki með sanngirni lögð á vinnuveitendur að þeir geri út vélar eða fólk sem framkvæmi viðstöðulausar hálkuvarnir meðan veður ganga yfir. Slík krafa sé með öllu óraunhæf. Þannig verði að teljast fullnægjandi viðbrögð við útkomu og hálku að hafa sandað fyrr um morguninn, í þessu tilviki nokkrum klukkustundum áður en atvikið varð. Hafa verði í huga að það hafi byrjað að snjóa á meðan vinnumenn voru í hádegismat skömmu áður en atvikið gerðist. Það sé ósannað að frekari sandur hefði skilað einhverjum árangri í þeim aðstæðum sem voru á vettvangi. Það verði ekki metið X til sakar að hafa ekki á tjónsdegi verið með hálkubrodda þó svo þeir séu til staðar í dag en með því sé gengið lengra en skráðar hátternisreglur kveða á um.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu, en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er hann rann í hálku á leið sinni frá vinnuskúr að vinnuvél sinni. Slysið var ekki tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins af hálfu X en í lögregluskýrslu kemur fram að lögregla hafi haft samband við Vinnueftirlitið og hafi starfsmaður þess ekki talið þörf á að koma á vettvang. Í málinu liggur fyrir skýrsla lögreglu auk vitnisframburðar verkstjóra á vinnustaðnum sem lögmaður M lagði fram og teljast málsatvik því nægjanlega upplýst og skiptir því ekki máli fyrir sönnunarfærsluna að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu tímalega í samræmi við áskilnað 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

Samkvæmt gögnum málsins var búið að sanda bifreiðastæðið fyrr um morguninn en snjór hafði fallið í hádeginu og höfðu ökutæki sem ekið var um bifreiðastæðið þjappað snjónum niður á þann hátt að hálka myndaðist undir snjónum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um önnur slys á bifreiðastæðinu þennan dag en almennt má ekki búast við því að bifreiðastæði séu með öllu hættulaus þegar veðuraðstæður á Íslandi eru með þeim hætti sem lýst er í gögnum málsins. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Verður það ekki metið X til sakar að hafa ekki haft mannbrodda aðgengilega á vinnustaðnum á slysdegi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 171/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. maí 2021 hafi M, við störf sín sem vélsmiður eða vélvirki hjá X, verið að hífa stóra málmplötu af rennibekk. Hafi hann þrætt nælonstroffu í gegnum auga á plötunni í þeim tilgangi að hífa plötuna upp á stroffunni með búkrana. Stroffan hafði skyndilega slitnað með þeim afleiðingum að platan féll niður og lenti á M sem hlaut líkamstjón við atvikið. Var lögreglu og Vinnueftirlitinu tilkynnt um slysið og liggi skýrslur þeirra fyrir nefndinni. Í lögregluskýrslu sé því haldið fram af hálfu X að ekki hafi átt að setja stroffuna beint í augað heldur hafi átt að setja millistykki í auga plötunnar og þræða svo stroffuna í millistykkið. Í skýrslu Vinnueftirlitsins komi fram að málmplöturnar sem um ræði séu með tiltölulega skörpum kanti og það að nota hnút eða draga stroffu í gegnum lykkju á sjálfri sér rýri notagildi þeirra og slitinn hlífðarbúnaður geti skapað stórhættu. Þá komi fram kröfur um úrbætur af hálfu X. X hafi þannig verið gert að endurskoða þá þætti skriflegrar áætlunar fyrirtækisins um öryggi og heilbrigði sem varði slys M, að fara í gegnum hífingarferilinn og fræða alla starfsmenn sem mögulega komi að hífingum um afleiðingar rangrar beitingar búnaðar eða rangra vinnubragða. Að auki hafi X verið gert að koma sér upp eftirlitsáætlun með hífi- og ásláttarbúnaði með tilliti til ástands og umhirðu hans. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli þess að M hafi verið gert að vinna með vanbúið tæki auk þess sem M, sem tali ekki íslensku og mjög litla ensku, hafi hvorki fengið þjálfun við notkun tækja á vinnustaðnum né öryggisþjálfun. Umrædd stroffa hafi verið slitin og þ.a.l. hættuleg, en samkvæmt upplýsingum M hafi öllum stroffum á vinnustaðnum verið hent eftir slysið. Þá hafi X borið að sjá til þess að starfsmenn væru ekki staddir undir byrði í hífingu. Því er þá mótmælt að tjón M megi rekja til rangs verklags hans sjálfs, hann hafi ekki fengið viðeigandi öryggisþjálfun og einfaldlega sinnt verkinu með þeim hætti sem hann taldi rétt og á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann hafi fengið. Umrædd stroffa hafi verið slitin en slíkt slit sjáist ekki endilega með berum augum þó ljóst sé af ljósmyndum að hún hafi verið gömul og mikið notuð. Til að koma í veg fyrir notkun slitinna stroffa verði að yfirfara hífingarbúnaðinn en það hafi X vanrækt að gera. Jafnvel þó öðru verklagi hefði verið beitt séu því allar líkur á að slysið hefði engu að síður átt sér stað. Kröfum sínum til stuðnings byggir M á nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settum með stoð í þeim.

Í bréfi V kemur fram sú afstaða að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til vanbúnaðar á þeim búnaði sem honum var falið að vinna með eða óviðunandi þjálfunar. Orsök slyssins hafi verið sú að M þræddi stroffuna beint í augað á plötunni en ekki í gegnum hífilás eða millistykki, sem koma eigi fyrir milli stroffunar og þess sem híft er. Hið ranga verklag hafi leitt til þess að platan skarst í stroffuna með þeim afleiðingum að hún slitnaði. Ekki sé hins vegar sýnt fram á vanbúnað. M sé menntaður rennismiður og hafi hann eingöngu starfað sem slíkur hjá X. Hífilásar hafi þá verið aðgengilegir á starfsstöðinni og M áður nýtt þá með réttum hætti við umrætt verk. Í ljósi reynslu og menntunar M megi þá gera ráð fyrir að honum hafi mátt vera ljóst að óvarlegt væri að nota ekki hífilás. Auk þess hafi M fengið leiðsögn frá öðrum starfsmanni X um hvernig standa ætti að umræddu verki. Þá verði ekki séð að skortur á öryggismati vegna þessa verkþáttar hafi leitt til slyssins, en án orsakasambands leiði skortur á á öryggismati ekki einn og sér til þess að bótaskylda teljist til staðar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að stroffa sem var þrædd í gegnum auga á stálplatta slitnaði

þegar plattinn var í hífingu sem varð til þess að plattinn féll á gólfið og á M sem varð fyrir líkamstjóni. Í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins er að finna fyrirmæli til X, um að endurskoða skuli áætlun um öryggi og heilbrigði, m.a. áhættumat, vegna þessa verkþáttar, um að fara í gegnum hífingarferilinn og fræða starfsfólk um afleiðingar rangrar beitingar búnaðar eða vinnubragða og um að koma upp eftirlitsáætlun með hífi- og ásláttarbúnaði með tilliti til ástands og umhirðu. Þá segir í skýrslunni að umrædd stykki séu iðulega með skörpum kanti og að það að nota hnút eða lykkja stroffu rýri notagildi hennar og geti skapað hættu. Þrátt fyrir þessar athugasemdir er ekki að fullu ljóst af skýrslunni hvað varð til þess að stroffan gaf sig umrætt sinn og er ekki sýnt fram á að hún hafi í sjálfu sér verið vanbúin. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 18. maí 2021, er haft eftir yfirmanni hjá X að samkvæmt verklagi eigi að nota millistykki eða haus í stroffuna og tengja það í augað á plötunni. Það að stroffan hafi verið sett beint í augað umrætt sinn hafi leitt til þess að augað skarst í hana við hífingu og hún slitnaði með fyrrgreindum afleiðingum. Þá er í lögregluskýrslu að finna ljósmynd af slíkum hausum eða millistykkjum sem virðast því hafa verið aðgengileg á starfsstöðinni. Af heildstæðri skoðun þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður því að telja að ekki sé sýnt fram á annað en að slys M sé að rekja til þess að ekki var farið rétt að við hífinguna umrætt sinn. Hvað varðar mögulegan skort á þjálfun og fræðslu til M verður þá ekki litið framhjá því að ekki liggur annað fyrir en að hann hafi haft menntun og reynslu til starfans og hafi sinnt umræddu verki áður. Samkvæmt öllu framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess, eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 172/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging verk- og tæknifræðinga.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. júlí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 11. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M voru aðilar að fasteignagallamáli er varðaði fasteign sem þau keyptu í nóvember 2018 og til þess að staðreyna meinta galla hafi X verið dómkvaddur sem matsmaður þann 28. maí 2019. Í matsbeiðni dags. 23. apríl 2019 voru tölusettar spurningar í 9 liðum sem X var falið að svara og skilaði hann matsgerð sinni í júlí sama ár. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-xxx/2019, dags. 11. mars 2020, komst fjölskipaður dómur að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að leggja rakamælingar dómkvadds matsmanns til grundvallar þar sem hann notaði mæli sem mælir ekki raunverulegan efnisraka eða loftraka, heldur gefur aðeins vísbendingu um mismunandi raka. Á sama hátt var ekki talið sannað að mygla væri til staðar í gólfefnum íbúðarinnar þar sem matsmaður sendi engin sýni úr byggingarefnum til ræktunar og rannsóknar. Niðurstaða héraðsdóms var því sú að ekki væri talið sannað að húsnæði M væri haldið galla í skilningi fasteignakaupalaga. M áfrýjuðu til Landsréttar og lagði lögmaður þeirra fram nýja matsbeiðni fyrir Landsrétti þann 16. júlí 2020 þar sem farið var fram á að sami matsmaður skyldi rakamæla botnplötu fasteignarinnar með rakamæli sem mælir raunverulegan efnisraka og gefa álit á því hvort þannig mælt rakastig sé eðlilegt eða óeðlilegt. X skilaði af sér matsgerð fyrir Landsrétti dags. 27. október 2020 þar sem fram kom a mælingar sýndu óeðlilega hátt rakastig í botnplötu hússins. Í forsendum og niðurstöðu Landsréttar í máli nr. xxx/2020 var niðurstaða héraðsdóms staðfest m.a. með þeirri athugasemd að þykkt botnplötunnar hafi ekki verið mæld þegar matið var framkvæmt. Að mati M urðu þau fyrir fjárhagslegu tjóni þar sem X hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt matsbeiðni og lagt fram gallaðar matsgerðir. X hafi ekki notað aðferðir sem almennt eru viðhafðar eða viðurkenndar af stjórnvöldum við möt af þessu tagi. Þannig hafi hann ekki farið eftir leiðbeiningum Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins um rakamælingar í byggingum. Hafa M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu með bréfi dags. 24. maí 2022. Afstaða V byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á að X hafi valdið M tjóni, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Matsgerðirnar hafi verið unnar eftir bestu vitund og þekkingu, og í samræmi við það verklag sem almennt er viðhaft við slík möt. Ákveðið hafi verið í samráði við M að brjóta ekki upp botnplötu til þess að mæla þykkt hennar, sökum kostnaðar sem því fylgi. Einnig hafi verið ákveðið í samráði við M að senda ekki myglusýni til rannsóknar. M og lögmaður þeirra verði að leggja mat á framkomin sönnunargögn og meta í hvaða kostnað skuli leggja til að færa sönnur á fullyrðingar þeirra. M hafi þannig verið meðvitaðir um þýðingu þess að láta rannsaka myglusýni en valið að leggja ekki í þann kostnað. Á því bera M einir áhættuna.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort X hafi í störfum sínum sem dómkvaddur matsmaður valdið M tjóni sem rekja megi til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X, þannig að bótaskylda stofnist úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (eml.) afla aðilar sönnunargagna ef þeir fara með forræði á sakarefninu. Í 44. gr. eml. segir að það sé dómari sem skeri úr því hverju sinni eftir mat á þeim gögnum sem hafa komið fram í máli hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki sérstaklega um mat í þessum efnum. Það er ákvörðun sóknar- og varnaraðila í dómsmáli að ákveða hvaða sönnunargögn þeir leggja fram fyrir dómi. Matsgerðir eru meðal mikilvægustu sönnunargagna í dómsmálum og hvort sem öflun þeirra er á grundvelli XII. eða IX. kafla laganna þá er það á ábyrgð matsbeiðanda að útbúa skýra matsbeiðni þannig að hún uppfylli skilyrði laganna. Ábyrgð á framsetningu spurninga og forsendna í matsbeiðni hvílir þannig á matsbeiðendum og verður ekki annað séð en að X hafi svarað þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar í matsbeiðninni. Samkvæmt 5. mgr. 61. gr. eml. bar X að vinna verk sitt af bestu vitund og semja rökstudda matsgerð. Kveðst X hafa gert það og að allar tekið ákvarðanir um rakamælingu á botnplötu og rannsókn á myglusýnum hafi verið teknar í fullu samráði við matsbeiðendur. Hafa M ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja þeirri staðhæfingu X. Gerðu M engar athugasemdir við verklag X við rakamælingar né fóru þau fram á að myglusýni yrðu send til rannsóknar, hvorki á matsfundum né eftir að niðurstaða matsgerðanna lá fyrir. Það var ákvörðun M og lögmanns þeirra að leggja matsgerðir X fyrir dóm sem sönnunargögn í málinu. Þannig hefur það verið mat þeirra að í matsgerðunum hefði dómkvaddur matsmaður svarað þeim matsspurningum sem fyrir hann voru lagðar og að niðurstöður þeirra yrðu lagðar fram sem sönnunargögn í dómsmáli gegn seljanda fasteignarinnar. Bera M hallan sönnunarskorti í dómsmálinu, sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að dómsmálið tapaðist fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Með vísan til alls ofangreinds eiga M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 173/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: L

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að hjóla eftir göngu- og hjólastíg að Urðarbrunni í Úlfarsárdal þegar hún hafi skyndilega lent á göfflum skotbómulyftara sem voru í hárri stöðu og sköguðu út á stíginn. Höfuð M hafi skollið á göflunum með þeim afleiðingum að hún vankaðist. M telur starfsmenn L hafa sýnt af sér saknæma háttsemi með því að leggja skotbómulyftaranum á þann hátt að gaflarnir sköguðu út á götuna. V fellst að hluta til á saknæma háttsem en taldi að M ætti að bera helming tjónsins vegna aðgæsluleysis. M telur ekki rétt að hún beri sök. Hún tiltekur að dóttir hennar hafi hjólað á undan en M hafi svo lent á göfflunum, orðið fyrir meiðslum og hafi verið til meðferðar vegna afleiðinga slyssins. M mótmælir því að stígurinn hafi verið vinnusvæði og hafi V ekki lagt nein gögn fram því til stuðnings. Vinnusvæðið hafi verið hinu megin við stíginn og engar viðvaranir hafi verið. Það hafi ekki verið fyrr en eftir slysið sem M hafi vitað að það hafi verið vinnusvæði hinu megin við stíginn. Starfsmaður L hafi lagt lyftaranum tímabundið við hjólastíginn og það sé rangt að lyftarinn hafi sýnilega verið að störfum. M telur háttsemi stjórnanda lyftarans hafa verið óábyrga og gáleysislega og honum hafi borið að ganga úr skugga um að gafflar lyftarans myndu ekki skaga út á gangstíginn. M hafnar því að hún hafi átt að þekkja svæðið til hlítar þótt hún búi í grennd við svæðið.

Í bréfi V kemur fram að M hafi átt að vita um framkvæmdirnar og um mögulegar ferðir vinnuvéla um svæðið. L hafi unnið við lagfæringar gatna og göngustíga, þverana og hraðahindrana í Úlfarsárdal og nánast öll gatnamót og göngustígar við Urðarbrunn hafi verið vinnusvæði sem engum gat dulist. M hafi búið í götunni og mátti því ætla að hún þekkti svæðið vel og yfirstandandi framkvæmdir og mögulegar ferðir vinnuvéla um svæðið. Í ljósi þess hvíli enn ríkari aðgæsluskylda á M en M hafi hjólað á fullri ferð og vanrækt að sýna ítrustu varkárni og aðgæslu kringum vinnuvélarnar. Þá hafi vinnuvélin verið áberandi rauð að lit og með blikkandi viðvörunarljós. V telur M með háttsemi sinni hafa verið meðvöld að slysinu og að hún eigi að bera helming tjónsins sjálf samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar um meðábyrgð tjónþola.

Álit.

Það liggur í máli þessu að lyftarinn stóð með gaflana inn í göngustíginn þar sem M var hjólandi þegar hún lenti á göfflunum. Þrátt fyrir það að M hafi mögulega vitað að um vinnusvæði var að ræða gat hún ekki gert ráð fyrir því að gafflar á lyftaranum stæðu inn á göngu- og hjólastíginn þar sem hún var að hjóla með dóttur sinni. L verður að bera ábyrgð á því að lyftaranum sé lagt á stað þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gangandi, hlaupandi eða hjólandi sem gat mögulega staðið hætta af lyftaranum. Með því að gera það ekki sýndi starfsmaður L af sér saknæma og ólögmæta háttsemi sem L ber skaðabótaábyrgð á og er V því bótaskylt gagnvart M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu L hjá V

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 174/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. júlí 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 18. ágúst 2022.
4. Myndbandsupptaka.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 11. október 2019. Á myndbandsupptöku sem sýnir atvik ágætlega kemur fram að M lyfti granítplötu af borði og þegar hann ætlaði að ganga með hana frá borðinu rann hann með annan fótinn aftur á bak og til hliðar á gólfi og féll, þannig að granítplatan lenti ofan á hendi M.

M telur að X beri skaðabótábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem ekki hafi verið séð til þess af hálfu X að hreinsa bleytu og drullu á gólfi þess vinnurýmis sem hann var að vinna í. Í því hafi falist vanbúnaður af hálfu X í skilningi 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einng bendir M á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins eins og kveðið sé á um að X þurfi að gera í 79. gr. laga nr. 46/1980. Því eigi að leggja frásögn M til grundvallar varðandi atvik málsins og hún sé sú að orsök slyss hans sé sú að hann hafi runnið í bleytu og drullu á vinnugólfi. M bendir á í bréfi V um höfnum bótaskyldu komi fram að það hafi verið nýbúið að skipta um niðurfall í vinnurými, en haft er eftir M í málskoti að aðeins hafi verið um að ræða holu í gólfi sem safnaði í sig salli frá granítsög, sem hafi leitt til þykks lags af steindrullu á svæði í kringum borðið sem M var að vinna við. M vísar til skyldna atvinnurekanda í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 sem og reglur nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar handleika eigi byrðar, auk byggingareglugerðar og að X hafi ekki gætti nægilega að öryggi starfsmanna, eins og M, við þær aðstæður sem slysið varð. M vísar þar að auki til atvika í dómi Hæstaréttar í máli nr. 61/2006 og að X hafi mátt vera ljós hættan af því að handleika granítplötur á gólfi sem gæti verið hált.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þar sem ekki hafi verið sýnt fram á saknæmar athafnir eða athafnaleysi sem X ber skaðabótaábyrgð á. V telur það ekki hafa þýðingu í málinu að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þar sem myndband af atvikum liggi fyrir í gögnum málsins. Einnig bendir V á að M hafi starfað hjá X síðan í september 2017 og hafi því þekkt aðstæður í vinnurýminu vel. V bendir á að starfsemi X feli í sér að það sé hluti af því sem fylgir starfsemi X að stöðug bleyta sé á gólfi vinnurýmisins, þar sem vatn komi frá steinsög sem sé í gangi allan daginn. V telur að M hafi átt að vera fullkunnugt um þetta sem og í þartilgerðum skóbúnaði. Einnig vísar V til þess að nýlega hafi verið skipt um niðurfall í húsnæði X sem hafi gert það að verkum að minna vatn og óhreinindi söfnuðust á gólfið en hafði áður gerst.

Álit.

Í myndbandi sem fylgir gögnum málsins má sjá að M er rétt búinn að lyfta granítplötu með handafli, þegar hann rennur á gólfinu með þeim afleiðingum að hann fellur við og platan fer á hönd hans. Atvik sem leiddu til líkamstjóns M eru því ljós í þeim skilningi að hann rennur til á gólfi í vinnurými þar sem er verið að vinna með steinsög og að starfsmenn klæðast sérstökum skófatnaði á vinnustaðnum til þess að draga úr hættu sem fylgir slíkri starfsemi. Af atvikum á myndbandsupptöku verður ekki ráðið að óhreinindi hafi safnast sérstaklega upp vegna þess hvernig niðurfalli var komið fyrir í vinnurýminu eða að aðstæður hafi verið hættulegri en áður vegna þess. Þó frásögn M sé lögð til grundvallar málsatvikum léttir það ekki af honum sönnunarbyrði um að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar í greint sinn, eða þannig að skipulag vinnu hans hefði átt að vera öðruvísi, þ.e. að þau atvik sem hann lýsir hafi falið í sér atvik eða aðstæður sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki hefur verið sýnt fram á að rannsókn Vinnueftirlits á vettvangi hefði leitt slíkar aðstæður í ljós og ekki liggur fyrir í gögnum málsins að gólfi,

niðurfalli eða vinnulagi hafi verið breytt eftir líkamstjón M. Ekki hefur því verið verið sýnt fram á það af gögnum málsins að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 175/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. júní 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. júlí 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum kemur fram að M hafi hugst fara í utanlandsferð hinn 19. mars 2022. Hinn 18. mars 2022 tilkynnti hún ferðasala að hún kæmist ekki í ferðina vegna veikinda. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 25. apríl 2022, kemur fram að M sé með langa sögu um kvíða, en hafi lengi verið góð af honum og því talið sig ferðafæra. Hún hafi, nokkrum dögum fyrir ferðina, fengið mikið bakslag sem olli því að hún treysti sér ekki í ferðina. Með tjónstilkynningu, dags. 5. apríl 2022, krafðist M bóta úr forfallatryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns sem hlaust af afbókuninni. V hafi hafnað kröfunni á grundvelli þess að M hafi þjáðst af kvíða til lengri tíma. Í málskoti byggir M á því að þó hún hafi um árabil haft kvíða og tekið lyf vegna hans hafi hún verið með lítinn eða engan kvíða á undangengnum árum enda hafi lyfin haldið honum niðri. Hafi hún því ekki átt von á öðru en að hún kæmist í umrædda ferð. Hinn mikli kvíði sem hún fann fyrir í aðdraganda ferðarinnar hafi því í raun verið bráð og óvænt veikindi.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í skilmálum forfallatryggingar gullkorts komi fram að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður hafi þjáðst af og notið meðferðar við á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Staðfestingargjaldið hafi verið greitt í janúar 2022 en í fyrirliggjandi læknisvottorði komi fram að M hafi, sl. 12 mánuði, verið í lyfjameðferð vegna veikinda sinna. Því sé ljóst að M hafi gengist undir lyfjameðferð á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds og sé bótaréttur því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að hún hafi undanfarin ár verið við mjög góða andlega heilsu og hafi umrætt bakslag því komið henni algerlega að óvörum. Þá leggur hún fram yfirlýsingu þriðja aðila þar sem tekið er undir þær staðhæfingar.

Álit.

Í umræddum vátryggingarskilmálum segir að félagið bæti ferðakostnað sem greiddur eru fyrirfram og fæst ekki endurgreiddur vegna ferðar sem vátryggður kemst ekki í sé ástæðan m.a. veikindi hins vátryggða. Um takmörkun á bótaskyldu segir svo að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Af gögnum málsins má ráða að umrædd ferð hafi verið greidd hinn 21. janúar 2022. Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur m.a. fram að M eigi langa sögu um kvíða og hafi verið í meðferð vegna veikinda sinna á síðustu 12 mánuðum en meðferð hafi hafist á unglingsárum hennar. Þá kemur fram að veikindi þau sem ollu því að M komst ekki í umrædda ferð séu tengd fyrri veikindum eða sjúkdómum og einkenni þau sem leiddu til þess að hún gat ekki ferðast séu til samræmis við greiningu á kvíða. Jafnvel þó M hafi lengi þjáðst af kvíða, með mismiklum einkennum sem hafi ekki haft áhrif á getu hennar til ferðalaga undanfarin ár, verður því ekki annað ráðið af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum en að ástæða forfalla í þessa tilteknu ferð hafi verið sjúkdómur sem hún þjáðist af og var í lyfjameðferð vegna á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 176/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Orkuveita.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á húseign í eigu M, þegar vatnslögn hafi farið í sundur, með þeim afleiðingum að heitt vatn flæddi um húsið. Tjónið megi rekja til þeirra innheimtuaðgerða veitufyrirtækisins X að skrúfa fyrir allt rennsli inn í húsið án þess að hirða um þá hættu á frostskemmdum sem af því hlytist en til að varna tjóni hefði þurft að halda þó ekki væri nema örlitlu rennsli á lögninni. Lögnin hafi þá skemmst fyrir framan kranann sem hleypi vatni inn í húsið, en sá hluti lagnarinnar sé í eigu og á ábyrgð X. Hafi ekki verið um frostskemmdir að ræða, heldur það að lögnin hafi gefið sig vegna þrýstings, sé það einnig á ábyrgð X, enda hafi lögnin farið í sundur á samskeytum sem hafi verið illa frágengin af hálfu X sjálfs.

Í bréfi sínu til nefndarinnar gerir V í fyrsta lagi kröfu um frávísun frá nefndinni á grundvelli þess að málið sé það illa upplýst af hálfu M að það sé ekki tækt til úrskurðar, enda sé óljóst hvenær tjónið hafi orðið og í hverju það hafi falist. Þannig komi fram í tjónstilkynningu að tjónið hafi átt sér stað hinn 25. mars 2021 heitt vatn hafi flætt um húseignina í tvo sólarhringa. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi atvikið hins vegar verið skráð hinn 27. mars 2020. Hafi starfsmaður X mætt á vettvang og reynt að koma í veg fyrir leka en það hafi aðeins tekist að nokkru leyti. Erfitt hafi verið að átta sig á atvikum en að endingu hafi verið lokað fyrir heitavatnsloka á heimtaug. Engar innheimtuaðgerðir hafi staðið yfir á umræddum tíma, en vegna vanskila hafi verið þrengt að loka við stofn í götu í maí 2021, en til samræmis við verklag X hafi þá ekki verið lokað fyrir rennsli að fullu. Hafi M því hvorki sýnt fram á að innheimtuaðgerðir hafi staðið yfir á umræddum tíma né að búnaði á ábyrgð X hafi verið ábótavant, en engin gögn styðji þá fullyrðingu. Mikið frost hafi verið í aðdraganda tjónsins, og húseignin illa einangruð auk þess sem grafið hafði verið frá sökkli hennar. Þá hafi upphitun hússins ekki verið nægileg til að koma í veg fyrir að það frysi í lögnum þess. Tjón á röri sem M vitni til hafi komið til vegna þess að tengið hafi dregist til vegna þrýstings sem myndaðist við frostið.

Í andsvörum M kemur fram að hvað misræmi í dagsetningum varði þá hafi verið ritvilla í upphaflegri atvikalýsingu. X hafi skráð tjónið hinn 27. mars 2020 en M telji að þá hafi vatn þegar flætt um eignina í tvo sólarhringa. Sé því hvorki um það deilt hvenær tjónið varð né að vatn hafi flætt um húsið og valdið skemmdum á því. Enginn ágreiningur sé þá um það að tjónið megi rekja til lagnar í eigu X. Ekki sé um það að ræða að M hafi ekki kynnt hús sitt nægilega og sé ósannað með öllu að frostskemmdir hafi valdið umræddu tjóni. Skemmdin í lögninni stafi af því að plaströr hafi verið sett upp á járnrör og það valdi hættu á því að plaströrið dragist út af vegna þrýstings. Vatnslagnir eigi að þola þrýsting, hvað sem valdi honum og þar sem lagnir X þoli, samkvæmt málflutningi þess sjálfs, ekki þrýsting sé ljóst að þær séu vanbúnar. Er þá skorað á X að leggja fram þann hluta lagnarinnar sem hafi gefið sig svo sérfræðingar á vegum M geti skoðað hann.

Álit.

Samkvæmt g.-lið 1. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum skal vísa frá máli sem er það óljóst, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að það er ekki tækt til úrskurðar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki talin ástæða til frávísunar á grundvelli þessa ákvæðis, enda greinir aðila í raun ekki á um að til tjóns hafi komið eða hvenær það átti sér stað og ljóst er að krafist er bóta vegna þess tjónsatviks þó umfangið liggi ekki fyrir. Það sem aðila greinir fyrst og fremst á um er hver orsök tjónsins hafi verið og hvort X beri skaðabótaábyrgð vegna þess en almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu

ber sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki ber M því sönnunarbyrði fyrir því að tjón á fasteign þess verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Í málflutningi aðila eru reifaðar hugsanlegar ástæður þess að umrædd lögn gaf sig, þ.e. innheimtuaðgerðir á vegum X, frostskemmdir sem megi rekja til fasteignarinnar sjálfrar og lítillar upphitunar hennar, eða ófullnægjandi frágangur á vegum X. Í samskiptum M við lögmann þess er vísað til þess að M hafi verið í samskiptum við pípulagningarmeistara en engin matsskýrsla eða skriflegt álit þess aðila um orsök tjónsins liggur fyrir nefndinni. Þá nægja fyrirliggjandi ljósmyndir og myndband ekki til þess að sýnt sé fram á hvað hafi valdið því að umrædd lögn gaf sig. Hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á því hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaskyldu vegna.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 177/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. júní 2022, ásamt fylgiskjölum og myndbandsupptöku.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 14. mars 2022 hafi tjón orðið á bifreið M og fleiri bifreiðum sem stóðu mannlausar á bifreiðastæði fyrir utan vinnusvæði X. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð & öryggi um tjón sem varð á fjórum bifreiðum sem lagt var á bifreiðastæðinu þennan dag. Haft er eftir eigendum bifreiðanna að frauðplastplötur hafi fokið af vinnusvæði á vegum X og á bifreiðarnar. Að sögn M hafi hann séð erlenda starfsmenn á vegum X hlaupandi um á eftir frauðplastplötum sem voru fjúkandi um svæðið. Náðu þeir plötunum og fluttu inn á vinnusvæði sitt. Enginn framburður var tekinn af starfsmönnum X. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 4. apríl 2022.

M rekur tjón á bifreiðinni til frauðplastplatna í eigu X og að tjónið megi rekja til gáleysis af hálfu starfsmanna X sem gerðu ekki nægjanlegar ráðstafanir til þess að varna foki. Veðurviðvaranir, ýmist gular eða appelsínugular, voru í gildi fyrir þennan dag og höfðu þær verið auglýstar víða á hinum ýmsu samfélags- og fréttamiðlum. Gera verði þá kröfu til X, sem og annarra byggingaverktaka, að grípa til sérstakra ráðstafana þegar búast megi við slíkum veðurofsa sem sérstaklega er varað við og gæta þess að gengið sé þannig frá vinnusvæðum að frágangur efnis, búnaðar og tækja, skapi ekki hættu fyrir fólk eða valdi tjóni á eigum annarra. Vísar M til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 79/2019, máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ekki hafi verið sýnt fram á það með sannanlegum hætti að tjón á bifreiðunum verði rakið til þeirra platna sem fuku frá vinnusvæði X. Starfsmenn X hafi ekki orðið varir við að plötur hafi fokið á bifreiðarnar. Telja þeir að ýmislegt annað lauslegt hafi verið að fjúka frá öðrum nálægum byggingarsvæðum. Leggur V fram myndband sem sýnir mikið rusl á öðru byggingarsvæði við bifreiðastæðið. Auk þess hafi ekki verið sýnt fram á að frágangur á byggingarsvæði X hafi verið óforsvaranlegur eða til þess fallinn að valda tjóni. Há girðing er við byggingarsvæðið og var búið að fergja plöturnar. Ekki sé hægt að fyrirbyggja allt tjón vegna óveðurs og hafi plöturnar valdið tjóninu hafi tjónið orðið vegna óviðráðanlegra ytri aðstæðna sem enginn ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í gögnum málsins liggja ekki fyrir myndir af frágangi á því svæði sem framkvæmdir á vegum X voru á í apríl 2022 og engin vitni voru að tjónsatvikinu. Þannig liggja ekki fyrir ótvíræð sönnunargögn um það hvað olli tjóni á bifreið M, hvaðan það hafi fokið eða með hvaða hætti gengið var frá því efni sem fauk á bifreiðarnar í aðdraganda tjónsins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til þess frauðplastplatna á vegum X eða að frágangur þeirra hafi með einhverjum hætti brotið í bága við það sem almennt má gera ráð fyrir. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 178/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Beygt til hægri.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 30. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 8. og 9. júlí 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. júlí 2022, ásamt afriti af tölvupósti M til V dags. 27. maí 2022.

Málsatvik.
Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar vegna áreksturs sem varð milli bifreiðanna A og B hinn 26. maí 2022 merkja ökumenn við að bifreið A hafi verið beygt til hægri og skipt um akrein, en ökumaður bifreiðar B hafi ekið í sömu átt en á annarri akrein þegar árekstur varð. Á sömu framhlið er vísað til vitnis, en ekki liggur fyrir skrifleg skýrsla þess í gögnum málsins fyrir nefndinni. Ökumaður bifreiðar A segir í skýrslu sinni til V 27. maí 2022 að hún hafi verið að beygja inn í bílastæði þegar bifreið B hafi ekið hægra megin við sig, eins og verið sé að taka fram úr og ökumaður þeirrar bifreiðar hafi verið ósamvinnuþýður á vettvangi. Í gögnum málsins liggur fyrir skrifleg skýrsla ökumanns bifreiðar B sem lýsir atvikum þannig að hún hafi ekið eftir hægri akrein um Skipholt og þannig ætlað að aka beint áfram, en bifreið A hafi verið ekið frá vinstri inn í hlið bifreiðar B. Í málinu liggja einnig fyrir myndir af bifreiðum A og B sem bera þess merki að vera teknar eftir árekstur.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum, það sé einungis ein akrein í þá akstursátt sem báðir ökumenn óku og hafi ökumaður bifreiðar B ekið hægra megin fram úr bifreið A þegar M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið að taka hægri beygju inn í stöðureit.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskotið en sendi nefndinni öll gögn sem lágu fyrir hjá V vegna málsins, þar á meðal niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.

Álit.
Ágreiningur er um sakarskiptingu vegna áreksturs bifreiðanna A og B vegna áreksturs þar sem báðum bifreiðum var ekið vestur Skipholt. Við athugun á aðstæðum á vettvangi má sjá að einungis ein akrein er í þá akstursátt sem ökumenn ók en á hægri hönd eru stöðureitir bifreiðastæða. M, sem ökumanni bifreiðar A, bar skv. 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 við fyrirhugaða akstursstefnu sína til hægri inn í stöðureit að staðsetja bifreið sína sem lengst til hægri og taka hægri beygju sem næst hægri brún akbrautar, eins krappa og hægt var. Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi ekki fylgt þessum fyrirmælum með skýrum hætti. Á hinn bóginn má sjá af sömu gögnum að þar sem einungis ein akrein var í akstursátt bifreiðanna hafi ökumaður bifreiðar B þurft að gæta sérstaklega að umferð sem á undan var á akbrautinni sem ekki var ekið með skýrum hætti í vinstri beygju. Þess gætti ökumaður bifreiðar B ekki nægilega vel, auk þess hann sýndi ekki næga tillitsemi í skilningi 4. gr. umferðarlaga. Ekki liggur fyrir skrifleg skýrsla af vitni eða annað sem getur varpað ljósi á hvort annar ökumaður hafi sýnt meira gáleysi en hinn við aksturinn og skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 179/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. júní 2022, ásamt vátryggingarskírteini.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 30. apríl 2022 hafi M verið að aka á bifreiðinni X gegn grænu ljósi þegar stjórnandi rafhlaupahjóls ók gegn rauðu ljósi á bifreið M. M fékk tjón á bifreið sinni bætt úr kaskótryggingu X hjá V, en þurfti sjálf að greiða kostnað við sjálfsábyrgð og bílaleigukostnað sem V hafi ekki viljað bæta, en um hafi verið að ræða þrjá daga umfram þá fimm sem V hafi greitt fyrir. M kveðst því hafa orðið fyrir kostnaði að fjárhæð 170.003 krónur.

M telur að hún eigi ekki að bera tjón af samstuði við stjórnanda rafhlaupahjólsins þar sem hún hafi verið í fullum rétti. Einnig gagnrýnir M framkomu V og leigusala rafhlaupahjólsins.

V telur málsatvik óumdeild og megi rekja tjón á bifreið M til þess að maður á rafhlaupahjóli hafi farið gegn rauðu gönguljósi í veg fyrir bifreið M sem hafi ekið gegn grænu umferðarljósi. Ekki hafi verið gerð krafa í ábyrgðartryggingu bifreiðar M (X) vegna mögulegs tjóns á rafhlaupahjólinu eða mögulegu líkamstjóni mannsins. V vísar til þess að tjón á bifreiðinni X hafi verið greitt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar og með vísan til gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum beri vátryggingartaki sjálfur þá eigin áhættu sem komi fram í vátryggingarskírteini, sem hafi verið 136.600 krónur í vátryggingarskírteini M. Í gr. 17.4 komi síðan fram að V greiði ekki bætur vegna afnotamissis og því eigi M ekki rétt á bótum vegna bílaleigubifreiðar. V bendir einnig á að lögboðnar tryggingar bifreiðarinnar X nái ekki til tjóns á bifreiðinni sjálfri heldur sé um að ræða ábyrgðartryggingu vegna ábyrgðar eiganda ökutækis vegna tjóns þriðja manns og slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutæki. Ekki liggi fyrir upplýsingar um vátryggingar stjórnanda rafhlaupahjólsins og geti V því ekki tekið frekari afstöðu til mögulegra krafna M til bóta úr slíkum vátryggingum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bætur hafa verið greiddar vegna tjóns á bifreið M, X, úr kaskótryggingu hjá V. Samið er um það í vátryggingarsamningi, sbr. gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum, að vátryggingartaki beri sjálfur tiltekna fjárhæð í eigin áhættu, eða það sem M sjálf nefnir sem sjálfsábyrgð. Gildissvið kaskótryggingarinnar nær heldur ekki til afnotamissis, sbr. 17.4 í sömu vátryggingarskilmálum, þó V hafi mögulega greitt einhverjar bætur vegna afnotamissis umfram skyldu sína (hámark 5 daga fyrir bílaleigubifreið). M á því ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

M gæti átt sjálfstæða skaðabótakröfu á þann einstakling sem af gáleysi ók gegn rauðu ljósi inn á akbraut með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreið M. Slík skaðabótakrafa er hins vegar ekki skv. gögnum málsins varin með ábyrgðartryggingu hjá V eða öðrum vátryggingafélögum. Nefndin getur því ekki tekið frekari afstöðu til málsins skv. 3. gr. samþykkta fyrir nefndina um starfssvið hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 181/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V): (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: (A), og (C).

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 26. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 19.október 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótargögn frá V2 dags. 23. nóvember 2022.
5. Bréf V1 dags. 30. nóvember 2022.
6. Viðbótarathugasemdir M dags 1. desember 2022.
7. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. desember 2022.

Málsatvik.

Hinn 6. október 2021 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B í bílastæðahúsi við Kringluna. M telur að B beri ábyrgð á árekstrinum og vísar í málskoti til þess að ekkert sé að marka óstaðfesta og óundirritaða skýrslu Aðstoðar & öryggis. Þá hafi starfsmaður þess fyrirtækis komið á vettvang þrátt fyrir að hringt hafi verið í neyðarlínu lögreglu. Kemur fram í fylgigögnum málsins að lögmaður M hafi m.a. kvartað við Lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu svo og eftirlitsnefnd með störfum lögreglu vegna þessa.

Þar sem M setti fram athugasemdir um efni skýrslunnar var kallað eftir upptöku Aðstoðar & öryggis við meðferð málsins. Má sjá af myndbandinu að bifreiðin A stendur u.þ.b. hálf út úr ysta bifreiðastæðinu í stæðaröðinni. Má jafnframt sjá að hún og B, sem er staðsett aftan við bifreiðastæðin hafa rekist saman og eins má sjá að A hefur rekist á C, sem var kyrrstæð og mannlaus í bifreiðastæði vinstra megin við A.

Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar & öryggis er haft eftir M að hún hafi ekið inn í bílastæði en þurft að laga sig til í stæðinu. Hún hafi séð B koma akandi á móti sér til hægri. M hafi bakkað rólega úr stæðinu en þá hafi B verið beygt til hægri og á hægra afturhorn A. A hafi bara verið komin smá út úr stæðinu þegar áreksturinn varð. Við áreksturinn hafi A kastast til vinstri og á bílinn sem var í stæðinu vinstra megin. Í fyrirliggjandi myndbandi má heyra að M segist hafa verið að fara að leggja og að bakka. Síðar í myndbandinu segist hún þá hafa séð B koma akandi til hliðar við sig en hún hafi ekki séð B taka hægri beygju. Þá segir M jafnframt: „Ég kem hingað bara hérna og hugsaði að ég hafi bara verið að keyra á þetta aftur“ og bendir á kantstein við bifreiðastæðið. Einnig má heyra M segja að hún hafi verið að laga sig í stæðinu. Í viðbótaraathugasemdum M til nefndarinnar kemur fram að hún telji ekki rétt haft eftir sér í skýrslunni, hið rétta sé að hún hafi verið að laga A svo hún yrði í miðju stæðinu, hún hafi verið búin að bakka aðeins út er B var ekið á A. A hafi þá verið á leið inn í stæðið en ekki út úr því. Hún hafi þá hemlað við áreksturinn enda hafi hún talið sig hafa ekið á kantstein hægra megin við bifreiðina þegar hún ók áfram inn í stæðið. Þá hafi vinkona M verið með í för og geti hún borið um framangreint. Jafnframt kemur fram að íslenska sé ekki móðurmál M og séu svör hennar mörkuð af því, auk þess sem hún hafi verið í uppnámi í kjölfar atviksins.

Í fyrirliggjandi skýrslu er þá haft eftir B að hún hafi ekið í norðurátt í bílastæðahúsinu en svo beygt til hægri í austurátt. A, sem hafi verið B á hægri hönd, hafi þá verið bakkað út úr stæði og á B. B skiljist að M hafi verið að rétta A af í stæðinu, en þegar B hafi ekið framhjá hafi A verið að hluta til uppi á kanti. Í fyrirliggjandi myndbandi má heyra að B segist hafa verið að taka beygjuna og síðar í upptökunni kemur fram hjá henni að M hafi verið að leggja í stæðið, en hafi lagt þannig að A fór upp á gangstéttina, og hafi M verið að laga A í stæðinu þegar A var bakkað á B.

V1 sem var vátryggjandi A og C á tjónsdegi gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi er vísað til þess sem haft er eftir aðilum í fyrrgreindri skýrslu, en á grundvelli þess telji félagið ljóst að A hafi verið að bakka út úr bifreiðastæðinu í aðdraganda áreksturs. Þá styðji ákomur á bifreiðarnar jafnframt við þá afstöðu, enda hafi tjónið á B

verið á miðri hlið hans, en hefði B verið ekið á A hefði tjónið á B verið framar. Þá er því mótmælt að umrædd skýrsla Aðstoðar & öryggis sé ólögmætt sönnunargagn svo sem haldið sé fram af hálfu M.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að títtnefnd skýrsla hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Jafnframt megi ráða af gögnum málsins að B hafi í aðdraganda áreksturs verið ekki eftir rangri akrein, þ.e. þeirri vinstri, þ.e. fjær A, sem bendi til þess að B hafi „ætlað að taka sénsinn“ og komast framhjá A. Þá hafi B verið í hægri beygju er árekstur varð sem bendi til þess að til hafi staðið að sveigja framhjá A. Þá leggur M fram yfirlýsingu framangreinds vitnis sem var í bifreiðinni með M varðandi það að A hafi verið að aka inn á bifreiðastæði þegar B beygði á reinina sem A var að aka inn á stæðið af og á hægra afturhorn A.

Álit.

Eins og að framan er rakið má sjá að frásagnir ökumanna eru nokkuð nákvæmari og framsetning þeirra skipulegri í fyrirliggjandi skýrslu en í framlögðu myndbandi. Verður þó ekki talið að slíkt misræmi sé þar á milli að leiði til þess að skýrslan verði að engu hafandi. Með hliðsjón af því sem fram kemur á framlögðu myndbandi telur nefndin því, en rétt er að taka fram að nefndin tekur ekki afstöðu til umkvartana lögmanns M vegna starfa lögreglu enda slíkt utan verksviðs hennar, ekki þá ágalla á skýrslunni að ekki verði byggt á henni við úrlausn málsins. Frásögn B er sú, bæði í umræddri skýrslu og á framlögðu myndbandi, að M hafi verið að rétta A af í stæðinu þegar A var bakkað á B. Er það í sjálfu sér ekki í ósamræmi við frásögn M, en samkvæmt framansögðu verður að líta á umrædda skýrslu og framlagt myndband sem frumgögn í málinu, í framlögðu myndbandi. Þá má jafnframt heyra í umræddu myndbandi að starfsmaður Aðstoðar & öryggis dregur frásögn M saman á eftirfarandi hátt: „Ók inn í stæði, ætlaði að laga mig í stæðinu, bakkar…“ Var þeirri lýsingu ekki mótmælt af hálfu M meðan á upptöku stóð. Af þessu leiðir að það er mat nefndarinnar að A hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Verður jafnframt að telja að ákomur á bifreiðarnar séu til samræmis við þá atburðarás.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að M hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn, enda má jafnframt ráða af frásögn hennar sjálfrar að hún hafi ekki veitt B athygli eftir að B var beygt til hægri. Ber M því meginhluta sakar á umræddum árekstri.

Hins vegar verður ekki að fullu litið framhjá því að af framburði B má ráða að er hún ók framhjá, þ.e. áður en hún beygði til hægri, hafi hún séð að A var að hluta uppi á kanti. Verður því að telja að sérstakt tilefni hafi verið fyrir B að sýna tillitssemi og varúð, sbr.4. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, enda hafi B við þessar aðstæður mátt ætla að ökumaður A væri enn að athafna sig í bifreiðastæðinu og að tilefni væri því til sérstakrar aðgæslu. Ber ökumaður B því jafnframt nokkra sök á árekstri aðila.

Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt þannig að A ber 3/4 hluta sakar en B 1/4 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 3/4 hluta sakar á umræddum árekstri en ökumaður B 1/4 hluta. .

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 182/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húftrygging eftirvagns.
Skráningarnúmer: A

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. júlí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að einhvern tímann á tímabilinu 29. nóvember 2021 til 30. mars 2022 hafi orðið tjón á hjólhýsinu A, sem er í eigu M. A hafi staðið úti og hinn 30. mars 2022 hafi athygli fyrirsvarsmanns M verið vakin á því að topplúgan á A var horfin. Í málskoti kemur fram að ekki sé vitað hvað varð til þess að topplúgan fór af hjólhýsinu en líklegast sé að hún hafi fokið upp í ofsaveðri en á þessu tímabili hafi verið fimm dagar þar sem vindhraði fór yfir 30 metra á sekúndu. Það sé þá einnig hugsanlegt að óprúttinn aðili hafi brotist inn í gegnum topplúguna. Eftir að lúgan fór af húsinu hafi bleyta og snjór komist inn í hjólhýsið og sé það nú metið svo gott sem ónýtt vegna raka og myglu. Vegna tjónsins hafi M krafist bóta úr húftryggingu A hjá V en V hafnað bótaskyldu. M rökstyður kröfu sína m.a. með því að af orðalagi skilmála húftryggingarinnar megi ráða að undanþágur frá bótaskyldu séu tæmandi taldar. Verði því að líta svo á að allt sem þar er ekki klárlega undanskilið sé bótaskylt, eða sé sá skilningur til samræmis við almennan málskilning og tilgang húftryggingar. V verði þá að bera hallann af því séu einhliða samdir skilmálar óskýrir. Hvort tveggja tjón af völdum ofsaveðurs eða innbrots sé bótaskylt samkvæmt umræddum skilmálum.

Í bréfi V kemur fram sú afstaða að tjónið geti ekki fallið undir neinn þeirra bótaþátta sem fram komi í 3. gr. viðeigandi skilmála. Í málskoti komi fram að M hafi hvorki vitneskju um hvenær topplúgan tapaðist né hvernig tjónið kom til, en A hafi ekkert verið vitjað á umræddu fjögurra mánaða tímabili. Ljóst sé M hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að hafa ekki eftirlit með A þegar ofsaveður gengu yfir. Hefði viðunandi eftirlit verið með A megi ætla að hægt hefði verið að koma í veg fyrir tjón á því, í heild eða hluta.

Í viðbótarathugasemdum M er því hafnað að A hafi ekkert verið vitjað á þessu tímabili. A hafi verið staðsett í götu seljanda þess sem hafi haft auga með því, og ekkert hefði bent til skemmda á því þrátt fyrir slæmt veður. Þegar þess varð vart að topplúgan var horfin, hinn 30. mars 2022, hafi verið farið inn í hjólhýsið og tjónið uppgötvast.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að að mati félagsins komi meint eftirlit seljanda ekki í veg fyrir eftirlitsskyldu M en ljóst sé að A hafi ekki verið vitjað með öðrum hætti en þeim að seljandi eigi að hafa haft auga með því. Slíkt eftirlit með hjólhýsi úti í íslenskri veðráttu sé ekki viðunandi, en gata seljanda sé í um 12 mínútna akstursfjarlægð frá heimili eiganda M sem hefði haft góðan aðgang að A og verið í lófa lagið að sinna eftirliti.

Álit.

Í 3. gr. skilmála þeirra sem gilda um húftryggingu A hjá V eru taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin nær til. Gildissvið vátryggingarinnar er bundið við þau tilvik sem þar eru tilgreind og hvílir á tjónþola að sýna fram á að orsök tiltekins tjóns falli undir umrætt skilmálaákvæði. Af málskoti og fylgigögnum þess má ráða að ekki sé ljóst hvað varð til þess að topplúgan fór af A, sem aftur leiddi til þess að snjór og rigning áttu greiðan aðgang inn í það. Þannig telur M líklegast að það hafi gerst í ofsaveðri en að hugsanlegt sé að um innbrot hafi verið að ræða. Ekki liggur þá fyrir hvenær það hafi atvikast að topplúgan fór af A, en samkvæmt málskoti mun það hafa verið á tímabilinu 29. nóvember 2021 til 30. mars 2022. Í skilmálaákvæði 3.2 kemur fram að V bæti skemmdir sem verði á hinu vátryggða við innbrot eða tilraun til þess en að krafist sé lögregluskýrslu sem sönnunar fyrir tjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni eru engin gögn fyrirliggjandi sem geri það líklegt að um innbrot hafi

verið að ræða. Í skilmálaákvæði 3.3 segir þá að V bæti skemmdir sem verði á hinu vátryggða af völdum ofsaveðurs, þ.e. ef vindhraði fer yfir 30 metra á sekúndu. M byggir á því að samkvæmt Veðurstofu Íslands hafi mestu vindhviður í Reykjavík farið yfir 30 metra á sekúndu fimm daga á því tímabili sem A stóð úti. Það eitt og sér er ekki nægilegt til að sýna fram á að um tjón af völdum ofsaveðurs hafi verið að ræða, enda liggur ekki fyrir að topplúgan hafi fokið af A þegar vindhraði var yfir 30 metrum á sekúndu, og raunar er eins og áður segir ekki að fullu ljóst hvort hún hafi fokið af. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur M því ekki sýnt fram á að skemmdir á A megi rekja til tjónsorsakar sem tiltekin er í 3. gr. skilmála húftryggingarinnar. Þá verður orðalag eða framsetning þess ákvæðis ekki talið með þeim hætti að kalli á túlkun þess samkvæmt annarri túlkun en orðanna hljóðan. Samkvæmt framangreindu er þá ekki þörf á að taka til sérstakrar skoðunar málflutning aðila hvað varðar mögulegt gáleysi forsvarsmanna M, sbr. skilmálaákvæði 4.1 eða hvort brotið hafi verið gegn varúðarreglum 14. gr.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 183/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Ekið yfir miðlínu.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 5. júlí 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. júlí 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Siglufjarðarvegi þann 9. júní 2021 milli bifreiðarinnar A, sem M ók og bifreiðarinnar B. Lögregla var kölluð á vettvang vegna atviksins og eru skýrslur hennar og ljósmyndir meðal málsgagna. Um var að ræða mjög harðan árekstur en báðir ökumenn voru fluttir með sjúkraflugi á bráðamóttöku Landsspítalans í kjölfar árekstursins. Í lögregluskýrslu er haft eftir M á vettvangi að hún hafi verið að aka norður Siglufjarðarveg á um 90 km/klst. er hún hafi talið sig sjá pabba sinn útundan sér. Kvaðst M hafa litið af veginum í smá stund og er hún leit aftur á veginn hafi hún séð hvar B stefndi beint á hana. Ekki var hægt að taka skýrslu af ökumanni B á slysstað vegna meiðsla en skýrslutaka fór fram nokkrum dögum síðar á Landsspítalanum. Kvaðst ökumaður B hafa ekið Siglufjarðarveg og mætt þar bíl sem honum fannst stefna á hann og vera á röngum vegarhelmingi. Fyrstu viðbrögð hans voru að reyna að verja sig og forða slysi og beygja undan. Man hann ekki meira eftir slysinu eða í hvora áttina hann beygði. Í viðbótarframburðarskýrslu M hjá lögreglu kveðst hún ekki muna hvort hún hafi misst bílinn eitthvað til hliðar er hún leit af veginum.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur hana í andstöðu við gögn málsins, einfalda eðlisfræði og almennar sönnunarreglur. Telur M að rannsóknargögn, sérstaklega ljósmyndir og framburðarskýrslur, sem og rannsóknarniðurstöður lögreglu staðfesti að ökumaður B eigi að bera allan eða mestan hluta sakar sökum stórkostlegs gáleysis. B hafi beygt til vinstri inn á öfugan vegarhelming og ekið á bifreiðina A sem endaði vinstra megin út af veginum. Telur M að ökumaður B sé breskur ríkisborgari og þar með vanur vinstri handar umferð og hafi þannig ekki brugðist við aðstæðum með réttum hætti þ.e. hann hafi beygt til vinstri í stað hægri eins og eðlilegt sé í hægri handar akstursumhverfi.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Í fyrirliggjandi skýrslu rannsóknardeildar lögreglunnar kemur fram að bifreiðinni A hafi verið ekið norður Siglufjarðarveg og á sama tíma var bifreiðinni B ekið suður Siglufjarðarveg. Niðurstaða skýrslunnar er sú að miðað við frásögn ökumanna, ákomur á ökutækjunum og ummerki á vettvangi megi leiða að því líkum að M hafi litið út undan sér til vinstri eitt augnablik og ökutæki hennar þá stefnt í átt að ökutæki B sem ekið var á móti. Ökumaður B hafi upplifað A stefna á sig og brugðist við með því að koma sér undan og beygja snöggt til vinstri, yfir á öfugan vegarhelming þar sem hann hafi upplifað það að A væri á röngum vegarhelmingi. Þannig hafi orðið árekstur með ökutækjunum, örlítið vestan við miðlínu vegarins. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna skal ökutækjum ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt að nægilegt hliðarbil sé á milli þeirra. Með vísan til fyrirliggjandi niðurstöðu rannsóknar lögreglu gætti M ekki að þessu í aðdraganda áreksturs. Ekkert liggur fyrir í málinu sem styður fullyrðingar M um reynsluleysi ökumanns B af akstri í hægri handar umferð eða að viðbrögð hans við akstri M hafi verið með öðrum hætti en eðlileg viðbrögð annarra ökumanna við sömu aðstæður á sama stað. Á

grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatryggingar og með vísan til fyrirliggjandi gagna verður M sem ökumaður A því að bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 184/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. júní 2022, ásamt tjónstilkynningu M til V.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 5. júlí 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. júlí 2022, ásamt afriti af tölvupósti M til V dags. 27. maí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var við æfingar í líkamsræktarstöð X um kl. 19 hinn 19. október 2021 þegar hann kveðst hafa slasast þegar annar kapall svokallaðs „cable crossover“ tækis slitnaði með þeim afleiðingum að M féll við. M leitaði samdægurs til læknis og var þar greindur með bátsbeinsbrot og lýsir einnig bakeinkennum sem hann tengir við slysið hinn 28. október 2021.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans vegna vanbúnaðar sem hafi verið á tæki í líkamsræktarsal X og þannig hafi X ekki farið eftir fyrirmælum sem komi fram í 54. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 þar sem komi fram að rekstri starfsemi eins og X hafi með höndum skuli háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þangað koma sé sem best tryggð. Einnig bendir M á að X sé skylt að fylgjast með tækjabúnaði sínum með reglulegum sem og að skrá úrbætur í ljósi þess að fjöldi fólks sæki líkamsræktarstöð X. M telur að X eigi að bera hallann af því að hafa ekki skráð atvikið sérstaklega, ekki tryggt að myndbandsupptökur væru í gangi eða önnur gögn tryggð. Ekki hafi heldur verið gerður reki að því að fá hlutlausa aðila til að skoða umrætt tæki eftir atvikið og ekki liggi fyrir hvenær það var síðast yfirfarið af hálfu starfsmanna X. M bendir einnig á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5604/2021 þar sem stefndi var látinn bera hallann af því að hafa ekki hlutast til um að afla gagna eftir sambærilegt slys.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til upplýsinga frá X um að tækið sem M slasaðist við hafi verið viðhaldið með góðum hætti og alltaf sé skipt um kapla um leið og það sjáist á þeim og síðast hafi það verið gert í umræddu tæki einu eða tveimur árum fyrir óhappið. V telur ljóst að endingartími víra sé umtalsvert lengri en tvö ár og þannig hefði hann slitnað óvænt hjá M. V bendir einnig á að starfsmenn X noti tæki líkamsræktarsalarins á hverjum degi í störfum sínum og verði þannig strax varir við ef eitthvað er ekki í lagi. V telur ósannað að frekari rannsóknir hefðu getað leitt í ljós hvernig ástand vírsins var fyrir slysið og ekki hafi verið leitt að því líkur að slys M megi rekja til vanbúnaðar, heldur verði að telja það óhappatilvik sem X beri ekki skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur M og V snýst að nokkru leyti um hvernig ástand tiltekins líkamsræktartækis hafi verið þegar vír í því slitnaði og hvort megi rekja líkamstjón M vegna þess að vírinn slitnaði til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Við mat á því verður að líta til þess að M var þegar hann hlaut líkamstjón að sækja sér þjónustu sem X veitir gegn gjaldi. Umtalsverður fjöldi fólks notar líkamsræktartæki X á hverjum degi og þau er í þessu tilviki hægt að nota án þess að starfsmaður X kanni ástand þess í hvert skipti sem það er notað. Í ljósi þess að X rekur starfsemi þar sem vænta má fjölda fólks verða sérstaklega ríkar kröfur gerðar til X að varanlegur búnaður sé öruggur, líkt og ríkar kröfur eru gerðar skv. dómaframkvæmd til fasteignareiganda varðandi búnað fasteignar þegar um þjónustuhúsnæði eða verslunarhúsnæði er að ræða.

Þegar X fékk upplýsingar um að vír hefði slitnað í umræddu tæki tryggði X sér ekki sönnun um ástand tækisins almennt, auk þess sem X hefur ekki getað upplýst með skýrum hætti hvenær skipt var síðast um vír í tækinu og hver líftími víra er í svona tækjum. Þess vegna verður X að bera hallann af skorti á upplýsingum hvenær viðhaldi tækisins hafi verið sinnt. Ekki liggur heldur fyrir hvenær tækið var síðast

yfirfarið af starfsmönnum X með reglubundnum hætti, en það stendur X nær að sýna fram á hvernig slíkir ferlar eru hjá fyrirtækinu.

Með hliðsjón af þessu verður að líta svo á að M hafi leitt nægar líkur að því að vír hafi slitnað í því líkamsræktartæki sem hann var að nota vegna þess að eftirlit með tækinu, af hálfu X, hafi verið ábótavant. Ekki hafa verið lögð fram gögn af hálfu X sem sýna hvenær reglulegt eftirlit með tækjum fer fram og hvenær nákvæmlega því var sinnt hvað það tæki varðar sem M slasaðist við. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en ekkert liggur fyrir um að M hafi sjálfur sýnt gáleysi við notkun tækisins þannig að hann beri meðábyrgð vegna tjóns síns. Niðurstaða nefndarinnar lýtur eingöngu að bótaskyldu en felur ekki í sér niðurstöðu um umfang mögulegs líkamstjóns M.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 185/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Heiti vátryggingartaka: X

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 19. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að skólplögn í húseign M hafi stíflast í lok september 2021 og við skoðun hafi komið í ljós að lögnin hafi verið brotin. M lýsa atvikum þannig að þú hafi boðað X á staðinn og hann hafi viðurkennt ábyrgð sína og bent þeim á að hafa samband við vátryggingafélag hans V vegna málsins. M fengu mat á kostnaði við að gera við lögnina og hafa eftir matsmanni að ekki hafi „verið passað uppá að hylja lögnina með sandi“ og því hafi „grús legið á rörinu sem hefur brotið lögnina við þjöppun jarðvegs“. Í gögnum málsins liggja fyrir af hálfu M skýrsla vegna tjóns dags. 15. nóvember 2021, myndir af vettvangi og reikningar vegna kostnaðar við lagfæringu.

M telja að bótaskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þar sem X sem byggingarstjóri hafi vanrækt eftirlitsskyldur sínar. sbr. 5. mgr. 29. gr laga um mannvirki nr. 160/2010 þar sem ekki hafi verið farið eftir teikningu við byggingu húseignar þeirra sem fól í sér þau fyrirmæli að sandur skuli vera umhverfis lagnir í jörðu 100mm að þykkt. M telja að sýnt hafi verið fram á að ekki hafi verið farið eftir þeim fyrirmælum og vísa til eigin skoðunar á vettvangi, þegar grafið hafi verið niður á hina brotnu lögn. M telja að um það bil 2 cm sandlag hafi verið á lögninni og víða enginn sandur og vísa þau til mynda af vettvangi og skýrslu vegna tjóns dags. 15. nóvember 2021 því til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ósannað sé að tjón M sé hægt að rekja til skaðabótaábyrgðar byggingarstjórans X. Vísar V til ákvæða 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki þar sem kemur fram að stórfellda vanrækslu byggingarstjóra þurfi til bótaskyldu ef verulegir ágallar komi upp á mannvirki. Einnig vísar V til 7. mgr. 29. gr. sömu laga þar sem komi meðal annars fram að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð iðnmeistara, né því að þeir uppfylli skyldur sínar skv. verk- og eða kaupsamningi. V telur að þegar mokað hafi verið frá lögninni hafi 100mm (10 cm) sandlag legið ofan á henni og að það hafi verið farið eftir fyrirmælum skv. teikningu. Í gögnum frá V er einnig haft eftir X að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við lagnir eða umhverfi þeirra af hálfu byggingarfulltrúa sveitarfélagsins sem húseign M er í. Einnig vísar V til þess að starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hafi verið felld niður hjá félaginu hinn 14. apríl 2016 og hafi því verið liðin meria en fimm ár þegar tjón M var tilkynnt til V hinn 15. október 2021.

M gera, í viðbótarathugasemdum sínum í bréfi dags. 19. júlí 2022, athugasemdir við sjónarmið V um gildistíma starfsábyrgðartryggingar X þar sem þeim sjónarmiðum hafi ekki áður verið haldið fram við M. Bent er á að ekki finnist gögn um tilkynnt hafi verið um að starfsábyrgðartryggingin hafi fallið niður til vátryggingartaka eða Mannvirkjastofnunar, eins og V hefði borið að gera. Einnig bendir M á að skv. ákvæðum laga um mannvirki eigi starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra að vera í gildi í að minnsta kosti fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Ekki hafi enn verið gerð lokaúttekt á húseign M og því sé ábyrgð enn í gildi. Einnig benda M á að V hafi ekki lagt fram sönnunargögn um að 10 cm sandlag hafi verið í kringum þá lögn sem brotnaði og verði að bera hallann af því.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort sannað sé að skilyrði skaðabótaskyldu liggi fyrir varðandi störf byggingarstjóra húseignar M og hvort tjón sem varð af brotinni skólplögn sé hægt að rekja til atvika sem byggingarstjóri ber skaðabótaábyrgð á.

Hvað varðar skaðabótakröfu M á byggingarstjórann X varðar þá verður að minna á að samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem

koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþáttar sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

Þetta þýðir að sá sem heldur því fram að það séu ágallar á verki iðnmeistara sem nemi stórfelldri vanrækslu af hans hálfu og að ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit ber sönnunarbyrði um þá þætti. Í þessu máli hvílir sönnunarbyrði því á M.

Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla um tjón dags. 15. nóvember 2021. Í þeirri skýrslu er ekki vikið að því berum orðum hvernig aðstæður á tjónsstað voru heldur er eingöngu gerð grein fyrir þeim kostnaði sem áætlað er að hljótist af því að gera við lögnina. Það sem M hafa eftir matsmanni í málskoti sínu fær ekki stoð í orðalagi skýrslunnar. Ljósmyndir af vettvangi sýna heldur ekki greinilega hvernig aðstæður voru. Á móti kemur liggja heldur ekki fyrir skrifleg og skýr gögn af hálfu V um mat félagsins á aðstæðum eða tjónsskoðun. Verulegur vafi er því um atvik og þegar svo er þá verður sá sem sönnunarbyrði ber samkvæmt almennum sönnunarreglum að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Ekki verður lögð skaðabótaábyrgð á X á grundvelli fyrrnefndra laga um mannvirki af lýsingum M einum saman. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er ekki efndatrygging vegna húsbygginga heldur þarf að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi af hálfu byggingarstjóra. Ekki er af gögnum þessa máls nægilega sýnt fram á það og á M því ekki að svo stöddu rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 186/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags.15. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 30. janúar 2019 hafi A, sem M ók umrætt sinn lent í árekstri við bifreiðina B við Nauthólsveg í Reykjavík. Ekki virðist ágreiningur um að M beri alla sök á árekstrinum. M hafi strax lýst eymslum í hálsi og hafi hún leitað til læknis hinn 2. febrúar 2019 vegna einkenna sem hún rakti til árekstursins, þ.e. stífni í öxlum og hálsi en jafnframt hefði hún fengið mígreni og kastað upp í kjölfar hans. Vegna versnandi einkenna mígrenis hafi hún þá verið í samskiptum við heilsugæslu og taugasérfræðing í kjölfar árekstursins. M krafðist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna þeirra einkenna sem hún rekur til árekstursins en V hafi, með bréfi dags. 14. júní 2021, hafnað bótaskyldu með þeim rökum að félagið hefði aflað svokallaðrar PC-Crash skýrslu og niðurstöður hennar bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði hlotist af árekstrinum. M hafi ekki fellt við sig það og látið afla gagna um tjónið og mats á afleiðingum slyssins. Hafi V á öllum stigum verið haldið upplýstu um það ferli en hafnað að taka þátt í matskostnaði á grundvelli þess að félagið teldi útilokað að nokkur hefði meiðst við áreksturinn. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð um líkamstjón M, dags. 23. apríl 2022, sé varanlegur miski M 6 stig og varanleg örorka 4% en stöðugleikapunkti hafi verið náð hinn 30. apríl 2020. V hafi hins vegar, hinn 13. maí 2022, hafnað að greiða bætur á grundvelli matsgerðarinnar þar sem ekki væri fallist á það að orsakatengsl væru til staðar milli atviksins og þeirra einkenna sem M ræki til þess. M gerði athugasemdir við þá afstöðu, í tölvupósti dags. 17. maí 2022, og var sérstaklega gagnrýnt að V óskaði þá ekki eftir endurmati örorkunefndar eða dómkvaðningu í þeim tilgangi að hnekkja fyrirliggjandi matsgerð. Þá sé óeðlilegt að byggja á því að litlar sjáanlegar skemmdir hafi orðið á A þegar fyrir liggi að skemmdir hafi orðið á innra stuðarabyrði hennar og að viðgerðarkostnaður hafi verið töluverður. Þá hafi B skemmst verulega við áreksturinn og nauðsynlegt hafi verið að draga hana af vettvangi. Telur M samkvæmt öllu framansögðu að bótaskylda sé fyrir hendi enda verði að byggja á fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum hvað varðar mat á líkamstjóni en ekki einhliða aflaðra útreikninga V sem þess utan segi ekki til um áhrif áreksturs á líkama ökumanna eða farþega.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans með öllu ósönnuð. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt og áhrifin af því á líkama M hverfandi eða ekki meiri en af ýmsum daglegum athöfnum eins og að ganga niður tröppur eða setjast í stól. Bifreið M hafi þá verið afar örugg og búin öllum hugsanlegum búnaði til að tryggja að ökumenn og farþegar gangi óskaddaðir frá mun harðari árekstrum en hér um ræði. Þá er sönnunargildi fyrirliggjandi matsgerðar um líkamstjón M mótmælt enda hafi hennar verið aflað einhliða, án aðkomu V og án þess að félagið hefði aðkomu að vali á matsmönnum. M hefði getað aflað mats dómkvaddra matsmanna í stað utanréttarmats án aðkomu félagsins enda hafi slíkt mat mjög takmarkað sönnunargildi og sé með því ekki sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins og meints tjóns M. Þá sé umrædd matsgerð haldin verulegum ágöllum þar sem litið sé framhjá hlutlægum gögnum og eingöngu byggt á frásögn M á matsfundi. Hvorki sé um að ræða ný einkenni, enda hafi M þjáðst af mígreni frá unglingsárum, né verulega og marktæka versnun fyrri einkenna. M hafi leitað læknis hinn 2. febrúar 2019 en eftir það sé ekki minnst á umrætt slys í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum og sérfræðingur í heila- og taugalækningum sem M hafi leitað til í apríl 2020 geti ekki staðfest að versnun á mígreni verði rakin til þess. Séu rök þau sem sett eru fram í fyrirliggjandi matsgerð fyrir orsakatengslum samkvæmt framansögðu svo langsótt að ekki verði á þeim byggt.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram sú afstaða að V geti ekki byggt höfnun sína á því að um einhliða matsgerð sé að ræða. V hafi hafnað því að standa að sameiginlega aflaðri matsgerð, en hafi hins vegar verið gefið færi á því að koma athugasemdum á framfæri við matsmenn, og hafi félagið nýtt sér það og sent matsmönnum gögn og athugasemdir. Hafi V því tekið þátt í matsferlinu. Þá er áréttað að V hafi hvorki nýtt sér heimild til að bera matsgerðina undir örorkunefnd, sbr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 né óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til samræmis við reglur laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá er fyrirliggjandi PC-Crash skýrslu og sönnunargildi hennar sérstaklega mótmælt, auk þess sem sú skýrsla sé haldin ágalla þar sem hún miði aðeins við hluta þess tjóns sem varð á A. Að öðru leyti eru fyrir kröfur á málatilbúnaður áréttuð.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 30. janúar 2019 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, þ.e. óþæginda frá hálshrygg og versnun mígrenis, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Þrátt fyrir útreikninga sem fram koma í slíkum skýrslum gefa þær þá ekki óyggjandi algildar vísbendingar um hugsanleg viðbrögð eða áhrif á líkama þeirra sem verða fyrir árekstri. Verður því við mat á hugsanlegum orsakatengslum jafnframt að líta til annarra gagna. Fyrirliggjandi er reikningur vegna þeirrar viðgerðar sem fór fram á A í kjölfar árekstursins auk ljósmynda af bifreiðinni. Liggur fyrir að viðgerðarkostnaður nam 1.354.678 kr. og að viðgerðin náði til innri hluta framstuðarans stuðarabyrðis og krumpuhluta stuðarans og virðist því að ekki hafi aðeins verið um yfirborðsskemmdir að ræða. Af framansögðu er það því mat nefndarinnar að ekki sé útilokað að áreksturinn hafi leitt til líkamstjóns M en jafnframt liggur fyrir að töluverð ákoma varð á B við áreksturinn.

Þá liggur fyrir matsgerð sem M aflaði en fyrir liggur að V hafði tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við hana. Matsgerðin er nokkuð ítarleg og tekur til slyssins 30. janúar 2019 auk annars umferðarslyss sem M varð fyrir hinn 9. desember 2016. Með hliðsjón af sjúkrasögu M er það ályktun matsmanna að meiri líkur en minni séu til þess að ákveðin versnun á mígrenieinkennum M hafi átt sér stað við síðara slysið, köst séu tíðari en áður og minna þurfi til þess að þau komi fram, enda hafi hnykkur á hálshrygg sem hún hafi fengið við áreksturinn gert M viðkvæmari fyrir. Niðurstaða matsins er sú að varanlegur miski M vegna slyssins 30. janúar 2019 sé 6 stig og varanleg örorka 4%. Kemur fram að við mat á síðara slysinu sé tekið tillit til færniskerðingar vegna fyrra slyssins. Þrátt fyrir þá ágalla sem V telur vera á umræddri matsgerð hefur það ekki neytt þess úrræðis sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga að bera matið undir örorkunefnd, né heldur hefur V aflað matsgerðar dómkvaddra matsmanna í því skyni að fá því hnekkt. Liggja því ekki fyrir nefndinni nein þau gögn sem gefa tilefni til að draga niðurstöður ofangreindar matsgerðar í efa. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að telja að M eigi rétt til bóta vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu 30. janúar 2019 á grundvelli fyrirliggjandi matsgerðar dags. 21. apríl 2022.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 187/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 4. júlí 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. júlí 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. júlí 2022.
5. Viðbótargögn, lögregluskýrsla og ljósmyndir send að beiðni nefndarinnar.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að fimmtudaginn 7. október 2021 hafi M ekið bifreið sinni, A, í hvassviðri eftir Vesturlandsvegi á Kjalarnesi við Saltvík þegar lausamöl fauk á A með þeim afleiðingum að tjón varð á bifreiðinni. Vegna þessa hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu verktakans X, sem var við vegaframkvæmdir á svæðinu. M byggir á því að vinnubrögð X hafi verið gáleysisleg og ekki til samræmis við aðstæður, veðurfar og reglugerð nr. 492/2009 um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg. Engar veðurviðvaranir hafi verið í gildi á þessum tíma og hafi M ekki sýnt af sér gáleysi við að aka umrædda leið við þær aðstæður sem uppi voru. Tjónið megi rekja til þess að X hafi sturtað möl og ýtt upp jarðvegi við aðstæður sem X mátti vera ljóst að gætu reynst hættulegar fyrir vegfarendur, en X hafi, samkvæmt framangreindri reglugerð, borið að stuðla að því að hætta á eignatjóni væri sem minnst. Umrætt sinn hafi vörubílar sturtað mjög þurri og grófri möl án þess að gerðar væru ráðstafanir til að bleyta í henni til að binda hana, né hafi verið gert hlé á framkvæmdum vegna veðurs. Ekki sé nægjanlegt að setja niður skilti sem vari við framkvæmdum og gera þannig vegfarendur sjálfa ábyrga fyrir tjóni sem rekja megi til gáleysis verktaka. M tilkynnti lögreglu samdægurs um atvikið og liggur skýrsla hennar, dags. 13. október 2021, fyrir nefndinni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi, með tilkynningu dags. 18. október 2021, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ósannað væri að X hefði sýnt af sér saknæma háttsemi eða vanrækslu. Samkvæmt verksamningi hafi X verið að byggja upp fergingar á mýrarsvæðum og til þess hafi þurft að leggja malarblandað efni á jarðveginn. Hafi X verið að sinna því verki. Merkingar um hættu á sandfoki og grjótkasti hafi verið víðs vegar um vinnusvæðið og lækkaður hámarkshraði á svæðinu. M aki, samkvæmt eigin sögn, um þetta svæði flesta daga vikunnar, og hafi því átt að vera kunnugt um aðstæður og veðurfar. Þá hafi úttekt verkfræðistofu falið í sér neinar athugasemdir við aðstæður eða aðbúnað. Ekki liggi þá fyrir nein gögn er styðji það að gera hafi átt hlé á verkinu vegna veðurs. Þess utan sé ómögulegt að sýna fram á að jarðvegsfok hafi stafað frá framkvæmdasvæðinu en ekki öðrum svæðum í kring. M hafi því ekki tekist að sýna fram á að tjón hans megi rekja til gáleysis X eða starfsmanna þess.

Í viðbótarathugasemdum M er sérstaklega áréttað að hann hafi ekki sýnt af sér óaðgæslu við aksturinn. Um tugur ökutækja hafi skemmst á á þessum sama stað og tíma vegna sömu aðstæðna og séu margir til vitnis um umræddan atburð. Þá geti merkingar, sama hversu góðar þær eru, ekki firrt X ábyrgð á tjóni sem komi til vegna aðgæsluleysis eða vanmats á aðstæðum. Starfsmönnum X hafi þá mátt vera kunnugt um aðstæður á svæðinu og gera sér grein fyrir að þurr og gróf möl sem sturtað var í hátt vegarstæði rétt við þjóðveginn gæti fokið á akbrautina og bifreiðar sem ættu leið um. Þá hafi bæði verið bætt úr merkingum og verklagi eftir umræddan dag. M hafi hvorki fyrr né síðar lent í foktjóni á Kjalarnesi. Umrætt sinn hafi malarskafl hins vegar skollið af krafti á bifreið hans og sé samkvæmt öllu framansögðu ljóst að tjón hans verði rakið til aðstæðna og aðgerða á verkstað umrætt sinn og skuli því bætt úr ábyrgðartryggingu X.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki ber M því sönnunarbyrði fyrir því að tjón á bifreið hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Ekki virðist ágreiningur um að tjón hafi orðið á A hinn 7. október 2021, þegar henni var ekið eftir Vesturlandsvegi við Saltvík á Kjalarnesi. Þá er óumdeit að vegaframkvæmdir voru á því svæði og að varað hafi verið við þeim með skiltamerkingum. Hins vegar liggja ekki nein frekari gögn fyrir nefndinni, vitnisburðir, ljósmyndir eða annað sem styðji frásögn M af aðstæðum og atvikum við umrætt tjón. Hefur nefndin því ekki undir höndum gögn er sýni fram á hugsanlegt gáleysi X við umrædda framkvæmd, það er að frágangur jarðefna eða annað verklag á vegum X hafi verið andstæð venju eða því sem almennt megi gera ráð fyrir við framkvæmdir sem þessar. Þá liggja heldur ekki fyrir nefndinni nein gögn er styðji það að veðuraðstæður hafi verið með þeim hætti að varhugavert hafi verið að halda verkinu áfram. Hefur samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 189/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Aftanákeyrsla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 5. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 11. júlí 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Reykjanesbraut við Blesugróf þann 28. maí 2022 milli bifhjólsins A, sem M ók og bifreiðarinnar B. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu var báðum ökutækjunum ekið á hægri akrein Reykjanesbrautar til norður, bifreiðin B á undan bifhjólinu A, er bifreiðin B þurfti að hemla skyndilega vegna skóflu sem skaust yfir á hægri akreinina undan bifreið sem ekið var eftir miðakrein Reykjanesbrautar. Kveðst M í framburði sínum hjá lögreglu ekki hafa haft mikinn tíma til þess að bregðast við og tekið í bremsurnar og runnið á hliðina með þeim afleiðingum að A rann aftan á B.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála þeirri niðurstöðu og sig ekki bera ábyrgð á tjóninu þar sem hann hafi ekki getað forðað árekstri. Árekstur hafi verið óumflýjanlegur enda hafi B stöðvast á akreininni af ófyrirsjáanlegum orsökum og án sjáanlegs aðdraganda. Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, kemur fram að félagið skili ekki inn frekari greinargerð vegna málsins.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögreglu ók M aftan á bifreiðina B sem hafði stöðvað skyndilega vegna skóflu sem skaust undan bifreið sem ekið var á miðakrein Reykjanesbrautar. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það hvernig skóflan komst upprunalega á veginn eða undan hvaða bifreið hún skaust. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Þessu gætti M ekki að í aðdraganda áreksturs og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 190/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sumarhúsatrygging

Gildissvið vátryggingar. Upplýsingaskylda vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. júní 2022, ásamt vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. apríl 2022 hafi M tilkynnt V um vatnstjón vegna frostskemmda á kaldavatnslögn innanhúss í sumarhúsi sínu. M telur frostsprungutjónið vera rakið til rafmagnsbilunar. V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til gildissvið sumarhúsatryggingar M hjá V, Sumarhúsatryggingar 1, en þar komi ekki fram að félagið bæti tjón vegna frostskemmda. Það komi hins vegar fram í sumarhúsatryggingum sem kallaðar séu 2 og 3, en slíka vátryggingu hafi M ekki haft á tjónsdegi.

M telur að vátryggingarskilmálar sumarhúsatryggingar sinnar séu óskýrir þar sem frostskemmdir séu ekki taldar sérstaklega upp sem atvik sem undanþegin séu bótaskyldu í liðum a-e í gr. 10.1. M telur að óskýr framsetning í vátryggingarskilmálum eigi að leiða til þess að þeir séu túlkaðir honum í hag þar sem V semji skilmála einhliða og 1. mgr. 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 geymi fyrirmæli um að slíka samninga skuli túlka neytendum í hag. Einnig bendir M á að þegar hann hafi keypt vátryggingar hjá V snemma á árinu 2020 þá hafi hann tekið sérstaklega fram að hann vildi sambærilega vátryggingarvernd og hann hafði haft hjá öðru vátryggingafélagi. M kveður sölumann V hafa fullvissað sig um að svo væri sem og að hann hafi ekki kynnt M möguleika á að kaupa sumarhúsatryggingu 2 eða 3.

V hefur, eins og áður segir, hafnað því að greiða bætur úr sumarhúsatryggingu 1, sem M hafði fest kaup á þegar tjón hans varð hinn 13. apríl sl. og vísar til gildissviðs þeirrar vátryggingar sem tæmandi sé talið í 2. gr. skilmálann. Þar komi ekki fram að vátryggingin taki til frostskemmda og þegar af þeirri ástæðu eigi M ekki rétt til bóta. V telur að vátryggingarskilmálar séu ekki óskýrir hvað það varðar að ekki sé talið upp í undanþáguákvæðum að frostskemmdir séu ekki hluti af gildissviði vátryggingarinnar. V telur einnig að engin gögn séu til stuðnings þeim fullyrðingum M að hann hafi viljað hafa sambærilega vátryggingarvernd og hann hafði haft hjá öðru vátryggingafélagi, auk þess sem ekki sé sannað með vátryggingarskilmálum þess félags eingöngu að M hafi haft þá vátryggingarvernd áður en hann keypti vátryggingu hjá V.

Álit.

Ágreiningur er um hvort M hafi öðlast rétt til greiðslu bóta vegna frostskemmda á sumarhúsi sínu úr sumarhúsatryggingu sinni hjá V, en sú vátrygging er merkt sem 1. Gildissvið þeirrar vátryggingar verður af stöðluðum vátryggingarskilmálum ekki skilið öðruvísi en að undir það falli ekki tjón vegna frostskemmda. Þannig naut M ekki slíkrar vátryggingarverndar á tjónsdegi.

Hins vegar verður af gögnum málsins að fjalla um hvort V hafi með réttum hætti sinnt upplýsingaskyldu gagnvart M þegar V, sem dreifingaraðili vátrygginga skv. 5.tl. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 með síðari breytingum (vsl.), gerði M tilboð í vátryggingar hinn 19. febrúar 2020.

Hvað varðar ágreining milli málskotsaðila og varnaraðila sem lýtur að vsl. kemur fram í 3. gr. samþykkta fyrir nefndina að starfssvið nefndarinnar nær meðal annars til mála sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu vátrygginga, sem og ágreinings sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í 6. gr. vsl. kemur fram að áður en vátryggingarsamningur sé gerður skuli dreifingaraðili skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavina og skv. 6. gr.a skal dreifingaraðili veita persónulega ráðleggingu og útskýra hvers vegna tiltekin vátrygging samræmist best þörfum hans. Í 7. gr. vsl. er síðan lögð sú skylda á dreifingaraðila vátrygginga að veita viðskiptavinum tilteknar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Í fyrrnefndri 7. gr. kemur einnig fram að heimilt sé að veita viðskiptavini upplýsingar á vefsvæði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í tölvupósti sölumanns V frá 19. febrúar 2020 kemur

fram að sölumaðurinn biður M um að „..yfirfara allar forsendur svo tryggingaverndin sé í samræmi við þínar þarfir.“ Í sama pósti kemur ekkert fram um að þágildandi vátryggingarvernd M hjá öðru vátryggingafélagi sé frábrugðin, hvað varðar sumarhúsatryggingu, en það tilboð sem var verið að gera M, né heldur að M standi til boða að kaupa ríkari vátryggingarvernd með sumarhúsatryggingu 2 eða 3. Verður að ætla að þó ósannað væri að M hafi óskað eftir sambærilegri vátryggingarvernd og skv. vátryggingarskilmálum annars vátryggingafélags, þar sem frostskemmdir eru hluti af gildissviði vátryggingar, að V hafi borið skylda til að upplýsa M um þá kosti sem hann hafði hjá V varðandi kaup á sumarhúsatryggingu.

Verður að líta svo á að miðað við þær ríku skyldur sem lagðar eru á dreifingaraðila vátrygginga, sbr. breytingalög nr. 61/2019, sem tóku gildi 1. ágúst 2019, að hallann af sönnunarskorti um að M hafi valið þá vátryggingarvernd sem fólst í sumarhúsatryggingu 1 umfram þá sem hann hefði getað fengið í sumarhúsatryggingu 2 eða 3, verði V að bera. V var í lófa lagið að tryggja sér sönnun um að vátryggingarvernd sú sem M keypti hjá V hafi verið keypt þannig að M hafði valið það sérstaklega að kaupa ekki vátryggingarvernd vegna frostskemmda fyrir sumarhús sitt þegar ætla má að honum hafi mátt standa önnur vátryggingarvernd til boða í sumarhúsatryggingum 2 og 3. Þar verður einnig að hafa hliðsjón af því að ekki er óvarlegt að álykta að slík tjón sé algengari en mörg önnur í sumarhúsum.

Tilvísun V til heimasíðu sinnar í tilboðsgögnum breytir ekki þessari niðurstöðu varðandi upplýsingaskyldu, auk þess sem ekki er þar t.d. vísað til staðlaðs upplýsingaskjals um vátrygginguna, skv. 10. gr. vsl.

Telst V því ekki hafa fylgt fyrirmælum vsl. vegna upplýsingaskyldu sem dreifingaraðili vátrygginga við kaup M á sumarhúsatryggingu 1 í febrúar 2020. Réttaráhrif slíks getur annað hvort verið réttur til skaðabóta eða að sá vátryggingarsamningur sem keyptur var þrátt fyrir vanrækta upplýsingaskyldu sé víkkaður út til að ná til þeirrar vátryggingarverndar sem M taldi sig hafa keypt. Nefndin tekur ekki frekari afstöðu til þess hvernig V kemur til móts við M vegna þessa máls, en telur einsýnt að V beri að gera það.

Niðurstaða.

M fékk ekki fullnægjandi upplýsingar um sumarhúsavernd af hálfu V sem dreifingaraðila vátrygginga skv. lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 191/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V): V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Framúrakstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 27. júní 2022.
3. Bréf V2 dags. 30. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. júlí 2022.
5. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 15. júlí 2022.

Málsatvik.

Hinn 17. maí 2022 varð árekstur milli A, húsbifreiðar sem M ók umrætt sinn, og dráttarvélarinnar B á Skagafjarðarvegi við Saurbæ. Var lögregla kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 17. maí 2022, fyrir nefndinni. Kemur þar fram að A hafi verið að taka fram úr B þegar B hafi farið yfir á vitlausan vegarhelming og ekið á A. Á vettvangi hafi verið óbrotin miðlína. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem taldi M bera alla sök á árekstri aðila þar eð hann hefði viðhaft ógætilegan framúrakstur á óbrotinni miðlínu. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og gerir í málskoti til nefndarinnar kröfu um að B verði látinn bera alla sök á árekstri aðila, en til vara gerir hann kröfu um að sök verði skipt milli aðila. M hafnar því að um ógætilegan framúrakstur hafi verið að ræða, enda hafi hann gefið hljóð- og ljósmerki til marks um fyrirhugaðan framúrakstur, og hafi B gefið nægt rými til framúraksturs. Framúrakstur hafi verið nauðsynlegur í ljósi þess að akstursrhaði B hafi aðeins verið 20-30 kílómetrar á klukkustund. Það hafi skapað mögulega slysahættu og hugsanlegt að aðrar bifreiðar, sem hefðu getað komið á eftir A og bifreiðinni C sem var í samfloti með henni, höfnuðu aftan á C vegna óvenjulega hægrar umferðar á vegi þar sem hámarkshraði sé 90 kílómetrar á klukkustund. Þegar framúrakstur var hafinn hafi B sveigt yfir á vitlausan vegarhelming og ekið á A. A hafnar fullyrðingu B um að hann hafi sveigt yfir á vitlausan vegarhelming í þeim tilgangi að forðast gangandi vegfarendur í vegkantinum, enda hafi engir vegfarendur verið þar. Engin ástæða hafi verið fyrir B að fara yfir miðlínu og brjóta með því gegn 24. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að sá sem verður var við að ökutæki ætli að aka fram úr vinstra megin skuli aka eins langt til hægri og mögulegt er, auk þess sem ökumenn hægfara og fyrirferðarmikilla ökutækja skuli, samkvæmt 2. mgr. 24. gr., gæta sérstaklega að umferð sem á eftir komi og auðvelda framúrakstur.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að M hafi verið valdur að árekstrinum með því að taka fram úr þar sem heil og óbrotin miðlína hafi verið á veginum. Samkvæmt 24. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289/1995 gefi óbrotin miðlína til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. Því sé þá hafnað að framúrakstur hafi verið nauðsynlegur umrætt sinn enda hefði M getað beðið þar til framúrakstur væri heimill og aðstæður til hans betri. Samkvæmt frásögn B hafi hann ekið til norðurs eftir veginum þegar hann sá gangandi vegfarendur í vegkantinum og sveigði frá þeim. Hafi B því verið brýn nauðsyn á því að sveigja yfir miðlínu. Enn fremur hafi B ekki mátt vænta þess að A væri við framúrakstur á umræddum stað og verði það því ekki metið honum til sakar að hafa ekki gætt nægilega að umferð áður en hann sveigði að hluta yfir miðlínu til að veita vegfarendum lögbundið svigrúm, sbr. 27. gr. umferðarlaga. B hafi þá frá upphafi verið stöðugur í frásögn sinni en í tjónstilkynningu hans, sem send hafi verið skömmu eftir umrætt atvik, komi fram að hann hafi sveigt frá vegna gangandi vegfarenda í vegkanti. Í meðfylgjandi tjónstilkynningu B kemur jafnframt fram að A hafi hafið framúrakstur án þess að B hefði gefið merki um að hann áttaði sig á þeim fyrirætlunum.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M því að gangandi vegfarendur hafi verið í vegkantinum, enda hefði hann aldrei reynt framúrakstur hefði svo verið. Um sé að ræða eftiráskýringu B en ferðamenn hafi verið við girðingu í um 20 metra fjarlægð frá vegkantinum.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar V2 því að um eftiráskýringu sé að ræða enda hafi framburður B alla tíð verið stöðugur hvað þetta varði. Auk þess verði að telja afar ólíklegt að M hefði séð hvort fólk væri á gangi í hægra vegkanti framan við dráttarvél með stóra vinnuvél í eftirdragi.

Álit.

Samkvæmt 24. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995, gefur óbrotin miðlína til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. Í málskoti byggir M á því að brýna nauðsyn hafi borið til þess að aka fram úr B vegna mögulegrar slysahættu. Verður ekki fallist á þær röksemdir. Að mati nefndarinnar er því ekki sýnt fram á að slík nauðsyn hafi verið til staðar auk þess sem ljósmyndir af vettvangi og aðstæðum bera með sér að sérlega varhugavert hafi verið að aka fram úr svo umfangsmiklu ökutæki á umræddum stað. Var framúrakstur því óheimill, sbr. og 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Hvað B varðar verður þá litið til þess að framburður hans um að hann hafi sveigt frá gangandi vegfarendum í vegkanti hefur verið stöðugur allt frá tjónsdegi og verður að fallast á það með V2 að óvíst sé að M hafi haft yfirsýn yfir hægri vegkant framan við B. Gegn neitun B er þá ekki sýnt fram á að hann hafi haft vitneskju um þá fyrirætlan M að aka yfir óbrotna miðlínu í þeim tilgangi að taka fram úr eða að hann hafi mátt vænta framúraksturs við framangreindar aðstæður. Verður honum samkvæmt öllu framansögðu ekki metið til sakar að hafa ekki gætt sérstaklega að A áður en hann sveigði yfir miðlínu. Er því ekki tilefni til að leggja hluta sakar á árekstri aðila á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 192/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húseigendatrygging

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. júní 2022.
2. Bréf V dags. 7. júlí 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf M dags. 15. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að raki hafi mælst í sturtuklefa í fasteign M og að flísar á baðherberginu hafi verið gamlar. M hafi því ákveðið að endurnýja baðherbergið. Þá segir að þegar búið var að fjarlægja flísar hafi komið í ljós raki í steypu og sést að leki/smit var á vatnslögn sem nauðsynlegt var að endurnýja.

M hefur gert kröfu um að fá bætur úr vatnstjónstryggingu húseigendatryggingarinnar sem hann er með í gildi hjá V vegna kostnaðar við viðgerð á pípulögninni en gerir ekki kröfur um að fá bætur vegna umskipta á flísalögn. Vísar M til þess að skv. skilmála vátryggingarinnar taki hún til skemmda á vátryggðri húseign af völdum vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Þá Vísar M til þess að í ákvæðinu komi fram að vátryggingin greiði kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilega fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Telur M að um hafi verið að ræða tjón af völdum skyndilegs og óvænts lagnaleka sem fellur undir umrætt ákvæði vatnstjónstryggingarinnar.

V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að gögn málsins, sérstaklega skoðunarskýrsla skoðunarmanns, bendi til þess að um hafi verið að ræða tæringu á tengistykki sem hafi leitt til langvarandi leka. Telur V að skilyrði skilmála vatnstjónstryggingarinnar um skyndilegan og óvæntan leka sé ekki uppfyllt. Þá vísar V til þess að skv. sérstöku undantekningarákvæði skilmálans taki tryggingin ekki til tjóns sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að miklar framkvæmdir stóðu yfir í baðherberginu þegar lekinn uppgötvaðist. Myndir bera t.a.m. með sér að búið var að fjarlægja allar flísar og innréttingar í baðherberginu. Samkvæmt skilmála vátryggingarinnar er um að ræða tryggingu sem tekur til tjóns af völdum vökva sem á upptök sín innan veggja hússins og stafar eingöngu af ófyrirsjánalegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum þess. Enn fremur tekur tryggingin til kostnaðar við uppbrot og rask sem fylgir því að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og ekki verra ástandi en hún var fyrir tjónið.

Þar sem búið var að fjarlægja allar flísar og innréttingar úr baðherberginu þegar lekinn uppgötvaðist verður að teljast ljóst að M hefur ekki orðið fyrir tjóni vegna vatnsleka úr lögninni. Þá verður ekki talið að M hafi orðið fyrir tjóni vegna uppbrots og rasks, enda var búið að brjóta að lögninni vegna þeirra framkvæmda sem stóðu yfir við endurnýjun á baðherberginu. Enn fremur er ljóst af orðalagi tryggingarinnar að kostnaður við umskipti á lögnum fellur ekki undir skilmála vátryggingarinnar, heldur einungis kostnaður vegna vatnsskemmda og uppbrots við að komast að lögnum til að stöðva vatnsleka. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu sinni hjá V vegna kostnaðar við rask og umskipti á lögninni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr.193/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júní 2022.
3. Bréf M, dags. 11. júlí 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 13. maí 2022, er haft eftir M að þann 16. júlí 2021 hafi hún lent í umferðaróhappi við Hátún 10, Reykjavík. Samkvæmt framburði M var hún farþegi á hlaupahjóli sem ekið var í suðurátt á gangstétt eftir Hátúni. Lýsir hún atvikum á þá leið að þegar hjólinu var ekið yfir götuna við innkeyrslu á bifreiðaplaninu hafi bifreiðin A komið frá planinu og farið í veg fyrir hjólið. Kvaðst M hafa lent framan á bifreiðinni og eftir það orðið aum í bakinu sem hefur valdið því að hún þurfti meðferð hjá sjúkraþjálfara. Kvaðst hún ekki muna í hvaða átt bifreiðin var að beygja frá bifreiðaplaninu né heldur hvort henni var ekið greitt eða rólega. M kvaðst ekki viss um hver hafði ekið bifreiðinni en taldi að það hefði verið karlmaður og að kona hafi verið farþegi. Fólkið í bifreiðinni hafi komið út og talað við hana, en um hafi verið að ræða rauða Mitsubishi bifreið með tiltekið bílnúmer. Aðspurð sagði M að ökumaður hlaupahjólsins væri karlmaður sem hún hefði hitt skömmu áður en hún kynni ekki nánari deili á honum og hefði ekki hitt hann aftur eftir atvikið. Þá er enn fremur haft eftir M að hún hafi farið á Heilsugæsluna í Árbæ og hitt þar heimilislækni u.þ.b. mánuði eftir atvikið þar sem ekkert var að lagast.

Lögreglan tók einnig skýrslu af ökumanni bifreiðarinnar. Aðspurð kveðst hún muna eftir atvikinu en kvað dagsetninguna sem M gaf upp ekki rétta. Atvikið hafi átt sér stað þann 9. júlí 2021 um hádegisbilið en ekki þann 16. júlí. Kvaðst ökumaður bifreiðarinnar hafa verið að koma frá bifreiðastæði fyrir húsin að Hátúni 10-12 og ekið mjög rólega að gatnamótunum með aksturssteﬁnu til hægri og byrjað að líta til vinstri og svo til hægri þegar hún sér hlaupahjólið koma mjög snögglega suður eftir göngustígnum. Segir hún hlaupahjólið með ökumann þess og farþega hafa lent fremst á hægri framenda bifreiðarinnar. Kvað hún ökumann hlaupahjólsins og farþega hafa dottið í götuna. Hún hafi því farið út úr bifreiðinni ásamt eiginmanni sínum og hugað að fólkinu. Karlmaðurinn hafi verið ökumaður hlaupahjólsins og kona farþegi. Hún kvaðst hafa boðið að aka þeim á spítala en þau afþakkað. Ökumaður bifreiðarinnar kvaðst ekki hafa rætt um meiðsl í samtali við þau og það hafi virst eins og þau vildu ekki gera mikið mál úr þessu. Kvaðst henni hafa fundist eins og fólkið á hlaupahjólinu væri í annarlegu ástandi. Kvaðst ökumaður bifreiðarinnar ekki hafa séð skemmdir á hlaupahjólinu, þá hafi engar skemmdir orðið á bifreiðinni og fólkið haldið för sinni áfram á hlaupahjólinu.

M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins og hefur hún krafist bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hjá V.V hafnaði bótaskyldu vegna atviksins með bréfi dags. 31. maí 2022 með vísan til þess að orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M hefur lýst séu ósönnuð.

Álit.

Óljóst er af gögnum málsins hvenær áreksturinn varð. Segir m.a. í tjónstilkynningu M til V að áreksturinn hafi orðið þann 16. júlí 2021. Ökumaður bifreiðarinnar fullyrðir hins vegar að atvikið hafi átt sér stað þann 9. júlí 2021. Þrátt fyrir framangreint og að teknu tilliti til gagna málsins telur nefndin nægilega sannað að umræddur árekstur hafi orðið, þó dagsetning atviksins liggi ekki fyllilega fyrir. Ágreiningur þessa máls snýr þ.a.l. einungis að því hvort rekja megi líkamleg einkenni M til árekstursins. Af fyrirliggjandi sjúkragögnum má ráða að M hafi fyrst leitað á heilsugæsluna vegna einkenna sem hún rekur til árekstursins hinn 14. október 2021, u.þ.b. þremur mánuðum eftir að atvikið átti sér stað. Í málskoti segir að M hafi leitað til heimilislæknis og fengið beiðni í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga árekstursins en engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Þá er engum samtímagögnum um málið

til að dreifa. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og þá sérstaklega með hliðsjón af því hve gögn eru af skornum skammti, verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds áreksturs og tjóns þess sem M telur sig hafa orðið fyrir. Er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 194/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: L

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M verið að bera steypuvíbrator út úr vinnuskúr við vinnu hjá L þegar hann steig á mótastífu með þeim afleiðingum að hann féll á jörðina og varð fyrir meiðslum. M tekur fram að slysið hafi átt sér stað fyrir framan vinnuskúr sem sé algeng umferðarleið. Þar séu starfsmenn iðulega að bera þung verkfæri og því meiri hætta en ella á slysi ef umferðarleiðir séu ekki greiðfærar. M telur að vátryggingartaki eða starfsmenn hans hafi ekki fylgt fyrirmælum reglna nr. 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, og vanrækslan hafi í för með sér fulla skaðabótaábyrgð gagnvart M. Þá hafi það staðið L nær að upplýsa betur um atvik að slysinu og M geti ekki borið hallan af því að Vinnueftirlitið hafi ekki sinnt þeirri lagaskyldu sinni að rannsaka slysið.

Í bréfi V kemur fram að Vinnueftirlitið hafi fengið tilkynningu um slysið og þar með hafi vátryggingartaki uppfyllt tilkynningarskyldu sína í málinu. Samkvæmt vátryggingartaka sé verklag á byggingarsvæði með þeim hætti að fyrst séu nokkur mót hífð í burtu áður en mótastífur séu losaðar frá steyptu plötunni og settar í rekka. Af mynd megi sjá að stífurnar við skúrinn séu vel sjáanlegar og raðað upp við skúrinn. M hafi verið fullkunnugt um þessa vinnu sem hafi verið í gangi þegar slys hann varð. Starfsmenn verði að sýna ákveðna aðgát vegna eðli starfsins og með vísan til fyrirliggjandi gagna telur V ekki að slysið megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða annarra atvika sem hann ber skaðabótaábyrgð á. V telur því að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit.

Það liggur í máli þessu að M vann á byggingarsvæði þegar hann hrasaði um mótastífuna. Hann mátti vita að vinna var í gangi við að losa mótastífurnar sem eru áberandi og auðvelt var að sjá þær. Þótt mótastífurnar lægju nálægt inngangi vinnuskúrsins verður ekki talið að það hafi orsakað hættu skv. gr. 1.1. í A hluta IV. viðauka reglugerðar 547/1996, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðvum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð, enda eðlilegt að gera þá kröfu til M að sýna aðgát hvar hann stígur við vinnu á byggingarsvæði. Með vísan til fyrirliggjandi gagna er ekkert sem bendir til þess að um saknæmi eða ólögmæta háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans hafi verið um að kenna að M datt. Með vísan til þess er V ekki bótaskylt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 195/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þann 15. febrúar 2022, er hann var að störfum fyrir X. Atvik voru með þeim hætti að M var að lyfta upp verkfæratösku sem var þung, u.þ.b. 10-15 kg., er hann heyrði hljóð sem mætti líkja við að brjósk sé að brotna. Í ódags. tilkynningu X til V, kemur fram að M hafi verið að teygja sig í verkfærakistu undir vinnuborði og fundið hvernig eitthvað slitnaði í innanverðum olnboga og upp í tvíhöfða. Með bréfi dags. 31. maí 2022 hafnaði V bótaskyldu úr slysatryggingu launþega á grundvelli þess að umrætt atvik félli ekki innan slysahugtaks skilmála vátryggingarinnar, þ.e. ekki hefði verið um utanaðkomandi atburð að ræða. M vísar til 5. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 og telur að atburðurinn hafi gerst á vinnutíma, alveg óvænt, án hans vilja og að Sjúkratryggingar Íslands hafi þegar samþykkt bótaskyldu.

V vísar til þess að það sé skilyrði bótaskyldu úr slysatryggingu launþega að skilyrði slysahugtaksins séu uppfyllt. Í tilviki M er ekki uppfyllt að tjónið verði vegna utanaðkomandi atburðar, heldur varð það þegar sin í handlegg gaf sig við að lyfta verkfæratösku. Vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 194/2019.

Álit.

Í 8. gr. vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða *„skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans“.* Slysahugtakið er því ekki skilgreint með sama hætti og gert er í lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga en í 1. mgr. 5. gr. laganna er hugtakið slys skilgreint svo: *„Með slysi er átt við skyndilegan óvæntan atburð sem veldur meiðslum á líkama hins tryggða og gerist án vilja hans.“* Hugtakið slys í almannatryggingarétti var ávallt samhljóða slysahugtaki vátryggingaréttar en með lögum nr. 108/2021 sem tóku gildi 24. júní 2021 var slysahugtaki almannatrygginga breytt á þann hátt að orðinu *„utanaðkomandi“* var skipt út fyrir orðið *„óvæntan“*. Þannig gera slysatryggingar almannatrygginga ekki lengur kröfu um að atburðurinn hafi verið utanaðkomandi líkt og gert er í vátryggingarétti. Lög nr. 45/2015 gera eingöngu þá kröfu að atburðurinn sé skyndilegur og óvæntur. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 108/2021 að þessi breyting sé lögð til með það í huga að ná til slysa sem rekja má til skyndilegra áverka vegna ofreynslu á líkama eða slæmrar vinnuaðstöðu t.d. þegar þungri byrði er lyft eða ýtt líkt og slys það sem hér er til umfjöllunar. Samskonar breytingar hafa ekki verið gerðar á slysahugtakinu í skilmálum V enda ná lög nr. 45/2015 ekki yfir slysatryggingar vátryggingafélaga. Vegna þessa geta komið upp atvik eins og það sem hér um ræðir þar sem líkamstjón telst vera slys á grundvelli laga um almannatryggingar en ekki á grundvelli skilmála vátryggingafélags. Með vísan til alls þessa verður ekki ráðið af lýsingum M eða öðrum fyrirliggjandi gögnum að utanaðkomandi atburður hafi valdið líkamstjóni M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðisins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 196/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Notkunarhugtak laga.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 29. janúar 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er hún féll af hestbaki, utan í hægri hlið bifreiðarinnar A og þaðan á jörðina. Hafi atvik nánar tiltekið verið þau að þegar M steig á bak hestinum við hesthús sitt hafi bifreiðinni A verið ekið eftir veginum framhjá hesthúsinu. Við það hafi hesturinn fælst og tekið af stað út á veg með fyrrgreindum afleiðingum. Á grundvelli framangreinds hafi M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A en þeirri kröfu hafi V hafnað með tölvupósti dags. 31. janúar 2022 á grundvelli þess að frumorsök slyssins yrði ekki rakin til notkunar ökutækis í skilningi laga nr. 30/2009 um ökutækjatryggingar. M er ósammála þeirri afstöðu og vísar til þess að af ljósmyndum í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið, dags. 29. janúar 2022, megi sjá hve nálægt aðliggjandi hesthúsum vegurinn sem A hafi verið ekið eftir sé. Hesturinn hafi fælst vegna hreyfingar og hávaða sem hlaust af notkun A og það sé ástæða þess að hann hafi látið óstýrilega þegar hún fór á bak. Þá rekur M að það séu hættueiginleikar ökutækja, þ.e. sem tengist fyrst og fremst hreyfingu og vélarafli þeirra, sem réttlæti þá víðtæku ábyrgð sem leiði af hinni hlutlægu ábyrgðarreglu. Ekki sé hins vegar þörf á snertingu við bifreið svo að tjón megi rekja til notkunar hennar og því skipti í raun ekki máli að M hafi lent á bifreiðinni, enda sé frumorsök tjónsins að rekja til hennar óháð snertingu. Sé skilyrðum hinnar hlutlægu ábyrgðar á annað borð fullnægt skipti þá heldur ekki máli hvort meira eða minna tjón hafi hlotist af því að M lenti á A áður en hún hafnaði á jörðinni. Á grundvelli framangreinds fer M fram á bætur úr ábyrgðartryggingu A vegna tjóns síns.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að hin hlutlæga ábyrgðarregla 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar taki aðeins til tjóns sem rekja megi til notkunar ökutækis og sönnunarbyrði þess að slíkt orsakasamband sé fyrir hendi hvíli á M. Þegar litið sé til fyrirliggjandi gagna, þ.á.m. því sem haft sé eftir vitni í lögregluskýrslu svo og frásagnar M á bráðamóttöku, virðist liggja fyrir að fall M hafi orsakast af því að hesturinn hafi látið óstýrilega þegar hún steig á bak. Ekki hafi verið sýnt fram á að hesturinn hafi látið með þeim hætti vegna truflunar af völdum A. Tilviljun ein hafi þá ráðið því að M lenti á hlið A en ekki beint á jörðinni, og ekkert bendi til þess að aukin meiðsl hafi hlotist af því, heldur bendi gögn þvert á móti til þess að A hafi dregið úr falli hennar. M beri ekki aðeins sönnunabyrði þess að slysið verði rakið til notkunar ökutækis heldur einnig þess hvaða meiðsli nákvæmlega hafi hlotist af þeirri notkun.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða ógætni ökumanns. Það hvílir þó eftir sem áður á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé rakið til notkunar ökutækis. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi verið nýfarin á bak hestinum þegar hann hafi farið af stað út á veg. Haft er eftir eiginmanni M að hann hafi séð hestinn fara strax af stað og að honum hefði fundist eins og M næði ekki að halda í hann. Haft er eftir ökumanni A að hann hafi ekið á um 5-10 kílómetra hraða eftir hesthúsagötunni og hugst leggja A við hesthús þar þegar hann heyrði dynk og sá hest hlaupa meðfram bifreiðinni. Í bráðasjúkraskrá slysadeildar, dags. 29. janúar 2021, segir þá að hesturinn hafi hrokkið með M þegar hún var við það að stíga á bak honum. Af framangreindum frásögnum verður ekki fullyrt um hvað varð til þess að hesturinn tók skyndilega af stað. Liggur þá ekkert fyrir um að hreyfing A eða hljóð sem frá henni stöfuðu, er henni var ekið eftir því sem virðist vera hefðbundin akstursleið, hafi verið slík að meiri líkur en minni séu til að hestur M hafi fælst af þeim orsökum. Verður

M að bera hallann af sönnunarskorti hvað þetta varðar. Þar sem samkvæmt framansögðu er ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til notkunar A koma önnur atriði ágreinings aðila ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 197/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. júlí 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 4. ágúst 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 26 september 2018. M ók lyftara yfir plan á vinnustaðnum þegar skúffa lyftarans lenti á ræsisloki (brunnloki) með þeim afleiðingum að lyftarinn stöðvaðist og höfuð M fór í framrúðu hans. M hlaut við þetta líkamstjón sem metið hefur verið til varanlegra afleiðinga.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem vanrækt hafi verið af hálfu X að tryggja fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum m.t.t. fyrirmæla í lögum, m.a. í 13, 14 og 37., sbr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. M telur að starfsaðstæður hafi verið óviðunandi þar sem ræsislok hafi staðið 3-4 cm upp fyrir yfirborð plansins sem hann ók eftir og það hafi ekki verið í fyrsta skipti sem það gerðist og þar af leiðandi hafi X borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna hættu á tjóni. M hafi verið að vinna verk sem fól í sér að keyra lyftara eftir plani og X hafi átt að sjá til þess að öryggi á planinu væri tryggt, sérstaklega í ljósi þess að hættan á að ræsislok stæðu upp úr planinu var þekkt á vinnustaðnum, sbr. tölvupóst forsvarsmanns X til lögmanns M, dags. 9. febrúar 2022.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur ósannað hvað olli því að ræsislokið var ekki á sínum stað á slysdegi eða hvað olli því að það hrökk upp. Það sé þekkt að slík lok geti hrokkið upp á sínum stað án þess að nokkru saknæmu sé til að dreifa og það sé hægt að gera þær lágmarkskröfur til starfsmanna að þeir hagi vinnu sinni þannig að þeir gæti varúðar og hefði M átt að sjá að ræsislokið væri ekki á sínum stað í greint sinn, áður en hann keyrði á það. V bendir einnig á að M hafi ekki verið með öryggisbelti þegar hann slasaðist, en það hefði mögulega getað komið í veg fyrir líkamstjón hans.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að sá staður sem M var að vinna á við að aka lyftara þegar hann slasaðist var á vinnustað þar sem X sem atvinnurekandi, í skilningi laga nr. 46/1980 ber ábyrgð á að tryggja öryggi og góðan aðbúnað starfsmanna sinna. Í tölvupósti frá verkefnastjóra öryggis og umbóta hjá X til lögmanns M, dags. 9. febrúar 2022 kemur fram að ekki sé dregið í efa að samstarfsmaður M hafi áður ekið sama lyftara á sama ræsislok. Ekkert kemur hins vegar fram í þeim tölvupósti að það atvik hafi verið tilkynnt sérstaklega til X þegar það átti sér stað, sbr. skyldur starfsmanna í 26. gr. laga nr. 46/1980, eða að þeim sem hefðu átt að gera sérstakar ráðstafanir af hálfu X hafi verið kunnugt um það atvik. Verður því ekki talið sannað að forsvarsmenn X hafi vanrækt að gera ráðstafanir vegna hættu á að þetta tiltekna ræsislok færðist til þannig að það stæði upp úr planinu og verður að líta svo á að líkamstjón M hafi komið til vegna óhappatilviks, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 198/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggðs (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 15. júlí 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 26. júní 2021 með þeim hætti að hann var að vinna við flatkökuskurðarvél og fingur hans klemmdist þegar hann var að hreinsa deig í í vélinni á meðan hún var í gangi. Í gögnum málsins liggja fyrir myndir af vélinni og virkni hennar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem X hafi ekki gætt þess að fyllst öryggis væri gætt á vinnustað X og fyrirtækið hafi ekki farið eftir fyrirmælum laga nr. 46/1980 þar um eða fyrirmælum í reglugerð um notkun tækja. Í bæði lögum og reglugerðinni sé kveðið á um að X eigi að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna sem og að þeir fái skýrar og réttar leiðbeiningar um notkun tækja, eins og þeirrar vélar sem M slasaðist við. M heldur því fram að þær leiðbeiningar sem hann fékk hafi falist í því að hann ætti að hreinsa hveiti og deig upp úr vélinni á meðan hún var í gangi og þess vegna hafi hann slasast. Einnig telur M að X hafi vanrækt að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins, sbr. skyldu í 79. gr. laga nr. 46/1980 og þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti um tildrög slyssins og leggja verði frásögn M til grundvallar um þau.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M hafi fengið skýrar leiðbeiningar frá X um hvernig hann ætti að vinna við flatkökuskurðarvélina. Þær leiðbeiningar hafi verið skýrar og hafi M unnið veið vélina í um 4-6 vikur áður en slysið varð og þar af fyrstu vikuna með vanan samstarfsmann sér við hlið. M hafi auk þess unnið hjá X í um átta mánuði við önnur störf þegar hann slasaðist. V vísar til ferla X um að stöðva skuli umrædda vél ef þörf krefur og ekki skuli setja hendur í pressu vélarinnar á meðan hún sé í gangi. Einnig vísar V til þess að M hefði ekki getað dulist sú slysahætta sem stafaði af því að setja hendur í vélina á meðan hún var í gangi og vísar til myndbandsupptöku af virkni vélarinnar því til stuðnings.

Álit.

Í fyrsta lagi verður að líta svo á að miðað við gögn málsins verði ekki annað séð en að atvik þau sem leiddu til slyss M séu ljós, þ.e. að fingur hans hafi klemmst í flatkökuskurðarvél. Ekki verður séð að ágreiningur sé um málsatvik hvað það varðar að vélin hafi verið vanbúin og verður frekari rannsókn af hálfu Vinnueftirlitsins ekki talin hafa getað upplýst um sérstök atvik umfram það sem liggur fyrir af hálfu M annars vegar og X hins vegar. Ætluð vanræksla tilkynningarskyldu hefur skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefur því ekki áhrif á mat á atvikum sem leiddu til slyss M.

Ágreiningur í málinu er hins vegar um efni þeirra leiðbeininga sem M á að hafa fengið áður en hann hóf störf til þessa tilteknu vél um 4-6 vikum áður en hann slasaðist. Af gögnum málsins, sérstaklega þeim gögnum sem lúta að virkni umræddrar vélar, verður ekki lagt til grundvallar, án frekari sönnunargagna, að sannað sé að M hafi fengið leiðbeiningar um að fara með hendur í vélina til að hreinsa hana þegar hún var í gangi. Augljós slysahætta er af slíku og verður X ekki talinn bera skaðabótaábyrgð á þeirri háttsemi M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 199/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína á verkstæði X þann 12. október 2021. Var hann að vinna við dælustút á verkstæði X er vinnufélagi hans, A kom til hans og sagði hann standa rangt að verkinu. Hafi A tekið ákvörðun um að sjóða hífieyra á einn hluta stútsins, þannig að hægt væri að festa hann við annan hlutann. Voru hlutirnir svo hífðir upp með krana til að auðvelda vinnuna við þá. Var M staðsettur undir stykkinu við að skrúfa það saman með loftverkfærum á meðan A sá um að halda með skrúflykli á móti boltunum sem M var að herða. Skyndilega féll stúturinn niður og lenti á M með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á vinstra hné og ökkla. Í ljós kom að hífieyrað sem hafði verið soðið á stykkið, hafði brotnað undan þyngd stykkisins. Lögregla kom á vettvang og liggur skýrsla hennar dags. 18. október 2021 fyrir í málinu. Tildrög slyssins voru ekki rannsökuð af Vinnueftirlitinu. Þann 5. janúar 2022 gerði M kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með tölvupósti dags. 29. apríl 2022.

M telur að orsök slyssins megi rekja hættulegra aðstæðna á verkstað og að verkstjórn hafi verið ábótavant. X sem vinnuveitandi M beri skaðabótaábyrgð á slysi hans vegna vanrækslu starfsmanna þess á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. Ekki hafi verið staðið rétt að verkinu, og ekki gætt að öryggi þeirra starfsmanna sem sinntu verkefninu. Telur M að samstarfsmaður hans, A, hafi gert mistök við stjórn verksins og ekki gætt að ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglum nr. 367/2006 um notkun tækja, þegar hann tók ákvörðun um að hífa dælustútinn upp, og láta alla þyngd hans hanga á eyra sem nýlega hafði verið soðið á stútinn. M hafði eingöngu unnið í fjóra mánuði á vinnustaðnum þegar slysið gerðist og treysti hann því á leiðbeiningar samstarfsmanna sinna um hvernig ætti að vinna verkið. Þá tali hann ekki íslensku og mjög takmarkaða ensku og treysti því á A í samskiptum við verkstjóra og aðra samstarfsmenn. Vísar M til þess að í tölvupósti V dags. 29. apríl 2022 kemur fram að það hafi verið A sem tók ákvörðun um framkvæmd verksins í samráði við M og að verkið hafi ekki verið rétt framkvæmt. Einnig kemur þar fram að verkstjóri hafi ekki sýnt M hvernig standa ætti að verkefinu með öruggum hætti, þar sem hann taldi verkið ekki flókið fyrir mann með sambærilega reynslu. Bendir M sérstaklega á að tildrög slyssins hafi ekki verið rannsökuð af Vinnueftirlitinu þar sem tilkynning barst ekki eftirlitinu fyrr en um tveimur mánuðum eftir slysið. Samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 hvíli sú skylda á vinnuveitanda að tilkynna öll slys til Vinnueftirlitsins án tafar þar sem starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags er slysið varð. Einnig hafi lýsing á slysinu sem sett var fram í tilkynningu til Vinnueftirlitsins röng og ekki í samræmi við það sem raunverulega gerðist. Vísað er til þess að af dómaframkvæmd megi ráða að vanræki atvinnurekandi tilkynningaskyldu sína ber hann hallan af mögulegum sönnunarskoti um þau atriði sem geta haft áhrif á sakarmat og eru talin óljós. Að lokum telur M að hann hafi ekki sýnt af sér háttsemi í aðdraganda slyssins sem telst til stórkostlegs gáleysis sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slysið megi rekja til eigin sakar M sem er menntaður stálsmiður og býr yfir 28 ára reynslu innan stálsmiðjugeirans. Hann hafi unnið við hin ýmsu störf sem stálsmiður og komi með viðamikla reynslu frá Rúmeníu, Spáni og svo á Íslandi. Gera megi ríkari kröfur til hans þar sem hann er með sérþekkingu á umræddu sviði og hafi mátt vera ljóst að suðan á hífieyranu væri ekki til þess fallin að halda fjögurra tonna stykki. Að mati X hafi allt við ferlið verið rangt þar sem eyrað var meðal annars ekki fullsoðið og í raun ónauðsynlegt að sjóða hífieyra til að framkvæma verkið. Það hafi verið M og A sem í sameiningu ákváðu að sjóða hlífieyra á stútinn ásamt

því að hífa vélbúnaðinn upp um meter. Áður en M hóf að vinna verkið hafi hann fengið munnlega leiðsögn frá verkstjóra hvernig standa ætti að verkinu. Verkstjórinn hafi ekki sagt honum nákvæmlega hvernig ætti að framkvæma það, enda taldi hann verkið ekki flókið fyrir mann með þá reynslu sem M bjó yfir. Slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins sex dögum eftir slysið, þann 18. október 2021 en ekki 18. desember 2021.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M frá vinnu a.m.k. í nokkrar vikur eftir slysið. Þannig er ljóst að X bar að tilkynna slysið til Vinnueftirlits ríkisins án ástæðulausrar tafar. Það var ekki gert og því voru tildrög slyssins ekki rannsökuð af eftirlitinu. Hins vegar kom lögregla á vettvang og tók myndir ásamt því að ræða við verkstjóra, vinnufélagann A auk þess lögreglan fór á slysadeild og ræddi við M. Með vísan 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í máli því sem hér um ræðir eru málsatvik óumdeild þ.e. hífieyra sem soðið hafið verið á stykkið gaf sig með þeim afleiðingum að stykkið féll á M. Einnig er óumdeilt að M hafi unnið verkið ásamt vinnufélaga sínum, A. Ágreiningur er milli málsaðila um það hvort það hafi verið A sem tók ákvörðun hvernig verkið var unnið eða A og M í sameiningu. Samkvæmt lýsingu X á tildrögum slyssins í tilkynningu félagsins til Vinnueftirlitsins var allt við vinnuferlið rangt. Stroffan var ónýt, lásinn var allt of stór, eyrað var ekki vottorð og ekki fullsoðið og var soðið með harðvír auk þess sem M var staðsettur undir stykkinu en hann hefði ekki þurft að lyfta því til þess að komast að því. Í kjölfar slyssins hélt öryggisstjóri félagsins fund með verkstjórum og í kjölfarið var haldinn morgunfundur með starfsmönnum þar sem farið var yfir rétta notkun á stroffum, hífieyrum, suðu á hífieyrum, notkun lása og keðjutalía. Einnig var farið vel yfir allan hífibúnað og mikið endurnýjað sem þurfti.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Gefa gögn málsins til kynna að verkstjórn hafi í umrætt sinn verið ábótavant en hvorki M né A virtust átta sig á hættunni við að vinna verkið með þeim hætti sem þeir gerðu, óháð því hvort annar þeirra eða þeir báðir hafi tekið ákvörðun um verklagið. Þannig hefur ekki af hálfu X verið sýnt fram á að M hafi fyrir slysið fengið fullnægjandi upplýsingar um notkun á stroffum, hífieyrum eða suðu á hífieyrum. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 200/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging fjölskyldutryggingar.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 26. júlí 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni hinn 7. maí 2020 við störf sín í grunnskóla þegar nemandi sparkaði í hönd hennar. Sá nemandi er sonur X og því vátryggður í fjölskyldutryggingu hennar.

Atvikum er lýst þannig í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 13. maí 2020, sem bæði M og fulltrúi vinnuveitanda hennar undirrita, að M hafi verið í frímínútnagæslu og verið að reyna að koma í veg fyrir slagsmál barna og hafi þá orðið fyrir höggum og spörkum á hendi. Í atvikaskráningu vinnustaðar M segir: „Starfsmaður reyndi að koma í veg fyrir slagsmál barna. Fór á mili tveggja barna og varð fyrir höggum og spörkum annars barnsins.“ Sambærileg lýsing kemur fram í tjónstilkynningu til V dags. 12. maí 2020. Í matsgerð dags. 25. janúar 2022 er haft eftir M að henni hafi tekist að stía drengjum sem hafi verið að slást í sundur en annar hafi brugðist mjög illa við og komið að henni og sparkað endurtekið í hana, m.a. í vinstri hönd hennar. Sambærileg lýsing er lögð til grundvallar í kröfubréfi lögmannsstofu hennar dags. 22. apríl 2022 þar sem kemur fram að drengurinn sem sparkaði hafi verið fæddur árið 2009.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X þar sem sonur X, sem vátryggður var í vátryggingu hennar hjá V, hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns M, sem sé ekki sannað að hafi verið ásetningur í skilningi vátryggingaréttar og gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum V, þar sem félagið undanskilur sig ábyrgð vegna ásetnings með vísan til 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M vísar til þess að þó sonur X hafi haft ásetning til slagsmála við samnemanda sinn þá færist slíkur ásetningur ekki yfir á M og þannig geti V ekki beitt fyrrnefndu ákvæði til að undanskilja sig ábyrgð.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að sú háttsemi vátryggðs að hafa sparkað ítrekað í hendi M, hafi verið ásetningur af hans hálfu. V vísar til þess að í 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga komi fram að vátryggingafélag beri ekki ábyrgð ef um ásetning vátryggðs sé að ræða og einnig sé ákvæði í gr. 15.1. í almennum skilmálum V um að bótaskylda falli niður við þær aðstæður.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort háttsemi hins vátryggða, sonar X, sem var 10 eða 11 ára á tjónsdegi, geti flokkast sem ásetningur. Í lýsingum af atvikum sem leiddu til líkamstjóns M er ítrekað fjallað um að hinn vátryggði hafi a.m.k. sparkað ítrekað í hönd M eftir að hún hafði komið í veg fyrir slagsmál milli hans og samnemanda hans. Af þessum lýsingum M sjálfrar og skólayfirvalda verður ekki annað ráðið en að hinn vátryggði hafi mátt vita að það að sparka ítrekað í aðra manneskju gæti falið í sér líkamstjón og að hann hafi haft ásetning til þess. Engin lýsing liggur fyrir af hálfu hins vátryggða um annað. Verður því fallist á að V hafi sýnt nægilega fram á að hin saknæma háttsemi sem hinn vátryggði sýndi og leiddi til tjóns M teljist til ásetnings og fellur ábyrgð félagsins því niður með vísan til 1. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamnninga, sbr. gr. 15.1. í almennum skilmálum V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 201/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 29. ágúst 2022.
3. Bréf V2 dags. 22. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. september 2022.
5. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 5. september 2022.

Málsatvik.
Hinn 7. júní 2022 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B í bílastæðakjallara við Fannborg, Kópavogi. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem taldi rétt að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M er ósammála því og vísar til þess að A og B hafi staðið gegnt hver annarri í bílakjallara þannig að nauðsynlegt var að bakka þeim báðum út úr stæðum sínum. Þegar M hafi bakkað A, sem sé nokkuð stórt ökutæki, hafi hann orðið þess var að afturljós B voru kveikt en ekki bakkljós hennar og B hafi ekki verið á hreyfingu. Hafi M, í ljósi stærðar A og aðstæðna á vettvangi, bakkað hægt úr stæðinu. Þegar A hafi verið staðsett þannig að nægt rými var til aksturs áfram hafi M sett hana í framgír og ekið varlega af stað. Örskömmu síðar hafi M orðið var við högg á A en þá hefði B verið bakkað af stað úr stöðureit og á A. Telur M því að hann beri enga sök á árekstri bifreiðanna, enda hefði ökumaður B átt að verða hans var og bíða þess að A æki burt. Ákomur á bifreiðarnar styðji þá hans frásögn og beri því að leggja alla sök á árekstrinum á B.

V1, vátryggjandi A, skilar ekki sjálfstæðum athugasemdum en tekur fram í bréfi til nefndarinnar að tekið sé undir málflutning M.

Í bréfi V2, vátryggjanda B, til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að samkvæmt frásögn ökumanns B, en aðilar hafi ekki fyllt út sameiginlega tjónstilkynningu, hafi báðum bifreiðunum verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs. Telur V að ekki sé komin fram fullnægjandi sönnun þess að bifreið M hafi verið orðin kyrrstæð eða að ökumaður hennar hafi hafið akstur áfram áður en til áreksturs kom. Þar sem ósannað sé að önnur bifreiðanna hafi verið orðin kyrrstæð, eða í öllu falli að um meira en augnabliksstöðvun hafi verið að ræða beri að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um aðgæslu við akstur aftur á bak. Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar V að ekki sé hægt að segja til um það, af ákomum á bifreiðarnar, eða afstöðu þeirra fyrir eða eftir árekstur, hver hreyfing þeirra hafi verið á árekstrartíma. Aðgæsluskylda hvíli á ökumönnum í gegnum allt ferlið og sök verði því ekki byggð á því hvor þeirra hafi hafið akstur aftur á bak fyrr.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að hann telji að ákomur á bifreiðarnar og önnur málsgögn sýni fram á að A hafi verið ekið áfram í aðdraganda áreksturs auk þess sem ökumanni B hafi mátt vera ljóst, er hún hóf akstur, að A hefði þegar hafið akstur bak við B. Vísar M sérstaklega til ljósmynda sem hann hafi tekið á vettvangi og hafnar hann sérstaklega þeirri fullyrðingu B að þær sýni ekki rétta staðsetningu A í kjölfar árekstursins.

Álit.
Eins og fram er komið fylltu ökumenn ekki út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi, heldur skiluðu hvor um sig tilkynningu til síns vátryggingafélags. Í þessum tilkynningum greinir ökumenn nokkuð á um atvik, en þannig telur ökumaður B að báðum bifreiðum hafi verið ekið aftur á bak á sama tíma, meðan ökumaður A segist hafa ekið bifreiðinni áfram í aðdraganda áreksturs. Þá telur B að framlagðar ljósmyndir M sýni ekki rétta staðsetningu A. Verður þar af leiðandi ekki byggt fortakslaust á frásögn annars hvors ökumanns eða fyrirliggjandi ljósmyndum.

Verður að miða við að báðum ökutækjum hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs, og það hafi ekki úrslitaáhrif þó M hafi stöðvað A áður en til árekstrar kom, enda verður ekki ráðið annað en að einungis hafi verið um augnabliksstöðvun að ræða. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn enda hefðu báðir ökumenn átt að veita hinum athygli í aðdraganda áreksturs Nefndin telur hins vegar gögn málsins benda til þess að ríkari aðgæsluskylda hafi hvílt á B en M, þar eð A er töluvert stærri bifreið en B og því hafi verið eðlilegt að gera ráð fyrir því að M þyrfti töluvert rými og ráðrúm til að athafna sig og aka henni úr stöðureit í þeim sérstöku aðstæðum sem uppi voru í rými bílastæðakjallarans við Fannborg þar sem sérstaklega þröngt getur verið fyrir ökumenn stærri bifreiða að athafna sig og aðrir ökumenn verða að sýna því skilning með háttsemi sinni. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt þannig að A ber 1/3 hluta sakar en B 2/3 hluta.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri en ökumaður B 2/3 hluta.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 202/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjölum, móttekið 28. júní 2022
2. Bréf V, ásamt fylgiskjölum, dags. 25. júlí 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að slys hafi orðið hinn 18. desember 2017 þegar M, nemandi í skóla, hafi runnið í hálku á skólalóðinni í frímínútum með alvarlegum afleiðingum.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli þess að aðstæður hafi verið óviðunandi á skólalóðinni sem X beri ábyrgð á og að aðstæður hafi verið til þess fallnar að valda slysahættu. M telur að líkamstjón hennar megi rekja til þess ekki hafi verið saltað á gangstétt á skólalóð fyrir slysið. Vísar M m.a. til ákvæði laga nr. 91/2008, um grunnskóla, og reglugerðar nr. 657/2009. Telur M að skólinn hafi átt að hálkuverja gangstéttina á skólalóðinni fyrir slysið á tjónsdegi.

V hafnar kröfum M og byggir á því að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að meint atviki megi rekja til saknæmrar eða ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Vísar V til þess að skólinn hafi fylgt hefðbundnu verklagi á tjónsdegi. Þannig hafi umsjónarmaður skólans haft samband við hverfisstöð strax að morgni og ítrekað að það þyrfti að moka snjó og salta/sanda vegna hálku. Þá hefði umsjónarmaður skólans umsjón með því að salta/sanda á viðkvæmum stöðum á skólalóðinni. Loks segir að hverfamiðstöð forgangsraði á þessum tíma ársins og geti ekki verið á öllum stöðum í einu. Þá sé skólalóðin víðfem, eða 28.813m2, og ekki sé hægt að gera kröfu um að umsjónamaður salti/sandi alla lóðina. Þá sé með engu móti hægt að koma í veg fyrir hálku á öllu svæði skólans í desember á Íslandi. Loks er bent á að samkvæmt veðurfarsyfirliti frá Veðurstofu Íslands þá hafi ekki hafa verið frost á slysdegi eða daginn á undan. Því sé með öllu ósannað að umsjónarmaður skólans hafi haft sérstaka ástæðu til að fylgjast með hálkumyndun og þá sérstaklega á þessum tiltekna stað, sem er í þó nokkurri fjarlægð frá skólanum. Þá sé ósannað hvað slysið var og ekkert liggi fyrri um hverjar orsakir slyssins voru eða aðstæður á meintum slysstað.

Álit.
Í gögnum málsins kemur fram að slys M varð að morgni mánudagsins 17. desember 2017. Af gögnum málsins má ekki ráða hver hafi verið orsök slyssins eða aðstæður á meintum slysstað. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins að veður hafi verið með þeim hætti að aðstæður hafi verið hættulegar með tilliti til hálku þannig að ástæða hafi verið til að víkja sérstaklega frá verklagi X. Ekki verður heldur séð, af afhentum ögnum, að frekari eða aðrar athugasemdir hafi verið gerðar við aðstæður á skólalóðinni þar sem M féll á tjónsdegi. Ekki verður því talið sannað að á starfsmönnum skólans hafi hvílt sérstök athafnaskylda aðstæðna er slysið varð. Í gögnum málsins kemur heldur ekki skýrt fram að aðstæður hafi verið með þeim hætti að starfsmenn skólans hafi vanrækt almennar skyldur sínar vegna veðuraðstæðna yfir daginn hinn 17. desember 2017. Miðað við þær upplýsingar sem koma fram í gögnum málsins á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitafélagsins X hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 203/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að hinn 2. júlí 2021 hafi verið tilkynnt um yfirstaðið innbrot á heimili M. Kvaðst M nýbúin að kaupa íbúðina og hafi farið úr henni um morguninn en sonur hennar, A verið eftir í íbúðinni. Þegar M hafi komið heim klukkan rúmlega sjö um kvöldið hafi hún tekið eftir að búið væri að fara til hluti í íbúðinni og að geymsla hússins hafi staðið opin. Fram kemur í skýrslunni að engin ummerki hafi verið um innbrot í íbúðina. Kvaðst M ekki vita til þess að einhver annar hafi haft lykla af íbúðinni. Aðspurður kvaðst A hafa farið úr íbúðinni milli klukkan 15 og 16 um daginn og komið aftur heim þegar M hringdi í hann upp úr klukkan 19. Lögregla ræddi við nágranna M og kvaðst einn þeirra hafa séð þrjá unga karlmenn ganga niður stigann frá 4. hæð milli klukkan 15 og 16. Hjón sem búa á sömu hæð og M sögðu dóttur sína hafa orðið vara við einhverja stráka á hæðinni fyrr um daginn. Þeir hafi opnað inn til hennar en hætt við að fara inn þegar þeir sáu hana. Ætlaði M að koma lista til lögreglu yfir það sem var stolið en það hafi meðal annars verið ipad, snúrur, hleðslutæki og fleira. M tilkynnti tjónið til V þann 6. júlí 2021. V hefur hafnað bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M með vísan til þess að engin ummerki hafi verið um innbrot í íbúðina eða geymsluna.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M krefjist þess að fá viðurkennda bótaskyldu vegna tjóns af völdum innbrots. M telur að hurðin hafi verið læst en að óviðkomandi aðilar hafi farið inn með lykli sem líklega hafi verið í íþróttatösku A sem stolið var þegar brotist var inn í bifreið M nokkrum vikum áður fyrir utan fjöleignarhúsið þar sem M og A búa. Kveðst M hafa látið V vita af því en að V hafi ekki fallist á þá útskýringu. Vísar M til þess að skilmálar V séu staðlaðir samningsskilmálar sem V setur einhliða. Tók V ekki tillit til þess við vinnslu málsins og mat á því, hvort um innbrot á skilningi skilmálanna hafi verið að ræða. Skýra verði vafa sem lýtur að mikilvægum forsendum ákvörðunar um bótaskyldu, M í hag. Vísar M m.a. til 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

V vísar í fyrsta lagi til D-liðar yfirlitsmyndar á annarri blaðsíðu skilmála umræddrar tryggingar þar sem segir m.a.: *„Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot*.“ Þar er einnig að finna varúðarreglu þar sem segir: *„Dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lyklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.“* Telur V að fyrrgreinda setningin feli í sér hlutlæga ábyrgðartakmörkun en ekki varúðarreglu og því hafi félaginu verið heimilt að beita undantekningarákvæðinu samkvæmt orðanna hljóðan. Feli ákvæðið ekki sér nein fyrirmæli um tiltekna hefðun vátryggðs og hefur enga skírskotun til huglægrar afstöðu vátryggðs. Það er m.ö.o. ekki um að ræða dulbúna hegðunarreglu eða varúðarreglu. Vísar V til dóms Hæstaréttar í máli nr. 474/2006 máli sínu til stuðnings. Í öðru lagi telur V að M hafi ekki sýnt fram á að innbrot hafi átt sér stað og að M beri sönnunarbyrði fyrir því. Ráða megi af framburði vitnis í lögregluskýrslu að óprúttnir aðilar hafi verið á rápi á stigaganginum og opnað inn í þær íbúðir sem voru ólæstar. Bendir það að mati V eindregið til þess að íbúð M hafi verið ólæst í umrætt sinn og að þjófarnir hafi opnað hurðina og farið inn í íbúð M líkt og þeir gerðu í íbúð nágrannans. Þannig bendi gögn málsins til að um hafi verið að ræða þjófnað úr ólæstri íbúð.

Álit.

Í innbústryggingu fjölskyldutryggingar M hjá V kemur fram í yfirlitsmynd 3. gr. að vátryggingin bæti tjón vegna þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Í skilmálunum segir einnig að það sé forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Í sömu grein er að finna varúðarreglu sem greint hefur verið frá hér að ofan. Þegar litið er til

orðalags greinarinnar verður ekki séð að þar sé um að ræða óskýrt orðalag eða að önnur ákvæði þeirra stöðluðu samningsskilmála séu þannig óskýrir að þeim beri að víkja til hliðar á grundvelli 36. gr. b í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Sönnunarbyrði um að varúðarregla hafi verið brotin hvílir á V. Af upplýsingum í lögregluskýrslu og þá sérstaklega framburði vitna verður ekki annað ráðið en að farið hafi verið inn á heimili M inn um ólæstar dyr en sömu aðilar opnuðu hurð nágranna M en hættu við þegar þeir urðu þess varir að íbúðin var ekki mannlaust. Þannig má leiða líkur að því að þeir hafi komist á sama hátt inn í íbúð M og þannig hefur M brotið gegn þeirri varúðarreglu skilmálans að læsa dyrum tryggilega. Engin sönnun liggur um það að lyklum hafi verið stolið í innbroti í bifreið M nokkrum vikum áður né að farið hafi verið inn í íbúðina með stolnum lyklum. Í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að félagið geti gert fyrirvara um það að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara er að finna í 18. gr. almennra skilmála V. Í greininni kemur einnig fram að þótt félagið geti borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti. Varúðarregla um að læsa vátryggingarstað tryggilega og gæta að geymslu lykla er mikilvæg varúðarregla enda eiga óæskilegir aðilar annars óhindraðan aðgang að vátryggingarstað. Af öllum aðstæðum virtum telst V hafa heimild til að takmarka ábyrgð sína að fullu. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum vegna þjófnaðarins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 204/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns fyrir ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. Júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi í kjölfar umferðarslyss þann 16. október 2019 þegar M ók bifreið sinni í veg fyrir aðra bifreið á leið úr hringtorgi. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku og tilkynnti slysið til V 27. janúar 2020.

V hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að ósönnuð væru orsakatengsl milli slyssins og líkamsáverka M og vísaði í því sambandi til högg- og hraðaútreiknings.

Fram kemur í málskoti að M hafi lent í fjórum umferðarslysum áður og vegna þess hafi hann aflað dómkvaddrar matsgerðar til að meta afleiðingar allra fjögurra slysanna. Niðurstaða matsmanna var sú að M hafi hvorki hlotið varanlegan miska né varanlega örorku í slysinu. M telur að í málinu liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna fram á að hann hafi hlotið tjón í slysinu og að viðurkenni beri bótarétt hans úr ábyrgðartryggingu A.

Í bréfi V kemur fram að nánast engar skemmdir hafi verið á A og verði því að horfa til þess að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Fjölmargar rannsóknir sýni að vægt högg eins og í þessu tilfelli leiði ekki til varanlegs líkamstjóns. Með vísan til þess og matsgerðar dómkvöddu matsmannanna þyki einseint að ekki sé til staðar orsakasamhengi milli árekstursins og einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 16. október 2019. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði matsgerðar frá dómkvöddum matsmönnum þar sem fram kemur sú niðurstaða að M hafi hvorki hlotið varanlega miska né varanlega örorku í árekstrinum. Þegar litið er til þess að það liggur fyrir matsgerð dómkvaddrar matsmanna um afleiðingar slyssins á M verður þegar af þeirri ástæðu ekki litið svo á að orsakatengsl séu milli einkenna M og árekstursins. V er því ekki bótaskylt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 205/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 19. ágúst 2021 er hún var að taka á móti og aflesta vöruflutningabifreið á vegum X. M var stödd í vagni bifreiðarinnar og hugðist taka út mjólkurvagna á hjólum með því að fara aftan við röð mjólkurvagna og ýta á þá. Er hún var komin á milli mjólkurvagnanna féll vörubretti á M en því hafði verið staflað hafði verið ofan á mjólkurvagna sem voru staðsettir fyrir aftan M. Við þetta hlaut M áverka á hálsi, baki og brjóstkassa. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Vísar M til þess að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi samstarfsmanns hennar sem fyllti vöruflutningabifreiðina af vörum en hann hefði átt að ganga frá farminum á tryggari hátt áður en hann lagði af stað. Brettið sem féll á M var nokkur hundruð kíló og því mikilvægt að skorða það vel áður en lagt var af stað svo M væri ekki í hættu við störf sín við aflestun bifreiðarinnar. Vísar M einnig til þess að vinnuaðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og vísar til laga 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar og reglugerðar nr. 671/2008 um hleðslu, frágang og merkingu farms. Telur M að tilkynning X til Vinnueftirlitsins hafi verið ófullnægjandi en slysið var tilkynnt samdægurs með rafrænni tilkynningu í stað þess að hringja. Það hafi leitt til þess að slysið var ekki rannsakað af Vinnueftirlitinu. Vísar M til 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um tilkynningarskyldu vinnuveitanda og nokkurra dóma þar sem vanræksla vinnuveitanda á tilkynningarskyldu leiddi til þess að frásögn tjónþola um atvik að vinnuslysi voru oftast lögð til grundvallar dómi. Að lokum telur M að hún hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að atvikið sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X. Gera verði þær lágmarkskröfur til starfsmanna að þeir hagi vinnu sinni þannig að gætt sé varúðar og öryggis eins og sanngjarnt og eðlilegt er að ætlast af þeim. V telur ljóst að M hefði mátt sjá að ekki hafi verið hægt að losa og hreyfa við mjólkurvögnunum án þess að vörubrettið félli. Hér hafi verið um að ræða samspil óhappatilviks og eigin óaðgæslu M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi slasast við vinnu sína hjá X er vörubretti féll ofan hana og við það hlaut hún högg á háls, bak og brjóstkassa. Slysið var tilkynnt samdægurs til Vinnueftirlitsins en þrátt fyrir það kom engin frá eftirlitinu á slysstað til úttektar. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum vegna þess. Fyrir liggur að M hafði það hlutverk að afferma vöruflutningabifreið og stjórnaði sjálf hvernig staðið var að verkinu. Engin gögn hafa verið lögð fyrir nefndina sem sýna fram á að samstarfsmaður M hafi sýnt af sér saknæma háttsemi er hann raðaði vörum í bifreiðina fyrir flutning. Verður slysið að mati nefndarinnar rakið til eigin sakar og aðgæsluleysis M sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 206/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. ágúst 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 26. og 27. september 2022 ásamt bréfi sama dags. 1. september 2022.
4. Tölvupóstur starfsmanns nefndarinnar til V dags. 4., 6. og 13. október 2022.
5. Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 5. og 13. október 2022.

Sérstök málsmeðferð málsins og leiðréttingu.
Mál þetta var tekið upp að nýju af hálfu nefndarinnar eftir að úrskurður var kveðinn upp hinn 20. september 2022 þar kom í ljós að ekki höfðu öll innsend gögn af hálfu lögmanns M skilað sér til nefndarinnar, en um var að ræða bréf hans dags. 1. september 2022. Ástæða þessa voru atvik sem varða skjalaumsýslu nefndarinnar og ekki M eða lögmanni hans að kenna. Einnig var misritun í niðurstöðukafla úrskurðarins þar sem niðurstaða annars máls var tilgreind sem og röng tilgreining gagna málsins. Verður að telja umrædd atriði að öllu leyti á ábyrgð nefndarinnar og því nauðsynlegt að leiðrétta úrskurð í málinu með tilliti til umrædds viðbótargagns og rangra tilgreininga.

Í bréfi lögmanns M dags. 1. september 2022 koma fram viðbótarathugasemdir við þau gögn sem vísað var til í fyrri úrskurði dags. 20. september 2022. V taldi ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við efnisatriði málsins, sbr. tölvupóst frá 13. október sl. Ekki fylgdu frekari gögn þeim athugasemdum og telur nefndin þau sjónarmið sem koma fram í umræddu bréfi 1. september 2022 í besta falli til fyllingar þeim sjónarmiðum sem þá þegar höfðu komið fram í málatilbúnaði M með málskoti dags. 30. júní 2022 eða þeirra gagna sem lágu þá fyrir í málinu. Nefndin aftur um málið á fundi sínum 18. október 2022 og var farið yfir títtnefndar röksemdir lögmanns M á þeim fundi. Ekki þykja rök til þess að breyta niðurstöðu nefndarinnar og stendur hún því óbreytt með eftirfarandi hætti:

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 15. október 2018. M var við vinnu sína í körfulyftu þegar fótur undan lyftunni gaf sig og hann féll niður um fjóra metra og kveðst hafa hlotið við það slynk á bak og líkamstjón. Í gögnum málsins liggja m.a. fyrir myndir af lyftunni sjálfri sem og afrit ódagsettrar tilkynningar M um slysið til Sjúkratrygginga Íslands þar sem hann segir að fótur lyftunnar hafi gefið sig, tilkynning X um slysið til V dags. 20. október 2019, þar sem segir að hlykkur hafi komið á lyftu í greint sinn vegna athugunarleysis og skorts M sjálfs á varkárni þar sem hann hefði verið mikið í síma þrátt fyrir reglur X um að slík notkun væri einungis heimil í matar- og kaffitímum nema bráð nauðsyn væri. Einnig liggur fyrir handskrifuð úttekt Vinnueftirlitsins dags. 16. október 2018 á körfulyftu X þar sem koma fram fyrirmæli um að laga þurfi merkingar stjórntækja, læsingu á körfuhliði og yfirfara neyðarslökun. Þessu til viðbótar er tölvupóstur frá vélvirkja dags. 8. ágúst 2022 þar sem segir að múrhúð hafi verið á einum skynjara vinnulyftu X þegar hann hafi komið stuttu eftir slys M, en ekki hafi verið hægt að greina hvort það gerðist við það verk sem M var að vinna eða áður.

M telur X bera skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss hans þar sem aðstæður á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegar í skilningi fyrirmæla laga nr. 46/1980. Nánar tiltekið hafi fyllsta öryggis ekki verið gætt af hálfu X, í skilningi 1. mgr. 14. gr., 37. gr. laganna, né heldur hafi vél X verið í lagi í skilningi 45.-46. gr. laganna, eða að tæki hafi verið tekið réttilega út við uppsetningu þess í skilningi 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Einnig bendir M á að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits þegar það átti sér stað eins og 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 geri ráð fyrir. Þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti skv. dómaframkvæmd á því hvað varð til þess að M slasaðist. M vísar þessu til viðbótar til þess hlykkur hafi komið á lyftu og því sé ekki hægt að rekja tjón til athugunarleysis M. Einnig vísar M til yfirlýsingar vélvirkja um aðstæður þegar einn fótur lyftunnar klikki kunni hún að síga

og hallast. Einnig áréttar M að múrhúð á stjórnbúnaði lyftunnar hafi getað valdið slysinu og X verði að bera hallann af sönnunarskorti um það þar sem slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits þegar það átti sér stað, eins og fyrr segir.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi verið að tala í síma um leið og hann hafi verið að stjórna lyftunni í greint sinn. Einnig hafi X ekki vitað af múrhúðarklessu á skynjara lyftunnar, sem fjallað er um í tölvupósti dags. 8. ágúst sl. V vísar til þess að rannsókn hafi átt sér stað af hálfu Vinnueftirlitsins daginn eftir slysið og þá hafi verið gerðar þrjár ábendingar varðandi körfulyftu, en engin þeirra hafi haft með orsakir slyss M að gera, þ.e. ekki hafi verið staðfest að búnaður hafi verið bilaður. Einnig bendir V á að þó múrhúðarklessa hafi verið á einum skynjara stjórntækja körfulyftunnar hafi engu að síður þurft atbeina starfsmannsins sjálfs til að færa fætur hennar, það gerist ekki sjálfkrafa.

Álit.

Í málinu virðist enginn ágreiningur vera um málsatvik að því leyti að fótur á körfulyftu í eigu X gaf sig með þeim afleiðingum að M slasaðist hinn 15. október 2018 við vinnu sína hjá X. Tilkynning til Vinnueftirlitsins var komið á framfæri m.v. að Vinnueftirlitið kom og tók lyftuna út daginn eftir og gerði þá þrjár athugasemdir við hana. Af þeim athugasemdum verður ekki séð að lyftan hafi verið biluð eða að öðrum starfsmönnum X hafi verið ljóst að múrhúðarklessa gæti verið á einum skynjara lyftunnar, eins og tölvupóstur dags. 8. ágúst 2022 gefur til kynna. Ekki er heldur ljóst hvenær skoðun þess aðila átti sér stað, en í fyrrnefndum tölvupósti segir að það hafi verið „..stuttu eftir slysið..“ Verður því ekki litið svo á að þó að Vinnueftirlitið hafi ekki skoðað aðstæður fyrr en daginn eftir slys M að það hafi áhrif á sönnunarmat í málinu.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað olli því að fótur undan körfulyftu, sem M sjálfur setti upp og stjórnaði þegar hann slasaðist, gaf sig. Verður ekki séð af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að skortur hafi verið á verklagsreglum af hálfu X eða að hægt hafi verið að leggja þá skyldu á X að einhver annar en M tæki aðstæður út á hverjum stað áður en hann notaði körfulyftuna. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að lyftan hafi verið biluð og aðrir starfsmenn X hafi vitað af því eða einhverju öðru sem gæti haft áhrif á notkun lyftunnar. Telst því ekki sannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 207/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. september 2021 hafi framendi A orðið fyrir tjóni við árekstur. Lítið hafi sést á bifreiðinni og hafi henni verið ekið af vettvangi og að heimili umráðamanna hennar þar sem hún hafi staðið fram að viðgerð. A hafi síðar verið dregin á verkstæði til viðgerðar, en nokkur bið hafi verið eftir varahlutum. Þegar viðgerð hafi loks verið lokið hafi ekki tekist að gangsetja A, og hafi þá komið í ljós að skemmdir urðu á heddi og kælikerfi A við áreksturinn. Aðstæður á árekstrarstað hafi verið slíkar að ökumaður hafi ekki séð að kælivökvi læki úr kælikerfi A. Með hliðsjón af því hve lítið sýnilegt tjón varð á A geti það þá ekki talist gáleysi að hafa ekið henni um sjö kílómetra eftir áreksturinn. Er þess því krafist fyrir hönd M að umrætt tjón, vegna nýrrar vélar í A, verði bætt úr kaskótryggingu hennar hjá V.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi þegar samþykkt bótaskyldu vegna tjóns á framenda A. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 28. desember 2021, hafnað bótaskyldu vegna tjóns á vél A. Vísar V til b. liðar 3. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála þar sem fram komi að félagið greiði eingöngu bætur vegna bilunar ökutækis komi bilunin fram innan sólarhrings frá hinum bótaskylda atburði. A hafi verið dregin á verkstæði hinn 22. september 2021. Hinn 5. október 2021 hafi vél A verið gangsett án vandkvæða á verkstæðinu og hafi umrædd vélarbilun því ekki verið komin fram þá. Hinn 3. desember 2021 hafi V svo borist tilkynning um að hedd vélarinnar væri skemmt. Jafnvel þó talið yrði að þá bilun væri að rekja til árekstursins hefði hún því ekki komið fram innan sólarhrings frá umræddu atviki. Þess utan sé það mat tjónaskoðunarmanna að A hafi verið ekið töluvert eftir tjónsatvikið og megi rekja bilun hennar til ofhitnunar vegna vatnsleysis. Megi þá rekja tjónið til stórkostlegs gáleysis forsvarsmanna M sem hafi ekið A þrátt fyrir skemmdir á vatnskassa hennar.

Í viðbótarathugasemdum M er tekið fram að A hafi verið á verkstæði frá 22. september 2021 og til 3. desember þegar hún fór ekki í gang. Viðgerðartími hafi verið langur þar sem illa gekk að afla varahluta og hafi V ekki viljað koma til móts við M, t.a.m. hvað varði niðurfellingu iðgjalda þann tíma eða greiðslu fyrir bílaleigubifreið í meira en fimm daga. Því er þá alfarið hafnað að A hafi verið ekið töluvert eftir áreksturinn enda hafi henni aðeins verið ekið að heimili umráðamanna og það geti ekki falið í sér stórkostlegt gáleysi. Þá er gerð athugasemd við ákvæði b. liðar 3. gr. umræddra skilmála sem sé ósanngjarnt gagnvart vátryggingartökum og ekki hafi verið vakin sérstök athygli á þessu ákvæði í „smáa letrinu“ við töku vátryggingarinnar eða hvað það fæli í raun í sér.

Álit.

Í b. lið 3. gr. skilmála þeirra sem gilda um kaskótryggingu A hjá V segir að félagið greiði ekki bætur verði skemmdir vegna m.a. bilunar ökutækis. Þó bætist skemmdir sem hljótist af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um m.a. árekstur er að ræða enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá hinum bótaskylda atburði. Verður að telja að framsetning þessa ákvæðis sé nokkuð skýr í skilmálum vátryggingarinnar og að ekki hafi verið ástæða til að vekja sérstaka athygli á því við töku hennar. Þá verður að telja að markmið þessa ákvæðis sé að setja fram áskilnað um orsakatengsl milli bótaskylds atburðar, þ.e. í þessu tilviki áreksturs, og bilunar sem vátryggðir telja að rekja til slíks atburðar. Fyrir nefndinni liggja litlar upplýsingar um umrædda bilun og engar álitsgerðir eða önnur gögn sem sýni fram á að hún hafi verið komin fram innan sólarhrings frá umræddum árekstri. Þá virðist liggja fyrir að A hafi verið gangsett án vandkvæða í byrjun október 2021 og virðist því umrædd bilun ekki hafa verið komin fram þá. Þegar af þeirri ástæðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður

að telja að bótaskylda sé ekki fyrir hendi. Er þá óþarfi að taka til frekari skoðunar hvað leiddi til úrbræðslu vélar A, en telja verður að „gat á kælikerfi“ eitt og sér leiði ekki til slíkrar bilunar án þess að önnur atvik, eins og akstur bifreiðar meðan kælivökvi hennar lekur, komi þar til.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 208/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging.

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. júlí 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 15. ágúst 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 28. september 2019 hafi M, starfsmaður X, orðið fyrir frítímaslysi með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á framhandlegg. Á tjónsdegi var M með í gildi almenna slysatryggingu hjá V og var V tilkynnt um atvikið hinn 24. nóvember 2021. Með bréfi, dags. 15. febrúar 2022, hafnaði V bótaskyldu á grundvelli þess að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn þegar sú tilkynning barst. M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að X hafi verið tjáð að ekki væri tímabært að meta afleiðingar slyssins fyrr en stöðugleikapunkti hefði verið náð, og það væri ekki fyrr en einu til tveimur árum eftir slysið. Það hafi ekki verið fyrr en um sumarið 2021 sem fullreynt var að almennt bataferli, sjúkraþjálfun og æfingar skiluðu ekki árangri, og í raun megi halda því fram að ekki hafi verið fullljóst um afleiðingar slyssins fyrr en matsgerð, dags. 3. febrúar 2022, lá fyrir.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til þess að samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátyggingarsamninga glati vátryggður rétti til bóta ef ekki er gerð krafa um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Við mat á upphafstíma þessa frestar þurfi að líta til þess hvenær tjónþola hafi mátt vera ljóst að afleiðingar tjónsatviks væru varanlegar. Fyrir liggi að X hafi tilkynnt tjón sitt í heimilistryggingu sína hinn 20. nóvember 2019. Telur V að á þeim tíma hafi X vitað um þau atvik sem marki upphaf tilkynningarfrests, en ella hefði hún ekki tilkynnt um tjónið. Sé ekki fallist á að miða við það tímamark telur V að miða beri við að fresturinn hafi byrjað að líða í kjölfar lokaeftirlits hjá lækni, hinn 23. janúar 2020, en eftir það tímamark hafi ekki verið um frekari læknismeðferð að ræða vegna afleiðinga slyssins. Í fyrirliggjandi matsgerð sé þá vísað til þess að jafnvægi hafi verið náð í janúarmánuði 2020 og séu einkenni X við matsskoðun sambærileg einkennalýsingu hennar við lokaeftirlit hjá lækni. Hafi því borið að tilkynna um tjónið í síðasta lagi innan árs frá 23. janúar 2020.

Í viðbótarathugasemdum M er afstöðu V mótmælt og áréttað að á þeim tíma sem X tilkynnti um tjón sitt til þess vátryggingafélags þar sem hún sé með heimilistryggingu hafi hún ekki haft neina vitneskju um að afleiðingar slyssins yrðu varanlegar. Þá er áréttað að ekki sé hægt að fullyrða að M hafi verið ljóst um afleiðingar slyssins fyrr en mat bæklunarlæknis, dags. 3. febrúar 2022, hafi legið fyrir.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta, þ.e. í þessu tilviki X, samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. X varð fyrir umræddu slysi hinn 28. september 2019 og var V tilkynnt um tjónið hinn 24. nóvember 2021, eða u.þ.b. tveimur árum og tveimur mánuðum síðar. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum var síðasta koma M til læknis vegna umræddsáverka hinn 23. janúar 2020. Var bati þá metinn góður og talið að ástandið væri þannig að X mætti í raun útskrifast úr eftirliti. Var jafnframt ákveðið að endurkoma skyldi vera eftir þörfum en samkvæmt framansögðu virðist ekki hafa komið til þess. Þá liggja ekki fyrir nefndinni gögn um frekari meðferð, t.a.m. sjúkraþjálfun, eftir 23. janúar 2020. Á matsfundi vegna fyrirliggjandi matsgerðar, dags. 3. febrúar 2022, sem fór fram hinn 19. nóvember 2021, virðist X þá hafa lýst svipuðum einkennum og hún lýsti við komu til læknis hinn 23. janúar 2020. Í fyrrnefndri matsgerð kemur þá jafnframt fram að jafnvægi hafi verið náð í byrjun árs 2020. Verður samkvæmt framansögðu að miða við að X hafi, hinn 23. janúar 2020 eða fljótlega eftir það tímamark, haft vitneskju um þau atvik sem bótakrafa á hendur V er reist á. Var tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga því liðinn þegar tjónstilkynning barst V hinn 24. nóvember 2021.

Niðurstaða.
Bótaskylda úr almennri slysatryggingu M hjá V vegna slyss X hinn 28. september 2019, er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 210/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. júlí 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð þann 2. október 2021 á Flugvallavegi við Bústaðaveg er bifreiðinni X var ekið aftan á biðreið M sem var kyrrstæð við gatnamótin. Leitaði M daginn eftir slysið á Læknavaktina og kvartaði undan verkjum í efra baki, lendhrygg og vinstri öxl. Ráðlagði læknirinn hvíld og gaf út læknisvottorð til atvinnurekanda vegna óvinnufærni fyrir næstu tvo daga. Leitaði M ítrekað á heilsugæslu næstu vikur og mánuði vegna einkenna sinna, aðallega frá mjóbaki og fékk framlengingu á vottorði um óvinnufærni. Í byrjun ársins 2022 sótti hún um sjúkradagpeninga til Sjúkratrygginga Íslands vegna óvinnufærni sinnar í kjölfar slyssins. Upplýsingar um fyrra heilsufar M í gögnum málsins ná aftur til janúar 2021.

Þann 12. október 2021 tilkynnti M um líkamstjón til V. Með tölvupósti dags. 18. janúar 2022 upplýsti V lögmann M um að það hafi aflað útreiknings á hraða ökutækisins og þeim höggkrafti sem verkaði á það við atburðinn. Upplýsti V að gögnin bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu og óskaði eftir vottorði frá heilsugæslu um fyrra heilsufar og komur til læknis í kjölfar slyssins. Með tölvupósti þann 9. maí 2022 upplýsti V að það hugðist ekki hlutast til um frekari gagnaöflun né greiðslu fyrir hana þar sem fyrirliggjandi gögn bentu ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu miðað við ákomur á ökutækinu. Í málinu liggur einnig fyrir læknisvottorð heimilislæknis dags. 14. febrúar 2022, sjúkraskrá fyrir tímabilið 2. október 2021-14. janúar 2022 og skýrsla sem V aflaði um PC-Crash útreikninga dags. 27. desember 2021. M telur að orsakatengsl séu fyrir hendi milli árekstursins þann 2. október 2021 og þeirra einkenna sem hún býr við eftir slysið. Bendir M á að hún hafi verið óvinnufær með öllu frá slysdegi og hafi undirgengist röntgen myndrannsóknir þann 21. október 2021 sem sýndu slitbreytingar í brjósthrygg og hrörnunarbreytingar í lend- og spjaldhrygg. Vísar M einnig til þess að höfnun V á bótaskyldu byggi eingöngu á einhliða aflaðri skýrslu um hraða- og höggútreikning, svokallaðri PC-crash skýrslu, auk ljósmynda af ökutæki M. Um sé að ræða rannsókn sem var framkvæmd einhliða af V og það sé ekki á færi reikniforritsins að skera úr um hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og vigt ökutækja en ekki tekið tillit til þátta eins og kyns tjónþola, aldurs, fyrri heilsufarssögu eða í hvaða líkamsstellingu viðkomandi var er hún varð fyrir árekstri, en allt eru það þættir sem geta haft áhrif á afleiðingar tjónþola eftir árekstra. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 228/2013, 542/2012, 107/2009, dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-13/2013 og E-6/2015 auk úrskurða nefndarinnar í málum nr. 259/2014 og 270/2014.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð og bendir á að meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Slík sönnun hafi ekki tekist. Einkenni tjónþola sem lýst var hjá lækni eftir slysið voru nokkuð almenn einkenni og liggur ekkert læknisfræðilegt mat á því hvort líkamleg einkenni M verði rakin til árekstursins eða að hún hafi orðið fyrir varanlegum afleiðingum í kjölfar slyssins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 2. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt

almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði daginn eftir slysið á Læknavaktina og lýsti ósértækum einkennum frá efra baki, lendhrygg og vinstri öxl. Við komur til lækna næstu mánuði eftir slysið kvartaði M aðallega undan verkjum frá mjóbaki. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um fyrra heilsufar M nema frá miðjum janúar 2021 þ.e. 10 mánuðum fyrir áreksturinn. Á slysdegi var M 45 ára gömul og má því ætla að hún eigi sér einhverja sjúkrasögu fram til ársins 2021. Er því ekki ljóst hvort einkenni M frá mjóbaki tengist fyrra heilsufari hennar eða árekstrinum sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. Verður M að bera hallan af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 2. október 2021.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 211/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1)

Sönnun tjónsatviks. Óþekkt ökutæki.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags., ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hlotið líkamstjón þann 28. desember 2019 á bifreiðastæði á Keflavíkurflugvelli er hópferðabifreið var ekið utan í hægri hlið M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M kveður ágreining þessa máls fyrst og fremst snúa að því hvort hann hafi fært nægar sönnur á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni með þeim hætti sem hann lýsir sem og hvort líkamstjón hans megi rekja til notkunar óþekktrar bifreiðar í skilningi 94. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. M hafði áður en hann beindi kröfu sinni að V1, gert kröfu í ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A sem var tryggð hjá vátryggingafélaginu V2. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 317/2021, var fjallað um kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A og var niðurstaða nefndarinnar sú að ósannað væri að tjónsatvikið hefði átt sér stað. M hefur eftir að sá úrskurður lá fyrir aflað frekari gagna. Þar á meðal er skriflegur vitnaframburður en í fyrrgreindu máli lá eingöngu fyrir tölvupóstur frá vitninu til mannauðsstjóra vinnuveitanda M þar sem engin nöfn eða staðsetningu tjónsatviks komu fram. Hefur M einnig reynt að beina því til lögreglu að hefja rannsókn málsins að nýju en ekki haft árangur sem erfiði. Byggir M kröfu sína á 2. mgr. 20. gr. þágildandi reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar, sbr. 94. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Telur M það hafið yfir allan vafa að stórri hópferðabifreið hafi verið ekið á hann þann 28. desember 2018. Vísar M til þess í fyrsta lagi að hann hafi leitað til læknis daginn eftir slysið þar sem hann var greindur með áverka, í annan stað hefur vinnuveitandi M staðfest að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi og í þriðja lagi vísar M til skriflegs framburðar vitnis.

V1 hefur hafnað greiðsluskyldu vegna líkamstjóns M. Vísar V1 til þess að M hafi í fyrsta lagi ekki sannað það grundvallarskilyrði ábyrgðar V1 að um óþekkt ökutæki hafi verið að ræða. M hafi þvert á móti áður byggt á að um tiltekna hópferðabifreið hafi verið að ræða. Þó M hafi ekki tekist að sanna að atvik hafi gerst með þeim hætti sem hann hefur frá upphafi lýst leiðir það ekki til ábyrgðar V1. Í öðru lagi fær lýsing M af atvikum enga stoð í myndbandsupptökum af svæði því sem hann gekk um í greint sinn. Í þriðja lagi byggir V1 á því að takist M að sanna að atvikið hafi átt sér stað liggur fyrir að það hafi verið um að ræða ökutækið A. Að lokum bendir V1 á að samkvæmt þeim læknisfræðilegu gögnum sem M hefur lagt fram voru ekki sjáanlegir áverkar á honum degi eftir umrætt slys.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til dómaframkvæmdar í málum er varða óþekkt ökutæki og þá sérstaklega dóma Hæstaréttar í málum nr. 228/2013og 165/2016. Kveður M að miðað við þær sönnunarkröfur sem Hæstiréttur setur fram í þeim málum verði að álykta sem svo að M hafi staðið undir þeim sönnunarkröfur sem gerðar hafa verið í skaðabótamálum á hendur V1 á grundvelli reglugerðar nr. 424/2008. Þannig að ætla megi, að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum notkunar óþekkts og skráningarskylds vélknúins ökutækis.

Í viðbótarathugasemdum V1 bendir félagið á að gera verði þá lágmarkskröfu að tjónþoli sjálfur trúi því að um óþekkt ökutæki hafi verið að ræða. Er í því ljósi erfitt að sjá hvernig það getur talist sannað að um óþekkt ökutæki hafi verið að ræða, jafnvel þó til séu dómar þar sem lækkaðar hafa verið kröfur til sönnunar tjónþola.

Álit.

Eins og fyrr segir komst nefndin að því í úrskurði sínum í máli nr. 317/2021 að M hefði ekki tekist að sanna að atvik það sem hann telur hafa valdið líkamstjóni sínu hafi átt sér stað. M hefur sem fyrr sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum óþekkts ökutækis. Í 2. mgr. 20. gr. þágildandi reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar kemur fram að V1 skuli sem ábyrgðaraðili

greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Taka verður undir með M að hann hafi í samanburði við þær sönnunarkröfur sem Hæstiréttur hefur sett fram í dómum sínum í málum nr. 228/2013 og 165/2016 lagt fram gögn sem að öllu jöfnu teldust fullnægjandi sönnun á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum óþekkts ökutækis. Þó sker þetta mál sig frá þeim málum á þann hátt sem M hefur haldið því fram frá upphafi að tilgreint ökutæki þ.e. ökutækið A hafi ekið utan í hann en ekki óþekkt ökutæki og lögregla hefur undir höndum myndbandsupptökur af meintum tjónsvettvangi. Eins fram kemur í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 317/2021 fær lýsing M af atvikum enga stoð í myndbandsupptökum af svæði því sem hann gekk um í greint sinn. Í skýrslu lögreglu dags. 27. febrúar 2020 kemur fram að lögregla hafi skoðað upptökur úr myndavélakerfi og ekki séð tjónsatvikið. Hafði lögregla því samband við M til að fá frekari upplýsingar um atvikið og svo skoðað upptökur aftur. Á upptökunum var hvorki hægt að sjá M né tjónsatvikið á þeim tíma og stað sem M kveður það hafa átt sér stað. Framburður vitnis sem M lagði fram fyrir nefndinni hnekkir ekki myndbandsupptökum sem til eru af vettvangi né rannsókn lögreglu. Með vísan til alls ofangreinds hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum óþekkts ökutækis þann 28. desember 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón frá V á grundvelli 2. mgr. 20. gr. þágildandi reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatryggingar.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 213/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting, ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7.7.2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, 27.7.2022, ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
3. Bréf V2, dags. 26.7.2022, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 13. júní 2022, er haft eftir M, ökumanni bifreiðarinnar B, að hann hafi verið að aka bifreiðinni aftur á bak við Byko á Selfossi þegar hann sá að bifreiðinni A var einnig ekið aftur á bak hinum megin við götuna. Kveðst hann hafa stöðvað bifreið sína og reynt að gera ökumanni A viðvart með því að gefa hljóðmerki. Þá segir hann að það hafi ekki borið árangur og að ökumaður A hafi ekið bifreiðinni A á bifreið sína.

Framburð ökumanns bifreiðarinnar A er einnig að finna í lögregluskýrslunni en þar er haft eftir honum að hann hafi verið að bakka bifreiðinni A úr bifreiðastæði ætlað fötluðum við Byko á Selfossi. Kvaðst hann ekki hafa séð bifreiðina B í bakkmyndavél bifreiðar sinnar. Kvaðst hann hafa verið búinn að bakka úr bifreiðastæðinu þegar bifreiðarnar lentu saman. Fyrst hafi hann sett bifreiðina í „P“ á gírstönginni og kjölfarið í „D“ og verið búinn að aka lítillega áfram þegar B var ekið á hann.

Í skýrslu lögreglu er einnig að finna framburð vitnis. Kvaðst vitnið hafa verið að ganga inn í verslun Byko þegar hún sá tveimur bifreiðum ekið saman. Svartur jepplingur (A) hafi verið að aka aftur á bak úr stæði fyrir fatlaða og Benz bifreið (B) hefði verið að aka aftur á bak úr bifreiðastfræðinu hinu megin við götuna. Bifreiðarnar hafi í kjölfarið lent saman. Þá kemur fram að vitnið telji að B hafi stöðvað og flautað áður en bifreiðarnar lentu saman.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna og var niðurstaða nefndarinnar kynnt M með bréfi, dags. 28. júní 2022. Var niðurstaða nefndarinnar sú að sök var skipt til helminga á þeim grundvelli að hvorugur ökumaður hefði gætt nægjanlega að sér við akstur aftur á bak. M sættir sig ekki við þá niðurstöðu og tekur fram í málskoti að hann telji ökumann A bera alla sök á árekstrinum. Byggir M m.a. á því að hann hafi verið búinn að stöðva bifreið sína áður en áreksturinn átti sér stað auk þess sem hann hafi gefið hljóðmerki áður en A var bakkað í hlið bifreiðar sinnar.

Lögreglunni barst myndbandsupptaka af atvikinu eftir að Tjónanefndin úrskurðaði um málið. Í upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 14. júlí 2022, kemur fram að lögreglunni hafi borist upptökur af atvikinu þann sama dag. Fram kemur í skýrslunni að á upptökunni megi sjá ökumenn bifreiðanna A og B ganga úr Byko og setjast inn í bifreiðar sínar. Báðir ökumenn aki aftur á bak en ökumaður B stöðvi bifreið sína skyndilega en ökumaður A haldi áfram að aka aftur á bak og hafni á bifreiðinni B.

V1 tekur undir niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna og vísar til þess að skv. upplýsingaskýrslu frá lögreglu, dags. 14. júlí 2022, þar sem rakin er upptaka sem náðist af atvikinu. Af skýrslunni megi ráða að báðir ökumenn hafi ekið aftur á bak í aðdraganda árekstursins og að B hafi stöðvað skyndilega. Tekur V1 fram að ekki sé getið um það hversu lengi B var stopp áður en áreksturinn varð en telur að af því orðalagi sem notað er í skýrslunni, þ.e. að B hafi „stöðvað skyndilega“, megi ráða að um augnabliksstöðvun hafi verið að ræða. Þar af leiðandi sé rétt að skipta sök til helminga, þar sem ekki sé hægt að líta fram hjá því að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda árekstursins og að ekki sé hægt að fella sök á annan umfram hinn, þar sem báðir ökumenn skuli ganga úr skugga um að unnt sé að aka aftur á bak án þess að það skapi hættu eða óþæginda fyrir aðra, skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V2 tekur undir rökstuðning M og telur að ökumaður A beri sök á árekstrinum. Enn fremur vísar V2 til þess að upplýsingaskýrsla lögreglu staðfesti orð M um að ökumaður B hafi stöðvað bifreiðina áður en til áreksturs kom.

Álit.

Af framburði ökumanna og öðrum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumenn beggja bifreiða hafi verið að aka aftur á bak í aðdraganda árekstursins. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Að teknu tilliti til gagna málsins verður að miða við að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að þessum áskilnaði í umrætt sinn. Það hefur þá ekki, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, úrslitaáhrif þó ökumaður B hafi stöðvað bifreið sína áður en til árekstrar kom, þar sem gögn málsins benda til þess að bifreiðinni hafi einungis stöðvað í örskotsstund áður en áreksturinn varð. Þar sem ekki hefur tekist sönnun á því að B hafi verið kyrrstæð nægilega lengi áður en árekstur varð ber því að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 214/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Innbústrygging fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingar. Túlkun samnings.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. ágúst 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf M, ódagsett.
4. Listar yfir muni.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að einbýlishús í eigu M brann á Siglufirði hinn 28. febrúar 2022 og varð þar altjón á innbúi hans. M hefur fengið greiddar bætur úr sérstakri innbústryggingu sem hann hafði keypt hjá V þar sem hið vátryggða var innbú sem staðsett var í umræddu húsnæði hans á Siglufirði. M hafði á tjónsdegi aðra vátryggingu, fjölskyldutryggingu, þar sem hið vátryggða var innbú sem staðsett er í húsnæði hans í Kópavogi. M hefur krafist bóta úr þeirri vátryggingu á þeim grundvelli að sú innbústrygging fjölskyldutryggingar veiti vernd fyrir almennt innbú sem „um stundarsakir“ er staðsett utan heimilis hérlendis, sbr. gr. 3.1 í 1. kafla vátryggingarskilmála fyrir fjölskyldutryggingu, en sá liður takmarkast við 15% af vátryggingarfjárhæð innbústryggingar húsnæðis í Kópavogi, sem virðist, af gögnum málsins hafa verið tæp 21 milljón króna.

V hefur fallist á að greiða kr. 1.703.000 krónur vegna þessa en endanleg bótakrafa M er 2.783.000 krónur, sbr. ódagsettar athugasemdir hans við bréf V til nefndarinnar dags. 19. ágúst 2022

Ágreiningur stendur um eftirfarandi muni sem M telur að séu munir sem geti verið um stundarsakir utan heimilis: DVD diskasafn, jólaskraut, TDK Sound cube spilari, sjálfuppblásanlegar gestavindsængur, 2 sjóveiðistangir, 2 sjóstangveiðihjól, 3 silungastangir með hjóli, 2 töskur undir silungsveiðidót með veiðarfærum, unglingavöðlur og vöðluskór, þurrbúningur ásamt skóm, hönskum, hettu og innanundir flísgalla, blautbúningar, björgunarvesti og flotbúningur, göngutjald, svefnpoki og tjalddýna. M verðmetur þessa muni á 1.080.000 krónur.

M telur að allir þessir munir séu þess eðlis að þeir geti verið um stundarsakir utan venjulegs heimilis og skýrir það m.a. með því að hann og fjölskylda hans hafi um árabil átt bát eða báta og stundað veiðar og hafi bátar oft verið teknir með norður á Siglufjörð og þess vegna hafi verið nokkur búnaður geymdur þar. Einnig telur M að eðlilegt sé að útivistarbúnaður sé bæði á heimili í Kópavogi og á Siglufirði þar sem fjölskyldan ferðist frá því húsnæði. Einnig gefur M skýringar á geisladiskasafni og spilara, ásamt jólaskrauti sem hafði verið skilið eftir tímabundið á Siglufirði eftir jóladvöl.

V hefur hafnað því að greiða bætur vegna þeirra muna sem taldir eru upp hér að ofan meðal annars með vísan til þess að tjón hafi orðið að vetri og búnaður sem tengist sumarveiði og ferðalögum sé þannig ekki um stundarsakir utan heimilis í Kópavogi, þar sem um er að ræða muni sem ekki eru almennt notaðir á vetrartíma. V vísar til úrskurðar nefndarinnar iíf máli 334/2021 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur er um greiðslu bóta fyrir tiltekna muni í eigu M og hvort þeir munir séu þess eðlis að þeir geti verið „um stundarsakir“ utan heimilis í skilningi gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum innbústryggingar fjölskyldutryggingar M vegna húsnæðis hans í Kópavogi. Engar sérstakar skýringar eru í vátryggingarskilmálum V á því hvaða hlutar innbús geti verið þess eðlis að þeir séu um stundarsakir utan heimilis og í hversu langan tíma. Verður því að taka mið af aðstæðum hvers og eins vátryggingartaka þegar slíkt mat fer fram, ella hefði V getað skilgreint umræddu muni með skýrari hætti í vátryggingarskilmálum sínum.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar eru settar fram trúverðugar skýringar á notkun muna sem geta verið í notkun jafnt á heimili sem og um stundarsakir utan heimilis í ljósi fjölbreyttrar notkunar fjölskyldu M á húsnæði því sem brann á Siglufirði sem og fjölbreyttri frístundaiðkun. Þannig er mál þetta ekki sambærilegt við úrskurð í máli nr. 334/2021 þar sem um var að ræða sérhæfðan búnað

sem hafði verið skilinn eftir á stað um lengri tíma sem ekki var sýnilegt að málskotsaðili dveldi á reglulega.

Í ljósi þessa verður að leggja skýringar M til grundvallar á því að þeir munir sem hann gerir kröfu um bætur vegna hafi verið þess eðlis að þeir voru um stundarsakir utan heimilis hans í húsnæði í Kópavogi og telst M því eiga rétt á greiðslu 1.080.000 króna úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt til greiðslu 1.080.000 króna bóta úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 215/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og fasteignatrygging.
Nafn vátryggðs í ábyrgðartryggingu (X)

Skaðabótaábyrgð. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. júlí 2022.

Málsatvik.

Vatnstjón varð í fasteign M sem tilkynnt var til V hinn 15. febrúar 2022.

M lýsir tjóninu þannig að það hafi komið fram í svefnherbergi en þegar hann hafi skoðað mögulega orsök tjónsins ásamt fulltrúa frá V hafi komið fram að sílikonvörn, sem sett hafi verið þegar unnið var við baðherbergi af hálfu X tveimur árum áður og niðurfalli, eða svokölluðu unidrain, var komið fyrir í fasteign hans. M telur að ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum þegar umræddu „unidrain“ niðurfalli hafi verið komið fyrir og á því beri X skaðabótaábyrgð á. Af málatilbúnaði M má ráða að hann telur að ekki hafi verið sett upp svokölluð „fail safe mat“ sem og hafi sílikonvörn ekki verið gerð með fullnægjandi hætti. Einnig telur M að bótaskylda sé fyrir hendi úr hans eigin fasteignatryggingu.

V hefur hafnað bótaábyrgð bæði úr ábyrgðartryggingu X sem og úr fasteignatryggingu M sjálfs. V telur að orsök tjóns M sé að lekið hafi með óþéttum og lekum sturtuklefa í fasteign M en ekki sé sýnt að leki hafi orðið úr lagnakerfi sem X hafi sett upp hjá M. V telur að ástand flísa og fúgu á baðherbergi hafi verið slæmt og að starfsmenn X hafi ekki séð um að leggja þær sem og hafi starfsmaður X ekki séð um vatnsþéttingu við „unidrain“ niðurfallið og ekki séð um vatnsþéttingu á sturtu sem lekið hafi frá. V hefur hafnað bótaskyldu úr fasteignatryggingu M á þeim forsendum að ekki hafi verið um ófyrirsjáanlegan, skyndilegan og óvæntan leka að ræða úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum eignar hans, eins og áskilið sé í 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar V. Einnig telur V að ekki sé sýnt að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir skýr gögn um orsök þess vatnstjóns sem varð í fasteign M hinn 15. febrúar 2022. Af þeim gögnum sem þó liggja fyrir verður ekki ráðið að lekið hafi úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum eins og gildissvið 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar V segir til um. Þegar af þeirri ástæðu hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu úr þeirri vátryggingu.

Hvað ábyrgðartryggingu X varðar byggist bótaskylda úr henni á því að M geti sýnt fram á að tjón hans sé skv. reglum skaðabótaréttarins á ábyrgð X. Af gögnum málsins má ráða að X hafi unnið fyrir M fyrir einhverju síðan við baðherbergi í fasteign hans. Ekki hefur verið sýnt fram á að X hafi séð um alla verkþætti á þeim tíma og ekki hefur heldur verið sýnt fram á að einhver af þeim verkþáttum hafi verið þannig unninn af hálfu X eða starfsmanna hans að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Ekki liggur fyrir mat hlutlausra matsaðila á orsökum eða afleiðingum tjónsins og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti þar sem á honum hvílir að sanna það að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans. M á því ekki heldur rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs hjá V, né heldur sinni eigin fasteignatryggingu hjá sama félagi.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 216/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 25. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 18. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.
Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 15. febrúar 2022 hafi B verið ekið í norðurátt eftir Reykjanesbraut. Snjóruðningstæki hafi verið að ryðja veg ofan á brú við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar, og hafi snjór og klaki farið yfir handrið brúarinnar og lent á B með þeim afleiðingum að framrúða hennar brotnaði og skemmdir urðu á þaki og vélarhlíf. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 21. febrúar 2022, segir að af upptöku úr eftirlitsmyndavél megi ráða að gul vörubifreið með tönn hafi komið austur Arnarnesveg, ekið hring á hringtorginu og svo vestur Arnarnesveg um kl. 18:46 hinn 15. febrúar 2022. Skráningarnúmer bifreiðarinnar sjáist ekki á upptökunni en samkvæmt upplýsingum frá þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar hafi að öllum líkindum verið að um að ræða bifreið í eigu X sem sjái um snjóruðning fyrir Vegagerðina á þessari leið. Lögregla hafi þá haft samband við X sem hafi staðfest að A væri á þess vegum. Á grundvelli framangreinds hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Í bréfi V1 til nefndarinnar segir að X hafi skoðað akstursferilsskýrslu úr ökurita A og staðfesti hún að A hafi ekki verið ekið upp á Arnarnesbrú á umræddum tíma, en nákvæm tímasetning atviksins liggi fyrir á grundvelli upptöku úr öryggismyndavél. Þá hafi X bent á að fyrirtækið Y sjái um snjóruðning á þeirri leið sem liggi yfir brúna. Á grundvelli þessa telji V1 ósannað að tjón á B verði rakið til notkunar A.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, kemur fram að félagið telji sannað að A hafi verið ekið austur Arnarnesveg umrætt sinn og sé tjón á B því bótaskylt úr ábyrgðartryggingu hennar. Verði þannig að miða við þær upplýsingar sem fram komi í lögregluskýrslu, þ.e. upplýsingar frá Kópavogsbæ um að að öllum líkindum væri um að ræða bifreið á vegum X svo og staðfestingu starfsmanns X á því að A hafi verið ekið þessa leið umrætt sinn.

Álit.
Meðal gagna fyrir nefndinni er útskrift ferilskýrslu bifreiðarinnar A. Af henni má ráða að A hafi verið ekið eftir Reykjanesbraut en ekki Arnarnesvegi eða yfir umrædda brú. Þá ber X því við að undirverktaki X, Y, sjái um ruðning á þeirri leið sem liggi yfir brúna. Ekki verður séð af gögnum málsins að leitað hafi verið eftir frekari upplýsingum frá Y eða vátryggjanda þess. Verður þá ekki talið að staðfesting starfsmanns X, eins og henni er lýst í fyrirliggjandi lögregluskýrslu, á því að bifreiðin A sé á þess vegum feli í sér afdráttarlausa staðfestingu þess að A hafi verið ekið eftir brúnni á þeim tíma sem um ræðir. Þá er það ekki í ósamræmi við upplýsingar frá Kópavogsbæ að undirverktaki X hafi séð um ruðning á umræddri leið. Í ljósi framangreinds telst ekki sannað að notkun A hafi valdið því tjóni sem varð á B og verður M að bera hallann af þeirri óvissu.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á B hinn 15. febrúar 2022.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 217/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Túlkun samnings.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. ágúst 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 6. september 2022.

Málsatvik.
Í málskoti og viðbótarathugasemdum M, sem búsett er í Prato á Ítalíu, kemur fram að hinn 18. desember 2021 hafi hún verið á leið til Íslands. Þar sem flogið hafi verið frá Róm og brottför áætluð snemma morguns hinn 19. desember hafi hún orðið að dvelja í Róm nóttina fyrir flug. Í Róm hafi rúða á bifreið hennar verið brotin og farangri hennar stolið, en tjón vegna þess hlaupi á hundruðum þúsunda. Vegna þessa hafi M gert kröfu um bætur úr ferðatryggingu sinni hjá V. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að um ferðalag innan dvalarlands M hafi verið að ræða og vátryggingin taki ekki til slíkra ferðalaga. M er ósammála þeirri túlkun enda hafi dvöl hennar í Róm ekki verið ferðalag innan dvalarlands, heldur hluti af ferðalagi hennar til Íslands. Ekki skipti máli hvar hún hafi verið staðsett á ferðlagi sínu frá Prato til Íslands, hún hafi einfaldlega verið á ferðalagi til annars lands en dvalarlands er hún varð fyrir umræddu tjóni. Vera hennar í Róm geti með engu móti talist ferðalag innan dvalarlands og því sé bótaskylda fyrir hendi.

Í athugasemdum V kemur fram að M sé búsett og eigi lögheimili á Ítalíu. Hún hafi átt bókað flug frá lögheimilis- og dvalarlandi sínu til Íslands hinn 19. desember 2021 en deginum áður hafi farangri hennar verið stolið. Í gildisákvæði viðeigandi vátryggingarskilmála komi skýrlega fram að vátryggður sem búsettur er utan Íslands njóti vátryggingarverndar egar ferðast er til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins. Skipti þá ekki máli hvort um er að ræða ferðalag innan dvalarlands eingöngu eða ferðalag sem á sér stað áður en ferðast er til annarra landa. Séu skilmálar mjög skýrir hvað þetta varðar og tjón M því ekki bótaskylt.

Álit.
Í gildisákvæði 1. gr. skilmála þeirra sem gilda um greiðslukortatryggingu M segir í ákvæði 1.5 að vátryggður sem búi utan Íslands sé vátryggður á ferðalögum í allt að sextíu samfellda ferðadaga þegar hann ferðast til annarra landa, en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins. Í gr. 3.1 er þá að finna þá skilgreiningu á dvalarlandi að það sé land þar sem vátryggður hefur a) lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga. Ekki virðist ágreiningur um það að Ítalía sé dvalarland M samkvæmt þessari skilgreiningu. Ágreiningur aðila hverfist samkvæmt framansögðu um það hvort M hafi, er brotist var inn í bifreið hennar, verið á ferðalagi innan dvalarlands eða á ferðalagi til annars lands, þ.e. Íslands. Orðalag skilmálanna er samkvæmt ofangreindu skýrt, þ.e. M nýtur ekki vátryggingarverndar á ferðalögum innan dvalarlands. Er ekki gerður neinn fyrirvari varðandi það að vátryggingarvernd sé fyrir hendi sé ferðalag innan dvalarlands farið í aðdraganda ferðar til annars lands. Þar sem óumdeilt er að Prato og Róm eru bæði innan dvalarlands M verður því að líta svo á að innbrot í bifreið hennar hafi átt sér stað á ferðalagi innan dvalarlands og því sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 218/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. júlí 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu var bifreiðinni X ekið aftan á bifreið M á Suðurlandsvegi við afleggjarann að Heiðmörk þann 11. mars 2018. Samkvæmt málskoti leitaði M á heilsugæsluna í Árbæ tveimur dögum eftir áreksturinn vegna versnunar á landvarandi bakverkjum. Leitaði M svo aftur á heilsugæsluna rúmum tveimur árum síðar eða þann 25. september 2020 vegna versnandi verkja og auknum stirðleika frá baki sem hann rakti til umferðarslyssins í mars 2018. Í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur fram að M hafi sögu um bakverki eftir umferðarslys árin 2008 og 2009. M tilkynnti líkamstjón sitt til V og með tölvupósti dags. 14. júlí 2021 hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með þeim rökum að V teldi ósannað að einkenni M í dag mætti rekja til slyssins í mars 2018.

M fer fram á að viðurkenndur verði réttur M til bóta úr ábyrgðartryggingu X. Þó einhver tími hafi liði frá slysi þar til M leitaði í annað sinn til læknis vegna þess, er í ljós leitt að hann varð fyrir áverka við slysið sem staðfestur var af lækni nokkrum dögum eftir slysið. Þá hafa aðrir læknar og sjúkraþjálfari staðfest það með framlögðum sjúkragögnum. M hafi í fyrsta lagi verið verkjalaus fyrir slysið. Í öðru lagi var áreksturinn harður og líklegur til að valda umræddum einkennum. Í þriðja lagi hafa einkenni M haldist stöðug stuttu eftir slysdag og til dagsins í dag. Í fjórða lagi hefur V ekki sýnt fram á aðrar orsakir fyrir þessum einkennum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X. Afstaða félagsins byggir á því að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð. Mjög langt líður á milli lækniskoma og engin samfella í lýsingum M á einkennum. Einkennum sem er lýst eru almenn einkenni sem hrjá fjölmarga án þess að slys hafi komið til sérstaklega þegar viðkomandi vinnur erfiðisvinnu við áfyllingar eins og í tilfelli M. Þá kemur fram í sjúkragögnum að M fann fyrir sömu einkennum frá baki í mörg ár fyrir slysið. Auk þess hefur M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesta orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem M rekur til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M í dag megi rekja til árekstursins þann 11. mars 2018. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M leitaði tveimur dögum eftir slysið á Heilsugæsluna Árbæ og lýsti versnun á langvarandi bakverkjum. Taldi læknir líklegt að um tognun væri að ræða og taldi ekki þörf á frekari rannsóknum og að M ætti að koma í endurmat eftir þörfum. M leitaði svo ekki aftur til læknis fyrr en 25. september 2020, rúmum tveimur og hálfu ári eftir áreksturinn. Við komu á heilsugæsluna þann dag upplýsti M að hann hefði þrívegis lent í umferðarslysi, seinast fyrir tveimur árum. Hafði hann ekki mikla verki fyrst um sinn eftir það slys en síðastliðna mánuði fundið fyrir auknum stirðleika og verkjum í baki sem nú voru til staðar daglega. Kvaðst M vinna líkamlega erfiða vinnu og lýsti einnig auknu andlegu álagi síðastliðnar vikur. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að kvartanir M eftir slysið hafi ekki verið samfelldar þar sem rúmlega tvö ár liðu milli læknisheimsókna vegna einkenna frá baki. Auk þess hafði M samkvæmt læknisvottorði dags. 31. maí 2021 átt sögu um bakverki vegna fyrri umferðarslysa árin 2008 og 2009. Ekkert í gögnum málsins styður frásögn M um að einkenni hans frá baki hafi haldist stöðug frá því stuttu eftir slysið til dagsins í dag. Verður M að bera hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hans sé rakið til þess áreksturs sem hér um ræðir. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 219/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. júlí 2022.
2. Bréf V móttekið 15. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu M til V, dags. 27. mars 2022, varð tjón tölvum og rafmagnstengjum bifreiðarinnar A við það að bifreiðin stóð hreyfingarlaus á bifreiðastæði við heimili M dagana 26. janúar 2022 – 1. mars 2022. Á tímabilinu snjóaði mikið og svo í kjölfarið gerði asahláku og mikla rigningu og við það hafi vatn farið upp á hliðar og undir bifreiðina sem olli skemmdum á rafkerfinu. Í málskoti er lýst þeirri afstöðu M að kaskótrygging bifreiðarinnar eigi að ná til þessa atviks.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðarinnar. Vísar V til þess að við skoðun á bifreiðinni hjá umboðsaðila hennar kom í ljós að véltölvan hafi verið fest á rangan stað en hún hafi verið staðsett við sjálfskiptingu bifreiðarinnar í stað þess að vera fest á bak við stuðarann. Bifreiðin hafi lent í tjóni á vinstra framhorni árið 2017 og í framhaldinu seld á tjónauppboði og svo virðist sem kaupandi hennar hafi framkvæmt ófullnægjandi viðgerð á henni. Kaskótryggingunni sé ætlað að bæta tjón sem verða á hinni kaskótryggðu bifreið vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika, nema þau sem sérstaklega eru undanþegin. Í a-lið 3. gr. skilmálanna komi fram að vátryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess nema hana sé sannarlega að rekja til áreksturs, áksturs, útafaksturs eða skemmdarverka enda hafi bilunin komið fram innan sólarhrings frá þeim atburði. Það sé mat félagsins að tjónið verði ekki rakið til atvika sem falla undir gildissvið skilmálans.

Álit.

Í 2. gr. skilmála þeirra sem gilda um kaskótryggingu A hjá V segir að vátryggingin taki til tjóns á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika, með þeim undanþágum og takmörkunum sem fram koma í skilmálunum. Í a-lið 3. gr. skilmálans er að finna undanþáguákvæði þar sem fram kemur að vátryggingin bæti ekki bilun á ökutæki eða búnaði þess, hvor sem hana er að rekja til vélfræðilegra eða rafmagnsfræðilegra orsaka eða efnahvarfa nema tjónið komi fram innan sólarhrings frá árekstri, áakstri, útafakstri eða skemmdarverkum. Af bilanagreiningu umboðsaðila bifreiðarinnar verður ekki annað ráðið en að margvíslegar bilanir séu til staðar sem tengjast vélartölvu bifreiðarinnar. Verður að telja að V hafi með skýrum hætti takmarkað gildissvið kaskótryggingar sinnar þegar kemur að slíkum tjónum og á M því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 221/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. ágúst 2022, ásamt tjónstilkynningu ökumanns X, höfnunarbréfi V til M, dags. 10. janúar 2022 og myndum af ökutæki M.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið við akstur á bifreið sinni hinn 21. júlí 2021 á malarkafla Borgarfjarðarvegar, frá Borgarfirði eystri þegar bifreiðinni X hafi verið ekið fram úr með þeim afleiðingum að grjóti rigndi yfir bifreið M. Í málinu liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanna þar sem ökumaður X lýsir atvikum þannig: „Tek framúr bíl á löglegum hraða og eigi hafa skotist grjót í ökutæki A.“ Þar er átt við ökutæki M. Í málinu liggja einnig fyrir myndir af bifreið M þar sem merkt er með örvum hvar skemmdir eru.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem tjón á bifreið hans megi rekja til notkunar bifreiðarinnar X.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar aðallega til þess að ósannað sé að grjót hafi skotist frá bifreið X á bifreið M þar sem ekki séu vitni eða upptökur af atburði, auk þess sem ómögulegt sé að segja til um hvort lakkskemmdir á bifreið M séu til komnar vegna hans eigi aksturs eða aksturs annarrar bifreiðar. Auk þessa sé bifreið M árgerð 2010 og því sé ekki unnt að greina á milli þeirra lakkskemmda sem hafi komið til vegna notkunar hennar almennt og þess tilviks sem M vísi til í málskoti. Einnig bendir V á að yfirlýsing ökumanns X í tjónstilkynningu sé ekki skýr.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að bæði M og ökumaður bifreiðarinnar X skrifa undir sameiginlega tjónstilkynningu um að bifreiðarnar hafi verið á sama tíma, eða 21. júlí 2021 að aka um malarveg og ökumaður X hafi farið fram úr bifreið M í greint sinn og það eigi að hafa skotist grjót undan bifreið hans í bifreið M. Telst M hafa tryggt sér sönnun af atvikum og verði því að leggja til grundvallar að bifreiðarnar hafi verið á sama stað á sama tíma í greint sinn og bifreið X farið fram úr bifreið M. Það að ökumaður X beri ekki sérstaklega um grjótkast ræður ekki úrslitum varðandi sönnun en af myndum af bifreið M verður ekki annað ráðið en að lakkskemmdir séu aðallega á annarri hlið bifreiðarinnar, eða þeirri hlið sem sneri að bifreið X þegar henni var ekið framúr. Telst M af framlögðum þessum gögnum hafa leitt nægilegar líkur að því að tjón á bifreið hans verði rakið til notkunar bifreiðarinnar X í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og þannig er tjónið bótaskylt úr ábyrgðartryggingu skv. 8. gr. sömu laga. Ekki eru nokkur gögn sem styðja þær fullyrðingar V að tjón á lakki bifreiðar M sé þess eðlis að það geti verið af öðrum ástæðum en umræddu tjónsatviki. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 20. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 222/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. ágúst 2022.
3. Bréf lögmanns M, 9. september 2022.
4. Tölvupóstur V dags. 15. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M rann í hálku á útisvæði sundlaugar þegar hún var að ganga frá lauginni að heitum potti 2. janúar 2022. Slysaskýrsla liggur fyrir sem og umsögn forstöðumanns sundlaugar dags. 10. febrúar 2022. Þar kemur fram að snjóbræðslukerfi sundlaugarinnar hafi virkað en ekki hafi „fullur hiti“ farið inn á kerfið og starfsfólk hafi verið „.. meðvitað um að kerfið var ekki að vinna á fullum afköstum og söltuðu því reglulega þennan dag.“ Einnig kemur fram í umsögninni að „..skv. vaktstjóra á morgunvakt þennan dag var svæðið saltað reglulega fyrir daginn. Umræddur vaktstjóri upplýsti kvöldvaktina um að það þyrfti að huga vel að söltun þar sem mikið frost var úti. Morgunvakt fer af svæðinu kl. 16:20 og skv upplýsingum átti atvikið sér stað um 16:30.“ Forstöðumaðurinn telur í sömu skýrslu að starfsfólk X hafi verið meðvitað um veðurfar og hugað að hálkuvörnum allan daginn.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M þar sem ekki hafi verið varað við hálku t.d. með skiltum þess efnis og að aðbúnaður hafi ekki verið í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 varðandi merkingar skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar eða að fyllsta öryggis hafi verið gætt varðandi mannvirki skv. 2. mgr. 8. gr. hennar. M vísar til þess að vitneskja hafi verið fyrir hendi hjá starfsmönnum X að snjóbræðslukerfi virkaði ekki sem skyldi og þannig hefði skv. öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði átt að gera sérstakar ráðstafanir á svæðinu. Einnig vísar M til þess að úrbætur hafi verið gerðar eftir slys M þannig að skilti hafi verið færð út og starfsmaður hafi saltað bakka laugarinnar frekar. M telur að X beri hallann af sönnunarskorti um hvernig snjóbræðslukerfi hafi virkað á slysdegi og telur einnig að viðvörunarskilti vegna hálku sem staðsett hafi verið innandyra hafi ekki varað nægilega við þeirri sérstöku hættu sem var á slysdegi . Einnig bendir M á að engin gögn liggi fyrir af hálfu X um að svæði sundlaugarinnar hafi verið reglulega saltað yfir daginn eða aðrar ráðstafanir gerðar vegna þeirrar sérstöku aðstæðna sem uppi voru.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki ljóst af gögnum málsins að svæði sundlaugar X hafi verið vanbúið, auk þess sem það liggi ekki skýrt fyrir nákvæmlega hvar slys M varð. V telur það að fullur hiti hafi ekki farið inn á hitalögn í snjóbræðslukerfi feli ekki í sér saknæman vanbúnað af hálfu X og ekki sé vitað hvort slíkur búnaður sé undir þeim stað sem M féll. Einnig vísar V til umsagnar forstöðumanns dags. 10. febrúar 2022 um að starfsmenn hafi gert sérstakar ráðstafanir vegna ástands hitakerfisins og haft aukið eftirlit með svæðinu til þess að takmarka slysahættu. V telur að það eitt að frekari ráðstafanir hafi verið gerðar eftir slys M feli ekki í sér sönnun um að starfsmenn X hafi vanrækt skyldur sínar. V telur að slys M hafi orðið af óhappatilviljun, sem rekja megi til veðurfarslegra aðstæðna og eðlilegrar og óhjákvæmilegrar bleytu á útisvæði sundlaugarinnar. Ekki sé heldur vitað um fleiri hálkuslys þennan dag eða dagana á undan.

Álit.

Af gögnum málsins, sérstaklega umsögn forstöðumanns sundlaugar X dags. 10. febrúar 2022, verður ekki annað ráðið en að starfsmenn X hafi verið meðvitaðir um að snjóbræðslukerfi á sundlaugarsvæði gekk ekki á fullum afköstum og þess vegna hafi starfsmenn haft sérstakt eftirlit með svæðinu 2. janúar 2022, þegar M slasaðist. Ekki liggur hins vegar fyrir nákvæmlega hvernig þessu sérstaka eftirliti var háttað, annað en almenn tilvísun til þess að starfsmenn laugarinnar hafi saltað útisvæði reglulega. Ekki liggja fyrir gögn um hvenær það hafi verið gert þennan tiltekna dag eða hvar það hafi verið gert. Þegar vitað er að aðstæður eru sérstakar, eins og viðurkennt var að þær voru á slysdegi varðandi snjóbræðslukerfi þá verða almennar tilvísanir um þær ráðstafanir sem starfsmenn X gerðu ekki taldar

nægja til að sýna fram á að þær hafi verið nægar til að taka á þeirri sérstöku hættu sem gat skapast fyrir sundlaugargesti umfram þá hættu sem venjulega er vegna veðuraðstæðna á opnum sundlaugarstað þar sem vænta má nokkurrar umferðar sundlaugargesta á milli laugar og potta. Skráning þessara sérstöku aðstæðna verður að liggja skýr fyrir til að V geti sýnt fram á að X hafi gert nægar ráðstafanir til að takmarka hálkuhættu. Hallann af þeim sönnunarskorti verður X að bera og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 223/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Umfang tjóns. Rekstrarstöðvun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. september 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að vatnstjón hafi orðið í húsnæði X sem leitt hafi til þess að vatnstjón varð á hæðinni fyrir neðan þar sem M leigði húsnæði undir líkamsrækt. Hefur viðgerð farið fram og ekki er um það deilt að tjónsatvikið og tjón á húsnæði M sé bótaskylt úr ábyrgðarlið húseigandatryggingar X hjá V, þar með talið tjón vegna rekstrarstöðvunar. Aðila greinir hins vegar á um það hvort M hafi orðið fyrir raunverulegu rekstrartapi sem rekja megi til atviksins. M byggir á því að nauðsynlegt hafi verið að loka starfseminni frá 11. september til og með 3. október 2020 enda hafi húsnæðið verið ónothæft meðan á viðgerðum stóð. Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 hafi verið boðaðar 3. október og tekið gildi 5. október, og vegna þeirra hafi reynst nauðsynlegt að loka starfseminni áfram tímabundið. Á umræddum tíma, þ.e. 11. september til 3. október 2020 hafi hins vegar ekki verið í gildi slíkar takmarkanir að nauðsynlegt hefði verið að loka vegna þeirra. Málskoti fylgja ljósmyndir er sýna leka og framkvæmdir í umræddu rými á tímabilinu 11. september til 30. september 2020. Jafnframt liggur fyrir yfirlýsing þess fyrirtækis er sá um framkvæmdina, og kemur þar fram að útkall hafi borist hinn 11. september 2020 og á þeim tíma hafi m.a. verið rifið af parketi og þurrktæki sett upp, en fullnaðarviðgerð hafi lokið hinn 9. október 2020. Þá er fyrirliggjandi rekstraryfirlit sem gefur til kynna að tekjur M í septembermánuði 2020 hafi verið 141.600 kr., en slakað hafi verið á samkomutakmörkunum hinn 7. þess mánaðar. M telur tjón sitt, vegna lokunar sem leiða megi til umræds vatnstjóns, nema 1.443.500 kr., og byggir þá fjárhæð á bókunum á umræddu tímabili.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji það ekki liggja fyrir hvort allt húsnæði M hafi verið óhæft til notkunar eða hvort aðeins hafi verið um að ræða einn sal stöðvarinnar. Þá hafi viðgerð náð til ýmissar starfsemi í húsinu og ekki liggi fyrir hvort allt húsnæði M hafi verið óhæft til notkunar allt þar til fullnaðarviðgerð var lokið eða hvort það hafi verið hæft til notkunar að nokkru eða öllu leyti fyrir það tímamark. Liggi því ekki fyrir fullnægjandi gögn er sýni fram á að alger lokun starfseminnar hafi verið nauðsynleg. Jafnvel þó sýnt væri fram á það sé ósannað að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til umræds tjónsatviks. M hafi þannig engar tekjur haft frá lokum júlí 2020 og ekki sé sýnt fram á árlega sumarlokun M í ágústmánuði sem skýrt gæti þá staðreynd. Þá hafi Covid-19 haft viðamikil áhrif á starfsemi á borð við þá sem M stundi. Sé því meint tjón M, og umfang þess, ósannað.

Í viðbótarathugasemdum M og fylgiskjölum þeirra kemur fram að M hafi verið með einn sal til afnota og þann sal hafi þurft að tæma og skipta um allt gólfefni. Því sé fjarstæðukennt að ætla að salurinn hafi verið nothæfur á meðan þurrkun og viðgerð stóð. Þá er áréttað að samkomutakmarkanir á umræddu tímabili hafi ekki verið miklar, og reglur töluvert slakari en í júní og júlí 2020 en þá hafi sölutölur verið með besta móti. Árin á undan hafi tekjur þá verið meiri í september en í júní og júlí. Þá liggi fyrir að árleg sumarleyfislokun sé frá lokum júlí og fram í september og skýri það tekjuleysi á þeim tíma.

Álit.

Eins og að framan greinir snýst ágreiningur aðila aðeins um það hvort M hafi sýnt fram á rekstrartjón sem afleiðingu umræds vatnstjóns og verði það niðurstaðan, hvert umfang þess sé. Af framlögðum gögnum, þ.á.m. dagsettum ljósmyndum af vettvangi, yfirlýsingu þess fyrirtækis sem sá um viðgerðir, og grunnteikningu af viðkomandi húsnæði, verður að telja nægilega sýnt fram á að húsnæði M hafi verið ónothæft í kjölfar tjónsins og á meðan á viðgerð stóð og að lokun hafi því verið nauðsynleg. Þá liggur jafnframt fyrir, sbr. yfirlýsingu frá Skattinum, að lokun var nauðsynleg vegna samkomutakmarkana á tímabilinu 24. mars til 3. maí 2020, og aftur frá 5. október. Ekkert liggur hins

vegar fyrir um það að samkomutakmarkanir á tímabilinu 11. september til 3. október 2020 hafi verið með þeim hætti að lokun hefði verið nauðsynleg. Hvað varðar tekjuleysi í ágúst 2020 þá liggur fyrir tekjuyfirlit M vegna áranna 2019-2021 og má ráða af því að engar tekjur hafi heldur verið af rekstrinum í ágúst 2019 og aðeins 8.000 kr. í ágúst 2021. Má af því, svo og af fyrirliggjandi tilkynningum um sumarleyfi, ráða að lokað hafi verið vegna sumarleyfa í ágúst 2020 og það skýri umrætt tekjuleysi. Með hliðsjón af tekjuyfirliti aðra mánuði ársins verður því ekki séð að rétt sé að gera ráð fyrir að í septembermánuði, líkt og í ágúst, hefðu engar tekjur komið til, hefði húsnæði M verið nothæft. Telst M því, samkvæmt öllu framansögðu, hafa sýnt fram á tjón vegna rekstrarstöðvunar og er bótaskylda þar af leiðandi til staðar.

Rétt er taka fram að samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samþykkta Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum fjallar nefndin um ágreining varðandi fjárhæðir, þegar ekki er um að ræða vátryggingarsamning milli aðila, liggi samþykki varnaraðila fyrir slíkri umfjöllun fyrir. Er það og til samræmis við 2. mgr. 3. gr. eldri samþykkta nefndarinnar um að nefndin taki ekki afstöðu til bótafjárhæða nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, en það ákvæði á við um tjónstilvik sem atvikuðust fyrir 1. janúar 2022. Verður ekki séð að slíkt samþykki V liggi fyrir og verður því ekki fjallað um bótafjárhæð sem slíka.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 224/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun atviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 16. september 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu sem M skilaði inn til V datt demantur úr gullhring og týndist þann 12. janúar 2022. Hafði M vaknað um morguninn og m.a. farið í sturtu og borðað morgunmat og tók þá eftir að steinninn væri horfinn. Leit að honum bar engan árangur. Telur M líklegt að hún hafi rekið hægri hönd sína í blöndunartæki er hún var í sturtu og við það hafi steinninn dottið úr. M fór því fram á að fá demantinn bættan úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. Með bréfi dags. 16. febrúar 2022 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess að skilyrði skilmála vátryggingarinnar væru ekki uppfyllt. Vísar V til greinar 3.1. í skilmálanum þar sem fram kemur að tryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingatímabilinu. Telur V að ekki verði ráðið með vissu af tjónstilkynningu hvernig demanturinn datt úr hringnum eða hvað varð um hann. Það hafi verið síðar tilkominn framburður í málskoti sem lýsir því að M hafi rekið hönd sína í blöndunartæki í sturtu og að demanturinn hafi dottið úr hringnum við það. Ekki verði byggt á síðar tilkomnum framburði nema önnur gögn styðji afdráttarlaust við hann sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 47/2006. Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún hafi aldrei fullyrt hvernig demanturinn datt úr hringnum, um ágiskun hafi verið að ræða, hann hafi alveg eins getað dottið úr við aðrar athafnir hennar þann morguninn. Telur M óskiljanlegt að V telji að um fyrirsjáanlegan atburð hafi verið að ræða. Klærnar á hringnum eru yfirfarnar árlega af viðurkenndum gullsmið svo ekki er hægt að tala um lélega umhirðu. Í viðbótarathugasemdum V áréttar félagið að byggi ekki á því að fyrirsjáanlegt hafi verið að steinninn myndi tapast, heldur að ekki liggi fyrir hvað hafi gerst og því ósannað að um skyndilegan, utanaðkomandi og ófyrirsjáanlegan atburð hafi verið að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V vegna demants sem hvarf úr hring sem var á hendi M. Samkvæmt skilmálum innbúskaskó sem er valkvæður hluti fjölskyldutryggingar M hjá V, tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum og skal tjónið eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu hvernig það atvikaðist að demanturinn hvarf úr hringnum en fyrir því ber M sönnunarbyrði. Er því ekki unnt að leggja til grundvallar að það hafi gerst af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks eins og áskilið er svo bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Með því að skilyrðum bótaskyldu er ekki fullnægt að þessu leyti á M ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 225/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. ágúst 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 7. apríl 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðarslyss. Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að M hafi verið að hjóla yfir götu við Hálsabraut í Reykjavík, en þar hafi bifreið staðnæmst fyrir henni. Þegar M hafi lagt af stað yfir götuna hafi bifreiðinni hins vegar verið ekið af stað að nýju og í átt að M, sem við það hafi hrokkið til, snarhemlað reiðhjóli sínu og fallið í götuna. Fyrir liggur að M tilkynnti lögreglu hinn 7. apríl 2021 um að næstum hefði verið ekið á hana kvöldið áður, eða kl. 22.00 hinn 6. apríl 2021, en bifreið sem hafi virst ætla að staðnæmast hafi ekki gert það. Kemur jafnframt fram í tilkynningunni að M hafi ekki upplýsingar um meintan tjónvald, en að bifreiðin hafi verið af tegundinni Toyota Auris. Hinn 8. apríl 2021 leitaði M á heilsugæslu og lýsti atvikum þá svo að tveimur dögum áður hefði hún verið að hjóla niður brekku, bifreið hafi staðnæmst eins og til að hleypa henni yfir götuna en svo skyndilega keyrt í veg fyrir hana. Hafi hún þá hemlað, runnið í möl og fallið. Bifreiðin hafi þá staðnæmst en síðan gefið í og horfið af vettvangi. Þá liggur fyrir tjónstilkynning M til þess vátryggingafélags sem hún var í viðskiptum við á tjónsdegi (X), dags. 26. apríl 2021. Er tjónsdagur þar sagður vera 7. apríl 2021, og atvikum lýst svo að bifreiðin hafi staðnæmst á gatnamótum, M byrjað að hjóla yfir götuna en bifreiðin þá gefið í. Kemur og fram að úlpa M og fótstig á reiðhjóli hennar hafi skemmst við atvikið auk þess sem hún hafi viðbeinsbrotnað. X hafnaði bótaskyldu með tölvupósti, dags. 18. október 2021, á grundvelli þess að talið væri að slys M mætti rekja til ökutækis og slíkt tjón væri undanskilið í fjölskyldutryggingu hennar. Gerði M þá kröfu um bætur frá V sem hafnaði kröfu hennar með tölvupósti, dags. 7. mars 2022, á grundvelli þess að ekki hafi verið um að ræða ákomu milli bifreiðar og tjónþola. M fellir sig ekki við þau málalok og telur að sýnt sé fram á að M hafi hlotið líkamstjón af völdum óþekkts ökutækis. Þá sé það ekki skilyrði bótaskyldu að um snertingu milli ökutækis og tjónþola hafi verið að ræða heldur þurfi aðeins að mega rekja tjónið til notkunar hins óþekkta ökutækis. Sé bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að tjón M hafi aðeins verið tilkynnt lögreglu með rafrænum hætti og ekki hafi verið um að ræða skýrslutöku fyrir lögreglu. Engin vitni virðist hafa verið að atvikinu og engin leit hafi verið gerð að hinu óþekkta ökutæki. Enga nákvæma lýsingu sé að finna á staðháttum, t.a.m. hvar umrædd möl hafi verið eða um hvernig aksturslagi M hafi verið háttað. Að sama skapi liggi ekki fyrir hvort ökumaður hinnar óþekktu bifreiðar hafi sýnt af sér aðgæsluleysi. Engin ákoma hafi verið milli M og bifreiðarinnar. Einhliða lýsingar M á atvikum feli ekki í sér fullnægjandi sönnun og sé bótaskylda ekki fyrir hendi. Máli sínu til stuðnings vísar V og til fordæma nefndarinnar í málum þar sem ökumönnum reiðhjóla hafi fipast við það að bifreið sé ekið nálægt þeim.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega hafnað að tilgreind fordæmi séu sambærileg við slys M. M hafi þá verið stöðug í framburði sínum. Þá kemur fram að umrædd möl hafi verið sandur sem safnast hefði fyrir á götunni eftir hálku vetrarins. M hafi staðnæmst við gatnamótin og ekki hjólað af stað fyrr en hún hafi verið þess viss að hin óþekkta bifreið mundi stöðva. Hafi ökumaður gefið það til kynna að svo væri og hafi hann því sýnt af sér aðgæsluleysi með því að taka skyndilega af stað eftir að M fór af stað yfir götuna. Þá fylgir viðbótarathugasemdum M ljósmynd af umræddum gatnamótum.

Álit.

Mögulegur bótaréttur M vegna líkamstjóns byggir á 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 en samkvæmt henni skal tjónsuppgjörsmiðstöð, þ.e. V, greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Í ákvæðinu er hvergi fjallað um snertingu ökutækis og þess sem verður fyrir líkamstjóni heldur verður að líta til þess hvort ætla megi að líkamstjónið hafi „hlotist af notkun óþekkts

ökutækis“. Það orðalag verður ekki túlkað svo þröngt að snerting þurfi að hafa átt sér stað. M tilkynnti strax um tjón sitt til lögreglu og hefur, í tilkynningu sinni til lögreglu, vátryggingafélags og við komu á heilsugæslu verið stöðug í framburði sínum varðandi atvik málsins. Þá verður að telja að frásögn hennar lýsi orsakasamhengi milli notkunar umræddrar bifreiðar og þess tjóns sem hún varð fyrir. Í þeim fordæmum nefndarinnar sem V vísar til í bréfi sínu eru ofangreind skilyrði almennt ekki uppfyllt. Verður því samkvæmt framansögðu að telja að ætla megi að tjón hennar hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Breytir það ekki þeirri afstöðu þó ákveðins misræmis gæti í málsgögnum varðandi það hvort umrætt atvik hafi átt sér stað síðla kvölds 6. apríl 2021 eða daginn eftir. Á M því, samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatryggingar, rétt á bótum vegna líkamstjóns og munatjóns sem rekja má til atviksins, sbr. lokamálslið sama ákvæðis.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta frá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 226/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakaframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. ágúst 2022.
3. Bréf M, dags. 8. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið a.mk. tvö verktakafyrirtæki til að koma að framkvæmdum í íbúð sinni í fjöleignarhúsi. Unnið var að framkvæmdum varðandi lagningu gólfhitalagna í nóvember 2021 og flotað var yfir gólf þar sem fræst hafði verið úr gólfplötu fyrir lögnum. Annað fyrirtækið sem kom að vinnu fyrir M var X, en um er að ræða pípulagningarfyrirtæki. Framkvæmdir stöðvuðust síðan vegna þess að nauðsynlegt var að fá sérstakt leyfi fyrir framkvæmdum og í málskoti kemur síðan fram að umrædd verktakafyrirtæki, þar á meðal X hafi horfið frá verkinu í kjölfarið. Eftir þetta var horfið frá því að setja gólfhitalagnir í íbúð M og í febrúar/mars 2022 byrjuðu framkvæmdir á ný og hinn 21. mars 2022 var vatni hleypt á hluta lagna sem leiddi til leka og tjóns á húseign M.

M telur að rekja megi tjón á húseign hennar til þess að eigandi X hafi ekki gengið tryggilega frá endum á lögninni sem lak úr og vísar til ljósmynda sem teknar hafi verið á tjónsdegi í mars 2022 og í nóvember 2021 þar sem komi fram að enginn hattur hafi verið á umræddum lögnum og þurft hafi að brjóta upp úr gólfplötu til að komast að þeim. Þannig hafi vatn flætt óhindrað og valdið tjóni á húseign M. M telur að klippt hafi verið á lagnir og þær skildar eftir opnar af hálfu X og hafi verk X ekki verið unnið í samræmi við skyldur í 5. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. M gerir einnig grein fyrir því að hún hafi hvatt starfsmenn V til að hafa samband við þá aðila sem tóku við verki af X til þess að fá upplýsingar um aðstæður og fá staðfestingu á að vinnubrögð X hafi ekki verið í samræmi við góð vinnubrögð pípara.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að klippt hafi verið á lagnir af hálfu X eða vinnubrögð X hafi verið gáleysisleg og valdið þannig tjóni á húseign X. V vísar til þess að starfsmaður V hafi ásamt aðilum á vegum M komið á tjónsstað 26. apríl 2022 til fundar og í þeirri skoðun hafi komið fram að pípari sem tók við af X hafi tengt aflagt ofnakerfi úr eir og hleypt inn á gamla ofnalögn og það hafi leitt til tjónsins. V telur að ósannað sé að X hafi skilið við lagnir með þeim hætti sem ljósmyndir M sýna og vísar til umsagnar eiganda X þar sem kemur fram að hann giski á að mögulega hafi iðnaðarmenn sem sáu um flotun og eða önnur verk á eftir X átt við rörin en það hafi ekki verið X.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort vinnubrögð á vegum X hafi verið með þeim hætti að fyrirtækið beri skaðabótaábyrgð á tjóni á húseign M sem varð í mars 2022, en það er skilyrði fyrir greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V, þ.e. að skaðabótaábyrgð sé fyrir hendi. Sá sem telur að annar beri skaðbótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt. Í þessu máli liggja ekki fyrir skýr sönnunargögn, eins og t.d. matsgerð sérfræðings, um hver tjónsorsök sé eða hvort vinnubrögð X hafi verið gáleysisleg. Einnig liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti hver verkaskipting var milli fyrirtækja við framkvæmdir í húseign M í nóvember, hverjir komu að þeim framkvæmdum eftir það og hverjir tóku ákvarðanir í mars um það sem gert var. Ekki dugar til sönnunar að leggja til grundvallar skýrslu M af atvikum, án frekari staðfestingar frá þeim sem voru við framkvæmdir um hvert hlutverk þeirra var, hvað þeir gerðu og hvernig tjónið kom til. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og á því ekki rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 227/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2).
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Framúrakstur. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 19. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 23. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 28. júní 2022 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi leiðréttri skýrslu Aðstoðar & öryggis, sem var kallað á vettvang, varð áreksturinn við gatnamót Langavatnsvegar og Hólmsheiðarvegar en báðum bifreiðum var ekið austur þann síðarnefnda. Er haft eftir ökumanni A að hún hafi ekið bifreiðinni hægt og verið að beygja til vinstri inn á Langavatnsveg þegar B hafi verið ekið vinstra megin fram úr A og í veg fyrir hana. Hafi A gefið stefnumerki til marks um þá fyrirætlan sína að beygja til vinstri. Haft er eftir M að hann hafi ekið fram úr A, en önnur bifreið hafi einnig gert það skömmu áður. Ökumaður A hafi ekið hægt og ekki gefið stefnumerki til marks um að hún hygðist beygja á gatnamótunum en raunar hafi M ekki séð gatnamótin. Í sama mund og M hafi ekið af stað til að taka fram úr A hafi A verið ekið af stað til vinstri og á hægri hlið B. M hafi reynt að sveigja frá en það hafi ekki tekist að fullu.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að vegna framúraksturs á vegamótum yrði öll sök lögð á B. M fellir sig ekki við þau málalok og telur að A beri sök á árekstrinum, enda hafi ökumaður hennar tekið beygju úr vegkanti án nægilegrar aðgæslu. A hafi ekki gefið stefnumerki og ekki hafi mátt ráða af aksturslagi hennar, þar sem henni hafi verið ekið afar hægt í hægri vegkanti, að ökumaður hennar hygði á vinstri beygju.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að B beri alla sök á árekstri aðila. Um vegamót hafi verið að ræða, samkvæmt 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og framúrakstur á vegamótum eða rétt áður en komið er að þeim sé með öllu óheimill, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Þá hafi ökumaður B ekki gætt að áskilnaði 23. gr. umferðarlaga um aðgæslu við framúrakstur. Af atvikum öllum verði þá ekki annað séð en að ökumaður A hafi hagað akstri sínum að öllu leyti til samræmis við ákvæði umferðarlaga. Þannig megi ráða af gögnum málsins að A hafi verið ekið að miðlínu til undirbúnings vinstri beygju og eins segist ökumaður A hafa gefið stefnumerki til marks um beygjuna. Hafi A þá ekki mátt vænta framúraksturs á umræddum stað.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið sé ósammála því mati Tjónanefndar vátryggingafélaganna að um gatnamót sé að ræða, heldur hafi A hugst beygja inn á einbreiðan vegslóða. Sé því rétt að A beri 2/3 hluta sakar þar sem ökumanni hennar hafi borið að gæta að umferð fyrir aftan sig en að B beri 1/3 hluta sakar fyrir ógætni við framúrakstur.

Meðal gagna fyrir nefndinni eru þá frekari athugasemdir ökumanns A þar sem áréttað er að hún hafi fullvissað sig um að óhætt væri að beygja inn á afleggjarann og gefið stefnumerki um þá fyrirætlan sína. Þá hafi hún þegar hafið beygjuna þegar B hafi skyndilega og óvarlega ekið fram úr og í veg fyrir hana í miðri beygju.

Álit.

Samkvæmt 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga eru vegamót þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist. Langavatnsvegur mun vera tvíbreiður malarvegur og af fyrirliggjandi kortum og ljósmyndum má ráða að hann og Hólmsheiðarvegur mætist við árekstrarstað. Er afstaða nefndarinnar á grundvelli framanritaðs því sú að um vegamót sé að ræða. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga er óheimilt að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Verður þá ekki séð að framúrakstur B umrætt sinn hafi verið heimill á grundvelli 2. mgr. sama ákvæðis. Með því að taka fram úr A með þeim hætti sem hann gerði á vegamótum telst M því bera meginsök á árekstri aðila.

Hvað varðar hugsanlega sök A ber að líta til 19. gr. umferðarlaga. Segir þar í 1. mgr. að ökumaður vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra og að sérstaklega skuli gæta að m.a. umferð sem á móti og eftir kemur og gefa stefnumerki til samræmis við fyrirhugaða akstursstefnu. Þá segir í 2. mgr. að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu akbrautar. Aðila greinir á um hvort A hafi gefið stefnuljós í aðdraganda beygjunnar og hver staðsetning hennar á veginum hafi verið, en um hvorugt þeirra atriða verður ráðið með vissu af gögnum málsins. Þá virðist einnig sem A hafi ekki gætt nægilega að umferð sem á eftir kom í aðdraganda beygjunnar. Verður því að telja að A hafi ekki gætt fyllilega að fyrrgreindum áskilnaði. Ber hún því jafnframt nokkra sök á árekstrinum.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber 1/4 hluta sakar og ökumaður ber 3/4 hluta sakar.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 228/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júlí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. ágúst 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 25. ágúst 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð 10. september 2019 þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið sem M ók. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um tveimur árum síðar hafi M gert kröfu á V, ábyrgðartryggjanda X, vegna líkamstjóns sem hann telur að hafi orðið við áreksturinn. Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn um heimsóknir M til læknis, en fyrst er minnst á fyrrnefndan árekstur í heimsókn M til læknis hinn 30. júlí 2020. Í gögnum málsins eru líka upplýsingar um eldra slys frá árinu 2011 sem og álit heimilislæknis í vottorði dags. 18. maí 2022 þar sem kemur fram það álit að slys sé valdur að stoðkerfisverkjum M og að hluta til andlegri vanlíðan hans.

M rökstyður kröfu sína um bætur fyrir líkamstjón með því að hann hafi bæði andlegar og líkamlegar afleiðingar af árekstrinum 10. september 2019 og bein orsakatengsl séu milli þeirra og árekstursins. M vísar til þess að hann hafi ekki leitað strax til læknis eftir áreksturinn þar sem hann hafi verið í mikilli kannabisneyslu og það hafi ekki verið fyrr en hann fór að draga úr þeirri neyslu sem hann hafi hafi fundið réttilega fyrir afleiðingum hans. M vísar til ítrekaðra læknisheimsókna M eftir 30. júlí 2020 og að í þeim hafi M lýst krónískum verkjum í hálsi, herðum og baki sem læknar rekji beint til árekstursins 10. september 2019.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi sönnunarbyrði um að orsakatengsl séu fyrir hendi milli áreksturs og þess líkamstjóns sem lýst er af hálfu M hjá læknum og öðrum meðferðaraðilum. V telur orsakatengslin ósönnuð og vísar til þess að 10 mánuðir hafi liðið frá árekstrinum þar til M leitaði til læknis og lýsti stoðkerfiseinkennum og eftir atvikum öðrum einkennum sem hann taldi hægt að rekja til árekstursins. V telur því samtímagögn ekki liggja fyrir og einkenni sem M lýsir almenn, auk þess sem hann hafi haft svipuð einkenni vegna annars slyss um níu árum fyrr. Einnig vísar V til þess að niðurstöður myndgreininga bendi til þess að M sé með slitbreytingar í hrygg og ekki sé sýnt að þar sé um afleiðingar áverka að ræða. Einnig vísar V til andlegra erfiðleika sem M hafi glímt við áður en áreksturinn varð árið 2019 og umfjöllunar í Hrd. 89/2006, Hrd. 683/2009 og Hrd. 21/2016 til stuðnings röksemdum sínum. V mótmælir sönnunargildi ályktunar heimilislæknis M þar sem þar liggi helst til grundvallar frásögn M sjálfs.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli liggur fyrir að M leitaði ekki til læknis vegna afleiðinga áreksturs 10. september 2019 fyrr en um 10 mánuðum eftir áreksturinn. Ekki liggur fyrir af gögnum málsins að einkenni M séu sértæk vegna áverka við högg eins og árekstur, ekki liggur heldur fyrir heildstætt mat á því, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu hvort og þá hvernig einkenni M tengist fyrra heilsufari, kannasbisneyslu hans eða öðru. Ályktun heimilislæknis verður ekki lögð til grundvallar ein og sér á meðan ekki liggur fyrir t.d. læknisvottorð frá sérfræðingum eða eða álits- eða matsgerð annarra meðferðaraðila eða hæfra og óvilhallra manna um mögulegt líkamstjón M af völdum árekstursins.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 10. september

2019 og á hann því ekki rétt á bótum á grundvelli fyrirliggjandi gagna úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 229/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V1) og (V2)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 16. ágúst 2022.
3. Bréf V2 dags. 29. ágúst 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. ágúst 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 7. janúar 2022 hafi bifreiðin A, sem á tjónsdegi var tryggð kaskótryggingu hjá V2, lent utan vegar á Ásvallarbraut við Skarðshlíð. Var lögregla kölluð til vegna atviksins og liggur skýrsla hennar, dags. 9. janúar 2022, fyrir nefndinni. Eigandi A, M, hafi tilkynnt V2 um tjónið, félagið fallist á bótaskyldu og gert hafi verið við sjáanlegar skemmdir á A. Í kjölfar þess, í mars 2022, hafi kviknað á viðvörunarljósi í mælaborði til marks um bilun í sjálfskiptingu A. Eftir nokkra skoðun á bifreiðinni hafi komið í ljós að bilunina var að rekja til þess að box utan um sjálfskiptitölvuna, sem staðsett sé bak við vinstra horn framstuðarans hafi verið brotið eftir högg og vatn því komist að tölvunni með þeim afleiðingum að hún skemmdist. Upphaflega hafi V2 talið að um væri að ræða afleiðingu umrædds tjónsatviks og fallist hafi verið á að bæta tjónið. Eftir nánari skoðun hafi V2 hins vegar vísað til þess að A hafi orðið fyrir tjóni á árinu 2017, þegar hún var í eigu annars aðila og tryggð hjá V1. Aldrei hafi verið sótt í kaskótryggingu hjá V1 vegna þess tjóns. Hafi V2 talið að umrædda skemmd væri að rekja til þessa fyrra tjóns og því hafi frekari bótaskyldu verið hafnað. M mótmælir þeirri afstöðu enda hafi komið högg á framstuðarann við atvikið í janúar 2022 og sýni ljósmyndir að ákomur hafi verið á A á þeim stað sem tölvuboxið sé. Hafi bifreiðin lent á hljóðmön utan vegar og ökumaður hennar fengið hálshnykk við höggið og því sé ljóst að um nokkuð högg hafi verið að ræða. Þá sé fráleitt að halda að tjón vegna skemmda sem hafi komið til á árinu 2017 komi fyrst fram að liðnum fimm árum og 70.000 kílómetra akstri.

Í bréfi V1 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji kröfu M beinast að V2 og því skili félagið ekki sérstökum athugasemdum vegna málsins.

Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að tjónið frá árinu 2017 hafi verið mun umfangsmeira og ákoma hafi verið á þeim stað sem tölvan sé staðsett. Umrædd tölva sé staðsett um 10-15 sentimetrum fyrir neðan framljós A, eða milli framljóss og kastara, en af ljósmyndum megi ráða að tjónið sem varð við atvikið í janúar 2022 hafi verið alfarið bundið við neðsta hluta stuðarans. Hafi því brot á tölvukassanum ekki getað komið til í því tjóni enda sé ekki að sjá að högg hafi komið á þann hluta bifreiðarinnar.

Í viðbótarathugasemdum M segir að ekki verði séð að eiginlegt högg hafi komið á stuðara A við fyrra tjónsatvikið, heldur sé frekar um nuddákomu að ræða. Við atvikið í janúar 2022 hafi högg komið upp á stuðarann frá neðanverðu en ljóst sé að við þannig högg geti hlutir gengið til og komið til tjóns bakvið hann. Stuðarinn sé þá úr plasti og geti tekið á sig þungt högg án mikilla sjáanlegra skemmda, og það sé ekki aðeins sjáanlegt tjón sem segi til um umfang raunverulegra skemmda. Þá sýni ljósmyndir að vissulega hafi komið högg á umrætt svæði við tjónsatvikið 2022. Þá er áréttað að það væri þá ótrúleg tilviljun kæmi tjón vegna atviks fimm árum áður einmitt fram nokkrum vikum eftir seinna tjónsatvikið.

Álit.

Fyrir nefndinni liggur ekki fyrir hvort eða hvaða kröfum M beinir að V1 og kemur þáttur þess ekki til frekari skoðunar.

Hvað varðar ágreining M og V2 liggur samkvæmt framansögðu fyrir að aðila greinir á um hvort brot á kassa utan um sjálfskiptitölvu A hafi komið til við tjónsatvikið 7. janúar 2022, þegar ökumaður A missti stjórn á henni sökum hálku og hafnaði utan vegar. Þá liggur fyrir að bilun í sjálfskiptitölvu kom ekki fram fyrr en í marsmánuði, eða um tveimur mánuðum síðar. Það hvílir á M að sýna fram á að

skemmdirnar sem komu fram á sjálfskiptitölvunni sé að rekja til umrædds atviks. V2 vísar til þess að ákomur á A samræmist ekki slíkum skemmdum, enda sé staðsetning þeirra ekki til samræmis við þá bilun sem síðar kom fram. M mótmælir þeim röksemdum, en ekki liggja fyrir nefndinni nein frekari gögn er styðji fullyrðingar hans, s.s. matsgerð bifvélavirkja um tjónið og orsakir þess. Gegn andmælum V2 og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ósannað að orsök skemmda á sjálfskiptitölvunni sé að rekja til umrædds tjónsatviks. Verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu A,

Reykjavík, 13. september 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

ENDURUPPTAKA

Mál nr. 230/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. júlí 2022.
2. Bréf V, dags. 17. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótargögn frá V dags. 2. september 2022.
4. Tölvupóstur M dags. 19. september 2022.
5. Tölvupóstar maka M til nefndarinnar dags. 4. og 5. október 2022, ásamt ljósmyndum.
6. Bréf V dags. 19. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
7. Tölvupóstar maka M til nefndarinnar dags. 20. október 2022.
8. Bréf V dags. 24. október 2022.

Endurupptökubeiðni

Mál þetta var tekið upp að nýju af hálfu nefndarinnar eftir að úrskurður var kveðinn upp hinn 4. október 2022 á grundvelli nýrra gagna sem maki M (hér eftir nefndur M) lagði fram en þar var um að ræða ljósmyndir sem M upplýsti að væru af þeirri kerru sem M leigði af X á tjónsdegi. Á ljósmyndum mátti sjá að skipt hafði verið um krókfestingu kerrunnar enda nýrri festingar en sjá mátti af myndum í lögregluskýrslu. Í beiðni M um endurupptöku dags. 4. október 2022 gerir M athugasemdir við það að nefndin hefði ekki snúið sönnunarbyrði við líkt og Hæstiréttur gerði í dómi sínum í máli nr. 395/2014. Vegna þeirra athugasemda er rétt að geta þess að samkvæmt 10. gr. samþykkta nefndarinnar dags. 17. desember 2021 skulu úrskurðir nefndarinnar, eftir því sem við á hverju sinni, byggðir á lagareglum, stjórnvaldsfyrirmælum, venju, fordæmum og öðrum réttarheimildum sem nefndin telur rétt að byggja á. Nefndin fer í gegnum öll gögn málsins og skoðar tilvísanir til dómafordæma þó það sé ekki sérstaklega tekið fram í úrskurðum nefndarinnar. Nefndin fjallar auk þess ekki sérstaklega um einstaka dómafordæmi eða aðrar réttarheimildir sem nefndin telur að eigi ekki við í einstaka máli. Því verður ekki fjallað um það hér hvers vegna nefndin telur ekki rétt að snúa sönnunarbyrði við í þessu máli líkt og gert var í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar.

V vísar til þess að skilyrði endurupptöku samkvæmt 12. gr. samþykkta nefndarinnar séu ekki til staðar. Samkvæmt 12. gr. samþykkta nefndarinnar getur nefndin tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið í af nefndinni skuli tekið fyrir aftur ef fram koma nýjar upplýsingar, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og eru þess eðlis að hefðu þær legið fyrir við uppkvaðningu úrskurðar gætu þær hafa leitt til annarrar niðurstöðu. Í upphaflegu málskoti gerði M athugasemdir við að V lagði ekki fram myndir frá X þar sem sýnt væri að ekki hefði verið skipt um krókfestingu kerrunnar. V upplýsti í tölvupósti til nefndarinnar dags. 2. september 2022 að félagið hefði óskað eftir að X legði fram myndir af kerrunni til stuðnings þeirri fullyrðingu að engar breytingar hefðu verið gerðar á kerrunni eftir tjónsatvikið þann 14. apríl 2022. Í sama bréfi V kom fram að starfsmenn X höfðu ekki náð að afla myndanna þar sem kerran væri í útleigu. V kvaðst ætla að senda nefndinni myndir ef þær bærust á næstu dögum. Slíkar myndir bárust ekki nefndinni og því má ætla að starfsmenn X hefðu ekki haft tækifæri til þess að afla myndanna fram að þeim tíma sem málið var tekið fyrir hjá nefndinni. Verður því ekki unnt að fallast á að M hefði verið í betri aðstöðu en starfsmenn X að afla mynda af kerrunni og því var það afstaða nefndarinnar að um væri að ræða nýjar upplýsingar sem uppfylltu skilyrði 12. gr. samþykktanna. Í ljós kom hins vegar að myndir þær sem M lagði fram voru ekki af réttri kerru og lagði V fram sem fylgiskjal við bréf sitt dags. 19. október 2022, myndir af réttri kerru ásamt þeim upplýsingum að í þjónustuskoðun þann 26. ágúst 2022 hefði verið skipt um krókfestingu en fram að þeim tíma hefði kerran verið í útleigu í óbreyttu ástandi. Var það fyrst og fremst gert vegna útlitsryðs sem ekki hefur áhrif á virkni búnaðarins. Nefndin fjallaði aftur um málið á fundi sínum 1. nóvember 2022 þar sem farið var yfir viðbótargögn og athugasemdir beggja aðila. Þykja hin nýju gögn ekki hafa leitt í ljós hver orsök tjónsins var og því eru ekki rök til þess að breyta niðurstöðu nefndarinnar og stendur hún því óbreytt með eftirfarandi hætti:

Málsatvik.
Samkvæmt upplýsingum úr lögregluskýrslu dags. 14. apríl 2022 varð umferðaróhapp þann 13. apríl 2022 á Víkurbraut við Hrannargötu í Reykjanesbæ. Kerra sem var full af timbri hafði losnað frá bifreiðinni A, PO-S58 með þeim afleiðingum að kerran rann á bifreiðina og olli tjóni á afturhlera. Ökumaður A kvaðst hafa leigt kerruna hjá X og að starfsmenn fyrirtækisins hafi aðstoðað sig við að hlaða kerruna. Í skýrslu lögreglu kemur fram að starfsmenn X hafi komið á staðinn og upplýst að kerran væri í ólagi og að X myndi að öllum líkindum bæta tjónið. M gerði kröfu um bætur vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar vanrækslu X eða starfsmanna þess, heldur til aðgæsluleysis M sjálfs og/eða óhappatilviks. M telur að tjónið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X. Starfsmenn X hafi upplýst að kerran væri ekki of lítil og aðstoðað ökumann við að hlaða kerruna. Líklegt sé að hakið sem hélt kerrunni hafi verið orðið slitið vegna notkunar og telur M það líklegustu skýringuna á orsök tjónsins. Það hafi verið sami starfsmaður X sem seldi timbrið og leigði út kerruna. V hafnar því alfarið að starfsmenn X hafi játað eða sagt að eitthvað væri að kerrunni eða að þeir hafi aðstoðað við að hlaða eða tengja kerruna. V hafnar einnig að starfsmenn X hafi valið umrædda kerru. Að mati V sýni ekkert í gögnum málsins fram á eða leiðir að því líkum að nokkuð hafi verið athugavert við aðbúnað kerrunnar. Vísar V til þess að hleðsla ökutækis sé ávallt á ábyrgð ökumanns ökutækisins hverju sinni, sbr. XIII. og XV. kafla umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón á bifreiðinni A megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á hver var orsök tjónsins þ.e. hvort tjónið megi rekja til vanbúnaðar kerrunnar, mistaka við hleðslu timbursins eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. X hefur lagt fram gögn sem sýna fram á að kerran hafi verið í notkun eftir atvikið og hafnar X því að nokkuð hafi verið að kerrunni. Gegn neitun X er því ekki sýnt fram á að tjónið megi rekja til þess að kerran hafi verið vanbúin. Ekki hafa heldur verið lögð fram nein gögn sem sýna fram á að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Upplýsingar sem hafðar eru eftir ónafngreindum starfsmönnum X í lögregluskýrslu breyta engu hér um. Með vísan til þess verður M að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 231/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. september 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. apríl 2022, fékk lögregla að kvöldi hins 24. febrúar 2022, tilkynningu um nágrannaerjur, en óskað var eftir aðstoð lögreglu þar sem X hefði gert tilraun til að aka M niður. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi óskað þess að bifreiðin A væri fjarlægð úr einkastæði. X hafi þá komið, sest upp í A og ekið nokkrum sinnum umhverfis byggingu M áður en hann stöðvaði við íbúð sem M dvaldist í. Í kjölfar orðaskipta milli M og X hafi M gengið upp að vinstri hlið A sem þá hafi verið ekið greitt af stað með þeim afleiðingum að hliðarspegill A hafi rekist í M svo líkamstjón hlaust af. X lýsir atvikum svo að hann hafi ekið A í kringum umrædda byggingu en svo veitt M athygli og ætlað að hann vildi eiga við sig orð. Hafi samskipti X og M endað með því að M gekk ógnandi upp að A. Hafi X ákveðið að forða sér, en þegar hann ók af stað hafi M slegið í hliðarspegil A sem small til baka. M hafi aldrei verið framan við A eða við dekk hennar.

Með tjónstilkynningu, dags. 19. apríl 2022, krafðist M bóta vegna tjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 21. júní 2022, með vísan til þess að það væri ósannað að slys M hefði hlotist af notkun A og að hættueigineikar hennar hefðu valdið meiðslum. Jafnvel þó svo væri yrði að meta háttsemi M sjálfs, sem hefði gengið ógnandi upp að ökutæki í æsingi, til stórkostlegs gáleysis sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Í málskoti vísar M til þess að hann hafi leitað til læknis daginn eftir umrætt atvik. Hafi hann þá verið með tvö hruflsár á úlnliðssvæði og sýnt merki um „contusion“ á vinstri öxl. Höggið af hliðarspeglinum hafi þannig valdið höggi eða slink á öxlina. Ljóst sé því að M hafi orðið fyrir tjóni sem leitt hafi af notkun ökutækis. Um sé að ræða hlutlæga bótaábyrgð, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar, og utan einhliða framburðar tjónvalds sé ekkert í málinu sem sýni fram á stórkostlegt gáleysi M.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að það sé aðeins einhliða frásögn M sem bendi til þess að X hafi viljandi ekið utan í hann og að hliðarspegill A hafi valdið meiðslum á öxl hans. Sé atvikalýsing M á rökum reist hefði hann þurft að standa framan við A eða dekk hennar þegar X ók af stað, en fyrir lögreglu staðfesti X að svo hafi ekki verið. Í málflutningi M sjálfs komi þá fram að hann hafi gengið að „hlið bílsins“. M beri sönnunarbyrði þess að tjón hans sé að rekja til notkunar A og slík sönnun hafi ekki tekist. Telji nefndin hins vegar að slík sönnun hafi tekist beri að fella niður eða skerða bótarétt M á grundvelli stórkostlegs gáleysis hans.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar skal eigandi (umráðamaður) ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða ógætni ökumanns. Það hvílir þó eftir sem áður á tjónþola að sýna fram á að tjón hans sé rakið til notkunar ökutækis. Engin vitni voru að samskiptum þeirra M og X eða umræddu tjónsatviki. Eins og fram er komið greinir M og X nokkuð á um atvik. M lýsir þeim svo að meiðsl hans sé að rekja til þess að A var ekið greitt af stað er hann gekk að hlið hennar. Er það í sjálfu sér ekki í ósamræmi við þá frásögn sem höfð er eftir M hjá lækni hinn 25. febrúar 2022, þ.e. að X hafi „keyrt bíl sínum viljandi í M og við það hafi hliðarspegillinn meitt hann í vinstri öxl.“ Í báðum tilvikum er hins vegar um einhliða frásögn að ræða. X ber þá fyrir lögreglu að hann hafi ákveðið að forða sér og þegar hann hafi ekið af stað hafi M teygt úr hendinni og slegið í hliðarspegilinn. Aðilum ber því saman um það að A hafi verið á ferð þegar vinstri hliðarspegill hennar lenti á M. Þar sem engar afstöðumyndir eða nákvæm lýsing á staðháttum liggur fyrir nefndinni verða þá ekki dregnar neinar sérstakar ályktanir um eða varðandi það hvar við A M hafi staðið. Verður þá ekki talið sýnt fram á að M hafi slegið í spegilinn með þeim hætti sem X lýsir. Verður samkvæmt

framansögðu byggt á því að A hafi verið á hreyfingu, enda ber aðilum saman um það, og að ekki sé sýnt fram á annað en að umrætt tjónsatvik hafi orðið í tengslum við notkun hennar. Á M því rétt til bóta að því marki sem sýnt er fram á tjón, en samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 25. febrúar 2022, var hann óvinnufær frá 24. febrúar til 2. mars 2022.

Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar má þá lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Sönnunarbyrði þess að M hafi verið meðvaldur að tjóni sínu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hvílir á V. Eins og áður er rakið voru engin vitni að umræddu atviki og er það aðeins einhliða frásögn X sem gefur til kynna að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í aðdraganda þess. Verður því ekki litið svo á að sú sönnun hafi tekist.

Niðurstaða.
M á rétt til óskertra bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 232/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis: A B C og D.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M dags. 13. september 2022.
4. Bréf V dags. 14. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að hann hafi fengið þrjá menn til að mála íbúðarhús sitt að utan og að vegna handvammar þeirra hafi málning slettst eða fokið á bifreiðarnar A, B, C og D, sem staðsettar voru við húsið. Þá kemur fram í gögnum málsins að M hafi verið eigandi bifreiðanna A og B á tjónsdegi en bifreiðarnar C og D hafi verið í eigu fyrirtækis sem er í eigu M. Í gögnum málsins er ein tjónstilkynning, vegna bifreiðarinnar D, sem er ódagsett en móttekin af V hinn 5. júlí 2022. Samkvæmt tilkynningunni varð tjón á bifreiðinni þann 21. maí 2022 en engin málavaxtalýsing er í tilkynningunni önnur en að búið er að merkja inn á mynd að ákomur eru á allri bifreiðinni. Í samskiptum lögmanns M við V kemur einnig fram að málarar hafi tekið að sér að mála húsnæði M og að þeir hafi notað rangt efni á húsið sem hafi valdið því að blaut málning fauk af húsinu yfir bifreiðarnar í óveðri. Fyrir liggur afrit af reikningi nr. 1 frá tilteknum einstaklingi vegna málningarvinnu við hús M, sem sögð er hafa farið fram á tímabilinu 27. apríl 2022 - 27. maí 2022. Þá liggja fyrir afrit af kostnaðarreikningum frá sprautuverkstæði vegna málningarvinnu á bifreiðunum A, B, C og D.

Telur M að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðanna. Vísar M m.a. til þess að bifreiðarnar hafi skemmst af völdum þriðja aðila og að skv. ákvæði 2. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingarinnar bæti tryggingin skemmdir af völdum þriðja aðila. Enn fremur byggir M á því að um sé að ræða tjón af völdum óveðurs sem einnig falli undir gildissvið vátryggingarinnar.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr tryggingunni og byggir m.a. á því M hafi ekki sýnt fram á að tjóninu hafi verið valdið af þriðja aðila. Þá vísar V til þess að samkvæmt skilmála vátryggingarinnar þurfi vindur að ná 28,5 metrum á sekúndu til að um sé að ræða óveður í skilningi skilmálans. Vátryggður hafi ekki sýnt fram á að óveður hafi verið á því tímabili sem skemmdirnar eigi að hafa komið til á. Enn fremur gerir V athugasemdir við að M skjóti kröfu vegna bifreiðanna C og D til nefndarinnar í eigin nafni þar sem hann hafi ekki verið eigandi bifreiðanna. Telur félagið að M hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn krafna varðandi bifreiðarnar C og D.

Álit.

Líkt og fram hefur komið er M eigandi bifreiðanna A og B. Bifreiðarnar C og D eru hins vegar í eigu félags sem er í eigu M. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M sé fyrirsvarsmaður félagsins og hafi umboð til að skjóta málum félagsins til nefndarinnar. Þó þess sé ekki skýrlega getið í málskoti M til nefndarinnar, að hann sé einnig að skjóta málinu til nefndarinnar í nafni félagsins, telur nefndin rétt að líta svo á að það hafi verið ætlunin og að málið varði annars vegar M og félagið sem á bifreiðarnar C og D. Þykir því ekki tilefni til að vísa málinu frá að hluta eða í heild sinni.

Í e-lið 2. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingarinnar sem um ræðir kemur m.a. fram að vátryggingin bætir skemmdir á ökutækinu ef það skemmist af völdum þriðja aðila. Það er því nauðsynlegt að leggja mat á það hvort tjón hafi orðið á bifreiðunum sem rakið verður til þriðja aðila.

Engin skýr gögn eða myndir liggja fyrir um tjónið sem sagt er hafa orðið á bifreiðunum vegna málningarslettna. Þá liggja ekki fyrir gögn um aðstæður á tjónsstað, svo sem hvort húsið sé ný málað eða hvernig það er á litinn. Það er því ekki hægt að bera saman lit á þeim slettum sem sagðar eru hafa verið á bifreiðunum við lit á á húsinu. Engar sjálfstæðar skýrslur liggja fyrir frá þeim taldir eru hafa valdið tjóni á bifreiðum eða skoðunarskýrslur vegna þess. Af þessum sökum er ómögulegt að meta

hvort tjón hafi orðið á bifreiðunum vegna málningarvinnu við húsið. Þá liggja heldur engin gögn fyrir sem sýna fram á að húsið sé nýmálað eða að í kring um það séu slettur eftir málningu.

Það hafa því ekki verið lögð fram skýr gögn sem sýna að tjón á bifreiðum sé vegna málningarvinnu þriðju aðila. Samkvæmt almennum sönnunarreglum og meginreglum vátryggingaréttar ber tjónþola, M, að sýna fram á tjón sitt, umfang og orsök þess. Þar sem sú sönnun hefur ekki tekist verður hann jafnframt að bera hallann af þeim sönnunnarskorti. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr kaskótryggingu A, B, C og D.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðanna A, B, C og D hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Guðmundur Stefán Martinsson

Mál nr. 233/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki: (X)

Skaðabótaábyrgð. Galli á vöru.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. ágúst 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 15. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir vatnstjóni í húseign sinni hin 30. júní 2020 þegar slanga sem tengd var við vatnskrana og í ísskáp rifnaði. Umrædda slöngu höfðu M keypt í verslun X 1. mars 2020 og lýsa þeim kaupum þannig að kaupin hefðu byggt á ráðgjöf starfsmanna X um rétt slönguval og tengingar fyrir ísskáp sem áttu að henta í fyrirhuguð not. Af málsgögnum má ráða að slanga sem fylgdi ísskáp M hafi ekki verið nógu löng og þess vegna hafi þurft að kaupa nýja slöngu.

M telja að ráðgjöf starfsmanna X hafi ekki fyrir fullnægjandi þar sem þeim hafi verið seld slanga úr mjúku plastefni sem hönnuð væri fyrir lágmarksþrýsting, en ekki ætluð fyrir ísskápa. M telja að slangan sem þau keyptu eftir umrædda ráðgjöf hafi ekki verið ætluð í þau not sem M ætluðu sér í skilningi 2. mgr. og 3. mgr. 1. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003. M vísa til þess að slangan hafi ekki fullnægt áskilnaði a-c liðar 2. mgr. 15. gr. laga um neytendakaup og hafi verið gölluð í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. M vísa til ríkrar upplýsingaskyldu starfsmanna X við kaup M á vörum varðandi eiginleika og notkun þeirra og að slangan hafi ekki fullnægt þeim. X hafi haft sérþekkingu á þeim vörum sem voru til sölu og hefði ekki átt að dyljast að not M fyrir slöngu í ísskáp væru þess eðlis að tengja þyrfti hann við vatn, auk þess sem M hefðu haft slöngu sem fylgt hefði með ísskápnum með sér við kaupin. M telja að starfsmenn X hefðu átt að upplýsa með óyggjandi hætti um að umrædd slanga væri ekki ætluð fyrir vatnsþrýsting og þannig hafi þeir valdið M tjóni. M vísar til álits pípulagningarmeistara um að slangan sem keypt var hafi ekki hentað, sem og gagna frá öðrum söluaðila lagnaefnis máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að M hafi sýnt starfsmanni X vatnsslöngu sem fylgdi ísskáp þeirra þegar önnur slanga var keypt. Einnig telur V ósannað að gerð hafi verið grein fyrir fyrirhuguðum notum með skýrum hætti eða að slanga hafi verið keypt eingöngu á grundvelli ráðlegginga starfsmanna X. Ekkert liggi fyrir um hvers konar ísskáp sé um að ræða, hvar hann var keyptur eða hvort vatnsslöngur fylgi þeim almennt. Ekki liggi heldur fyrir að sú slanga sem M vísa til að hafa hafa sýnt starfsmönnum X hafi verið slanga sem ætluð var til að þola vatnsþrýsting. V bendir á ekki liggi fyrir að varan sem keypt hafi verið teljist vera gölluð í skilningi a-c liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup heldur geti ágreiningur fyrst og fremst snúið að því hvort galli hafi verið í skilningi 1. mgr. 16. gr. þeirra laga, þ.e. að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita um fyrirhuguð not slöngunnar, sbr. c-lið 1. mgr. 15. gr. laganna. V telur M bera sönnunarbyrðina fyrir því að hafa kynnt starfsmönnum X fyrirhuguð not og sú sönnun liggi ekki fyrir.

M telur fjarstæðukennt að ætla að þau hafi keypt þær vörur sem koma fram á reikningi dags. 1. mars 2020 án ráðgjafar starfsmanna X, enda hafi verið um að ræða sértæka smáhluti og starfsmaður X hafi eytt dágóðum tíma með M í lagnadeild verslunar X til að hjálpa til við að finna þá hluti. M leggja áherslu á að fagþekking hafi verið fyrir hendi hjá X og M hafi ekki haft slíka þekkingu.

V vísar að lokum til þess að fullyrðingar í málskoti og athugasemdum M séu ósannaðar með tilliti til almennra sönnunarreglna.

Álit.

Í málinu er hverfist ágreiningur aðila málsins um hvort starfsmenn X, sem hafa sérþekkingu á sölu vara í verslun X, hafi selt M tiltekna vatnsslöngu sem tengd hafi verið í ísskáp í húseign M án þess að sá söluhlutur hentaði í þeim tilgangi sem starfsmenn X vissu eða máttu vita um þegar kaup voru gerð, sbr. orðalag c. liðar 1. mgr. 15. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003 þannig að varan teljist gölluð í

skilningi 1. mgr. 16. gr. laganna. Ekkert liggur fyrir um að slangan sem slík hafi verið gölluð í skilningi a.-b. liðar sömu greinar og verður ekki fjallað frekar um það.

Í málinu liggur ekki ljóst fyrir hver samskipti M og starfsmanns eða starfsmanna X voru við kaup á vatnsslöngu og öðrum hlutum í verslun X hinn 1. mars 2020. Ekki liggur fyrir hvernig ísskáp átti að tengja eða að starfsmenn X hafi fengið upplýsingar um það eða sérstaka eiginleika hans. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að annar málskotsaðila hafi verið í verslun X en ekki báðir og ekki liggur fyrir að vitni hafi verið af samskiptum þess málskotsaðila sem fór í verslun X í umrætt sinn við starfsmann eða starfsmenn Byko. Með hliðsjón af almennum sönnunarreglum ber sá sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu sönnunarbyrði um að atvik séu með þeim hætti sem hann ber. Með hliðsjón af því verða M að bera hallann af sönnunarskorti um að gerð hafi verið skýrlega grein fyrir þeim notum sem slöngunni var ætlað og eiga þau því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.
M eiga ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 234/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. ágúst 2022.
2. Bréf V dags. 1. september 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 14. september 2022.
5. Fyrirliggjandi gögn málsins hjá V, send að beiðni nefndarinnar.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. desember 2021 hafi M sótt meðferð hjá kírópraktor eða hnykkjara og við þá meðferð hafi hnykkjarinn X brotið eða brákað rifbein hennar. Fyrirliggjandi er læknisvottorð, dags. 20. febrúar 2022, þar sem fram kemur að M hafi leitað á heilsugæslu hinn 9. desember 2021, þar sem hún lýsti verkjum við hreyfingar og var mjög aum hægra megin á rifjasvæði. Var hún greind með ofreynslu/rifbrot. Í málskoti kemur fram að þegar M upplýsti X um þetta hafi hann bent henni á að sækja bætur í sjúklingatryggingu hans hjá V. V hafi hins vegar hafnað kröfu hennar með bréfi dags. 10. júní 2022. M rekur í málskoti að hún hafi sótt meðferð hjá hnykkjara í um 200 skipti og ekkert þessu líkt komið fyrir áður. Þá kemur fram í málskoti að X hafi ekki áttað sig á því hvernig þetta gat gerst og ekki hafi verið um nýja meðferð að ræða, en tjón M hafi ekki komið til af sjálfu sér. Þá telur M sig hafa orðið fyrir ómældum líkamlegum og andlegum skaða þó rifbeinin hafi á endanum jafnað sig.

Í bréfi V kemur fram að óskað hafi verið eftir upplýsingum frá X. Komi fram hjá honum að M hafi meðan á meðhöndlun stóð fundið pílu fram í kvið en að hann hafi ekki fundið eða tekið eftir neinu sem honum fannst óeðlilegt. Að mati V hafi M ekki sýnt fram á að hvaða leyti hafi ekki verið rétt staðið að meðferðinni af hálfu X og þá hafi hún jafnað sig af umræddum áverkum. Séu skilyrði 1.-4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu því ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum X, óháð því hvort um óhapp eða vanrækslu hafi verið að ræða. Þá vonist hún til þess að tekið verði tillit til upplifunar hennar þennan dag, og þess andlega skaða sem hún hafi orðið fyrir.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar V þá afstöðu sína að M hafi ekki sýnt fram á bótaskyldu vegna tjónsins en sönnunarbyrði þess hvíli á henni.

Álit.

M krefst samkvæmt framansögðu bóta úr sjúklingatryggingu M, en sjúklingatrygging tekur til þeirra tjónsatvika sem talin eru upp í 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Þar segir í 1. mgr. að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers þeirra atvika sem tilgreind eru í töluliðum 1.-4 en þeir eru svohljóðandi: *1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. 2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. 3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings. 4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.*

Það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að tjón hennar sé að öllum líkindum að rekja til einhvers fyrrgreindra atvika. Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja er ekki ljóst hvað varð til þess að M varð fyrir meiðslum við meðferð hjá X, eða að rétt hefði verið að haga meðferð með öðrum hætti en gert var. Er því ekki sýnt fram á að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef meðferð hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Á sama hátt er ekki sýnt fram á líkur þess að tjón hafi hlotist af bilun eða galla í búnaði eða að komast hefði mátt hjá tjóni með beitingu annarrar meðferðaraðferðar eða -tækni. Verður því ekki séð að skilyrði 1., 2., eða 3. töluliðar séu uppfyllt. Hvað varðar 4. tölulið er ekki sýnt fram á að tjón M sé þess eðlis að bótaskylda sé fyrir hendi á grundvelli hans, enda liggja engin gögn fyrir nefndinni um umfang tjóns hennar að öðru leyti en því að hún hefur náð líkamlegum bata. Verður því ekki séð að skilyrði 4. töluliðar séu uppfyllt. Hefur því ekki verið sýnt fram á að um sé að ræða tjónsatvik sem sjúklingatrygging X tekur til og verður kröfu M þar af leiðandi hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 235/2021
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. júní 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Matsgerð dags. 2. september 2021.
3. Bréf V dags. 28. desember 2021.
4. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 18. janúar 2022.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar á Miklubraut þegar bifreið X var ekið aftan á bifreið M hinn 4. desember 2019. Í tjónstilkynningu vegna árekstursins er haft eftir báðum ökumönnum að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum. Hinn 27. apríl 2020 tilkynnti M um líkamstjón til V og kemur þar fram að hún hafi leitað á Læknavaktina 5. desember 2019 og hafi verki í hálsi og baki. Í gögnum málsins er fjallað um þessa heimsókn sem og liggja fyrir ítarlegar læknisfræðilegar upplýsingar um fyrra heilsufar M. Í málinu liggur einnig fyrir skýrsla frá Aðstoð og Öryggi um PC-crash útreikninga sem og matsgerð um afleiðingar ætlaðs líkamstjóns dags. 2. september 2021. Í þeirri matsgerð kemur fram að ekki séu að mati matsmanna orsakatengsl milli stoðkerfiseinkenna, vöðvaverkja og þreytu sem M býr við og árekstursins og telst hún því ekki hafa hlotið tímabundin eða varanleg líkamleg einkenni vegna hans.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 4. desember 2019 og hefur krafið V um bætur vegna þess. Í málskoti er gerð grein fyrir kröfu M um viðurkenningu á greiðslu kostnaðar við gagnaöflun og matsgerð en af gögnum málsins má ráða að lögmaður M hafi verið búinn að senda beiðni um matsgerð áður en málskot barst nefndinni. Þar, sem og í málskoti, er því haldið fram að M hafi ekki getað gætt hagsmuna sinna við gerð PC-crash útreikninga sem V hafi einhliða lagt fram, ekki hafi legið fyrir mælingar af bifreiðunum eða ljósmyndir af afstöðu þeirra á vettvangi og eigi skýrsla vegna slíks útreiknings því ekki að hafa nokkuð sönnunargildi. Eftir að matsgerð dags. 2. september 2021 var lögð fyrir nefndina tilkynnti lögmaður M að ekki yrðu gerðar frekari athugasemdir vegna málsins við nefndina.

V hefur hafnað greiðsluskyldu vegna málsins og telur að ekki sé sannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við árekstur hinn 4. desember 2019. V vísar til þess að einkenni M séu almenn og algeng og með niðurstöðu matsgerðar dags. 2. september 2021 sé ljóst að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli einkenna hennar og árekstursins 4. desember 2019.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um greiðsluskyldu V vegna ætlaðs líkamstjóns M í árekstri þar sem ekið var aftan á bifreið hennar. M ber skv. almennum sönnunarreglum sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í gögnum málsins má sjá upplýsingar um einkenni þau sem M telur tengjast fyrrnefndum árekstri sem og gögn um áreksturinn. Í matsgerð dags. 2. september 2021 komast tveir matsmenn að þeirri niðurstöðu að ekki séu orsakatengsl milli áreksturs og einkenna M á grundvelli þessara gagna. Þegar litið er til þess sönnunargagns verður ekki séð að M hafi tekist sönnun um líkamstjón sitt vegna árekstursins 4. desember 2019.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 236/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 27. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 5. október 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að X fékk fasteignina A til sölumeðferðar á árinu 2018. Um er að ræða sölu á atvinnuhúsnæði sem gerður var kaupsamningur um hinn 3. desember 2018 milli seljanda og M sem kaupanda. Þá lá fyrir söluyfirlit sem ber ekki annað með sér en að útbúið hafi verið af starfsmönnum X 20. nóvember 2018 og undirritað af bæði fulltrúum kaupanda og seljanda. Í texta söluyfirlitsins kemur m.a. fram að eignin sé í endurgerð og á svokölluðu matsstigi 9 en hún hafi öll verið nýstandsett og að nýtt járn sé á þaki og eignin klædd að utan. Ágreiningur kom upp milli kaupanda og seljanda um greiðslu 1.500.000 króna vegna fasteignaviðskiptanna, þ.e. fjárhæðar sem M sem kaupandi neitaði að greiða og bar fyrir sig að fasteignin hefði verið haldin göllum sem næmi hærri fjárhæð en kaupsamningsgreiðslan sem eftir stóð. Málið var höfðað 2. mars 2021 og gekk dómur í málinu 23. maí 2022 í Héraðsdómi Reykjaness (mál nr. E-493/2021) þar sem M var sýknaður af kröfu seljanda og þannig fallist á að fasteignin hefði verið haldin göllum og matsgerð dómkvadds matsmanns sýndi að sú fjárhæð sem þyrfti til að bæta úr þeim göllum væri mun hærri en sú greiðsla sem M átti eftir að greiða skv. kaupsamningi við seljanda. Málinu var áfrýjað af hálfu seljanda til Landsréttar, en dómur hefur ekki verið kveðinn upp þar.

M telur að starfsmenn X hafi ekki gætt nægilega vel að skyldum sínum skv. lögum nr. 70/2015 við sölumeðferð fasteignarinnar A þar sem söluyfirlit hafi verið ónákvæmt um ástand eignarinnar. M vísar til forsenda í dómi Héraðsdóms Reykjaness í máli E-493/2021 og að þar hafi komið fram að ástand A hafi ekki verið í fullu samræmi við þær upplýsingar sem komu fram í söluyfirliti, m.a. hafi þakjárn ekki verið nýtt og að A hafi ekki uppfyllt kröfur um brunavarnir eins og megi gera ráð fyrir þegar um eignir á lokastigi endurbyggingar sé að ræða. Þannig hafi starfsmenn X ekki útbúið söluyfirlit í samræmi við 11. gr. laga nr. 70/2015 og 8. gr. reglugerðar nr. 939/2004 um efni söluyfirlits. Einnig hafi starfsmenn X vanrækt að afla upplýsinga um ástand A hjá byggingafulltrúa vegna þeirrar endurbyggingar sem hafði átt sér, sérstaklega þar sem enginn byggingarstjóri hafi verið skráður á A. M vísar einnig til skyldna fasteignasala í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015 um að kynna sér ástand eigna af eigin raun, en ekki treysta eingöngu á upplýsingar frá seljendum, og sjá til þess að upplýsingar í söluyfirliti séu réttar. Vanræksla á því leiði til bótaábyrgðar á grundvelli 27. gr. laganna og gildi um þá bótaábyrgð strangt sakarmat sérfræðinga skv. dómaframkvæmd. Einnig vísar M til þess að þakjárn hafi allt verið gamalt sem hafi verið í andstöðu við yfirlýsingu í söluyfirliti um að það hafi verið allt nýtt. Auk þessa vísar M til þess að skráð fasteignamat hafi ekki verið neinu samhengi við ásett verð eða kaupverð fasteignarinnar A og það hafi lagt þá skyldu á fasteignasala að kanna betur að eigin frumkvæði ástand A. Einnig vísar M til þess að ekkert dómsmál sé í gangi milli M og X.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sýnt að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við gerð söluyfirlits vegna A og vísar til þess að hvorki seljendum né starfsmönnum X hafi ekki verið kunnugt um að gamalt þakjárn hafi verið notað á A, en afsláttur hafi verið boðinn af kaupverði þegar það kom í ljós sem M hafi hafnað. V vísar til þess að M hafi skoðað A alla vega tvisvar áður en tilboð var gert og að í kaupsamningi komi sérstaklega fram að þakviðgerðir og annað sem við komi húsnæðinu áður en það sé tilbúið sé ekki á kostnað kaupanda. Einnig vísar V til þess að dómkvaðning matsmanns um ástand A hafi ekki átt sér stað fyrr en 2,5 ári eftir sölu á A og hefur því takmarkað sönnunargildi um ástand A í lok árs 2018. V gerir einnig athugasemdir við tiltekna þætti hins dómkvadda mats. V telur að ekki sé hægt að taka endanlega afstöðu til bótaskyldu X fyrr en dómur gengur í Landsrétti í máli seljanda A gegn M og telur að starfsmenn X hafi í hvívetna uppfyllt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V. Gildissvið starfsábyrgðartryggingar nær til skaðabótaskyldu fasteignasala m.a. á grundvelli 27. gr. laga nr. 70/2015. Um skyldur fasteignasala er fjallað í fleiri ákvæðum laganna, m.a. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 þar sem kemur fram að fasteignasali skuli gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í c-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um ástand eignar, þ.á.m. um galla sem seljanda/og eða fasteignasala er kunnugt um a eigninni. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í fyrrnefndri 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat skv. dómaframkvæmd.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort X hafi tilgreint réttar upplýsingar á söluyfirliti um ástand fasteignarinnar A. Þar segir t.d. að „*..nýtt járn sé á þaki*.“ Í mati dómkvadds matsmanns frá því í október 2021 kemur fram að bæði nýtt járn og eldra járn hafi verið notað til endurbóta á þaki. Þessar upplýsingar lágu fyrir milli seljanda og M sem kaupanda fyrr og þegar það kom upp bauð seljandi M afslátt af kaupverði sem M tók ekki. Ekki verður sýnt að upplýsingar um eldra þakjárn hafi legið fyrir með þeim hætti að starfsmönnum X hafi verið það ljóst. Í matsgerð dómkvadds matsmanns kemur einnig fram að allt þakvirki sé nýtt eða nýlegt.

Þrátt fyrir strangt sakarmat fasteignasala verður ekki talið nægilega sannað að starfsmenn X hafi mátt sjá að þakjárn væri ekki að öllu leyti nýtt á A eða að aðrir gallar hafi verið á húsnæðinu sem greina hefði átt í söluyfirliti. Ljóst var af söluyfirlitinu að fasteignin var ekki fullbúin, í þeim skilningi að hún var í endurbyggingu og verður sú skylda ekki lögð á fasteignasala að hlutast til um sérstaka úttekt á slíkum fasteignum áður en söluyfirlit er útbúið, eða að hann eigi að gera seljendum ljóst að ekki sé hægt að gera söluyfirlit öðruvísi. Ekki verður heldur séð að aðrar upplýsingar í söluyfirliti hafi verið það ónákvæmar að meta verði starfsmönnum X til sakar.

Ekki hefur því komið fram nægileg sönnun fyrir saknæmri háttsemi af hálfu starfsmanna X og breytir niðurstaða dómsmáls milli M og seljenda húsnæðisins, í máli Héraðsdóms Reykjaness nr. E-493/2021, um saknæma háttsemi seljenda, ekki mati nefndarinnar á því, enda má einnig benda á að dómi í því máli hefur verið áfrýjað til Landsréttar og liggur dómur þess áfrýjunardómstóls ekki fyrir. Miðað við framlögð gögn á M því ekki rétt til bóta að svo stöddu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 237/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Brunatrygging húseigna.

Fjárhæðir. Umfang tjóns. Sönnun.

Gögn.

6. Málskot móttekið 3. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
7. Bréf V dags. 9. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
8. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
9. Viðbótarathugasemdir V dags. 7. október 2022.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að fasteign M, A, hafi skemmst í eldsvoða hinn 5. apríl 2018. A var á tjónsdegi tryggð brunatryggingu hjá V og í málskoti kemur fram að V hafi fallist á bótaskyldu með bréfi dags. 31. ágúst 2018. Í kjölfarið hafi átt sér stað viðræður milli aðila og í apríl 2020 hafi upphaflegt tjónamat verið endurskoðað af hálfu V. Hafi fulltrúar M haft ýmsar athugasemdir við hið endurskoðaða tjónamat og, að fengnu sérfræðilegu áliti, hafi M, með minnisblaði dags. 3. desember 2020, komið á framfæri athugasemdum sínum. V hafi fallist á sumar kröfur A, í heild eða að hluta, en öðrum hafi verið hafnað. Hafi eftirstandandi kröfur M verið ítrekaðar með bréfi, dags. 1. október 2021, en V hafi hafnað þeim með bréfi dags 11. nóvember 2021.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið hafi viðurkennt bótaskyldu og greitt M 569.878.840 kr. í bætur, og með því hafi V greitt allar þær bætur sem því beri að greiða úr brunatryggingu húseignarinnar, sbr. skilmála vátryggingarinnar, lög um brunatryggingar nr. 48/1994 og reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000. Þá hafnar félagið því að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir og krefst þess að kröfuliðum sem varði fjárhæðir sem slíkar verði vísað frá.

Af gögnum málsins má ráða að aðila greini á um eftirfarandi þætti bótauppgjörs:

1. **Kostnaður vegna aukinna krafna byggingarlöggjafar til burðarvirkis.**
   M gerir kröfu um að við uppgjör verði tekið tillit til aukinna krafna í byggingarlöggjöf sem hafi gert það að verkum að skipta þurfti um burðarvirki hússins í heild sinni auk þess sem hönnunarkostnaður og annar kostnaður því samfara hafi verið mun meiri en tjónamat V, sem unnið hafi verið af verkfræðistofunni X, gerði ráð fyrir. Í f-lið 4. gr. um lögboðna brunatryggingu húseigna komi fram að vátrygging skuli ætíð ná til, og tillit til þess tekið í brunabótamati, nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila eftir að hús var byggt. Afstaða V sé sú að þurft hefði að fara fram á endurmat svo vátryggingin gæti náð til þessara atriða, en sú afstaða eigi sér enga stoð í lögum og reglum. Orðalag ákvæðisins sé þvert á móti alveg skýrt um það að vátrygging skuli ætíð ná til kostnaðar sem hlýst af auknum kröfum við endurbyggingu. Þá komi fram í skilmálum vátryggingarinnar að hún taki til nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna eftir að hús var reist.

   Í bréfi V kemur fram að það sé grundvöllur þess að vátrygging taki til aukinna krafna til burðarvirkis í byggingarlöggjöf að tekið hafi verið tillit til þess í brunabótamati. Ábyrgð þess að fara fram á endurmat hvíli þá eiganda fasteignar. Endurstofnsverð taki aðeins til þeirra efnislegu verðmæta sem geti farið forgörðum í eldsvoða og eru til staðar við matsgerð. Aukist kröfur, t.d. vegna breytinga á byggingareglugerð, uppfærist brunabótamat á eldri manvirkjum ekki sérstaklega nema komi til endurmats samkvæmt beiðni eiganda. Vátryggingarfjárhæð samkvæmt skilmálum brunatryggingar nemi brunabótamati fasteignarinnar á hverjum tíma, og hafi ekki verið sýnt fram á að umdeildur kostnaður rúmist innan hennar. Fullar bætur geti þá ekki verið umfram það sem raunverulega skemmdist í brunanum, þ.e. taki til kostnaðar sem hafi verið lagt út í fyrir tjónið. Séu ákvæði vátryggingarskilmálanna mjög skýr og afdráttarlaus hvað þetta varði og í fullu samræmi við gildandi lög og reglur.

2. **Kostnaður vegna lagna í gólfplötu.**

M gerir kröfu um að við uppgjör verði tekið tillit til þess að gólfhitalagnir hafi skemmst af eldi og hitaálagi. Að loknum viðræðum hafi V fallist á að hækka mat þessa liðar í 75,5%. M byggi hins vegar á því að altjón hafi orðið á gólfhitalögnum hússins, sbr. mat verkfræðistofunnar Y en ekki hafi verið talið unnt að nota upphaflegar lagnir að neinu marki við endurbyggingu. Þess utan hafi reynst nauðsynlegt að brjóta gólfplötu við útvegg til að styrkja undirstöður, sbr. lið 1, og við það hafi orðið að rjúfa gólflagnir. Verði því ekki fallist á að altjón hafi orðið við brunann sjálfan sé í öllu falli ljóst að það hafi komið til við að mæta auknum kröfum og fyrirmælum.

Í málflutningi V kemur fram að það telji ósannað að hitalagnir í neðri gólfplötu hafi skemmst við brunann. M hafi einfaldlega ákveðið að nota ekki eldra kerfi, en hafi hvorki framkvæmt prófanir á því né hafi með öðrum hætti verið leitt í ljós að hitalagnir hefðu skemmst. Minnisblöðum og skýrslum frá Y sé þá mótmælt í heild sinni enda hafi Y verið ráðin af M strax eftir brunann til að gæta hagsmuna M við endurbygginguna sem dragi verulega úr trúverðugleika slíkra gagna. Þau hafi þess utan verið unnin einhliða og án þess að V gæfist kostur á að koma að athugasemdum. Bótaréttur geti aldrei orðið meiri en sem nemi því sem sannarlega skemmist í bruna, og vátryggingarfjárhæð sem slík kveði á um hámarksbætur en ekki bótarétt komi til bótaskylds tjóns. Hvað varði kostnað sem leiði af auknum kröfum í byggingarlöggjöf um þversnið í burðarmannvirki sé í fyrsta lagi ósannað að þær kröfur hafi leitt til þess að þurft hafi að brjóta upp hitalagnir og þá sé ljóst að slíkur kostnaður falli utan við bótasvið vátryggingarinnar, sbr. 1. lið.

3. Hönnunar- og verkefnisstjórnarkostnaður.

M gerir kröfu um að tekið verði tillit til aukins hönnunar- og verkefnisstjórnunarkostnaðar sem leiði af auknum kröfum í byggingarlöggjöf. Í málskoti kemur fram að V hafi aðeins fallist á að bæta um 51% raunkostnaðar við hönnun og verkefnisstjórn vegna endurbyggingarinnar. M byggi hins vegar á því að þennan lið beri að bæta að minnsta kosti til samræmis við heildartjónshlutfall. Ljóst sé að mestur hönnunar- og verkstjórnunarkostnaður sé vegna þeirra liða sem V hafi hafnað að bæta. Verði fallist á að þeir liðir falli undir trygginguna leiði af því að hönnunarkostnaður vegna þeirra falli einnig undir trygginguna og beri þar af leiðandi að bæta hann. Samkvæmt mati Y nemi raunkostnaður 75.421.600 kr. Sé mati V og X, svo og þeirri staðhæfingu að V hafi greitt umfram skyldu vegna þessa liðar, því mótmælt.

Í málflutningi V kemur fram að bætur hafi verið greiddar á grundvelli mats X, verkfræðistofu. Þar komi fram að heildarkostnaður vegna þessa sé 68.640.660 kr., þar af séu 29.209.204 kr. vegna tjónsins en 39.431.456 kr. utan þess. Hafi V þegar greitt 29.209.204 kr., sem sé umfram skyldu þar eð kostnaðurinn sé að mestu tilkominn vegna atriða sem falli utan brunatryggingarinnar. Þá hafi töluverður hönnunarkostnaður komið til vegna atriða sem ekki hafi verið til staðar í húsinu sem brann, og því hafi hönnunarkostnaður verið töluvert hærri en hann hefði verið hefði húsnæðið verið endurgert í þeirri mynd sem það var fyrir brunann.

4. Kostnaður vegna niðurrifs og förgunar.

Í málskoti kemur fram að V hafi fallist á að þessi kostnaður verði bættur í samræmi við heildartjónshlutfall af brunabótamati. Verði fallist á kröfur M vegna annarra liða sé ljóst að tjónshlutfall muni hækka og er þess því krafist að þessi bótaliður hækki samhliða til samræmis.

Í málflutningi V kemur fram að bætur vegna förgunar og niðurrifs til samræmis við viðurkenndar kröfur í málinu hafi verið greiddar og ítrekað er að ekki sé fyrir hendi bótaréttur vegna kostnaðar sem leiði af auknum kröfum í byggingarlöggjöf um þversnið í burðarmannvirki.

5. Kostnaður vegna snjóbræðslukerfis, hellulagnar og hreinsunar jarðvegs.

M byggir á því að hellulögn og snjóbræðsla hafi eyðilagst eftir slökkvibílar óku yfir hana og þá hafi jarðvegur næst húsinu verið lyktarmengaður af slökkvivatni. Taka beri tillit til þess við uppgjör brunabóta, enda miðist brunabótamat, sbr. 4. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna, við húseign ásamt venjulegu fylgifé og hljóti hellulögn og snjóbræðsla að falla þar undir. Þá er jafnframt byggt á því að snjóbræðslulögn teljist til varanlegra lagna í skilningi b-liðar 4. gr. reglugerðarinnar og gr. 1.2.2 í skilmálum vátryggingarinnar. Þá sé um að ræða mannvirki sem tengd séu við húsið, sbr. e-lið 4. gr. reglugerðarinnar og gr. 1.2.5 í skilmálunum. Kostnaður við hreinsun jarðvegs sé einnig

bótaskyldur enda hafi hún verið liður í því að ryðja burt brunarústum, sbr. g-lið 4. gr. reglugerðarinnar og skilmálaákvæði 1.2.7.

Í bréfi V til nefndarinnar er því hafnað að umræddir liðir falli undir brunatryggingu húseigna. Af 4. og 5. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna leiði að það sé forsenda þess að vátryggingin taki til snjóbræðslukerfis, hellulagnar og jarðvegshreinsunar að brunabótamat fasteignarinnar taki til þeirra þátta. Í matsgerð Þjóðskrár á brunabótamati sé fasteign skipt í hrábyggingu og frágang. Í lýsingu hrábyggingar sé það eina sem staðsett er utan hússins tíu metra fráveitulögn, tíu metra neysluvatnslögn og einn brunnur. Í lýsingu á frágangi séu þá engar lýsingar á mannvirkjum utan veggja hússins. Snjóbræðsla og hellulögn séu því ekki hluti brunabótamats og þar af leiðandi ekki hluti hinnar vátryggðu húseignar. Í d-lið 4. gr. reglugerðarinnar sé þá fjallað um lagni í grunni allt að 1,2 metrum niður fyrir efri brún botnplötu. Ljóst sé að snjóbræðslubúnaður falli ekki þar undir og endurspeglist það í því að ekki hafi verið tekið tillit til hans í brunabótamati. Í e-lið 4. gr. reglugerðarinnar sé fjallað um mannvirki sem tengd séu við hús og komi fram í samþykktum uppdráttum. Snjóbræðslubúnaður og hellulögn falli ekki undir þá skilgreiningu og engin gögn hafi verið lögð fram um að þeirra sé getið á samþykktum teikningum, að V hafi verið tilkynnt um þau eða að endurmats á brunabótamati hafi verið óskað. Hvað varði kostnað við að hreinsa húseign og ryðja burt brunarústum þá sé ákvæði g-liðar 4. gr. reglugerðarinnar afdráttarlaust varðandi það til hvers það nái og ljóst sé að jarðvegsskipti falli ekki þar undir, auk þess sem jarðvegur sé ekki hluti brunabótamats.

6. **Kostnaður vegna útveggja.**
M krefst þess að við bótauppgjör verði tekið mið af því að endurnýja hafi þurft útveggi í heild sinni. Í rökstuðningi V sé því hins vegar haldið fram að ekki hafi verið þörf á því að endurnýja setur á norðurgafli né klæðningu á svalahandriðum. Samkvæmt minnisblaði Y hafi hins vegar verið um að ræða altjón á útveggjum og umræddur kostnaður hafi því sannarlega verið bein afleiðing brunans. Nauðsynlegar aðgerðir vegna þessara verkþátta hafi því ekki verið bættar af V en skerðing nemi 5% af brunabótamati útveggja sem sé einnig verulega hátt hlutfall sé tekið tillit til smæðar þessara verkþátta.

Í málflutningi V kemur fram að setur séu z-laga járnstykki sem þjóni þeim tilgangi að festa og halda einangrun og klæðningu utan á húseigninni. Fráleitt sé að halda því fram að nauðsynlegt hafi verið að kaupa nýjar setur vegna sóts og lyktar, enda setjist ekki lykt í járnstykki og auðvelt sé að þrífa sót af þeim. Hið sama eigi við um klæðningu á svalahandriðum, sem sé úr áli og fráleitt að ekki hafi verið hægt að þrífa hana. Í öllu falli sé ósannað að skipta hafi þurft umræddum hlutum út en sönnunarbyrði þess hvíli á M. Hvað hlutfall skerðingarinnar sem slíkt varðar telur V að þar snúi ágreiningurinn aðeins að bótafjárhæð og beri því að vísa þeim þætti ágreinings aðila frá nefndinni.

Álit.

Það er mat nefndarinnar að rétt sé að taka hvern kröfulið til sjálfstæðrar skoðunar til samræmis við framsetningu aðila á ágreiningsefni þeirra:

1. **Kostnaður vegna aukinna krafna byggingarlöggjafar til burðarvirkis.**
M gerir kröfu um að við uppgjör verði tekið tillit til aukinna krafna í byggingarlöggjöf sem hafi gert það að verkum að skipta þurfti um burðarvirki hússins í heild sinni auk þess sem hönnunarkostnaður og annar kostnaður því samfara hafi verið mun meiri en tjónamat V gerði ráð fyrir. Í f-lið 4. gr. um lögboðna brunatryggingu húseigna kemur fram að vátrygging skuli ætíð ná til, og tillit til þess tekið í brunabótamati: nauðsynlegs hönnunar- og efniskostnaðar, m.a. vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila eftir að hús var reist. V byggir hins vegar á því að það sé grundvöllur þess að vátrygging taki til aukinna krafna til burðarvirkis í byggingarlöggjöf að tekið hafi verið tillit til þess í brunabótamati.

Af orðalagi 2. mgr. 4. gr. umræddrar reglugerðar er nærtækt að draga þá ályktun að brunabótamat á hverjum tíma skuli m.a. taka til nauðsynlegs hönnunar og efniskostnaðar m.a. vegna aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila. Þá er í 8. gr. að finna annars vegar heimildir eigenda húsnæðis til að óska endurmats á eigin kostnað, og hins vegar heimild Fasteignamats til að endurmeta húseignir sé ástæða til. Meðal gagna fyrir nefndinni er bréf frá Þjóðskrá, dags. 26. október 2021, þar sem segir að kostnaður vegna hönnunar og eftirlits sé ávallt hluti af

endurstofnsverði. Efniskostnaður vegna t.d. aukinna krafna og fyrirmæla opinberra aðila reiknist ekki sérstaklega t.d. við breytingar á byggingarreglugerð. Aukist kröfur komi því ekki til uppfærslu brunabótamats nema komi til endurmats samkvæmt beiðni eiganda. Engar sérstakar breytingar hafi orðið á matinu í kjölfar breytinga á reglugerðinni 2012.

Þrátt fyrir orðalag 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður því ekki séð að vátryggingarfjárhæð hafi verið hækkuð sérstaklega vegna aukinna krafna. Þá verður jafnframt að líta til þeirrar skilgreiningar á „vátryggingarfjárhæð“ sem fram kemur í 1. mgr. 5. gr., þ.e.: „Vátryggingarfjárhæð er matsfjárhæð þeirra efnislegu verðmæta húseignar, sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað hennar að frádregnum afskriftum vegna aldurs, slits, viðhalds og ástands eignarinnar að öðru leyti. Með byggingarkostnaði er átt við eðlilegan kostnað við byggingu viðkomandi húseignar samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. og 2. mgr. 4. gr. Miða skal við þær byggingaraðferðir og byggingarefni, sem tíðkast á virðingardegi.“ Samkvæmt þessu verður að líta svo á að sé tilefni til endurmats vegna aukinna krafna í byggingarlöggjöf verði krafa þess efnis að koma frá eiganda, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar.

Þrátt fyrir að ákveðins misræmis virðist því gæta milli einstakra ákvæða reglugerðarinnar hvað þetta varðar verður V ekki gert að bera hallann af því, enda er vátryggingarfjárhæð samkvæmt skilmálum sama fjárhæð og brunabótamat hljóðar upp á og er hún því ákvörðuð af opinberum aðilum. Verður jafnframt að fallast á það með V að vátrygging taki aðeins til þeirra verðmæta sem farið geta forgörðum við tjónsatburð. Verður því að hafna kröfu M vegna þessa liðar.

2. Kostnaður vegna lagna í gólfplötu.

Eins og umfjöllun um þennan lið liggur fyrir nefndinni virðist ágreiningur aðila annars vegar varða það hvort sýnt sé fram á að bruninn hafi leitt til algers tjóns á lögnum í gólfi. Hins vegar, sé ekki sýnt fram á altjón, hvort útskipti hafi í öllu falli verið nauðsynleg til að mæta auknum kröfum til burðarvirkis fasteignarinnar. Hvað fyrra atriðið varðar þá liggur fyrir yfirlýsing frá Y um að allar lagnir í gólfplötu og milligólfi hafi verið ónýtar og óraunhæft að nýta þær að einhverju leyti áfram. Þá liggur fyrir yfirlýsing, dags. 28. september 2022, þess aðila sem hannaði hita- og hreinlætislagnir hússins við upphaflega byggingu þess. Kemur þar fram að komið hafi til skoðunar hvort hægt væri að nýta eldri hitalagnir, með því að skipta út lögnum þar sem skemmdir væru mestar og tengja viðgerðar lagnir við eldri lagnir. Hafi ekki verið gott að meta hvaða lagnahlutir hafi sloppið vel og hverjir ekki og treysti hann sér ekki til að ábyrgjast eldri lagnir og hafi efasemdir um endingartíma þeirra þótt þær stæðust þrýstipróf. Þrátt fyrir framangreint hefur ekki, gegn mótmælum V, verið sýnt fram á, t.a.m. með mati hæfra og óvilhallra matsmanna sem V hafi haft færi á að koma að, eða með frekari rannsóknum á ástandi lagnanna, að umfang skemmda á þeim hafi verið meira en sem nemur því sem V hefur þegar fallist á að greiða bætur vegna. Hvað síðara atriðið varðar vísast til umfjöllunar um lið 1 hér að framan. Verður því að hafna kröfu M vegna þessa liðar.

3. Hönnunar- og verkefnisstjórnarkostnaður.

Með vísan til þess sem segir um 1. lið hér að framan er niðurstaða nefndarinnar sú að M eigi ekki rétt til bóta vegna aukins hönnunar- og verkefnisstjórnunarkostnaðar sem leiði af auknum kröfum í byggingarlöggjöf. Verður þá að fallast á afstöðu V varðandi það að bótaréttur sé ekki til staðar vegna annarra atriða sem ekki voru fyrir hendi í umræddri húseign fyrir brunann, en í málflutningi sínum nefnir V t.d. breytingar á lagnakerfi vegna nýrrar starfsemi, steyptan stiga og lyftu. Verður þá ekki annað séð en að öðru leyti greini aðila fyrst og fremst á um fjárhæðir hönnunar- og verkstjórnarkostnaðar, en nokkuð virðist bera í milli mats Y og X þegar kemur að mati á honum. Hvað þann þátt varðar liggur fyrir að V hefur ekki veitt samþykki sitt fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, en slíkt samþykki er skilyrði fyrir meðferð nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 3. gr. eldri samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, en sé um að ræða tjónsatvik sem gerðust fyrir 1. janúar 2022 á það ákvæði við. Er ágreiningi aðila hvað þann þátt varðar því vísað frá nefndinni.

4. Kostnaður vegna niðurrifs og förgunar.

Ekki verður séð að aðila greini beinlínis á um aðferðafræði hvað varðar mat á umfangi þess tjóns sem fellur undir þennan lið, þ.e. að bætur vegna kostnaðar vegna niðurrifs og förgunar skuli greiddar til samræmis við heildarhlutfall viðurkenndra krafna. Verður því ekki séð að

tilefni sé til að taka þennan lið til sjálfstæðrar skoðunar, enda leiði umfang hans einfaldlega af umfangi annars tjóns.

5. **Kostnaður vegna snjóbræðslukerfis, hellulagnar og hreinsunar jarðvegs.**
M gerir kröfu um bætur vegna hellulagnar, jarðvegshreinsunar og snjóbræðslukerfis, vegna tjóns sem hafi hlotist af slökkvistarfi. Í 4. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna kemur fram að brunabótamat miðist við að vátrygging taki til húseignar ásamt venjulegu fylgifé slíkrar eignar. Eru svo í stafliðum a.-g. talin upp þau atriði sem vátrygging skuli ætíð ná til og tekið skuli tillit til þess í brunabótamati. Hvað hellulögn varðar yrði hún helst heimfærð undir e.-lið sem er svohljóðandi: „Skjólveggja og annarra mannvirkja, s.s. sólpalla, sem eru tengd við hús og koma fram á samþykktum uppdráttum. Hafi mannvirki þessi verið reist síðar en húseignin skal bygging þeirra hafa verið tilkynnt vátryggingafélagi og endurmats skv. 8. gr. hafa verið óskað.“ Ekkert liggur fyrir um að umrædd hellulögn hafi komið fram á samþykktum uppdráttum, eða að tilkynnt hafi verið um hana til V og óskað eftir endurmati sbr. 8. gr. reglugerðarinnar. Verður því ekki séð að hellulögn falli undir umrædda vátryggingu. Hvað varðar jarðveg verður þá ekki séð að hann geti talist til almenns fylgifjár fasteignar og sé þar af leiðandi hluti brunabótamats. G-liður 4. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi: „Kostnaðar við að hreinsa húseign og ryðja burt brunarústum.“ Verður ekki fallist á að hreinsun jarðvegs eða jarðvegsskipti falli þar undir nema það sé beinlínis liður í því að ryðja burt brunarústum en ekki hefur verið sýnt fram á það. Skilmálaákvæði V eru samhljóða reglugerðinni hvað þetta varðar og því ekki tilefni til að rekja þau sérstaklega. Hins vegar er rétt að vísa jafnframt til þess að kostnaður vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í jarðvegi er sérstaklega undanskilinn bótasviði vátryggingarinnar, sbr. gr. 3.4.3 skilmála hennar. Hvað varðar snjóbræðslukerfi þá verður að líta til þess að þær lagnir sem skemmdust við slökkvistarf voru staðsettar utanhúss. Verður þá að telja ákveðinn eðlismun milli slíkra lagna, og þeirra lagna sem taldar eru upp í dæmaskyni í b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Þá falla slíkar lagnir heldur ekki undir skilgreiningu d-liðar, um lagnir í grunni allt að 1,2 m niður fyrir efri brún botnplötu, enda snjóbræðslulagnir ekki staðsettar undir botnplötu. Verður þá jafnframt að telja að snjóbræðslukerfi sem slíkt falli ekki undir það að vera venjulegt fylgifé fasteignar, sbr. 1. mgr. 4. gr. Verður því að hafna kröfu M vegna þessa liðar.

6. **Kostnaður vegna útveggja.**
Ágreiningur aðila hvað varðar þennan þátt varðar annars vegar það hvort endurnýja hafi þurft útveggi í heild sinni, þ.á.m. setur og klæðningu á svalahandriðum, og hins vegar hvort, verði bætur skertar vegna þessara þátta, hlutfall þeirra þátta af heildarbrunabótamati sé of hátt. M byggir á því að altjón hafi orðið á útveggjum og að taka þurfi tilllit til þess við uppgjör brunabóta. Máli sínu til stuðnings vísar M til minnisblaðs Y, dags. 29. september 2022, þar sem fram kemur að seturnar hafi verið hreinsaðar og yfirborðsmeðhöndlaðar og að kostnaður við þá aðgerð hafi verið á virði nýuppsetningar. Til að viðhalda samræm í útliti hafi þá verið ákveðið að endurnýja svalahandrið. Það sé mat Y að um altjón sé að ræða og sé brunabótamatsupphæð raunar nokkru lægri en raunkostnaður. Þrátt fyrir framangreint hefur ekki, gegn mótmælum V, verið sýnt fram á, t.a.m. með mati hæfra og óvilhallra matsmanna sem V hafi haft færi á að koma athugasemdum að, að skemmdir og nauðsynlegar aðgerðir vegna þeirra hafi verið umfangsmeiri en sem nemur því sem V hefur þegar fallist á að greiða bætur vegna. Sama gildir um hlutfallsútreikning vegna þessara þátta, en ekki verður byggt á framangreindu minnisblaði, sem er einhliða aflað af hálfu M, hvað það varðar. Verður því að hafna kröfu M vegna þessa liðar.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur því samkvæmt framansögðu ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt til frekari bóta en þegar hafa verið inntar af hendi.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótagreiðslum úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 238/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi árum saman þjáðst af ýmsum einkennum, m.a. verkjun frá móðurlífi, þyngdarbreytingum og ófrjósemi og hafi verið til meðferðar hjá kvensjúkdómalækninum X frá árinu 2002-2019. Hafi hún lýst fyrir honum einkennum endómetríósu frá skoðun á árinu 2009. Eftir að M leitaði til heimilislæknis á árinu 2019 hafi hann sent tilvísun á Y, kvensjúkdómalækni, sem hafi greint M með endómetríósu. Hafi M þegar gengist undir aðgerð þar sem annar eggjastokkur og eggjaleiðari hennar voru fjarlægðir vegna blöðru á eggjastokkum auk þess sem losað hafi verið um samgróninga. M telur að komast hefði mátt hjá þessari aðgerð hefði verið rétt staðið að greiningu og meðhöndlun frá upphafi. M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu X á grundvelli 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu 111/2000 en þar komi fram að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaskyldu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins sé að öllum líkindum um að ræða tjón sem komast hefði mátt hjá ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræði hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Með bréfi, dags. 30. ágúst 2021, hafnaði V kröfu hennar. Í málskoti rekur M helstu einkenni endómetríósu og að fjölmörg þeirra hafi verið komin fram við skoðanir X á M á árunum 2008-2019 og hefði greiningarferli átt að eiga sér stað fyrr svo M gæti gengist undir viðeigandi meðferð. X hafi ekki greint einkenni M réttilega og talið óþarfa að fjarlægja blöðrur á eggjastokkum þrátt fyrir langan meðferðartíma þar sem einkenni endómetríósu hafi komið fram. Í komunótu M hjá X hinn 14. maí 2009 komi fram að grunur hafi vaknað um endómetríósu og hefði X þá þegar átt að vísa M til sérstaks endómetríósuteymis, sem sé þverfaglegt teymi kvenlækningardeildar LSH.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að engin læknisfræðileg gögn hafi verið lögð fram af hálfu M er sýni fram á í hverju meint röng meðferð hafi falist. Á tímabilinu 2009-2018 hafi M lýst ýmsum einkennum sem geti átt sér margar skýringar og séu ekki einstök fyrir endómetríósu enda hafi fundist á þeim aðrar skýringar eins og sjúkrasaga M beri með sér. Rannsóknir hafi ekki gefið tilefni til að ætla að um endómetríósu væri að ræða og í kjölfar þess að grunur um endómetríósu hafi vaknað, þ.e. í lok árs 2018 og í ársbyrjun 2019, hafi M verið vísað til sérfræðings á því sviði.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar sem verða fyrir líkamlegu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis, rétt til bóta samkvæmt lögunum. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Það hvílir þá á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að bótaskylda á grundvelli framangreinds sé til staðar. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu eða annars konar álitsgerð hæfra og óvilhallra aðila um að M hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til þess að X hafi að öllum líkindum ekki hagað meðferð M eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði læknisfræðinnar. Á grundvelli þeirra læknisfræðilegu gagna sem liggja fyrir nefndinni verður því ekki slegið föstu að tjón M megi rekja til þeirra atriða sem tilgreind eru í 1. tölulið 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Eins og málið liggur fyrir nefndinni hefur því ekki verið sýnt fram á að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 239/2021
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. september 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni á æfingu á vegum X hinn 1. maí 2019. Hafi æfingin gengið út á það að bátsverjar á A áttu að leggja upp að bátnum B á ferð. Við það hafi A snúist í öldufrákasti frá B og í veg fyrir stefni hans svo þeir rákust saman með þeim afleiðingum að hægri fótur M klemmdist milli stefnisins á B og sætisins sem M sat í á A. Fyrirliggjandi eru lögregluskýrsla, dags. 27. júní 2019 og skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Í hinni síðarnefndu segir að við rannsókn hafi komið fram að bátsverjar A teldu sennilegast að fullur ballest tankur af sjó að framan hafi gert það að verkum að báturinn var þyngri fram og hafi haft áhrif á stjórnhæfni hans og að bátsverjar voru vanir þessum aðstæðum. M hafi krafist bóta vegna tjóns síns úr ábyrgðartryggingu X hjá V en V hafnað kröfu hans með bréfi dags. 1. desember 2021 á grundvelli þess að félagið teldi ekki sýnt fram á saknæma háttsemi skipstjóra eða annarra sem komu að æfingunni svo leiddi til skaðabótaskyldu X. M er ósammála þeirri afstöðu og telur umrædda æfingu hafa mistekist að öllu leyti. Samskipti milli A og B hafi ekki verið sem skyldi, þannig hafi skipstjóri B reynt að kalla á skipverja A til að vara þá við yfirvofandi hættu, en talstöðvar hafi verið á rangri rás og ekki náðst samband. Það hafi ekki verið fyrr en skipstjóri A steig á stefnið og gaf merki um að stöðva bátinn sem skilaboðin hafi komist til skila. Í framhaldi þess hafi B verið nauðhemlað en það hafi verið of seint og árekstur ekki umflúinn. Virðist því töf á viðbrögðum B hafa leitt til slyss M. Verði þá að meta skipstjóra A það til gáleysis að hafa ekki gengið úr skugga um að talstöðin í A væri stillt á rétta rás en það hafi verið starfsmaður í þjálfun sem hafði það hlutverk að sjá um talstöðina. Þá hafi ballest tankur A verið fullur af sjó sem hafi gert það að verkum að hann var framþungur og hafi það haft áhrif á stjórnhæfni hans. Hafi A því orðið algerlega stjórnlaus þegar skipstjóri sló af hraða hans og ætlaði aftur fyrir B til að forða árekstri. Megi því rekja tjón M til rangrar framkvæmdar verksins og ófullnægjandi aðbúnaðar. Skipstjórar hafi stýrt báðum bátunum og sé fráleitt að telja árekstur þeirra óhappatilvik.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að í tjónstilkynningu, dags. 15. maí 2019, segi að M hafi verið um borð í slöngubátnum A á æfingu sem hafi m.a. falist í því að A átti að leggjast upp að B þegar báðir voru á ferð. Þegar A lagðist að hafi hann snúist í öldufrágangi og M lent á milli með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M byggi kröfu sína á því að talstöðvar hafi ekki virkað sem skyldi og því að fullur ballest tankur A hafi gert það að verkum að hann var stjórnlaus. V telur bæði þessi atriði röng og ósönnuð. Þannig hafi talstöðvar verið á rangri rás í upphafi siglingar en áður en æfingin hófst hafi verið búið að lagfæra það. Atburðarás við slysið hafi hins vegar verið svo hröð að ekki hafi gefist tími til að vara við því í gegnum talstöð. Hvað ballest tankinn varði hafi hann átt að vera fullur af sjó enda sé báturinn þá rásfastari og stöðugri, og gert sé ráð fyrir því að tankurinn sé fullur af sjó þegar A sé á siglingu. Skipstjóri A sé þá vanur, hafi sótt nánar tilgreind námskeið og margoft framkvæmt sömu æfingu. Hafi M því ekki sýnt fram á að slys hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna annarra þátttakenda í æfingunni eða saknæms vanbúnaðar sem X beri ábyrgð á en sönnunarbyrði þess hvíli á M.

Álit.

Sá sem telur sig hafa orðið fyrir skaðabótaskyldu tjóni ber sönnunarbyrði fyrir því að almenn skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Er það því M að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til saknæmra athafna, athafnaleysis, atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á. Gegn neitun X er ekki sýnt fram á að talstöðvar hafi ekki virkað sem skyldi í aðdraganda áreksturs A og B, og kemur ekkert fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu eða skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa sem styður þá staðhæfingu. Jafnvel þó

svo væri liggur ekki fyrir að það hafi verið orsakaþáttur enda ekki sýnt fram á að samskipti gegnum talstöðvar hafi verið reynd, eða að færi hafi gefist á því, í aðdraganda umrædds atviks en í fyrirliggjandi lögregluskýrslu þar sem er að finna lýsingar beggja skipstjóra á atvikum kemur ekkert fram um það. Hvað varðar sjó í ballest tanki A þá kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa að bátsverjar A hafi talið að það hafi haft áhrif á stjórnhæfni hans. Ekki liggur þó fyrir hvaða áhrif það hafði, og er ekki fjallað frekar um þetta atriði í skýrslunni, en samkvæmt X er æskilegt að tankurinn sé fullur af sjó á siglingu. Er því ekki sýnt fram á að aðstæðum á A hafi verið ábótavant hvað þetta varðar og að það hafi valdið umræddu slysi. Er þá ekki sýnt fram á saknæmar athafnir eða athafnaleysi skipstjóra A eða B hafi leitt til árekstursins og af lýsingum þeirra í lögregluskýrslu verður helst ráðið að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Samkvæmt framangreindu hefur M ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 240/2022
Nafn málskotsaðila (M):
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist þann 4. febrúar 2021 við vinnu sína sem kennari í grunnskólanum A sem er rekinn af X. Slysið varð með þeim hætti að M var á gangi frá ljósritunarvél um gang skólans þegar hún gekk harkalega á eldvarnartjald. Um er að ræða eldvarnartjald með þykkum stálramma sem M rak höfuðið í og fékk við það töluvert höfuðhögg. Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins dags. 11. febrúar 2021 olli bilun í rafbúnaði því að tjaldið hafði sigið en undir venjulegum kringumstæðum á það að vera híft upp. Kveðst M ekki hafa orðið vör við neinar aðvaranir varðandi framangreinda bilun þegar hún gekk á tjaldið auk þess sem hún kveður engin sýnileg viðvörunarmerki hafa verið sett upp við tjaldið. Þann 8. júlí 2021 gerði M kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V á grundvelli vinnuveitendaábyrgðar. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað með bréfi dags. 14. júní 2022.

M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að tjaldið var vanbúið og aðstæður á slysstað hættulegar. X hafi borið að vara starfsmenn og nemendur við slysahættu sem skapaðist við það að brunatjaldið féll niður. Ríkar skyldur eru lagðar á umsjónarmenn skólahúsnæðis að tryggja að umferðarleiðir nemenda og kennara séu greiðar. Þá hvílir einnig athafnaskylda á eigendum fasteigna varðandi umbúnað fasteigna og sú aðgæsluskylda að koma í veg fyrir að þeir sem eiga erindi í fasteign verði fyrir tjón. Til stuðnings kröfu sinni hefur M vísað til ýmissa ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, laga nr. 75/2000 um brunavarnir, reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, IV. kafla reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Enn fremur vísar M til þess að starfsmenn A höfðu vitneskju um þá hættu sem stafaði af tjaldinu en þetta var ekki í fyrsta sinn sem staðsetning eldvarnartjaldsins olli skaða. Samstarfskonur M höfðu einnig gengið á tjaldið og ein þeirra orðið fyrir meiriháttar áverka. Vísar M þessu til stuðnings til tölvubréfs skólastjóra A dags. 1. október 2021 þar sem fram kemur að nokkur slys hafi þegar orðið vegna tjaldanna. Vísar M einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 403/2021 sem þar fjallað var um slys samstarfskonu M sem gekk á sama brunatjald u.þ.b. ári áður. Telur M að rekja megi orsök slyssins til vanbúnaðar á eldvarnartjaldi og athafnaleysis X en það hefði verið X í lófa lagið að taka til frekari aðgerða í því skyni að leita allra ráða til að koma í veg fyrir slys, t.a.m. að ganga í stofur og vara við hættunni, loka ganginum eða setja upp viðvörunarljós eða aðrar þær merkingar sem vegfarendum um ganginn hefði ekki getað dulist. Að lokum hafnar M því alfarið að slysið megi rekja til aðgæsluleysis M eða óhappatilviljunar.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að stjórnendur A hafði gert allt í sínu valdi til að vekja athygli á þeim aðstæðum sem sköpuðust við tjaldið. Kallað var samstundis í viðgerðmann, merkingar voru settar mjög fljótlega, en kennsluborðum og stólum var stillt upp í gangveginn sitt hvoru megin og tölvupóstur sendur til allra starfsmanna skólans þar sem athygli var vakin á tjaldinu. Hafnar X því sem röngu og ósönnuðu að fleiri starfsmenn en M og sú sem fjallað var um í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 403/2021 hafi orðið fyrir tjóni vegna tjaldsins. Orsök slyssins er aðgæsluleysi M en þegar hún var á leið sinni frá ljósritunarvélinni til baka var hún að lesa þá pappíra sem hún hafði sótt, þrátt fyrir að hafa gengið fram hjá tjaldinu áður og því haft vitneskju um að það væri niðri.

Álit.

Eins og fram kemur að ofan er deilt um hvort M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna vinnuslyss síns. Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X þarf að mega rekja slys M til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu þess eða aðila sem það ber ábyrgð á og hvílir það á M að

sýna fram á það. Eldvarnartjaldið hafði sigið niður þegar umsjónarmaður A mætti til vinnu að morgni slysdagsins. Kallað var eftir viðgerðarmanni kl. 7.48 og gekk M á tjaldið kl. 12.30. Í málinu liggja fyrir tölvupóstar frá umsjónarmanni grunnskólans A til fyrrv. skólastjóra að morgni slysdags þar sem fram kemur að tjaldið væri aftur sigið niður og að hann hafi *„merkt þetta vel“*. Lagði V einnig fram tölvupóst sem sendur var til allra starfsmanna skólans þar sem varað var við því að eldvarnartjaldið væri niðri en eins og lögmaður M bendir á í viðbótarathugasemdum sínum er sá tölvupóstur dagsettur nokkrum dögum fyrir slys það sem hér um ræðir. Liggur því ekki fyrir hvort sambærilegur póstur hafi verið sendur til starfsmanna á slysdaginn þann 4. febrúar 2021. Einnig liggja ekki fyrir myndir, vitnisframburðir eða annars konar sönnun á því að umsjónarmaður hafi merkt svæðið með áberandi hætti. Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Telja verður að sérstaklega ríkar skyldur séu lagðar á umsjónarmenn skólahúsnæðis að tryggja að umferðarleiðir nemenda og kennara séu greiðar. Séu hindranir á umferðarleiðum til staðar ber að vara sérstaklega við hættunni. Óumdeilt er að X hafði vitneskju um að tjaldið hafði fallið niður og að það gæti valdið slysahættu sér í lagi þar sem X vissi að starfsmaður skólans slasaðist vegna eldvarnartjaldsins þann 7. janúar 2020, rétt rúmu ári áður. Mátti M ekki búast við slíkri hindrun á leið sinni um ganginn og bar X að hafa frumkvæði að því að upplýsa starfsmenn og nemendur skólans um hættuna sem af tjaldinu stafaði. Að gættum þeim ríku skyldum sem hvíla á umráðamönnum fasteigna til að takmarka slysahættu verður að telja að X hafi borið að grípa til allra ráða til að koma í veg fyrir slys þegar ljóst var að tjaldið á ganginum hafði farið niður. Þess gætti X ekki og af þeim sökum ber X skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Ekkert í málinu bendir til þess að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í aðdraganda tjónsins og verður því ekki látin bera hluta tjóns sín sjálf, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. M á því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 241/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 20. september 2022, ásamt niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 286/22.
3. Tölvupóstur V2, dags. 3. október 2022.
4. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis dags. 21. júlí 2022 kemur fram að þann dag hafi orðið árekstur með bifreiðum A og B á Höfðabakka í Reykjavík. Báðum bifreiðum var ekið austur Vesturlandsveg í aðdraganda áreksturs og inn á aðrein að Höfðabakka í norður og þannig inn á Höfðabakka þar sem árekstur varð. Haft er eftir M, ökumanni bifreiðar A, í skýrslunni að hann hafi ekið inn á beygjuakreinar á vinstri akrein og hafi bifreið B verið ekið af ytri beygjuakrein til vinstri yfir á akbraut sem bifreið A var ekið á og þannig hafi orðið árekstur. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B í sömu skýrslu að hann hafi ekið á undan bifreið A á ytri beygjuakrein og hafi þeirri bifreið verið ekið vinstra megin fram úr í beygju og utan í vinstri hlið bifreiðar B.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem sá ökumaður hafi gefið stefnumerki til vinstri og ekið utan í bifreið A, þá bifreið sem M ók. M telur framburð ökumanns bifreiðar B stangast á við gögn málsins þar sem ákoma á bifreið hans (A) sé fremst á bifreiðinni en aftast á bifreið B og þannig hafi árekstur ekki getað orðið við framúrakstur bifreiðar A. M telur að vegna stærðar bifreiðar B hafi ökumaður hennar mögulega ekki séð bifreið A þegar hann skipti um akrein og árekstur varð.

V2 telur aðstæður í aðdraganda árekstur ósannaðar og bendir á að M hafi farið af vettvangi áður en skýrsla hafi verið gerð, auk þess sem myndir af bifreiðunum hafi verið teknar síðar. Þannig sé ósannað hvor ökumaður hafi ekið á hvern og verði að skipta sök til helminga.

V1 tekur undir sjónarmið M en gerir ekki frekari athugasemdir.

Álit.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Aðstoðar og öryggis um árekstur bifreiða A og B á Höfðabakka. Í skýrslum ökumanna ber hvor um sig að hinn hafi ekið til hliðar inn á akrein hins og þannig hafi árekstur orðið. Ekki liggja fyrir myndir af bifreiðunum á vettvangi árekstursins, engar skýrslur eru af vitnum sem borið geta um staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð. Af myndum af ökutækjum eða framburði ökumanna verður ekki dregin sú ályktun að annar ökumanna hafi ekið inn á akrein hins þegar árekstur varð. Ökumenn bera um akstur í sömu akstursátt á samsíða akreinum og ekki er sannað nákvæmlega hvar áreksturinn varð. Ekki er af framlögðum gögnum því hægt að leggja til grundvallar að annar ökumaður beri meiri sök en hinn á árekstrinum og skiptist sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 242/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: X

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið þann 12. ágúst 2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 13. september 2022.
3. Athugasemdir M, dags. 16. september 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi lent í áakstri þann 14. febrúar 2022 með því að aka bifreið sinni í snjó og fest hana þar. Byggir M á því að við þennan áakstur hafi stýrisvél bifreiðarinnar eyðilagst en það hafi ekki uppgötvast fyrr en í júní 2022. V hefur hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu ökutækis þar sem það telur tjónsorsakir þess að stýrisvélin eyðilagðist ósannaðar.

Í málskoti er atvikum lýst þannig að M hafi þann 14. febrúar 2022 ekið bifreið sinni inn á bílastæði á um 25 km hraða. M hafi tekið skarpa 90° beygju til að leggja bifreiðinni í stæði. Mjög snjóþungt hafi verið á bílastæðinu og við það að leggja bifreiðinni í stæðið hafi hún lent í stórum snjóskafli og snarstoppað þar í þéttum snjó. Bifreiðin hafi verið föst í snjónum og þurft hafi að moka hana lausa. Í fyrstu hafi litið út fyrir að ekkert tjón hafi orðið á bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið lítið notuð næstu mánuðina og í þau örfáu skipti sem hún var notuð innanbæjar hafi henni verið ekið mjög hægt. Þá hafi verið hjólför í malbiki og mikið um holur á Höfuðborgarsvæðinu sem hafi orðið til þess að M áttaði sig ekki á ástandi bifreiðarinnar. Þegar búið hafi verið að setja sumardekk undir bifreiðina og hún í meiri notkun hafi komið í ljós að talsverður hristingur var í stýri sérstaklega þegar ekið var á 80-90 km hraða. Í júní 2022 fór M með bifreiðina á bifreiðaverkstæði og í ljós kom að stýrisvélin var brotin. M tilkynnti atvikið og tjónið á bifreiðinni til V þann 6. júní 2022. Þann 14. júní 2022 hafi V hafnað bótaskyldu úr kaskótryggingu M hjá V með vísan til þess að skemmdir bifreiðarinnar verði ekki tengdar við umrætt atvik þar sem afleiðingar slíks tjóns hefðu komið fram strax og væru ótengdar akstursthraða bifreiðarinnar. Þessu mótmælir M og hafnar því sem röngu að þegar stýrisvél bili breytist aksturseiginleikar bifreiðarinnar samstundis. M byggir á því að almennt séu gerðar vægar sönnunarkröfur til tjónþola og fullnægjandi sé að hann hafi gert það líklegt að tjónsatburður hafi átt sér stað.

V byggir höfnun á bótaskyldu úr kaskótryggingu ökutækis á því að skemmdirnar á ökutæki M verði ekki tengdar við atvikið frá 14. febrúar 2022. Í skilmála kaskótryggingar ökutækja séu taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin nái til. Skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins sé að skemmdir á ökutæki verði raktar til einnar eða fleiri tjónsorsaka ákvæða skilmálans. Tjónið verði ekki rakið til neinnar þeirra tjónsorsaka sem kaskótryggingin tekur til. Loks vísar V til þess að skilmálinn undanskilji skemmdir sem verði af efnisgalla, hönnunargalla, smíðagalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækis. V telur ósannað sé með hvaða hætti skemmdir urðu á ökutækinu og því sé bótaskylda ekki til staðar.

Álit.
Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á að skemmdir á stýrisvél í bifreið falli undir bótasvið kaskótryggingar hjá V. Í vátryggingaskilmálum V fyrir kaskótryggingu eru í 17 stafliðum (a-q) taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til. Þá er einnig í 6 stafliðum (a-f) upptalning á tjónsorsökum sem tryggingin bætir ekki. M hefur sönnunarbyrði um það að það atvik sem olli því að stýrisvél bifreiðarinnar eyðilagðist, sé að rekja til einhverra þeirra tjónsorsaka sem falla undir bótasvið vátryggingarinnar og talin eru upp í fyrrgreindum stafliðum vátryggingarskilmálans. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að skemmd í stýrisvél bifreiðar M sé að rekja til áaksturs eða einhverra þeirra tjónsorsaka sem taldar eru upp í skilmála kaskótryggingarinnar. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr kaskótryggingu V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V vegna skemmda í stýrisvél bifreiðarinnar.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 243/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggingartaka starfsábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu sumarhús sem auglýst var hjá faseignasölunni X vorið 2020. Kaupsamningur var undirritaður þann 11. júní 2020. Húsið hafði verið auglýst sem mikið endurnýjað og smíðaár hússins var sagt vera árið 2008. Eftir gerð kaupsamningsins kom í ljós að húsið var nýbygging án allra leyfa, án iðnmeistara og engar úttektir byggingarfulltrúa höfðu átt sér stað. Hvergi var minnst á það í söluyfirliti, kauptilboði eða í kaupsamningi. Í gögnunum var sagt að húsið væri fullúttekið, á byggingastigi 7 og matsstigi 7. Höfðuðu M riftunarmál á hendur seljanda fasteignarinnar og var riftun staðfest með dómi Héraðsdóms Suðurlands þann 4. október 2021, mál nr. E-785/2020. Auk riftunar voru allar skaðabótakröfur M á hendur seljanda samþykktar. Eftir stendur ýmiss kostnaður sem féll á M meðan á málaferlunum stóð eins og fasteignagjöld, brunatrygging, mælagjald til Rarik, áætluð rafmagnsnotkun, uppgjör við lögmenn og kostnaður vegna láns sem tekið var til kaupanna og gert var upp þegar endurgreiðsla barst frá seljanda. Hafa M krafist bóta vegna þess kostnaðar úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu með tölvupósti dags. 21. janúar 2022. Afstaða V byggir á því að M hafi verið sérstaklega bent á að það lægi ekki fyrir leyfi fyrir húsinu og að þau gætu haft samband við byggingarfulltrúa sem færi fram á teikningar af nýja húsinu. Ljóst sé að það gat ekki farið á milli mála að húsið var ekki tilbúið. Það vantaði vatn, rotþró og rafmagn svo eitthvað sé nefnt. M voru meðvitaðir um þetta sbr. tölvupóst þeirra til fasteignasala þann 31. maí 2020. Telur V ljóst að M hafi verið kunnugt um að húsið hafi ekki verið fullklárað, þ.e. á byggingarstigi 7 enda átti sonur þeirra að vera meistari að húsinu skv. tölvupósti M til X, dags. 22. júní 2020. Þá liggi fyrir að M vissu að húsið var ekki byggt samkvæmt fyrri teikningu og að það væru ekki til teikningar af húsinu, þetta komi fram í söluyfirliti og í kaupsamningi. Til vara bendir V á að M hafi fengið fullnægjandi bætur fyrir tjón sitt með dómi Héraðsdóms Suðurlands og eigi því ekki frekari rétt á hendur X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort starfsmenn X hafi í störfum sínum valdið M tjóni sem rekja megi til saknæmra athafna eða athafnaleysis þeirra, þannig að bótaskylda stofnist úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu, beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Með dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 4. október 2021 í máli nr. E-785/2020 var fallist á riftunar- og skaðabótakröfu M á hendur seljendum sumarhússins. Í málinu var X stefnt til réttargæslu. Í niðurstöðu sinni segir héraðsdómur að það hafi verið alfarið á ábyrgð seljenda og X að gera M skýra grein fyrir því að húsið sem þau keyptu væru óleyfisframkvæmd og að hvorki lægi fyrir byggingarleyfi né samþykktar teikningar né önnur gögn hjá opinberum aðilum. Það hafi borið að tilgreina eignina skýrlega og með réttum hætti og með réttum upplýsingum í söluyfirliti, tilboðseyðublaði og kaupsamningi. Að mati dómsins var ósannað að M hafi verið gerð grein fyrir þessu við kaupin, hvort heldur sem er af hálfu seljenda eða X. Taldi dómurinn að húsið væri haldið galla sem rýrir verðgildi hússins svo nokkru varðar, enda liggi ekkert fyrir um að húsið hafi verið byggt skv. lögum og reglum og ekkert liggi fyrir um hvernig eða hvort byggingarleyfi fengist fyrir því. Taldi dómurinn einnig að ljóst að fasteignin væri ekki í samræmi við veittar upplýsingar og upplýsingar í söluyfirliti. Hafnaði dómurinn því jafnframt að tölvupóstar eftir söluna bendi til þess að M hafi verið fullmeðvitaðir um að húsið sem þau keyptu væri óleyfisframkvæmd sem skorti byggingarleyfi og samþykktar teikningar. Verður ekki annað séð en að X byggi varnir sínar fyrir nefndinni á sömu atriðum

og það gerði fyrir héraðsdómi. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í 1. mgr. 12. gr. kemur m.a. fram að fasteignasali skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysis hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Tekur nefndin að öllu leyti undir rökstuðning héraðsdóms sem tilgreindur er hér að ofan varðandi það að fasteignin var ekki í samræmi við upplýsingar á söluyfirliti. Gera verður þær kröfur til M sem fasteignasala að tilgreina skýrlega í söluyfirliti að eignin væri óleyfisframkvæmd og að ekki hefði legið fyrir byggingarleyfi né samþykktar teikningar. Hallan af sönnunarskorti varðandi vitneskju M um að húsið væri óleyfisframkvæmd verður X að bera. Verður að virða það X sem fasteignasala eignarinnar til gáleysis að hafa ekki gefið tilgreint réttar upplýsingar um eignina á söluyfirliti hennar eða að öðru leyti með skýrum og sannanlegum hætti. Hvað varðar mögulegt fjárhagslegt tjón M þá liggur fyrir að sá vátryggingaratburður sem hér um ræðir átti sér stað fyrir gildistöku nýrra samþykkta nefndarinnar. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nær ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim vátryggingaratburði tengist. Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykkta. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir frá V. Að þessu sögðu verður ekki tekin afstaða til bótafjárhæðar. Með vísan til alls framangreinds er fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu X.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasölunnar X hjá V, að því marki sem þau geta sýnt fram á fjárhagstjón vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna X.

Reykjavík, 4. október 2022

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 244/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. september 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns V, dags. 27. september 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 6. ágúst 2021 hafi M orðið fyrir bifreiðinni X á gatnamótum Grensásvegar og Miklubrautar og hlotið af því líkamstjón. Bifreiðinni X var ekið af stað yfir gatnamótin af Grensásvegi í norðurátt gegn grænu ljósi og ökumaður bifreiðarinnar kveðst ekki hafa séð M fyrr en hún var komin upp á vélarhlíf bifreiðarinnar. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi verið á rafhlaupahjóli ásamt vini sínum með aksturssstefnu austur Miklubraut yfir gatnamót við Grensásveg. Vinur hennar hafi verið á undan og viðurkennir M í skýrslunni að rautt ljós hafi verið fyrir umferð um gangbrautina sem hún hjólaði um. Í lögregluskýrslunni er einnig skýrsla af vitni sem var kyrrstæður við gatnamót með aksturssstefnu í suður þegar hann sá M koma á rafhlaupahjóli gegn rauðu gönguljósi og lenda á bifreiðinni X.

V hefur fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X en telur að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hún hjólaði gegn rauðu gönguljósi yfir gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar og telur að skerða eigi bótarétt til M um helming. V vísar til þess að þrír einstaklingar, þar á meðal M sjálf hafi borið í lögregluskýrslu um að hún hafi hjólað gegn rauðu ljósi og V telur að það hafi valdið líkamstjóni hennar.

M telur að hún eigi rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V og telur í fyrsta lagi ósannað að M hafi hjólað gegn rauðu ljósi og ekki rétt að leggja framburð hennar til grundvallar í lögregluskýrslu þar sem hún hafi fengið alvarlegt höfuðhögg við slysið. M vísar til þess að V beri sönnunarbyrði um að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í greint sinn og ef svo er þá sé ekki unnt að skerða bætur til hennar eins mikið og V vilji gera.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hún lenti á bifreiðinni X á leið sinni yfir Miklubraut á rafhlaupahjóli. Bótaréttur M vegna líkamstjóns byggir á hlutlægri bótareglu 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. Í 4. mgr. 4. gr. sömu laga kemur fram að bætur fyrir líkamstjón megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af stórkostlegu gáleysi. Við mat á stórkostlegu gáleysi verður að líta til þess hvort sá sem varð fyrir tjóni hafi sýnt verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem hann átti að viðhafa. Í þessu tilviki er það sú háttsemi M að hafa hjólað gegn rauðu gönguljósi. Í lögregluskýrslu er haft eftir hlutlausu vitni að þannig hafi háttsemi M verið og fær það stoð í hennar eigin framburði sem og framburði ökumanns bifreiðarinnar X. Þegar litið er til þess að gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar eru mjög fjölfarin gatnamót og M er fullorðin manneskja sem var að elta vin sinn á rafhlaupahjóli verður að telja háttsemi hennar fela í sér verulegt frávik frá því sem hún átti að gera með hliðsjón af þeirri augljósu hættu sem það fól í sér að fara gegn rauðu gönguljósi við umrædd gatnamót. Með hliðsjón af aðstæðum öllum er hægt að leggja til grundvallar að bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X lækki um helming.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 245/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: slysatrygging launþega.

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 22. júní 2021 hafi M verið að vinna við bifreið hjá vátryggingartaka, hafi haldið á verkfærum og runnið til á gólfinu með þeim afleiðingum að hann fékk hnykk á hálsinn. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að atvikið teljist ekki slys í skilningi skilmála vátryggingarinnar ásamt því að ósannað sé að atvikið hafi yfirhöfuð átt sér stað. M byggir á því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem hafi hlotist af skyndilegum utanaðkomandi atburði í skilningi skilmála slysatryggingar launþega. Hafi því verið um slys að ræða en skv. skilmálunum sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Það að renna sé skyndilegur og utanaðkomandi atburður og það sé fullsannað að tjónsatvikið sem slíkt hafi átt sér stað með vísan til frásagnar hans og lækniskomu.

Í bréfi V kemur fram að með orðinu slys í skilmála vátryggingarinnar sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án hans vilja. Fram kemur að M hafi leitað til læknis 7. júlí 2021 og hann hafi þá sagt að hann hafi verið „að lyfta þyngri hlut og toga og gerðist þá skyndilega, small í einhverju í hálsi og hann hafi fundi fyrir dofa í hægri handjaðri“. Síðar segist hann hafa verið að bera þungan hlut í vinnunni og hafi runnið til. Að lokum komi fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands að hann hafi verið að vinna undir bíl og verið að skrúfa part við bílinn og notað mikinn kraft til þess að það festist. Því sé ljóst að töluvert ósamræmi sé í frásögn M á tildrögum slyssins. Engin vitni hafi orðið að tildrögum atviksins og það ekki tilkynnt til yfirmanns fyrr en 3. ágúst 2021. Þá sé hugtakið slys ekki skilgreint með sama hætti í skilmálum V og Sjúkratrygginga Íslands sem túlki hugtakið rýmra. V telur því að slys M hafi orsakast af innri áhrifum en ekki af völdum utanaðkomandi áhrifa, höggs eða sambærilegra atvika sem áskilnaður sé gerður um í skilmála vátryggingarinnar.

Álit.

Í 2. gr. skilmála slysatryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Það hvílir á M að sýna fram á að tjónsatburður falli undir bótasvið vátryggingarinnar, þ.e. í þessu tilviki að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum hans.

Gögn málsins bera með sér að lýsingar M á því hvernig slys hans bar að eru ekki samhljóða en í málskoti er lýsingin sú að M hafi runnið til. Fyrsta koma M til læknis var 7. júlí 2021. Þar kemur fram að hann hafi hlotið hnykk á háls og bak í umferðarslysum á árinu 2019 og hafi verið í sjúkraþjálfun en sé orðinn heldur skárri. Þá segist hann hafa verið að lyfta þungum hlut við vinnu sína sem bifvélavirki og toga þá hafi skyndilega smollið í einhverju í hálsi og hann fundið fyrir dofa í hægri handarjaðri og meiri verkjum í hálsi og brjósthrygg. Hvað varðar atvikalýsingu þá verður að byggja á upphaflegri lýsingu M og frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburður vitna, styðji afdráttarlaust við síðar komna atvikalýsingu. Því er ekki til að dreifa í þessu máli. Í upphaflegri atvikalýsingu hjá M verður ráðið að orsök slyssins sé að rekja til innra álags eða veikleika, þ.e. að hann hafi verið að lyfta þungum hlut og þá hafi smollið í einhverju í hálsi, og er ekki að sjá að neinn utanaðkomandi atburður hafi valdið því. Þar af leiðandi fellur líkamstjón hans ekki undir hugtakið slys í slysatryggingu launþega hjá V og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 246/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 12. janúar 2022, er hann var að störfum hjá X, hafi M orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að stigi sem M stóð í við störf sín hafi brotnað með þeim afleiðingum að M féll um tvo metra og varð fyrir líkamstjóni. Fyrir liggur tilkynning til Vinnueftirlitsins, dags. 20. janúar 2022, en atvikið var ekki rannsakað sérstaklega af hálfu þess. Er atvikum þar lýst svo að M hafi tekið stigann, sem hafi verið í notkun í einhver ár og M hafi notað í sama tilgangi dagana á undan, til að klifra upp á loft í þurrgámi. Hafi hann verið kominn langleiðina upp þegar hann heyrði smell og féll svo í gólfið. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna fyrrgreinds atvik en V hafnað kröfu hans með bréfi dags. 8. júní 2022. M byggir kröfu sína á því að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og hættulegra aðstæðna á vinnustað, þ.e. vanbúins stiga, en á vinnuveitanda hvíli skylda til að tryggja öryggi starfsmanna, og gæta þess að þeim sé ekki hætta búin af notkun tækja við vinnu sína. Atvinnurekandi beri þannig ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma vinnu þannig að ekki skapist hætta á slysum eða heilsutjóni. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim, auk fordæma Hæstaréttar. Þar sem slysið hafi þá ekki verið réttilega tilkynnt til Vinnueftirlitsins, sbr. 79 gr. laga nr. 46/1980, verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji M ekki hafa sýnt fram á að tjón hans megi rekja til vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á. Ekki sé ágreiningur um málsatvik sem slík, þ.e. að frístandandi áltrappa sem M stóð í, hafi gefið sig, og haggi það því ekki almennum sönnunarkröfum að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um atvikið fyrr en 20. janúar 2022. Umrædd trappa hafi verið í daglegri notkun og ekkert bent til þess að hún hafi verið í ólagi, engin önnur slys megi rekja til notkunar hennar og X hafi ekki borist neinar kvartanir vegna ástands hennar. M hafi þá sjálfur notað tröppuna dagana á undan og hefði ástand hennar verið ófullnægjandi, sem sé ósannað, hefði M átt að vera það ljóst. Ekkert liggi fyrir um að slys M megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað eða annarra atvika sem X geti bor skaðabótaábyrgð vegna.

Álit.

Samkvæmt framansögðu eru þau atvik sem leiddu til líkamstjóns M, þ.e. að stigi sem hann notaði til að komast upp á loft í þurrgámi hafi brotnað undan honum, í sjálfu sér óumdeild. Þar sem upplýst er um málsatvik verður ekki talið að tilefni sé til að víkja frá almennum sönnunarreglum hvað varðar aðra þætti málsins þrátt fyrir að slys M hafi ekki verið réttilega tilkynnt til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir því á M. Eftir stendur þá að meta hvort það að stiginn gaf sig með þessum hætti leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Af frásögn M má ráða að hann hafi notað umræddan stiga með sama hætti dagana á undan og kemur ekkert fram um það að eitthvað hafi verið sýnilega athugavert við stigann á þeim tíma en stiginn virðist hafa verið notaður með þessum sama hætti í einhver ár. Þá virðist því ekki haldið fram að stiginn, eða gerð hans, hafi í sjálfu sér ekki hentað til verksins, haft í för með sér augljósa slysahættu, eða verið óöruggur. Þá liggur ekkert fyrir um að M eða aðrir starfsmenn X hafi gert athugasemdir við umræddan aðbúnað, gerð eða ástand stigans. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til atvika sem X ber bótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 247/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 3. ágúst 2021 hafi A, sem M ók umrætt sinn, ekið aftan á B við hringtorg við Suðurlandsbraut, Reykjavík. Ekki virðist ágreiningur meðal aðila um að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn. V hefur hins vegar, með tölvupósti dags. 8. desember 2021, tilkynnt um þá afstöðu sína að bótaréttur skuli falla niður að einum þriðja á grundvelli þess að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Afstaða V byggi á fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar & öryggis en þar sé m.a. haft eftir M: „Ég reyndi að stoppa en bremsurnar á mínum bíl eru svo lélegar að ég náði ekki að stoppa.“ Í atburðalýsingu skýrsluritara segir svo að M hafi sagt að „bremsubúnaður í A sé ónýtur“. M telur skilyrði til skerðingar á grundvelli stórkostlegs gáleysis ekki fyrir hendi. Það hvíli á V að sýna fram á að það að aka bifreið með ófullnægjandi bremsubúnaði teljist stórkostlegt gáleysi og að orsakatengsl séu milli þeirrar háttsemi og tjónsatviks. Það sé ósannað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Í fyrsta lagi sé því mótmælt að það að aka bifreið með ófullnægjandi bremsubúnaði feli í sér stórkostlegt gáleysi, þ.e. meiriháttar aðgæsluleysi. Þá byggi afstaða V ekki á hlutlægum gögnum, s.s. mati á ástandi bremsubúnaðar, heldur aðeins ófullnægjandi tjónaskýrslu sem feli í sér misræmi milli frásagnar M og lýsingar skýrsluritara. M hafi aldrei sagt að bremsurnar væru ónýtar heldur aðeins að þær hafi ekki virkað nægilega vel umrætt sinn. Í öllu falli verði háttsemi M ekki jafnað til þeirrar háttsemi sem nefnd sé í dæmaskyni í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004. Þá hafi A ekki verið í eigu M, heldur hafi hann aðeins haft hana að láni. Ekki hafi verið um langtímalán að ræða og hafi M ekki verið að fullu kunnugur búnaði A. Það hvíli þá á eiganda bifreiðar að sjá til þess að búnaður hennar sé fullnægjandi. Samkvæmt öllu framansögðu sé því ekki sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Jafnvel þó svo væri þá leiði stórkostlegt gáleysi ekki fyrirvaralaust til bótaskerðingar. Einungis sé um heimild til skerðingar að ræða, og beri þá að líta til allra atvika málsins. Fyrir liggi að M hafi verið allsgáður og ekki brotið gegn háttsemisreglum umferðarlaga með aksturslagi sínu. Í öllu falli sé skerðing um þriðjung úr hófi fram og er því til vara farið fram á að hún verði lækkuð til muna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið standi við fyrri afstöðu sína um skerðingu bóta um þriðjung og telji skerðingu mjög stillt í hóf miðað við aðstæður og háttsemi. Byggt sé á framburði M í fyrirliggjandi skýrslu en M hafi ekki leitast eftir því að leiðrétta þann framburð. Þar sé bæði haft eftir M að bremsurnar hafi verið ónýtar og einnig að þær hafi verið svo lélegar að hann hafi ekki getað stöðvað bifreiðina. Framangreint staðfesti þá að orsök slyssins sé að rekja til ófullnægjandi bremsubúnaðar. M hafi þá ekið A fyrir umrætt atvik og því átt að hafa verið ljóst að hemlunarbúnaður var ófullnægjandi og ekki óhætt að aka bifreiðinni frekar.

Álit.

Í fyrirliggjandi tjónaskýrslu er eftirfarandi haft eftir M: „Ég reyndi að stoppa en bremsurnar á mínum bíl eru svo lélegar að ég náði ekki að stoppa.“ Í atburðalýsingu skýrsluritara segir jafnframt að M hafi sagt að bremsubúnaður í A sé ónýtur og sé það ástæða árekstursins. Ekki verður séð af gögnum málsins að M, hafi hann talið rangt með farið í umræddri skýrslu, hafi leitast eftir leiðréttingum á framangreindu. Í samskiptaseðli Læknavaktarinnar, en M leitaði þangað samdægurs, segir: „Lélegar bremsur í bílnum þannig að hann keyrði aftan á bílinn fyrir framan.“ Virðist sú frásögn því ekki í ósamræmi við það sem kemur fram í téðri tjónaskýrslu. Af framangreindu má ráða að ófullnægjandi hemlabúnaður A hafi orsakað umræddan árekstur. Óumdeilt er að M var ekki eigandi A á tjónsdegi. Hins vegar liggur ekki fyrir hvernig afnotum hans af bifreiðinni var háttað eða hvort þau voru til lengri eða skemmri tíma, en

engin gögn, s.s. yfirlýsing skráðs eiganda, liggja fyrir um það. Af gögnum málsins verður ekki dregin önnur ályktun en sú að M hafi í öllu falli verið kunnugt um ástand hemlabúnaðarins áður en til áreksturs kom en hafi allt að einu ekið bifreiðinni áfram þrátt fyrir þá augljósu hættu sem það hefði í för með sér. Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Með því að aka bifreið með svo ófullnægjandi hemlabúnaði að leiddi til áreksturs telst M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Er því heimilt að lækka ábyrgð V til samræmis við það og eins og mál þetta liggur fyrir er það mat nefndarinnar að hæfileg skerðing sé ¼.

Niðurstaða.
Heimilt er að skerða bætur M úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V um fjórðung.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 248/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sem var starfsmaður sveitarfélagsins X féll fyrir utan vinnustað sinn þann 21. október 2017. Hellur á göngustíg við vinnustaðinn reyndust vera skakkar og ójafnar og var jarðvegur undir þeim siginn, þannig að holrúm hafði myndast undir sumum hellum. Hafði M stigið á gangstéttarhellu sem reyndist laus og valt undan með þeim afleiðingum að M missti jafnvægið og missteig sig illa. Hlaut M við þetta varanlegan áverka á hné. Samkvæmt upplýsingum frá þáverandi húsverði fasteignanna var þessi göngustígur hellulagður vorið 2014 af starfsmönnum X. Nokkrum mánuðum síðar hafi verið ekið yfir hellurnar á stórum lyftara og eftir það hafi þær ætíð verið ójafnar, þrátt fyrir tilraunir húsvarðar til lagfæringa. Hafi húsvörðurinn tilkynnt bæði sínum yfirmanni og starfsmönnum áhaldahúss X um óforsvaranlegt ástand stéttarinnar, enda hafi hann fengið ítrekaðar ábendingar og kvartanir frá starfsfólki sundlaugarinnar vegna þess. M kveðst ásamt öðrum samstarfsmönnum hafa gert athugasemdir við ástand göngustígsins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu í fyrsta lagi þar sem X beri ábyrgð á aðbúnaði og aðkomu að byggingum þar sem sveitarfélagið rekur þjónustu sína. Ítrekað höfðu verið gerðar athugasemdir við starfsmenn bæjarins og var þeim því kunnugt um ástand stéttarinnar og slysahættu sem af henni stafaði. Í öðru lagi byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980, að tryggja fullnægjandi öryggi starfsmanna sinna og aðbúnað á vinnustað. Skylda vinnuveitanda til að tryggja öruggar umferðarleiðir nái til vinnustaðarins jafn innan og utan. Hafnar M því að slysið verði takið til aðgæsluleysis hennar sjálfrar. Vísar M til fjölmargra dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að atvikið sé ekki að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Um hafi verið að ræða samspil óhappatilviks og hugsanlegrar eigin óaðgæslu M þegar hún gekk eftir göngustíg sem hún vissi að væri ójafn. Varðandi vitnisburði sem liggja fyrir í málinu áréttar V að mikil tengsl eru á milli vitna og M. Telur V vitnisburð fyrrverandi húsvarðar ómarktækan þar sem það hafi verið í hans verkahring að laga göngustíginn. Það skjóti því skökku við að hann kvarti yfir honum. Þrátt fyrir frásagnir vitna um að hafa tilkynnt um ástand göngustígsins þá bárust slíkar tilkynningar aldrei til skrifstofu X. Vísar V einnig til þess að M hafði starfað hjá X í tólf ár og þekkti því svæðið inn og út. Það ætti því ekki að vera neitt þar sem hefði getað komið M á óvart.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í málinu hafa verið lagðar fram þrjár myndir sem teknar voru af göngustígnum í ágúst 2017, sumarið 2018 og svo í janúar 2019. Af öllum þeim myndum má sjá að hellur stígsins voru skakkar. Af gögnum málsins og þá sérstaklega af framburði vitna verður ekki annað ráðið en að starfsmenn X sem báru ábyrgð á umræddum göngustíg hafi verið meðvitaðir um ástand stígsins fyrir slysið. Hefur húsvörður fasteigna sem m.a. bar ábyrgð á að laga stíginn staðfest það í framburði sínum dags. 22. janúar 2022. Hefur því sem þar kemur fram ekki verið hnekkt af hálfu X og verður því að líta svo á að X hafi ekki sýnt fram á að hafa gert nægar ráðstafanir til að takmarka slysahættu á stígnum. Hallann af þeim sönnunarskorti verður X að bera og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þó hægt sé að meta þá háttsemi M til gáleysis að hafa ekki gætt nægjanlega að sér á göngustígnum sem hún vissi að væri ekki í lagi, verður sú háttsemi M ekki metin til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður bótaréttur M því ekki skertur vegna

hennar eigin háttsemi. Á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 249/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. júlí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. og 28. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 26. mars 2021 hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á bifreiðina B, sem M ók, er hún var kyrrstæð við umferðarljós við Gullinbrú í Reykjavík. Á sameiginlegri tjónstilkynningu sé hakað við að slys hafi orðið á fólki og á bakhlið tjónstilkynningar sé M tilgreindur meðal hinna slösuðu. Hinn 4. apríl 2021 hafi M leitað á bráðamóttöku vegna einkenna sem hann rakti til árekstursins. Hafi hann þá lýst strengjum milli herðablaða og verkjum við lendhrygg og verið greindur með tognun á lendhrygg og brjósthrygg. Í kjölfar þess hafi M leitað nokkuð oft á heilsugæslu vegna afleiðinga umræddsslyss og komi fram í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 30. desember 2021, að M hafi einnig farið reglulega í sjúkraþjálfun og notað verkjalyf samkvæmt leiðbeiningum. Þá hafi segulómun á lendhrygg hinn 28. júlí 2021 leitt í ljós slitbreytingar á tveimur neðstu discbilum og discafturbunganir sem valdi klemmu á vinstri S1 rót á discbili L5-S1. Hafi M leitað til bæklunarlæknis hinn 3. ágúst 2021 og í samantekt fyrirliggjandi læknisvottorðs, dags. 26. apríl 2022, komi fram að M hafi orðið fyrir slæmri tognun í brjósthrygg, lendhrygg, hálshrygg og mjóbaki og einkenni lítið skánað þrátt fyrir sjúkraþjálfun. M hafi krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna tjóns síns V hafi hafnað kröfunni, með tölvupósti dags. 9. nóvember 2021, með vísan til svokallaðrar PC-Crash skýrslu en niðurstöður hennar bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði hlotist af árekstrinum. M byggir á því að læknisvottorð staðfesti að hann sé með meiðsli og slæma bakverki eftir umrætt slys og sýnt sé fram á það með ótvíræðum hætti að orsakatengsl séu milli slyssins og þess varanlega heilsutjóns sem M hafi hlotið af því. Þess utan sé sönnunargildi PC-Crash skýrsla sem aflað sé einhliða án aðkomu M ekkert, og ljósmyndir af ákomum á A og B sýni einmitt að töluvert tjón hafi orðið á bifreiðunum sem bendi til þess að höggið hafi verið töluvert. Hvað varði mat á líkamstjóni verði það þá í öllum tilvikum byggt á læknisfræðilegum gögnum en ekki hraðaútreikningum.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans ósönnuð. M hafi ekki framvísað matsgerð hæfra og óvilhallra aðila eða öðrum gögnum sem sýni fram á orsakatengsl milli árekstursins og líkamlega einkenna hans. PC-Crash skýrsla sé liður í sönnunarfærslu líkt og önnur gögn, og samkvæmt henni hafi verið um lágorkuárekstur að ræða sem ómögulegt sé að hafi valdið varanlegu líkamstjóni. M hafi þá verið gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í tengslum við gerð skýrslunnar en kosið að gera það ekki. Þá hafi M ekki lagt fram nein gögn er hnekki þeirri niðurstöðu að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Önnur gögn málsins, þ.á.m. varðandi tjón á B, beri þá með sér að um vægan árekstur hafi verið að ræða. Hvað varði læknisfræðileg gögn þá hafi fyrirliggjandi vottorð bæklunarlæknis ekkert vægi í málinu. Þess hafi verið aflað einhliða án þess að V hafi átt þess möguleika að koma athugasemdum á framfæri auk þess sem mat læknis hafi aðeins byggt á frásögn M sjálfs um fyrra heilsufar sitt. Sjúkrasaga M beri hins vegar með sér að hann hafi glímt við sambærilega bakverki í mjóbaki allt frá árinu 2006 og verki í brjóstbaki og herðablaði frá árinu 2018. Þá liggi engin gögn fyrir um sjúkraþjálfun.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir ítrekaðar og sérstaklega áréttað að skemmdir á A og B bendi til þess að mikið högg hafi orðið af árekstrinum. Þá er áréttað að M hafi ekki glímt við nein varanleg einkenni í baki fyrir umrætt slys. V hafi ekki framvísað neinum gögnum sem hnekki þeim staðreyndum sem lýst sé í læknisvottorðum og samantekið sýni framlögð gögn skýrlega fram á orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M búi við.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að hvað varði ákomur á bifreiðunum þá sýni ljósmyndir ekki skemmdir á öðru en ytra byrði/yfirbyggingu bifreiðanna sem sé úr plasti og þurfi lítið til svo skemmdir komi fram á henni. Er þá afstaða félagsins ítrekuð og sérstaklega tekið fram að einkennalýsingar M á sæki takmarkaða stoð í læknisfræðilegar rannsóknir, og að myndgreining sú sem vísað er til sýni slitbreytingar, en þær séu ástand sem þróist á lengri tíma.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 27. júlí 2022 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má ráða að eitthvað tjón hafi orðið á A og B, þó sýnu meira á A. Hins vegar liggur ekki annað fyrir en að skemmdir hafi verið takmarkaðar við yfirbyggingu/ytra byrði. Benda því gögn málsins til að um vægan árekstur hafi verið að ræða og eru því frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna M. Fyrir liggur að M leitaði á bráðamóttöku hinn 4. apríl 2021 og lýsti þá þreyfieymslum milli herðablaðs og hryggjar vinstra megin sérstaklega og eymslum yfir vöðvum á lendhryggsvæði. Verður þá ráðið af læknisvottorði, dags. 30. desember 2021, að M hafi verið í töluverðum samskiptum við heilsugæslu á tímabilinu 27. apríl 2021 til 24. nóvember 2021. Kemur þar m.a. fram að verkir hafi komið fram neðst í mjóbaki með leiðni í vinstri mjöðm og báða fótleggi en einnig ofarlega á baki og þá með leiðni upp í háls og síðar í vinstri handlegg. Þá kemur fram að M sé með þekkt brjósklos í mjóbaki. Segulómun af lendhrygg sem framkvæmd var í júlí 2021 hafi leitt í ljós slitbreytingar og discafturbunganir. Óvíst sé að þær breytingar tengist slysinu þar sem engin fyrri rannsókn sé til samanburðar en ekki sé heldur hægt að útiloka að versnun hafi orðið í kjölfar þess. Fyrirliggjandi vottorð bæklunarlæknis, dags. 26. apríl 2022, er þá ekki mjög ítarlegt og virðist mestmegnis byggja á lýsingu M sjálfs. Í því kemur fram að M hafi orðið fyrir slæmri tognun í brjósthrygg, lendhrygg, hálshrygg og mjóbaki. Af framangreindu má ráða að einkenni þau sem M rekur til umræddsárekstursins eru talsvert víðtæk. Þá eru upplýsingar um fyrra heilsufar M nokkuð takmarkaðar. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið með vissu hvort slitbreytingar og brjósklos, eða versnun einkenna vegna þess, tengist umræddum árekstri og að hvaða leyti einkenni M verða rakin til hans, en ekki liggur fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón M. Samkvæmt framansögðu hefur því ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli áreksturs A og B og einkenna M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 250/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 7. september 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 9. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var að aka bifreið við Litlu Kaffistofuna 2. febrúar 2020 þegar hann missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum. Í lögregluskýrslu vegna atburðarins kemur fram að M hafi verið kominn í aðhlynningu í sjúkrabifreið þegar lögreglan kom á vettvang og honum hafi verið verulega brugðið sem og fundið til eymsla í höfði og hægri hendi á vettvangi. M var fluttur á sjúkrahús og í bráðamóttökuskrá sama dag kemur fram að um klukkustund frá atvikinu hafi M fundið fyrir óþægindum aftan í hálsi og vinstra megin sem og vinstra megin í mjóbaki, auk þess sem hann hafi verið með tvær til þrjár rispur á vinstra handarbaki og lítils háttar áverka í andliti. Í málinu liggja auk þess fyrir læknisvottorð og upplýsingar um sjúkraskrá M, sem og matsgerðir vegna fyrri slysa M.

M telur að hann eigi rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og leggur áherslu á að slysið 2. febrúar 2020 hafi verið háorkuslys og orsakatengsl séu milli þess og þeirra óþæginda sem hann rekur til slyssins nú. M leggur áherslu á að hann hafi leitað samdægurs á bráðamóttöku og tveimur vikum síðar til heimilislæknis vegna viðvarandi verkja og hafi verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur orsakatengsl milli einkenna M nú og útafaksturs 2. febrúar 2020 ósönnuð. V vísar til þess að eftir að M fékk meðferð á bráðamóttöku á slysdegi hafi hann fengið þær ráðleggingar að fylgjast með einkennum, skrá þau niður og leita til heimilislæknis einni til tveimur vikum síðar ef hann hefði enn einkenni. V vísar auk þess til þess að M hafi margoft leitað til læknis eftir atvikið en ekki minnst á mögulegar afleiðingar slyssins 2. febrúar 2020 fyrr en í ágúst 2021 eða um einu og hálfu ári frá slysinu. V vísar til þess að einkennalýsingar M séu ekki samfelldar eða reglulegar, auk þess sem aðrir atburðir hafi haft áhrif á M á sama tímabili. Einnig vísar V til þess að M hafi glímt við heilsubrest um langa hríð og ekki sé hægt að sjá af gögnum málsins hvaða einkenni megi rekja til þess og hvaða einkenni til umferðarslyssins.

Álit.

Í málinu liggja fyrir fjöldi gagna vegna heilsufars M bæði fyrir og eftir slys hans 2. febrúar 2020. Í þessu máli hverfist ágreiningur aðila um hvort sannað sé að M hafi hlotið meiðsli í því slysi sem áhrif hafi á heilsufar hans í dag. Sönnunarbyrði um hvort einkenni tengist slysaatburði hvílir almennt á tjónþola þegar krafist er bóta vegna slysa. Í gögnum málsins liggur fyrir að slysaatburðurinn sem slíkur var þess eðlis að bifreið M fór út af vegi og varð fyrir nokkru tjóni 2. febrúar 2020 og M fann fyrir einkennum og fór með sjúkrabíl af vettvangi slyssins á bráðamóttöku. Eftir það er hins vegar ekki fjallað um einkenni sem M sjálfur tengir við umrætt slys þegar hann leitar til læknis vegna heilsufars síns. Af gögnum um fyrra heilsufar M má einnig ráða að hann hefur glímt við alvarlegan heilsbrest um nokkurn tíma og þó í málinu séu hugleiðingar heimilislæknis um orsakatengsl þá duga þær ekki einar og sér til að sýna fram á hvort slysið 2. febrúar 2020 hafi haft varanlega áhrif á heilsufar hans. Ekki liggur heldur fyrir matsgerð eða álit sérfræðinga um orsakatengsl. Hallann af þessum sönnunarskorti ber M og á hann ekki rétt á bótum m.v. framlögð gögn úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 252/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. ágúst 2022.
2. Bréf V2, dags. 15. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1, dags. 20. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem vátryggð er hjá V1 og B, sem vátryggð er hjá V2 á Geirsgötu, skammt frá gatnamótum við Tryggvagötu. Ökumenn gerðu sameignlega tjónstilkynningu á vettvangi auk þess sem báðir aðilar skiluðu inn viðbótarupplýsingum til síns tryggingafélags. Í lýsingu eiganda A á tjónsatvikinu segir að áreksturinn hafi orðið við það að bifreiðinni B var ekið hægra megin fram úr bifreiðinni A á einbreiðum vegi og farið utan í vinstri hlið bifreiðarinnar A. Ökumaður B lýsir atvikinu með þeim hætti að bifreiðinni A var ekið á undan B og þar sem akreinin skiptist í tvennt hafi bifreiðin A farið á vinstri akrein og B á þá hægri. Þegar bifreiðarnar voru nokkurn veginn hlið við hlið hafi ökumaður A sett upp stefnuljós og ekið inn í hlið bifreiðarinnar B. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að staða ökutækja í aðdraganda áreksturs væri ósönnuð og var sök því skipt til helminga. M er ósammála þessari niðurstöðu og tilgreinir í málskoti að hann telji sig vera í 100% rétti. Atvikið hafi gerst þar sem Geirsgata er einbreið og hafi ökumaður B reynt að taka fram úr hægra megin sem er í andstöðu við 23. og 25. gr. umferðarlaga.

V1 vísar til teikningar á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynninga ökumanna telur ljós að árekstur hafi orðið áður en Geirsgata skiptist í tvær akreinar. Telur V1 að heimild til þess að aka fram úr ökutæki hægra megin sem fram koma í 2. ml. 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hafi ekki verið uppfyllt. Því megi rekja árekstur bifreiðanna til ógætilegs framúraksturs ökumanns bifreiðarinnar B.

V2 telur að skipta verði sök til helminga þar sem ósannað er um atvik í aðdraganda áreksturs. Ekkert í gögnum málsins styður frásögn annars aðilans umfram hins um atvik máls.

Álit.

Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og koma takmarkaðar upplýsingar fram á sameiginlegri ökutækjaskýrslu aðila. Óumdeilt er að bifreiðinni A var ekið á undan bifreiðinni B í aðdraganda áreksturs og að árekstur varð þegar bifreiðin B var komin nánast samhliða bifreiðinni A. Styðja ákomur á bifreiðunum það einnig. Með málskoti fylgdu myndir af ökutækjum á vettvangi og verður ekki annað séð af þeim myndum sem og af sameiginlegri teikningu ökumanna á tjónstilkynningu en að ökumaður B hafi ekið hægra megin fram úr bifreið M áður en Geirsgata skiptist í tvær akreinar. Verður þannig að telja að ökumaður B hafi brotið gegn 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem fram kemur að aka skuli vinstra megin fram úr ökutæki þó með þeirri undantekningu að aka má hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Ökumaður B, sem var ekið á eftir ökutæki A, ber sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi mátt aka hægra megin fram úr ökutæki A. Hefur slík sönnun ekki tekist. Ósannað er að ökumaður A hafi beygt til vinstri eða undirbúið greinilega slíka beygju í aðdraganda áreksturs. Verður því öll sök felld á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 254/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B.

Sakarskipting. Aftanákeyrsla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 5. október 2022, ásamt fylgiskjali.
3. Tölvupóstur V2, dags. 10. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Bústaðavegi þann 1. janúar 2021 milli bifreiðarinnar A, sem M ók og bifreiðarinnar B. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu varð áreksturinn með þeim hætti að bifreiðinni B var ekið austur Bústaðaveg þegar flugeldaskotkaka springur inn í bifreiðinni. Við það fylltist bifreiðin af reyk og ók ökumaður bifreiðarinnar upp á kant og svo aftur inn á akbrautina þar sem hann nauðhemlar sökum þess að hann sá ekkert út vegna reyksins. Bifreiðinni A var ekið fyrir aftan bifreiðina B og náði ökumaður ekki að stöðva í tæka tíð með þeim afleiðingum að hann ók aftan á bifreiðina B.

Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu þar sem hann hafi ekki getað forðað árekstri þar sem ökumaður B hafi nauðhemlað á veginum vegna einhver sem er óviðkomandi umferðinni þ.e. vegna flugelda. Telur M óumdeilt að atburðurinn var skyndilegur og atburðarrásin hröð. Telur M að aksturslag ökumanns B hafi brotið í bága við 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2019 telur M að skipta beri sök með þeim hætti að ökumaður B beri fulla ábyrgð á tjóninu.

V1 vísar til 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga og telur að ökumaður B beri megin sök á árekstri bifreiðanna enda ljóst að ökumaður snarhemlaði bifreið sinni án nokkurra utanaðkomandi atvika, eða annarra atvika sem ökumenn annarra bifreiða máttu gera sér grein fyrir og hafa svigrúm til þess að bregðast við. Telur V1 með vísan til 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga rétt að M verði látinn bera hluta sakar fyrir að hafa ekki nægjanlegt bil á milli bifreiða til að geta brugðist við.

V2 telur að full ástæða hafi verið fyrir ökumann B að stöðva bifreið sína við þær aðstæður sem voru fyrir hendi. Hefið það skapað mun meiri hættu og verið líklegt til þess að valda umtalsverðu tjóni ef ökumaður B hefði haldið akstri áfram þegar flugeldar voru að springa í bifreiða hans og hann sá ekkert út. Með vísan til 2. mgr. 18. gr. umferðarlega telur V2 að leggja beri alla sök á ökumann A sem gætti ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu ók M aftan á bifreiðina B sem hafði stöðvað skyndilega vegna flugelda sem sprungu í bifreið hans. Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það hvers vegna flugeldarnir sprungu og þá sérstaklega hvort ökumaður eða farþegi B hafi átt þátt í að það gerðist. Verður þannig ekki annað lagt til grundvallar en að atvikið hafi komið ökumanni B í opna skjöldu og þannig hafi honum verið sá eini kostur mögulegur að stöðva bifreiðina skyndilega enda sá hann ekkert út vegna reyks. Verður þannig ekki talið að ökumaður B hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt 2.mgr. 18. gr. laganna skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að auka bilið milli ökutækjanna. Þess gætti M ekki að í aðdraganda áreksturs og ber hann því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 255/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.

Slysahugtak vátryggingaréttar. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að vinna um borð í skipi 1. nóvember 2021 þegar slys átti sér stað. Það hafi verið að slaka trolli af netvindu þegar möskvar og fótreipi óklárðist. Fram kemur að þegar möskvar törnist með þessum hætti þurfi að toga möskvana til að losa þá svo hægt sé að halda áfram að slaka trollinu í sjóinn. Þegar M hafi verið að losa möskva hafi komið á hann högg og hann slasast við það.

Tekið er fram að í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands komi fram að M hafi fengið slink á bakið þegar verið var að slaka trolli af netvindu þegar möskvar og fótreipi óklárðist. Í dagbók skipsins komi fram að trolli hafi verið kastað og þegar verið var að slaka því hafi M orðið óvinnufær vegna bakverks er hann var að handleika tóg við vinnu sína. Í læknisgögnum komi fram að slys hafi orðið með þeim hætti að M hafi verið að toga í kaðal og þá hafi komið mikill verkur aftur í mjóbak eða að M hafi verið að toga í kaðal og þá hafi komið brotsjór á bátinn og hann hafi þá fallið við og tognað í baki. Þá aflaði M afstöðu vitnis sem starfaði við hlið hans þegar slysið átti sér stað og kemur fram í vitnisburði að M hafi verið að toga í möskva til að losa þá svo unnt væri að slaka trollinu áfram í sjóinn. Einnig kemur fram í vitnisburðinum að vitnið hafi heyrt M æpa og að greining vitnisins sé sú að M hafi fengið á sig þungt högg þegar möskvinn losnaði. Í málskoti kemur fram að M telji að skýrsla vitnisins taki af allan vafa um hvernig slysið vildi til. M byggir skaðabótaskyldu á 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 þar sem fram kemur að skipverjar skuli skaðatryggðir í slysum sem eigi sér stað á sjó. Ljóst sé að um óvænt og utanaðkomandi atvik hafi verið að ræða þegar möskvinn losnaði og slinkur kom á M.

Í bréfi V kemur fram að ágreiningurinn snúi að því hvort slys M falli undir slys í skilningi slysahugtaks vátryggingarinnar. Í bréfinu eru gögn málsins rakin og telur V að það sé samræmi í frásögnum M hjá lækni daginn eftir atvikið, í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands og skipsdagbók. Fyrsta frásögn um brotsjó komi fram hjá lækni 13. janúar 2022 sem sé allt önnur frásögn en áður hafði komið fram. V telur ljóst að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en slík meiðsli eigi sér stað innan líkama M og er almennt ekki talið slys í skilningi slysahugtaksins. Þá kemur fram hjá V að breytta frásögn eigi ekki að leggja til grundvallar nema hún sé studd frekari gögnum sem hnekkja fyrri lýsingu tjónþola, sbr. Hrd. 47/2006.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu snýst um það hvort slysið hafi orðið vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Fyrstu gögn um slysið eru skráð í skipsdagbók þar sem segir að M hafi orðið óvinnufær vegna bakverkja þegar hann var að handleika tóg við vinnu sína. Svipaðar lýsingar koma fram í læknagögnum þ.e. að það hafi komið mikill bakverkur þegar M var að toga í kaðalinn. Það er ekki fyrr en framburður vitnis liggur fyrir sem talað er um högg vegna brotsjós. Líta verður á skráningu slyssins í skipsdagbók sem frumgagn og verður því ekki litið til skýrslu vitnis sem breytir fyrri frásögnum M og styðst ekki við önnur gögn. Með vísan til þess verður litið svo á að bakverkur M hafi verið tilkominn vegna innri álags og er því ekki um slys að ræða í skilningi skaðabótaréttar. Af þeim sökum ber V ekki bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 256/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: slysatrygging launþega
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækis A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 2. júlí 2020 þegar bifreiðin A bakkaði inn í hlið bifreiðarinnar B sem M ók. V hafnaði bótaskyldu og vísaði til PC-crash skýrslu sem sýndi að áreksturinn hafi verið mjög vægur og að ekki væri nægileg sönnun um orsakatengsl milli atburðar og tjóns. Nánar er tilgreint í málskotinu að áreksturinn hafi orðið á bílastæði þar sem M ók um. M hafi leitað á læknavaktina strax eftir slysið en ekki hafi greinst mikil einkenni eftir slysið. 5. ágúst hafi M svo leitað á heilsugæsluna vegna verkja í öxlum eftir slysið og nokkrum dögum síðar í efri hluta baks og í hálsi. Við skoðun fundust þreifieymsli og var M í áframhaldandi læknismeðferðum vegna slyssins og hitti bæklunarskurðlækni vegna verkja í baki, hálsi og herðum. Þá var hún í meðferð hjá sjúkraþjálfara. Matsgerð vegna slyssins var gefin út 20. september 2021 og kom V athugasemdum sínum á framfæri við matsmenn. Í matinu er komist að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl séu á milli áverka M og slyssins og bent er á að PC-crash skýrslan sé haldin verulegum ágalla þar sem einungis var mynd af annarri bifreiðinni. M var metin til 5% varanlegrar örorku og 5 stiga miska. M bendir á að matsgerðin byggi á viðtölum og gögnum máls sem beri með sér að M hafi hlotið áverka í slysinu. Þá liggi fyrir að M hafði ekki sögu um stoðkerfisverki fyrir slysið.

Í bréfi V kemur fram að V telur að krafturinn í tjónsatburðinum hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama málskotsaðila. Líta beri til þess að skemmdir hafi verið mjög litlar á B og fjölmargar rannsóknir hafi sýnt að þegar um vægt högg sé að ræða eins og í þessu tilfelli sé ómögulegt að ökumaður eða farþegar verði fyrir varanlegu líkamstjóni. V tekur fram að engin mynd sé af A þar sem ökutækið hafi ekki orðið fyrir tjóni. Að lokum gerir V þær athugasemdir við matsgerðina að ekki sé tekið tillit til sögu M um eldra umferðarslyss og að M hafi kvartað yfir bakverkjum árið 2018 og að matsmenn hafi ekki tekið inn í matið á orsakatengslum niðurstöðu PC-crash skýrslunnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 9. október 2017. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna. Það liggur fyrir að það varð tjón á bifreið M en ekki bifreiðinni A. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggur fyrir matsgerð sem M aflaði og V fékk tækifæri til að koma athugasemdum. Matsgerðin er unnin af lækni og lögmanni og er sjúkdóms- og meðferðarferill M rakinn þar. Niðurstaða matsmanna er að M hafi hlotið tognunaráverka á háls og brjóstbak og að einkenni megi rekja til slyssins og að um varanlegan miska og örorku sé að ræða eins og að framan greinir. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem með einhverju móti draga þessar niðurstöður matgerðarinnar í efa. Við svo búið eru ekki fyrir hendi nægilegar forsendur til að ganga fram hjá niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar um að M búi við varanleg einkenni af völdum slyssins. Samkvæmt þessu telst M hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 257/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 16. september 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi á vinnustað sínum hjá X hinn 7. febrúar 2020. Hafi hún gengið inn um starfsmannainngang, runnið í bleytu og fallið með þeim afleiðingum að hún varð fyrir líkamsmeiðslum. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð, dags. 27. janúar 2022 er varanleg örorka hennar vegna afleiðinga slyssins 12%. Lögregla var kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 21. september 2020, fyrir nefndinni. Kemur þar fram að umræddur gangur hafi verið nokkuð háll vegna bleytu sem starfsfólk beri inn með sér en tíð hafi verið votviðrasöm. Kemur jafnframt fram að samband hafi verið haft við Vinnueftirlitið sem ekki hafi séð til tilefni til að koma á vettvang. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns en V hafnaði kröfu hennar með bréfi dags. 20. júlí 2022. Byggir M á því að slys hennar sé að rekja til vanbúnaðar á vinnustað. Þannig kannist M ekki við að motta hafi verið við innganginn á slysdegi, svo ekki hafi verið mögulegt fyrir hana að þurrka bleytu af skóm sínum áður en hún hélt inn ganginn þar sem hún féll. Greini M og V á um þetta atriði, en hvorki sé minnst á mottu í fyrirliggjandi lögregluskýrslu né í fyrirliggjandi tilkynningum um slysið. Sú staðreynd að engin motta hafi verið við innganginn sé meginorsök tjónsins enda hafi þær aðstæður haft í för með sér augljósa slysahættu. Hallinn af sönnunarskorti hvað þetta varði hvíli þá á V enda liggi fyrir að tilkynning til Vinnueftirlitsins sé dagsett hinn 23. mars 2020 og hafi slys M því ekki verið tilkynnt til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá skorar M á X að leggja fram gögn sem sýni fram á að hálkuviðnám á gólfi gangsins sé til samræmis við byggingarreglugerð nr. 112/2012, sé því á annað borð haldið fram. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar er því hafnað að V beri hallann af óvissu um aðstæður á slysdegi, enda hafi lögregla tilkynnt Vinnueftirlitinu um slysið samdægurs, en starfsmaður þess hafi metið það svo að ekki væri þörf á vettvangsrannsókn. Þá sé því ekki haldið fram að motta hafi verið á ganginum þar sem M slasaðist. Motta hafi hins vegar verið við starfsmannainnganginn framan við umræddan gang, en M hafi verið komin lengra inn í bygginguna þegar hún féll, en samkvæmt X séu um 12 metrar frá inngangi að slysstað. Við skráningu X á atvikinu hafi verið tekna myndir, dags. 7. febrúar 2020, og megi sjá af þeim að motta hafi verið við innganginn. Hafi M því átt þess kost að þurrka af sér áður en lengra var haldið. Hvað varði myndband af atvikum hafi V ekki fengið aðgang að því en X hafi lýst því yfir að M geti fengið aðgang af því. Sé skorað á M að óska eftir myndbandinu sé ætlunin að halda uppi þeim málatilbúnaði að engin motta hafi verið á staðnum. Ekkert liggi þá fyrir um að gólfið á ganginum sé óvenjuhált og sé það málað með hefðbundinni gólfmálningu. Við þær veðuraðstæður sem voru á slysdegi hafi hins vegar verið þörf á því að sýna aðgæslu og þurrka af skóm við innganginn. Þá eigi byggingarreglugerð frá 2012 ekki við þar sem fasteign X hafi verið byggð fyrir gildistöku hennar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hennar verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Eins og atvikum er háttað þykir þá ekki ástæða til að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að ekki hafi verið réttilega tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins, enda liggur fyrir samkvæmt lögregluskýrslu að Vinnueftirlitið fékk vitneskju um slysið á slysdegi en ekki var talin ástæða til frekari

rannsóknar af hálfu þess. Aðila greinir samkvæmt framansögðu fyrst og fremst á um hvort motta hafi verið til staðar við starfsmannainngang. Á ljósmyndum í fyrirliggjandi lögregluskýrslu má aðeins sjá ganginn þar sem M féll og er þar ekki að sjá neina mottu en raunar er óumdeilt að engin motta hafi verið þar. Af ljósmyndum sem V hefur lagt fram og bera með sér að hafa verið teknar að morgni slysdags, eða rúmlega 20 mínútum eftir að lögregla fékk tilkynningu um slys M, má hins vegar sjá að framan við umræddan gang er annað rými og má sjá mottu á gólfi þess. Án frekari gagna, s.s. þess myndbands sem vísað er til af hálfu V, er sýni fram á hið gagnstæða verður því að telja að umrædd motta hafi verið innan við starfsmannainngang í anddyri sem M hafi farið um áður en hún gekk inn á ganginn þar sem hún féll og slasaðist. Er þá ekki sýnt fram á að slys M verði rakið til annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M samkvæmt framansögðu að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 258/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Túlkun samnings.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 12. mars 2019 varð M fyrir umferðarslysi og hlaut þar áverka sem metnir hafa verið til fimm stiga miska og fimm prósent varanlegrar örorku með matsgerð dags. 6. maí 2022. M gerði kröfu um greiðslu bóta á grundvalli matsgerðarinnar úr slysatryggingu sinni hjá V. V taldi rétt að greiða einungis bætur sem nemur þremur miskastigum í stað fimm miskastiga með vísan til áritunar á vátryggingaskírteini þar sem segir: „Tryggingin undanskilur baksjúkdóma og afleiðingar þeirra er leiða upp í höfuð og útlimi“. M taldi þá niðurstöðu ranga og gerði fyrirvara við móttöku bóta. M vísar til þess að í fyrirliggjandi matsgerð sé komist að þeirri niðurstöðu að miski vegna viðbótartognunar í lendhrygg nemi tveimur stigum. Í matsgerðinni kemur fram að M hafi áður verið metinn til varanlegs miska og örorku vegna óþæginda frá lendhrygg eftir slys í mars 2009. Það komi hvergi fram í sjúkrasögu M að hann hafi þjáðst af baksjúkdómi. Forskaði á baki sé ekki sjúkdómur enda hefði undirliggjandi sjúkdómur ekki orðið til þess að matsmenn hefðu metið M vegna tognunar í kjölfar slyss ef svo hefði verið. Það fæst ekki séð hvernig félagið kemst að þeirri niðurstöðu að stoðkerfiseinkenni eftir slys, sem óumdeilt er að varð í kjölfar bílslyss, geti flokkast sem baksjúkdómur. Er sú niðurstaða röng og órökstudd af hálfu V. Gera verði skýran greinarmun á áverka og sjúkdómi. Bendir M á að skilmáli skírteinis og skilmála sé einhliða saminn af hálfu V og ber því að beita andskýringarreglu við túlkun ákvæðis komi upp vafi um túlkun þess.

V vísar til þess að við útgáfu og verðlagningu tryggingarinnar hafi baksjúkdómar verið undanskildir. Tryggingin bæti því ekki tjón vegna einkenna frá baki. Vísar V til þess að sjúkdómar og kvillar séu samheiti samkvæmt Orðabanka stofnunar Árna Magnússonar. Telur V engum vafa undirorpið að með þessari áritun á tryggingu M var verið að undanskilja bótarétt vegna bakeinkenna enda er um slysatryggingu að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort V hafi, með vísan til áritunar á skírteini vátryggingar M, verið heimilt að greiða ekki bætur sem nema tveimur miskastigum vegna viðbótartognunar í lendhrygg sem M hlaut í kjölfar umferðarslyssins þann 12. mars 2019. Áritað var á skírteini vátryggingarinnar að baksjúkdómar eru undanskildir. Það er mikilvægt að skýrt komi fram í vátryggingarsamningi um hvað samið er, sérstaklega þegar litið er til anda laga nr. 30/2004. Í vátryggingarskilmálum V fyrir þá tryggingu sem M hafði hjá félaginu er gerður greinarmunur á slysatryggingu og sjúkratryggingu. Þannig er gerður greinarmunur á þessum tveimur flokkum eftir því hvað orsakaði líkamstjón vátryggðs, slys eða sjúkdómur. Samkvæmt almennri málvenju á orðið sjúkdómur ekki við um líkamleg einkenni sem orsakast af slysi. Þar af leiðandi, og með hliðsjón af andskýringarreglu vátryggingaréttar er ljóst að áritun á vátryggingarskírteini M á ekki við um einkenni frá baki sem orsakast af slysi. Var V í lófa lagið að afmarka áhættu sína með skýrari hætti en gert var. M á því rétt á fullum bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysatryggingu sinni hjá V, vegna slyss hinn 12. mars 2019.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 259/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Starfstrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. nóvember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 11. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi starfað sem vinnslustjóri hjá X er hann varð óvinnufær vegna hnjámeiðsla. Samkvæmt vátryggingu þeirri sem X hafi keypt hjá með milligöngu V1 af V2 sé M tryggður fyrir varanlegri örorku en samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð, dags. 16. júní 2022, sé M dottinn af vinnumarkaði hvað varði starf hans hjá X, en þar komi fram að M sé „100% óvinnufær til þeirra starfa sem hann er tryggður, þ.e. sem vinnslustjóri/fishmaster um borð í stórum fiskiskipum. Í málskoti kemur fram að M hafi óskað þess að vera metinn til varanlegrar örorku og hafi sent matsbeiðni til V1 í þeim tilgangi að afla undirritunar V2 en það sé skilyrði vátryggingarskilmálanna að aðilar standi sameiginlega að mati. Með bréfi dags. 5. maí 2022 hafi V1 hins vegar hafnað bótaskyldu f.h. V2. Röksemdir félagsins séu þær að samkvæmt skilmálaákvæðum séu skilyrði þess að greiddar séu bætur vegna varanlegrar örorku þau að sjúkdómur eða veikindi sem valdi varanlegri örorku komi fram innan tólf samfelldra mánaða eftir að einkenna er fyrst vart og að algjör varanleg örorka komi í veg fyrir að vátryggður sinni venjubundnum viðskiptum eða starfi sínu í tólf samfellda mánuði og að þeim tíma liðnum sé ljóst að von um bata sé ómöguleg. V1 hafi verið boðað og mætt til matsfundar f.h. V2 og í niðurstöðu matsgerðar komi fram að M sé 100% óvinnufær til þeirra starfa sem hann er tryggður. Eftir að þessi niðurstaða lá fyrir hafi V1 f.h. V2 hafnað því að endurskoða afstöðu sina, sem M telji byggða á röngum forsendum. Þó M hafi, í maí og að hluta í júní 2019, unnið á litlum bát hjá öðru fyrirtæki breyti það því ekki að hann sé dottinn af vinnumarkaði við þá vinnu sem hann starfaði við. Séu skilmálarnir skoðaðir vel sé skilyrði bótaskyldu einmitt það að vátryggður sýni fram á að hann sé ófær um að sinna þeim störfum sem hann starfaði við að venju, þ.e. „usual business or occupation“. Tímabundið starf M á litlum bát, og dagróðrar M á bát í eigin eigu séu allt annars eðlis en störf vinnslustjóra sem krefjist mikillar hreyfingar sem M ráði ekki við, þó einnig sé um vinnu á sjó að ræða. Umrædd vátrygging sé sérstaklega bundin við starf M sem vinnslustjóra og hafi M fengið greiddar bætur úr henni vegna tímabundinnar óvinnufærni. Ætti bótaskylda því einnig að vera til staðar er komi að varanlegri örorku hans. Hefði ætlan V2 verið sú að láta vátrygginguna snúast um önnur störf en starf vinnslustjóra hefði því verið í lófa lagið að orða skilmála sína og vátryggingarskírteini með öðrum hætti. Það hafi ekki verið gert og sé því full bótaskylda fyrir hendi. Sé þá uppi óskýrleiki varðandi einhliða samda skilmála beri að túlka allan vafa í þeim efnum M í hag.

Í bréfi V1 f.h. V2 til nefndarinnar kemur fram að óumdeilt sé að M hafi tímabundið verið óvinnufær til starfa sinna sem vinnslustjóri við strendur Afriku. Hafi félagið greitt bætur vegna tímabundinnar örorku á þeim tíma, en þó ekki vegna tímabilsins 15. maí – 26. júni 2019 þar sem M hefði á þeim tíma starfað sem skipstjóri á sjóstangveiðibát sem gerður var út frá Reykjavík. Sá bótaþáttur hefði því verið greiddur að fullu, eða í þær 104 vikur sem vátryggingin taki til. Hvað varði varanlega örorku vísi félagið til höfnunarbréfs síns og skilgreininga á „illness“ og „permanent total disablement“ í viðkomandi skilmálum. Ótækt sé að fallast á það að M hafi líkamlega færni til að stunda strandveiðar á eigin fiskibát en sé að fullu ófær um að sinna starfi vinnslustjóra. Samkvæmt upplýsingum sem V1 hafi fengið frá sjómanni sem gegni starfi vinnslustjóra við strendur Afríku og formanni Landssambands smábátaeigenda sé starf vinnslustjóra eftirlitsstarf, fyrst og fremst stjórnunar- og skrifstofustarf og hvergi nærri jafn líkamlega krefjandi og almenn sjómennska. Samkvæmt vátryggingarskírteini sé þá ekki aðeins um að ræða vinnslustjórastarf í stórum fiskiskipum, heldur gæti starfið t.a.m. farið fram á landi. Er því þar af leiðiandi hafnað að sýnt sé fram á að M sé ófær um að sinna starfi vinnslustjóra. Er

þá gerð athugasemd við það að í fyrirliggjandi matsgerð hafi einungis verið byggt á frásögn M sjálfs án þess að matslæknir hafi aflað sér upplýsinga um eðli starfsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum hafnar M málflutningi V1. Meintir heimildarmenn þess hafi ekki starfað með M og geti ekki borið vitni um það hvernig störfum hans sé háttað í dag eða hvernig þeim hafi verið háttað er hann starfaði hjá X. Lögmanni V1, sem mætti á matsfund, hefði þá verið í lófa lagið að leggja fram gögn við framkvæmd matsins eða mótmæla upplýsingum frá M varðandi það hvað fælist í starfi vinnslustjóra. Athugasemdir við matgerðina séu því of seint fram komnar og beri að virða þær að vettugi. Í skilmálum V2 og vátryggingarskírteini komi þá skýrt fram að M sé tryggður til starfa sem vinnslustjóri og geti hann ekki sinnt því tiltekna starfi eigi hann rétt til bóta. Sé því tilgangslaust að bera eðli þess starfs saman við önnur störf, enda liggi fyrir að M sé ófær til starfa sem vinnslustjóri.

Í viðbótarathugasemdum V1 er áréttað að athugasemdir þess séu settar fram til að rengja niðurstöðu einhliða aflaðrar matsgerðar um að M sé ófær um að sinna starfi vinnslustjóra en sé þrátt fyrir það fær um að starfa við sjómennsku. Bendi það til óeðlilegrar niðurstöðu matgerðar að þessu leyti enda sé hún aðeins byggð á upplýsingum frá M. Bótaskyldu hafi þá þegar verið hafnað þegar mat fór fram, en V1 hafi fyrir hönd V2 verið boðað á matsfund. Lögmaður V1 hafi ekki sérþekkingu á eðli þeirra starfa sem um ræði og standist ekki að of seint sé að gera athugasemdir eða benda á framangreinda annmarka á matsgerðinni.

Álit.

Í skilmálum viðeigandi vátryggingar, en samkvæmt vátryggingarskírteini gefnu út af V1 er M vátryggður sem vinnslustjóri/fishmaster, er í kaflanum „Personal Accidents and Illness“ að finna skilgreiningu á hugtakinu „Permanent total disablement“. Þar segir „means complete and total physical disablement which prevents the insured person from attending to all aspects of their usual business or occuaption as stated in the Schedule which lasts twelve consecutive months and at the end of that period is beyond hope of improvement“. Verður að telja að þessi skilgreining leiði ekki til þess að vátryggður þurfi að vera óvinnufær að öllu leyti, heldur aðeins að hann sé óvinnufær til þeirra starfa sem vátryggingin tekur til. Eins og mál þetta horfir við nefndinni virðist ágreiningur aðila einmitt hverfast um það, þ.e. hvort M sé óvinnufær til starfa sem vinnslustjóri.

Málflutningi V1 f.h. V2 er ætlað að rengja niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar hvað varðar það að M sé „100% óvinnufær til þeirra starfa sem hann er tryggður, þ.e. sem vinnslustjóri/fishmaster í stórum fiskiskipum“. Sambærilegan texta er að finna í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 22. mars 2022, en þar segir: „Útséð er um að viðkomandi nái aftur fyrri vinnufærni til starfa um borð í stærri fiskiskipum vegna einkenna frá vinstra hné.“ Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V1 til þess að upplýsinga hafi verið aflað frá starfandi vinnslustjóra og formanni Landssambands smábátaeigenda sem bendi til þess að það sé ótækt að fallast á að M sé líkamlega fær til að stunda strandveiðar en ekki til að starfa sem vinnslustjóri. Því standist ofangreind staðhæfing í fyrirliggjandi matsgerð ekki skoðun. Ofangreindir heimildarmenn eru hvorki nafngreindir né liggur fyrir nefndinni neins konar skrifleg yfirlýsing þeirra eða önnur gögn um eðli umræddra starfa. Þá verður ekki séð að V1 hafi komið á framfæri gögnum eða athugasemdum í tengslum við framkvæmd framangreinds mats. Né hefur V1 sýnt fram á að M sé fær um að sinna starfi vinnslustjóra í landi eða á minni fiskiskipum. Hefur V1 því ekki sýnt fram á að ofangreind staðhæfing í matsgerð um óvinnufærni M til að sinna þeim starfa sem vátryggingin nær til eigi ekki við rök að styðjast. Þar sem umræddri matsgerð hefur ekki verið hnekkt hlýtur niðurstaða nefndarinnar því að byggja á henni.
Verður því samkvæmt öllu framansögðu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni fallist á kröfu M.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr starfstryggingu X hjá V2.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 260/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Slysatrygging fjölskyldutryggingar.

Tilkynningarfrestur. Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. september 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 27. september 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut líkamstjón þegar hann féll úr stiga og lenti á vinstri öxl hinn 30. mars 2018. Í sömu gögnum eru læknisfræðileg gögn málsins rakin frá því að hann leitaði samdægurs á bráðamóttöku heilsugæslu þar til hann fór í aðgerð á vinstri öxl í maí 2018 og eftir það er reglulegum heimsóknum hans til sérfræðings í bæklunarlækningum lýst, þ.á.m. í september 2019 þar sem læknirinn telur ástæðu til að skoða M aftur ári síðar með röntgen- og ómskoðun. Hinn 4. maí 2020 kveðst M hafa sent fyrirspurn á V varðandi fjölskyldutryggingu hans og hafi þá fengið þau svör að sú trygging hafi tekið gildi 12. júlí 2018, eða eftir slys fyrrnefnt slys hans. Í tölvupóstsamskiptum M hinn 8. apríl 2021 kemur hins vegar fram að mistök hafi átt sér stað hjá V og beðist afsökunar á þeim mistökum og af gögnum málsins má ætla að V hafi gefið út fjölskyldutryggingu afturvirkt þannig að hún nái til tjónsdagsins 30. mars 2018. Hinn 30. júní 2021 var slys M tilkynnt til V. Hinn 14. júlí 2021 tók V þá afstöðu að með vísan til gr. 5.6 í 4. kafla vátryggingarskilmála um að matsfrestur væri liðinn myndi félagið „*..því ekki halda áfram með vinnslu málsins.*“

M telur hvorki matsfrest vátryggingarskilmála né tilkynningarfrest 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafa verið liðinn þegar M tilkynnti um slys til V hinn 30. júní 2021. M vísar til þess að vegna mistaka V hafi M ekki verið kunnugt um að hann hafi verið vátryggður fyrr en í fyrsta lagi í apríl 2021 og verði að túlka ofangreinda fresti m.t.t. þeirra mistaka. M vísar til læknisfræðilegra gagna málsins og telur að það hafi í fyrsta lagi verið í september 2019, þegar hann leitaði til bæklunarlæknis, eftir að hafa fengið nokkurn bara eftir aðgerð á árinu 2018, að hann vissi fyrst um atvik sem krafa hans er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. M hafi síðan haft samband við V í apríl 2020, innan árs frá þeim tímapunkti og þá fengið rangar upplýsingar um gildistíma vátryggingar sinnar og því ekki getað komið á framfæri tjónstilkynningu vegna atvika sem varða V. Einnig telur M að túlka verið matsfrest í vátryggingarskilmálum V um að örorkumat skuli fara fram ekki síðar en þremur árum frá slysdegi einnig með hliðsjón af mistökum V vegna útgáfu fjölskyldutryggingar á réttum tíma og þannig hafi M misst af því að koma málinu í mat í apríl 2020, þegar hann hefði tilkynnt tjónið í síðasta lagi. Þá voru um 10 mánuðir eftir af þriggja ára tímabili sem tilgreint er í vátryggingarskilmálum og verði V að bera hallann af því að hafa ekki gefið réttar upplýsingar á þeim tíma.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að frestur til að tilkynna tjónsatburðinn, sem varð 30. mars 2018, hafi verið liðinn þegar tjónstilkynning M til V barst V hinn 30. júní 2021 til V. Vísar V um það til gr. 14.2 í vátryggingaskilmálum og nær samhljóða 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki um tjón sitt innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafa er reist á. Einnig vísar V til þess að í gr. 5.6 í vátryggingarskilmálum segi skýrlega að mat á varanlegum afleiðingum slyss skuli fara fram innan þriggja ára frá slysdegi. V bendir á að sá frestur hafi runnið út í tilviki M hinn 30. mars 2021 og því útrunnin þegar tilkynnt var um tjón hans 30. júní 2021.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort eins árs tilkynningarfrestur gr. 14.2 í vátryggingarskilmálum V og 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga sem og hvort þriggja ára frestur til að afla örorkumats skv. gr. 5.6 í 4. kafla vátryggingarskilmála V hafi verið liðinn þegar M tilkynnti V um slys sem varð 30. mars 2018 með tjónstilkynningu dags. 30. júní 2021.

Í gögnum málsins liggur fyrir að fjölskyldutrygging M tók fyrst gildi í júlí 2018, eða eftir að slys M átti sér stað. Þegar M grennslaðist fyrir um vátryggingavernd sína í apríl 2020 fékk hann enda þau svör frá V. Þegar M kannaði máli betur kom í ljós að mistök höfðu verið gerð af hálfu V við útgáfu vátrygginga og átti fjölskyldutrygging M hjá V að hafa tekið gildi á árinu 2017. Leiðrétti V þau mistök sín í apríl 2021. Við þessar aðstæður verður ekki séð að M hafi verið gefinn kostur á að tilkynna um slys sitt til V fyrr en eftir að umrædd mistök voru leiðrétt eða í fyrsta lagi í apríl 2021, eða þegar þriggja ára matsfrestur skv. gr. 5.6. í 4. kafla vátryggingarskilmála var liðinn.

Ágreiningslaust er að M hafði samband við V til að grennslast fyrir um vátryggingarvernd sína í byrjun apríl 2020. Þau svör sem hann fékk frá V á þeim tíma markast af því sem starfsmaður V viðurkennir sem mistök og biðst afsökunar á um ári síðar. Verður að ætla að ef M hefði fengið réttar upplýsingar um vátryggingarvernd sína í apríl 2020 hefði hann tilkynnt um slys sitt á þeim tímapunkti til V og verður V að bera hallann af því að hafa gefið rangar upplýsingar á þeim tíma. Viðurkenning á mistökum V liggur fyrir og verður V að bera hallann af því að hafa gert slík mistök við útgáfu vátrygginga M.

Þetta þýðir að miða verður við að tilkynning M um slys hefði komið til V í síðasta lagi fljótlega eftir fyrirspurn hans í byrjun apríl 2020. Þá var matsfrestur gr. 5.6. í 4. kafla vátryggingarskilmálum ekki liðinn og verður því ekki byggt á honum. Við mat á því hvort M í apríl 2020 hafi tilkynnt V innan eins árs um bótakröfu sína og atvik sem hún er reist á verður að líta m.a. til dómaframkvæmdar um túlkun á 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Líta verður til þess hvenær M máttu vera varanlegar afleiðingar slyssins ljósar m.v. þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu.

Í læknisvottorðum bæklunarlæknis og öðrum skjölum sem frá honum stafa kemur fram að axlaraðgerð sem framkvæmd hafi verið á M í maí 2018 hafi gengið vel og M hafi náð góðum styrk eftir aðgerðina. M hafi síðan leitað til þess læknis reglulega, síðast í september 2019 þar sem læknirinn taldi rétt að bíða í eitt ár með frekari myndatökur til að meta mögulegar frekari afleiðingar áverkans sem M hlaut í slysinu. Af þessum læknisfræðilegu upplýsingum verður ekki ráðið að M hafi verið kunnugt um atvik sem bótakrafa vegna varanlegra afleiðinga slyss hans sé reist meira en einu ári áður en hann kannaði vátryggingarvernd sína hjá V í apríl 2020 og hefði átt þess kost að tilkynna tjón sitt. M telst því eiga rétt til bóta hjá V.

Mikilvægt er að neytendur sem viðskiptavinir vátryggingafélaga fái réttar upplýsingar um vátryggingavernd sína og að vátryggingafélög, sem selja vöru sem felur alla jafna í sér staðlaða vátryggingarskilmála, taki mið af aðstæðum þegar mistök eru gerð af þeirra hálfu við útgáfu vátrygginga. Í því samhengi vegur réttur vátryggingartaka til að fá þau mistök leiðrétt með hliðsjón af aðstæðum þyngra en almenn tilvísun V til þess að vátryggingartakar eigi sjálfir að hafa yfirsýn yfir eigin vátryggingarviðskipti.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 261/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 20. september 2022.
3. Viðbótargagn frá M, dags. 26. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X hinn 22. apríl 2022. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi verið að vinna í áltöku við að brjóta gat á tappenda með þar til gerðum járnkalli. Þykkur hjúpur hafi myndast ofan á tappendanum og hafi M þurft að beita töluverðu afli til að komast í gegn. Við að slá járnkallinum í tappendann hafi M fengið högg upp í hægri hendi og fundið fyrir verkjum í þumli. Hafi hann greinst með tognun á liðbandi. V hafi, með tölupósti dags. 6. júlí 2022, hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu launþega með þeim rökum að tjón M yrði ekki rakið til utanaðkomandi orsaka heldur innri veikleika. M er ósammála þeirri afstöðu og telur að um skyndilegan utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða, þ.e. mótstaðan sem hinn þykki hjúpur hafi skapað hafi leitt til fráviks frá þeirri atburðarás sem M hafi mátt vænta við verkið. Þá hafi verklagi verið breytt í kjölfar slyssins og sé nú gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir slíka hjúpmyndun. M hafi þá verið fullfær til vinnu á slysdegi og skipti ekki máli varðandi túlkun á slysahugtakinu að hann hafi tvívegis áður slitið það liðband sem tognaði við slysið. Ekkert bendi til þess að líkamstjón hans verði rakið til innri orsaka heldur hafi það verið afleiðing höggs frá járnkallinum vegna óvæntrar mótstöðu á tappendanum. Þá leggur M fram bréf Sjúkratrygginga Íslands, dags. 27. september 2022, þar sem fram kemur að slys hans teljist bótaskylt samkvæmt lögum um slysatryggingar almannatryggingar nr. 45/2015.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum vátryggingarinnar sé slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannarlega án vilja hans. Til þess að um utanaðkomandi atburð sé að ræða þurfi eitthvað að gerast sem feli í sér frávik frá þeirri atburðarás sem tjónþoli hafi mátt reikna með. Verkið sem M hafi sinnt í aðdraganda líkamstjóns síns feli í sér að slá í yfirborðshjúp með járnkalli og augljóst sé að slík aðgerð hafi í för með sér endurtekin högg. Ekkert liggi fyrir um að um frávik frá eðlilegri atburðarrás við umrætt verk hafi verið að ræða, þ.e. að utanaðkomandi atburður hafi orsakað einkenni M. Þá bendi sjúkragögn til þess að meiðsl M hafi orsakast af innri veikleika í hönd hans. Slys í skilningi vátryggingaréttar sé eitthvað sem gerist utan við líkama tjónþola og hafi ekki með líkamsástand hans að gera. Það hvíli á M að sýna fram á atvik við tjónsatburð og samkvæmt framansögðu séu skilyrði slysahugtaksins ekki uppfyllt.

Álit.

Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar eins og því er lýst í viðeigandi vátryggingarskilmálum, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Kemur þá til skoðunar hvort utanaðkomandi truflun hafi orðið á hreyfingu M umrætt sinn eða hvort sýnt sé að aðstæður hafi með einhverjum hætti verið óvenjulegar, en fallast verður á það með V að umrætt verk, eins og því er lýst fyrir nefndinni, hafi í sjálfu sér í för með sér endurtekin högg. M byggir á því að hinn þykki hjúpur sem hafi myndast og M þurfti að brjóta í gegnum hafi falið í sér frávik frá hefðbundnu verkferli, þ.e. hafi verið utanaðkomandi atburður. Engin frekari gögn liggja þó fyrir nefndinni er styðji þá afstöðu. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 2. júní 2022, er umræddu atviki lýst svo að M hafi verið að brjóta gat á tappenda þegar hann fékk slæmt högg á hægri höndina. Í göngudeildarskrá, vegna komu dags. 25. apríl 2022 er atvikum þá lýst svo að M hafi verið að slá yfirborðshjúp með járnkalli þegar hann fann fyrir smelli og miklum verk við ulnar hlið þumals. Af þessum lýsingum verður ekki dregin sú ályktun að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðlsum M enda liggur ekki fyrir annað en að um hefðbundið verk, sem hafi verið framkvæmt með

venjubundnum hætti, hafi verið að ræða. Með hliðsjón af því að M hafði í tvígang slitið umrætt liðband verður þá að telja líklegt að líkamstjón hans megi rekja til innra ástands en ekki slyss í skilningi vátryggingaréttar. Af þeim gögnum sem fyrir nefndinni liggja þykir því ekki sýnt að um bótaskylt atvik hafi verið að ræða og verður M að bera hallann af því.

Rétt er að árétta að það haggar ekki þeirri niðurstöðu að Sjúkratryggingar Íslands hafi, samkvæmt framlögðu bréfi dags. 27. september 2022 þar að lútandi, fallist á bótaskyldu, enda er ekki áskilið í skilgreiningu slysahugtaksins skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga að um utanaðkomandi atburð sé að ræða, heldur aðeins „skyndilegan óvæntan atburð“. Var skilgreining slysahugtaksins í lögum nr. 45/2015 sérstaklega útvíkkuð með lögum nr. 108/2021 sbr. ummæli í greinargerð með 4. gr. frumvarps til þeirra laga en með lögfestingu hennar breyttist „utanaðkomandi“ í „óvæntan“: „*Skilyrðið að atburður sem veldur slysi verði að vera „skyndilegur og utanaðkomandi“ hefur almennt verið skýrt á þá leið að eitthvað þurfi að gerast og hafa áhrif á einstakling utan frá. Orsök slyss sé utan líkama hins slasaða og að frávik verði að hafa orðið frá eðlilegri atburðarás. Atburð má ekki rekja til einhvers innan líkama hins slasaða, þ.e. líkamsástands eða sjúkdóms. Breytingu á orðalagi greinarinnar er ætlað að víkka skilgreiningu hugtaksins og fella út það skilyrði að um sé að ræða atvik sem hefur áhrif á einstakling utan frá þannig að undir það geti fallið tilvik þar sem ofreynsla á líkama eða slæmar vinnuaðstæður valda áverka. Eftir breytinguna mun hugtakið slys þannig ná yfir skyndilega áverka, t.d. á vöðva eða bein, eftir að of þungri byrði er lyft eða ýtt, eða eftir önnur sambærileg tilvik.“* Þó bótaskylda kunni að vera til staðar á grundvelli laga nr. 45/2015 verða því ekki dregnar af því víðtækar almennar ályktanir um að um „slys“ í skilningi vátryggingaréttar sé að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 262/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Skaðabótalög. Tjónshugtakið.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. september 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 14. ágúst 2020 hafi M orðið fyrir líkamstjóni er bifreið hans, A, lenti utan vegar. Fyrirliggjandi er matsgerð, dags. 1. september 2021, þar sem varanlegur miski M er metinn til 25 stiga og varanleg örorka 20%, en tímabil atvinnutjóns og þjáningartími er frá slysdegi og til 11. mars 2021. Var fullnaðaruppgjör vegna framangreinds undirritað með fyrirvara af hálfu M hinn 9. nóvember 2021. Var þá m.a. gerð athugasemd við að ekki væri tekið mið af því við uppgjör bóta að M hefði, vegna óvinnufærni sinnar, þurft að ráða verktaka til að reka leigubifreið sem M geri út á eigin kennitölu. Í málskoti kemur fram að tjón M felist í því að hann hafi þurft að ráða starfsmann í sinn stað svo standa mætti við gerða samninga en M sjái um akstur sjúklinga fyrir ákveðnar deildir í heilbrigðisgeiranum. Sé því um að ræða tjón á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem M sem rekstraraðili hafi orðið fyrir. Þrátt fyrir að M hafi ekki starfað sjálfur á umræddu tímabili hafi hann gefið upp á sig lágmarkslaun samkvæmt fyrirmælum ríkisskattstjóra enda hafi hann enn aflað tekna í gegnum afleysingarbílstjóra. Gerir M því kröfu um að fá bætur vegna greiðsla til umrædds verktaka, en greiðslukvittanir eru meðal gagna málsins, enda sé það tjón sem leiði af því að halda rekstri M gangandi á tímabili óvinnufærni hans.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að það sé eigandi ökutækis, þ.e. í þessu tilviki M, sem beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem rekja megi til notkunar þess, sbr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, og sé samkvæmt 8. gr. sömu laga skyldugur til þess að kaupa viðeigandi tryggingar til að mæta þeirri ábyrgð. Greiðsluskylda vátryggingafélags samkvæmt slíkum vátryggingum nái aðeins til þess tjóns sem hefði fallið á eiganda ökutækis. Eðli máls samkvæmt geti eigandi ökutækis ekki verið sá sem ber skaðabótaskyldu og jafnframt sá sem sækir bætur. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga kveði á um hugsanlegan endurkröfurétt vinnuveitanda sem greitt hafi tjónþola laun eða aðrar greiðslur vegna líkamstjóns á hendur hinum skaðabótaskylda aðila. M geti ekki átt slíka endurkröfu á hendur sjálfum sér og því verði krafa hans ekki byggð á framangreindu ákvæði. Þá kemur fram að M hafi fengið greiddar bætur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda, sem grundvallist á 9. gr. laga um ökutækjatryggingar, en sú slysatrygging taki aðeins til beins líkamstjóns sbr. 1. kafla skaðabótalaga og taki samkvæmt skilmálum sínum ekki til afleidds tjóns. Þá hafi kröfu M um bætur vegna tímabundins tekjutaps verið hafnað þar sem hann hefði fengið greidd laun úr rekstri sinum meðan á tímabili óvinnufærni stóð og því ekki sýnt fram á tímabundið tekjutap. Meint tjón M samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga geti ekki fallið undir gildissvið slysatrygginga ökumanns og eiganda og sé því samkvæmt framansögðu hvorki bótaskylt úr henni né ábyrgðartryggingu A.

Álit.

M virðist samkvæmt framangreindu byggja kröfu sína á 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga en hún er svohljóðandi: *Vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða eða þeim sem misst hefur framfæranda laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, getur krafið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna.* Er endurkröfurétti samkvæmt þessu ákvæði ætlað að ná til launa og launatengdra greiðsla sem vinnuveitanda ber að greiða í tengslum við forföll vegna líkamstjóns. Slíka kröfu er eingöngu hægt að gera á hendur hinum skaðabótaskylda skv. skýru orðalagi ákvæðisins. Rökstuðningur þess að hvaða marki M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þeirra atriða sem tiltekin eru í 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga er ekki svo skýr sem best væri á kosið, en hvað sem því líður er ljóst að enginn getur átt skaðabótakröfu á hendur sjálfum sér. Af lýsingum á umferðarslysi því sem M varð fyrir má leiða að tjón M sé að rekja til notkunar A, ökutækis

í hans eigu, og ber hann samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar skaðabótaábyrgð vegna þess. Ef krafa M byggir á því ákvæði myndi endurkrafa á grundvelli 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga því beinast að M sjálfum og uppfyllir slík krafa ekki frumskilyrði skaðabótaréttar. Það verður auk þess að taka fram að bótaréttur M sjálfs vegna umferðarslyss hans byggir á slysatryggingu ökumanns og eiganda, sbr. 9. gr. laga um ökutækjatryggingar, og er því ekki skaðabótakrafa heldur krafa um bætur í vátryggingu. Þannig verður endurkröfuréttur skv. 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 ekki leiddur af slysatryggingunni, þar sem engum skaðabótaskyldum er til að dreifa þegar bótaréttur byggist á þeirri vátryggingu. M á því ekki rétt til bóta hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V vegna útlagðs kostnaðar vegna samninga við verktaka.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 263/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var þann 24. janúar 2022 farþegi í kyrrstæðri bifreið sem bifreiðin A ók aftan á. M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni í kjölfar umferðaróhappsins. M leitaði á Heilsugæsluna Urðarhvarfi tveimur dögum eftir atvikið að eigin sögn til að skrá atvikið og kvartaði undan verk í herðum og hálsi. Tveimur dögum síðar leitaði hann aftur á heilsugæsluna og óskar eftir sjúkraþjálfunarbeiðni vegna vaxandi verkja upp í háls og höfuð og í mjóbaki. Samkvæmt skýrslu sjúkraþjálfara dags. 25. júlí 2022 mætti M fimmtán sinnum til hans á tímabilinu frá 8. febrúar 2022 til 25. júlí 2022. Sjúkraþjálfun hafi ekki borið árangur. Byggir M á því að hann hafi sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli áverka hans í dag og umferðarslyssins þann 24. janúar 2022. Hann hafi lagt fram gögn frá lækni og sjúkraþjálfara sem séu óyggjandi sönnunargögn í málum sem þessu.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Afstaða félagsins byggir á því að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra áverka sem M telur sig hafa orðið fyrir. Vísar V til dóma Hæstaréttar í málum nr. 8/2003, 240/2008, 683/2009 og 21/2010 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 24. janúar 2022. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja ekki fyrir heildstæð gögn um heilsufar M fyrir og eftir slysið, heldur eingöngu sjúkraskrá hans fyrir tímabilið frá 22. janúar 2022 til og með 14. febrúar 2022. Fram kemur í þeim gögnum að M hafi fyrri sögu um áverka eftir mótorhjólaslys árið 1996. Þannig er ljóst að M hafði fyrri sögu um umferðarslys en engin frekari gögn liggja fyrir um meiðsli hans eftir það slys og bera gögn málsins þannig ekki með sér hvort aukning hafi orðið á þeim meiðslum við áreksturinn. Þá liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hans megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 24. janúar 2022.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 264/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 22. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 26. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að M hafi fest kaup á fasteign með kaupsamningi dags. 10. júní 2021. Daginn eftir afhendingu, þann 2. ágúst 2021 hafi M fundið rakalykt í íbúðinni og í kjölfarið leitað álits fagaðila á ástandi eignarinnar. Rakamælingar leiddu í ljós hækkaðan hlutfallsraka í gólfi, vegg og lofti stofunnar, næst fallstamma sem gengur á milli hæða. Einnig var rakaþétting mæld á baðherbergi. Fékk M verkfræðistofuna A til að framkvæma úttekt á fasteigninni og liggur skýrsla dags. 6. september 2021 fyrir í málinu. Þar kemur fram að lagnastokkur hafi lekið og sé illa farinn. M tilgreinir að í ljós hafi komið að íbúð á hæðinni fyrir ofan íbúð M hafi lekið í apríl 2021 þ.e. áður en M keypti eignina. Íbúð M hafi ekki verið skoðuð vegna þess tjóns fyrr en eftir beiðnir M um að skoðunarmaður á vegum V kæmi á vettvang. Í kjölfarið féllst V á bótaskyldu vegna tjónsins og bauð kr. 511.898 í bætur. Vísar M til niðurstöðu kostnaðarmats verkfræðistofunnar A og fer fram á að fá greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð kr. 3.101.500. Tekur M fram að ekki sé til staðar ágreiningur um bótaskyldu, heldur snúist ágreiningur um hvert umfang tjónsins sé og hvort M eigi rétt á bótum vegna afnotamissis. Bendir M á að með vísan til 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé V ekki stætt á að bera fyrir sig undanþágur sem ekki hefði verið byggt á á fyrri stigum málsins enda margir mánuðir liðið frá því V fékk allar upplýsingar um atburðinn.

Í bréfi V til nefndarinnar tekur félagið undir með M að það hafi fallist á bótaskyldu vegna skemmda á stofurými sem rekja má til heitavatnsleka á 4. hæð í apríl 2021. Hefur V hafnað að rakaskemmdir af öðrum orsökum falli undir trygginguna. V hafi komið til móts við M með því að bæta það tjón sem mögulega mætti rekja til lekans og það þrátt fyrir að búið væri að fjarlægja parket af stofu. Þannig væri ekki hægt að meta hvort tjón á því mætti rekja til vatnstjónsins í apríl 2021. Telur V ósannað að þær raka- og mygluskemmdir sem eru á íbúð M verði raktar til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts lagnaleka. Einnig telur V ósannað að íbúðin sé óíbúðarhæf vegna atvika sem falla undir skilmála vátryggingarinnar. Gögn málsins bendi til þess að um sé að ræða skemmdir annars vegar vegna leka að utan og hins vegar vegna langvarandi leka úr lagnastamma, sem sérstaklega er undanskilin skv. c-lið 2. gr. vátryggingarskilmálans. Að auki bendir V á að skemmdir sem M gerir kröfu um að fá bættar verði raktar til atvika sem gerðust áður en M eignaðist íbúðina og var M því ekki vátryggð á þeim tíma sem þau atvik urðu sem orsökuðu það tjón sem M fer núna fram á að fá bætt. M geti ekki átt bótarétt úr tryggingunni vegna þeirra, jafnvel þó sannað þætti að um væri að ræða tjón sem fellur undir gildissvið tryggingarinnar að öðru leyti. V hafnar því að ákvæði 31. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi við í málinu, enda ljóst að eftir að orsök rakaskemmdanna lágu fyrir voru svör félagsins ávallt á þá leið að félagið kæmi að því að bæta það tjón sem hlaust af vatnslekanum sem varð í apríl 2021 og var M upplýst um það.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að hún er ekki að fara fram á að V bæti tjón vegna raka sem á sér aðrar orsakir en lekinn á hæðinni fyrir ofan, þ.e á 4. hæð, sem þegar hefur að hluta til verið bættur. M er að fara fram á bætur vegna þessa afleidda tjóns sem hún varð fyrir vegna þess heitavatnsleka. Gerir M athugasemdir við það að V haldi því nú fram að hún sé ekki vátryggð fyrir tjóni vegna lekans. Félagið hafi þegar greitt henni bætur inná hennar persónulega reikning vegna þess tjóns sem varð á íbúð hennar og hefur átt í samskiptum við hana vegna tjónsins í marga mánuði. V geti ekki dregið það til baka á þessu stigi að hún sé vátryggð.

Í viðbótarathugasemdum V kemur félagið með þá skýringu að það hafi greitt bætur vegna tjóns frá heitavatnsröri sem liggur samhliða lagnastamma hússins en ekki vegna langvarandi raka frá lagnastammanum þar sem slíkt tjón falli ekki undir fasteignatrygginguna, sbr. c-lið 2. gr. vátryggingarskilmála V.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni og lesa má af málsgögnum eru málsaðilar sammála um að vatnstjón það sem rekja má til leka af 4. hæð hússins í apríl 2021 er bótaskylt úr fasteignatryggingu V. Ágreiningur aðila varðar þannig eingöngu umfang þess tjóns sem varð í apríl 2021. Þá þegar af þeirri ástæðu kemur 31. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki til skoðunar enda er V ekki að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta á grundvelli ákvæða IV. kafla laganna. Þar sem V hefur samþykkt bótaskyldu vegna tjónsins getur félagið ekki á sama tíma borið fyrir sig undanþágu frá bótasviði skilmálans er varðar það að tjón vegna myglu og langvarandi leka bætist ekki en tölvupóstsamskipti V við M benda til þess að félagið hafi borið þá undanþágu fyrir sig vegna tjónsins í apríl 2021. Getur V ekki heldur nú borið fyrir sig að M sé ekki vátryggð þar sem V hefur með greiðslu sinni til M og samskiptum við hana vegna tjónsins þegar fallist á að hún teljist eiga bótarétt úr tryggingunni.

Í svarbréfi V til nefndarinnar dags. 14. september 2022 er að finna nánari skýringar á afstöðu félagsins en þar kemur fram að raka og mygluskemmdir séu í íbúðinni af öðrum ástæðum en þeim leka sem varð í apríl 2021, annars vegar vegna leka frá gluggum og hins vegar vegna langvarandi leka sem líklegast hefur komið frá frárennslislögnum. Þannig sé félagið að hafna bótaskyldu vegna afleiðinga þeirra tjónsatvika á grundvelli þess að það séu tjón sem rekja megi til myglu og langvarandi leka. Sem fyrr segir þá snýst mál þetta ekki um annað en sannanlegar afleiðingar lekans í apríl 2021 en ekki höfnun V á bótaskyldu vegna annarra tjónsatvika. Í tjónamatsgerð V er að finna sundurliðun á heildartjónakostnaði sem metinn var vegna tjónsins. Af skýrslunni og öðrum gögnum málsins verður ekki annað skilið en að V hafi eingöngu fallist á að greiða bætur vegna parkets í stofu.

M ber sönnunarbyrðina fyrir því að umfang tjónsins sé meira en V hefur þegar fallist á að greiða. Í málinu liggur fyrir skýrsla skoðunarmannsins B dags. 4. ágúst 2021, skýrsla verkfræðistofunnar A dags. 5. september 2021, tjónamatsgerð V dags. 27. september 2021, kostnaðaráætlun C, dags. 1. nóvember 2021 og kostnaðarmat A dags. 2. júní 2022. Ýmsir tölvupóstar liggja einnig fyrir í málinu auk niðurstöðu greiningar Náttúrufræðistofnunar Íslands á sýnum. Ber skýrsla B með sér að vera almenn skoðunarskýrsla þar sem framkvæmdar voru rakamælingar og sýni tekin sem send voru til ræktunar. Greining sýnanna leiddi í ljós myglu í gólfdúk svefnherbergis, í gólflista stofu og í parketi stofu. Ekki er því hér um að ræða heildarúttekt á afleiðingum hins bótaskylda tjóns eingöngu. Skýrsla A nefnist heimilisskoðun í henni voru eingöngu stofa og svefnherbergi íbúðarinnar skoðuð. Í skýrslunni kemur fram að lagnastokkur í stofu sé illa farinn og hækkaður raki hafi fundist í steyptum burðarvegg þar við hliðina á. Einnig var sólbekkur í stofu rakabólginn og líklegasta skýring þess var að þéttingar glugga milli timburs og steins voru farnar að draga inn með sér raka. Mælt var með að fjarlægja allt byggingarefni í lagnastokk, byggja nýjan, fjarlægja ílögn af gólfi og endurnýja sólbekki. Í svefnherbergi var sólbekkur rakabólginn og raki var í útvegg undir glugga. Mygla mældist í þeim sýnum sem voru tekin. Viðgerðarkostnaður var ekki metinn og ekki var fjallað sérstaklega um afleiðingar tjónsins sem hér um ræðir. Í kostnaðaráætlun C kemur fram að um sé að ræða kostnaðaráætlun vegna endurbóta íbúðarinnar án sérstakrar tengingar við hið bótaskylda tjón. Í kostnaðaráætlun A dags. 2. júní 2022 kemur fram að kostnaðaráætlun miði út frá viðgerðum á baðherbergi, uppbroti á ílögn, steinslípun, flotun og endurnýjun á gólfefnum í þeim rýmum sem mygla greindist í þ.e. baðherbergi, stærri stofu, svefnherbergi og eldhúsi. Í tölvupósti frá A til M staðfestir verkfræðistofan A að kostnaðaráætlunin miðist við lagfæringar á þeim vandamálum þar sem miklar líkur eru taldar á að þau stafi af þessum leka frá lagnastokknum og rakauppsöfnunar vegna hans. Engan frekari rökstuðning er að finna fyrir því hvernig allir þeir matsliðir sem taldir eru upp í kostnaðaráætluninni tengist heitavatnslekanum í apríl 2021. Má þar sérstaklega nefna tjón í eldhúsi og baðherbergi en þessi rými virðast ekki hafa verið skoðuð áður í tengslum við þetta tjón og enga lýsingu er að finna á því hvernig eða á hvaða hátt tjón hafi orðið í þessum rýmum. Með vísan til alls ofangreinds verður að telja að M hafi ekki með nægilega skýrum hætti tekist sönnun um að umfang tjónsins sé meira en V hefur þegar fallist á að greiða þ.m.t. vegna afnotamissis.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V, Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 265/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. og 17. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 9. september 2022, ásamt tilkynningu dags. 16. febrúar 2022, niðurstöðu V dags. 17. febrúar 2022 og skjáskot úr samskiptakerfi V.

Málsatvik.

Í gögnum málsins má ráða að bifreið M hafi verið smurð með olíu hjá X hinn 28. október 2021. Hinn 10. febrúar 2022 hafi M heyrt hávaða í bifreiðinni og komið í ljós að olíusía hafi verið laus og bifreiðin olíulaus. Tjón varð á vél bifreiðarinnar vegna þessa.

M telur að mistök hafi verið gerð við smurningu bifreiðarinnar og hafi þau mistök leitt til tjóns á bifreið hans. M telur að röng olíusía hafi verið notuð í bifreið hans og tjón hefði ekki orðið ef „orginal“ sía hefði verið notuð. M vísar til samskipta sinna við starfsmann X sem og umboðsaðila bifreiðar sinnar máli sínu til stuðnings. Einnig gerir M athugasemdir við afgreiðslu V á málinu.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til upplýsingar frá X um að viðurkennd olíusía hafi verið notuð í bifreið M og hert á henni áður en bifreið M var afhent. Einnig vísar V til þess að bifreið M hafi verið ekið 3000 km frá þjónustu X og þrír mánuðir hafi liðið þar til tjón hafi komið fram. V telur ósannað að starfsmenn X hafi gert mistök eða tjón á bifreið M megi rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaskyldu X vegna tjóns á bifreið M. Almennar reglur skaðabótaréttarins gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu hafi sönnunarbyrði um að atvik eða aðstæður hafi verið með þeim hætti. Ábyrgðartrygging X hjá V greiðir skaðabætur ef sýnt er að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Þannig ber M sönnunarbyrði um að starfsmenn X hafi gert mistök við olíuþjónustu eða að röng olíusía hafi verið sett í bifreið hans af hálfu X. Engin gögn hafa verið lögð fram um slíkt, eins og álit sérfræðinga eða sambærileg gögn sem sýna orsakatengsl milli þess sem átti sér stað vegna vinnu starfsmanna X og þess tjóns sem varð á bifreið M þremur mánuðum síðar, þegar búið var að aka bifreiðinni athugasemdalaust um 3000 km. Verður M að bera hallann af sönnunarskorti og á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 266/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. september 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 23. september 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu dags. 21. apríl 2022 kemur fram að lögregla hafi fengið tilkynningu hinn 16. apríl 2022 um bifreið sem hafði oltið og væri mannlaus og tjónuð á tilteknum stað. Í ljós kom að um var að ræða bifreiðina X og fóru tveir lögreglumenn til að athuga hvernig tjónið bar að og fór þar á meðal á þann stað sem eigandi ökutækisins er til heimilis. Þar kom fram að tiltekinn einstaklingur (A) hefði umráð bifreiðarinnar og höfðu lögreglumennirnir upp á honum. Í lögregluskýrslunni kemur fram að A kom til dyra eftir að bankað var í nokkur skipti á það hús sem A var staddur í og þegar hann hafi komið til dyra var haft eftir honum að „hann var ekki að aka bifreiðinni en hefði verið í henni og vissi vel hver hefði ekið henni. Hann kvaðst vera heill á húfi og óslasaður ásamt öðrum úr bifreiðinni.“ Í skýrslunni kom síðan fram að A hefði ekki viljað ræða frekari við lögreglu. Í skýrslunni kemur síðan fram að lögreglumenn hefðu ekki haft forsendur til að hefja frekari rannsókn á tildrögum að svo stöddu. A sendi tölvupóst til V hinn 23. maí 2022 þar sem kemur fram að A mótmælir því sem haft er eftir honum í lögregluskýrslu og lýsir tjónsatviki þannig að hann hafi verið að keyra í nokkuð krappa beygju á ökutækinu X og vegurinn hafi verð laus í sér og hafi X því runnið út úr beygjunni og hafnað á steini sem hafi orðið til þess að X valt á hliðina. A kveðst hafa verið í „..ágætis og eðlilegu ástandi. Enginn farþegi var í bifreiðinni og ekkert slys varð á mér, ökumanninum.“ V hafnaði bótaskyldu 1. júní 2022 og vísaði þá til þess að ósamræmi væri milli lögregluskýrslu og lýsingar A og ýmissa reglna um takmörkun ábyrgðar í vátryggingarskilmálum og lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur að réttur til bóta úr kaskótryggingu ökutækisins X sé fyrir hendi og vísar til þess að A hafi mótmælt því sem kom fram í lögregluskýrslu um framburð hans að morgni 16. apríl 2022 um tjónsatvik. M bendir á að A hafi lýst atvikum í tölvupósti til V og beri að leggja þá lýsingu til grundvallar þar sem að ekki frekari rannsókn hefði átt sér stað af hálfu lögreglu. M bendir að í lýsingu A sé ekkert sem gefi til kynna að ástand A við aksturinn hafi verið athugavert og upplifun lögreglumanns á stuttu samtali við A þar sem hann hafi verið nývaknaður geri það ekki að verkum að litið sé algjörlega framhjá frásögn A síðar. M bendir einnig á að ekkert liggi fyrir um að ökumaður hafi ekki verið í líkamlegu ástandi til að aka eða undir áhrifum lyfja eða áfengis þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína skv. 3. mgr. 6. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar sinnar eða ákvæða í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M vísar einnig á bug að vanrækt hafi verið að tilkynna um tjónið m.t.t. 3. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eða gr. 14.2 í vátryggingarskilmálum og verði V að bera hallann af slíkum sönnunarskorti. Einnig bendir M á að A hafi haft samband við V með netspjalli stuttu eftir tjónsatvikið og þá hafi hann fengið þær upplýsingar að lögregluskýrsla lægi fyrir hjá félaginu og það myndi hafa samband við M varðandi bótaskyldu. Það netspjall hafi hins vegar horfið um leið og A lauk því vegna uppsetningar á vefsíðu V og verði V að nálgast innihald þess og M bendir einnig á að A hafi svarað spurningum V, þegar þær bárust samviskusamlega.

V bendir, í athugasemdum sínum til nefndarinnar, á ósamræmi í lýsingu atvika í lögregluskýrslu og tölvupósti A til V hinn 23. maí 2022. Einnig vísar V til þess að á myndum í lögregluskýrslu séu tómar drykkjarumbúðir, bæði í hinni tjónuðu bifreið og fyrir utan hana. Einnig ítrekar V að reglur um takmörkun ábyrgðar þegar ökumaður sé óhæfur til að aka bifreið vegna vímuefnaneyslu, svefnleysis eða annarra atvika sem áhrif hafa. V telur að M verði að bera hallann af þeirri háttsemi sinni að upplýsa hvorki lögreglu né félagið um atvik málsins með viðunandi hætti.

Álit.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem kemur fram að bifreiðin X hafi oltið á tilteknum stað. Verður ekki annað ráðið af lögregluskýrslunni en að ekki hafi liðið langur tími frá atvikinu þar til lögreglu var tilkynnt um það. Í vátryggingarskilmálum V vegna kaskótryggingar segir í gr. 2.1., nánar til tekið c.lið þeirrar greinar að vátryggingin bæti skemmdir á ökutæki vegna veltu og í d.lið er einnig vísað til þess að bættar séu skemmdir vegna útafaksturs. Af gögnum málsins, þar á meðal ljósmyndum í lögregluskýrslu, verður ekki annað séð en að skemmdir hafi orðið á ökutækinu X vegna útafaksturs og veltu. Fellur tjónið því undir gildissvið vátryggingarinnar og hefur M sem vátryggður sýnt fram á að tjónsatvikið falli undir það, eins og M ber sönnunarbyrði um.

V ber sönnunarbyrði um að hægt sé að takmarka ábyrgð V á grundvelli ákvæða í vátryggingarskilmálum eða lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í málinu liggur ekkert fyrir um að ástand ökumanns X í greint sinn hafi verið með þeim hætti að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar. Ekki liggur heldur fyrir að hann hafi vanrækt skyldur um tilkynningu tjóns með stórkostlegu gáleysi þannig að hægt sé að takmarka ábyrgð V á grundvelli 3., sbr. 4. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga. V hefur ekki staðreynt hver samskipti lögreglumanna við A, sem kvaðst síðan hafa ekið X þegar tjón varð, hafi verið eftir að athugasemdir A bárust félaginu, eða gert nokkuð annað til að sýna fram á að einhver annar en A hafi ekið X í greint sinn af stórkostlegu gáleysi. Hallann af þessum sönnunarskorti verður V að bera og á því M rétt til bóta úr kaskótryggingum X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr kaskótryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 267/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína þann 3. febrúar 2021 er hann var að skera timbur með borðsög og rak sagarblaðið í gegnum þrjá fingur. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á, á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Vísar M til þess í fyrsta lagi að borðsögin sem var í eigu X var ekki útbúin öryggishlíf og ekki liggi fyrir hvers vegna umrædd hlíf hafi ekki verið á söginni. Staðalbúnaður slíkra saga er að hafa öryggishlíf við notkun. Í öðru lagi hafði X ekki framkvæmt áhættumat eins og áskilið er í lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 367/2006. Að lokum vísar M til þess að réttarsamband M og X beri öll helstu einkenni ráðningarsambands frekar en verktöku. M hafi verið starfsmaður X fram til janúar 2021 en eftir það hóf hann að starfa sjálfstætt, eingöngu fyrir X. Vísar M til dóma Hæstaréttar 1997, bls. 2041 og 1994, bls. 1743.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og vísar til þess að M hafi ekki sýnt fram á að X eða starfsmenn hans hafi valdið slysi M eða eigi sök að því, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu Vinnueftirlitsins við gerð eða búnað sagarinnar. M sé lærður húsasmiður og hafi starfað við þá iðn í 15 ár áður en atvikið átti sér stað. M hafi haft hönd á krossviðsbútnum sem hann var að saga í stað þess að nota eftirreku þegar hann ýtti bútnum í gegnum sagarblaðið. Auk þess hafi blaðið verið stillt allt of hátt þegar slysið varð. Hættulegt var að nota sögina til verksins, sérstaklega með sagarblaðið stillt of hátt og án þess að nota eftirreku. Eðlilegra hefði verið að nota bútasög í stað þess að nota borðsögina. Að lokum vísar V til þess að M starfaði sem sjálfstætt starfandi verktaki og að öll framkvæmd verkþátta hafi verið á hans forræði. Mótmælir V því að M hafi verið launþegi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Slys M var rannsakað af Vinnueftirlitinu sem gerði ekki athugasemd við það að engin hlíf var á borðsöginni. Hefur M einnig ekki sýnt fram á að slík hlíf hafi átt að vera á söginni eða að hún hefði komið í veg fyrir tjónið. Hvað varðar skort á skriflegri áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn hefur heldur ekki af hálfu M verið sýnt fram á að slys M verði rakið til skorts á slíkri áætlun. M var menntaður smiður með margra ára reynslu af smíðastörfum. Hann hafi því mátt gera sér grein fyrir hættunni sem því fylgir að fara með fingur of nálægt sagarblaði borðsagarinnar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 268/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Fasteignatrygging – réttaraðstoðartrygging.

Gildissvið vátryggingar. Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 19. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sé eigandi hluta húseignar í fjöleignarhúsi og þannig hluti af húsfélagi húseignarinnar. Á húsfundi 17. ágúst 2020 hafi verið samþykkt með vísan til d-liðar 1. mgr. 41. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 að ganga að tilboði í framkvæmdir við húseignina. Einn af eigendum fjöleignarhússins hafi greitt atkvæði gegn framkvæmdunum, en þær hafi hafist árið 2021 og kostnaður af þeim verið greiddur af húsfélagi húseignarinnar og síðan skipt á eigendur í samræmi við hlutfallsprósentu hvers og eins og innheimt með framkvæmdasjóðsgjöldum samhliða húsfélagskostnaði frá janúar til september það ár. Einn eigandi í húseigninni greiddi ekki framkvæmdasjóðsgjöldin og var skuld hans send til innheimtu, fyrst í júní 2021. Umræddum eiganda var birt stefna 10. nóvember 2021 vegna umræddra gjalda og með dómi héraðsdóms 3. maí 2022 voru húsfélaginu dæmdar 1.743.221 króna ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði og lögveðsréttur staðfestur í íbúð skuldarans, sem hefur nú ákveðið að áfrýja niðurstöðu héraðsdóms til Landsréttar. Tilkynning um tjón barst til V 2. júní 2022.

M hefur krafist staðfestingar á greiðslu bóta úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V, en hún hafi tekið gildi 1. september 2020 hjá félaginu, en áður hafi hann eða sambýliskona hans verið með réttaraðstoðarvernd í fasteignatryggingu hjá öðrum vátryggingafélögum frá 1. janúar 2018 og verði því að taka mið af þeim tíma skv. 28. gr. vátryggingarskilmála V um að vátrygging hafi verið í gildi í tvö ár þegar ágreiningur kemur upp. M telur að ágreiningur hafi ekki komið upp í skilningi réttaraðstoðartryggingar fyrr en húsfélagið leitaði lögmannsaðstoðar 10. október 2021 og þannig hafi tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 ekki byrjað að líða fyrr en í fyrsta lagi ári síðar. M telur að ágreiningur hafi ekki verið kominn upp á húsfundi 17. ágúst 2020 og því geti upphafsdagur tilkynningarfrests ekki verið miðaður við þann tímapunkt.

V hefur hafnað bótaskyldu annars vegar á þeim grundvelli að vátrygging hafi ekki verið fyrir hendi hjá félaginu þegar ágreiningur kom upp í málinu, en það hafi verið á húsfundi þegar eigandi eins eignarhluta fjöleignarhússins hafi mótmælt tilteknum hluta kostnaðar sem samþykkt hafi verið að stofna til af hálfu húsfélagsins. V bendir einnig á að í síðasta lagi hafi slíkur ágreiningur verið kominn upp hinn 29. janúar 2021 þegar umræddur eigandi hafi ekki greitt kostnað sem húsfélagið hafi lagt út fyrir. V telur að tilkynning um tjón hafi borist of seint í skilning ársfrests 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 23. gr. vátryggingarskilmála, þar sem komi fram að vátryggður glati rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. V telur að M hafi mátt vera ágreiningur ljós þegar eigandinn mótmælti tilteknum kostnaði á húsfundi 17. ágúst 2020 og í síðasta lagi þegar hann greiddi ekki sína hlutdeild í þeim kostnaði í janúar 2021 þegar húsfélagið rukkaði um þann kostnað.

Álit.

Í málinu verður ekki annað séð en að M eða sambýliskona hans hafi haft réttaraðstoðarvernd frá 1. febrúar 2018 vegna húseignar þeirra sem ágreiningur stendur hér um. Þannig telst vátrygging hafa verið í gildi þegar ágreiningur kom upp í tvö samliggjandi ár, en reiknað er með að vátryggingarvernd annars staðar en hjá V reiknist M til góða skv. 28. gr. vátryggingarskilmála.

Á húsfundi hinn 17. ágúst 2020 komu fram upplýsingar um afstöðu þess, sem síðar var stefnt til greiðslu framkvæmdasjóðsgjalda húsfélagsins, til framkvæmda sem húsfélagið samþykkti að kosta. Verður að telja að í því samhengi hafi mátt vera ljóst þegar sá húseigandi greiddi ekki þau gjöld á janúar-gjalddaga ársins 2021 að ágreiningur væri kominn upp um greiðslu þeirra. Verður upphaf ársfrests 1. mgr. 51. gr.

laga um vátryggingarsamninga, sbr. 23. gr. vátryggingarskilmála V því að miðast við þann tímapunkt. Var því ársfrestur ákvæðisins til tilkynningar tjóns liðinn þegar M tilkynnti um tjón til V 2. júní 2022. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

LEIÐRÉTTUR ÚRSKURÐUR

Mál nr. 269/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Fasteignatrygging – réttaraðstoðartrygging.

Gildissvið vátryggingar. Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 12. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sé eigandi hluta húseignar í fjöleignarhúsi og þannig hluti af húsfélagi húseignarinnar. Á húsfundi 17. ágúst 2020 hafi verið samþykkt með vísan til d-liðar 1. mgr. 41. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 að ganga að tilboði í framkvæmdir við húseignina. Einn af eigendum fjöleignarhússins hafi greitt atkvæði gegn framkvæmdunum, en þær hafi hafist árið 2021 og kostnaður af þeim verið greiddur af húsfélagi húseignarinnar og síðan skipt á eigendur í samræmi við hlutfallsprósentu hvers og eins og innheimt með framkvæmdasjóðsgjöldum samhliða húsfélagskostnaði frá janúar til september það ár. Einn eigandi í húseigninni greiddi ekki framkvæmdasjóðsgjöldin og var skuld hans send til innheimtu, fyrst í júní 2021. Umræddum eiganda var birt stefna 10. nóvember 2021 vegna umræddra gjalda og með dómi héraðsdóms 3. maí 2022 voru húsfélaginu dæmdar 1.743.221 króna ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði og lögveðsréttur staðfestur í íbúð skuldarans, sem hefur nú ákveðið að áfrýja niðurstöðu héraðsdóms til Landsréttar. Tilkynning um tjón barst til V 2. júní 2022.

M hefur krafist staðfestingar á greiðslu bóta úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar skv. 28. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar V, en sú trygging tók gildi 1. maí 2018 hjá félaginu. M telur að ágreiningur hafi ekki komið upp í skilningi réttaraðstoðartryggingar fyrr en húsfélagið leitaði lögmannsaðstoðar 10. október 2021 og þannig hafi tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 ekki byrjað að líða fyrr en í fyrsta lagi ári síðar. M telur að ágreiningur hafi ekki verið kominn upp á húsfundi 17. ágúst 2020 og því geti upphafsdagur tilkynningarfrests ekki verið miðaður við þann tímapunkt.

V hefur hafnað bótaskyldu þar sem tjón M hafi ekki verið tilkynnt til félagsins innan árs frá því að M vissi um atvik sem krafa um bætur úr vátryggingunni er reist á, sbr. 23. gr. vátryggingarskilmála og 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að ágreiningur hafi komið fyrst upp á húsfundi þegar eigandi eins eignarhluta fjöleignarhússins hafi mótmælt tilteknum hluta kostnaðar sem samþykkt hafi verið að stofna til af hálfu húsfélagsins, en mál var síðan höfðað gegn þeim eiganda til greiðslu framkvæmdasjóðsgjalda sem húsfélagið lagði út vegna framkvæmda. V bendir einnig á að í síðasta lagi hafi slíkur ágreiningur verið kominn upp hinn 29. janúar 2021 þegar umræddur eigandi hafi ekki greitt þann kostnað sem húsfélagið hafi lagt út fyrir og rukkaði hann fyrst um með greiðsluseðli í janúar 2021. Þegar tilkynning um tjón bars til V 2. júní 2022 hafi því, að mati V, verið liðið meira en ár frá síðan M mátti vita að hægt væri að gera kröfu um bætur úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar.

Álit.

Ágreiningur í þessu máli hverfist um hvenær M mátti vera ljóst að hún gæti gert kröfu í réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar vegna ágreinings við einn eiganda í fjöleignarhúsi sem hún á eignarhlut í um greiðsluþátttöku vegna framkvæmda sem samþykktar voru á húsfélagsfundi 17. ágúst 2020 og stofnað var til á árinu 2021.

Á fyrrnefndum húsfundi hinn 17. ágúst 2020 komu fram upplýsingar um afstöðu þess, sem síðar var stefnt til greiðslu framkvæmdasjóðsgjalda húsfélagsins, til framkvæmda sem húsfélagið samþykkti að kosta. Verður að telja að í því samhengi hafi mátt vera ljóst þegar sá húseigandi greiddi ekki þau gjöld á janúar-gjalddaga ársins 2021 að ágreiningur væri kominn upp um greiðslu þeirra. Verður upphaf

ársfrests til tilkynningar tjóns skv. 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, sbr. 23. gr. vátryggingarskilmála V, því að miðast við þann tímapunkt. Var því ársfrestur ákvæðisins til tilkynningar tjóns liðinn þegar M tilkynnti um tjón til V 2. júní 2022. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 270/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. september 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 20. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 29. desember 2020 hafi bifreiðinni A verið ekið aftan á bifreiðina B, sem M ók, við gatnamót Barónstígs og Bergþórugötu í Reykjavík. M leitaði samdægurs til læknis þar sem hann lýsti eymslum á hægra herðasvæði, og fékk almennar ráðleggingar auk lyfseðils fyrir verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum. M hafi jafnframt leitað til heimilislæknis sem hafi gefið út beiðni um sjúkraþjálfun, dags. 15. febrúar 2021 en fyrirliggjandi er yfirlit meðferða hjá sjúkraþjálfara þar sem fram kemur að M hafi mætt í sjúkraþjálfun um fjögurra mánaða skeið. Þrátt fyrir meðferð búi M enn við einkenni sem rekja megi til slyssins. Fyrir liggur að M tilkynnti V um tjón sitt hinn 26. mars 2021, en V hafnaði kröfu hans með tölvupósti hinn 30. ágúst 2021 á grundvelli þess að gögn málsins bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón hefði getað hlotist af atvikinu. M vísar í málskoti til þess að V byggi afstöðu sína á svokallaðri PC-Crash skýrslu en ekki þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir liggi og hafi þýðingu við mat á líkamstjóni og orsakatengslum. Skýrslan hafi verið einhliða unnin án aðkomu M og sönnunargildi hennar því takmarkað. Þess utan byggi hún ekki á samtímagögnum heldur aðeins óljósum gögnum unnum úr tjónstilkynningu og ljósmyndum af tjóni á A og B. PC-Crash forritið sem slíkt geti þá ekki spáð fyrir um áhrif árekstur á líkama þeirra sem fyrir honum verði, enda taki það t.a.m. ekki til líkamsstöðu einstaklinga eða líkamsbyggingar. Þá sé alls ekki alltaf samræmi milli þeirra krafta sem virka við árekstur og líkamstjóns sem af honum hlýst.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að kraftur í umræddum árekstri hafi ekki verið nægur til að valda líkamstjóni. Lítið tjón hafi þá orðið á A og B. Þá sýni læknisfræðileg gögn ekki fram á orsakatengsl milli árekstursins og líkamstjóns M. Við fyrstu komu til læknis, hinn 29. desember 2020, hafi M kvartað undan eymslum á hægra herðasvæði og við komu á heilsugæslu í febrúar 2021 hafi hann kvartað undan bakverkjum. Einkenni M séu almenns eðlis og hafi ekki haft í för með sér óvinnufærni. Ekki liggi þá fyrir neitt sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvort einkenni M verði rakin til árekstursins. Það hvíli á M að sýna fram á tjón sitt og orsakatengsl milli þess og tjónsatviks. Sú sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 29. desember 2020 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má þó jafnframt ráða að lítið tjón hafi orðið á A og B. Benda gögn málsins því til að um vægan árekstur hafi verið að ræða og eru frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna M. Einu læknisfræðilegu gögnin sem liggja fyrir nefndinni eru annars vegar vottorð um komu M á Læknavaktina hinn 29. desember 2020, og hins vegar beiðni um sjúkraþjálfun frá heilsugæslu dags. 15. febrúar 2021. Þrátt fyrir að M virðist hafa sótt sjúkraþjálfun á tímabilinu 6. maí til 13. september 2021 liggur ekki fyrir skýrsla sjúkraþjálfara um þá meðferð. Þá liggur ekki fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón M. Hvað mögulegt líkamstjón varðar liggur fyrir að M leitaði til læknis hinn 29. desember 2020 þar sem hann kvartaði yfir eymslum á hægra herðasvæði, og aftur hinn 15. febrúar 2021, þegar hann kvartaði undan bakverk með leiðni upp í öxl. Við þá skoðun var hann aumur við þreifingu

yfir mjúkvefjum vinstra megin við lumbar hluta hryggjarsúlu. Má af þessu ráða að einkenni M hafi við umræddar skoðanir verið nokkuð almenn. Án t.a.m. matsgerðar um orsakatengsl einkenna hans og umrædds áreksturs verður því ekki séð að sýnt hafi verið fram á þau með framlögðum gögnum.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 271/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var þann 18. maí 2021 farþegi bifreiðarinnar A sem ók aftan á bifreiðina B sem kastaðist við það aftan á bifreiðina C. M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni í kjölfar umferðaróhappsins. M hafði samband við Heilsugæsluna Grafarvogi þann 25. maí 2021 og óskaði eftir beiðni um sjúkraþjálfun vegna hálsverkja. Á tímabilinu frá 14. febrúar 2022 til 7. júlí 2022 voru sjúkraþjálfunarmeðferðir fimmtán talsins. M tilkynnti um líkamstjón til V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 5. ágúst 2022. Þar kemur fram að V hafi aflað hraða- og höggútreiknings og að gögn málsins bendi ekki til að heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu. Telur M að hraða- og höggkraftsútreikningar hafi ekkert sönnunargildi um líkamstjón M og orsakatengsl séu milli líkamstjónsins og tjónsatviksins. Leggja verði læknisfræðileg gögn til grundvallar varðandi sönnun á líkamlegum einkennum og tjóni vegna slyss.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Afstaða félagsins byggir á því að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl á milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M telur að rekja séu til þess. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og dóma Hæstaréttar í málum nr. 8/2003, 240/2008, 683/2009 og 21/2010 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 18. maí 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja ekki fyrir heildstæð gögn um heilsufar M fyrir og eftir slysið. V lagði fram matsgerð dags. 15. ágúst 2011 vegna umferðarslyss sem M lenti í þann 19. september 2009 þar sem M var metin með 10 stiga varanlegan miska og 10% varanlega örorku vegna háls- og mjóbaksmeiðsla. Þannig er ljóst að M hafði fyrri sögu um hálsmeiðsli og bera gögn málsins ekki með sér hvort aukning hafi orðið á þeim meiðslum við áreksturinn. Þá liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 18. maí 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 4. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 273/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Tjónsfjárhæð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. ágúst 2022.
2. Bréf V dags. 14. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 18. september 2022.

Málsatvik.

Fram kemur í gögnum málsins að ágreiningur er milli M og V um fjárhæð bóta vegna innbrots í bílskúr við heimili M þann 17. júlí 2021. Nefndin hefur áður fjallað um þetta mál í úrskurði sínum nr. 448/2021 þar sem ágreiningur var uppi um bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M hjá V og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að M ætti rétt á bótum úr tryggingunni en jafnframt að þær bætur skyldu skertar um helming vegna brota á varúðarreglu.

M telur sig eiga rétt til hærri bóta en V hefur boðið vegna tjónsins og kveður M ágreininginn einnig snúast um verðmæti þeirra muna sem stolið var.

V samþykkir að ágreiningur um bótafjárhæðir verði lagður fyrir nefndina og segir að sú fjárhæð sem boðin hafi verið þann 4. apríl 2022 að fjárhæð kr. 465.718 hafi verið lögð fram í sáttaskyni og byggir hún á ætluðu verðmæti muna skv. lista sem M lagði fram til V þann 27. júlí 2021. Ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn um eignarhald eða verðmæti hlutanna sem um ræðir. Vísar V til greinar 7.1. í skilmála fjölskyldutryggingar þar sem fram kemur að bætur eru miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem um ræðir. Þó er félaginu heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Bendir V á að M hafi ekki getað lagt fram kvittanir eða aðrar staðfestingar á eignarhaldi og verðmæti þeirra hluta sem hann telur að hafi verið stolið í innbrotinu.

Álit.

Ágreiningur þessa mál snýst um hversu háar bætur M eigi rétt á að fá greiddar frá V vegna innbrots í bílskúr við heimili M þann 17. júlí 2021. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. þágildandi samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr.1090/2005, úrskurðar nefndin því aðeins um bótafjárhæðir að fyrir liggi samþykki allra málsaðila. V hefur fallist á að nefndin úrskurði um ágreining aðila sem að ofan greinir. Kemur því ekki til frekari skoðunar hvort ágreiningurinn heyri undir starfssvið nefndarinnar. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni beri sönnunarbyrði um fjárhæð þess tjóns. Hefur M ekki lagt fram nein haldbær gögn sem styðja það að hann eigi rétt á frekari bótum en V hefur þegar boðið honum. Er því óhjákvæmilegt að hafna greiðslu frekari bóta úr tryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en félagið hefur þegar boðið.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 274/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækis A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 16. júní 2021 hafi bifreiðinni A verið ekið inn í hlið bifreiðarinnar B sem M var farþegi í. M hafi leitað á slysadeild strax eftir slysið þar sem hann hafi fengið högg á öxlina við áreksturinn og lýsti hann verkjum á axla- og herðasvæði auk verkja í mjóbaki. Hann var greindur með tognun og ofreynslu á axlarlið og tognun og ofreynslu á lendarhrygg. Fram kemur að M hafi leitað ítekað á heilsugæslu vegna áframhaldandi einkenna og lýsi hann 25. júní 2021 verkjum í baki, hálsi og mjóbaki með leiðni í uppframhandlegg. Lýsti hann jafnframt dofa í vinstri öxl og dofa í báðum lærum. M fékk vottorð um óvinnufærni tímabilin 16. júní – 15. júlí 2021, 4. – 31. ágúst 2021 og 12. -26. október 2021. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum ásamt því að vísa í skýrslu um hraða- og höggútreikning. M telur orsakatengsl vera fyrir hendi og að gögn málsins sýni að hann hafi hlotið áverka í slysinu sem hann sé enn að glíma við. Bendir M á að hann hafi verið óvinnufær sökum slyssins. Orsakatengsl samanstandi af nokkrum þáttum sem séu frásögn tjónþola ef hún samræmist læknisfræðilegum gögnum. M hafi ekki fyrri sögu um stoðkerfiseinkenni en hafi leitað reglulega til heimilislæknis eftir slysið vegna einkenna. Þá sé ekki hægt að byggja á einhliða aflaðri skýrslu um högg- og hraðaútreikning enda sé um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða og M hafi ekki gefist kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Reikniforrit geti ekki skorið úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss séu einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og þyngd ökutækja en ekki sé tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta og líkamsstellingu við árekstur sem geti haft áhrif á afleiðingar á tjónþola eftir árekstra.

V vísar til 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um ársfrest til að krefjast málsmeðferðar fyrir nefndinni. V telur að skv. tjónaskýrslu sé takmarkað sýnilegt tjón á B og telur V að umferðaróhappið hafi ekki haft nægan kraft til að valda varanlegu líkamstjóni og því sé ósannað að einkenni M verði rakin til umferðaróhappsins. V bendir á að M beri að sanna tjón sitt og telur V orsakatengsl milli slyssins og áverkanna ósönnuð. Ekki liggi fyrir læknisfræðilegt mat eða greining á því hvort orsakatengsl sé milli núverandi umkvartana M og umferðaróhappsins. Skv. dómi Hæstaréttar í máli nr. 8/2033 verði niðurstaða um alvarlegar afleiðingar ekki byggð eingöngu á frásögn tjónþola heldur verði niðurstaðan að styðjast við læknisfræðileg gögn. Ekki liggi fyrir matsgerð óháðra matsmanna um líkamstjón af völdum slyssins né önnur læknisfræðileg gögn hvað varðar meðferð skömmu eftir slys og takmörkuð gögn um heilsufar M fyrir slysið.

Álit.

Í 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að vátryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að vátryggingarfélag hafnar kröfu hans. Mögulegur réttur M til bóta hjá V er úr ábyrgðartrygginu bifreiðarinnar A. Sá sem er vátryggður í þeirri vátryggingu er eigandi bifreiðarinnar en ekki sá sem krefst skaðabóta í skilningi skaðabótaréttar úr ábyrgðartryggingu en það er staðan sem M er í gagnvart V. Það er því rangt af hálfu V að vísa til þess að krafa M geti fallið niður með vísan til ákvæðisins og á það ekki við í þessu máli.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 16. júní 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er að skýrslan lýsir litlum þyndgarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið

líkamstjón í árekstrinum. Það liggur fyrir að það var lítil ákoma á bifreið B sem M var farþegi í og loftpúðar opnuðust ekki. Áreksturinn varð ökumanns megin og bifreiðin B er mikið stærri en A og því var ákoman neðarlega á bifreið B. Það liggur fyrir að V hefur samþykkt að greiða kostnað vegna sannanlegra tímabundinna afleiðinga sem féllu til á fyrstu þremur mánuðunum. Hins vegar liggur ekki fyrir matsgerð eða önnur gögn um hvort þau líkamlegu einkenni sem M lýsir hafi langtímaáhrif og hafi valdið varanlegu tjóni. M hefur því ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og varanlegs tjóns. Því er bótaskyldu hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 276/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Vátryggðir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. september 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags.30. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að kauptilboð M í fasteign að X hafi verið samþykkt hinn 28. maí 2021, kaupsamningur um eignina hafi verið undirritaður hinn 15. júní 2021, og afhending farið fram sama dag. Fljótlega eftir afhendingu hafi ýmsir gallar komið í ljós og M telji að seljandi eignarinnar hafi ekki fullnægt upplýsingaskyldu sinni og að fasteignasalan sem sá um söluna hafi einnig vanefnt skyldur sínar. Þar sem kröfum M vegna þessa hafi verið hafnað sjái þau sig knúin til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Í tengslum við fyrrgreindan ágreining hafi þau krafist bóta úr málskostnaðartryggingarlið fasteignatryggingar húsfélags X en V hafi hafnað kröfu þeirra með tölvupósti dags. 29. mars 2022 þar sem vátryggingin hefði ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár áður en ágreiningur kom upp. Í kjölfar þess hafi lögmaður M óskað þess að V endurskoðaði afstöðu sína enda kæmi fram í skilmálum að ef vátryggður hefði haft vátryggingu þegar ágreiningur kom upp, en ekki haft hana í tvö ár, gæti hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef þeir atburðir eða atburðir sem liggi til grundvallar fyrir kröfunni hafa gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi. V hafi enn hafnað kröfunni með þeim rökum að það væru gallarnir og mögulega kaupsamningur um eignina sem væru þau atvik sem lægju til grundvallar ágreiningnum. Þau atriði hefðu verið til staðar áður en M hefðu orðið vátryggð samkvæmt skilmálunum. M mótmæla því og vísa til þess að vátryggingin hafi verið í gildi þegar ágreiningur kom upp, enda hafi hann fyrst komið upp eftir 15. júní 2021. Tilgangur vátryggingarinnar sé að vernda gegn áhættu af því ágreiningur rati fyrir dómstóla. Atburður eða atvik að baki kröfu í réttaraðstoðartryggingu sé því ágreiningurinn sem slíkur en ekki atvikin að baki honum. Að mestu sé um að ræða ágalla á fasteigninni sem hafi verið að ágerast í lengri tíma, hefðu ekki sést við hefðbundna skoðun og ómögulegt sé að tímasetja nákvæmlega. Grundvöllur kröfu M sé þannig ágreiningur sem snúi að umfangi galla og skorti á upplýsingagjöf við kaupin, og komi sá ágreiningur upp eftir kaup þeirra á fasteigninni. Hvað ágreining við fasteignasöluna varði þá byggi krafa M m.a. á því að hún hafi ekki sinnt skyldum sínum gagnvart þeim í framhaldi af undirritun kaupsamnings. Sé skilmálar V óljósir hvað þetta varðar beri þá að túlka þá M í hag enda hefði V verið í lófa lagið að orða þá með skýrari hætti.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að húsfélagið að X hafi verið með í gildi fasteignatryggingu hjá V frá 15. febrúar 2021. Vátryggðir samkvæmt skilmálum séu þinglýstir eigendur hinnar vátryggðu fasteignar eða eignarhluta sem tilgreindur sé í vátryggingarskírteini. Sé því ljóst að M hafi verið vátryggð frá 15. júní 2021. Ljóst sé að ágreiningur aðila hafi komið upp fljótlega eftir kaupin, eða í allra síðasta lagi þegar M sendu seljanda kröfubréf hinn 8. október 2021. Á þeim tíma hafi M haft fasteignatryggingu í gildi í tæpa fjóra mánuði. Hafi tryggingin því ekki verið í gildi í tvö samliggjandi ár þegar ágreiningurinn kom upp, sem sé almennt skilyrði þess að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð. Það skilyrði þyki nauðsynlegt, því ella væri mögulegt að kaupa réttaraðstoðartryggingu væri ágreiningur yfirvofandi. M telji sig þó ekki þurfa að uppfylla framangreint skilyrði, og vísi þá til þess ákvæðis vátryggingarskilmálanna sem kveði á um að vátryggður geti átt bótarétt úr tryggingunni þó hann hafi ekki haft hana í tvö ár ef þau atvik eða atburðir sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust eftir að vátryggingin tók gildi. M byggi þannig á því að umrædd atvik eða atburðir hafi ekki gerst fyrr en eftir að vátryggingin tók gildi enda hafi þau ekki haft vitneskju um galla á fasteigninni fyrr. V geti ekki fallist á þann málatilbúnað enda sé vitneskja M sem slík ekki það sem liggi til grundvallar kröfunni, heldur fyrst og fremst kaupsamningurinn, söluyfirlit og hinir leyndu gallar fasteignarinnar. Allt atvik sem hafi raungerst áður en vátryggingin tók gildi.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítreka M þá afstöðu að atburðir og atvik málsins hafi komið upp eftir að kaupsamningur var kominn á. Jafnvel þó fallist verði á það með V að það séu kaupsamningur, söluyfirlit, og hinir leyndu gallar sem séu til grundvallar kröfunni þá taki vátryggingin samt sem áður

til M enda hafi hún verið í gildi áður en M keyptu fasteign að X. Þá hafi M ekki haft aðkomu að ákvörðun um kaup á vátryggingunni og sé því ómögulegt að halda því fram að þau hafi keypt hana þegar ágreiningur var fyrirséður. Þá er gerð athugasemd við það að V hafi í engu svarað röksemdum M varðandi það að krafa á hendur fasteignasölunni sé vegna vinnubragða hennar eftir að kaupsamningur komst á.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram að M teljist ekki vátryggð fyrr en þau urðu eigendur að hinni vátryggðu húseign og hafi þau þar af leiðandi verið óvátryggð þegar atburðir eða atvik að baki kröfunni áttu sér stað. Það hvort aðrir íbúar hafi verið vátryggðir á þeim tíma hafi engin áhrif á mögulegan bótarétt M.

Álit.

Í 28. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála segir að hægt sé að óska eftir réttaraðstoð ef vátryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Vátryggingin þarf ekki að hafa verið hjá sama félagi allan tímann, ef vátryggður hefur haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fær hann þá vátryggingu reiknaða sér til góða. Af fyrirliggjandi vátryggingarskírteini verður ráðið að húsfélagið að X hafi verið með fasteignatryggingu hjá V frá 15. febrúar 2021. Ekkert liggur fyrir um hvort húsfélagið hafi haft sams konar vátryggingu hjá öðru félagi fyrir þann tíma. Verður því að miða við að vátryggingin hafi ekki verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár er ágreiningur sá er um ræðir kom upp. Verður því ekki séð að bótaskylda verði byggð á þessu ákvæði.

Í 2. mgr. sömu skilmálagreinar segir hins vegar að ef vátryggður hefur vátryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, geti hann samt sem áður fengið réttaraðstoð, ef að þeir atburðir eða þau atvik, sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni, hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi. Um er að ræða útvíkkun gildissviðs vátryggingarinnar m.v. fyrrnefnda 1. mgr. 28. gr. vátryggingarskilmála.

Óumdeilt er samkvæmt framansögðu að umrædd réttaraðstoðartrygging tók gildi hinn 15. febrúar 2021, en orðalag ákvæðisins verður ekki skilið sem svo að það sé skilyrði að M hafi verið vátryggð sem þinglýstir eigendur eins hinna vátryggðu eignarhluta á þeim tíma sem um ræðir, heldur aðeins að vátryggingin sem slík hafi verið í gildi, enda er tilvísun til orðsins vátrygging í ákvæðinu en ekki til orðsins vátryggðir.

Verður þá ekki talið að 33. gr. almennra skilmála V, sem V vísar til í andsvörum sínum, haggi þeirri niðurstöðu þar sem vátryggingin sem slík fellur ekki úr gildi þegar nýir eigendur verða að einstaka eignarhlutum. Þannig verður ekki heldur séð að V hafi í vátryggingarskilmálum gert ráð fyrir því að sérsjónarmið gildi um vátryggingu sem keypt er af hálfu húsfélags og verður því að líta svo á að slík trygging haldi gildi sínu óháð eigendaskiptum og nýir eigendur einstakra eignarhluta gangi inn í gildandi vátryggingu samhliða inngöngu í húsfélag.

Fyrir liggur að M gerðu kauptilboð í fasteignina hinn 28. maí 2021, en þá var fyrirliggjandi söluyfirlit um fasteignina sem byggt var á skoðun sem fram fór hinn 26. maí 2021. Kauptilboðið var samþykkt að hálfu seljanda hinn 29. maí 2021 og kaupsamningur gerður á grundvelli þess hinn 15. júní 2021 og fór afhending fram sama dag. Þá liggur fyrir að M sendu seljanda kröfubréf hinn 8. október 2021 vegna þeirra galla sem þau telja vera á fasteigninni. Óháð því við hvert þessara tímamarka er miðað er ljóst að þau áttu sér öll stað eftir 15. febrúar 2021. Verður því litið svo á að þeir atburðir eða atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfu M hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi í skilningi fyrrnefndrar 2. mgr. 28. gr. vátryggingarskilmála V.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fasteignatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 277/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Mæting.

Gögn.

1. Málskot dags. 1. september 2022 ásamt fylgigögnum, þ.á.m. myndbandi.
2. Bréf V1 dags. 28. september 2022.
3. Bréf V2 dags. 11. október 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 20. október 2021 varð árekstur milli A, sem er í eigu M en X ók umrætt sinn, og B við einbreiða brú við Laugardalsá í Ísafjarðardjúpi. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem taldi rétt að skipta sök til helminga þar sem ósannað væri hvor bifreiðanna hefði komið á undan að brúnni. M er ósammála því. A hafi verið ekið til vesturs, og hafi verið ekið um 110 metra á einbreiðum kafla austan brúarinnar og verið við það að koma á enda brúarinnar þegar X tók eftir því að B, sem var ekið að vestan, virtist ekki verða var við A. Í stað þess að hægja á sér og gefa A færi á að komast af brúnni hafi B verið ekið áfram. Hafi A rétt náð að komast á brúarendann vestan megin þar sem ökutækin hafi mæst. Hafi eini möguleiki X verið sá að komast alveg af brúnni til að forða slysi og aka eins langt upp við vegrið hægra megin og kostur var, með þeim afleiðingum að hægri hlið A fór utan í vegrið og vinstri hlið hennar á vinstra horn B sem hafi þá verið komin alveg að brúaropinu. Hafi B verið á ferð allan tímann. A hafi því verið svo gott sem komin yfir brúnna er árekstur varð en B hafi ekki staðnæmst fyrr en árekstur varð ekki umflúinn.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, segir að félagið taki undir með M enda sé ljóst af gögnum málsins að A hafi verið komin nánast alveg á enda brúarinnar þegar árekstur varð, og beri því að leggja alla sök á árekstri aðila á B.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, segir að á sameiginlegri tjónstilkynningu aðila sé merkt við að B hafi verið kyrrstæð er árekstur varð. Ökumaður B lýsi þá atvikum svo að hann hafi tekið eftir A sem var ekið úr gagnstæðri átt. Hafi hann talið að A mundi hægja ferðina en þegar ljóst var að svo var ekki hafi B hægt ferðina og stöðvað áður en komið var að brúnni. A hafi hins vegar ekið viðstöðulaust yfir brúna og á vegrið og B. B sé flutningabifreið og hafi verið fulllestuð og því 49 tonn að þyngd. Af lýsingum í málskoti megi þá ekki ráða að X hafi á neinum tímapunkti reynt að stöðva bifreið sína og koma með þeim hætti í veg fyrir slys. Viðbrögð ökumanna A og B hafi því verið ólík er þeir komu að þrengingunni, B hafi hægt á sér og stöðvað áður en komið var að brúnni en A virðist hins vega hafa verið ekið rakleitt áfram þrátt fyrir að flutningabifreið væri ekið að þrengingu úr gagnstæðri átt. Sé því ómögulegt að segja hvor bifreiðanna hafi ekið á undan að þrengingunni. Þá bendi atvikalýsing í málskoti til þess að X hafi ekki tekið eftir B fyrr en skömmu fyrir áreksturinn, þrátt fyrir að B sé stór flutningabifreið og auðveldara hefði verið fyrir X, en A sé fólksbifreið, að bregðast við með því draga úr ökuhraða. Afstaða V2 sé því sú að A beri alla sök á árekstri aðila.

Álit.

Í lokamálslið 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust skal sá ökumaður sem fyrstur kemur að njóta forgangs en sá sem síðar kemur að skal, ef kostur er, nema staðar, aka út af vegi eða aka aftur á bak. Af gögnum málsins er ljóst að árekstur varð við vesturenda brúarinnar, þar sem þrenging var á veginum, en eftir að A hafði ekið yfir brúna sem slíka. Af því verður þó ekki dregin nein afdráttarlaus ályktun varðandi það hvor aðila kom fyrr að þrengingu. Á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar sem báðir aðilar skrifa undir er hakað við að B hafi verið kyrrstæð við áreksturinn. Frásögn B er þá sú að hann hafi verið að koma að einbreiðri brú og talið að A væri að hægja á sér. Þegar A hafi ekki gert það hafi B hafið hemlun og náð að stöðva rétt við brúna. Frásögn ökumanns A er sú að hann hafi verið kominn að brúnni, og hafi verið búinn að aka um 110 metra á einbreiðum vegi, en þrengingar eru beggja vegna brúarinnar, þegar hann veitti því athygli að B stöðvaði ekki. Hafi hann þá séð þann kost vænstan að aka áfram yfir

brúnna en keyra eins langt að vegriði hægra megin vegar og kostur var. Verður að miða við það sem stendur í sameiginlegri tjónstilkynningu, þ.e. að B hafi verið kyrrstæð er kom til árekstur. Með vísan til þess hve ólík viðbrögð ökumanna voru verður því að telja ósannað hvor bifreiðanna hafi komið fyrr að þrengingunni þannig að skylda til að veita forgang hafi skapast. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.
Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 278/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. september 2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 26. september 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 30. september 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi þann 9. maí 2021 og er á því byggt að M hafi slasast í árekstrinum. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækis A þar sem það telur ósannað að einkenni þau sem M rekur til umferðarslyssins stafi af umferðarslysinu.

M lýsir í málskoti atvikum þannig að þann 9. maí 2021 hafi M verið ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á rauðu umferðarljósi þegar öðru ökutæki hafi verið ekið aftan á ökutæki M. Þá segir M að ökutækinu hafi verið ekið aftur aftan á ökutæki M þegar M steig út úr bifreiðinni. M segist hafa fengið strax verki í bak og háls en hafi ákveðið að harka af sér og leitaði því ekki til læknis vegna atviksins fyrr en 6. apríl 2022. Í málskotinu kemur fram að M hefur verið hjá sama sjúkraþjálfaranum frá árinu 2014 en í skýrslu sjúkraþjálfarans kemur fram að í júní 2021 hafi M verið með aukin eymsli í herðum. Í sömu skýrslu komi einnig fram að í apríl 2022 hafi M talað um versnun á einkennum vegna aftanákeyrslu sem gerðist fyrir um ári síðan. M byggir á því að sönnun tjóns sé uppfyllt. Það sé óumdeilt að M hafi verið ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var aftan á. Sjáanlegar skemmdir hafi verið á bifreiðinni og samkvæmt skýrslu sjúkraþjálfara hafi M kvartað undan verkjum á herðasvæði tveimur vikum eftir áreksturinn.

V byggir höfnun á bótaskyldu á þeim rökum að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en tæpu ári eftir umferðarslysið en að M hafi hins vegar leitað til læknis 9 dögum eftir slysið en ekki minnst á það og afleiðingar þess fyrr en tæpu ári eftir að það gerðist eða 6. apríl 2022. V bendir á að fjöldi færslna séu skráðar í sjúkraskrá M frá slysdegi til 6. apríl 2022 en hvergi sé minnst á slysið. Þá byggir V einnig á því að í skýrslu sjúkraþjálfara M komi fram að í sjúkraþjálfun síðustu ár hafi aðallega verið meðferð vegna eymsla og verkja í mjóbaki en einnig mjaðmasvæði, brjóstbaki, herðum, háls og verkjum í fótum. V hafi aflað hraða-og höggútreikningsskýrslu (PC-crash skýrslu) vegna málsins og að niðurstöður þeirrar skýrslu beri með sér að höggið á ökutæki M hafi verið afar vægt en engin formbreyting hafi orðið á ökutæki M. V hafnar því að sjáanlegar skemmdir hafi verið á ökutæki M. V byggir höfnun sína á því að það sé M að sanna tjón sitt og miðað við fyrirliggjandi gögn hafi M ekki tekist að sýna fram á að orsakatengsl séu á milli einkenna M og umferðarslyssins þann 9. maí 2021.

Álit.
Ágreiningur þessa máls varðar það hvort aukning á líkamlegum einkennum sem M bjó við fyrir slysið þann 9. maí 2021 megi rekja til árekstursins. Í málinu er óumdeilt að M lenti í árekstri þann 9. maí 2021 og tilkynnti um líkamstjón til V þann 4. apríl 2022. Í lögregluskýrslu, dags. 13. maí 2021, kemur fram að ekki hafi orðið slys á fólki og lítið sjáanlegt tjón sé á ökutækjunum. Niðurstöður PC-crash skýrslu og myndir af ökutækjunum bera einnig með sér að um vægan árekstur hafi verið að ræða. Af fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum m.a. um fyrra heilsufar má sjá að M lenti í alvarlegu slysi á árinu 1981 og hefur vegna þess m.a. verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna t.d. eymsla og verkja í mjóbaki, mjaðmasvæði, brjóstbaki, herðum, háls og fótum. M leitaði ítrekað til læknis og sjúkraþjálfara í kjölfar slyssins en af gögnum málsins má sjá að það er ekki fyrr en um 11 mánuðum eftir áreksturinn að hans er fyrst getið í læknisfræðilegum gögnum og á það bæði við um sjúkraskrá heilsugæslunnar sem og sjúkraþjálfarans. Verður samkvæmt framsögðu að fallast á það með V að engin samtímagögn séu fyrir hendi sem staðfesta að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum þann 9. maí 2021. M ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Hallann af sönnunarskorti

um það ber M. Orsakatengsl á milli einkenna M og áreksturs eru með vísan til framangreinds ósönnuð, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 21. október 2010 í máli nr. 21/2010. M á ekki, miðað við fyrirliggjandi gögn, rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 279/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Ekið frá bifreiðastæði.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. september 2022, ásamt ljósmyndum.
2. Bréf V, dags. 12. október 2022, ásamt fylgiskjölum þ.m.t. hljóðupptaka.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A sem M ók og B á Eyrarholti til móts við hús númer 4 hinn 9. júní 2022. Báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V. Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning og hljóðupptaka frá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi (AÖ) sem kom á vettvang og aðstoðaði ökumenn við gerð tjónaskýrslu. Ökumaður bifreiðarinnar A segist í framburði sínum hafa verið að aka út af bílaplani við hús númer 6 inn á Eyrarholtið í vestur. Hún hafi ekki séð bíl koma akandi sér á hægri hönd og tók því vinstri beygju inn á Eyrarholtið. Hafi hin bifreiðin birst skyndilega við hægri hlið og ekið utan í bifreiðina. Í framburði ökumanns bifreiðarinnar B kemur fram að hann hafi ekið vestur Eyrarholtið. Hann sá ekki hina bifreiðina koma sér á vinstri hönd nema rétt áður en áreksturinn varð og hafi hann því beygt til hægri upp á gangstéttina til að forðast árekstur. Kveðst ökumaður B hafa ekið í mesta lagi á 30 km/klst. hraða.

M er ósáttur við að vera metinn í 100% órétti vegna árekstursins. Telur M að ökumaður bifreiðar B hafi komið upp brekkuna á miklum hraða og ekki verið með hugann við aksturinn.

V gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskotið en sendi nefndinni öll gögn sem lágu fyrir hjá V vegna málsins, þar á meðal hljóðupptöku frá starfsmanni AÖ og niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort ökumaður B hafi ekið of hratt í aðdraganda áreksturs og/eða ekki gætt að umferð fyrir framan sig í aðdraganda áreksturs. Ágreiningslaust er að ökumaður A ók út frá bifreiðastæði og inn á Eyrarveg. Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir en af myndum sem fylgdu málskoti og af hljóðupptöku frá AÖ verður ráðið að árekstur verður aðeins nokkra metra frá útkeyrslu bifreiðastæðisins sem A ók út frá. Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 bar ökumanni A að veita allri umferð um Eyrarholt forgang. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að B hafi ekið of hratt í aðdraganda áreksturs og hefur sú sönnun ekki tekist enda eins og fyrr segir liggja ekki fyrir nein gögn eða vitnaskýrslur sem styðja það. Verður því að leggja til grundvallar að orsök áreksturs sé sú að ökumaður A hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að veita umferð um Eyrarholt forgang. Verður því öll sök felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 280/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2, dags. 22. september 2022, ásamt fylgiskjölum og tölvupóstur dags. 19. október 2022.
3. Bréf V1, dags. 13. október 2022, ásamt fylgiskjölum og tölvuóstur dags. 18. október 2022.
4. Tölvupóstur f.h. M, dags. 18. október 2022.

Málsatvik.

Í málsgögnum liggur fyrir sameiginleg tjónstilkynning ökumanns bifreiðar A, sem vátryggð er hjá V1, og ökumanns bifreiðar B, sem vátryggð er hjá V2. Á framhlið þeirrar tjónstilkynningar kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak frá bifreiðastæði í aðdraganda áreksturs, en ökumaður bifreiðar A, sem er bifreið M, ber um að hafa stöðvað áður en árekstur varð. Í málinu liggur einnig fyrir lýsing starfsmanns V1, sem skoðaði myndbandsupptöku af atvikinu og lýsir aðdraganda þess þannig að ökumaður bifreiðar A hafi stöðvað bifreið sína augnabliki áður en árekstur varð eða í mesta lagi einni sekúndu áður.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla ábyrgð á árekstrinum þar sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki getað varist árekstrinum á kyrrstæðri bifreið sinni. Í málskoti er vísað til þess að ökumaður bifreiðar B hafi sagt á vettvangi að hún hafi ekki litið aftur fyrir sig eða í spegla en ökumaður bifreiðar A vísar til þess að ekki hafi heyrst í bakkskynjara á bifreið A. Einnig vísar ökumaður bifreiðar A til þess að hún hafi ekki verið að bakka heldur verið að keyra burt þegar áreksturinn varð.

V1 tekur undir sjónarmið M í málinu og telur að þar sem bifreið A hafi verið stöðvuð þegar árekstur varð hafi ökumaður hennar gætt að fyrirmælum 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en ekki ökumaður bifreiðar B og þannig eigi að leggja alla sök á hann.

V2 telur að leggja eigi lýsingu starfsmanns V1 af árekstrinum til grundvallar og telur að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega vel að sér við akstur aftur á bak skv. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að ökumenn bifreiða A og B voru í aðdraganda áreksturs við akstur aftur á bak úr bifreiðastæðum. Í sameiginlegri tjónstilkynningu og framburði ökumanns bifreiðar A kemur fram að sú bifreið hafi verið stopp þegar árekstur varð. Í lýsingu myndbandsupptöku af atvikinu kemur fram af hálfu starfsmanns V1 sú lýsing að ökumaður bifreiðar A hafi stöðvað um einni sekúndu áður en árekstur varð. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga kemur fram að ökumönnum beri að ganga úr skugga um það að unnt sé að aka aftur á bak án hættu og óþæginda fyrir aðra. Þessa gætti hvorugur ökumaður nægilega vel og hefur það ekki áhrif á sakarskiptingu að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína rétt áður en árekstur varð, því sú stöðvun varði, að lýsingu að dæma einungis í augnablik. Sök skiptist því til helminga milli ökumanna A og B þar sem hvorugur telst hafa gætt nægilega vel að annarri umferð við akstur aftur á bak.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 281/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. september 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 23, september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 27. september 2022.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 18. og 24. nóvember 2020 kemur fram að M hafi runnið í bleytu hinn 5. nóvember 2020 þegar hann var að taka á móti kjötskrokkum. Í lýsingu atvika kemur jafnframt fram að M hafi ekki dottið heldur hafi náð jafnvægi aftur, en fengið hnykk á bakið og leitað til læknis og orðið óvinnufær. Atvikið var tilkynnt til V hinn 4. desember 2020 en ekki liggur fyrir tilkynning til Vinnueftirlitsins vegna þess. Í málskoti er aðstæðum lýst nánar með þeim hætti að M hafi staðið inn í flutningsrými flutningabifreiðar við að taka á móti kjötskrokkum og hafi töluvert af blóðvökva lekið úr skrokkunum á gólf og þegar M hafi verið að lyfta einum kjötskrokknum hafi hann runnið í blóðpolli á gólfinu og fengið hnykk á bakið með þeim afleiðingum að hann hlaut mikla verki og hefur verið í endurhæfingu síðan.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans. M bendir á að líkamstjón M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og því ekki skráð eða rannsakað frekar og hafi X því farið gegn fyrirmælum 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti um aðstæður á vettvangi líkamstjónsins. Einnig telur M að X hafi ekki gætt nægilega öryggis starfsmanna skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 og að búnaður hans til vinnu hafi verið ófullnægjandi. M bendir á að þeir skór sem X útvegaði til vinnu hafi verið hefðbundnir vinnuskór með stáltá og hafi ekki hentað við vinnu M við að taka á móti kjötskrokkum, auk þess em þeir séu ekki sérhæfðir fyrir störf í kjötvinnslu eða matvælaframleiðslu. Einnig bendir M á að hann hafi verið í sömu skóm frá því að hann hóf störf fyrst hjá X, eða rúmum tveimur árum fyrir tjónsatvikið. M vísar til upplýsinga frá framleiðanda skónna um að almenn ending á sambærilegum skóm sé um 6-12 mánuðir og því hafi X vanrækt að tryggja nægilega traustan öryggisbúnað, sbr. reglur um persónuhlífar og önnur fyrirmæli fyrrnefndra laga um öryggisráðstafanir á vettvangi. Einnig bendir M á að sú flutningabifreið sem M keyrði skrokka til X tjónsdegi hafi verið hærri en teinar kjötvinnslunnar sem skrokkum var ýtt upp á og hafi starfsmenn því þurft að lyfta skrokkunum með meira afli en almennt hafi þurft að gera og bendir M á atvik og niðurstöðu í dómi Hæstaréttar í máli 61/2006 í þessu samhengi og í ljósi þess að algengt hafi verið að bleyta væri á gólfi við vinnu M. Einnig vísar M til þess að hitastig hafi ekki verið í samræmi við flutningsleiðbeiningar og hafi því runnið meiri blóðvökvi úr skrokkunum á tjónsdegi en almennt og engar varúðarmerkingar hafi verið vegna þessa á vinnustaðnum eða vegna annarra hættulegra aðstæðna.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur málsatvik óumdeild í þeim skilningi að M hafi runnið í blóðvökapolli á gólfi flutningabifreiðar við að lyfta kjötskrokki og við það fengið hnykk á bak. V telur, með hliðsjón af því, að það hafi ekki áhrif á sönnunarstöðu að vinnuslys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins þar sem óumdeilt er hvernig líkamstjón hans bar að. Einnig telur V að rými flutningabifreiðar þeirrar sem M var í við vinnu teljist ekki til húsnæðis vinnustaðar X og hafi X því haft takmörkuð úrræði til að tryggja hálkuvarnir í bifreiðinni. V vísar því á bug að skóbúnaður sem M hafi staðið til boða hafi verið ófullnægjandi og bendir á að M hafi hafið störf hjá X eftir hlé um mitt ár 2020 og hafi því unnið í um hálft ár samfleytt þegar hann slasaðist og megi ætla að hann hafi fengið nýja skó þá. V vísar til verklagsreglna X um þrif og móttöku á kjötskrokkum og telur að M hafi þekkt aðstæður á vinnustaðnum vel og hafi fengið leiðbeiningar um hvernig því ætti að sinna. Einnig hafnar V því að aðstæður á vinnustað X hafi verið óforsvaranlegar og að ekki hafi verið brugðist við ábendingum um hættulegar vinnuaðstæður, en þær staðhæfingar séu ekki studdar gögnum af hálfu M hann verði að bera hallann af því.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um skaðabótaskyldu X sem vinnuveitanda M. Upplýst er í málinu að M fékk hnykk á bak þegar hann rann í blóðvökva á gólfi flutningabifreiðar, í vinnu sinni við að taka á móti kjötskrokkum úr bifreiðinni og fara með þá í kjötvinnslu X. Ekki verður séð að ágreiningur sé um þau atvik sérstaklega og að þau hafi leitt til líkamstjóns M. Verður því ekki séð að tilkynning til Vinnueftirlitsins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefði upplýst frekar um atvik í málinu.

Það sem stendur þá eftir er hvort aðstæður við vinnu M hafi verið óforsvaranlegar m.t.t. vinnusvæðis, skipulags og skóbúnaðar sem X útvegaði starfsmönnum. Hvað varðar skipulag á vinnunni verður svæði flutningabifreiðarinnar ekki talið það fjarlægt húsnæði X að X hafi ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á þær aðstæður, helst með því að setja vinnureglur um verkið sem M var að vinna. Þær vinnureglur X sem V hefur lagt fram í málinu gera ráð fyrir því að „Útlit og frágang á bíl skal staðfesta með skoðun m.t.t. hreinlætis, meindýra, ljósa, lyktar, útlits o.s.frv.“ Af þessum vinnureglum má ráða að hluti af starfsskyldum M hafi verið að taka út hreinlæti og bifreiðarinnar og gera þá athugasemdir ef því væri ábótavant. Í málinu er ekki að sjá að slíkar athugasemdir hafi verið gerðar, eða að sýnt sé að aðstæður hafi verið sérstaklega hættulegar á tjónsdegi. Ekki verður heldur talið sannað að ástand skóbúnaðar M hafi verið með þeim hætti að hættulegt væri að klæðast þeim við vinnu, eða að þeir hafi verið það slitnir að líkamstjón M megi rekja til ástands þeirra. Um skilyrði skaðabótaábyrgðar X ber M sönnunarbyrði. Verður af gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að X hafi farið gegn fyrirmælum laga nr. 46/1980 við skipulag vinnu M eða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X hefði borið að bregðast sérstaklega við á tjónsdegi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 282/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis B og C
Skráningarnúmer ökutækja: A, B, C og D.

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 23. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 23. september 2022, ásamt fylgiskjali.
4. Bréf V2 dags. 25. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 15. júlí 2022 hafi M ekið inn í innri hring hringtorgs frá Lambhagavegi með fyrirhugaða aksturstefnu inn á Vesturlandsveg í vestur, út á armi númer þrjú. Bifreiðin D hafi verið fyrir framan bifreið M á innra hring og hafi nauðhemlað vegna þess að bifreiðinnni B hafi verið ekið í veg fyrir D og M því snarhemlað. Þá hafi bifreiðinni C verið ekið á vinstri afturstuðara bifreiðar M. M og kona hans hafi leitað á heilsugæslu vegna víðtækra stoðkerfiseinkenna eftir slysið.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna tók málið fyrir og var niðurstaðan sú að M bæri helming sakar fyrir að aka í veg fyrir umferð sem var á hringtorginu og að ökumaður B bæri helming sakar fyrir að veita ekki umferð úr innri hring forgang.

M mótmælir afstöðu tjónanefndar og byggir á því að slysið megi rekja til háttsemi ökumanns B sem hafi verið valdur að þeirri atburðarrás sem leiddi til umferðarslyss þegar hann keyrði í veg fyrir bifreiðina D. Þá telur M ökumann C ekki hafa sýnt fulla aðgát þegar hann keyrði aftan á bifreið M.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji ljóst að hvorki hafi orðið snerting milli D og B né D og A og beri ökumaður B því ekki ábyrgð á þeim árekstri sem varð á milli A og C. Telur V1 því að M beri alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið í veg fyrir þá umferð sem fyrir var á hringtorginu.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji ekki orsakatengsl milli umferðarlagabrota B og áreksturs A og C og mikilvægt sé að hafa í huga að árekstur hafi ekki orðið fyrr en málskostsaðili ákvað að aka inn á innri akreinina í veg fyrir C. V2 hafnar því alfarið að tilefni sé til að leggja hluta sakar á ökumann B og afstaða V2 er því að M beri alla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Það liggur fyrir í málinu að það varð ekki árekstur milli bifreiðanna B og D þegar bifreiðin B ók í veg fyrir bifreiðina D með þeim afleiðingum að þær stöðvuðu báðar. Á myndbandsupptöku sem fylgir gögnum málsins sést að bifreiðin B fer fram úr bifreið M á ytri hring og að M er lagður af stað inn á hringtorgið á innri akrein þegar bifreiðarnar fyrir framan hann stöðvuðust. Það liggur fyrir að M stöðvar bifreið sína vegna þess að bifreiðarnar fyrir framan hann stöðvuðust sem rakið er til umferðarlagabrots D eins og fram hefur komið. Þannig er orsakatengsl milli umferðarlagabrots B og þess að A stöðvar bifreið sína þótt ökumaður D hafi náð að stöðva. M bar hins vegar að gæta að ítrustu varkárni þegar hann ók inn á hringtorgið enda bar honum að veita umferð í hringtorginu forgang. Með vísan til þess, atvika málsins og gagna þykir rétt að M beri helming sakar á móti ökumanni B.

Niðurstaða.

M ber helming sakar og ökumaður B, helmings sakar.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 283/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Ferðatöf.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ásamt fjölskyldu sinni átti pantað flugfar með flugfélaginu Wizzair frá Keflavíkurflugvelli til Napólí á Ítalíu 24. júlí 2022, en flugfélagið frestaði brottför og varð hún ekki fyrr en tæpum sólarhring seinna, eða 25. júlí 2022. M tilkynnti um tjón sitt vegna ferðatafar hinn 11. ágúst 2022 til V.

Í gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar M, þar sem hann og fjölskylda hans eru vátryggð, kemur fram að „*Fari svo að verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma vátryggðs til ákvörðunarstaðar greiðast bætur. Fyrir hverja klukkustund umfram 12 tíma töf greiðast kr. 2.000, að hámarki kr. 40.000, fyrir hvern vátryggðan 16 ára og eldri.“* Í 4. mgr. ákvæðisins kemur síðan fram að tjónþola beri „*..að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem orsök og tímalengd tafar koma skýrt fram.“*

M telur að tjón hans falli undir gildissvið greiðslukortatryggingar hans og vísar til þess að skv. munnlegri skýringu flugmanns á seinkun ferðar á m.a. á grundvelli þess að flugvélin hafi haft ónógt eldsneyti, áhöfnin og flugmaður kominn yfir hvíldartíma og nauðsynlegt hafi verið að kalla til nýjan flugmann frá öðru landi. M vísar einnig til þess að hann hafi staðfesta vitneskju fyrir því að öðrum flugfarþegum í nákvæmlega sama flugi, með sambærileg greiðslukort, hafi verið greiddar bætur vegna ferðatafar hjá V án þess að V geti gefið skýringar á slíku misræmi.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi ekki sýnt fram á, með skriflegri staðfestingu frá Wizzair að ástæða ferðatafar hafi verið ein af þeim sem komi fram í gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum, þ.e. verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun. Þannig geti V ekki fallist á að ferðatöf M og fjölskyldu hans falli undir gildissvið greiðslukortatryggingar hans og vísar V auk þess til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 111/2020.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum eru tæmandi talin þau tilvik sem geta leitt til tafa og þar með bóta, sbr. gr. 5.7. Í tilviki M eru það verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun. Einnig kemur fram í gr. 5.7 að skrifleg staðfesting þurfi að liggja fyrir frá flutningsaðila um að tafir hafi verið vegna þessara tilgreindu tilvika. Engin slík skrifleg staðfesting liggur fyrir í þessu máli og þær ástæður tafar sem M vísar til að flugmaður hafi gert munnlega grein fyrir við brottför, eldsneytisleysi og hvíldartími flugmanna og áhafnar, eru ekki þær sem skýrlega eru taldar upp í gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum. Engin gögn liggja heldur fyrir um þær upplýsingar sem M kveðst hafa um afgreiðslu annarra mála hjá V vegna sömu ferðatafar og verður því ekki á því byggt. Ákvæði vátryggingarskilmála V eru skýr um gildissvið bóta fyrir ferðatafir og hefur M ekki sýnt fram á að sú töf sem hann varð fyrir ásamt fjölskyldu sinni uppfylli skilyrði til greiðslu bóta.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 284/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging og slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. október 2022.
3. Viðbótarathugasemdir V dags 3. október 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 4. nóvember 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 4. ágúst 2022, barst lögreglu, hinn 23. júlí 2022, tilkynning um að bifreiðin A, sem M ók, hafi lent utan vegar við Snæfellsveg sunnan megin við Heydalsveg. Er haft eftir M að hann hafi verið orðinn þreyttur við aksturinn og hafi ætlað að biðja eiginkonu sína, X, um að taka við akstrinum, en hún hafi þá verið sofandi svo hann hafi haldið akstrinum áfram. Hafi M skömmu síðar dottað við stýrið og vaknað þegar X kallaði á hann og spurði hvort hann væri að sofna við stýrið. Hafi þá verið of seint til að koma í veg fyrir slys, og hafi bifreiðin farið á öfugan vegarhelming, kastast upp og yfir hliðarveg og að lokum staðnæmst utan vegar.

V tilkynnti M, með bréfi dags. 10. ágúst 2022, að bótaréttur yrði skertur um helming á grundvelli þess að M hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og gilti það jafnt um kröfu úr kaskótryggingu vegna munatjóns og um slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna líkamstjóns. M mótmælir þeirri afstöðu. Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 megi enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna svefnleysis er ekki fær um stjórna ökutækinu örugglega. Af því leiði að það sé ekki stórkostlegt gáleysi í sjálfu sér að sofna undir stýri, heldur að aka af stað vansvefta. Engin gögn liggi fyrir um að svo hafi verið ástatt fyrir M, slysið hafi átt sér stað kl. 18:40 og hafi M ekki fundið fyrir þreytu þegar ferðin hófst í Ólafsvík. Ýmsar aðrar ástæður geti leitt til þess að ökumenn dotti undir stýri. Mikið þurfi að koma til svo gáleysi teljist stórkostlegt og skilyrði þess séu ekki uppfyllt. Jafnvel þó svo væri þá leiði stórkostlegt gáleysi ekki fyrirvaralaust til bótaskerðingar. Einungis sé um heimild til skerðingar að ræða, og beri þá að líta til allra atvika málsins. Þá telji M atvik óljós og alls ekki víst að hann hafi sofnað við aksturinn og hafi hann gert athugasemdir við fyrirliggjandi lögregluskýrslu. Hann hafi syfjað skyndilega og ætlað að biðja X að taka við akstrinum, svo sé óljóst hvað nákvæmlega hafi gerst enda hafi atburðarás verið hröð. Verði allt að einu talið að skilyrði fyrir skerðingu bótaréttar séu til staðar sé helmings skerðing í öllu falli of mikil.

Í athugasemdum V kemur fram að byggja verði á lögregluskýrslu sem frumgagni í málinu, en ekki síðar tilkomnum framburði M. Í henni sé einnig haft eftir Y, farþega í A, að M hafi dottað við aksturinn. Í sjúkraskrá komi einnig fram að við komu M á Landspítala í kjölfar slyssins hafi atvikum verið lýst svo að M hafi sofnað undir stýri. Þá megi ráða af framburði M að hann hafi fundið til þreytu við aksturinn en ákveðið, í ljósi þess að X var sofandi, að halda akstrinum áfram. Hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að halda akstrinum áfram.

Álit.

Samkvæmt lýsingum M sjálfs og vitnisins Y í fyrirliggjandi lögregluskýrslu telur nefndin sýnt að M hafi dottað við aksturinn og að það valdið því að A hafnaði utan vegar, en byggja verður á því sem kemur fram í lögregluskýrslu sem frumgagni í málinu. Þá liggur einnig fyrir, í lögregluskýrslu og í málskoti, lýsing M á því að hann hafi syfjað og því ætlað að biðja eiginkonu sína að taka við akstrinum. Samkvæmt 1. mgr. 48.gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann er svo á sig kominn, m.a. vegna svefnleysis, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Ekki liggur fyrir að M hafi verið svo á sig kominn þegar aksturinn hófst, en umrætt atvik átti sér stað um kl. 18:40. Hins vegar virðist sem M hafi sjálfur talið sig of þreyttan til að stjórna bifreiðinni örugglega og ætlað að biðja X um að taka við akstrinum vegna þess. Við þær aðstæður hefði M verið

rétt að stöðva bifreiðina, en ekkert liggur fyrir um að hann hafi reynt það. Er því fallist á það með V að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn.

Hvað varðar kaskótrygginu A þá segir í 2. mgr. 27. gr. laga vátryggingarsamninga nr. 30/2004 að hafi vátryggður, í öðrum vátryggingum en ábyrgðartryggingum, með háttsemi sem telja verður stórkostlegt gáleysi, valdið vátryggingaratburði losni félagið úr ábyrgð í heild eða hluta. Sambærilegt ákvæði er á við um persónutryggingar, þ.e. í þessu tilviki slysatryggingu ökumanns og eiganda, er að finna í 1. mgr. 90 gr. laga um vátryggingarsamninga, en þar kemur fram að lækka megi eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

Með hliðsjón af framansögðu og atvikum öllum er það mat nefndarinnar að heimilt sé að skerða bætur til M um þriðjung.

Niðurstaða.
Heimilt er að skerða bætur M úr kaskótryggingu og slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V um 1/3.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 285/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. október 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. október 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hún hafi farið veikst í upphafi 15 daga ferðar sem hófst hinn 20. ágúst 2022, en tilgangur ferðarinnar hafi verið að fara í tíu daga göngu umhverfis Mont Blanc. Hafi hún reynt að taka þátt í göngunni í tvo daga en þá farið úr göngunni og leitað sér læknisaðstoðar. Hafi hún greinst með berkjubólgu og tekið sér tvo hvíldardaga en það ekki dugað til að ná þeim bata sem nauðsynlegur væri til að halda göngunni áfram. Hafi hún því verið tilneydd til að hætta í ferðinni og kom hún aftur til Íslands hinn 27. ágúst 2022, en ekki 3. september eins og áætlað var. M hafi leitað ráða hjá V meðan hún var erlendis og talað við þrjá þjónustufulltrúa sem hafi gefið henni misvísandi svör. Einn þeirra hafi þó sagt að ef hún færi heim mundi það flokkast sem ferðarof og henni mundi nægja að fá vottorð frá lækni hér á landi eftir heimkomuna. Þau hafi þó rætt hvort það væri möguleiki á að fá vottorð frá ítölskum lækni um að hún þyrfti að fara heim úr ferðinni en miðað við reynslu M af ítalska heilbrigðiskerfinu hafi það verið nánast útilokað. Þá hafi hún spurst fyrir um SOS International en engin svör fengið. Það dugi svo ekki til að V meti upplýsingagjöf til hennar fullnægjandi heldur ætti hlutlaus aðili að leggja mat á það. M hafi sjálf óskað etir því að hlusta á upptökur umræddra samtala en ekkert hafi orðið úr því, þrátt fyrir að V segðist ætla að hafa samband við hana vegna þess. Hinn 8. september 2022 hafi V hafnað bótaskyldu þar sem í fyrirliggjandi læknisvottorði kæmi ekki fram að fyrirvaralaus heimferð væri ráðlögð. Læknir í því landi þar sem veikindi eða slys eigi sér stað þurfi í öllum tilvikum að staðfesta það alvarleg veikindi að viðkomandi þurfi að leggjast inn á sjúkrahús eða halda tafarlaust heim svo bótaskylda sé til staðar. M mótmælir þeirri afstöðu, enda hafi það verið alveg klárt að hún hafi ekki getað klárað umrædda ferð veik af berkjubólgu. Hafi hún ekki með nokkru móti getað gengið dagleiðirnar eða nýtt sér fyrirhugaða gistimöguleika. Ferðin sé varan sem hún keypti og í því ástandi sem M hafi verið hafi hún ekki með nokkru móti getað nýtt sér þá vöru. Það sé þá alveg ljóst af fyrirliggjandi vottorðum að hún hafi ekki getað haldið göngunni áfram.

Í athugasemdum V er vísað til gr. 4.6.1 í viðeigandi vátyggingarskilmálum þar sem fram komi að V endurgreiði hlutfallslega allt að 360.000 kr. af óafturkræfum ferðakostnaði fyrir þann hluta ferðarinnar sem vátryggður geti ekki nýtt sér þurfi hann samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki V og SOS International að rjúfa ferð og fara heim eða liggja á sjúkrahúsi vegna alvarlegra veikinda eða slyss. Í gr. 4.3.2 sé svo fjallað um aukinn kostnað vegna heimferðar, en þar komi fram að V greiði nauðsynlegan dvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS International. M hafi aldrei haft samband við SOS International og af þeim ástæðum hafi V hafnað greiðslu ferðakostnaðar í tengslum við heimferð hennar. Þrátt fyrir að M hafi ekki getað tekið þátt í göngunni sem slíkri liggi þá engin gögn fyrir sem sýni fram á að M hafi þurft að rjúfa ferðina vegna veikinda. Þá hafnar V því að M hafi fengið misvísandi upplýsingar í samskiptum við félagið, og upptökur þeirra samtala, gefi ekki tilefni til endurskoðunar afstöðu V. Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að M hafi verið boðið að hlusta á umræddar upptökur.

Álit.

Af gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M fari fram á endurgreiðslu vegna kostnaðar sem hlaust af heimflugi 27. ágúst 2002, vegna ferða til og frá sjúkrahúsi og hótelgistingar.

Svo virðist sem ágreiningur aðila snúi m.a. að því hvort bótaréttur á grundvelli gr. 4.4 um ferðarof í viðeigandi vátryggingarskilmálum sé til staðar, en í því ákvæði kemur fram að V bæti nauðsynleg viðbótarútgjöld neyðist vátryggður til að stytta ferð sína vegna nánar tilgreindra atriða. Er því rétt að

árétta að veikindi vátryggðs sjálfs eru ekki þar á meðal og getur M því ekki gert kröfu á grundvelli þessa ákvæðis skilmálanna.

Í gr. 4.6.1 viðeigandi vátryggingarskilmála segir svo: *„Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 360.000 af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.“* Tvö læknisvottorð eru fyrirliggjandi. Annars vegar vottorð um að M hafi leitað á bráðamóttöku hinn 23. ágúst 2022. Hafi hún verið greind með berkjubólgu, fengið ávísuð sýklalyf og verið ráðlagt að forðast líkamlega áreynslu. Hins vegar liggur fyrir vottorð íslensks læknis, dags. 28. ágúst 2022, þar sem kemur fram að það sé mat hans að veikindi M hafi verið þess eðlis að M hafi ekki getað haldið áfram í fyrirhugaðri háfjallaferð. Samkvæmt framangreindum gögnum virðist liggja fyrir að veikindi M hafi gert henni ókleift að halda ferðalaginu áfram samkvæmt áætlun. Orðalag ákvæðisins er hins vegar skýrt varðandi það að heimferð sem slík þurfi að vera samkvæmt skriflegu læknisráði, og með samþykki félagsins og SOS International. Þrátt fyrir að fyrrgreinda vottorðið beri það með sér að M hafi ekki getað haldið áfram í fyrirhugaðri göngu verður ekki ráðið af því að heimferð M hafi verið nauðsynleg samkvæmt læknisráði. Hvað síðara vottorðið áhrærir kemur heldur ekki skýrt fram þar að heimferð hafi verið nauðsynleg samkvæmt læknisráði, en þess utan verður að miða við að slík læknisráð liggi fyrir áður en heimferð á sér stað. Er bótaréttur samkvæmt þessu ákvæði því þegar af þeirri ástæðu ekki til staðar.

Hvað varðar kostnað vegna gistingar og heimferðarkostnaðar þá segir í skilmálaákvæði 4.3.2 að félagið bæti nauðsynlegan aukadvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS International. Óumdeilt er að M hafði ekki samband við SOS International meðan á dvöl hennar erlendis stóð, en í umræddum vátryggingarskilmálum segir í gr. 4.3.5 að tilkynna skuli SOS International svo fljótt sem verða megi um alvarleg slys eða veikindi vátryggðs á ferðalagi erlendis. Þá er áskilnaður gr. 4.3.2 um að samráð skuli haft við SOS International skýr. Er bótaréttur samkvæmt því skilmálaákvæði þar af leiðandi ekki til staðar. Er þá ekki sýnt að upplýsingagjöf til M meðan á ferð hennar stóð hafi verið með þeim hætti að leiða eigi til annarrar niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 286/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Miskabætur 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu varð árekstur milli bifreiðanna A og B þann 26. september 2021 á Holtavörðuheiði. Bifreiðunum var ekið úr gagnstæðum áttum og sveigði ökumaður bifreiðarinnar A yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að bifreiðin fór utan í bifreiðina B. Ökumaður B kveðst hafa flautað, hemlað og reynt að sveigja bifreiðinni til hægri út í kant eins langt og hann þorði en án árangurs. Var bifreiðinni A ekið utan í bifreiðina B sem við það kastaðist út af akbrautinni. Samkvæmt framburði í lögregluskýrslu telur ökumaður A sig hafa sofnað undir stýri þar sem hann myndi ekkert frá aðdraganda árekstursins. Hafði hann fundið fyrir syfju við aksturinn en ekki þannig að honum fyndist hann þurfa að leggja sig.

M var farþegi í framsæti bifreiðarinnar A og kveðst hafa slasast við áreksturinn. V hefur samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna líkamstjóns M en því til viðbótar geri M kröfu um viðurkenningu á rétti hennar til miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Byggir M á því að ökumaður bifreiðarinnar A hafi með framferði sínu, að aka bifreið sinni yfir á öfugan vegarhelming gegn umferð úr gagnstæðri átt, sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem valdið hafi M varanlegu heilsufarstjóni. Máli sínu til stuðnings vísar M til dóma Hæstaréttar í málum nr. 50/2004 og 11/2019.

V kveðst ekki hafa tekið formlega afstöðu til bótaskyldu vegna kröfu um miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þar sem félagið telur að ekki sé unnt að taka afstöðu fyrr en læknisfræðileg matsgerð um afleiðingar slyssins liggur fyrir. V tekur fram að það mótmælir því ekki að háttsemi ökumanns M geti talist vera stórkostlegt gáleysi en hafnar því að það leiði sjálfkrafa til réttar M til miskabóta skv. a-lið 26. gr. skaðabótalaga. Telur V að það sé grundvallarforsenda að umfang tjóns M liggi fyrir svo unnt sé að meta hvort réttur til bóta skv. a-lið 26. gr. skaðabótalaga sé til staðar. Máli sínu til stuðnings vísar V til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2408/2021.

Álit.

Af svörum V til nefndarinnar verður ekki annað séð en að ekki sé til staðar ágreiningur um það hvort ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Ágreiningur snýst þannig eingöngu hvort M eigi rétt á miskabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Í gögnum málsins liggja fyrir læknisfræðileg gögn, þ.á.m. sjúkraskrá M og læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 14. júlí 2022. Í þeim gögnum kemur fram að M hafi við slysið hlotið tognun og ofreynslu á hálshrygg. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir matsgerð þar sem lagt er mat á umfang líkamstjóns M á grundvelli I. kafla skaðabótalaga verður að meta skilyrði til greiðslu miskabóta sjálfstætt óháð ófjárhagslegu tjóni sem uppfyllir skilyrði 4. gr. skaðabótalaga til greiðslu bóta fyrir varanlegan miska. Breytir orðalag dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2408/2021 þar engu um. Af ofangreindu verður fallist á að bótaskylda sé fyrir hendi hjá V vegna kröfu M um miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 287/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Gildissvið vátryggingar. Handalögmál.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 15. september 20222, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dagsettar 16. september 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 19. september 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína þann 16. júní 2020 í áhaldahúsi X þegar hann fellur í gólfið eftir að samstarfsmaður Y hafi hrint honum.

Atvikum er þannig lýst í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 14. október 2021, sem bæði M og fulltrúi vinnuveitanda undirrita, að Y hafi ráðist á M svo M datt og rakst í eitthvað sem olli því að hann brotnaði. Atvikum er einnig lýst í kæru M og framburði Y hjá lögreglu. Loks er atvikum einnig lýst í vitnaskýrslu hjá lögreglu. Þar segir að vitnið og Y hafi verið í pásu í vinunni og setið inni í rými þar sem M var að vinna. Vitnið segir að M hafi beðið sig og Y að færa sig þar sem hann hafi viljið halda áfram að vinna. Vitnið segir ennfremur að Y hafi ekki skilið hvað M var að biðja um því Y hafi áfram viljað sitja þar sem hann væri í pásu. Þá hafi M reynt að toga Y upp úr stólnum þar sem Y sat í. Þannig hafi bæði M og Y orðið æstir og farið að rífast og því næst að slást. Vitnið segist þá hafa farið í burtu en þegar hann kom aftur þá hafi M legið í jörðinni og greinilega verið meiddur.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr slysatryggingu launþega X þar sem Y, sem er starfsmaður hjá X, hafi sýnt af sér saknæma háttasemi með því að ráðast á M.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu launþega þar sem í 7.gr. a) skilmála félagsins segir að félagið greiðir ekki bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum.

Álit.

Í þessu máli er ágreiningur um hvort háttsemi Y, starfsmanns X, hafi verið líkamsárás eða hvort um sé að ræða handalögmál sem eru undanþegin bótaábyrgð í skilmálum V.

Ekki er fullt samræmi í lýsingum á málsatvikum en leggja verður atvikalýsingu frá vitni í lögregluskýrslu að atburðinum til grundvallar. Þar kemur skýrlega fram að M hafi átt upphafið af samskiptum aðila með því að toga í Y og reyna að taka hann upp úr stól sem hann sat í, báðir aðilar hafi verið æstir og farið að rífast og næst að slást.

Af þessari lýsingu verður ekki talið sannað að um líkamsárás hafi verið að ræða, heldur handalögmál sem eru falla ekki undir skilmála slysatryggingar launþega V m.v. undanþáguákvæði gr. 7.a. í vátryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 288/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Gatnamót. Ökuhraði.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 5. október 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 17. október 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 17. ágúst 2022 kl. 10.00 hafi verið tilkynnt um árekstur bifreiðanna A og B, sem báðar eru vátryggðar með ábyrgðartryggingu hjá V, á gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu í Reykjavík. Af upplýsingum úr skýrslunni, ljósmyndum í henni og framburði ökumanna þar má ráða að bifreið A var ekið í fyrirhugaða akstursstefnu beint áfram gegn grænu umferðarljósi yfir fyrrnefnd gatnamót þegar bifreið B, sem ekið var úr gagnstæðri átt, var ekið í vinstri beygju í veg fyrir bifreið A. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að farþegi í bifreið B bar um að bifreið A hafi „..komið mjög hratt og ekið í hliðina á bifreiðinni“ (B). Einnig er tilgreindur í lögregluskýrslunni framburður vitnis sem var staddur á fyrrnefndum gatnamótum og taldi hann að bifreið A hafi verið ekið á um 70 km hraða. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir skýrsla Aðstoðar&Öryggis dags. 22. ágúst 2022, sem V aflaði einhliða, um ætlaðan ökuhraða bifreiða A og B í aðdraganda áreksturs.

M (ökumaður bifreiðar A) telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi svínað fyrir bifreið A á miklum hraða og að það sé skýrt og alvarlegt brot á umferðarlögum. M telur auk þessa að líta eigi framhjá skýrslu um ætlaðan ökuhraða þar sem forsendur hennar séu ekki tækar, auk þess sem um sé að ræða sönnunargagn sem einhliða sé aflað og hafi því ekki sönnunargildi skv. dómaframkvæmd. Einnig vísar M til þess að ákoma á bifreið hans hafi komið á viðkvæmasta hluta hennar og hafi því ekki úrslitaáhrif við mat á hraða bifreiðar A.

V tekur ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar en vísar til lögregluskýrslu, hraðaútreiknings og niðurstöðu Tjónanefndar í málinu.

Álit.

Í málinu liggur skýrt fyrir í lögregluskýrslu að bifreið B ók til vinstri á gatnamótum í veg fyrir bifreið A og fór ökumaður bifreiðar B því gegn fyrirmælum 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ber hann því meginsök á árekstrinum Í 1 mgr. 36. gr. sömu laga kemur fram að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra og skv. c. lið 2. mgr. 36. gr. sömu laga hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður við vegamót. Í framburði vitnis í lögregluskýrslu kemur skýrlega fram að vitnið telur að bifreið A hafi verið ekið hratt, eða á 70 km/klst hraða. Þegar tekið er mið af þeim framburði og framburði ökumanns bifreiðar A (M) í lögregluskýrslu um að hann viti ekki hversu hratt hann ók, sem og myndir af ákomum á bifreiðunum telst sannað að M hafi ekið bifreið A of hratt miðað við aðstæður og hafi það áhrif á sakarmat þannig að ökumaður bifreiðar B beri 3/4 hluta sakar en M, sem ökumaður bifreiðar A, 1/4 hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B ber 3/4 hluta sakar og ökumaður bifreiðar A ber 1/4 hluta sakar.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 289/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. október 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 20. október 2021 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B við bifreiðarstæði við Hamraborg, Kópavogi. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem taldi rétt að skipta sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hefði gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. M er ósammála því og vísar til þess að hann hafi verið hættur akstri aftur á bak og bifreiðin hafi verið komin í framgír og staðið til að aka henni austur Hamraborg þegar B hafi ekið aftur á bak og á A. M hafi þá hugað vel að umferð við akstur aftur á bak, en ljóst sé að ökumaður B hafi aðeins gætt að umferð frá hægri en ekki vinstri. Þá sé til upptaka af umræddu atviki og af henni megi glögglega sjá að B beri ábyrgð á árekstrinum.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins. Bréfi V til nefndarinnar fylgdu þó gögn málsins, m.a. afstaða ökumanns B. Þar kemur fram að hún telji að um algert óhapp hafi verið að ræða, báðir aðilar hafi verið í sömu stöðu og farið gætilega. Þegar hún hafi bakkað út úr stæðinu hafi A bakkað svo til samtímis, en líklega örlítið hraðar og yfir í aksturslínu B út úr stæðinu. Farþegi í B hafi þá staðið utan við bifreiðina er A settist í sína bifreið og hafi því átt að vera meðvitaður um væntanlega brottför B úr bifreiðastæðinu, enda hafi hún verið vestan megin við A og þau verið að fylgjast með umferð um Hamraborg frá vestri.

Álit.

Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Fyrirliggjandi er myndband af umræddu atviki. Sést þar að A og B er lagt hlið við hlið í bifreiðastæði og er A vinstra megin. Báðir ökumenn hefja akstur aftur á bak á svo til sama tíma, og virðist hvor um sig aka um hálfan metra aftur á bak. Þá stöðva þeir báðir en eftir u.þ.b. þrjár sekúndur hefja þeir akstur að nýju og aka samsíða í um eina sekúndu. B stöðvar svo bifreið sína aftur en A heldur áfram að bakka út úr bifreiðastæðinu. Eftir að B hefur verið kyrrstæð í u.þ.b. fjórar sekúndur er henni svo aftur ekið af stað með þeim afleiðingum að hún lendir á A, sem hafði þá lokið beygju úr stæðinu, var kyrrstæð og virðist hafa verið að búa sig undir akstur áfram. Lendir vinstra afturhorn B á hægri hlið A sem var kyrrstæð vinstra megin aftan við B. Verður að líta svo á að M hafi, við þær aðstæður sem sjá má í myndbandinu, þ.e. að B stöðvaði aksturinn að nýju, verið rétt að ætla að ökumaður hennar hafi hygðist bíða með að hefja akstur aftur á bak á ný uns M hefði lokið við að beygja A út á akbrautina og ekið áfram. Þá má jafnframt ráða af umræddu myndbandi að A hafi lokið akstri aftur á bak og verið kyrrstæð þegar B var ekið á hana. Við þessar aðstæður verður að telja að ríkari aðgæsluskylda hafi hvílt á ökumanni B sem hafi ekki hugað nægilega að þeirri skyldu sem áðurnefnd 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga leggur á ökumenn við akstur aftur á bak og að árekstur bifreiðanna megi rekja til þess. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, telst B því eiga alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 290/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Gatnamót.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. september 2022.
2. Bréf V2, dags. 28. september 2022.
3. Bréf V1, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem vátryggð er hjá V1 og B, sem vátryggð er hjá V2 við gatnamót Strandvegar og Gufunesvegar þann 14. ágúst 2022. Lögregla kom á vettvang og samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu voru atvik með þeim hætti að ökumaður bifreiðarinnar A ók norður Strandveg með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn Gufunesveg og lenti í árekstri við bifreiðina B sem var ekið suður Strandveg. Kveðst ökumaður A ekki hafa séð bifreiðina B sem ók á eftir bifreið sem kom úr gagnstæðri átt og var beygt til vinstri inn Rimaflöt. Ökumaður B kveðst hafa verið að aka suður Strandveg beint yfir gatnamótin hjá Gufunesi er bifreiðinni A var ekið í veg fyrir sig.

M sem var ökumaður bifreiðarinnar A óskar eftir áliti nefndarinnar á sök og sakarskiptingu vegna tjónsins. M telur að ökumaður B hafi með aksturslagi sínu brotið gegn ákvæðum 19., 23., 24., 25. og 36. gr. laga nr. 77/2019. Árekstur hafi orðið eftir að hann beygði til vinstri vestur Gufunesveg og að bifreiðin B hafi ekið suður Strandveg, hægra megin fram úr bifreið sem var í vinstri beygju austur Rimaflöt. Bifreiðin B hafi ekið á hægra afturhorn bifreiðarinnar A, eftir að bifreiðin A var komin inn á Gufunesveg. Ljóst sé að ökumaður B þurfti að sveigja bifreið sinni töluvert til hægri og út fyrir brún akreinar sinnar til að komast fram hjá bifreið þeirri sem var fyrir framan hann og hugðist taka vinstri beygju á gatnamótunum með þeim afleiðingum að bifreiðin B hafnaði á hægra afturhorni bifreiðarinnar A.

V1 skilar ekki athugasemdum í málinu. V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðarinnar A sem tók vinstri beygju í veg fyrir umferð sem á móti kom með vísan til 7. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2019.

Álit.

Óumdeilt er að báðir ökumenn óku yfir gatnamótin gegn grænu ljósi. Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og af myndum í lögregluskýrslu verður ekki ráðið um nákvæma staðsetningu ökutækja við áreksturinn. Liggja því ekki fyrir nein gögn sem sýna fram á að ökumaður bifreiðarinnar B hafi ekið bifreiðinni inn á Gufunesveg eða hafi á nokkurn hátt brotið gegn ákvæðum umferðarlaga. Fyrir því ber M sönnunarbyrði og hefur sú sönnun ekki tekist. Verður því að leggja til grundvallar að orsök áreksturs sé sú að M ók bifreið sinni í veg fyrir umferð og þannig brotið gegn 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í þeirri grein segir að þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að veita forgang þeirri umferð sem á móti kemur. Verður því öll sök felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 291/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. september 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið á göngu í Elliðaárdal 18. maí 2021 þegar X hafi komið hjólandi aftan að henni og beint á hana. M hafi dottið og lent á jörðinni. Hún hafi brotnað á lærlegg við mjöðm og brotnað ofarlega á upphandlegg við öxl. M byggir á því að slysið sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi og því beri X skaðabótaábyrgð á grundvelli skaðabótaréttar og umferðarlaga nr. 77/2019. Reiðhjól séu skilgreind sem ökutæki skv. 3. gr. umferðarlaganna og um almenna aðgæsluskyldu er vísað til 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 36. gr. laganna. Þá er tilgreint að í 1. mgr. 27. gr. laganna komi fram að ökumaður skuli gefa vegfarandi tíma til að víkja til hliðar og að í 1. mgr. 43. gr. komi fram að heimilt sé að hjóla á gangstétt, göngustíg eða göngugötu enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. M telur að X hafi ekið allt of hratt viðað við aðstæður og ekki sýnt þá aðgæslu sem búast mátti við af honum. Alvarleiki áverka M styðji enn frekar að X hafi hjólað of hratt.

Í bréfi V kemur fram að það mótmæli atvikalýsingu M. Vísað er til lögregluskýrslu 18. maí 2021 þar sem haft sé eftir vinkonu M að einhver misskilningur hafi átt sér þegar X hringdi bjöllunni á reiðhjólinu og M hafi þá fært sig til hægri og svo aftur til vinstri og í veg fyrir X. Einnig hafi komið fram í sjúkraskýrslu að M hafi heyrt í hjólabjöllu, snúið sér við og stigið til hliðar en sá á hjólinu hafi einnig beygt til sömu hliðar. M hafi því farið í veg fyrir X þegar hann ætlaði að hjóla fram hjá henni. Þá sé ekkert í gögnum málsins sem gefi tilefni til að ætla að X hafi verið á mikilli ferð. Síðar tilkomnar breytingar má atvikum verði ekki lagðar til grundvallar sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 47/2006. Fullyrðingum M um hraða X er mótmælt og bent á að þær hafi ekki stoð í gögnum málsins. V telur því að M hafi ekki sýnt fram á sök X eða atvik eða aðstæður sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í umferðarlögum nr. 77/2019 kemur fram að reiðhjól sé ökutæki og gilda því ákvæði umferðarlaga um reiðhjól að því marki. Í 1. mgr. 4. gr. er kveðið á um almenna aðgæsluskyldu vegfaranda en samkvæmt skilgreiningu laganna er vegfarandi hver sá sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi. Í VII. kafla laganna eru sérreglur fyrir reiðhjól og kemur fram í 1. mgr. 43. gr. að heimilt sé að hjóla á gagnstétt, göngustétt eða göngugötu enda valdi það ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Í 2. mgr. 43. gr. kemur fram að hjólreiðamaður á gangstétt, göngustíg eða göngugötu skuli víkja fyrir gangangi vegfarendum. Hann skuli gæta ýtrustu varkárni og ekki hjóla hraðar en svo að hann geti vikið úr vegi fyrir gangandi vegfarendum sem eigi leið um. Hann skuli gefa hljóðmerki þegar hann nálgist gangandi vegfarendur ef ætla má að þeir verði hans ekki varir.

Það kemur fram í gögnum málsins að X hringdi hjólabjöllu þegar hann nálgaðist M. Aðila máls greinir á um viðbrögð M þegar hún heyrir í bjöllunni og hvort X hafi hjólað hratt þegar hann lendir á henni. Samkvæmt lögregluskýrslu kveður vinkona M einhvern misskilning hafa átt sér stað þegar X hafi hringt bjöllunni. M hafi fært sig til hægri og svo aftur til vinstri og hafi X þá hjólað aftan á M. Miðað við viðbrögð M verður að líta svo á að hún hafi misskilið hvar X kom að á hjólinu. Hins vegar ber X skv. umferðarlögum þá skyldu að gæta ítrustu varkárni og hjóla ekki svo hratt að hann geti ekki vikið fyrir gangandi vegfarendum. Miðað við áverka M verður ekki unnt að draga þá ályktun að X hafi hjólað hægt. X hefur því ekki sýnt þá aðgæslu sem honum bar og ber hann af þeim sökum bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 292/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækja A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að 16. júní 2021 hafi bifreiðinni A verið ekið inn í hlið bifreiðarinnar B sem M ók. M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á slysadeild strax eftir slysið. Hann hafi kvartaði undan verkjum í hálsi, baki og mjóbaki, auk dofa í fingrum hægri handar og var greindur með tognun og ofreynslu á hálshrygg og lendarhrygg auk kramningsáverka á úlnlið og hendi. Gefið hafi verið út óvinnufærnivottorð fyrir tímabilið 16.-20. júní 2021. M hafi leitað reglulega til heimilislæknis vegna slyssins sökum áframhaldandi áverka og hafi óvinnufærnivottorð verið gefið út 21.-27. febrúar 2022 auk þess sem beiðni hafi verið gefin út um sjúkraþjálfun. Þá hafi M verið sendur í MRI skoðun 14. mars 2022 sem hafi sýnt töluverðar slitbreytingar og síðar hafi verið gefið út óvinnufærnivottorð 18.-31. maí 2022.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum ásamt því að vísa í skýrslu um hraða- og höggútreikning. M telur orsakatengsl vera fyrir hendi milli einkenna hans og slyssins og að gögn málsins sýni að hann hafi hlotið áverka í slysinu sem hann sé enn að glíma við m.a. læknisvottorð og læknisskoðanir. Þá hafi M verið óvinnufær í kjölfar slyssins og hafi reglulega óskað eftir óvinnufærnisvottorðum. Þá sé hann enn í sjúkraþjálfun og taki verkjalyf. Þá bendir M á að orsakatengsl samanstandi af nokkrum þáttum sem séu frásögn tjónþola ef hún samræmist læknisfræðilegum gögnum. M hafði áður leitað til heimilislæknis vegna einkenna í baki og mjóbaki en það hafi verið tímabundnir verkir vegna erfiðisvinnu. Að lokum bendir M á að ekki sé hægt að byggja á einhliða aflaðri skýrslu um högg- og hraðaútreikning enda sé um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða og M hafi ekki gefist kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Reikniforrit geti ekki skorið úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss séu einstaklinga enda sé einungis tekið mið af áætlaðri þyngd ökumanna og þyngd ökutækja en ekki sé tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta og líkamsstellingu við árekstur sem geti haft áhrif á afleiðingar á tjónþola eftir árekstra.

V telur að kraftur í tjónsatburðinum hafi ekki verið nægur til að valda skaða á líkama málskostsaðila og til þess beri að líta að nánast engar skemmdir hafi verið á bifreiðinni sem M var í. Verði að horfa til þess að um lágorkuárekstur hafi verið að ræða. Því er hafnað að PC-crash skýrslan hafi verið einhliða aflað þar sem lögmanni M var kynnt þessi fyrirætlan og boðið að koma að athugasemdum. V bendir á að fjölmargar rannsóknir hafi sýnt að þegar um vægt högg er að ræða eins og í þessu tilfelli sé ómögulegt að ökumaður eða farþegar í þeirri bifreið sem fá á sig höggið verði fyrir varanlegu líkamstjóni. Þá eigi M langa sögu um stoðkerfisverki líkt og fram komi í sjúkraskrá sem nái aftur til 2016. Ekki liggi fyrir matsgerð óháðra matsmanna um líkamstjón af völdum slyssins. Meginreglur um sönnun í skaðabótarétti feli í sér að M verði að sýna fram á tjón sit og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Þá liggi ekki fyrir læknisfræðilegt mat eða greining á því hvor um orsakatengsl sé að ræða milli árekstursins og líkamlegra einkenna M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 16. júní 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er að skýrslan lýsir litlum þyndgarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum og ber honum að leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Það liggur fyrir að það var lítil ákoma á bifreið B þar sem M var ökumaður og að bifreiðin B er mikið stærri en A.

Því var ákoman neðarlega á bifreið B. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að M leitaði á bráðadeild og til heilsugæslu vegna afleiðinga slyssins. Einnig fór hann í MRI myndatöku og leitaði til sjúkraþjálfara. Af þessum gögnum verður þó ekki ráðið með skýrum hætti hvort meiðsl M leiði til þess að hann eigi rétt til bóta samkvæmt I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993, svo sem bóta vegna varanlegra afleiðinga slyssins. Ekki liggur heldur fyrir nein skoðunar- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um hvort þau líkamlegu einkenni sem M lýsir hafi langtímaáhrif og hafi valdið varanlegu tjóni. M hefur því ekki tekist að sýna fram á orsakatengsl milli slyssins og varanlegs tjóns. Því er bótaskyldu vegna líkamstjóns hafnað.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík, 18. október 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 293/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 3. febrúar 2022, er hann var að störfum fyrir X í húsnæði Y, hafi M orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að X og samstarfsmaður hans, Z, hafi verið að bora fyrir festingum stálbita og hafi borinn þá farið í steypustyrktarjárn. Hafi M í kjölfar þess ákveðið að kanna hvort borinn væri heill og hafi hann lagt borvélina frá sér á stillans þannig að borinn stóð lóðrétt upp í loft. Hafi M því næst tekið um borinn en vélin þá, af óútskýrðum ástæðum, hrokkið í gang án þess að M eða Y hefðu snert ræsigikk hennar. Hafi borinn gripið í vinstri hönd M með þeim afleiðingum að baugfingur fór af að hluta og langatöng brotnaði illa. Var lögregla kölluð til og liggur skýrsla hennar, dags. 5. febrúar 2022, fyrir nefndinni. Jafnframt liggur fyrir tilkynning til Vinnueftirlitsins, dags. 4. febrúar 2022. Eftir slysið var borvélin þá send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til rannsóknar og liggur rannsóknarskýrsla stofnunarinnar fyrir nefndinni. Kemur þar fram að ekkert óeðlilegt hafi komið fram við einangrunarmælingu, en við ræsingu hafi komið fram gangtruflanir sem ollu því að 16A öryggi sló út. Eftir að því var slegið inn hafi vélin virst virka eðlilega og við opnun hennar hafi ekkert bent til bilunumar. Vélin sé hins vegar gerð fyrir breskan markað og ekki ætluð fyrir þá spennu sem sé hér á landi en ekkert hafi þó bent á að það hafi getað orsakað umrætt slys. Við framköllun á svipuðum aðstæðum og við slysið hafi þá engin bilun komið fram. Á ræsigikk vélarinnar hafi sést ný för sem bentu til þess að eitthvað hefði rekist í hann. Ekkert hafi fundist sem benti til bilunar í vélinni og ekki hafi tekist að ræsa hana nema með því að þrýsta gikknum inn. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns síns en V hafnað kröfu hans með bréfi dags. 30. mars 2022 á grundvelli þess að um óhappatilvik hefði verið að ræða. Byggir M kröfu sína á því að líkamstjón hans sé afleiðing óforsvaranlegra vinnuaðstæðna, ófullnægjandi vinnubúnaðar og vanrækslu X á því að tryggja hollustuhætti, öryggi og aðbúnað á vinnustað. Sé það í raun óumdeilt að bilun í vélbúnaði hafi valdið slysi M og þegar af þeirri ástæðu blasi við að X sé skaðabótaskylt skv. 13. gr. og 1. mgr. 46. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Ólag á borvél fullnægi enda klárlega ekki áskilnaði laganna um örugg tæki og aðstæður á vinnustað. Gangtruflanir við ræsingu vélarinnar við rannsókn eftir slysið sýni þá fram á að hún hafi ekki virkað sem skyldi. Þá sé vélin gerð fyrir lægri spennu en notuð sé hér á landi, sem samræmist ekki leiðbeiningum með reglum um öryggisbúnað véla. Auk þess hafi hún verið 17 ára gömul á slysdegi og megi því ætla að hún hafi verið notuð í allmörg ár þrátt fyrir að henta ekki hérlendum aðstæðum og geti það án efa hafa valdið skemmdum á henni. Afstaða V byggi á því að óalgengt sé að borvélar hrökkvi í gang án þess að þrýst sé á ræsigikk þeirra og sé því litið á atvikið sem óvænt og ófyrirséð. Þeirri afstöðu er sérstaklega mótmælt enda hafi X mátt sjá fyrir að yfirspenna mundi á endanum leiða til bilunar með tilheyrandi slysahættu. X hafi sannarlega slegið af þeim öryggiskröfum sem það segist viðhafa með því að afhenda M verkfæri til starfans sem hafi ekki einasta ekki hentað íslenskum aðstæðum heldur verið bilað í þokkabót. Sé samkvæmt framansögðu óeðlilegt og ósanngjarnt að M sitji sjálfur uppi með tjón sem ekki megi með nokkru móti rekja til athafna hans sjálfs.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að rannsókn á búnaði vélarinnar hafi ekki leitt neitt í ljós sem benti til bilunar í henni. Þá hafi ekkert bent til þess að röng spenna gæti hafa orsakað slys M. Sé það því með öllu ósannað að örsök slyssins sé að rekja til bilunar í vélbúnaði. M beri sönnunarbyrði þess að tjón hans verið rakið til atvika eða aðstæðna sem X verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Slík sönnun hafi samkvæmt framansögðu ekki tekist og um óhappatilvik sem engum verði um kennt hafi verið að ræða.

Álit.

Samkvæmt tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 4. febrúar 2022, fór umrædd borvél í gang meðan M var að huga að ástandi borsins, og virðist í raun ekki deilt um það að M hafi ekki haldið við ræsitakkann þega borinn fór að snúast með fyrrgreindum afleiðingum. Kemur einnig fram í þeirri tilkynningu að bilun í rafbúnaði hafi valdið slysi M. Jafnvel þó fallist sé á að vélin hafi farið í gang „af sjálfri sér“ leiðir það eitt og sér ekki til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir á M. Samkvæmt nokkuð ítarlegri rannsókn sem fór fram á vélinni og lýst er hér að framan fannst ekkert sem benti til bilunar í vélinni, og ekki tókst að framkalla umrædda bilun og segir í skýrslunni að ekki hafi tekist að ræsa vélina nema þrýsta gikknum inn. Þá verður ekki ráðið af skýrslunni að gangtruflanir í vélinni við ræsingu við skoðun hennar hafi orsakað slys M. Vissulega segir í skýrslunni að vélin sé ekki ætluð fyrir hérlendan markað, heldur minni rafspennu, og að nota hana á yfirspennu geti haft áhrif á snúningshraða og aukið hættu á bilun. Skýrt kemur þó fram að ekkert bendi til þess að röng spenna hafi getað orsakað slys M og engin gögn liggja fyrir nefndinni er sýni fram á annað. Jafnvel þó það yrði metið X til sakar að láta starfsfólk sitt nota borvélina er því ekki sýnt fram á að það hafi valdið slysi M, en auk sakar verður að sýna fram á orsakatengsl svo bótaskylda sé fyrir hendi. M fjallar um það í málskoti að umrædd borvél hafi verið 17 ára gömul á slysdegi, en ekkert liggur fyrir um að það sé óeðlilega hár aldur borvéla eða að tengsl séu milli aldurs eða slits vélarinnar og slyss M. Ekki er ljóst hvað varð til þess að vélin fór í gang umrætt sinn og liggur því ekki fyrir að það hafi verið vegna atvika sem X verði gert að bera skaðabótaskyldu vegna. Verður þá ekki ráðið af gögnum málsins að virkni vélarinnar hafi verið óeðlileg fyrir umrætt atvik, að gerðar hafi verið athugasemdir við ástand hennar fyrir slysið, eða að X hafi mátt vera ljóst að slysahætta væri af notkun hennar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slys M verði rakið til annarra aðstæðna eða atvika sem X beri ábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til atriða sem X ber bótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 294/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. september 2022.
2. Bréf V dags. 19. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið í húsnæði M eftir að ídráttarrör fyrir kaldavatnsinntak á vegum bæjarfélagsins X hafi byrjað að leka inn húsnæði M þann 3. mars 2022. M telur að tjónið megi rekja til ófullnægjandi frágangs á rörinu. Það sé á ábyrgð X að sjá til þess að lögnin sé í lagi og haldi vatni. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X vegna tjónsins. Vísar V til þess að umrætt ídráttarrör hafi verið lagt af starfsmönnum X árið 1999 og að frágangur þess hafi verið með eðlilegum hætti. Ekki hafi orðið vart við leka á þessum stað fyrr en árið 2022 og lögnin hafi því verið til staðar í 20 ár án vandræða. Ekkert í fyrirliggjandi gögnum staðfesti að einhverskonar handvömm starfsmanna X eða önnur mistök starfsmanna þess hafi leitt til tjóns M. Þá liggi ekkert fyrir um að galli hafi verið á ídráttarrörinu eða að vatnslögnin sjálf hafi brostið með einhverjum hætti.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón á fasteign M sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því. Af framansögðu verður ráðið að M byggir kröfu sína á þeim grundvelli að starfsmenn X hafi gengið frá rörinu á ófullnægjandi hátt með þeim afleiðingum að það fór að leka inn í fasteign M. Engin gögn hafa verið lögð fram sem styðja það að lekinn sé til kominn vegna ófullnægjandi frágangs starfsmanna sveitarfélagsins eða sé á annan hátt vegna atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið X ber skaðabótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 295/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála. Varúðarregla.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. september 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins sendi M tjónstilkynningu til V hinn 23. febrúar 2021 um að hinn 3. nóvember 2020 hafi hann komið að bifreið sinni opinni og búið hafi verið að taka úr henni muni sem höfðu verið í bifreiðinni. Í lögregluskýrslu dags. 4. nóvember 2020 kemur fram að M kveðst hafa skilið bifreið sína eftir kl. 18 2. nóvember 2020 og þegar hann hafi komið að henni að morgni 3. nóvember sama ár hafi hann séð að mikið magn muna hafi verið tekið úr bifreiðinni. Um er að ræða eins konar sendibifreið með rennihurð og hún hafi verið opin þegar M kom að bifreiðinni að morgni 3. nóvember 2020. Í lögregluskýrslu kemur fram að engin ummerki hafi verið sjáanleg á vettvangi, engin ákoma á bifreiðinni, læsingu hennar, hurðum eða rúðum. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing lásasmiðs dags. 3. mars 2021 um að það sé ekki *„…stórmál að opna þessa tegund bifreiðar án þess að valda ásjáanlegum skemmdum.“*

M lýsti á vettvangi gróflegu mati á verðmæti muna sem horfið höfðu á aðra milljón króna. Af samskiptum M við V má hins vegar ráða að hámarksbætur vegna innbrots í bifreið úr vátryggingu M séu 5% af vátryggingarfjárhæð hans og séu í þessu tilviki 400.000 með eigin áhættu upp á 31.300 krónur. Af sömu samskiptum má ráða að V hafi hafnað bótaskyldu tvisvar, fyrst 25. febrúar 2021 og aftur 11. október 2021 og vísar í báðum tilvikum til 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um árs frest til lögfræðilegra aðgerða.

Í D-lið yfirlitsmyndar í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V segir að tryggingin taki til innbrotsþjófnaðar, nánar til tekið: *„Þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot.* ***Varúðarregla****: Dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lyklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.“*

M telur tjón sitt vera vegna bótaskylds atburðar í innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. M vísar til framburðar í lögregluskýrslu um að hann hafi skilið bifreið sína eftir læsta að kvöldi 2. nóvember 2020 og hefur ítrekað bent V á það í tölvupóstsamskiptum eftir það, auk þess sem hann vísar til yfirlýsingar lásasmiðs dags. 3. mars 2021 um að hægt sé að komast inn í sambærilegar bifreiðar án ummerkja. Auk þessa bendir M á að myndir í lögregluskýrslu sýni ummerki um innbrot á farþegahurð bílstjóramegin á bifreið sinni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur í fyrsta lagi að bótaréttur M hafi fallið niður þar sem M hafi ekki innan árs frá höfnun félagsins 25. febrúar 2021 skotið málinu til nefndarinnar. V telur í öðru lagi ákvæði D-liðar yfirlitsmyndar vátryggingarskilmála fela í sér hlutlæga ábyrgðartakmörkun vegna innbrotsþjófnaðar þar sem hlutlægt skilyrði bótaskyldu sé ótvíræð merki um innbrot. Það hafi M ekki uppfyllt og þegar af þeirri ástæðu eigi hann ekki bótarétt. V telur ákvæði ekki fela í sér fyrirmæli um tiltekna háttsemi vátryggðs og því sé ekki um varúðarreglu að ræða í skilningi laga um vátryggingarsamninga. V vísar til þess að eðlilegt sé að vátryggingafélög geti takmarkað ábyrgð sína með hlutlægum hætti og feli ákvæðið um ótvíræð merki um innbrot sem forsenda bótaskyldu í raun íser að tryggingafélög vilji ekki bæta þjófnað þar sem hægt er að komast með einföldum hætti án ummerkja, t.d. í gamla ótrygga bíla.

Álit.

Mál M var hafnað með tölvupósti hinn 25. febrúar 2021 og var M þar minntur á 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að hann hefði eins árs frest til lögfræðilegra aðgerða, eins og t.d. að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Haustið 2021 fór M síðan fram á

endurskoðun ákvörðunar V og var svarað með tölvupósti V dags. 11. október 2021 þar máli hans var hafnað á ný og aftur vísað til fyrrnefnds ársfrests til lögfræðilegra aðgerða af hálfu V. Verður sá tölvupóstur ekki skilinn öðruvísi en að V hafi gefið M skýrlega til kynna að hann hefði eitt ár til fyrrnefndra aðgerða frá þeirri höfnun, þ.e. 11. október 2021, og var sá frestur ekki liðinn þegar málskot barst nefndinni 2. september 2022. Þegar af þeirri ástæðu er málið tækt til meðferðar hjá nefndinni.

Þegar litið er til gildissviðs fjölskyldutryggingar V kemur fram í tilvitnaðri grein D-liðar yfirlitsmyndar að gildissvið vátryggingarinnar taki til þjófnaða við innbrot í læsta bifreið, en forsenda fyrir bótaskyldu að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Varúðarregla í sama ákvæði segir að dyr, gluggar og önnur op inn á vátryggingarstað skuli vera tryggilega læst. Í vátryggingarskilmálum er einnig vitnað til laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga sem geyma ófrávíkjanlegar reglur sem varða samningssamband milli vátryggingartaka og vátryggingafélags. Líta verður til ákvæða skilmálanna í ljósi túlkunar á umræddum lögum, þá sérstaklega 26. gr. þeirra. Þar kemur fram að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína að fullu eða að hluta ef brotið er gegn varúðarreglum sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum. Varúðarreglur eru skilgreindar í 12. tl. 2. gr laganna, sem þær reglur sem geyma fyrirmæli til vátryggingartaka um tilteknar ráðstafanir t.d. um það hvernig geyma skuli vátryggðan hlut.

Varúðarregla í skilmálum V gefur þau fyrirmæli til M að hann læsi tryggilega t.d. dyrum bifreiða. Verða skilyrði um ótvíræð merki um innbrot ekki skilin öðruvísi en að það séu í raun frekari fyrirmæli um geymslu innbús í skilningi 12. tl. 2. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verða því tilvitnuð atriði í orðalagi áðurnefnds D-liðar yfirlitsmyndar ekki túlkuð öðruvísi en svo að þau séu í raun og í heild sinni *fyrirmæli til vátryggðs um hvernig hann á að geyma vátryggðan hlut, þ.e. dulin varúðarregla* og fær sú skýring stoð í lögskýringargögnum laga um vátryggingarsamninga um 26. gr. laganna. Verður því ekki fallist á þá skýringu V að umrætt ákvæði sé hlutlæg ábyrgðartakmörkun.

Af lögregluskýrslu og öðrum gögnum telst sýnt að brotist hafi verið inn í bifreið M. Af sömu gögnum verður þó ráðið að ekki liggi nægilega skýrt fyrir að bifreiðin hafi verið læst í umrætt sinn og ráða má það af því að ekki voru á vettvangi ummerki um að átt hefði verið við læsingu bifreiðarinnar og almenn yfirlýsing lásasmiðs dags. 3. mars 2021 breytir ekki því mati. Það að skilja við verðmæti sem þau sem M skildi eftir í bifreið sinni ólæstri verður ekki metið öðruvísi en M til sakar sem ekki er óveruleg. Með hliðsjón af sakarstigi og því hvernig tjónið bar að og atvika í heild telst V geta takmarkað ábyrgð sína á grundvelli 26. gr. laga um vátryggingarsamninga um helming, eða 50%.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en þarf að sæta takmörkun á ábyrgð V sem nemur 50% af rétti M sínum til bóta fyrir heildartjón sitt.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 296/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Vátryggingartaki: X

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi, með kaupsamningi dags.16. júlí 2019, fest kaup á fasteigninni A fyrir milligöngu fasteignasalans X. Hafi þau við skoðun eignarinnar sérstaklega leitað eftir upplýsingum um ástand lagna, en X hafi sagt þeim að hafa engar áhyggjur af því enda kæmi fram á söluyfirliti að þær hefðu verið fóðraðar fyrir nokkum árum. Eftir afhendingu A hafi M hins vegar látið mynda lagnirnar og þá hafi komið í ljós að þær væru ekki fóðraðar og í frekar slæmu ástandi. Vegna ágreinings M og seljenda eignarinnar hafi verið dómkvaddur matsmaður og hafi niðurstaða hans verið sú að lagnir væru ekki fóðraðar eins og komi fram í söluyfirliti en við myndun lagnanna hafi komið í ljós ójöfnur, rof og skemmdir auk þess sem lagnakerfi hafi ekki skilað skólpi á fullnægjandi hátt að lagnakerfi borgarinnar. Í kjölfarið hafi M höfðað mál gegn seljendum fyrir héraðsdómi en þau hafi tapað því máli þar sem seljendur hefðu ekki skrifað undir umrætt söluyfirlit. Á því söluyfirliti sem seljendur hefðu undir höndum komi fram að ástand lagna sé „óvitað“. Hefðu M fengið það söluyfirlit afhent hefðu þau látið mynda lagnirnar fyrir kaupin þar sem ástand lagnanna hafi skipt þau miklu máli. Hefðu þau þá gert lægra tilboð í fasteignina eða jafnvel ekki keypt hana yfir höfuð. Hvorugt söluyfirlitanna hafi verið réttilega undirritað og hafi upplýsingar frá X verið rangar eða villandi. X beri ábyrgð á þessum upplýsingum um ástand lagna og krefjist M því bóta úr ábyrgðartyggingu hans.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til fyrirliggjandi héraðsdóms þar sem málsatvikum sé lýst nokkuð ítarlega. Niðurstaða dómsins hafi verið sú að upplýsingar í söluyfirliti hafi verið efnislega réttar um að lagnir hafi verið fóðraðar fyrir nokkrum árum. Þá komi fram í dómnum að hugtakið fóðrun sé notað sem samheiti yfir aðferðir til fóðrunar og að unnt sé að fóðra lagnir með sokk eða húðun. Hafi matsmaður þá einnig staðfest það fyrir dómi að almennt væri að „fóðrun“ væri notað yfir báðar þessar aðferðir. Umræddar lagnir hafi verið húðaðar fyrir nokkrum árum og fullyrðing í söluyfirliti um fóðrun lagna feli það ekki í sér að sú fóðrun hafi verið gerð með einhverjum tilteknum hætti. Upplýsingar I söluyfirliti hafi því verið réttar.

Álit.

Fyrirliggjandi er söluyfirlit sem ber það með sér að hafa verið prentað út hinn 29. júní 2019. Segir þar um ástand frárennslislagna: „Fóðrað fyrir nokkrum árum“. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 70/2019 um sölu fasteigna og skipa skal fasteignasali afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu um að efni söluyfirlits sé rétt og samkvæmt bestu vitund. Hafi þessa ekki verið gætt er það því ámælisvert í sjálfu sér en leiðir þó ekki eitt og sér til bótaskyldu. Þá verður ekki séð að niðurstaða héraðsdóms byggi á því að seljendur hafi ekki undirritað söluyfirlitið eða vitað af tilvist þess eins og virðist byggt á í málskoti, heldur hafi niðurstaða dómsins hvað þetta varðar byggt á skilgreiningu á hugtakinu „fóðrun“.

Til að bótaskylda stofnist þurfa M að sýna fram á að upplýsingar í söluyfirliti hafi, vegna gáleysis X, reynst rangar eða ófullnægjandi, og að það hafi leitt til tjóns fyrir þau, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 27. gr. laga um sölu fasteigna og skipa. Í fyrirliggjandi skýrslu dómkvadds matsmanns segir að búið sé að húða hluta fráveitulagna með plastefni/pólyester sem blandað sé með glertrefjum. Húðunin teljist ekki fullnægjandi þar sem sýnilegt rof, skemmdir og ójöfnur séu á húðun og geti því lagnakerfi ekki veitt skolpi á fullnægjandi hátt frá fasteigninni. Í niðurstöðukafla segir að fráveitulagnir hafi „ekki verið fóðraðar/húðaðar á fullnægjandi hátt og þörf er á endurbótum á fráveitukerfi.“

Liggur því samkvæmt framansögðu fyrir að endurbóta er þörf á fráveitukerfi hússins. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að upplýsingar sem M fengu fyrir kaupin hafi verið rangar eða ófullnægjandi. Af þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni virðist mega ráða að „fóðrun“ sé notað sem samheiti yfir fleiri en eina aðferð og því væri talað um „fóðrun“ hvort sem viðkomandi lögn hefði verið húðuð með spreyi eða fóðruð með sokk. Af orðalagi héraðsdóms um ágreining M og seljenda má einnig ráða að matsmaðurinn hafi staðfest þann skilning fyrir dómi.

Í umræddu söluyfirliti segir aðeins að frárennslislagnir hafi verið fóðraðar fyrir nokkrum árum. Það felur samkvæmt framansögðu ekki í sér fullyrðingu um að fóðrun hafi farið fram með tilteknum hætti þ.e. sokk fremur en húðun, né yfirlýsingu um raunverulegt ástand lagnanna við kaupin. Þá er árafjöldi frá fóðrun ekki tilgreindur, heldur aðeins talað um „nokkur“ ár. Það liggur fyrir að lagnirnar hafa verið húðaðar, þ.e. fóðraðar, þó sú fóðrun virðist ekki fullnægjandi. Verður því ekki fallist á að upplýsingar í söluyfirliti hafi verið rangar að þessu leyti. Er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 297/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Gatnamót.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. september 2022.
2. Bréf V2, dags. 26. september 2022.
3. Bréf V1, dags. 4. október 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Bíldshöfða og Breiðhöfða þann 30. ágúst 2022 milli bifreiðanna A, sem M ók og er vátryggð hjá V1 og B sem er vátryggð hjá V2. Einu gögnin sem fylgja málskoti þessu er vefslóð þar sem finna má myndbandsupptöku af árekstri bifreiðanna. Á myndbandsupptökunni sést að bifreiðinni A var ekið norður Breiðhöfða yfir gatnamót við Bíldshöfða með fyrirhugaða akstursstefnu áfram norður Breiðhöfða. Bifreiðinni B var ekið suður Breiðhöfða með fyrirhugaða vinstri beygju austur Bíldshöfða. Bifreiðinni B var ekið inn á gatnamótin er grænt ljós logaði í akstursstefnu bifreiðarinnar en vegna umferðar sem kom á móti stöðvaði bifreiðin inn á miðjum gatnamótum og beið færis á að aka inn Bíldshöfða. Er gult ljós logaði fyrir umferð frá Breiðhöfða var bifreiðinni A ekið inn á gatnamótin á sama tíma og bifreiðinni B var beygt inn Bíldshöfða.

Ágreiningur er um sakarskiptingu og telur M að hann ætti ekki að vera dæmdur í órétti þar sem bifreiðinni B var ekið í veg fyrir bifreiðina A. Bifreiðinni A hafi ekki verið ekið yfir á rauðu ljósi. Telur M að hann hefði aldrei getað stöðvað bifreiðina á þessum stutta tíma og það hefði skapað hættu sbr. það sem fram kemur í lögum um að stöðva eigi á gulu ljósi nema það skapi hættu. Einnig hafi ökumaður B séð A koma.

V1 skilar ekki athugasemdum í málinu.

V2 telur að leggja beri alla sök á ökumann A fyrir að aka yfir gatnamót á gulu ljósi sbr. 34. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995.

Álit.

Óumdeilt er að ökumaður A ók inn á gatnamótin gegn gulu ljósi enda liggur myndbandsupptaka fyrir þar sem staða umferðarljósa í aðdraganda áreksturs sést vel. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 merkir gult umferðarljós eitt og sér að numið skuli staðar. Það gefur til kynna að brátt skipti yfir í rautt ljós en hefur að öðru leyti sömu merkingu og rautt ljós. Ökumaður skal þó ekki nema staðar ef hann, þegar skipt er úr grænu ljósi í gult, er kominn það nálægt umferðarljósi að stöðvun mun hafa í för með sér hættu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 34. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra. Af fyrrgreindri myndbandsupptöku verður ekki séð að stöðvun ökumanns A hefði í för með sér hættu og bar honum því að nema staðar á gulu ljósi. Með vísan til þessa ber ökumaður A alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 298/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Framúrakstur. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. október 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 19. september 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir A atvikum svo að hún hafi ekið á eftir B, séð hann beygja smá til vinstri og svo til hægri og hún hafi ekki séð að hann gæfi stefnuljós. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að hann hafi ætlað að beygja að verkstæðisdyrum hægra megin við veginn þegar A kom á eftir og hafi ætlað fram úr hægra megin. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu sök skyldi skipt þannig að A bæri helming sakar vegna ógætilegs framúraksturs hægra megin og B helming sakar fyrir að taka hægri beygju með röngum hætti. M fellir sig ekki við þau málalok og byggir í málskoti á því að A hafi verið óheimilt að taka fram úr frá hægri þar sem M hefði verið að undirbúa hægri beygju og gefið stefnuljós til marks um það.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið taki ekki frekari afstöðu til sakarskiptingar. V leggur þó fram frekari gögn þ.á.m. framburð vitnis. Í þeim framburði kemur fram að vitnið hafi séð B taka lítinn sveig áður en hann ætlaði sér svo að beygja til hægri. Sú sveigja hafi að mati vitnisins ekki gefið tilefni til að ætla að fara ætti hægra megin fram úr B.

Álit.

Meðal gagna málsins eru m.a. ljósmyndir af vettvangi. Má þar sjá að umræddur vegur er malarvegur og svo virðist sem ekki sé eiginlegur vegur að verkstæðisskúrnum sem M hugðist beygja að. Má þá sjá að ákomur voru á framhornum beggja bifreiða. Styður það, svo og afstöðumynd á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, þá frásögn að A hafi verið við framúrakstur hægra megin þegar B var sveigt til hægri í þeim tilgangi að leggja við skúrinn, en framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar er að öðru leyti fremur óljós hvað atvik varðar.

Í 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að aka skuli vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skuli aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Af lýsingum A og framangreinds vitnis verður ekki fallist á að M hafi, með því að „beygja smá til vinstri“ eða „taka lítinn sveig“, beygt til vinstri eða greinilega undirbúið vinstri beygju. Verður því ekki talið að við þessar aðstæður hafi verið heimilt að taka fram úr hægra megin og ber A því nokkra sök á árekstri aðila.

Í 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir svo að við hægri beygju skuli aka sem næst hægri brún akbrautar og skuli beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Af frásögn framangreinds vitnis má ráða að B hafi verið sveigt lítillega til vinstri í aðdraganda hægri beygju, og þá verður ekki ráðið af fyrirliggjandi ljósmyndum að M hafi ekið sem næst hægri brún akbrautar. Verður því jafnframt á því byggt að M hafi ekki fylgt áskilnaði laganna við framkvæmd hægri beygju og beri því jafnframt nokkra sök á árekstri aðila.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 299/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Orsakatengsl sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. september 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð M, föstudaginn 13. mars 2020, fyrir vinnuslysi sem atvikaðist með þeim hætti að hann var í bifreið sinni í vondu veðri og snjókomu upp á Þeistareykjum. Snjór hafði safnast saman á framrúðuna og fests í þurrkunum og hugðist M moka snjónum af og hreinsa þurrkurnar. Skyndilegt og óvænt atviki hafi orðið þegar hann rann til og datt og í fallinu greip hann í eitthvað með þeim afleiðingum að hann fékk hnykk á öxlina. M leitaði til læknis mánudaginn 16. mars 2020 og taldi læknirinn að um væri að ræða tognun. Fékk M fjarvistavottorð fyrir atvinnurekanda og var frá vinnu á tímabilinu frá 16 – 27. mars 2020. Telur M að læknirinn hafi gert mistök við skráningu í sjúkraskrá þegar hann tilgreindi að slysið hefði orðið 15. mars í stað 13. mars. Sumarið 2021 hafi læknar breytt greiningu sinni og sögðu að M myndi ekki ná sér að fullu því sin hefði slitnað sem ekki var hægt að gera við. Hefur M gert kröfu í launþegatryggingu vinnuveitanda síns, X, hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 20. október 2021. Höfnun V byggir á því að slysið hafi orðið sunnudaginn 15. mars og því hafi ekki verið um vinnuslys að ræða en M var ekki við störf þann dag. M vísar til þess að X hafi tilkynnt slysið til Sjúkratrygginga Íslands sem vinnuslys sem varð 13. mars 2020 og þannig staðfest frásögn M með undirritun sinni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að höfnun bótaskyldu úr slysatryggingu launþega byggir á því að það sé ósannað að meiðsli M verði rakin til vinnuslyss og því falli atvikið ekki undir gildissvið umræddrar tryggingar sem nær einungis til slysa í vinnutíma eða á beinni leið til eða frá vinnu. Þegar slysið var tilkynnt til V hafði vinnuveitandi M, X, ekki heyrt af slysinu jafnvel þótt meira en ár væri liðið frá því. Vísar V til fyrirliggjandi tölvupóstsamskipta milli V og X. Ekki hafi verið rætt um vinnuslys í tengslum við fjarveru M á tímabilinu frá 16 – 27. mars 2020, heldur veikindi. Í óvinnufærnivottorðum frá þessum tíma var merkt við „önnur slys“ sem ástæðu að baki óvinnufærni en ekki „vinnuslys“. Ekkert styður þá fullyrðingu M að læknirinn sem hann hitti þann 16. mars 2020 hafi, ekki einungis haft kolranga atvikalýsingu eftir honum í sjúkraskrá, heldur einnig ritað ranga slysadagsetningu í skrána.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvenær slys M átti sér stað og þá sérstaklega hvort það hafi átt sér stað í vinnutíma eða frítíma. Engin vitni voru að atvikinu og kom lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar ekki á vettvang. Í samskiptaseðli heilsugæslu dags. 16. mars 2020 er slysinu lýst með þeim hætti að M hafi verið að moka snjó að kvöldi sunnudagsins 15. mars 2020 þegar hann dettur, ber fyrir sig hægri hönd og slasast á hægri öxl. Greining var tognun á öxl. Fékk M fjarvistavottorð fyrir tímabilið frá 16 – 25. mars 2020 og var það skráð sem „annað slys“. Það var ekki fyrr en með tjónstilkynningu lögmanns M til V, dags. 14. júní 2021, sem atvikum er lýst á þann veg að slysið hafi orðið þann 13. mars 2020 og með þeim hætti sem lýst er í málskoti. Sama lýsing kemur svo fram í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 1. júlí 2021 og svo á áverkavottorði dags. 5. október 2021. Bæði þessi gögn eru rituð rúmu ári eftir atvikið. Þrátt fyrir að X, vinnuveitandi M hafi undirritað tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands þá kemur fram í samskiptum X við V að fyrirtækið hafi ekki haft neinar upplýsingar um þetta meinta slys og staðfestir jafnframt að M hafi unnið í tíu tíma föstudaginn 13. mars 2020 og hafi því ekki verið frá vinnu þann dag.

Hvað atvikalýsingu varðar, verður að byggja á frumgögnum málsins, nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburður vitna styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Því er

ekki til að dreifa í þessu máli. Þau gögn sem M leggur fram til stuðnings hans frásögn eru öll rituð rúmu einu og hálfi ári eftir slysið. Á grundvelli þessa verður ekki talað sannað að slys M hafi átt sér stað í vinnutíma þann 13. mars 2020. Á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 300/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 3. október 2022.
3. Bréf M, dags. 26. október 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 1. nóvember 2022.

Málsatvik.

M segir í málskoti að hinn 2. september 2022 hafi aðili á vegum X komið og þrifið bifreið M á steyptu bifreiðaplani við íbúðarhús þeirra. M tóku eftir klístri og froðu á planinu eftir að bifreiðin hafði verið þrifin og það hafi ekki farið í næstu rigningu. M vísa síðan til þess að þau hafi þrifið planið með vatni, sápu og tjöruhreinsi án árangurs. Starfsmaður X hafi síðan komið og reynt að þrífa planið og M vísa til þess að hann hafi sagt að sýra væri í einhverju þeirra efna sem hann hafi notað við þrif á bifreið M.

M telja að X beri ábyrgð á skemmdum á bifreiðaplani sem bæði sé ljótt og skemmt eftir X. M telja að allar líkur séu á því að sýra skemmi þá tegund af steypu sem sé í bifreiðaplaninu og ekkert annað skýri skemmdirnar. M vísa til þess að fyrirsvarsmaður X hafi viðurkennt að hann hafi notað efni með sýru og vísa auk þess til þess að bifreiðaplanið hafi oft verið notað til þrifa á bifreiðum án afleiðinga. Þannig vísa þau því einnig á bug að skemmdir hafi komið eftir notkun tjöruhreinsis. M telja að bifreiðaplanið hafi verið eðlilega jafnt slitið en munur hafi verið verulegur á því eftir þrif X og þannig eigi V að bæta tjón þeirra.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að skemmdir á bifreiðaplani M sé að rekja til vinnubragða X. V hefur eftir forsvarsmanni X að níu dagar hafi liðið frá því að þrif á bifreið M fór fram þar til haft hafi verið samband við hann af hálfu M. Einnig vísar hann til þess að skemmdir hafi allt eins getað komið fram eftir að tjöruhreinsir hafi verið notaður til að þrífa planið af hálfu M sjálfra. V telur óljóst með hvaða hætti þær ljósu skellur í áferð steypts plans M komu til. Engin greining liggi fyrir, ekki sé útilokað að bensín, olía eða annar vökvi hafi orsakað þær eða notkun M sjálfra á tjöruhreinsi, sem innihaldi yfirleitt leysiefni. Einnig bendir V á að M hafi ekki upplýst X um að planið væri sérstaklega viðkvæmt, en almennt eigi slík að þola hreinsiefni sem almennt eru notuð við þrif á bifreiðum.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem M telja sig hafa orðið fyrir vegna ætlaðra skemmda í bifreiðarplani við húseign þeirra. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu hefur sönnunarbyrði um það skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar. Í þessu máli leið nokkur tími frá þrifum X þar til M höfðu samband við forsvarsmann X vegna útlits bifreiðaplansins. Einnig liggur fyrir að M hafi notað efni til að reyna að hreinsa planið í millitíðinni. Verður af gögnum málsins ekki talið nægilega sannað að efni sem voru notuð við þjónustu X hafi orsakað skemmdir á bifreiðaplani M. Ekki liggur fyrir hlutlaust mat á orsökum skemmda eða annað sem leiðir líkur að skaðabótaábyrgð X. Verða M að bera hallann af þeim sönnunarskorti og eiga því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 301/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Ökutæki: (A)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. september 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að aka eftir Vesturlandsvegi og lent framan á bifreið sem kom úr gagnstæðri átt með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Hún hafi ekki verið meðvituð um þessa ákvörðun að aka yfir á hinn vegarhelminginn og vísar til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem fram komi að valdi ökumaður tjóni af stórfelldu gáleysi eða undir áhrifum áfengis eða fíkniefna tapist eða minnki réttur til bóta. M hafnar því að hún hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hún hafi verið að aka á Vesturlandsvegi og keyrt yfir á rangan vegarhelming en segist ekki hafa vitað hvað olli slysinu en telur sig í mesta lagi hafa sýnt af sér gáleysi en ekki stórkostlegt gáleysi. Hún hafi ekki verið syfjuð eða neytt áfengis og var ekki í símanum. Verði ekki fallist á þetta telur M að 25% skerðing á bótum sé of mikil því ekkert bendi til þess að um hafi verið að ræða meðvitaða ákvörðun eða að háttsemi hennar hafi með einhverjum hætti borið vott um skeytingarleysi um aðsteðjandi hættu.

Í bréfi V kemur fram að það sé engin skýring á háttsemi M en háttsemin sem slík sé til þess fallin að valda stórkostlegri hættu. Hún hafi ekið yfir heila línu yfir á rangan vegarhelming sem sé brot á 3. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Ökumaður sem á móti kom hafi reynt að víkja til hægri en allt hafi komið fyrir ekki og áreksturinn orðið.

Álit.

Í 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru almennar reglur um að vegfarandi skuli fara eftir fyrirmælum og leiðbeiningum sem meðal annars eru gefnar með merkingum á yfirborði vegar. Í 18. gr. laganna kemur fram að ökumaður skuli vera með ökutæki sitt eins langt til hægri og unnt er með tilliti til umferðar og aðstæðna að öðru leyti og í 22. gr. laganna er svo kveðið á það þegar ökutæki mætast að gæta skuli að því að nægilegt hliðarbil sé á milli þeirra og aka beri varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar ef nauðsyn ber til. Ef brotið er gegn framangreindum ákvæðum er unnt að sekta ökumann. Í lögregluskýrslu sem er fyrsta gagn málsins kemur fram hjá vitni að hún hafi séð tvær bifreiðar koma úr gagnstæðri átt og skella saman með þeim afleiðingum að þær skutust upp í loftið. Í skýrslu sem var tekin af ökumanninum sem M ók framan á kemur fram að hann hafi séð bifreið M stefna að sér og hafi hann reynt að aka út í kant en bifreiðin hefði ekið stjórnlaust á sig þar sem hann var nánast komin út af malbikinu. Í skýrslu sem var tekin af farþega sem var í bílnum með M kemur fram að hún viti ekki hvað olli því að bifreiðarnar skullu saman. Í annarri skýrslu segir farþeginn að þær hafi verið að pæla í þéttu skýi eða mistri yfir himninum.

Það er ljóst af lögregluskýrslu að bifreiðarnar skullu saman og því hefur ekki verið mótmælt að M hafi ekið yfir á vegarhelminginn þar sem umferð var á móti. Markmið umferðarlaga er að vernda líf og heilsu vegfarenda með auknu umferðaröryggi. Eins og að framan er rakið kemur fram í umferðarlögunum að ökumaður skuli aka varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi. Af einhverjum ástæðum hefur M ekki gætt þeirrar varúðar sem henni bar sem ökumanni og verður að líta svo á að það teljist til stórkostlegs gáleysis að aka stjórnlaust yfir á rangan vegarhelming. Vegna þess er fallist á að það bætur M séu skertar um 25% með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V en skerða skal bætur til hennar um ¼ hluta.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 302/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Biðskylda. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 4. október 2022.
3. Bréf V2 dags. 25. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi skýrslu Aðstoðar & öryggis segir að hinn 28. ágúst 2022 hafi orðið árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B við gatnamót Lyngbarðs og Suðurbrautar, Reykjanesbæ. Er þar haft eftir M að hún hafi ekið A eftir Suðurbraut í suðurátt og beygt til vinstri inn á Lyngbarð í þeim tilgangi að snúa bifreiðinni við. Hafi hún bakkað til baka inn á gatnamót Lyngbarðs og Suðurbrautar eftir að B hafi ekið framhjá gatnamótunum til suðurs eftir Suðurbraut. Hafi B þá verið bakkað norður eftir Suðurbraut og aftur að gatnamótunum. M segist ekki hafa séð B í aðdraganda áreksturs. Haft er eftir B að hann hafi ekið suður Suðurbraut og ætlað að beygja inn á Lyngbarð. Hann hafi áttað sig á því að hann var kominn framhjá gatnamótunum og hafi ætlað að bakka eftir Suðurbraut að gatnamótum Suðurbrautar og Lyngbarðs þegar A hafi verið bakkað frá Lyngbarði inn á gatnamótin og á B. Hann hafi ekki séð A í aðdraganda áreksturs. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem taldi ökumann A bera alla sök á árekstri aðila, þar sem henni hefði verið ekið frá Lyngbarði, en þaðan sé biðskylda, og hafi því M borið að veita allri umferð um Suðurbraut forgang. M er ósammála þeirri niðurstöðu og byggir á því í málskoti og viðbótarathugasemdum að hún hafi virt biðskyldu enda hafi enginn bíll verið þegar hún byrjaði að bakka frá biðskyldunni. Hún hafi horft í allar áttir áður en hún byrjaði að bakka frá biðskyldunni og hafi séð B aka framhjá. Eftir að hann hafi verið farinn framhjá hafi hún byrjað að baka, og það hafi ekki verið fyrr en A hafi verið komin út á götuna sem B hafi neglt niður og byrjað að bakka. M verði ekki um það kennt að B hafi byrjað að bakka á móti umferð þegar A var komin út á miðja götu. A og B hafi bakkað hvor á aðra sem hljóti að eiga að leiða til þess að sök verði skipt til helminga.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, segir að félagið geri ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að A beri alla sök á umræddum árekstri, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en af henni leiði að M hafi borið að veita allri umferð um Suðurbraut forgang er hún ók frá Lyngbarði. Jafnvel þó B hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs verði þá ekki séð að ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að sér við aksturinn, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga enda hafi honum ekki borið að gæta að umferð frá Lyngbarði.

Álit.

Í 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga segir að þegar ekið er inn á veg eða yfir veg skuli ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Ákvæði þetta er afdráttarlaust og tekur til allrar umferðar á viðkomandi vegi, og þegar ekið er frá Lyngbarði inn á Suðurbraut er biðskyldumerki sem gefur til kynna að umferð um Suðurbraut njóti forgangs. Þrátt fyrir að aðstæður þessa máls séu nokkuð sérstakar, verður því að byggja á því að M hafi ekki gætt nægilega að framangreindum áskilnaði enda ber ökumanni við þessar aðstæður að fylgjast með allri umferð. Verður þá jafnframt að taka undir þann málflutning V2 að B hafi ekki haft tilefni til að fylgjast sérstaklega með umferð frá Lyngbarði, enda bar umferð þaðan, eins og áður segir, að veita umferð um Suðurbraut forgang. Mátti B því ekki vænta umferðar frá hlið en ákomur á bifreiðarnar sýna að vinstra afturhorn B og vinstra afturhorn A rákust saman er hinni síðarnefndu var ekið inn á gatnamótin. Ber A samkvæmt framansögðu alla sök á árekstri bifreiðanna.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 303/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Kaskótrygging ökutækis. Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Ásetningur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20.september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V dags. 29. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf M dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu ökumanns B, dags. 14. október 2020, urðu skemmdir á bifreiðinni B þegar A, sem M ók, ók aftan á hana. Í framhaldi þess óskaði V eftir rannsókn Aðstoðar og öryggis á umræddum árekstri. Liggur skýrsla fyrirtækisins, dags. 3. nóvember 2020, fyrir nefndinni en niðurstaða hennar er sú að umræddur árekstur hafi verið sviðsettur. M gerir kröfu um bætur vegna tjóns á A svo og bætur vegna líkamstjóns.

Í tilkynningu V til M, dags. 12. nóvember 2020 kemur fram að á grundvelli þess að umræddu tjóni hafi verið valdið af ásetningi séu bætur til M, bæði vegna munatjóns svo og líkamstjóns er hann kunni að hafa orðið fyrir, felldar niður. Í kjölfar þess áttu lögmaður M og V í frekari samskiptum og með tölvupósti til lögmanns M, dags. 14. júní 2021, ítrekaði V afstöðu sína. Í þeim tölvupósti kom jafnframt, eins og í upprunalegu höfnunarbréfi, fram að M gæti leitað til nefndarinnar innan árs frá dags. höfnunarbréfs. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum óskaði lögmaður M þess á ný, með bréfi hinn 24. ágúst 2022, að V endurskoðaði afstöðu sína.

Í málskoti kemur fram að M hafni því að umræddur árekstur hafi verið sviðsettur, og sönnunargildi einhliða aflaðrar skýrslu hvað það varðar er sérstaklega mótmælt.

Í bréfi V til nefndarinnar er fyrst og fremst gerð krafa um að málinu verði vísað frá á grundvelli þess að ágreiningnum hafi ekki verið skotið til nefndarinnar innan árs frá dags. höfnunarbréfs.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins krefst M bóta úr kaskótryggingu A svo og slysatryggingu ökumanns og eiganda A. Í 2. mgr. 51. gr., um skaðatryggingar, og 2. mgr. 124. gr., um persónutryggingar, laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, kemur fram að vátryggður glati rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða skotið máli til úrskurðarnefndar innan árs frá því að vátryggingafélag sannanlega hafnar kröfu hans í heild eða hluta. M hefur stöðu vátryggðs bæði hvað varðar kröfu úr kaskótryggingu A og slysatryggingu ökumanns og eiganda hennar. Fyrir liggur að með bréfi, dags. 12. nóvember 2020, hafnaði V kröfu M um bætur úr báðum fyrrgreindum vátryggingum á grundvelli þess að umrætt atvik væri sviðsett og tjóninu því valdið af ásetningi, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 89. gr. laga um vátryggingarsamninga. Jafnvel þó M væri veitt nokkurt svigrúm til samningaumleitana verður að líta til þess að V hafnaði kröfu hans að nýju með bréfi dags. 14. júní 2021. Verður því að telja að frestur M til að skjóta máli þessu til nefndarinnar hafi runnið út í alsíðasta lagi 14. júní 2022 en málskot barst nefndinni ekki fyrr en hinn 20. september 2022. Að fenginni þessari niðurstöðu eru þá ekki efni til að taka önnur atriði ágreinings þessa til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr kaskótryggingu og slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 305/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging sjómanna.
Vafn vátryggingartaka X

Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi orðið fyrir tveimur slysum við störf sín um borð í A, fyrra slysið hafi átt sér stað hinn 3. febrúar 2018, en hið síðara 1. desember 2019. Við fyrra slysið hafi M hlotið áverka á öxl sem hafi verið metnir til 5 stiga miska og 5% varanlegrar örorku. V hafi fallist á bótaskyldu vegna síðara slyssins en hafnað kröfu M um bætur vegna fyrra slyssins þar sem tilkynningarfrestur á grundvelli 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn er tilkynning barst V hinn 16. febrúar 2021, eða rúmum þremur árum eftir slysið. M mótmælir þeirri afstöðu. Þegar M hafi komið í land eftir fyrra slysið, hafi hann leitað læknis og fengið ávísað verkjalyfjum. Sumarið 2018 hafi hann farið í segulómun og í kjölfarið verið vísað til bæklunarlæknis sem tók hann til aðgerðar 5. desember 2018. Hafi M náð góðum bata eftir aðgerðina og verið útskrifaður úr sjúkraþjálfun með góða hreyfigetu og styrk hinn 7. mars 2019. Í síðara slysinu hafi M aftur fengið áverka á sömu öxl og við það hafi öll einkenni sem hann hafði eftir fyrra slysið ýfst upp. Hafi hann leitað til læknis hinn 2. janúar og aftur 27. mars 2020 og fengið verkjalyf og bólgueyðandi sterasprautur í axlarliðinn. Hafi M í október 2020 óskað eftir tilvísun til bæklunarlæknis og í framhaldinu hafi verið framkvæmd enduraðgerð á vinstri öxlinni í janúar 2021. Í kjölfarið, 16. febrúar 2021, hafi V verið tilkynnt um bæði slysin. M byggir á því að tilkynningarfrestur hafi ekki verið liðinn þá enda beri að miða við tímamarkið þegar tjónþoli raunverulega geri sér grein fyrir því að slys hafi í för með sér varanlegar afleiðingar. Í því samhengi hafi verulega þýðingu hvort sérfræðingar hafi tjáð tjónþola að einkenni séu svo alvarleg, eða svo langvarandi, að fullur bati sé útilokaður. Hafi tjónþoli þá t.a.m. verið til meðhöndlunar sjúkraþjálfara og vonir standi til að slík meðferð skili fullum bata sé eðlilegt, meðan slíkar æfingar skili framförum, að tjónþoli hafi réttmætar væntingar um að ekki verði varanlegar afleiðingar af slysi. Með hliðsjón af dómafordæmum byggir M á því að það hafi ekki verið fyrr en á síðari hluta ársins 2020 sem M hafi getað gert sér grein fyrir að slysið sem átti sér stað í febrúar 2018 hefði varanlegar afleiðingar. Hann hefði áður náð góðum bata með aðgerð og sjúkraþjálfun og gat stundað vinnu sína þar til einkenni tóku sig upp og versnuðu við seinna slysið. Það hafi því ekki verið fyrr en við skoðun læknis í nóvember 2020 sem M mátti vera ljóst að afleiðingar slysanna væru þess eðlis að ekki næðist fullur bati. Hafi tilkynning til V verið send þremur mánuðum síðar og því vel innan þess frests sem 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga kveði á um.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að M hafi glatað bótarétti sínum vegna slyssins í febrúar 2018 enda hafi hann ekki gert kröfu um bætur vegna þess innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik að baki kröfu sinni. Snúist ágreiningur aðila því um það hvenær M hafi fengið raunverulega vitneskju um að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni. V telur að það hafi verið hinn 24. júní 2019, þegar M óskaði eftir áverkavottorði til að sækja rétt sinn hjá Sjúkratryggingum Íslands. Í samskiptaseðli vegna þeirrar beiðni segi „Öxl er betri eftir aðgerð en alls ekki góð, getur t.d. ekki legið á henni og einnig erfitt með að vinna upp fyrir sig en nú betri að vinna niður fyrir sig.“ Í áverkavottorði segi þá: „Skemmd á viðbeinsenda og AC lið. Áfram verkjaástand en verulegur árangur til bata eftir aðgerð.“ Á þessum tíma hafi sumsé legið fyrir að M hafi hlotið skemmd á öxl, náð góðum árangri en ekki fullum bata. Þá hafi frekari meðferð ekki verið fyrirhuguð enda hafi M þá þegar gengist undir aðgerð og sjúkraþjálfun eftir hana verið lokið. Þegar M hafi leitað til læknis hinn 2. janúar 2020, eftir síðara slysið hafi jafnframt komið fram í þeirri komu að hann hafi ekki verið með öllu góður eftir aðgerð vegna fyrra slyss. Á þeim tíma hafi M því átt að vera ljóst um varanleika afleiðinga fyrra slyssins. Oh því hafi ársfrestur verið liðinn þegar V barst tilkynning hinn 16. febrúar 2021. Þó M hafi síðar lent í öðru slysi sem leitt hafi til einkenna frá öxl geti það ekki leitt til seinkunar á upphafstíma ársfrests vegna slyss sem átti sér stað tæplega tveimur árum áður og verulegur árangur til bata hafði átt sér stað vegna.

Álit.

Í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga segir að sá sem eigi rétt til bóta, þ.e. í þessu tilviki M, samkvæmt slysatryggingu, sjúkratryggingu eða heilsutryggingu glati þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. M varð fyrir umræddu slysi hinn 3. febrúar 2018 og var V tilkynnt um tjónið hinn 16. febrúar 2021, eða rúmlega þremur árum síðar. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð dags. 23. júlí 2022 var stöðugleikapunktur metinn hinn 5. mars 2019, eða þremur mánuðum eftir aðgerð á öxlinni, en eins og rakið er að framan gekkst M undir aðgerð vegna afleiðinga slyssins hinn 5. desember 2018. Liggur þá fyrir að M hafi verið óvinnufær að fullu frá 4. desember til 28. febrúar 2019. Í kjölfar aðgerðarinnar sótti M þá sjúkraþjálfun, en samkvæmt fyrirliggjandi greinargerð sjúkraþjálfara var hann útskrifaður úr henni hinn 7. mars 2019. Þá voru hreyfigeta og styrkur komin að góðu leyti og ákveðið að M prófaði sig áfram við vinnu, enn væru þó til staðar verkir og M þyrfti að vera meðvitaður um hreyfingar. Eftir 7. mars 2019 verður ekki séð að frekari meðferð hafi verið fyrirhuguð vegna afleiðinga slyssins hinn 3. febrúar 2018 og þá verður ekki séð að M hafi leitað læknisaðstoðar vegna þeirra, utan þess að hinn 24. júní 2019 óskaði hann eftir áverkavottorði. Í beiðni vegna þess kemur fram að öxlin sé betri eftir aðgerðina en alls ekki góð, M geti t.d. ekki legið á henni og eigi erfitt með að vinna upp fyrir sig. Í fyrirliggjandi áverkavottorði, sem var móttekið af Sjúkratryggingum hinn 19. júlí 2019, segir þá að við slysið hafi M tognað í vinstri öxl og „fundið vel fyrir því síðan“, um meðferð/batahorfur segir þá „áfram verkjaástand en verulegur árangur til bata eftir aðgerð.“ Samkvæmt þessu verður að miða við að þegar M óskaði eftir áverkavottorði hafi hann enn fundið fyrir afleiðingum slyssins og því mátt vera ljóst að um varanlegar afleiðingar væri að ræða, en eins og áður segir var engin frekari meðferð fyrirhuguð á þeim tíma. Verður samkvæmt framansögðu að miða við að M hafi, hinn 24. júní 2019, eða í síðasta lagi við útgáfu áðurnefnds áverkavottorðs, haft vitneskju um þau atvik sem bótakrafa hans á hendur V er reist á. Var tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga því liðinn þegar tjónstilkynning barst V hinn 16. febrúar 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna X hjá V vegna slyss hinn 3. febrúar 2018.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 306/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. ágúst 2022.
2. Tölvupóstur V1, dags. 25. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 28. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarframburður M, dags. 15. nóvember 2022, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M, sem eigandi bifreiðarinnar A, tilkynnti um tjón á bifreið sinni sem hún telur að megi rekja til foks á jarðefni frá bifreiðinni B, er bifreiðarnar mættust þann 13. maí 2022 á Suðurlandsvegi við Hellu. Bifreið B er vátryggð hjá V2 og bifreið A er vátryggð hjá V1. Kveðst M hafa náði bílnúmeri bílsins og haft strax samband við lögreglu. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem haft er eftir M að hún hafi snúið strax við og fundið bifreiðina B á Hellu. Hafði lögregla samband við X, skráðan eiganda bifreiðarinnar B sem kvaðst hafa verið á þessari leið, en hann kvað sig ekki vera ábyrgan, heldur aðra bifreið frá fyrirtækinu Y sem var fyrir aftan hans bifreið. Kvaðst X hafa verið að flytja sand og ekki haft segl yfir bifreiðinni. M vísar til myndbands af tjóni á bifreiðinni A sem tekið var strax eftir atburðinn.

V1 skilar ekki inn frekari greinargerð en vísar til lögregluskýrslu og myndbands af tjóni.

V2 telur ósannað að gegn staðfastri neitun ökumanns B, að tjónið á bifreiðinni A sé af völdum bifreiðarinnar B. V2 hafnar því bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B.

Álit.
Ágreiningur málsins snýst um hvort sannað sé að tjón sem varð á bifreiðinni A, megi rekja til jarðefnis sem fauk af bifreiðinni B hinn 13. maí 2022. Ökumaður bifreiðarinnar B neitar því ekki að hafa verið að aka á þeim slóðum sem atvikið átti sér stað og var að flytja laust jarðefni án þess að notast við yfirbreiðslu til að sporna því að ryk, sandur eða möl gæti fallið af ökutækinu. Hann kveður hins vegar að tjónið megi rekja til annarrar bifreiðar sem ók á eftir bifreið hans í umrætt sinn. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar varðandi það hvort M hafi reynt að hlutast til um að frekari upplýsingar yrðu fengnar um ökumann þeirrar bifreiðar eða að tekin yrði framburðarskýrsla af þeim ökumanni. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. M leitaði ekki til lögreglu vegna atviksins fyrr en 26. júní 2022, rúmum mánuði eftir að tjónsatvikið átti sér stað. Engin vitni voru að tjónsatvikinu og gegn neitun ökumanns B, verður M að bera hallan af sönnunarskorti í málinu. Á M, sem eigandi bifreiðarinnar A, því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 307/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. október 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 24. október 2019 kemur fram að M slasaðist við vinnu sína í verksmiðju X þar sem verið var að ræsa nýja vél sem sér um að þurrka plast. Rök vélarinnar hafi óvænt farið í sundur og kveðst M hafa slökkt á vélinni og hafi samstarfsmaður hans fundið tröppu sem M fór upp í til þess að setja rörið aftur saman. Er hann var staðsettur ofarlega í tröppunni fékk hann blástur úr rörinu í augað og við það missti hann jafnvægið og féll niður úr tröppunni og slasaðist. Haft er eftir verkstjóra M að M væri sérfræðingur á þessa vél sem væri ný í notkun hjá X en hann hefði ekki formlega hafið störf hjá fyrirtækinu þrátt fyrir að búið væri að ráða hann til starfa. Hann hafði verið fenginn þennan dag til að hjálpa starfsmönnum X að ræsa nýju vélina. Starfsmaður Vinnueftirlitsins kom á vettvang og var niðurstaða rannsóknar eftirlitsins sú að orsök slyssins mætti rekja til ófullnægjandi búnaðar við framkvæmd verksins, þ.e. að trappa var notuð við verkið og öryggi ekki tryggt á annan hátt. Meðvirkandi þættir voru að öryggisgleraugu/andlitshlíf var ekki notuð og verkþátturinn hafði ekki verið áhættumetinn. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V. Telur M að af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum megi greinilega sjá að vinnuveitandinn, X, brást skyldum sínum samkvæmt 14. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006. Telur M það hafa verið eðlilegan hluta af starfsskyldum sínum og annarra starfsmanna á svæðinu að setja rörið aftur saman og þar með vinna í þessari hæð. Að mati M sýndi X eða starfsmenn á hans vegum sem sinntu verkstjórn, af sér saknæma háttsemi sem leiddi til líkamstjóns M, enda var m.a. verulegur skortur á því að búnaður, verkstjórn, verklag, verkskipulag og þjálfun starfsmanna væri með viðunandi hætti og til samræmis við skyldur fyrirtækisins þar um. Þannig beri að staðfesta bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins. Uppsetningu vélarinnar var lokið þegar slys M átti sér stað. M hafði ekki formlega hafið störf þegar slysið gerðist en var boðið að vera á staðnum þegar vélin yrði gangsett og fylgjast með öllu ferlinu þar sem hans starf hjá X átti að felast í vinnu við þessa tilteknu vél. M hafði því engum skyldum að gegna á slysdegi hjá X. Rörið fór skyndilega í sundur, eitthvað sem enginn bjóst við eða gerði ráð fyrir að gæti gerst. Það hefði ekki átt að fara fram hjá M að blástur kæmi enn frá rörinu og þar með ekki búið að slökkva með fullnægjandi hætti á vélinni. Til staðar voru persónuhlífar fyrir starfsmenn en hefði M notast við þær hefði slysið mögulega ekki gerst. Að mati M var ekki nauðsynlegt að setja rörið strax aftur saman, rétt hefði verið að tryggja að enginn blástur kæmi frá vélinni og drepa alveg á henni áður en hafist væri handa við að koma henni í lag aftur. Það var enginn sem gaf M fyrirmæli um að bregðast við aðstæðum með þessum tiltekna hætti. Ekki lá fyrir áhættumat fyrir vinnu í hæð eða búnaður ætlaður fyrir menn til vinnu í þessari tilteknu hæð þar sem vinna í hæð var ekki hluti af starfsskyldum M né annarra starfsmanna X. Slysið megi þannig ekki rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Slys M var rannsakað af Vinnueftirlitinu sem gerði athugasemdir við að ekki ófullnægjandi búnaður var notaður við verkið, öryggisgleraugu eða öryggishlíf var ekki notuð og að verkþátturinn hafi ekki verið áhættumetinn. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi, án þess að hafa formlega hafið störf hjá X eða fengið fyrir mæli þar um, tekið þá ákvörðun að fara upp í tröppur til þess að setja rörið aftur saman. Þannig var það M sjálfur sem slökkti á vélinni og fór

upp í tröppurnar án þess að hafa öryggisgleraugu og án þess gæta að því hvort enn væri blástur að koma frá vélinni. Hefur M auk þessa ekki sýnt fram á að slysið megi rekja til þess að verkþátturinn var ekki áhættumetinn en X hefur gefið þá skýringu að ástæða þess sé sú að vinna í hæð sé ekki hluti af starfsskyldum M né annarra starfsmanna. Verður þannig ekki annað ráðið en að hér hafi verið um að ræða óvænt atvik sem upp hafi komið við gangsetningu vélarinnar og að slysið megi rekja til þess að M ákvað sjálfur að framkvæma viðgerð án þess að tryggja öryggi sitt með fullnægjandi búnaði. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að umrætt atvik verði rakið til sakar X eða aðila sem það ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 308/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. október 2022.

Málsatvik.

M slasaðist hinn 7. júlí 2021 í frítíma sínum og tilkynnti tjón sitt í slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hinn 15. september 2021 til V. Í svari V hinn 20. september 2021 kemur fram að slys M hafi verið skráð og vísað til bótaþátta vátryggingarinnar og M hvattur til að kynna sér efni vátryggingarskilmála. Hinn 25. júlí 2022 lá fyrir matsgerð vegna afleiðinga slyssins, en þar kom m.a. fram að varanleg læknisfræðileg örorka M var metin 5%. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafi greitt bætur í formi dagpeninga vegna tímabundinnar óvinnufærni vegna slyss M en V hefur neitað að greiða bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og vísað til gr. 5.2.2 í frítímaslysatryggingu í vátryggingarskilmálum þar sem segir að ekki séu greiddar út bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%.

M telur að V eigi að greiða bætur vegna 5% varanlegrar örorku M og að sú tjónstakmörkun sem komi fram í fyrrnefndu ákvæði 5.2.2 í vátryggingarskilmálum eigi ekki við í málinu. M vísar í þeim efnum til þess að V hafi ekki minnst orði á umrædda tjónstakmörkun í samskiptum við M eða lögmann. M byggir auk þess á því að ef V ætli að halda sig við jafn víðtæka ábyrgðartakmörkun og fram kemur í skilmálum þurfi hún að koma skýrt fram í vátryggingarskírteini, sbr. 18. tl. 2. gr og 12. gr. c í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar M til þess að ef V ætli að takmarka ábyrgð sína þá verði það að tilkynna slíkt innan ástæðulauss dráttar, sbr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga. Einnig bendir M á að háttalag og sinnuleysi V geti með engu móti samræmst ákvæðum laga um vátryggingarsamninga þar sem við samskipti vegna málsins, greiðslu dagpeninga, gagnaöflun og matsfund hafi aldrei verið minnst á umrædda takmörkun. M sé auk þess af erlendum uppruna og skilji takmarkað í íslensku.

V vísar til þess að ákvæði í vátryggingarskilmálum um 15% lágmark læknisfræðilegrar örorku til greiðslu bóta sé ekki ábyrgðartakmörkun heldur feli ákvæðið í sér skilyrði greiðsluskyldu. Einnig vísar V til þess að það hafi með tölvupósti til M hinn 20. september 2021 sérstaklega hvatt M til þess að kynna sér efni skilmála, sérstaklega hvað varðar rétt hans til bóta vegna læknisfræðilegrar örorku. V telur að félagið hafi gætt að fyrirmælum 18. tl. 2. gr. og c-liðar 12. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar V til þess að M hafi leitað til lögmanns vegna málsins strax í byrjun árs 2022 og lögmaðurinn hafi fengið bæði vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmála í hendur strax þá. Einnig telur V að gildissvið 94. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi ekki við um mál M þar sem tilkynningarskylda vátryggingafélaga á grundvelli þess ákvæðis eigi einungis við þegar þau bera fyrir sig að þau séu laus úr ábyrgð skv. XIII. kafla laganna, en ekkert komi fram í þeim kafla um skilyrði greiðsluskyldu vátryggingarskilmála og eigi ákvæðið því ekki við í máli M.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur um gildissvið gr. 5.2.2 í vátryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar M hjá V þar sem kemur fram eftirfarandi texti: *„Ekki eru greiddar bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku ef hún er lægri en 15%“.*

Í 12. gr.c. í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram hvað þurfi að koma fram í vátryggingarskírteini og að vátryggingafélag skuli afhenda viðskiptavini sínum slíkt skírteini og vátryggingarskilmála. Einnig kemur fram í stafliðum a.-g. í 12. gr. c hvað þurfi að koma fram í vátryggingarskírteini. þar segir í e.lið að í vátryggingarskírteini skuli koma fram árétting til viðskiptavinar um að hann kynni sér ákvæði skilmála vátryggingarinnar sem varða fyrirvara sem tengjast greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur sem um vátrygginguna gilda og fresti til að tilkynna um vátryggingaratburð. Í vátryggingarskírteini V vegna fjölskyldutryggingar M kemur slík

árétting fram um að kynna sér efni skilmála um t.d. takmörkun ábyrgðar. Verður umrædd lagagrein ekki túlkuð þannig að ákvæði, eins og í gr. 5.2.2 í vátryggingarskilmálum frítímaslysatryggingar fjölskyldutryggingar V þurfi að koma fram í vátryggingarskírteininu sjálfu, en fyrirmæli 12. gr.c. kveða ekki á um það með skýrum hætti. Verður því ekki litið framhjá ákvæði gr. 5.2.2, svo sem vísað hefur verið til þess hér að ofan þannig að lagt sé til grundvallar að greiða eigi bætur fyrir 5% læknisfræðilega örorku, eins og M hefur krafist. Umrætt ákvæði er skýrt og þó fallast megi á að starfsmenn V hefðu getað minnt M eða lögmann hans á ákvæðið þegar tölvupóstur var sendur til M um bótaþætti tryggingarinnar eða þegar lögmaður M sendi upplýsingar til V um matsferli, þá verður ekki litið framhjá því að ákvæðið er hluti af vátryggingarsamningi M við V og höfðu M og lögmaður hans alla möguleika á því að kynna sér efni samningsins, eins og áréttað hafði verið við M að gera í vátryggingarskírteini sem og var vísað til þeirra í fyrrnefndum tölvupósti V til M hinn 20. september 2022.

Hvað varðar tilkynningaskyldu V skv. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga þá nær hún eingöngu til þess þegar vátryggingafélög takmarka ábyrgð sína með hliðsjón af heimildum sem eru í XIII. kafla laganna. Ekki reynir á ákvæði þess kafla í málinu og verður því ekki byggt á þessari grein og M á skv. ofansögðu ekki rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 309/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. október 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. nóvember 2020 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir slysi. M hafi verið að vinna við bútsög og hlífin á söginni hafi staðið á sér án þess að M tæki eftir því. Þegar M hafi sótt spýtu hafi hanski hans fest í söginni með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hendi. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 16. nóvember 2020, fyrir nefndinni. Er þar haft eftir M að hann hafi lokið við að saga spýtu og slökkt á söginni. Hafi hönd hans þá runnið til og lent undir sagarblaðinu þar sem hlífin á söginni hafi ekki farið niður. Þá kemur fram að lögregla hafi rætt við starfsmann Vinnueftirlitsins sem hafi ekki talið þörf á að koma á vettvang. Í málskoti kemur fram að M hafi aðeins verið búinn að vinna við sögina í nokkra daga fyrir slysið og hafi ekki þekkt til þessa veikleika hennar en samstarfsmaður hans hafi vitað að hlífin ætti til að standa á sér en ekki varað M við því. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns síns en V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 27. janúar 2022 á grundvelli þess að við skoðun hefði ekkert fundist að hlífinni og virkni hennar hefði verið eðlileg. Byggir M kröfu sína á því að ljóst sé að slys hans sé að rekja til vanrækslu X á því að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað en ljóst sé að mikil hætta hafi stafað af söginni þar sem öryggisbúnaður hennar stóð á sér. Sú skylda hvíli á vinnuveitanda að útvega starfsfólki tæki sem ógni ekki öryggi þess eða heilsu. Vísar M til ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stoð í þeim máli sínu til stuðnings. Þar sem slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en daginn eftir, og því ekki til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, beri þá að leggja til grundvallar frásögn M af atvikum, þ.m.t. frásögn hans um vitneskju samstarfsmanns hans um vanbúnað sagarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að slys M verði ekki rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á gagnvart M. Um óhappatilvik hafi verið að ræða. Slys M hafi verið tilkynnt til lögreglu, og komi fram í skýrslu hennar að starfsmaður Vinnueftirlitsins hafi ekki talið þörf á því að koma á vettvang. Í lögregluskýrslu komi ekkert fram um að sögin hafi verið vanbúin heldur hafi verið talið að sag eða eitthvað annað hafi skapað fyrstöðu sem leitt hafi til þess að blaðhlífin fór ekki strax niður. X hafi þá sent sögina til skoðunar þjónustuaðila og hafi ekkert athugavert komið fram um virkni hlífarinnar við þá skoðun. Þá hafi X ekki haft vitneskju um hugsanlega bilun eða vanbúnað á umræddri sög áður fyrir slys M.

Álit.

Af því sem kemur fram í lögregluskýrslu, tilkynningu til Vinnueftirlitsins, og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 15. janúar 2021, virðist ekki um það deilt að umrætt sagarblað hafi staðið á sér af einhverjum ástæðum. Leiðir það eitt og sér ekki til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt fyrirliggjandi bréfi Vinnueftirlitsins, dags. 20. nóvember 2020, barst tilkynning frá X hinn 5. nóvember 2020. Þá kemur jafnframt fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að lögregla hafi á slysdegi haft samband við starfsmann Vinnueftirlitsins sem ekki hafi talið ástæðu til vettvangsrannsóknar. M byggir á því vanræksla X á að tilkynna um slysið hafi leitt til þess að Vinnueftirlitið hafi ekki getað

rækt skyldu sína til rannsóknar skv. 81. gr. laga nr. 46/1980. Verður samkvæmt framansögðu ekki fallist á það. Verður því ekki séð að vikið verði frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að slys M hafi ekki verið tilkynnt réttilega. M byggir þá m.a. á því að samstarfsmaður hans, sem hafi vitað að hlífin ætti til að standa á sér, hafi ekki varað hann við því. Engin frekari gögn liggja þó fyrir um það og verður M samkvæmt framansögðu að bera hallann af því. Er þá ekki sýnt fram á að virkni sagarinnar að þessu leyti hafi verið óeðlileg eða ófullnægjandi fyrir umrætt atvik, og samkvæmt fyrirliggjandi bréfi þjónustuaðila, dags. 26. janúar 2022, er lýst viðgerð á geirungssög sem var yfirfarin og smurð og framkvæmdar á henni viðgerðir sem voru ótengdar hlífinni. Verður þá ekki séð að gerðar hafi verið athugasemdir við hlífina fyrir slysið, eða að X hafi mátt vera ljóst að slysahætta væri af notkun hennar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slys M verði rakið til annarra aðstæðna eða atvika sem X beri ábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til atriða sem X ber bótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 310/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 14. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 26. nóvember 2019 er bifreiðinni A var ekið utan í hann er hann gekk yfir gatnamót á grænu umferðarljósi. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu skall hliðarspegill bifreiðarinnar í maga M með þeim afleiðingum að hann brotnaði. M leitaði samdægurs á slysadeild Landspítalans og var þar greindur með mar á kviðvegg. Þann 30. júlí 2020 tilkynnti M líkamstjón sitt til V sem samþykkti bótaskyldu vegna atviksins með tölvubréfi dags. 31. júlí 2020. Ágreiningur er milli aðila um það hvort af slysinu hafi hlotist varanlegar afleiðingar. M kveðst ekki hafa neina fyrri sögu um áverka á kvið eða kviðverki og telur læknisfræðileg gögn bera með sér að hann hafi enga fyrri áverka á vinstri ökkla. M byggir á því að fyrir liggi sönnun í læknisfræðilegum gögnum um að hann sé með varanlegar afleiðingar eða hann hafi a.m.k. leitt að því nægar líkur að hann sé með varanlegar afleiðingar vegna umferðarslyss er hann var fyrir þann 26. nóvember 2019. Hann sé enn að kljást við afleiðingar umferðarslyssins, tæplega þremur árum síðar og því einsýnt að M sé með varanlegar afleiðingar.

V óskar eftir að máli þessu verði vísað frá nefndinni og vísar til þess að ágreiningur heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar skv. 3. gr. samþykkta hennar enda hafi bótaskylda þegar verið viðurkennd. Félagið telur ómögulegt að slysið hafi valdið M tímabundnum eða varanlegu líkamstjóni og hefur því ekki viljað standa að mati á meintum afleiðingum slyssins. Telur M að M sé í lófa lagið að afla mats á meintum afleiðingum slyssins utan réttar, láta dómkveðja matsmenn eða leita til Örorkunefndar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafni því að M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að orsakatengsl séu ekki til staðar milli líkamlegra einkenna M og slyssins þann 26. nóvember 2019. Með vísan til þess verður ekki fallist á frávísun málsins á grundvelli þágildandi 1. mgr. 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hefur allt frá slysdegi kvartað undan verkjum í kvið og vinstri ökkla. Hefur hann leitað þrisvar sinnum á heilsugæslu eftir slysið, farið í ómskoðun, sjúkraþjálfun og í skoðun til skurðlæknis til nánara mats. Við skoðun hjá skurðlækni var M aumur í kviðnum eftir áverka og taldi skurðlæknirinn að þessi einkenni tengdust ekki kviðsliti sem greindist í ómskoðun þann 21. janúar 2021. Fékk M því almennar ráðleggingar og ráðleggingar um sjúkraþjálfun. Við skoðun hjá heimilislækni þann 15. október 2021 greinist M enn og aftur með eymsli yfir hægri efri fjórðungi kviðar líkt og áður. Var það mat heimilislæknis að líklegast væri þetta mataræðistengd vandamál og að ólíklegt væri að þessi einkenni tengdust umræddu slysi. Þrátt fyrir mat heimilislæknis að einkenni M frá kvið tengist líklega mataræði þá hefur ekki verið útilokaða að einkenni hans, sem hafa verið stöðug allt frá slysdegi, tengist umferðarslysinu þann 26. nóvember 2019. Um er að ræða sértæk einkenni sem ekki voru til staðar fyrir slysið. Verður þannig að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 311/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. október 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 11. nóvember 2022.

Málsatvik.

M féll í hálku þegar hún var við vinnu sína í X sem starfrækir verslun í því húsnæði. M lýsir atvikum þannig að hún hafi verið nýkomin til vinnu rétt eftir kl.9 að morgni þegar verslunarstjóri X hafi beðið hana um að vísa gestum að útisalerni. M kveðst hafa gengið út á ramp sem hafi verið þakinn snjó og runnið aftur fyrir sig á rass og bak og auk þess skollið með hnakkann á rampinn. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins kemur fram af hálfu X að M hafi runnið til á rampi og þann dag hafi verð rigning sem frosið hafi verið jörðu og flughálka myndast á skömmum tíma.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar þar sem á X sem vinnuveitanda og sem rekstraraðila mannvirkis hafi hvílt athafnaskyldur að sjá til þess að aðbúnaður húsnæðis væri þannig að ekki hlytist tjón af. M bendir auk þess á að starfsemi X sé rekin í hagnaðarskyni og byggist á að fá innlenda og erlenda viðskiptavini í verslun sína, sakarmat Þeim mun ríkari skyldur hafi því hvílt á X að sinna hálkuvörnum á tjónsdegi, snjóað hafi dagana á undan og ekki sé sýnt að X hafi sinnt hálkuvörnum með fullnægjandi hætti. M bendir auk þess að bág birtuskilyrði og slæm útilýsing hafi verið á vettvangi. Einnig bendir M á að vanrækt hafi verið að tilkynna um slys hennar til Vinnueftirlitsins en X hafi borið skylda til þess skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því að leggja lýsingu M af aðstæðum til grundvallar. Einnig vísar M til þess að X hafi ekki gætt nægilega hátternisreglna í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 og í lögum nr. 46/1980. Þessu til viðbótar er skorað á X að upplýsa um hvort samningur milli X og annarra atvinnurekenda í „Hakinu“ er lýtur að öryggi, aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, eða eftir atvikum veita aðgang að honum.

V hefur hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M og telur engan ágreining um tildrög slyss hennar, þ.e. að M hafi runnið á rampi vegna hálku og vísar til tilkynningar X til Vinnueftirlitsins um að flughálka hafi myndast á skömmum tíma vegna veðuraðstæðna. V vísar einnig til þess að almennt verði fólk að gera ráð fyrir að slíkar aðstæður geti myndast og engar tilkynningar hafi borist um önnur slys vegna hálku sama dag. V vísar til eþss sað verklag sé með þeim hætti að helstu gönguleiðir séu sandaðar, þar á meðal umræddur rampur, alla morgna fyrir opnun og það hafi verið gert þann morgun sem M slasaðist. Einnig vísi X til þess að ljóskastarar lýsi á rampinn og ekki hafi verið kvartað yfir lýsingu eða aðgengi að verslun X. V telur því ósannað að hægt sé að rekja líkamstjón M til vanrækslu á hálkuvörnum eða annarra aðstæðna sem X ber ábyrgð.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M frá 11. nóvember 2022 er því mótmælt að slys M hafi orðið vegna hennar aðgæsluleysi og bent er á að háttsemi M sem tjónþola komi einungis til skoðunar ef skilyrði 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 eru uppfyllt um stórkostlegt gáleysi eða ásetning M. Einnig er bent á að ekki liggi fyrir sönnunargögn um verklag X á slysdegi varðandi hálkuvarnir og beri X hallann af slíkum sönnunarskorti vegna vanrækslu á að hafa tilkynnt slys M til Vinnueftirlitsins.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að óumdeilt sé að M var í vinnu hjá X þegar hún féll aftur fyrir sig hinn 21. nóvember 2021 á rampi sem liggur úr úr húsnæði hvar verslun X er starfrækt. Ágreiningur liggur helst í því hvort snjóað hafi yfir hálku á rampinum þannig að hún hafi ekki verið sýnileg M eða hvort hálka hafi myndast skyndilega vegna veðuraðstæðna. Við mat á sönnun atvika verður annars vegar að líta til þess að X vanrækti að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins þegar í ljós kom að hún yrði óvinnufær í meira en einn dag vegna þess, sbr. 1. málsliður 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Í málsgögnum kemur þó fram að X hafi tilkynnt innan sjö daga skriflega um slysið eða 25. nóvember 2021. Engin skrifleg

skýrsla liggur fyrir þar sem framburður M af atvikum kemur fram. Kemur þó fram í umboði hennar til lögmanns dags. 14. júní 2022 að hún hafi „..gengið eftir stétt sem snjó og rann á svelli sem var undir snjónum..“ Í læknisfræðilegum gögnum kemur einnig fram að M hafi gengið á snjóþöktum rampi þegar hún datt aftur fyrir sig. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að salt eða sandur hafi verið borinn á rampinn, annað en það sem haft er eftir X í bréfi V til nefndarinnar dags. 24. október 2022.

Þó frásögn M af atvikum sé lögð til grundvallar, er ekki þar með sagt að sýnt sé að skaðabótaábyrgð X sé fyrir hendi. Frásögn M lýtur að því að rampur sem hún gekk út á hafi verið snæviþakinn og hálka á honum. Ekkert liggur fyrir um að aðstæður hafi verið sérstaklega varhugaverðar þennan dag þannig að öðrum starfsmönnum X hafi mátt vera ljóst að sérstakar almennar varúðarráðstafanir hafi þurft að gera áður en gengið var út á áðurnefndan ramp. Vetrarveður á Íslandi getur verið með þeim hætti að aðstæður breytast hratt og ekki liggur fyrir m.v. fyrirliggjandi sönnunargögn að sérstakar ráðstafanir af hálfu X hafi verið gerðar eftir slysið eða hefðu þær verið gerðar fyrir slysið að það hefði komið í veg fyrir fall M. Verður því ekki talið nægilega sannað að aðstæður hafi verið með þeim hætti að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M hinn 21. nóvember og verði það rakið til óhappatilviks og greiðast því ekki bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu atvinnureksturs X hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 312/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í vinnuslysi þann 15. mars 2022, er hann var að störfum fyrir X. Atvikum er lýst á þann hátt í málskoti að M var að fjarlægja u.þ.b. 15 kg. kassa sem hvíldi á pallettu sem komið hafði verið í brjósthæð upp á göflum lyftara. Í þann mund sem M var að taka einn af þeim kössum sem honum var falið að fjarlægja af pallettunni, rann M til í bleytu, með kassann í höndunum, með þeim afleiðingum að slinkur kom á bak M og hann slasast. M kveður ástæðu þess að hann rann vera hveiti og olía sem hafi legið á gólfi lagersins. Byggir M á því að X hafi borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins eigi síðar en sólarhring frá slysinu þar sem hann hafi verið óvinnufær í lengri tíma eftir atvikið. Sökum dráttar M að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið, hafi aðstæður og atburður ekki verið rannsakaður af hálfu eftirlitsins. Sú staðreynd hafi í för með sér að leggja verði til grundvallar framburð og lýsingu M á orsökum og tildrögum slyssins, einkum að orsök þess að M fær hnykk á bakið, er að M rennur til á sleipu undirlagi lagergólfsins, með kassa í fanginu. M hafnar þeirri lýsingu á slysinu sem fram kemur í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins en sú lýsing var ekki borin undir M. Mótmælir M einnig skráningu í sjúkraskrá, hún sé verulega almenn og ónákvæm og hafi þannig ekki ríkt sönnunargildi við útlausn þessa máls. Byggir M þannig á því að skyndilegur jafnvægismissir á sleipu gólfi, hafi orðið til þess, að hann hafi slasast í umrætt sinn. Um sé að ræða óvæntan atburð sem rekja megi til utanaðkomandi orsakar, þ.e. hálu gólfi á vinnustað M, og valdið hafi meiðslum á líkama hans. Að mati M sé því óhætt að fullyrða að líkamstjón hans sé að rekja til bótaskylds slyss, líkt og hugtakið er skilgreint í skilmálum V og almennt í vátryggingarétti. Vísar M til dóma og fræðirita máli sínu til stuðnings.

V vísar til gagna málsins og rekur tímaröð þeirra. Samræmi sé í frásögnum M hjá lækni á slysadeild Landspítalans sama dag og slysið átti sér stað og hjá lækni á heilsugæslu þann tveimur dögum síðar, þann 17. mars 2022. Sömu lýsingu sé einnig að finna í tilkynningu X til Vinnueftirlitsins. Í öllum þessum gögnum er talað um skyndilegan bakverk eða að M hafi fengið tak í bakið. Fyrsta og eina frásögn M um að hafa runnið til í bleytu á gólfi komi fram í umboði hans til lögmanns þann 22. apríl 2022. V telur það ljóst að um álagsmeiðsli sé að ræða en slík meiðsli sem eiga sér stað innan líkama hins vátryggða eru almennt ekki talin vera slys í skilningi slysahugtaksins. Rannsókn Vinnueftirlitsins hafi ekki áhrif í þessu máli þar sem um sé að ræða slysatryggingu launþega og það hvort um sé að ræða slys eða ekki í skilningi tryggingarinnar.

Álit.

Í grein 1.4. í vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða *„skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans“.* Hvað atvikalýsingu varðar, verður að byggja á upphaflegri lýsingu M og frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburður vitna, styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Því er ekki til að dreifa í þessu máli. Af upphaflegri lýsingu M á atvikinu má ráða að orsök slyss M sé að rekja til innra álags eða veikleika, þ.e. að M hafi fengið tak í mjóbakið við það að lyfta kassa. Þannig verður ekki ráðið af samtímagögnum að utanaðkomandi atburður hafi valdið bakmeiðslum M en fyrir því ber M sönnunarbyrði. Hvað varðar vísun M til þess að slysið hafi ekki verið rannsakað af Vinnueftirlitinu og því eigi að leggja frásögn M til grundvallar þá er rétt að geta þess að hér er um að ræða slysatryggingu launþega en ekki ábyrgðartryggingu vinnuveitanda og því ekki tilefni til að skoða hvort víkja eigi frá almennum sönnunarreglum um málsatvik. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um

hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðis V. Ekki er því um að ræða bótaskyldu úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 313/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 25. október 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 2. nóvember 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að vatnstjón hafi orðið í kjallaraíbúð í húseign M hinn 19. september 2022.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni á húseign hans þar sem það hafi orðið vegna þess að lagnir á vegum X hafi verið stíflaðar vegna trjágreina og fleiri aðskotahlutum og brunnur hafi verið gallaður vegna hæðarlegu. M vísar til þess að hann hafi einnig orðið fyrir tjóni á árinu 2020 en þá hafi verið vísað til þess að flugeldaprik hafi valdið því að brunnur fylltist af vatni og V hafi ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. M vísar síðan til þess í málskoti að allt aðrar ástæður hefðu leitt til tjónsins á árinu 2020 og farið hafi verið í miklar aðgerðir til að hreinsa lagnir af trjárótum í þeirri götu sem húseign M er í og víðar. M vísar til umræðu um að það X gæti sett einstreymisloka á brunna til að koma í veg fyrir tjón í húsum en það hafi ekki verið gert. M telur sig sem húseiganda varnarlausan gagnvart því tjóni sem getur komið til vegna stíflaðra lagna og bilana hjá X og M telur að eftirlit með lögnum X sé ekki fullnægjandi. M vísar auk þessa til þess að í bæði skiptin sem hann hafi orðið fyir tjóni hafi verið farið í umfangsmiklar viðgerðir og aðgerðir til að hreinsa lagnir og laga stíflur og hann telji að það sé óumdeild að þau frávik hafi valdi tjóni á húseign hans. M leggur einnig áherslu á að ekki sé hægt að finna nokkra orsök við skoðun á drengögnum og lagnakerfi innan lóðar hans sem gætu útskýrt tjón á húseign hans.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar um það til skýrslu frá fagstjóra veitna hjá X. Í skýrslunni komi fram að tvö frávik á ástandi regnvatnslagna hafi fundist í kjölfar tjóns M, annars vegar hafi regnvatnslögn fallið saman á stuttum kafla en ólíklegt að það frávik hafi valdið tjóni M því vatn í frárennslislögnum sem tilheyra húseign M renni frá þeim hluta regnvatnslagnar sem fallið hafi saman. Hins vegar hafi verið frávik vegna róta trjágróðurs sem plantað hafi verið fyrir ofan regnvatnslögn, þannig að ræturnar hafi rofið lögnina og vaxið inn í hana með þeim afleiðingum að tregða hafi myndast á rennsli vatnsins og það sé líkleg orsök vatnsflóðsins. V vísar til þess að starfsmenn X hafi ekki vitað um ástand lagnarinnar og X geti því ekki borið skaðabótaábyrgð á tjóni M. Ekki liggi heldur fyrir að lagfæringar sem gerðar hafi verið á árinu 2020 hafi verið ófullnægjandi.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýr að því hvort sýnt sé að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á húseign M hinn 19. september 2022. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því.

Í þessu máli liggur ekki fyrir að starfsmenn X hafi vitað af því að trjárætur hafi rofið regnvatnslögn, en ekki eru önnur gögn um orsök tjónsins en skýrsla fagstjóra veitna hjá X, sem telur að tjón M sé helst hægt að rekja til tregðu á rennsli vatns vegna umrædds rofs. Engar skýrslur eða mat pípara eða annarra sérfræðinga liggja fyrir um aðrar mögulegar orsakir tjóns M og hvort það tengist öðrum atburði tveimur árum áður. Engin gögn liggja heldur fyrir um fyrra atvik af hálfu M sem varpað geta einhverju ljósi á þau mögulegu tengsl. Að þessu sögðu telst M verða að bera hallann af því að það liggja ekki fyrir gögn um annað en að tjón hans verði helst rakið til rofs á fyrrnefndri regnvatnslögn. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlit með þeirri lögn eða öðru sem getur hafa orsakað umrætt tjón og ekki liggja heldur fyrir sönnunargögn um að ákvörðun um að setja sérstakan búnað á brunna, eins og einstreymisloka, af hálfu X eða vanrækt hafi verið að gera það á þeim brunni sem liggur nálægt

húseign M. Verður því að telja ósannað að tjón á húseign M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
Má ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 314/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Ekið aftan á.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. október 2022, ásamt mynd og myndbandi.
2. Bréf V1, dags. 20. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2, dags. 7. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. nóvember 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð á Vesturhólum við Arahóla þann 14. september 2022 milli bifreiðanna A, sem M ók og er vátryggð hjá V1 og B sem er vátryggð hjá V2. Samkvæmt ökutækjaskýrslu frá fyrirtækinu Aðstoð & öryggi (AÖ) sem kom á vettvang og aðstoðaði ökumenn við gerð skýrslu um atvikið, voru málatvik með þeim hætti að bifreiðinni A var ekið inn á Vesturhóla frá Vesturbergi. Bifreiðinni B var ekið eftir Vesturhólum þegar ökumaður A hemlaði skyndilega á veginum með þeim afleiðingum að ökumaður B ók aftan á A. Ökumaður A (M) kveðst hafa dregið úr hraða vegna hraðahindrunar sem var framundan en ökumaður B segir ökumann A hafa stöðvað skyndilega fyrir framan hraðahindrunina og hún hafi við það ekið aftan á A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 359/22 að ökumaður A (M) bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum bar að veita allri umferð um Vesturhóla forgang samkvæmt biðskyldu og vegna tilefnislausrar hemlunar. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu. Hann hafi ekki verið nýkominn úr beygju er árekstur átti sér stað, beygjan er langt frá árekstrarstað og einnig hafi hann ekki skyndilega stöðvað bifreiðina. Fyrirliggjandi myndband sýni að hann hafi hægt á bifreiðinni en ekki stöðvað bifreiðina. Hann hafi ekið bifreiðinni á 30 km/klst. hraða og að hann hafi hægt á sér vegna manna sem skyndilega birtust hægra megin við veginn auk þess sem hraðahindrun var framundan.

V1 skilar ekki inn athugasemdum vegna málsins. V2 telur að leggja beri alla sök á ökumann A sem bar að veita allri umferð um Vesturhóla forgang samkvæmt biðskyldu og tilefnislausri stöðvun.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var bifreiðinni B ekið aftan á bifreiðina A sem M ók. Ökumaður A hafði skömmu fyrir áreksturinn ekið af biðskyldu á gatnamótum Vesturbergs og Vesturhóla. Af gögnum málsins og þá sérstaklega framburði ökumanna og myndbandsupptöku úr bifreið A, verður ekki séð að árekstur sá sem hér um ræðir tengist því að A ók skömmu áður frá biðskyldu og inn á Vesturhóla. Verður því ekki talið að ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem kveðið er á á skyldu til að veita öðrum forgang. Kemur þá til skoðunar hvort ökumaður A hafi hemlað skyndilega og af tilefnislausu. Í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Auk þess er hægt að benda á 2. mgr. 20. gr. sömu umferðarlaga þar sem kemur fram að ökumaður, áður en hann ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækis, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Af gögnum málsins og þá sérstaklega fyrirliggjandi myndbandsupptöku má sjá að þessa gætti M, sem ökumaður bifreiðarinnar A, ekki nægilega vel og verður hann að bera hluta sakar á árekstrinum vegna þeirrar háttsemi. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess gætt að það taki eigi minna en þrjár sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. Þessu gætti ökumaður B ekki að í aðdraganda áreksturs og ber hann því einnig hluta sakar á árekstrinum. Þannig sýndu báðir ökumenn gáleysi við akstur sinn og verður ekki ráðið af gögnum málsins eða málsatvikum að öðru leyti að leggja eigi meiri sök á annan ökumann fremur en hinn. Sök verður því skipt til helminga.

Niðurstaða.
Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 315/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 7. september 2021 orðið fyrir slysi þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar við Njarðargötu/Hringbraut í Reykjavík. Fram kemur að M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á slysadeild LSH daginn eftir slysið. Hún hafi verið greind með tognun og ofreynslu á hálshrygg. Vegna áframhaldandi einkenna hafi M leitað til heimilislæknis nokkrum dögum síðar og þar verið greind með Whiplash áverka. Fram kemur að M hafi reglulega leitað til heimilislæknis í kjölfar slyssins og sé enn í sjúkraþjálfun vegna þess. M var send í segulómum af hálshrygg 1. febrúar 2022 og var meðal annars greind með brjósklos á liðbili Th5-6.

M telur ljóst með vísan til fyrirliggjandi gagna að orsakatengsl sé á milli og árekstursins þeirra einkenna sem hún býr við eftir slysið. Samfella sé milli gagna málsins og frásagnar M og M hafi ekki sögu um einkenni frá stoðkerfi, hvorki hálsi né baki. M mótmælir sönnunargildi PC-Crash skýrslu sem V lagði fram og tekur fram að það sé ekki á færi reikniforrits að skera úr um það hversu umfangsmiklar afleiðingar slyss eru fyrir einstaklinga.

Í bréfi V kemur fram félagið telji ekki vera orsakatengsl milli einkenna M og umferðaróhappsins. V vísar til lýsingar á atvikinu þar sem fram komi að ökumaður A hafi óvart sleppt bremsunni þegar hann leit eftir umferð til vinstri og bifreiðin hafi runnið af stað og rétt snert bifreið M. Myndir sýni hversu lítið höggið hafi veið og einungis rispur að sjá. Af framburði ökumanns A hafi aðilar ekki verið vissir um hvort bifreiðarnar hafi snerts. Þá hafi A ekki verið nema á tæplega 6 km hraða þegar hún lenti á bifreið M. V mótmælir því að atvikið hafi getað valdið hálstognun og brjósklosi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 7. september 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á slysadeild daginn eftir slysið og síðan til heimilislæknis og liggur fyrir samskiptaseðill þar um. Í málinu kemur fram að M hafi verið greind með brjósklos í segulómum. Þá kemur fram að hún hafi verið hjá sjúkraþjálfara. Hins vegar liggur ekki fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M, hvorki frá sjúkraþjálfaranum, heimilislækni, bæklunarlækni eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila. Þá liggur fyrir að árekturinn var mjög vægur og bifreiðarnar með smávægilegar rispur eftir hann. Eins og þetta mál liggur telst ekki sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskylt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 316/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 5. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 18. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 5. desember 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 27. maí 2022, varð árekstur milli dráttarvélarinnar A, sem er í eigu M, og vörubifreiðarinnar B á Vesturlandsvegi við Ártúnsbrekku að morgni hins 25. maí 2022. Er þar haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið vestur Vesturlandsveg. Hann hafi gefið stefnuljós til marks um hann hygðist fara yfir á hægri akrein, og hafi verið kominn yfir á hægri akrein þegar B hefði ekið aftan á eftirvagn A. Kvaðst A þá hafa ekið á um 40 kílómetra hraða á klukkustund en það væri hámarksakstursshraði A. Eftir ökumanni B er haft að hann hafi verið að aka Bíldshöfða til vesturs og inn á Vesturlandsveg á um 60 kílómetra hraða á klukkustund. A hefði verið á akreininni vinstra megin við B en svo ekið í veg fyrir B. Við frekari rannsókn málsins kom í ljós að B hafði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða og var undir áhrifum ávana- og fíkniefna, nánar tiltekið amfetamíns og metýlfenidats og taldist óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að öll sök á árekstri bifreiðanna hvíldi á A sem hefði skipt um akrein í veg fyrir umferð. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur að árekstur aðila megi rekja til stórkostlegs gáleysis B. Þá leggur M fram yfirlýsingu vitnisins X, dags. 20. september 2022, en þar kemur fram að X hafi ekið austur Vesturlandsveg þegar hann varð vitni að árekstrinum. Hafi hann séð að B var ekið niður aðrein frá Bíldshöfða og aftan á A sem hefði ekið niður Ártúnsbrekku en skipt yfir á frárein sem liggi að Sæbraut. Nokkur fyrirvari hafi verið á árekstrinum eftir að A skipti um akrein. A hafi þá verið með kveikt á aðal- og vinnuljósum.

Í bréfi V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, segir að A hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga um að áður en ökumaður skipti um akrein skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Sérstök aðgæsluskylda hafi hvílt á ökumanni A þar sem hámarkshraði A sé 40 kílómetrar á klukkustund, en hámarkshraði á vettvangi sé 80 kílómetrar á klukkustund, og hættan því augljós. B hafi hins vegar verið ekið beint eftir veginum og verið undir löglegum hámarkshraða þegar A var ekið í veg fyrir hana. Ekki sé því sýnt fram á orsakatengsl milli ástands ökumanns B og umrædds áreksturs. Eru þá sérstaklega gerðar athugasemdir við framlagða yfirlýsingu vitnis, enda sé þess hvergi getið í lögregluskýrslu að vitni hafi orðið að árekstrinum og ekkert komi fram um hvernig hafi verið haft uppi á umræddu vitni né hvort tengsl séu milli þess og aðila.

Í viðbótarathugasemdum M segir að á umræddri aðrein að Vesturlandsvegi sé 50 kílómetra hámarkshraði en ekki 80. Þá séu fullyrðingar um að A hafi verið ekið óvarlega í veg fyrir B ósannaðar og ekkert í gögnum málsins er styðji þær. Enn fremur hefði B, hefði hann verið allsgáður við aksturinn, átt að veita A athygli fyrir framan sig, enda hafi skyggni verið gott svo og útsýni á veginum og ökuhraði A lítill. Miðað við þann mismun sem var á akstursshraða A og B sé þá útilokað að A hafi verið vinstra megin við B en svo ekið fram fyrir B og í veg fyrir hana. Séu því skýr orsakatengsl milli ástands B og árekstursins. Hvað vitnið varði hafi það þá gefið sig fram við lögmann M eftir atvikið.

Í viðbótarathugasemdum V er tekið fram að samkvæmt 3.mgr. 20. gr. umferðarlaga skuli ökumaður á aðrein aðlaga hraða ökutækis síns umferð á þeirri akrein sem hann ætlar að fara inn á og fara af akreininni strax og það er unnt án hættu og óþarfa óþæginda. Með hliðsjón af því verði ekki séð að ökumaður B hafi ekið á of miklum hraða eða farið ógætilega að öðru leyti í aðdraganda árekstursins.

Þá hafi verið hálfbrotin miðlína á vettvangi, en varhugavert sé að aka yfir slíka línu og óheimilt nema með sérstakri varúð. Hafi því sérstök aðgæsluskylda hvílt á A við akreinaskiptin.

Álit.

Óumdeilt er að ökumaður A hafi skipt um akrein í aðdraganda áreksturs. Í 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra. Þá verður að telja að sérstök aðgæsluskylda hafi hvílt á ökumanni A í þessum efnum, þar sem akturshraði A var ekki til samræmis við eðlilegan akturshraða á umræddum stað og þar sem hálfbrotin miðlína er á vettvangi. Verður að miða við að A hafi ekki gætt nægilega að fyrrgreindum áskilnaði umrætt sinn, og ber hann því nokkra á umræddum árekstri.

Hvað varðar ökumann B þá liggur fyrir að hann var án ökuréttinda á tjónsdegi og undir áhrifum ávana– og fíkniefna og því óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega skv. 2. mgr., sbr. 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Það eitt og sér dugir þó ekki svo sök á árekstrinum verði felld á hann, heldur þarf jafnframt að vera orsakasamband milli þess ástands og umrædds áreksturs. Umræddur árekstur átti sér stað snemma morguns síðla í maí og má því gera ráð fyrir að birtuskilyrði hafi verið góð og yfirsýn B yfir veginn góð þaðan sem hann kom akandi. Þá var umferð samkvæmt lögregluskýrslu aðeins í meðallagi. Því er ekki mótmælt að A hafi gefið stefnuljós áður en hann skipti um akrein og samkvæmt frásögn A í lögregluskýrslu var akreinaskiptum að fullu lokið er til áreksturs kom. Á umræddum stað má einnig, þrátt fyrir að hálfbrotin miðlína sé á vettvangi, vænta akreinaskipta enda er um akstursleið að Sæbraut að ræða. Verður samkvæmt framansögðu að miða við, sbr. og 1 mgr. 4. gr. og 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga, að B hefði átt að veita akreinaskiptum A athygli fyrr og hefði ökumaður B verið fær um að stjórna ökutæki örugglega má jafnframt ætla að hann hefði getað brugðist við aðstæðum á annan hátt, en af frásögn B sjálfs eða öðrum gögnum málsins verður ekki ráðið að hann hafi reynt að afstýra árekstri með nokkrum hætti. Er það því mat nefndarinnar að orsakatengsl séu milli tjónsins og ástands B við aksturinn.

Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök því skipt að jöfnu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber helming sakar á umræddum árekstri og ökumaður B helming sakar.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 317/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.
Nafn vátryggingartaka (A)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M starfræki prentverksmiðju í húsnæði A. Hinn 23. nóvember 2021 hafi farið fram viðgerð á prentvél í eigu M, en ekki hafi tekist að ljúka henni fyrir dagslok. Þar sem viðgerðinni hafi ekki verið lokið hafi vélin verið skilin eftir án hlífar yfir nóttina. Um nóttina hafi snjór á þaki fasteignarinnar bráðnað og lekið inn um þakið og inn í vélina sem stóð undir lekanum með þeim afleiðingum að hún eyðilagðist. Áður hafi orðið vart leka frá þakinu en viðgerð á sama hluta þess hafi verið framkvæmd fyrir fimm til sjö árum. M byggir kröfu sína um bætur úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar A á því að tjónið megi rekja til vanrækslu A á því að tryggja fullnægjandi viðhald fasteignarinnar. A hafi borið, sérstaklega í ljósi þess að leka hafi áður orðið vart, að tryggja að þak fasteignarinnar læki ekki. Hafi A sýnt af sér gáleysi og sé því ábyrgt fyrir tjóni M á grundvelli sakarreglunnar.

Í bréfi V til nefndarinnar er rakið að í tölvupósti frá M segi um atvikið að snjór hafi safnast fyrir á þaki húseignarinnar, en töluvert frost hafi verið. Svo hafi komið hlýindakafli og svo virðist sem snjórinn hafi bráðnað og lekið inn um þakið. Þá komi fram að viðgerð hafi farið fram fyrir fimm til sjö árum og leka hafi ekki orðið vart eftir þá viðgerð og þar til umrætt tjón átti sér stað. Um sé að ræða kröfu í ábyrgðartryggingu og forsenda bótaskyldu sé því sú að tjón M verði rakið til atvika sem A beri skaðabótaábyrgð á. Engin gögn liggi fyrir um að A hafi vanrækt viðhald hússins eða að vitneskja hafi verið til staðar um að hætt væri við leka frá þakinu. Þvert á móti virðist A hafa látið framkvæma viðgerð á þakinu nokkrum árum fyrr og verið í góðri trú um að sú viðgerð væri fullnægjandi enda hafi einskis vatnsleka orðið vart á svæðinu frá þeirri viðgerð og fram til 23. nóvember 2021. Þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt sé kröfu M því hafnað.

Álit.

Engin frekari gögn liggja fyrir um umræddan leka, orsakir hans eða ástand þaksins. Liggur því ekki fyrir að ástand þess hafi verið með þeim hætti að A hafi vanrækt viðhald þess, eða að viðgerða hafi augljóslega verið þörf. Þá liggur ekki annað fyrir en að A hafi haft ástæðu til að ætla að fyrri viðgerð á þakinu hafi verið fullnægjandi enda hafi ekki orðið vart við leka frá þeim tíma er hún var framkvæmd og fram til 23. nóvember 2021. Er þá ekki sýnt fram á að A hafi mátt vera ljóst að ástand þaksins væri með þeim hætti að hætta væri á leka. Þrátt fyrir að komið hafi til leka frá þakinu er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á hann megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaskyldu vegna en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 318/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Veitur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bilun hafi orðið í hitaveitu í eigu X, líklega hinn 23. desember en mögulega 24. desember 2021, en M eigi sumarhús á starfssvæði hitaveitunnar. Starfsfólk X hafi gert við bilunina en ekki látið sumarhúsaeigendur vita af henni. M hafi fyrst frétt af biluninni hinn 3. janúar 2022, en þá hafi hann fengið tilkynningu frá félagi sumarhúsaeigenda á svæðinu, í kjölfar þess að aðrir eigendur hafi látið vita um skemmdir á hitaveitukerfum. M hafi farið á staðinn daginn eftir og þá hafi komið í ljós að hitaveitukerfið í sumarhúsi hans hafi verið ónýtt. M byggir kröfu sína um bætur úr ábyrgðartryggingu V á því að sumarhúsaeigendur hafi ekki verið látnir vita um bilunina, þrátt fyrir að tilkynningarskylda hafi hvílt á X, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006. Tjón hans hafi ekki orsakast af biluninni sem slíkri heldur því að ekki hafi verið brugðist strax við þrýstifallinu. Mikið frost hafi verið á þessum tíma og hefði M fengið tilkynningu um bilun hefði hann farið strax í bústaðinn og þá getað komið í veg fyrir tjónið. X hafi fyrst látið vita af biluninni hinn 6 febrúar 2022. M byggir á áðurnefndu reglugerðarákvæði svo og fordæmi nefndarinnar í máli 6/2021, þar sem fallist hafi verið á að skylda hvíli á þeim sem afhendi orku um að tilkynna notendum um fyrirhugaða stöðvun á afhendingu heits vatns. Sömu sjónarmið eigi við í þessu máli. Þá er sérstaklega mótmælt þeim röksemdum að tjón M megi rekja til hitaveitukerfisins í bústað hans enda hafi það hvorki verið skoðað af hálfu X né V. Þá hafi kerfið allt verið endurnýjað á árinu 2020.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi bilun komið upp í hraðabreyti við borholudælu kl. 02:22 hinn 24. desember 2021. Bilunin hafi leitt til þrýstingsfalls á dreifikerfinu og um kl. 03:00 hafi kerfið verið orðið þrýstingslaust. Hafi hraðabreyti þá verið skipt úr, en þeirri viðgerð hafi verið lokið um kl. 07:00 og hafi borholudælan, ásamt öðrum dælustöðvum, verið ræst í kjölfarið. Hafi fullur þrýstingur verið kominn á um kl. 10:00 að morgni 24. desember. Óumdeilt sé að um bilun hafi verið að ræða og að orsök hennar sé ekki að rekja til mistaka eða vanrækslu starfsmanna X. Þá vísar V til 4. gr. reglugerðar nr. 488/2021 en þar komi m.a. fram að það sé á ábyrgð eiganda að komið sé upp búnaði til að grípa inn í ef viðkomandi hitakerfi þoli illa rekstrarstöðvun. Þá komi fram þar, sbr. og 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006, að tilkynna skuli fyrirfram, ef unnt er, um rekstrarstöðvanir vegna viðhalds, viðgerða og/eða tenginga. Þá sé jafnframt tekið fram að hitaveitan undanþiggi sig ábyrgð á tjóni sem rekja megi til frosts, bilana eða þrýstingsbreytinga heits vatns, stöðvunar orkuafhendingar eða annarra óviðráðanlegra atvika. V hafni því þá að X hafi gert mistök með því að tilkynna ekki um bilunina, enda nái sú skylda samkvæmt framansögðu ekki til ófyrirséðra bilana eins og hér sé um að ræða. Sjónarmið sem uppi hafi verið í máli 6/2021 fyrir nefndinni eigi því ekki við. Ekki hafi verið unnt að tilkynna fyrirfram um bilunina enda hafi ekki verið vitað af henni fyrr en hún kom fram. Þá hafi verið brugðist strax við henni. Þá er áréttað að sú skylda hvíli á eigendum fasteigna að tryggja að búnaður sé þannig úr garði gerður að hitaveitukerfi fasteigna þoli tímabundna rekstrarstöðvun. Hefði búnaður í fasteign M uppfyllt þær kröfur hefði ekki komið til tjóns enda hefði hitavatnsleysi aðeins varað í sjö klukkustundir. Sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X því ekki til staðar.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að hitaveitukerfið í fasteign M hafi verið nýlega endurnýjað að kröfu X og starfsmenn þess hafi fylgst grannt með framkvæmdinni. Farið hafi verið að öllum leiðbeiningum X og kerfið virkað fullkomlega. Liggi ekkert fyrir um vanbúnað kerfisins. Því sé þá ekki mótmælt af hálfu V að M hafi orðið fyrir tjóni sem sé að rekja til umræddrar bilunar, og sé orsakasamband því fyrir hendi. M sé þá ekki í aðstöðu til að sýna fram á hvað varð þess valdandi að þrýstingsfall varð eða hvort unnt hefði verið að framkvæma viðgerð á skemmri tíma en raunin varð. Þó

sé bent á það að bilunin hafi orðið á aðfararnótt aðfangadags og hafi starfsmenn X, sem og aðrir, verið farnir að undirbúa jólahald. Jafnframt telji M, m.a. af samtölum sínum við starfsmenn X, að umrætt þrýstingsfall hafi varað í lengri tíma en haldið sé fram, enda hafi komið fram skemmdir í a.m.k. fimm öðrum bústöðum af sömu orsökum. Þá er áréttað að M byggi fyrst og fremst á því að honum hafi ekki verið tilkynnt um umrædda bilun, og er túlkun V á 13. gr. reglugerðar 297/2006 sérstaklega mótmælt, enda hljóti tilkynningarskylda að eiga við hvort heldur sem um er að ræða fyrir fram ákveðna stöðvun á afhendingu eða bilun í kerfinu enda sé í báðum tilvikum um að ræða stöðvun á orkuafhendingu sem valdið geti notendum tjóni. Umrætt ákvæði hafi þá lítið gildi fyrir notendur sér að túlkað með þeim hætti að það eigi aðeins við þegar fyrirtæki ákveði sjálf að stöðva afhendingu. Það hefði enda verið fyrirhafnarlítið af hálfu V að tilkynna um bilunina og verði þá jafnframt að líta til þess að um sumarhúsahverfi sé að ræða, og því ólíklegt að margir væru í húsum sínum á þessum árstíma. Hafi jafnframt verið mikið frost og því raunveruleg hætta á tjóni. Er þá ítrekað að tjón M hafi ekki orðið vegna bilunar sem slíkrar, heldur þess að hann hafi ekki getað brugðist við. Hefði hann fengið tilkynningu um bilunina hefði hann getað brugðist við og varnað tjóni.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Hvað varðar bilunina sem slíka liggur ekki fyrir, og virðist því raunar ekki haldið fram, að hana megi rekja til neins þess sem leitt geti til bótaskyldu X. Aðila greinir á um hve lengi bilun hafi varað, en engin gögn liggja fyrir nefndinni er sýni fram á að það hafi verið lengur en X heldur fram, og þess utan er ekki ljóst hvaða, ef einhver, áhrif M telur að lengri bilun hafi haft að því er varðar tjón hans. Virðist þá ekki deilt um það að viðgerð á vegum X hafi verið framkvæmd með eðlilegum hætti, og í öllu falli liggur ekkert fyrir um að svo hafi ekki verið. Telur nefndin því ekki þörf á frekari umfjöllun um þessi atriði.

Af málatilbúnaði aðila má því helst ráða að ágreiningur þeirra hverfist um það hvort X hafi borið að tilkynna um umrædda bilun, og þá fyrr en raunin varð, en M byggir á því að X hafi fyrst sent sumarhúsaeigendum tilkynningu um hana hinn 6. febrúar 2022, og er því raunar ekki mótmælt af hálfu V. M byggir þá á því að hefði hann fengið tilkynningu um bilun strax hefði mátt koma í veg fyrir tjón. Tjón hans megi þannig ekki rekja til bilunarinnar sem slíkar, eða viðbragða X við henni, heldur því að hann hafi ekki fengið vitneskju um hana nægilega snemma. Í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 segir: *„Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.“* Sambærilegt ákvæði er að finna í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 488/2021: „*Hitaveitan mun tilkynna fyrirfram ef unnt er, um rekstrarstöðvanir vegna viðhalds, viðgerða og/eða tenginga.“* Kemur þá til skoðunar hvort X hafi, á grundvelli þessa, borið að tilkynna um umrædda bilun, en óumdeilt er að ekki var vitað af henni fyrirfram, með tilteknum hætti eða innan tiltekins tíma.

Í framangreindum ákvæðum er fjallað um tilkynningar hitaveitunnar vegna stöðvunar á rekstri veitunnar eða hluta hennar og kveðið á um að ef vitað er fyrirfram af slíkri stöðvun að notendum sé tilkynnt um hana. Einnig er kveðið á um tilkynningar fyrirfram, ef unnt er, vegna rekstrarstöðvana vegna viðgerða og/eða tenginga. Þetta orðalag leggur ekki beina skyldu á X um tilkynningar um rekstrarstöðvun eða þjónsturof eftir á. Ágreiningslaust er að sérstök tilkynning frá X barst ekki fyrr en 6. febrúar 2022, eða um sex vikum eftir umrædda bilun. Sú tilkynning ber það þó með sér að talið hafi verið nauðsynlegt að koma upplýsingum um bilunina á framfæri, enda kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um tjón í einstökum húsum og eru sumarhúsaeigendur hvattir til að huga að eigum sínum og ganga úr skugga um að afföll séu í lagi þannig að hiti sé á húsunum. Þrátt fyrir að í framangreindu bréfi hafi jafnframt verið vísað til upplýsinga um bilanir og viðgerðir á heimasíðu X varð ekki séð, af leit nefndarinnar, að tilkynning hafi verið birt þar, og verður raunar ekki séð af málatilbúnaði V að því sé haldið fram í málinu. Af framangreindu leiðir að taka verður undir sjónarmið M um að það hefði í sjálfu sér verið fyrirhafnarlítið og verður að telja eðlilegt að fyrirtæki sem fer með mikilvæga innviðaþjónustu tilkynni um það komi upp bilanir sem hafa áhrif á notendur. Verður þá að telja að sérstök þörf sé á tímanlegri sendingu slíkra tilkynninga þegar um er að ræða hús sem ekki er alla jafna dvalist í allan ársins hring og hætt getur verið við eignatjóni sé ekki gripið til aðgerða.

Hins vegar er það þá mat nefndarinnar, jafnvel þó sýnt væri fram á sök X, að ekki liggi fyrir með nægilega skýrum hætti hvernig tjón M atvikaðist, hvernig og hvort það verði rakið til afleiðinga

umræddrar bilunar, og hvaða áhrif það hefði haft hefði hann fengið vitneskju um umrædda bilun fyrr en raunin varð. Þannig liggur t.a.m. ekki fyrir nefndinni mat eða álitsgerð óvilhallra aðila um þá þætti, eða um ástand og útbúnað hitaveitukerfis í fasteign M áður en umrætt tjón átti sér stað.

Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á honum hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaskyldu vegna. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 319/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. október 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A var þann 12. október 2021 ekið í veg fyrir bifreið M á bifreiðastæði við Kringluna. Í kjölfar slyssins leitaði M á Læknavaktina þar sem hann kvartaði undan verkjum í brjóst- og lendhrygg og hefur verið í sjúkraþjálfun vegna einkenna sinna. V aflaði einhliða PC-crash skýrslu og hafnaði bótaskyldu með vísan til þess að orsakatengsl væru ósönnuð. Mótmælir M þeirri niðurstöðu V að slys hans sé ekki bótaskylt. Telur M meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu til staðar sé litið til gagna máls og vísar til dómafordæma máli sínu til stuðnings. Af ákomum á bifreiðarnar megi sjá að höggið hafi verið nokkurt. Telur M að PC-crash skýrsla sem aflað var einhliða geti ekki orðið til þess að bótaskyldu sé hafnað með vísan til skorts á orsakatengslum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að árekstur hafi verið mjög vægur og ekki þess eðlis að varanlegt líkamstjón hefði getað hlotist af. V hafi samþykkt að greiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir slysi. Þá er byggt á því að orsakatengsl á milli umræddsatviks og þeirra einkenna sem M hefur lýst séu ósönnuð. Einkenni M séu almenns eðlis og ekki einkennandi fyrir atvik sem þetta.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 12. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja ekki fyrir heildstæð gögn um heilsufar M fyrir og eftir slysið, heldur eingöngu samskiptaseðill Læknavaktarinnar dags. 1. nóvember 2021 þ.e. rúmum 2 vikum eftir áreksturinn. Í málinu liggur einnig fyrir yfirlit yfir komur til sjúkraþjálfara á tímabilinu frá 9. desember 2021 til 8. september 2022. Þannig liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hans megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. V hefur þegar samþykkt að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem féll til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og verður að telja miðað við gögn málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A vegna árekstursins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 320/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging

Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11.10.2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 2.11.2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að í óveðri sem gekk yfir austurland þann 26. september 2022 virðist sem eitthvað hafi færst til á þaki hússins og viku eftir að óveðrið gekk yfir hafi þakið lekið í miklu rigningarveðri. Loftið í einu herbergja hússins sé ónýtt vegna vatnslekans. Tjónið tilkynnti M til tryggingafélagsins 1. október 2022. Verktaki á vegum tryggingafélagsins hafi komið og skoðað þakið en hann hafi ekki fundið upptök lekans en málskotsaðili bendir á að það hafi ekki verið rigning þegar verktakinn skoðaði aðstæður. Verktakinn nefndi við málskotsaðila að það vantaði skrúfu á einum stað þaksins og ófullnægjandi þétting hafi verið meðfram annarri skrúfu. Málskotsaðili segir að öllum nöglum og skrúfum í þaki hafi verið skipt út fyrir þremur árum síðan og það hafi aldrei lekið þrátt fyrir að mikill snjór hafi safnast fyrir á þakinu á veturna. M byggir á því að það geti ekki verið tilviljun að þakið leki innan við viku eftir að óveður með vindhraða yfir 60m/sek hafi gengið yfir svæðið.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að tjónstilkynning hafi borist tryggingafélaginu þann 1. október 2022 og í henni sé tjóninu lýst á eftirfarandi hátt „*Í óveðrinu sem gekk yfir sl. sunnudag 25. sept, hefur losnað upp á þakskrúfum og lekur meðfram einni þeirra núna í miklu rigningarveðri. Uppgötvaðist 1. okt. Loftið í einu herberginu lekur og eru loftplötur ónýtar og einangrun ofan á líklega ónýt líka*.“ Í athugasemdum V segir að engar myndir hafi fylgt tilkynningunni og hafi tryggingafélagið óskað eftir að fá myndir af skemmdunum og orsökum skemmdanna. M hafi sent félaginu myndir af tjóninu. V hafi sent verktaka á vegum félagsins að heimili M til þess að skoða umfang og ástæðu fyrir lekanum. Niðurstaða verktakans hafi verið sú að talsvert vatn hafi verið í þakinu og sjáanlegar skemmdir á loftklæðningu í svefnherbergi og á parketi á gólfi. Verktakinn hafi farið upp á þak hússins og sá þar ekkert sem gat orsakað lekann. Hann hafi tekið myndir en á þeim megi sjá að skrúfur sem þéttu ekki í pakkningu og var því greið leið inn fyrir vatn og á öðrum stað á þakinu vantaði skrúfu en það hafði verið borað fyrir henni. Að öðru leyti voru engar sjáanlegar skemmdir á þakinu sem gætu orsakað þennan leka eða sem hægt væri að rekja til óveðursins þann 25. september 2022. Bótasvið fasteignatryggingarinnar sé skilgreint í skilmálum hennar og tjón vegna úrkomu falli ekki undir skilmála tryggingarinnar nema þegar vindur rjúfi byggingarhluta. Skoðunarmaður á vegum félagsins hafi ekki getað fundið neitt né séð skemmdir á þakinu sem megi rekja til óveðursins. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið sé þess eðlis að það falli undir bótasvið tryggingarinnar og sú sönnun liggi ekki fyrir heldur bendi ljósmyndir af þakinu til þess að vatnið hafi fundið sér leið í gegnum þakið á þeim stað þar sem skrúfu vantaði og/eða þar sem skrúfur virtust vera með ófullnægjandi þéttingu.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur á milli málsaðila um það hvort vatnstjón sem varð á fasteign í eigu M falli undir gildissvið vátryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V. Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur m.a. fram í ákvæði 21. gr. að: „Vátryggingin bætir tjón á vátryggðri húseign af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi húseignarinnar eða valdi tjón á öðru því sem vátryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað“. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum skilmálans sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Í málinu liggja ekki fyrir staðfestar upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um vindhraða á austurlandi í lok september sl.

þegar óveðrið gekk yfir landshlutann en V hefur ekki borið því fyrir sig að vindhraði hafi ekki náð skilyrðum fyrrgreinds ákvæðis um 28,5 metrum á sekúndum enda óumdeilt að almennt eignatjón varð á austurlandi af völdum ofsaveðursins. Af fyrirliggjandi ljósmyndum af þakinu og tjóninu verður ekki ráðið að umrætt ofsaveður hafi rofið þak hússins eins og áskilið er í skilmála tryggingarinnar. Ekki liggja heldur fyrir í málinu sönnunargögn um orsök lekans en verktaki á vegum tryggingafélagsins gat ekki séð hvað hafi getað orsakað svona mikið vatnstjón á fasteigninni en engin sýnileg ummerki hafi verið hvorki á háalofti né þaki fasteignarinnar. Að öllu athuguðu hefur M ekki sýnt fram á að tjónið sé að rekja til ofsaveðurs sem falli undir bótasvið fasteignatryggingarinnar og því eru skilyrði bótaskyldu úr vátryggingunni ekki fyrir hendi. Engin önnur ákvæði vátryggingarskilmálanna, að séð verður, geta komið hér til álita og leitt til bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna vatnstjónsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 321/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, ódags.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að þann 18. ágúst 2022 hafi byrjað að leka upp úr niðurfalli í hitakompu í fasteign M. Síðar hafi komið í ljós að bilaður slaufuloki hafi valdið því að hitt vatn rann af fullum krafti úr ofnakerfi inn í frárennslislagnir sem olli síðan því að heitt vatn flæddi upp úr niðurfalli og fór upp frárennslislögn þar sem það olli skemmdum á samskeytum við niðurfall frá þaki og komst inn á milli í vegg þar uppi og lekið með innanverðum veggnum alla leið niður á fyrstu hæð aftur. Það hafi þó ekki komið í ljós fyrr en 26. ágúst 2022 þegar byrjað var að undirbúa málningu á stofu en þá hafi komið í ljós raki í veggnum og haft aftur samband við V. M leggur fram matsgerð A, óháðs matsmanns, sem skoðaði umfang tjónsins fyrir M og gerir kröfu um greiðslu bóta vegna útlagðs kostnaðar og ýmissa skemmda á fasteigninni sbr. einnig fyrirliggjandi kostnaðarmat. Telur M að allt tjón sem farið sé fram á að sé bætt eigi upptök sín innan veggja hússins og rakið verði til bilunar á hitagrind.

Í bréfi V til nefndarinnar segir félagið að það telji að um tvö atvik sé að ræða. Fyrst hafi verið um að ræða leka upp úr niðurfalli í kyndiklefa sem tilkynntur var þann 19. ágúst 2022 og svo hins vegar rakaskemmdir í vegg í stofu þann 26. ágúst 2022. Vísar V til þess að afleiðing tjónsins þann 18. ágúst 2022 hafi eingöngu verið raki í timbri. Að mati V gátu skemmdirnar ekki náð eigin áhættu og hafnaði V því bótaskyldu. Telur V ómögulegt að gufa frá heitu vatni hefði getað valdið tæringu á samskeytum á lögn og í framhaldinu valdið rakaskemmdum á veggnum þar sem lekinn var stöðvaður samdægurs. Ekki hafi fundist virkur lagnaleki þegar síðari tjónstilkynning barst til V og töldu verktakar á vegum V að um væri að ræða leka frá þakrennu sem er inni í vegg í miðri fasteigninni enda gaf rakamæling til kynna að mesti rakinn væri efst á veggnum. Bendir V jafnframt á að takmörkuð gögn liggi fyrir í málinu og af þeim sé ekki ljóst að lekinn sem tilkynntur var 19. ágúst hafi valdið tjóninu sem M heldur fram.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að ástæða þess að takmörkuð gögn liggi fyrir í málinu sé vegna þess að V hafi ítrekað hafnað því að koma á staðinn til þess að fara upp á þak og láta myndavél niður í frárennslislögnina. Telur M sig með matsskýrslum A hafa sýnt fram á að skilyrði fyrir bótaskyldu séu fyrir hendi.

Álit.

Af svarbréfi V til nefndarinnar verður ekki annað ráðið en að V hafi eingöngu hafnað bótaskyldu vegna tjónsins þann 18. ágúst 2022 á þeim grundvelli að skemmdirnar hafi ekki náð eigin áhættu vátryggingarinnar. Þannig er ekki ágreiningur um hvort atvikið sem slíkt falli undir trygginguna. Hins vegar greinir aðila á um það hvort umfangsmiklar skemmdir á fasteign M megi rekja til lekans þann 18. ágúst 2022 eða hvort um sjálfstætt tjónsatvik hafi verið að ræða þ.e. tjón sem rekja má til leka frá þakrennu en slík tjón falla ekki undir vátrygginguna sbr. 19. gr. vátryggingarskilmálans. M ber sönnunarbyrðina fyrir því hvert umfang tjónsins er og hvort skemmdir þær sem fram koma í fyrirliggjandi matsskýrslum Fasteignaskoðunar dags. 6. og 15. september 2022 sé að rekja til hins bótaskylda tjónsatviks. Í fyrri skýrslunni virðist matsmaður vísa í álit nafngreinds manns á því að gufa hafi streymt upp með frárennslislögn og valdið rakaskemmdum í veggjum hússins o.fl. Í seinni skýrslunni er niðurstaða matsmanns orðuð á þann veg að líklega hafi gufa streymt upp og valdið tjóninu. Hefur V lagt fram skýrslu frá verktaka á þeirra vegum þar sem fram kemur að mögulega sé leki úr þakrennu sem er inni í vegg í miðju húsi. Ber gögnum málsins þannig ekki saman um hver sé orsök tjónsins á fasteign M þ.e. hvort um eitt eða fleiri tjónsatvik hafi verið að ræða og hvert umfang tjónsins þann 18. ágúst 2022 hafi verið. Hefur þannig að mati nefndarinnar ekki verið sýnt fram á það með

óyggjandi hætti að tjón á fasteign M sem rekja má til tjónsatviksins þann 18. ágúst 2022 nemi hærri fjárhæð en eigin áhættu vátryggingarinnar. Eins og fyrr segir ber M sönnunarbyrðina fyrir því hvert umfang tjónsins er og verður að telja að sú sönnun hafi ekki tekist. Á M því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
Má ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 322/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vinnuveitandi: (A)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 11. júlí 2020 verið að ganga úr frysti á vinnustað sínum hjá A með 15 kg poka þegar hann rann á hálu gólfi og datt illa. Hann hafi haft þrálát einkenni frá baki og hálsi síðan. M segir að gólf hafi verið nýþvegin. Þau hafi verið þrifin eftir hádegi þennan dag stuttu áður en hann rann. M neitar því að matarolía hafi verið á gólfinu eins og V heldur fram. M telur að A verði að bera hallan af því að hafa ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlits ríkisins og því sé óhjákvæmilegt annað en að leggja frásögn M til grundvallar. M vísar til laga 46/1980, um aðbúnað á vinnustöðum máli sínu til stuðnings og reglna 581/1995 um húsnæði vinnustaða og 707/12995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðvum.

Í bréfi V kemur fram að matarolía hafi sullast á gólfin og kemur þar fram að gólfin séu þrifin í lok vaktar. V telur misræmi í gögnum þar sem fram hafi komið að M hafi komið til vinnu um kl. 11 og er vísað í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands að gólfið hafi verið hált um morguninn. M hafi skv. því fundið að gólfið væri hált eftir þrif. Síðan komi fram í málskoti að gólfið hafi verið þrifið eftir hádegi þennan dag. Þessari síðar tilkominni atvikalýsingu mótmælir V. V telur ekki hafa stofnast tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins þar sem það hefði ekki leitt annað í ljós en fyrirliggjandi gögn beri með sér. V telur því að ekki standi rök til þess að snúa sönnunarbyrði við. Þá kemur fram hjá V að gera verði þær kröfur til starfsmanna í eldhúsi að sýna fyllstu aðgát.

Álit.

Það liggur fyrir í þessu máli að M datt á gólfi á vinnustað. Ágreiningur málsaðila snýr að því af hverju M hafi dottið. M heldur því fram að hann hafi runnið sökum þess að gólfið hafi verið nýþvegið og V heldur því fram að það standist ekki og M hafi runnið á matarolíu. M tilgreinir nafn þess starfsmanns sem hann segir hafa skúrað gólfin og fyrir liggur í málinu staðhæfing þess starfsmanns að hann hafi ekki skúrað gólfin. Með vísan til þess er ekki unnt að líta öðruvísi á að M ekki tekist að sanna af hvaða völdum hann rann. Því verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða þegar M datt og slasaðist. V er því ekki bótaskylt gagnvart M.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 323/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. október 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 13. febrúar 2021 hafi M slasað sig fyrir utan húsnæði X. Á slysdegi hafi verið verulega hvasst og aðalinngangur lokaður. Var viðskiptavinum beint að öðrum inngangi við suðvesturhorn hússins og er M gekk fyrir hornið hafi hún dottið um kantstein sem sást ekki vegna myrkurs, með þeim afleiðingum að hún steyptist fram fyrir sig og hlaut áverka á þumalfingri vinstri handar. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V. V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 11. maí 2022. M telur að orsök slyssins megi rekja til óforsvaranlegra aðstæðna á aðkomuleið að húsnæði X. Aðkomuleið sú sem viðskiptavinum var beint að þennan dag hafi verið alveg óupplýst og því hafi verið takmökuð sýn vegna myrkurs. Vegna þessara aðstæðna hafi M ekki séð kantsteininn sem hún féll um. X hafi borið skylda til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að tryggja að aðkomuleiðin væri nægilega upplýst og örugg, til að koma í veg fyrir slysahættu. Ríkar skyldur hvíli á X sem rekstraraðila heilsulindar sem reki þjónustu fyrir neytendur og laði gagngert til sín viðskiptavini. Eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta sæti mun strangara mati á saknæmi, þ.e. athafnaskylda þeirra virðist ríkari en eigenda íbúðarhúsnæðis. Vísar M til dómafordæma því til stuðnings. Leggur M áherslu á að slysið hafi átt sér stað þegar myrkur var komið og engin almennileg lýsing var til staðar.

V telur ósannað að óhapp M verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Kansteinninn og frágangur hans er að engu leyti frábrugðinn því sem gengur og gerist. Ekki hefur verið sýnt fram á að umræddur kantsteinn stangist á við lög eða reglugerðir eða að frágangur við grasbrekkuna sé ábótavant að öðru leyti. Þá hafa engar athugasemdir verið gerðar við þrepið af þar til bærum aðilum. Gera verði þá kröfu til einstaklinga að þeir kunni fótum sínum forráð og veiti nærumhverfi sínu lágmarks athygli og geti ekki, ef illa tekst til í þeim efnum, sett ábyrgðina yfir á aðra.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjóns M. M ber sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða aðila sem hann ber ábyrgð á. Ekki liggja fyrir nein gögn eða vitnaframburðir í málinu sem styðja frásögn M af atvikinu né heldur matsgerð óháðra aðila eða önnur úttekt á aðstæðum á slysstað. Verður því að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviljunar, en ekki atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 324/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 12. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 17. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags 21. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti, fylgigögnum þess og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 17. ágúst 2021 hafi M orðið fyrir frítímaslysi, er hann stakk sér í „stóru laugina“ í almenningssundlauginni með þeim afleiðingum að hann skall með höfuðið í botn laugarinnar og hlaut töluvert líkamstjón af. M tilkynnti V um tjón sitt og hinn 14. október 2021 féllst V á bótaskyldu, þó þannig að M skyldi, á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, bera 2/3 hluta tjóns síns sjálfur enda hefði hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M er ósammála þeirri afstöðu og hafnar því að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi í tengslum við slysið. Hann hafi eðlilega staðið í þeirri trú að óhætt væri að stinga sér til sunds í dýpri enda laugarinnar og hafi ekki verið kunnugt um að umrædd laug væri grynnri en gengur og gerist eða aðeins 150 sentimetrar þar sem hún sé dýpst. Þá hafi ekki verið með neinum hætti gefið til kynna að dýfingar væru óheimilar eða að hætta stafaði af þeim vegna dýptar laugarinnar. Sérstaklega ríkar kröfur verði að gera til slíkra merkinga séu sundlaugar óvanalegar og grynnri en gerist og gengur. Eina viðvörunarskiltið hafi hins vegar verið staðsett við vaðlaug, en ekki stóru laugina, og því hafi M ekki mátt gera ráð fyrir að það ætti einnig við um aðallaugina. Miðað við sjónarhorn hans hafi hann þá allt eins mátt telja að félagar hans í lauginni væru að troða marvaða frekar en að þeir stæðu á botni laugarinnar. Þá er því hafnað að framkvæmd M á umræddri dýfu hafi leitt til slyss hans, enda sé ljóst að allar dýfur séu varasamar í svo grunnri laug. Séu því allar líkur á að M hefði hlotið líkamstjón jafnvel þó dýfan hefði verið framkvæmd með öðrum hætti. Hafi V því ekki tekist að sýna fram á að skilyrði til skerðingar bótaréttar á grundvelli 1. gr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga séu uppfyllt.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess kemur fram að það eitt að stinga sér til sunds í svo grunnri laug, þar sem sé skýrt bann við dýfingum feli í sér stórkostlegt gáleysi en meta verði M það til enn meiri sakar hvernig umrædd dýfa var framkvæmd, þ.e. með hendur meðfram síðum og höfuðið á undan í svokallaðri „Sveppadýfu“. Við slíka dýfu séu auknar líkur á meiðslum sé laug ekki þeim mun dýpri. Á viðvörunarskilti komi þá skýrt fram að dýfingar séu með öllu óheimilar á svæðinu. Þá hafi M, á leið sinni að þeim stað sem hann stakk sér frá, gengið framhjá merkingu um 113 sentimetra dýpt laugarinnar. Það skipti ekki máli þó sundlaugin kunni að hafa verið nokkrum sentimetrum dýpri á þeim stað sem M stakk sér til sunds enda hafi dýfingar verið skýrlega bannaðar. Þá hafi félagar M staðið í lauginni og M hafi mátt sjá að vatnshæðin náði þeim aðeins að bringu. Hafi honum því í öllu falli borið að kynna sér dýpt laugarinnar áður en hann stakk sér í hana.

Álit.

Eftir því sem nefndin kemst næst eru á umræddu laugarsvæði ein sundlaug, 16,5 x 8 metrar, tveir heitir pottar og vaðlaug. Á svæði framan við vaðlaugina og til hliðar við sundlaugina er skilti þar sem stendur „Dýfingar bannaðar“, á texta skiltisins neðan við þá áletrun segir svo nánar um þetta atriði: „Dýfingar eru ekki leyfðar af bökkum laugarinnar, né af bökkum barnalaugar“. Verður því að telja að dýfingar hafi verið skýrlega bannaðar á svæðinu, og verður ekki fallist á það með M að bannið hafi aðeins átt við vaðlaugina, jafnvel þó umrætt skilti sé nær henni en sundlauginni. Við annan enda sundlaugarinnar stendur þá að dýpt hennar sé 113 sentimetrar. Ætla má að hún sé dýpri í hinn endann en af gögnum málsins virðist sem óumdeilt sé að hún sé dýpst 150 sentimetrar. Meðal gagna fyrir nefndinni er myndbandsupptaka af umræddu atviki. Þar má sjá hvar M stingur sér af bakkanum á langhlið sundlaugarinnar með hendur meðfram síðum og höfuðið á undan. Er því ljóst af myndbandinu að M hafi verið að reyna svokallaða „Sveppadýfu“ en meðal málsgagna er jafnframt útprentun viðtals við hann á vefmiðli þar sem hann varar fólk við að reyna þá dýfu. Verður að fallast á það með V að við

dýfur af þessu tagi skipti vatnshæð töluverðu máli enda megi ætla að við hefðbundnari dýfur gefist frekar ráðrúm til að bera hendur fyrir sig. Á umræddu myndbandi má einnig sjá að tveir félagar M standa í lauginni, nálægt þeim stað sem hann stakk sér á. Jafnvel þó M hafi, fyrir dýfuna, ekki gert sér grein fyrir því að þeir stæðu á botni laugarinnar verður að telja að tilefni og tækifæri hafi verið fyrir hann, sem var ekki kunnugur staðháttum, til að kanna sérstaklega dýpt laugarinnar áður en hann reyndi dýfu með áðurnefndri aðferð.

Samkvæmt 1. mgr. 90 gr. laga um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið og við úrlausn þess skuli litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti. Með vísan til alls þess sem að framan greinir varðandi háttsemi M verður að telja að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi umrætt sinn og að skerðing bóta að 2/3 hlutum sé því heimil.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en heimilt er að skerða bætur til hans um 2/3 hluta.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 325/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Fyrning.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. nóvember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 28. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysi hinn 5. desember 2012. Samkvæmt matsgerð, dags 13. janúar 2022, sé varanlegur miski hennar vegna afleiðinga slyssins metinn til 5 stiga og hafi V ekki borið brigður á það mat. Það sem aðila greini hins vegar á um sé hvort krafa M til bóta sé fyrnd, sbr. 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. M telur svo ekki vera og byggir þá afstöðu einkum á því að V hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig fyrningu. Vísar M til almennra meginreglna kröfuréttar um tómlæti svo og tómlætisreglna laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sér í lagi 94. gr. og vísar til umfjöllunar dómstóla hvað það lagaákvæði varðar. Þáverandi lögmaður M hafi tilkynnt V um tjón hennar með tilkynningu dags. 11. febrúar 2015 og í kjölfar þess að M leitaði til núverandi lögmanns, sumarið 2020, hafi gögn málsins verið send V og félaginu tilkynnt um fyrirhugað matsferli. Þá hafi V sent lögmanni M gögn málsins án fyrirvara um að krafan væri fyrnd. Í framhaldinu hafi verið leitað eftir matsgerð og það hafi ekki verið fyrr en eftir að hún lá fyrir, eða hinn 8. febrúar 2022, sem V hafi borið fyrir sig að krafa M væri fyrnd, þ.e. sex árum eftir að V var fyrst tilkynnt um tjón hennar. M telji að sú mótbára sé of seint fram komin enda hafi sinnuleysi V í málinu verið algert. Miðað við það sem á undan var gengið hafi M haft réttmætar væntingar um að félagið bæri ekki fyrir sig fyrningu. Þá vísar M til þess að hún hafi ekki fengið vitneskju um grundvöll bótakröfu sinnar fyrr en umrædd matsgerð lá fyrir, en óvissa hafi verið um umfang tjóns hennar og erfitt hafi verið að afla læknisfræðilegra gagna. Hafi M fyrst átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar þegar matsgerð um umfang tjóns hennar lá fyrir. M mótmælir því þá að byggt sé á ákvæðum eldri umferðarlaga enda eigi bann við afturvirkni laga ekki við þegar um sé að ræða samning milli neytenda og vátryggingafélags um vátryggingu sem í eðli sínu sé slysatrygging, enda sé meginreglan sú að réttarstaða aðila ákvarðist af lögum eins og þau séu hverju sinni. Beri því að byggja á 2. mgr. 23. gr. núgildandi laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, en þar sé kveðið á um fyrirvaralausan túu ára fyrningarfrest krafna um bætur vegna líkamstjóns.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að félaginu hafi fyrst borist tjónstilkynning rúmlega tveimur árum eftir slys M. M hafi verið flutt með sjúkrabifreið til skoðunar en félagið hafi ekki undir höndum nein samtímasjúkragögn en hafi þó borist vottorð dags. 15. maí 2015 þar sem fram komi afar takmarkaðar upplýsingar um heilsufar M eftir slysið. Fyrri lögmaður M hafi þá á árinu 2015 lagt það til að beðið yrði með málið þar til M lyki sjúkraþjálfun sem hún var í eftir meðferð á Reykjalundi. Bótaskylda hafi ekki verið samþykkt á grundvelli þessara gagna en V hafi óskað eftir frekari gögnum. Engin frekari samskipti hafi átt sér stað milli V og þáverandi lögmanns M og ekkert hafi gerst í málinu þar til umboð núverandi lögmanns barst V. Lögmaður M hafi þá fengið gögn málsins send hinn 2. september 2020 og ítrekað gagnabeiðni sína hinn 29. júní 2021. Hinn 6. júlí 2021 hafi V borist matsbeiðni sem var dagsett 24. maí 2021, en félaginu hafi hins vegar aldrei borist boð á matsfund og hafi því ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna. V hafni því þar af leiðandi að félagið hafi sýnt af sér tómlæti, en verulegt tómlæti hafi hins vegar verið til staðar af hálfu M. Þá staðfesti fyrirliggjandi matsgerð að krafa M hafi verið fyrnd enda komi fram í henni að stöðugleikapunkti hafi verið náð á árinu 2013. Jafnframt er tekið fram að 94. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi ekki við í málinu enda beri V fyrir sig fyrningu en ekki ábyrgðartakmörkun. Þá lýsir V þeirri afstöðu að miða skuli við þau lög er í gildi voru á tjónsdegi.

Álit.

Óumdeilt er að umrætt tjónsatvik hafi átt sér stað hinn 5. desember 2012. Voru þá í gildi eldri umferðarlög, nr. 50/1987. Í XIII. kafla laganna um fébætur og vátryggingu sagði eftirfarandi í 99. gr.: *Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgð ber, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.* Ljóst er að ekki voru að fullu liðin tíu ár frá 5. desember 2012 og þar til M lagði ágreining aðila fyrir nefndina. Kemur þá til skoðunar hvort krafa hennar hafi þá þegar verið fyrnd á grundvelli þess að meira en fjögur ár hafi þá verið liðin frá lokum þess almanaksárs sem M fékk vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð, dags. 13. janúar 2022, er stöðuleikapunktur talinn vera hinn 5. mars 2013. Læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni, utan téðrar matsgerðar, eru takmörkuð, og liggur ekkert fyrir sem sýni fram á að M hafi ekki á þeim tíma verið kunnugt um atvik sem krafa hennar er reist á, að um varanlegar afleiðingar væri að ræða. Í öllu falli verður að miða við að slík vitneskja hafi í síðasta lagi verið til staðar um það leyti sem þáverandi lögmaður hennar var í samskiptum við V sumarið 2015. Verður því byggt á því, sé horft til áðurnefndrar 99. gr. eldri umferðarlaga, að krafa M hafi fyrnst í síðasta lagi í árslok 2019. Í ljósi þess að upplýsingar um áðurnefnda dagsetningu stöðugleikapunktar virðast ekki hafa legið fyrir fyrr en með umræddri matsgerð, verður þá ekki litið svo á að V hafi borið að bera fyrir sig fyrningu fyrr en þá. Verður þá ekki fallist á að í samskiptum V við lögmann M á árunum 2020 og 2021 hafi falist viðurkenning bótaskyldu af hálfu V.

M byggir þá jafnframt á því að V hafi sýnt af sér tómlæti, sbr. 94. gr. laga um vátryggingarsamninga. Í 94. gr. laganna, sem á við um persónutryggingar, en sambærilegt ákvæði er að finna í þeim hluta laganna er varðar skaðatryggingar, kemur fram að hyggist vátryggingarfélag bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð að hluta eða öllu leyti, á grundvelli ákvæða XIII. kafla laganna um almennar forsendur fyrir ábyrgð félagsins, beri því að senda tilkynningu þess efnis án ástæðulauss dráttar en ella glati það rétti sínum til að bera fyrir sig slík atvik. Rétt er að árétta að jafnvel þó V hefði að mati nefndarinnar dregið að senda tilkynningu um að það teldi kröfu M fyrnda verður ekki séð að fyrning sé eitt þeirra atriða sem fjallað er um í XIII. kafla laganna. Gildissvið áðurnefndrar 94. gr. er skýrlega afmarkað og fyrning fellur ekki þar undir.

Rétt er þá að taka fram að ekki verður fallist á þá afstöðu M að niðurstaða nefndarinnar skuli byggð á núgildandi lögum um ökutækjatryggingar, enda yrði að mati nefndarinnar að taka það skýrt fram í gildistökuákvæði laganna sjálfra væri þeim ætlað að gilda um kröfur sem stofnuðust fyrir gildistöku þeirra.

Samkvæmt framansögðu telst krafa M á hendur V fyrnd.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 327/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. október, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 22. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 28. nóvember 2022.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M varð fyrir slysi þann 1. ágúst 2021 í bátsferð (e. rafting) á vegum X er hún stökk fram af kletti og ofan í ána. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins og telur að X og starfsmenn félagsins hafi valdið M tjóni með saknæmum og ólögmætum hætti. Vísar M til þess að hún hafi aldrei verið sérstaklega upplýst um áhættuna við stökkið eða fengið leiðbeiningar um hvernig bera ætti sig að. Voru þátttakendur, þvert á móti, hvattir til þess að stökkva ofan í ána. Hafi M jafnframt aldrei verið kynntir skilmálar ferðarinnar né látin undirrita þá. Telur M þá háttsemi starfsmanna X, að hvetja hana til að stökkva af kletti ofan í ána á stað sem ekki reyndist öruggur, þrátt fyrir að þekkja vel til aðstæðna og vera í hlutverki fararstjóra í ferðinni, sem hún treysti, hafi falið í sér gáleysi. Augljóst hafi verið að ekki hafi verið öruggt að stökkva af klettinum á þeim stað sem valinn var. Samkvæmt reglum vinnuveitendaábyrgðar beri X ábyrgð á tjóni því sem starfsmenn þess valda með saknæmum og ólögmætum hætti. M mótmælir því að sjónarmið um áhættutöku eigi við í málinu. Ferðin hafi átt að vera auðveld og nokkuð hættulaus enda auglýst sem fjölskylduferð.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að slys M sé ekki að rekja til sakar X. Telur V að M hafi verið ljóst að því gæti fylgt áhætta að stökkva fram af klettinum. Bæði kom það fram í skjalinu sem M undirritaði og í munnlegum leiðbeiningum sem M fékk hjá leiðsögumönnum í sjálfri ferðinni, m.a. áður en farið var úr bátnum til að klifra upp á klettinn. Hafði M frjálst val um það hvort hún stykki af klettinum eða ekki og hafði fengið leiðbeiningar um það hvernig hún ætti að stökka ef hún veldi að gera það. M hafi ekki stokkið á þeim stað sem henni var leiðbeint um að stökkva á, heldur hafi hún einungis stigið út af klettasyllunni og niður í ána. Slys M var fyrsta og eina slysið sem hefur orðið við stökk á þessum stað hjá X en fyrirtækið hefur farið í ferðir niður umrædda á í 13 ár.

Álit.
Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í íslenskum rétti hafa lengi gilt reglur um áhættutöku en þar undir falla tilvik þar sem tjónþola er ljós sú áhætta sem hann tekur sem hann tekur en hann leggur eigi að síður sig eða hagsmuni sína í hættu. Þannig geta reglur um áhættutöku valdið því að M getur ekki krafið X um bætur, að því gefnu að starfsmenn X hafi staðið forsvaranlega að undirbúningi og framkvæmd ferðarinnar sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 91/2006 og 457/2016. M hefur ekki lagt fram nein gögn eða vitnaframburði til stuðnings sínum framburði sem snýr að því að starfsmenn X hafi staðið óforsvaranlega að undirbúningi og/eða framkvæmd ferðarinnar þannig að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 328/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 31. októer 2022.
4. Tölvupóstur V, dags. 3. nóvember 2022.

Málsatvik.

M keypti ferð til Bandaríkjanna í lok júlí 2022 en fyrirhugað var að ferðin yrði farin 21. september 2022. Hinn 12. september 2022 fékk M bakverk í kjölfar þess að hann kveðst hafa dottið á hjóli. M fór í meðferð hjá sjúkraþjálfara, til viðbótar við þá meðferð sem hann hafði reglulega verið í hjá sama sjúkraþjálfara og leitaði til sérfræðings í bæklunarlækningum. M var ráðið frá því að ferðast og hefur hann krafist bóta úr forfallatryggingu sinni hjá V. Í málinu liggur fyrir vottorð bæklunarlæknis dags. 15. september 2022 og vottorð sjúkraþjálfara dags. 12. október 2022.

M telur bótaskyldu fyrir hendi úr forfallatryggingu sinni og rekur atvik með þeim hætti í málskoti að nokkru áður en hann hafi átt að fara í ferð hafi hann fallið á hjóli og um viku seinna hafi hann fengið „*hrottalegt tak í bakið*“. M kveðst hafa leitað strax til sjúkraþjálfara síns til meðferðar og leitað til læknis þar sem hann hafi „*..átt tíma hjá bæklunarlækni til eftirlits*.“ M kveður lækninn hafa ráðlagt sér frá því að ferðast áður en ástæða meinsins væri fundin en síðan kom í ljós að M náði sér af þursabitinu án frekari inngrips, annars en sjúkraþjálfunar. M telur að ekki séu orsakatengsl milli þursabits hans og þeirrar meðferðar sem hann hafi verið í hjá sjúkraþjálfara þar sem það hafi verið vegna slits í baki en ekki sé sýnt að þursabitið hafi verið vegna þess. M vísar til þess að sú meðferð sem hann hafi verið í hjá sjúkraþjálfara hafi verið þannig fyrirbyggjandi til að koma í veg fyrir almenn óþægindi vegna slits í liðum en ekki meðferð vegna þursabits, enda hafi M ekki fengið slíkt síðust 30 árin.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til ákvæðis í vátryggingarskilmálum sem takmarkar bótaskyldu skv. gr. 7.1. og 7.1.1 í sömu skilmálum, þ.e. gr. 7.2.1 sem segir að félagið bæti ekki: *„Kröfur vegna hvers kyns slysa , veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði, óhefðbundin lækningameðferð. Jafnframt eru undanþegin tjón sem stafa af því að vátryggður gengst undir meðferð em hann var á biðlista vegna þegar staðfestingargjald var greitt.“* V vísar til þess að M hafi sjálfur lýst langvarandi bakveikindum sínum í samskiptum við félagið, sem og komi það fram í vottorði sjúkraþjálfara að M hafi verið í vikulegri meðferð hjá henni vegna slita í liðum. Þannig eigi umrætt ákvæði við aðstæður M og telur V að réttur hans til bóta sé því ekki fyrir hendi.

Álit.

Í málinu hverfist ágreiningur um gildissvið gr. 7.2.1 í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar M hjá V. Í gögnum málsins kemur fram að V hafi takmarkað bótaskyldu sína í forfallatryggingu þannig að hvers kyns veikindi, sem hinn vátryggði hefur þjást af og notið læknishjálpar eða meðferðar við á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds, falli utan þess sem bótagreiðslur forfallatryggingarinnar ná til.

Í vottorði sjúkraþjálfara dags. 12. október 2022 kemur fram að M hafi verið í vikulegri meðferð vegna slits í liðum eftir spengingu í mjóbaki sem M gekkst undir árið 2000 vegna liðsskriðs sem hófst upp úr tvítugu. Vottorðið byggir sjúkraþjálfari á áreiðanlegum upplýsingum í beiðnum frá læknum vegna þeirrar meðferð sem M hefur verið í um nokkurra ára skeið. Regluleg meðferð M hafi falist í æfingum, nuddi, teygjum og stuttbylgjumeðferð. Í vottorðinu kemur einnig fram að meðferð við þursabiti M í september 2022 og læsingum í smáliðum var þannig að beitt var svokölluðum smábylgjum daglega auk þess að nálastungum var einu sinni beitt. Í vottorðinu kemur auk þess fram að erfitt sé að segja til um

tengsl þursabits við önnur veikindi M, en slit geti aukið líkur á slíku þó ekkert hafi komið fram um það síðustu ár hjá M.

Í umræddu vottorði og öðrum gögnum málsins kemur skýrt fram að M hafi verið í reglulegri meðferð vegna slits í baki þegar ferð hans var keypt og hluti þeirrar reglulegu meðferðar, stuttbylgjumeðferð, hafi verið beitt við því þursabiti sem hann fékk í september sl. Einnig verður ekki annað ráðið en að veikindi þau sem M var í reglulegri meðferð vegna hafi að einhverju leyti kallað á sömu meðferð og M hlaut eftir þursabitið. Þó lýst sé vafa um tengsl veikindanna í vottorði sjúkraþjálfara eru þau ekki útilokuð og verður því að telja að víðtækt orðalag gr. 7.2.1 nái yfir þær aðstæður sem uppi voru hjá M. Telst kostnaður hans vegna forfalla því ekki veita rétt til bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 329/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. október 2022.
2. Bréf V dags. 27. október 2022.
3. Bréf lögmanns M, dags. 9. nóvember 2022.
4. Bréf V, dags. 14. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fallið í skurð við heimili sitt hinn 5. september 2020 að kvöldi til og þannig hlotið líkamstjón. Nánar tiltekið hafi verið framkvæmdir í gangi í þeirri götu sem M býr í og svæði sundurgrafið vegna endurnýjunar lagna, sem og hafi verið göngubrýr yfir skurði. M lýsir atvikum þannig að hún hafi gengið yfir neðstu göngubrúna í neðstu innkeyrslu við það hús sem er neðst í húsalengju og ætlað að ganga að sínu húsi sem er efst í þeirri lengju. Hún kveðst hafa verið á göngustíg og þegar hún hafi tekið beygju að næstu brú við göngustíginn hafi hún runnið til og fallið um tvo metra ofan í skurð. Myndir eru af vettvangi með gögnum málsins. M kveðst hafa tilkynnt um atvikið strax til X, en borðar hefi verið settir upp strax eftir það. Í svari starfsmanns X frá 8. september 2020 kemur fram að hann hafi haft samband daginn áður við eftirlitsmann og verktaka á svæðinu, til að taka út aðstæður og gera úrbætur. Ennfremur segir í þeim tölvupósti að sami starfsmaður hafi sent myndir „..sem sýna hvar slysið varð til enn betri glöggvunar hvar úrbóta á gönguleiðum er þörf.“ Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að göngustígur þar sem hún féll hafi verið „...sundurgrafinn og nokkuð illfær og óupplýstur.“ Í endurriti dagbókarfærslu lögreglu vegna atviksins kemur fram að M hafi verið að koma heim ásamt manni sínum og sagt lögreglu að henni hafi skrikað fótur og hún þannig fallið í skurð. Í dagbókarfærslunni kemur fram að M hafi verið áberandi ölvuð. Í bráðamóttökuskrá dags. 5. september 2020 kemur fram að M lýsti aðdraganda líkamstjóns síns þannig að hún hafi runnið til og ofan í skurð við hús sitt eftir að hún kom heim með leigubíl eftir að hafa verið úti að borða. Þar kemur fram að M hafi verið í uppnámi yfir ástandi og „..talsvert drukkin við komu.“ Í málinu liggur einnig fyrir yfirlýsing nágranna M um að lítið eða ekkert hafi verið af öryggisborðum meðfram skurði og gönguleið hættuleg þeim sem átti leið um á tjónsdegi, stígur hafi veri mjór meðfram honum og búið að fjarlægja alla lýsingu í götunni.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut í greint sinn og telur aðstæður við húsalengju, hvar hún býr í einu húsanna, hafi verið óforsvaranlegar. M telur að þó framkvæmdir hafi verið í gangi í einhvern tíma þá hafi gönguleið verið breytt skömmu fyrir hennar slys, eða síðdegis daginn áður, og ekki gengið nægilega vel frá þeirri breytingu m.t.t. öryggis vegfarenda. Tilkynnt að breytingar væru fyrirhugaðar en ekki hvernig þær yrðu, en síðan hafi komið í ljós að engar fallvarnir eða merkingar hafi verið við þann skurð sem M féll í. M telur að þetta hafi verið fyrstu breytingar sem gerðar hafi verið síðan í júní sama ár. Myrkur hafi verið þegar hún gekk þarna um og þannig hafi svæðið verið slysagildra. M vísar til þess að X hafi haft yfirumsjón með framkvæmdum og því samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á verkstað í skilningi reglan nr. 547/1996 um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. M vísar einnig til ákvæða í viðauka reglnanna um að tryggja skuli öryggi við slíkar framkvæmdir og m.a.. lýsingu og merktar gönguleiðir. M telur að í þessum reglum komi fram staðfesting grundvallarsjónarmiða sem eigi almennt við um öryggisráðstafanir við jarðvinnu og jarðframkvæmdir, óháð því hvort verið sé að gera við lagnakerfi eða byggja hús. M vísar til þess að umferðarleið hafi verið breytt eftir hennar slys og því verði að meta X fyrri aðstæður til sakar. Einnig telur M að hún hafi sýnt aðgát og ekki verið ölvuð, þó hún hafi verið í uppnámi þegar lögregla kom á vettvang og þegar hún kom á bráðamóttöku.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að M ásamt öðrum íbúum á svæðinu hafi verið kunnugt um framkvæmdir sem hafi verið á vegum X og veitufyrirtækis frá júní 2020, farið hafi verið í hús og íbúum

kynntar eðli framkvæmdanna. V telur að öllum íbúum hafi mátt vera ljóst að talsvert raskt yrði í götunni og aðgengi erfiðara að þeirra húsum þannig að sýna þyrfti aðgæslu. V telur gildissvið reglna nr. 547/1996 ekki eiga við þar sem ekki hafi verið um húsbyggingu að ræða heldur endurbætur á lagnakerfi. Einnig bendir V á að skv. upplýsingum frá X hafi verið reynt að gera gönguleiðir sem best úr garð gerðar með grúsarlagi og brúm með handriðum yfir skurði. Einnig vísar V til þess að húseigandi í götunni hafi sjálfur verið í framkvæmdum á sinni lóð sem leiddi til þrengsla og minni möguleika á öruggari gönguleiðum. V telur tjónatvikið fyrst og fremst hægt að rekja til aðgæsluleysis M þar augljóslega þurfti að gæta sérstakrar aðgæslu og til ölvunar M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Í málinu liggja fyrir myndir af húsagötu þeirri sem M þurfti að ganga um til að komast heim til sín að kvöldi 5. september 2020, auk þess sem fyrir liggur að framkvæmdir höfðu verið frá því í júní á svæðinu. M vísar til þess í málskoti að gönguleiðum hafi verið breytt degi fyrir slys hennar og í gögnum málsins og því sem haft er eftir starfsmönnum X verður ekki séð að því sé sérstaklega mótmælt. Í tölvupósti frá starfsmanni X 8. september 2020 kemur fram að sendar hafi verið myndir „..sem sýna hvar slysið varð til enn betri glöggvunar hvar úrbóta á gönguleiðum er þörf.“ og haft samband við eftirlitsmann og verktaka. Einnig er því ekki mótmælt að borðar hafi verið settir upp við gönguleiðir eftir að slysið varð. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir skjallega frá X um hvernig skipulagi öryggismála var háttað við umræddar framkvæmdir og þó vísað hafi verið í upplýsingar frá X í bréfum V til nefndarinnar felur slík tilvísun ekki í sér sambærilegt sönnunargildi. Eins að aðstæður voru á umræddum stað verður að leggja til grundvallar að eftir slys M hafi verið gerðar frekari öryggisráðstafanir, eins og t.d. að strengja borða við skurði, og þannig hafi verið hægt að bæta auðveldlega úr öryggismálum á svæðinu, sérstaklega þegar litið er til þess að gönguleið hafi rétt áður verið breytt. Verður að líta svo á að X hafi átt að hafa þannig yfirsýn vegna framkvæmdanna að fyllsta öryggis væri gætt, sérstaklega í ljósi þess að íbúar, eins og M, höfðu ekki val um að ganga um svæðið, hún þurfti þess til að komast heim til sín. Telst X því bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Við mat á því hvort M eigi að bera hluta tjóns síns vegna meðábyrgðar verður ekki hjá því litið að bæði í gögnum lögreglu og bráðamóttökuskrá er ástandi M lýst þannig að hún hafi verið talsvert drukkin eða áberandi ölvuð. Þó uppnám vegna líkamstjóna geti vitaskuld haft áhrif á upplifun fólks verður ekki litið framhjá þeim lýsingum lögreglumanna og heilbrigðisstarfsfólks sem hefur bæði menntun og reynslu af því að meta aðstæður. Ástand M telst því hafa skert möguleika hennar til að viðhafa þá aðgát sem nauðsynleg var við aðstæður sem hún vissi að væru hættulegar. Af öllum gögnum virtum telst M bera helming tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V en þarf að bera helming (50%) tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 330/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A
Skráningarnúmer ökutækja A og B

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi 21. júlí 2020 þegar bifreiðinni A var ekið á bifreiðina B sem M ók. Fram kemur að M hafi orðið fyrir meiðslum og leitað á bráðamóttöku vegna stífleika og verkja í hnakka og í vinstri öxl með leiðni niður í fingur og hafi hún verið greind með tognun. Í framhaldinu hafi M leitað reglulega til læknis og sjúkraþjálfara vegna slyssins. M bendir á að matsgerð liggi fyrir sem er dags. 22. mars 2022 og að matsmenn hafi talið að orsakatengsl væru milli slyssins og áverka M. M hafi verið metin með 8 stig miska. M telur að PC-Crash skýrsla hafi ekki gildi þar sem þar sem rannsóknin sé einhliða framkvæmd af V án þess að M hafi gefist kostur á að koma sjónarmiðun eða athugasemdum á framfæri.

V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að áreksturinn hafi verið mjög vægur og hafi ekki verið líklegur til að valda M heilsutjóni og vísaði til PC-Crash skýrslu þar að lútandi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 21. júlí 2020. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V. Það verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna en óumdeilt er skýrslan lýsir litlum þyngdarkrafti árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M aflaði matsgerðar sem er mjög ítarleg og lýsir ástandi M. Matsmenn telja að orsakatengsl séu á milli slyssins og einkenna M í háls- og lendhrygg. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir, svo sem skoðunar- eða álitsgerð, sem draga niðurstöður matsgerðarinnar í efa. Samkvæmt framansögðu verður talið sýnt fram á að meiri líkur en minni séu á að M hafi orðið fyrir tjóni þar sem matsgerðin styður það að M hafi orðið fyrir tjóni við áreksturinn. M telst því hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 331/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Nafn vátryggðs (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 6. desember 2022.
4. Yfirlýsing X, dags. 15. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M seldu fasteign sína með kaupsamningi dags. 16. ágúst 2021. X sá um að selja fasteignina sem löggiltur fasteignasali. Í gögnum málsins kemur fram að kaupandi hafi gert kröfu á M sem seljendur vegna ástands fasteignarinnar. Í kröfubréfi kaupanda til M kemur fram að rakamerki hafi verið í geymslu þegar eignin var afhent og komið í ljós að frárennslismál eignarinnar væru ekki í lagi. M gerðu í kjölfarið kröfu um viðurkenningu bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V. Í málinu liggur meðal annars fyrir afrit söluyfirlits, sem og spurningalisti sem M svöruðu og skrifuðu undir dags. 13. júlí 2021. Einnig kemur fram í málskoti af hálfu M að X hafi ekki sýnt geymslu fasteignarinnar þegar kaupandi kom til skoðunar og ekki hafi heldur legið fyrir myndir af henni. Í yfirlýsingu X, dags. 15. desember 2022 kemur fram að X kveðst hafa skoðað sameiginlegt rými í sameign og geymslur og ekki orðið vör við rakamerki. Einnig kveðst X hafa sýnt væntanlegum kaupendum hjóla- og vagnageymslur og bent á læsta geymslu sem tilheyrði íbúð M. Í málinu liggja líka fyrir gögn um tölvupóstsamskipti aðila og samskipti M við kaupanda og/eða lögmann hans.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M sem seljendur hafa verið krafðir um og vísa til þess að söluyfirlit vegna eignarinnar hafi ekki verið nægilega vel unnið. M vísa til þess að þau hafi einungis átt eignina í 21 mánuð áður en hún var sett á sölu og telja að tjón sé hægt að rekja til þess að X hafi ekki sannreynt upplýsingar um ástand eignarinnar, þrátt fyrir að það komi fram í söluyfirliti fyrir eignina. M vísa til 12. og 27. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa. M telja að ef X hefði skoðað geymslugang við sýningu eignarinnar hefði henni verið ljóst ástand hennar og þannig hefði átt að koma upplýsingum til væntanlegs kaupanda. M mótmæla auk þess því sem hefur komið fram í bréfum X um atvik málsins, t.d. að það hafi ekki verið hægt að skoða geymslu þar sem kassar hafi verið fyrir ummerkjum um leka.

V hefur hafnað bótaskyldu og byggir á því að X hafi uppfyllt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015. V vísar til þess að M sem seljendur fasteignarinnar sem um er deilt hefðu fullyrt að enginn galli væri til staðar á eigninni og fyllt út sérstaka ástandsyfirlýsingu, dags. 13. júlí 2021 þar sem ekkert hafi komið fram um ummerki um fyrri leka í geymslu. Einnig vísar V til þess að við sjónskoðun hafi slík ummerki ekki verið sýnileg fyrir X sem hafi skoðað geymslugang og geymslu, en X hafi ekki verið gert kleift að skoða veggi bak við kassa eða hluti í geymslunni sjálfri. Ekki hafi legið fyrir lyklar af geymslu þegar eignin var sýnd en kaupanda boðið að gera fyrirvara um skoðun á geymslunni, en það hafi verið afþakkað. V vísar einnig til þess að í tölvupósti frá M frá 7. desember 2021 hafi komið fram viðurkenning af hálfu M um að þau hefðu átt að upplýsa um ástand geymslunnar, en hún hafi verið með sama hætti þegar þau keyptu tæpum tveimur árum áður og þar viðurkenni M mistök af sinni hálfu. V telur að M hafi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína skv. 26. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002 og beri sjálfstæða ábyrgð skv. 27. gr. sömu laga. V bendir á að M höfðu búið í eigninni í tæp tvö ár og hafi haft alla möguleika til að koma réttum upplýsingum á framfæri við X við sölumeðferð eignarinnar.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvort X sem löggiltur fasteignasali hafi vanrækt skyldur sínar skv. lögum nr. 70/2015, aðallega varðandi það hvort réttar upplýsingar hafi verið tilgreindar í söluyfirliti eignar M við sölu hennar og hvort sýning eignarinnar í sölumeðferð hafi verið með einhverjum hætti ábótavant þannig að orsakatengsl séu milli þess og ætlaðs tjóns M sem seljenda.

Í gögnum málsins kemur skýrlega fram að M gáfu upplýsingar um fasteign sína á sérstöku upplýsingaskjali (spurningalista) eða ástandsyfirlýsingu dags. 13. júlí 2021. Í því skjali kemur ekkert fram um að í geymslu séu ummerki um fyrri leka. Í tölvupósti M dags. 7. desember 2021 kemur skýrlega fram að M hafi verið meðvituð um ástand geymslunnar og það hafi verið „mistök“ að geta þess ekki. Í yfirlýsingu húsfélags kemur heldur ekkert fram um möguleg lekavandamál eða að eitthvað sé athugavert við frárennsli eignarinnar í heild. Ekki verður það metið X til gáleysis að hafa ekki upplýst um ástand geymslu í ljósi þess að M sjálf gáfu engar upplýsingar til X varðandi hana. Ekki verður heldur talið sannað af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að X hafi mátt vera ljóst af sjónskoðun að leki hafi verið í umræddri geymslu áður. Hallann af sönnunarskorti um þau atvik verður að leggja á M þrátt fyrir að um skaðabótaskyldu fasteignasala gildi sjónarmið um sérfræðiábyrgð.

Ekki verður því fallist á að upplýsingar hafi legið fyrir hjá X við sölumeðferð fasteignar M í júlí/ágúst 2021 sem vanrækt var að tilgreina sérstaklega á söluyfirliti eignarinnar. M hafa því ekki sýnt fram á skaðabótaskyldu af hálfu X og eiga því ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala X hjá V

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 332/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Stórkostlegt gáleysi. Vátryggingaskylda.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. október 2022.
2. Bréf V1 dags. 8. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. desember 2022.
4. Bréf V2 dags. 5. janúar 2023.
5. Viðbótarathugasemdir V1 dags. 9. janúar 2023.
6. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.
Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. ágúst 2021, og öðrum málsgögnum varð, aðfararnótt hins 9. ágúst 2021, árekstur milli bifreiðarinnar A og bifhjólsins B. M var, ásamt annarri stúlku, X, farþegi á bifhjólinu B. Varð hún fyrir líkamstjóni við áreksturinn.

Í málskoti kemur fram að V1 hafi hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A á grundvelli þess að Tjónanefnd vátryggingafélaganna hafi talið B bera alla sök á umræddum árekstri þar sem hann hefði ekki virt forgang umferðar samkvæmt biðskyldu. M felli sig ekki við þá afstöðu enda hafi ökumaður A verið án ökuréttinda og undir áhrifum fíkniefna auk þess sem hann hafi greinilega ekið yfir leyfilegum hámarkshraða. Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að ökumaður A hafi sýnt af sér sök og orsakasamband sé milli þess og líkamstjóns M. Þá sé um að ræða hlutlæga ábyrgð eiganda A.

Í bréfi V1, sem var á tjónsdegi vátryggjandi A, eru rakin atvik við áreksturinn og vísað til álits Tjónanefndar vátryggingafélaganna sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að ökumaður B bæri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hefði ekki virt biðskyldu. V1 lýsir þá þeirri afstöðu sinni að B sé vátryggingarskylt bifhjól. Samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019 séu öll vélknúin ökutæki skráningarskyld en létt bifhjól í flokki I séu þó undanþegin skráningarskyldu skv. 1. mgr. 72. gr. laganna. Þau séu einnig undanþegin vátryggingarskyldu skv. 11. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 og ákvæði 5 gr. sömu laga um sakarskiptingu. Létt bifhjól í flokki I sé hins vegar, skv. 28. tl. 3. gr. umferðarlaga, skilgreint sem bifhjól sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt bíltæknirannsókn sem framkvæmd hafi verið á B hafi hraðatakmörkun á hjólinu verið aftengd, þannig að það nái 56,7 kílómetra hraða á klukkustund. Við skoðun á hjólinu hafi hraðamælir þess þá verið fastur í 38 kílómetra hraða á klukkustund. Sé B því ekki bifhjól í flokki I, og falli því ekki undir undanþágu frá vátryggingarskyldu sem beri, eins og aðrar undantekningar frá meginreglum, að túlka þröngt. Með framangreindri aftengingu hafi hönnun hjólsins verið breytt. Þegar slíkar breytingar eigi sér stað beri eiganda ökutækis að afla nýrrar gerðarviðurkenningar, sbr. 9. tl. gr. 03.02 reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Hefði eigandi B sinnt þeirri skyldu sé ljóst að skráningu B hefði verið breytt og það bæði skráningar- og vátryggingarskylt. Byggja verði flokkun ökutækja á raunverulegri hönnun þeirra en ekki upphaflegri skráningu, enda væri eigendum bifhjóla ella auðvelt að koma sér undan skráningar- og vátryggingarskyldu þrátt fyrir að breyta virkni bifhjóls með þeim hætti sem hér hafi verið gert. Beri því samkvæmt framansögðu að skipta ábyrgð í hlutfalli við sök ökumanna, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar. Telur V1 að háttsemi ökumanns B, sem tekið hafi að sér stjórn skráningar- og vátryggingarskylds ökutækis án þess að hafa til þess tilskilin réttindi, og hafi í engu gætt að forgangi umferðar sem gefin var til kynna með biðskyldumerki og þess í stað ekið viðstöðulaust, og án þess að hægja á sér, yfir gatnamótin, leiða til þess að hann beri alla sök á árekstri aðila. Hvað varði ökumann A þá hafi hann ekið bifreiðinni umrætt sinn án tilskilinna réttinda auk þess sem tetrahýdrokannabínól (kannabis) hafi mælst í blóði hans. Hins vegar sé ekki orsakasamband milli þeirrar háttsemi og árekstursins og vandséð hvernig hann hefði getað brugðist við með öðrum hætti. Hann hafi öðlast réttindi til að aka bifreið, þó slík réttindi hafi ekki verið í gildi á slysdegi og því búið yfir þeirri þekkingu sem þurfi til aksturs bifreiðar, og þá hafi magn

tetrahýdrokannabínóls í blóði hans verið lítið. Þá bendi tjón á bifreiðinni einnig til þess að B beri sök á umræddum árekstri. Eigi M því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

Í ljósi afstöðu V1 og þeirra álitamála sem nefndin taldi uppi við afgreiðslu málsins var kallað eftir viðbrögðum V2, sem er tjónsuppgjörsmiðstöð í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatryggingar, Í bréfi V2 til nefndarinnar kemur fram að B hafi, þegar það kom frá framleiðanda, ekki verið hannað til þess að geta náð meira en 25 kílómetra hraða á klukkustund. Hafi það við nýskráningu verið skráð sem létt bifhjól í flokki I. Eftir að breytingar sem gerðar voru á umferðarlögum með lögum nr. 39/2021 tóku gildi í maí 2021 hafi B verið afskráð enda ekki lengur skráningarskylt ökutæki samkvæmt lögum. Ábyrgð V2 takmarkist við skráningarskyld ökutæki og falli afleiðingar þessa atviks því ekki undir lögbundið ábyrgðarsvið V2. Sú staðreynd að eigendur B hafi breytt þeim öryggisbúnaði sem fylgdi hjólinu frá framleiðanda breyti ekki þeirri afstöðu enda miðist skráningarskylda við ökutæki eins og þau eru búin frá framleiðanda. Jafnvel þó bótaskylda væri til staðar á grundvelli lagaskyldu V2 til að bæta tjón sem leiðir af ökutækjum sem ekki eru ábyrgðartryggð leiði þá af 5. gr. laga um ökutækjatryggingar að skipta beri ábyrgð í hlutfalli við sök ökumanna. V2 telji þá ökumann A, á grundvelli ástands hans, réttindaleysis svo og þess að hann hvarf upphaflega af vettvangi, bera meginsök á atvikinu. Þess utan er afstaða V2, teldist bótaskylda til staðar, sú að skerða beri eða fella niður bótarétt M á grundvelli stórkostlegs gáleysis hennar sjálfrar, en hún hafi séð til ökumanns B drekka áfengi fyrr um kvöldið auk þess sem henni hafi mátt vera ljóst að stórhætta skapaðist af því að flytja tvo farþega á B. Auk þess hafi M vanrækt að bera hlífðarhjálm svo sem henni hafi borið.

Í viðbótarathugasemdum M koma fram mótmæli við afstöðu V2, enda verði að horfa til þess hvernig ökutæki var úr garði gert á tjónsdegi enda sé tilgangur umræddrar löggjafar sá að tryggja rétt þeirra sem slasast af völdum notkunar ökutækja. B hafi á slysdegi ekki verið létt bifhjól í flokki I heldur bifhjól í skilningi 8. tl. 3. gr. umferðarlaga, þ.e. hannað til hraðari aksturs en 45 kílómetra á klukkustund og haft sprengirými yfir 50 rúmsentmetra. Burtséð frá sök ökumanna verði svo að horfa til þess að M eigi rétt á að fá tjón sitt bætt, enda sé hlutlæg bótaábyrgð fyrir hendi verði tjón rakið til notkunar ökutækis.

Álit.

Samkvæmt framansögðu hverfist ágreiningur máls þessa að mati nefndarinnar um það hvort bótaskylda sé til staðar á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, eða á grundvelli sakar hlutaðeigandi aðila, þ.á.m. ökumanns hins óvátryggða ökutækis B, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr. en greiðsluskylda hvíli þá á V2 skv. 15. gr. sömu laga.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvort B hafi á tjónsdegi verið skráningarskylt ökutæki samkvæmt umferðarlögum, sbr. 7. tl. 3. gr. laga um ökutækjatryggingar, en það er forsenda þess að tjóni verði skipt á milli A og B í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli á grundvelli 5. gr. laga um ökutækjatryggingar. Samkvæmt 1. gr. 72. gr. umferðarlaga eru létt bifhjól í flokki I undanþegin skráningarskyldu. Í 28. tl. 3. gr. sömu laga kemur fram að létt bifhjól greinist í létt bifhjól í flokki I, sé bifhjólið ekki hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund, og í létt bifhjól í flokki II sé bifhjólið hannað til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Samkvæmt bíltæknirannsókn sem fram fór á B, var B hannað og skráð sem létt bifhjól í flokki I. Þó fyrir liggi að búið hafi verið að aftengja hraðatakmörkun á B, í þeim tilgangi að aka því hraðar, verður ekki talið að í því felist að það hafi verið „hannað“ til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund í skilningi umferðarlaga. Þá verður ekki byggt á því að tilvitnaður 9. tl. gr. 03.02 reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, þar sem fjallað er um heimildir Samgöngustofu til afturköllunar gerðarviðurkenninga að tilteknum skilyrðum uppfylltum, feli í sér skýra skyldu eigenda til að hlutast til um breytta skráningu eigi þeir við ökutæki sín með þessum hætti. Án ítarlegri ákvæða og skýrari leiðbeininga í lögum hvað þetta varðar telur nefndin sér því ekki unnt að komast að þeirri niðurstöðu að létt bifhjól sem hönnuð eru til að falla í flokk I verði skráningar- og vátryggingarskyld við það að eigendur þeirra aftengi hraðatakmarkanir með þessum hætti. Er greiðsluskylda af hálfu V2 því ekki fyrir hendi og verður við úrlausn þessa máls ekki byggt á 5. gr. laga um ökutækjatryggingar.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar segir að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þar sem niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu byggð á þessu ákvæði þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort ökumaður A beri sök á umræddu tjónsatviki enda er um hlutlæga ábyrgðarreglu að ræða. Er umfjöllun um þann þátt málsins því stillt í hóf frá því sem kemur fram í

málsgögnum. Á M samkvæmt framansögðu, á grundvelli fyrrnefndrar 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar, rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir.

Kemur þá til skoðunar 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar en þar segir að bætur vegna líkamstjóns eða missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við skýrslugjöf M hjá lögreglu hinn 13. ágúst 2021, kom fram að hvorki hún né X hafi verið með hjálm meðan á ökuferðinni stóð. Þrátt fyrir að ábyrgð þess að farþegi noti hlífðarhjálm, sbr. 1 mgr. 78. gr. umferðarlaga, hvíli einnig á ökumanni verður að telja að M hafi ekki getað dulist sú áhætta sem í því fólst að nota ekki viðurkenndan hlífðarhjálm. Þá liggur fyrir að B, M og X þrímenntu á bifhjólinu, en samkvæmt 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga var B, sem var 14 ára á slysdegi, með öllu óheimilt að flytja farþega á því. Þrátt fyrir að meginábyrgð þess að hlíta umræddu ákvæði hvíli á ökumanni verður að miða við að M hafi ekki getað dulist að umrætt hjól var ekki ætlað þremur manneskjum og að hætta gæti verið fólgin í því að þrímenna á því með þessum hætti. Þrátt fyrir ungan aldur M, en hún var 14 ára og tæpra sex mánaða á slysdegi, verður að telja að með fyrrgreindri háttsemi hafi hún sýnt af sér stórkostlegt gáleysi enda hafi hún mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem í framangreindri háttsemi fælist. Eins og málum er hér háttað er það mat nefndarinnar að hæfileg skerðing sé 1/4 hluti.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 en skerða skal bætur til hennar um 1/4 hluta.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 333/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. nóvember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M 15. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 26. janúar 2021 hafi M hlotið líkamstjón er árekstur varð milli A og B, sem M ók umrætt sinn. Lögregla var kvödd á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 26. janúar 2021, fyrir nefndinni. Ekki sé um það deilt að ökumaður A beri fulla sök á árekstrinum. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu vegna líkamstjóns M með vísan til þess að ósannað sé að varanlegt heilsutjón hafi hlotist af atvikuni. M byggir á því að hún hafi sannanlega orðið fyrir líkamstjóni og svo því að svokölluð PC-Crash skýrsla sem V hafi aflað einhliða hafi takmarkað sönnunargildi í málinu. M hafi leitað á heilsugæslu daginn eftir umrætt atvik þar sem hún hafi lýst sting í kjálka og óþægindum milli herðarblaða og yfir neðra baki. Hinn 8. febrúar 2021 hafi M hringt í heilsugæsluna og lýst slæmri andlegri líðan, almennu máttleysi og svima og í mars hafi hún kvartað undan verk í hálsi og baki. Hinn 4. október 2021 hafi M svo hitt sérfræðing í taugalækningum vegna máttleysis og dofa í vinstri hönd. Hafi hún verið greind með focal dystoniu, sem samkvæmt áliti sérfræðilæknisins sé ekki hægt að útiloka að tengist umræddu umferðarslysi. Hinn 16. desember 2021 hafi M leitað til taugalæknis og að áliti hans lýsi sumir einstaklingar með focal dystoniu einkennum í kjölfar einhvers konar áverka þó ekki verði fullyrt um orsakasamband. Þó ekki hafi verið um mjög harðan árekstur að ræða hafi M því strax fundið fyrir einkennum og ítrekað leitað til læknis vegna þeirra. Ekki sé hægt að útiloka orsakatengsl þar á milli. Hvað áreksturinn sjálfan varði hafi M þá ávallt lýst honum á sama veg, þ.e. að hún hafi í aðdraganda áreksturs setið framarlega og skökk í ökumannssæti B en við áreksturinn hafi hún kastast fram og skollið aftur á höfuðpúðann. Óháð niðurstöðu PC-Crash skýrslunnar hafi verið um töluvert högg að ræða af árekstrinum og sýni ákomur á A það en dráttarkúla B hafi tekið mest höggið á þá bifreið, en dráttarkúlur séu ekki gerðar til að gefa eftir við árekstur. Þá hafi M verið á gamalli bifreið með lakari árekstrarvörnum en nú tíðkist. Í öllu falli telji M óeðlilegt að V geti staðið í vegi fyrir því að framkvæmt verði það mat sérfróðra og óvilhallra matsmanna á orsakatengslum og umfangi tjóns sem M telji sig eiga rétt á, en fyrirsjáanlegt sé að slíkt mat yrði afar kostnaðarsamt fyrir hana.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og lýstra einkenna M í dag. Um vægan árekstur hafi verið að ræða og engar sýnilegar skemmdir á B. Lýsingar M á atvikum við umferðaróhappið séu í engu samræmi við önnur gögn málsins sem sýni fram á umfang þess, en lýsingar M séu t.a.m. þær að höfuð hennar hafi „slengst aftur“ og hún hafi „dottið út í minna en sekúndu“ og „kastast aftur, sortnað og talið sig hafa rotast“. Þá hafni V því að lýsingar M á versnandi andlegri og líkamlegri líðan geti tengst umræddu atviki, en M lýsi m.a. endurupplifun einkenna tengdum áfallastreituröskun, máttleysi, svima og versnun einkenna í kjálkaliðum, sem geti ekki samræmst gögnum um umfang árekstursins.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort orsakatengsl séu milli árekstursins hinn 26. janúar 2021 og þeirra einkenna sem M rekur til hans, en samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir sönnunarbyrði þess á M. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað. Af fyrirliggjandi ljósmyndum má þá ráða að eitthvað tjón hafi orðið á A og B, þó sýnu meira á A. Benda gögn málsins þó til að um vægan árekstur hafi verið

að ræða og eru því frekari gögn nauðsynleg til að sýna fram á orsakatengsl milli hans og einkenna þeirra sem M rekur til hans.

Fyrir liggur að M leitaði til læknis daginn eftir umræddan árekstur og lýsti þá versnun á sting í kjálka sem hefði hrjáð hana áður, smá óþægindum milli herðarblaða og yfir neðra baki. Hinn 28. janúar 2021, eða tveimur dögum eftir áreksturinn lýsti hún sveigju á hálsliðum og fékk beiðni um sjúkraþjálfun. Liggur þá fyrir yfirlýsing sjúkraþjálfara um að M hafi sótt meðferð á tímabilinu 26. maí 2021 – 16. júní 2021 en þá ákveðið að taka hlé þar sem hún réði betur við verkina sjálf. Hinn 8. febrúar lýsti hún þá versnun á andlegri og líkamlegri líðan í kjölfar árekstursins, streitueinkennum, almennu máttleysi og svima. Hinn 2. maí 2021 hafði M þá samband við heilsugæslu vegna bakverkja. Þá liggur fyrir vottorð taugalæknis, dags. 6. júlí 2021, sem M var vísað til vegna dofa í vinstri hendi, þar sem fram kemur að M sé líklega með focal dystoniu. Þá kemur fram í vottorðinu að „Þó sumir einstaklingar með focal dystoniu lýsi einkennum í kjölfar einhvers viðburðar eða áverka er ekki hægt að fullyrða að um orsakasamband sé að ræða.“ Jafnframt kemur í vottorðinu fram að musician´s dystonia, sem hrjái M, sé talin koma vegna síendurtekinna hreyfinga við að spila á hljóðfæri, en M er píanókennari að atvinnu. Jafnframt kemur fram að það að M hafi gníst tönnum, sem sé eitt form dystoniu, gæti bent til þess að hún væri í aukinni áhættu á að þróa með sér dystoniu af öðru tagi.

Af framangreindu má ráða að einkenni þau sem M rekur til árekstursins séu nokkuð víðtæk. Þá verður ekki séð að taugalæknir sem hún leitaði til telji líklegt að focal dystoniu þá sem hrjái hana sé að rekja til umræddsatviks. Enn fremur virðist af fyrirliggjandi gögnum að ákveðin einkenni, eins og stingir í kjálka. hafi hrjáð M fyrir áreksturinn og þá kemur fram í sjúkraskrárfærslu dags. 16. ágúst 2019 að M sé með króníska bakverki og hryggskekkju. Ekki liggur fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna um líkamstjón M og samkvæmt framansögðu hefur ekki verið sýnt fram á, með fyrirliggjandi gögnum, orsakatengsl milli áreksturs A og B og einkenna M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 334/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sumarhúsatrygging

Gildissvið vátryggingarskilmála. Ráðgjöf.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19.10.2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 18.11.2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 8. febrúar 2022 hafi orðið foktjón við sumarhús í eigu M þegar lok á rafmagnspotti fauk og skemmdist. M tilkynnti tjónið fljótlega eftir að atvikið gerðist til V en fékk höfnun á bótaskyldu frá V á þeim grundvelli að M hafi ekki keypt tryggingu fyrir rafmagnspottinum og því sé engin trygging hjá V sem nái yfir tjónið. M keypti sumarhúsatryggingu hjá V á árinu 2021 en frá og með 1. janúar 2022 var M með allar sínar tryggingar hjá V. M segist hafa keypt umrædda sumarhúsatryggingu í gegnum síma en einnig verið í samskiptum við sölumann hjá V í gegnum tölvupósta. M segist hafa verið í töluverðum samskiptum við sölumann V. M hafi spurt fjöldann allan af spurningum varðandi tryggingarnar t.d. hvaða muni M þyrfti að tryggja sérstaklega í sumarhúsinu. Sölumaðurinn hafi beðið M um að senda sér myndir af húsinu bæði utandyra sem og inni í húsinu sjálfu. Á einni myndanna sem M hafi sent til sölumanns V hafi umræddur rafmagnspottur sést mjög vel. M tekur fram að hann hafi talið sig vera að kaupa eins konar pakka þegar hann keypti sumarhúsatrygginguna, þ.e. tryggingu sem myndi ná yfir allar eigur M í og við sumarhúsið. M segist aldrei hafa fengið þær upplýsingar frá sölumanni V að það þyrfti að tryggja rafmagnspottinn sérstaklega og taldi því M að hann félli undir vernd sumarhúsatryggingarinnar. M segir í málskoti að hann hafi talað sérstaklega um rafmagnspottinn sem og pallinn við sumarhúsið við sölumann V. M segist hafa verið í góðri trú um að sölumaður V, sem sé sérfræðingur í tryggingum, væri að selja sér tryggingu sem fæli í sér vernd fyrir öllu sem var á myndunum sem M sendi V. Þá telur M að rafmagnspotturinn sé tiltekinn í brunabótamati eignarinnar og falli því undir gildissvið sumarhúsatryggingarinnar.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að skilmáli tryggingarinnar samanstandi af þremur tryggingum, þ.e. innbústryggingu, húseigendatryggingu og ábyrgðartryggingu húseigenda. Skilgreining á húseign, húsnæði eða sumarhús samkvæmt skilmála tryggingarinnar sé svohljóðandi: „*Sumarhúsið sjálft og almennt fylgifé þess. Við það er miðað að húseign séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati sumarhússins. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan húsveggi húseignarinnar teljast ekki til húseignar í skilningi þessa skilmála nema þau verðmæti séu tiltekin í brunabótamati eignarinnar*.“ Af þessari skilgreiningu sé enginn vafi að heitur pottur falli ekki undir sumarhúsatrygginguna. V segir að M hafi komið í tryggingu til V frá öðru tryggingafélagi þann 1. janúar 2022. Þegar M hafi komið í tryggingu til V þá hafi V bent M á að kaupa sumarhúsatryggingu en M hafi ekki haft slíka tryggingu hjá fyrra tryggingafélagi. M hafi því verið betur tryggður eftir að M flutti sínar tryggingar til V. V bendir á að á heimasíðu félagsins komi skýrt fram að heitur pottur falli ekki undir húseigendatryggingu og því þurfi að tryggja heita potta sérstaklega. V hafnar því að félagið hafi leynt M því að heitur pottur við sumarhús M félli ekki undir sumarhúsatrygginguna. Bótaskyldu hafi verið hafnað þar sem M hefði ekki keypt tryggingu hjá V sem tæki til tjóns á heitum potti.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur á milli málsaðila annars vegar um það hvort heitur pottur við sumarhús í eigu M falli undir gildissvið sumarhúsatryggingar sem M er með hjá V og hins vegar hvort M hafi verið veitt fullnægjandi ráðgjöf um tryggingarvernd þegar M keypti sumarhúsatryggingu hjá V.

Í skilmála sumarhúsatryggingarinnar er húseign skilgreind með eftirfarandi hætti: „*Sumarhúsið sjálft og almennt fylgifé þess. Við það er miðað að húseign séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati sumarhússins. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan húsveggi húseignarinnar teljast ekki til húseignar í skilningi þessa skilmála nema þau verðmæti séu tiltekin í*

brunabótamati eignarinnar.“ Af orðalagi ákvæðisins er ljóst að heitur pottur fellur ekki undir gildissvið tryggingarinnar nema að hann sé tiltekinn í brunabótamati eignarinnar. Sönnunarbyrðina um að rafmagnspotturinn sé tiltekinn í brunabótamati eignarinnar hvílir á M. M hefur ekki lagt fram gögn sem staðfesta að potturinn sé tiltekinn í brunabótamati eignarinnar. Með vísan til fyrirliggjandi gagna er ósannað að rafmagnspotturinn falli undir gildissvið sumarhúsatryggingarinnar.

Í 6. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasaminga er kveðið á um þarfagreiningu og ráðgjöf sem hvílir m.a. á dreifingaraðila (V) áður en vátryggingasamningur er gerður en í ákvæðinu segir „*Áður en vátryggingasamningur er gerður skal dreifingaraðili skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavinar á grundvelli upplýsinga sem aflað er frá viðskiptavini og skal skilgreiningin taka mið af flækjustigi afurðarinnar og því hvernig viðskiptavin sem um ræðir. Dreifingaraðili skal veita viðskiptavini hlutlausar upplýsingar um mögulega vátryggingarsamninga í samræmi við þarfir hans og á því formi sem gerir honum kleift að taka upplýsta ákvörðun. Þarfagreiningin skal taka mið af eðli vátryggingarinnar sem mælt er með og þekkingu viðskiptavinar á vátryggingunni*.“ Í ákvæði 6. gr. a sömu laga segir: „*Ef ráðgjöf er veitt áður en vátryggingarsamningur er gerður skal dreifingaraðili veita viðskiptavini persónulega ráðleggingu og útskýra hvers vegna tiltekin vátrygging samræmist best þörfum hans*.“ Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 80/2021 um breytingu á lögum um vátryggingasamninga nr. 30/2004 segir m.a. um ákvæðið „*Sambærilegt ákvæði er í 4. gr. gildandi laga um vátryggingarsamninga en nú eru gerðar ítarlegri kröfur um upplýsingar sem dreifingaraðili vátrygginga skal gefa væntanlegum vátryggingartaka. Einnig er sérstaklega gert ráð fyrir því að ef ráðgjöf er veitt vegna vátrygginga skuli dreifingaraðili greina þarfir vátryggingartaka og útskýra fyrir honum af hverju tiltekin vátrygging henti honum betur en önnur*.“

Í máli þessu er óumdeilt að M var í samskiptum við starfsmann V, sölumann, bæði símleiðis og í tölvupósti um sumarhúsatrygginguna. M sendi starfsmanninum myndir af sumarhúsinu þar sem m.a. rafmagnspotturinn sést mjög vel og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu V að M hafi rætt sérstaklega um rafmagnspottinn þegar M var að afla sér upplýsinga um trygginguna. M spurði starfsmann V spurninga um gildissvið tryggingarinnar og af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M var umhugað um að kaupa sem bestu vernd fyrir verðmæti sumarhússins bæði innan- og utanhúss. Starfsmaður V hefði átt að upplýsa M um að rafmagnspotturinn félli ekki undir gildissvið sumarhúsatryggingarinnar og að hægt væri að kaupa sérstaka vátryggingu sem tæki til tjóna á pottinum. Með vísan til tilvitnaðs lagaákvæðis og fyrirliggjandi gagna var M ekki veitt fullnægjandi ráðgjöf um tryggingarvernd þegar M keypti sumarhúsatryggingu hjá V og ber V ábyrgð á því tjóni sem af því hlaust fyrir M.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum vegna tjóns sem varð á rafmagnspotti þann 8.febrúar 2022 frá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 335/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 18. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 9. október 2022 hafi sonur M kastað fjarstýringu af leikjatölvu fast í sófa með þeim afleiðingum að fjarstýringin skoppaði af sófanum og í sjónvarp með þeim afleiðingum að það brotnaði. M gerði kröfu um bætur vegna tjónsins úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. Með tölvupósti dags. 11. október 2022 hafnaði V bótaskyldu þar sem tjónið falli ekki undir skilmála tryggingarinnar. Vísar V til 6. gr. skilmála vátryggingarinnar þar sem fram kemur að tryggingin tekur til tjóns á innbúi sem á rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. M er ekki sammála niðurstöðu V og telur að tjónið sé bótaskylt úr innbúskaskótryggingunni. Atburðurinn hafi bæði verið skyndilegur og ófyrirsjáanlegur. Fjarstýringin hafi skoppað úr sófanum á sjónvarpið. Henni hafi ekki verið kastað í átt að sjónvarpinu. Vísar M til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 94/2011 og 259/2013 máli sínu til stuðnings.

V telur að tjónsatvikið eins og því hefur verið lýst í tjónstilkynningu og í málskoti, geti ekki fallið undir skilmála innbúskaskótryggingarinnar. Það sé bersýnileg tjónsáhætta fólgin í því að kasta fjarstýringu með þannig afli að hún kastast af sófa og utan í sjónvarp sem staðsett var um það bil 1,5 til 2 metra frá sófanum. Sonur M hafi verið níu ára gamall þegar tjónsatvikið átti sér stað og hafði því aldur og þroska til þess að skilja mögulegar afleiðingar af framangreindri háttsemi. Sú háttsemi og atvikalýsing getur ekki talist fela í sér ófyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik. Hafnar V því að þeir úrskurðir sem M vísar í máli sínu til stuðnings, eigi eitthvað skylt við þá háttsemi sem til umfjöllunar er í þessu máli.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu sinni hjá V vegna tjóns á sjónvarpi sem skemmdist við það að fjarstýring leikjatölvu skoppaði af sófa eftir að sonur M kastaði henni þangað. Samkvæmt skilmálum innbúskaskó sem er valkvæður hluti fjölskyldutryggingar M hjá V, tekur vátryggingin til tjóns á innbúi sem rætur á að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Að mati nefndarinnar er hér um að ræða skyndilegt og ófyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik þ.e. að fjarstýringin skoppi af sófanum og á sjónvarpið. Ekki var til staðar ásetningur um að kasta fjarstýringunni í sjónvarpið, heldur verður ákveðið frávik frá atburðarásinni sem leiðir til tjónsins. Með hliðsjón af þessu á M rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 336/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging

Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20.10.2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 18.11.2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 17.júlí 2019 hafi M leitað til A, háls,-,nef og eyrnalæknisins vegna þess að hann var með verk við kjálka og kjálkalið með leiðni út í eyrað. A hafi kíkt í eyrað og ryksugað eyrað. Það hafi A gert tvisvar sinnum og í seinna skiptið hafi M fundið mikið til. M hafi látið A vita að hann fyndi til. M fannst aðgerðin hafa verið gerð með röngum hætti í seinna skiptið enda hafi hann ekki fundið verk í fyrra skiptið. Á heimleið tók M eftir því að það hringaði í eyranu á honum og hefur hann heyrt illa með eyranu eftir þetta. Eftir eyrnahreinsunina hafi heyrn M þannig versnað en ekkert bendi til þess að hún hafi verið farin að versna fyrir hreinsunina. Áhrif versnandi heyrnar hafi haft mikil áhrif á M þar sem hann treystir á heyrnina til að sinna starfi sínu. Þá sé M lögblindur og heyrnarlaus á hægra eyra og því leiði tjónið til mikillar skerðingar fyrir M. M byggir á því að heyrn sín hafi versnað um ca. 10-20 Db á mjög stuttu tímabili eftir eyrnahreinsunina hjá A og leggur fram læknisvottorð sem staðfesta umrædda heyrnaskerðingu. M hefur krafist þess að bótaskylda verði viðurkennd úr sjúklingatryggingu A hjá V og vísar til ákvæða 1. tl. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Í athugasemdum V til nefndarinnar segir að M hafi leitað til A vegna smella og verkja við kjálka vinstra megin, sem hafi leitt upp og fram í eyra sömu megin og hafði þá verið með þessi einkenni í tvær vikur. Við skoðunina hafi eyrnamergur skyggt á hljóðhimnu og takmarkaði því greiningu. A hafi því notað sog til að fjarlægja merginn en það sé afar algeng, stöðluð og hefðbundin aðferð og hluti af eyrnaskoðun. Í málinu liggi fyrir álit Landlæknis þar sem komist sé að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á mistök af hálfu A. Einnig liggi fyrir umsögn B, háls-, nef- og eyrnalæknis þar sem komi m.a. fram það álit læknisins að meðferðin sem M undirgekkst hjá A sé ekki orsök hinnar meintu skerðingar á heyrn. Telur hann líklegt að við að nota þá aðferð og kjálkaliðsvandi/röskun skýri frekar vanda M en sá vandi hafi einmitt verið ástæða þess að M leitaði til A í upphafi. Þá bendir V á að ekki hafi verið til mæling á heyrn M eins og hún hafi verið áður en hann undirgekkst meðferð hjá A um mitt árið 2019. Af þeim sökum sé útilokað að slá því föstu að heyrn M hafi versnað síðan meðferðin fór fram. Þá bendir V á að talið sé að u.þ.b. helmingur karlmanna sem náð hafa 75 ára aldri hafi heyrnaskerðingu sem tengd sé öldrun. Slík heyrnaskerðing sé oft mest í hárri tíðni. Það sé því ósannað að heyrn M sé nú verri en hún var þegar M leitaði til A um mitt árið 2019. Afstaða V sé sú að ósannað sé að M hafi hlotið heyrnaskerðingu í kjölfar meðferðar hjá A. Tjónið sem slíkt sé ósannað og orsakatengsl milli hins meinta tjón og meðferðarinnar. Skilyrði 1. eða 4. tl. 2. gr. sjúklingatryggingalaga séu því ekki fyrir hendi.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur á milli málsaðila um það hvort háls-, nef-og eyrnaskoðun sem M undirgekkst hjá A hafi leitt til tjóns fyrir M sem sé bótaskylt úr sjúklingatryggingu A hjá V. Byggir M á því að heimfæra megi það tjón sem hann hafi orðið fyrir undir 1. og/eða 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Í málinu liggur ekki fyrir matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um að skoðunin sem M undirgekkst hjá A í umrætt sinn hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Fyrirliggjandi áliti Landlæknis, dags. 19. maí 2022 og áliti B, háls,-nef og eyrnalæknis, frá því í janúar 2021 hefur því ekki verið hnekkt hvað það varðar. Þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að réttur til bóta úr tryggingunni hafi stofnast á grundvelli 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

Samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 skal greiða bætur ef tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum

fylgikvilla sem er meira en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjónið er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.
M leitaði til A vegna verkjar við kjálka og kjálkalið með leiðni út í eyrað. A framkvæmdi venjulega háls,-nef og eyrnaskoðun á M sem m.a. fólst í að nota smásjá til að skoða í eyru en þar sem eyrnamergur skyggði á og til að framkvæma nákvæma skoðun á eyranu notaði A sog til að hreinsa eyrað en af gögnum málsins má ráða að það sé venjubundin og algeng aðferð við að hreinsa eyrnamerg. Aðgerðin, þ.e. að fjarlæga eyrnamerginn, var nauðsynleg hluti af skoðuninni og sjúkdómsgreiningu. Samkvæmt A og öðrum læknisfræðilegum gögnum málsins var enginn sjáanlegur skaði á hlustinni eða hljóðhimnunni eftir hreinsunina.
Engra gagna nýtur við í málinu varðandi heyrn M á vinstra eyra fyrir skoðunina hjá A. Í áliti C óháðs háls,-nef og eyrnalæknis til Landlæknisembættisins kemur m.a. fram að aðrir orsakaþættir en sogið þegar eyrnamergurinn var hreinsaður hafi getað virkjast í tilfelli M eins og t.d. kjálkaliðsvandi eða fyrri aðgerðir eyrum. Það er álit C að líklegt sé að kjálkaliðsvandi/röskun M geti verið skýring á vanda hans en að þekkt sé kjálkaliðsvandi gefi einkenni þau er hrjá M. Þessu áliti hefur ekki verið hnekkt með matsgerð.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ósannað að heyrnaskerðing M á vinstra eyra sé að rekja til meðferðar hjá A.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 337/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. nóvember 2022, ásamt fylgiskali merkt úr „manual".
3. Bréf lögmanns M, dags. 18. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M starfaði sem sundlaugarvörður í sundlaug X hinn 30. október 2019. Þann dag var hann við störf sín við að taka upp svonefndan ryksuguróbóta af botni sundlaugarinnar, sem hann kveðst hafa togað í með hægri hendi og á meðan hafi hann haldið í staur á sundlaugarbakkanum með vinstri hendi. Því er síðan lýst að staurinn hafi gefið eftir og þannig hafi M fengið slink á hægri öxlina. Í slysaskráningarblaði dags. 28. janúar (án tilvísunar til árs) er sambærilegu atviki lýst 24. október 2019 og einnig í rafrænni tilkynningu X til Vinnueftirlitsins dags. 30. janúar 2020 og tjónstilkynningu M til V dags. 8. maí 2020. Í læknisfræðilegum gögnum og leiðréttingu frá lögmanni M kemur fram að tjónstilvikið hafi átt sér stað á sunnudeginum 27. október 2019. Í sjúkraskrá M er getið um annað tilvik daginn eftir þar sem M var að lyfta þungri ruslatunnu og þar getið um annan slynk á sömu öxl sem og smell í henni. M var síðan greindur með rifu á sin í segulómun 5. nóvember 2019 og gekkst undir aðgerð í janúar 2020.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans þar sem X hafi ekki gætt að almennum hátternisreglum laga nr. 46/1980 um að gæta öryggis starfsmanna við framkvæmd vinnu. M telur að sú aðferð sem notuð hafi verið til að toga svonefndan ryksuguróbót upp úr sundlaug X með handafli eins manns hafi verið óforsvaranleg og X hafi borið að útvega hjálpartæki, t.d. einhvers konar gálga, til aðstoðar starfsmönnum til að ná róbótnum upp úr lauginni þar sem fyllsta öryggis verði ekki gætt skv. framangreindum lögum öðruvísi. M kveðst oft hafa rætt um slíkt við yfirmenn sína og samstarfsfólk. Veðuraðstæður hafi verið Einnig bendir M á að hann hafi verið óvinnufær í nokkra daga frá atvikinu og líkamstjón hans ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við skyldu í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti um hvort M hafi fengið nægar leiðbeiningar um framkvæmd verksins og vísar um það til 2. málsliðar 15. gr. reglugerðar nr. 814/2010. Þar kemur fram að árlega skuli starfsmenn sundstaða frá viðeigandi þjálfun í meðferð tækja, þar með taldra mælitækja, búnaðar og efna vegna hreinsunar vatns. Einnig vísar M til reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 og reglur nr. 499/1994 um það hvernig eigi að handleika byrðar þar sem komi fram að fyllsta öryggis skuli gætt og útvega eigi starfsmönnum hjálpartæki við að handleika byrðar. M telur að X hafi ekki farið eftir ákvæðum þessum og að það hafi verið auðvelt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón og sérstaklega hafi verið ástæða til þess við þær veðuraðstæður sem voru þann dag sem tjón M varð þar sem þá hafi verið snjókoma og hálka. Einnig bendir M á að þegar ryksuguróbótinn sé togaður upp þá megi gera ráð fyrir því að hann geti verið rúmlega 20 kg.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur skaðabótaábyrgð X ekki fyrir hendi. Í fyrsta lagi vísar V til þess að í læknisfræðilegum gögnum komi fram lýsing M á málsatvikum þannig að honum hafi brugðið við að stöng sem hann hélt í með vinstri hendi hefði gengið til og þannig kippt með þeirri hægri í róbótann. Einnig vísar V til atviks í sjúkraskrá sem átti sér stað daginn eftir þar sem M hafi verið að lyfta þungri ruslatunnu og þá fengið slynk á hægri öxl og heyrt smell. Einnig vísar V til þess að af læknisfræðilegum gögnum megi ráða V telur að farið hafi verið eftir leiðbeiningum í „manual" fyrir róbótinn um hvernig ætti að ná honum upp úr lauginni og ósannað að M eða aðrir starfsmenn hafi gert athugasemdir við það verklag sem var þar gert ráð fyrir.

Álit.

Í málinu er tjónsdagur aðeins á reiki í tjónstilkynningum, en af öllum gögnum og bréfi lögmanns M verður að gera ráð fyrir því að tjónsatvikið sem um er deilt hafi átt sér stað 27. október 2019. Í læknisfræðilegum og í athugasemdum lögmanns M er vísað til þess að M hafi verið óvinnufær frá 31. október til 4. nóvember 2019. Verður ekki ráðið af þessu að X hafi vanrækt skyldu til tilkynningar vinnuslyss til Vinnueftirlitisins á grundvelli óvinnufærni M, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Einnig verður ekki talið að vanræksla á skyldum skv. 2. mgr. sama ákvæðis hafi áhrif á sönnunarstöðu í málinu, en atvik eru óumdeild og þeim lýst með sambærilegum hætti í tjónstilkynningum M og X, þ.e. að M hafi haldið í stöng á sundlaugarbakka með vinstri hendi og verið að toga í ryksuguróbot með þeirri hægri þegar stöngin hafi gefið sig eða hreyfst þannig að slynkur kom á hægri öxl M.

Ágreiningur er hins vegar um hvort X hafi gert ráðstafanir í samræmi við skyldur atvinnurekanda í lögum 46/1980 og reglum og reglugerðum þeim lögum til fyllingar. Sönnunarbyrði um það ber M skv. almennum sönnunarreglum. Í málinu kemur ekki annað fram en að verklag það sem viðhaft var við að ná ryksuguróbot upp úr sundlaug X hafi verið í samræmi við leiðbeiningar um róbotinn sjálfan. Engin sönnunargögn liggja því til grundvallar að M eða samstarfsmenn hans hafi gert athugasemdir við verklagið eða að því hafi verið breytt síðan. Af framlögðum gögnum málsins verður því ekki talið sannað að X hafi brotið gegn skyldum sínum skv. framangreindum lögum, reglum eða reglugerðum og þannig hafi ekki verið sýnt að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M hinn 27. október 2019.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 338/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Söfnunarlíftrygging

Upplýsingaskylda vátryggingafélags.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M sótti um söfnunarlíftryggingu hjá V, sem er erlent vátryggingafélag, með vátryggingarbeiðni dags. 3. september 2019. Vátryggingarsamningi var komið á með tilstuðlan vátryggingamiðlara skv. upplýsingum í málskoti. Fyrsta greiðsla skv. vátryggingarsamningi átti sér stað 30. september 2019 og greiddi M mánaðarlega greiðslu upp á 500 evrur fram í maí 2022, að hennar sögn samtals 16.000 evrur, eða samtals 32 greiðslur. Annars var vum að ræða iðgjald vegna vátryggingar og hins vegar fjárhæð sem átti að fara til fjárfestinga. M fékk sent stöðuyfirlit yfir greiðslur til V hinn 13. maí 2022 vegna umrædds samnings og hljóðaði það upp á 15.500 evrur og var það á enskri tungu ásamt texta í tölvupósti, einnig á ensku. Af gögnum málsins verður einnig ráðið að M hafi sagt upp samningi við V og hafi óskað eftir því að fá endurgreiddar þær fjárhæðir sem greiddar hafi verið vegna samningsins. Í fyrrnefndu yfirliti kemur fram að frá hennar inneign hjá V verði dregnar 5.425 evrur í svokallað„Acqiuisition deduction".

M telur þá fjárhæð sem V telji að draga eigi frá vegna svokallaðs „Acqiuisition deduction" byggja á ógildu ákvæði í vátryggingarskilmálum þar sem upplýsingar sem hún hafi fengið við undirritun beiðni um vátryggingu hafi verið þær að allur kostnaður af vátryggingarsamningnum verði greiddur með fyrstu iðgjaldagreiðslu. M telur sig ekki bundna af ákvæði í almennum skilmálum V þar sem þeir komi fram með litlu letri á þéttprentuðum blaðsíðum almennra skilmála og ekki hafi verið bent sérstaklega á ákvæðið og það skipti miklu máli við samningsgerðina. Einnig bendir M á 5. gr. laga um neytendasamninga nr. 16/2016 þar sem komi fram að rík upplýsingaskylda hvíli á seljanda vegna samninga utan fastrar starfsstöðvar að upplýsa um heildarverð (heildarkostnað) af samningsgerð.

V hefur hafnað því að greiða tilbaka til M sem nemur 5.425 evrum og vísar til þess að í 3. tl. 12. gr. í almennum skilmálum og skilyrðum vátryggingar þeirrar sem M gerði samning við V um komi eftirfarandi fram: *„Af fyrstu 60 mánuðum gildistíma vátryggingarsamningsins er kostnaður vegna gerðar hans sem dreginn er af tryggingareikningunum 35% af reglulegu mánaðarlegu iðgjaldi."* V bendir enn fremur á að félagið sé „framleiðandi" vörunnar „Wealth Insuring" en ekki dreifingaraðili hennar, heldur hafi það verið í höndum vátryggingamiðlunarinnar Tryggingar og ráðgjafar ehf. (hér eftir X). V telur að það hafi verið á ábyrgð X að gæta ákvæða laga nr. 62/2019 um dreifingu vátrygginga þegar M stofnaði til samnings við V og telur því að málskoti sé beint að röngum aðila og eigi að vísa málinu frá vegna aðildarskorts V. Að öðru leyti telur V að ef kröfu verði ekki vísað frá nefndinni þá sé ákvæði vátryggingarskilmála V varðandi viðskiptakostnað fullkomlega lögleg, allur samningskostnaður sé tilgreindur, annars vegar í 12. gr. skilmálanna og einnig í sérstakri töflu á öftustu síðu skilmálanna. Einnig vísar V til þess að M hafi staðfest með undirritun sinni í vátryggingarbeiðni að hún hafi fengið vátryggingarskilmála afhenda og kynnt sér þá. V vísar auk þess til þess að skilmálarnir séu á íslensku ásamt helstu lykilskjölum þar sem dreifing vörunnar átti sér stað á Íslandi og sé það í samræmi við 7. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sem og hafi útreikningur á fjárfestingu, kostnaði, gjöldum og samlegðaráhrifum samningsins legið fyrir í samræmi við 2. mgr. 140. gr. d. í sömu lögum. Einnig vísar V til þess að upplýsingar um millifærslur hafi ekki fylgt frá M sem staðfesti greiðslu iðgjalds 32svar sinnum (samtals 16.000 evrur) og beri M sönnunarbyrðina um það. Einnig telur V að gildissvið laga um neytendasamninga nr. 16/2016 eigi ekki við þar sem það komi fram í b.lið 3. mgr. 1. gr. laganna að þau gildi ekki um fjármálaþjónustu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort V sé heimilt við slit vátryggingasamnings milli M og V að halda eftir samtals 5.425 evrum vegna kostnaðar og vísar um það til 3. tl. 12. gr. almennra skilmála vátryggingarinnar um að 35% af reglulegu mánaðarlegu iðgjaldi sé slíkur kostnaður á fyrstu 60 mánuðum gildistíma vátryggingarinnar. í 10. tl. 2. gr. kemur fram að iðgjöld séu *„..sérhver greiðsla sem vátryggingartaki greiðir til vátryggjanda samkvæmt samkomulagi í vátryggingasamningi..“* Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að greiðsla frá M til V á því tímabili sem vátryggingsamningur hennar var í gildi hafi verið 15.500 evrur, en ekki liggja fyrir nákvæm gögn sem staðfesta að 500 evrur í viðbót hafi verið greiddar vegna samningsins frá september 2019 fram í maí 2022. Allar umræddar greiðslur eiga sér stað á fyrstu 60 mánuðum gildistíma vátryggingarinnar.

M staðfesti með undirritun sinni í vátryggingarbeiðni (sem var bæði á íslensku og ensku) að hún hafi kynnt sér vátryggingarskilmála söfnunarlíftryggingar V og fengið þá afhenda. Í þeim vátryggingarskilmálum er skýrlega kveðið á um í 3. tl. 12. gr. að kostnaður sem nemur 35% af iðgjaldi fyrstu 60 mánuði gildistíma vátryggingarinnar sé dreginn „..af tryggingareikningunum“. Verður ekki séð að ákvæði í vátryggingarsamningnum fari gegn lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eða eftir atvikum ákvæðum laga um samningsgerð, umboð eða ógilda löggerninga nr. 7/1936 eða öðrum ákvæðum laga sem gilda um samninginn.

Af málatilbúnaði M má hins vegar ráða að hún telji að upplýsingaskyldu hafi ekki verið gætt af hálfu þess sem hún var í samskiptum við vegna dreifingar vátryggingar V. Upplýst er í málinu að V fól vátryggingamiðluninni X dreifingu vátrygginga sinna. Málskoti hefur ekki verið beint að X og verður því ekki tekin afstaða til þess hvort X hafi farið gegn ákvæðum laga um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019 eða þeim ákvæðum laga nr. 30/2004 sem um eiga við um dreifingu vátrygginga. M er hér með leiðbeint þannig að bent er á að í samþykktum um úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum er í 1. mgr. 3. gr. ákvæði sem segir að *„Undir starfssvið nefndarinnar heyra mál sem varða réttarágreining um vátryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu vátrygginga eða vátryggingastarfsemi að öðru leyti eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr.“* Í 2. mgr. kemur síðan fram að nefndin fjalli um ágreining sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og laga um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019. Einnig verður ekki með skýrum hætti útilokað af framkvæmd að mál gegn dreifingaraðila eigi undir kærunefnd vöru- og þjónustukaupa og er þar bent á úrskurði í málum þeirrar nefndar nr. 30/2021 og 44/2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til endurgreiðslu 5.425 evra kostnaðar frá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 339/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi farið með bifreiðina A í góðri trú til þjónustuaðilans X og hafi því mátt búast við því að skipt væri um olíu og síu á sjálfskiptingu hennar. X hafi hins vegar í engu farið að leiðbeiningum framleiðanda og almennum vinnuferlum, og aðeins skipt um lítinn hluta olíunnar. Skipta eigi um alla olíu sjálfskiptingarinnar á 60.000 km. fresti og hafi þessi vinnubrögð X orsakað það að sjálfskiptingin hrundi tveimur árum síðar. V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dag. 14. júlí 2022.

Í bréfi V til nefndarinnar er rakið að samkvæmt upplýsingum frá X hafi að beiðni eiganda A verið tappað af 2,8 lítrum af olíu og sama magni bætt aftur á. Ekki hafi verið dælt í gegnum skiptinguna eða skipt um síu þar sem einungis hefði verið beðið um að skipt væri um olíu. Ástæða þess að M hafi leitað til X hafi verið sú að skiptingin í A væri eitthvað skrítin. V hafi þá leitað eftir upplýsingum frá Y, umboðsaðila fyrir A, en M hafi farið með A þangað, er hún var ekin 189.289 km. vegna viðvörunarljósa og þess að sjálfskipting skipti sér illa. Samkvæmt upplýsingum frá Y hafi ekki verið staðið rétt að olíuskiptingunni, en ekki hefði farið fram frekari skoðun á skiptingunni til að reyna að finna orsök bilunar og væri því ekki hægt að gefa frekara álit á því. Hins vegar komi jafnframt fram í gögnum málsins að ekki hafi verið skipt um olíu á vélinni síðan 2019, en árið 2018 hafi hún verið ekin 88.388 kílómetra, en 127.089 km. er hún kom til X. Þegar A kom til X hafi því enn verið um 20.000 km. þar til eðlilegt hefði verið að skipta um alla olíu skiptingarinnar, en samkvæmt ferlum framleiðanda eigi að skipta um olíu á þriggja ára eða 60.000 km. fresti, eftir því hvort komi fyrr. Þá hafi X ekki skráð í þjónustuhandbók A að skipt hafi verið um olíu skiptingarinnar. Sé samkvæmt framansögðu ósannað að skemmdir á sjálfskiptingu A sé að rekja til smurþjónustu X.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Það er því ekki nægilegt að sýna fram á ákveðna háttsemi heldur er nauðsynlegt að sýna fram á orsakatengsl hennar og tjóns. Samkvæmt gögnum málsins, þ.e. yfirlýsingu Y um að skipta eigi um alla olíu á sjálfskiptingu, alls 7,8 lítra og síu, virðist mega fullyrða að ekki hafi verið skipt um olíu með fullnægjandi hætti af hálfu X. Þó ekki liggi fyrir hvaða þjónustu M óskaði eftir er farið var með A til X verður þá jafnframt að líta til þess að X veitir sérhæfða þjónustu sem neytendur mega þá vænta að sé með tilteknum hætti. Burtséð frá því þá liggur, samkvæmt mati Y, en ekkert annað sérfræðiálit liggur fyrir nefndinni, ekki fyrir hver er orsök þess að sjálfskipting A virðist hafa gefið sig en fullnægjandi skoðun þess virðist ekki hafa farið fram. Þar sem svo er, og þar sem A hafði verið ekið rúmlega 60 þúsund km. frá því að X veitti hina umþrættu þjónustu og þar til hún kom til skoðunar hjá Y, verður ekki talið sýnt fram á að tjón M verði rakið til athafna X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 340/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Tjónshugtak. Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. október 2022, ásamt teikningu og ljósmyndum.
2. Bréf V, dags. 10. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 18. nóvember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 22. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á á gólfefni í eldhúsi í húseign M vegna leka úr inntaki í uppþvottavél sem átti sér stað þann 24. júní 2022. Óumdeilt er að tjónið er bótaskylt en M fer fram á að V greiði bætur bæði vegna gólfefnis í eldhúsi og í stofu húseignarinnar þar sem þau herbergi mynda eitt rými eftir nýafstaðnar breytingar voru gerðar á húseigninni. Í þeim breytingum var veggur sagður í burtu í þeim tilgangi að sameina eldhús og stofu í eitt rými. Auk þess var grunnflötur rýmisins flotaður svo hægt væri að leggja gólfefni sem flæddi úr stofu og inn í eldhúsið. Gólfefnið er lagt í síldarbeinamynstur og er það límt saman í nót allra fjala svo ómögulegt er að rífa eingöngu upp skemmdar fjalir og setja aðrar óskemmdar fjalir í þeirra stað. Ef einungis verði skipt um gólfefni í eldhúsinu mun það eyðileggja flæðandi útlit gólfefnisins þar sem saga þarf gólfefnið sem mun skilja eftir sig greinilega ummerki. Ljóst sé að húseignin verður í lakara ástandi en fyrir tjónið ef einungis verður skipt um gólfefni í eldhúsinu sbr. orðlag 3. gr. skilmálans. Í skilmálanum sé hvergi að finna skilgreiningu á orðinu rými. Í ljósi þess verður ekki komist hjá því að líta á eldhúsið og stofuna sem sameiginlegt rými.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að óumdeilt sé að vatnstjón hafi einungis orðið á gólfefnum sem eru staðsett í eldhúsi. V telur rétt að uppgjör á tjóninu verði miðað við gólfefni í eldhúsi í samræmi við 31. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar þar sem fram kemur að einungis séu greiddar bætur fyrir tjón á gólfefnum í því rými sem tjón verður. Vísar V til grunnteikningar Reykjavíkurborgar þar sem sést að eldhúsið hafi ávallt verið afmarkað sem sérrými og breytir engu þó ekki hafi verið sett hurð í nýtt hurðargat í eldhúsrýmið. Hafnar V greiðslu kostnaðar vegna viðgerðar á gólfefnum í öðrum rýmum en eldhúsi húseignarinnar.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna tjónsins né umfang tjónsins þ.e. að tjón hafi orðið á gólfefni í eldhúsi húseignar M. Ágreiningur málsins snýr að túlkun 3. og 31. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í vátryggingarsamningi. Í 3. gr. vátryggingarskilmála kemur fram hvernig bætur eru ákvarðaðar en þar segir að vátryggingarbætur miðist við sannanlegar vatnsskemmdir á hinni vátryggðu húseign og að bætur greiðist fyrir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til að komast fyrir leka og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða þannig að húseignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Í 31. gr. sömu skilmála kemur síðan fram sérstök uppgjörsregla varðandi tjón á gólfefnum þar sem sérstaklega er tekið fram að aðeins séu greiddar bætur fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Við mat á því hvort greiddar hafi verið bætur í samræmi við ofangreind ákvæði sem gilda um vátryggingarsamning milli M og V verður að líta til þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu. Þegar litið er til ljósmynda og teikningar sem lagðar hafa verið fram um skipulag húseignar M verður ekki annað séð en að eldhúsið sé skýrlega afmarkað í sérstöku rými þrátt fyrir að ekki sé til staðar hurð né þröskuldur milli eldhúss og stofu. Telst eldhúsið því til þess rýmis sem tjón varð í skilningi 31. gr. vátryggingarskilmála og stofan þar af leiðandi utan rýmisins. Ekki verður heldur séð að það raski heildarmynd húseignar M þannig að það rýri fjárhagslegt verðmæti hennar að nýtt gólfefni sé á eldhúsi húseignarinnar þrátt fyrir að setja þurfi lista milli eldhúss og stofu.
V telst þannig hafa takmarkað ábyrgð sína í vátryggingarskilmálum við bætur vegna gólfefnis í því rými sem tjón varð og hefur því bætt tjón M í samræmi við fyrrgreind skilmálaákvæði. M á því ekki rétt,

miðað á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingarinnar en V hefur þegar boðið greiðslu á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 341/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 24. september 2022 hafi M, á leið sinni til Tenerife, keypt farsíma á Keflavíkurflugvelli. Símanum hafi verið pakkað niður í ferðatösku hinn 8. október 2022, í aðdraganda heimferðar, en eftir heimkomu hafi komið í ljós að hann var horfinn úr töskunni. Engin lögregluskýrsla hafi verið gerð um atvikið þar sem tjón M hafi ekki uppgötvast fyrr en eftir heimkomu og ekki liggi fyrir hvort síminn hafi verið fjarlægður úr farangri M á hóteli hans ytra eða í flutningi. M hafi strax tilkynnt V um tjónið en bótaskyldu verið hafnað á grundvelli þess að engin lögregluskýrsla hafi verið gerð. M er ósammála þeirri afstöðu og áréttar að ómögulegt hafi verið að leita til lögreglu þar sem ekki liggi fyrir hvar eða hvenær þjófnaðurinn átti sér stað. Hóteli M ytra hafi verið tilkynnt um hvarf símans en hann hafi ekki fundist og ekki hafi verið nein merki um innbrot á hótelherbergi M. Þá telur M skilmála V ósanngjarna þar sem félagið firri sig bótaábyrgð jafnvel þó vátrygging eigi að ná til þjófnaðar.

Í bréfi V kemur fram að bótaskyldu hafi verið hafnað á grundvelli þess að engin ummerki hafi verið um innbrot og þjófnaðurinn hafi ekki verið tilkynntur til lögreglu. Það sé skilyrði fyrir bótaskyldu að vátryggður geri nauðsynlegar ráðstafanir til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað. M hafi ekki tilkynnt þjófnaðinn til lögreglu og sé raunar alls óljóst hvort farsíminn hafi horfið af völdum þjófnaðar eða af öðrum ástæðum. Þegar af þeirri ástæðu eigi M ekki rétt til bóta. M telji þá líklegt að farsíminn hafi annað hvort horfið af hótelherbergi hans eða úr ferðatösku á flugvellinum. V bæti tjón á hlutum sem stolið er úr læstum híbýlum en þá sé það skilyrði fyrir bótaskyldu að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða. Engin ummerki hafi fundist um innbrot á hótelherbergi M. Hafi farsíminn hins vegar horfið úr farangri M á flugvellinum sé það þá svo að V bæti ekki tjón vegna þjófnaðar á eða úr töskum í vörslu flutningsaðila. Jafnvel þó litið væri framhjá því að þjófnaðurinn hafi ekki verið tilkynntur til lögreglu sé tjón M því ekki bótaskylt.

Álit.

Í 5. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála um farangur og tafir kemur fram að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum vegna t.a.m. þjófnaðar. Í gr.5.4 kemur þá fram að það sé skilyrði bótagreiðslu að vátryggður geri þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað. Tilkynna skuli viðkomandi yfirvöldum um þjófnað, rán, innbrot eða skemmdarverk og fá skýrslu þar um. Auk þess skuli ávallt tilkynna tjón til fararstjóra, hótels og bílaleigu. Tjón í flutningi skuli tilkynna flutningsaðila þegar í stað og fá skýrslu þar um. Óumdeilt er að engin lögregluskýrsla liggur fyrir í málinu og eru fyrrgreind skilyrði því ekki uppfyllt. Ekki liggur þá fyrir hvar eða hvenær umræddur farsími hvarf úr vörslum M, en hann telur að hann hafi annað hvort horfið af hótelherbergi hans eða á flugvellinum. Samkvæmt yfirlýsingu frá hóteli því sem M dvaldi á voru engin ummerki um innbrot á hótelherbergið en það er skv. skilmálaákvæði 5.2.9 skilyrði bótaskyldu vegna þjófnaðar úr læstum híbýlum að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða. Hafi umræddur farsími horfið úr tösku M meðan hún var í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila er þá rétt að taka fram að skv. skilmálaákvæði 5.2.8 bætir vátryggingin ekki slíkt tjón. Jafnvel þó litið væri framhjá því að engin lögregluskýrsla liggur fyrir í málinu og atvikalýsing M væri lögð til grundvallar verður því að líta svo á að ekki sé sýnt fram á að bótaskylda sé fyrir hendi. Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því ekki tekist að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til atviks sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar. Verður hann að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 342/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (X)

ENDURUPPTAKA MÁLS.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. nóvember 2022, ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis, dags. 3. febrúar 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 22. nóvember 2022.
4. Tölvupóstur starfsmanns nefndarinnar til lögmanns M, dags. 22. nóvember 2022.
5. Úrskurður nefndarinnar 20. desember 2022.
6. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 20. desember 2022.
7. Bréf lögmanns M, dags. 1. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum, afrit sjúkraskrár 3.2.-29.4.2022, vottorð sjúkraþjálfara dags. 1.12.2022, læknisvottorð heilsugæslulæknis, dags. 3. janúar 2023.
8. Tölvupóstur nefndarinnar til V, dags. 3. febrúar 2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.
Með fyrri úrskurði í þessu máli dags. 20. desember 2022 kom í ljós að mistök voru gerð við skjallega meðferð málsins af hálfu nefndarinnar, þar sem frestur sem lögmaður M hafði fengið til frekari gagnaöflunar með tölvupósti dags. 22. nóvember 2022 var ekki virtur. Málið var því lagt of snemma fyrir nefndina, þ.e. áður en sá frestur sem lögmaður M hafði fengið rann út. Réttilega gerði lögmaður M samdægurs athugasemdir við afgreiðslu málsins eftir að úrskurður nefndarinnar dags. 20. desember 2022 lá fyrir í ljósi þessa og nefndin ákvað að taka málið upp á ný með tilliti til þess gagnaöflunarfrests sem áður hafði verið veittur. Frekari gögn bárust frá lögmanni M hinn 1. febrúar sl. og var V upplýst um þau gögn með tölvupósti dags. 3. febrúar sl. Engar athugasemdir bárust frá V vegna málsins og er það því hér aftur tekið til úrskurðar með tilliti til umræddra gagna.

Málsatvik eru þau að árekstur varð með bifreið sem M ók og bifreiðinni X þegar bifreið X var ekið utan í bifreið M hinn 3. febrúar 2022. M bar um verki í hálsi og baki á vettvangi áreksturs. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 13. júní 2022. Einnig kemur fram í gögnum málsins að M hafi leitað á heilsugæslu sama dag árekstur varð, þar sem hún var greind með tognun á á háls-, brjóst- og lendarhrygg og fékk vottorð vegna óvinnufærni í fjóra daga. Hún kom aftur á heilsugæslu hinn 18. febrúar 2022 með sömu einkenni. Þá fékk hún beiðni í sjúkraþjálfun og í vottorði sjúkraþjálfara sem nú liggur fyrir í málinu dags. 1. desember 2022 kemur fram að M hafi sótt 12 skipti í meðferð og gerð grein fyrir meðferðaraðferðum. Í vottorði heilsugæslulæknis dags. 3. janúar 2023 er gerð grein fyrir komum M á heilsugæslu og meðferð sem og því að ekki sé minnst á stoðkerfi í sjúkraskrá M, sem er tiltæk frá því í mars 2020. Í gögnum málsins er einnig PC-crash skýrsla dags. 2. maí (2022) þar sem áætlaður hraði er reiknaður út sem og höggkraftur við áreksturinn.

M telur að sannað sé að orsakatengsl séu milli árekstursins 3. febrúar 2022 og líkamstjóns hennar, hún vísar til tveggja læknisheimsókna sem og að hún hafi hafið sjúkraþjálfunarmeðferð stuttu eftir áreksturinn. M telur að PC-crash skýrsla sem liggur fyrir í málinu hafi ekki sönnunargildi þar sem V hafi aflað hennar einhliða auk þess sem hún sýni ekki með óyggjandi hætti hvort líkamstjón geti orðið við árekstur. Einnig vísar V til þess að hún hafi verið líkamlega og andlega heilsuhraust fyrir áreksturinn og megi því rekja hennar einkenni í dag til hans.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur högg af árekstrinum 3. febrúar 2022 hafa verið mjög vægt og það komi fram bæði í tjónstilkynningu og PC-Crash skýrslu dags. 2. maí 2022. V telur lýsingar M ýktar við komu hennar til læknis á slysdegi og 10 dögum síðar en bendir einnig á að M geti ekki sýnt fram á frekari læknisfræðileg gögn. V gerði ekki sérstakar athugasemdir við viðbótargögn frá M sem send voru til V með tölvupósti dags. 3. febrúar 2023.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er staðfest í gögnum málsins að M hefur tvisvar leitað til læknis vegna afleiðinga áreksturs 3. febrúar 2022, fyrst samdægurs og síðan 18. febrúar 2022. Eftir það sótti M sjúkraþjálfunarmeðferð vegna einkenna sem greindust í fyrrgreindum læknisheimsóknum, auk þess liggur nú fyrir að M hafi verið óvinnufær eftir áreksturinn í fjóra daga. Þó ekki liggi fyrir, t.d. með mati sérfræðings að einkenni M séu sértæk vegna áverka við högg eins og árekstur, verður ekki litið framhjá því að M leitaði strax til læknis eftir árekstur vegna einkenna sem leiddu til óvinnufærni. Sömu einkenni voru til staðar um hálfum mánuði síðar og hefur M sótt sjúkraþjálfunarmeðferð vegna þeirra einkenna, auk þess sem gögn sýna ekki að afleiðingar annarra áverka eða líkamsástands geti haft áhrif á mat á orsakatengslum.

Við þessar aðstæður verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A vegna afleiðinga áreksturs 3. febrúar 2022, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 343/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags 11. nóvember 2022.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu, dags. 11. maí 2022, varð umferðarslys hinn 10. maí 2022, þegar bifreiðin A sem var ekið norður eftir Mosavegi og rafknúin vespa sem ekið var eftir göngustíg frá Móavegi og yfir á Mosaveg rákust saman við vegþrengingu á Mosavegi. Ólögráða dóttir M, X, var ökumaður og eigandi vespunnar. Haft er eftir ökumanni A í lögregluskýrslunni að hún hafi verið að aka norður Mosaveg og verið komin á þrenginguna og séð að strætisvagn var að koma akandi úr gagnstæðri átt. Hafi A verið komin áleiðis yfir þrenginguna þegar X hafi hafnað á bifreið hennar. Hafi A ekki séð til ferða X en náð að stöðva um leið og óhappið varð, en A hafi verið á vel undir 25 kílómetra hraða í aðdraganda þess. Hafi X hvorki hægt á sér né athugað með umferð fyrir óhappið. Í lögregluskýrslu er þá haft eftir X að hún hafi ekið vespunni a undir 20 kílómetra hraða eftir göngustíg og ætlað sér yfir veginn. Hafi hún séð strætisvagn koma og hægja á sér og hún hafi ætlað að hann væri að hleypa sér yfir götuna en hún hafi ekki séð A koma frá hægri. Samkvæmt Y, ökumanni strætisvagnsins, ók hann suður Mosaveg og sá A sem kom úr gagnstæðri átt komna þvert yfir þrenginguna á Mosavegi. X hafi komið á mikilli ferð án þess að hægja á sér og ekið í hliðina á A.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur málsins snúi aðeins að því munatjóni sem varð á vespunni, en V hafi skert bætur vegna þess að fullu á grundvelli þess að X hafi sýnt af sér gáleysi. M krefst þess að munatjón verði bætt að fullu. Í málskoti er byggt á því að af myndbandsupptöku af atvikinu, sem er ekki meðal gagna fyrir nefndinni, megi sjá að A hafi ekki hægt á sér í aðdraganda áreksturs heldur haldið jöfnum hraða þar til hún staðnæmdist skyndilega er vespan ók í hlið hennar. Þá megi ráða af umræddu myndbandi að ökuhraði A hafi verið um 45 kílómetrar á klukkustund en ekki 25 kílómetrar eins og komi fram í lögregluskýrslu. Mosavegur liggi meðfram menntaskóla og hafi ökumaður A því mátt vænta umferðar unglinga á reiðhjólum eða léttum bifhjólum á svæðinu. Hefði A sýnt eðlilega aðgát með tilliti til aðstæðna megi gera ráð fyrir að hún hefði getað stöðvað bifreið sína áður en til áreksturs kom. Þrátt fyrir að X hafi ekki hægt á sér er hún ók yfir akbrautina verði því, og þá einnig í ljósi þess aldurs- og þroskamunar sem sé á A og X, að líta svo á að A beri alla sök á umræddum árekstri.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að X hafi valdið árekstrinum af gáleysi og eigi fulla sök á honum. Bætur út ökutækjatryggingu A vegna munatjóns skerðist því að fullu. Með þeirri háttsemi að aka vespunni á miklu hraða óhikað að þrengingunni á Mosavegi og framan á A hafi X brotið gegn 46. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en þar segi í 3. mgr. að ef ökumenn á léttu bifhjóli í flokki 1 á gangstétt þveri akbraut skuli þess gætt að aka eigi hraðar en sem nemi venjulegum gönguhraða. Sama gildi um ökumenn á léttu bifhjóli í flokki 1 sem þveri akbraut á gangbraut. Jafnframt sé rétt að horfa til 1., 3., og 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga en þar segi að ökumaður skuli hafa sérstaka aðgát við vegamót og veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af vegslóða, stíg, göngugötu o.s.frv. Þá er því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að A hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður enda bendi ekkert í gögnum málsins til þess að svo hafi verið.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að af útreikningum á hraða A, á grundvelli þess sem sjá megi á umræddu myndbandi af atburðinum megi ráða að hann hafi verið um 45 kílómetrar á klukkustund og því ekki til samræmis við aðstæður á veginum, en á honum séu þrengingar og skilti sem vari við varasamri hægri beygju. Vegsýn X hafi þá verið skert vegna vörubifreiðar sem var lagt í nærliggjandi stæði. Í ljósi allra aðstæðna sé því afar ósanngjarnt að leggja alla sök á árekstrinum á X sem hafi verið ung og reynslulítil í umferðinni á slysdegi.

Álit.

Ekki virðist um það deilt að vespa sú sem X ók umrætt sinn hafi verið létt bifhjól í flokki 1. Í lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 kemur fram í 7. gr. að ákvæði 4.-6. gr. um skaðabótaábyrgð vegna tjóns gildi ekki um létt bifhjól í flokki I og í 11. gr. kemur fram að þau séu undanþegin vátryggingarskyldu skv. 8.–10. gr. laganna. Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu, þ.e. að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá segir í 5. mgr. sömu lagagreinar segir að bætur fyrir tjón á munum megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi en eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er einungis um að ræða ágreining um bótarétt vegna munatjóns.

Samkvæmt framburði X, sbr. fyrirliggjandi lögregluskýrslu ók X vespunni eftir göngustíg á „undir 20 km/klst hraða“ og ætlaði sér svo að þvera akbrautina um Mosaveg. Hafi hún þá ekki séð A koma frá hægri. Þá kemur fram að vegsýn X til hægri hafi verið skert vegna kyrrstæðrar flutningabifreiðar. Samkvæmt vitnisburði Y var X á mikilli ferð og hægði ekki á sér áður en hún ók vespunni út á akbrautina. A og X virðist þá ekki greina á um að atvik hafi verið með þessum hætti, en hins vegar er deilt um hvort akstursháði A í aðdraganda áreksturs hafi verið til samræmis við aðstæður. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er ekki sýnt fram á annað.

Þykir því sýnt að X hafi verið meðvöld að tjóni sinu, er hún ók á nokkrum hraða viðstöðulaust frá göngustíg yfir á akbraut án þess að gæta nægilega að annarri umferð, sbr. 1 mgr. 4. gr. umferðarlaga eða gæta að forgangi annarrar umferðar sbr. 1., 3, og 4. mgr. 26. gr. sömu laga. Verður þá jafnframt að telja að X hafi með ökuhraða sínum í aðdraganda atviksins brotið gegn 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga þar sem segir að ef ökumaður á léttu bifhjóli í flokki 1 á gangstétt eða gangbraut þverar akbraut skuli hann gæta þess að aka ekki hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða, og 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga þar sem segir m.a. að ökumaður skuli haga akstri þannig að hann hafi fullt vald á ökutæki og geti stöðvað það áður en komið er að hindrun. Verður samkvæmt þessu að telja sýnt fram á að X hafi sýnt af sér gáleysi við akstur bifhjólsins umrætt sinn. Svo heimilt sé að lækka eða fella niður bætur vegna munatjóns, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar, er nægilegt að um einfalt gáleysi sé að ræða. Eins og atvikum er háttað hér verður að telja rétt að bætur vegna munatjóns falli að fullu niður.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta vegna munatjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 344/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs/Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 1. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 6. desember 2022.
4. Matsgerð dags. 15. desember 2022.
5. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. desember 2022.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 6. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
7. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. janúar 2023.
8. Viðbótarathugasemdir V dags. 17. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. apríl 2021 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við starf sitt í þágu X. Atvik hafi verið þau að M var að vinna á lyftara og var búinn að opna hurð lyftarans um ca. 30 sentimetra og hélt í hurðina þegar sterk vindhviða feykti henni upp með þeim afleiðingum að hurðarpumpa sem átti að halda henni losnaði frá. Við það hafi komið verulegur hnykkur á allan vinstri handlegg M. Búi hann enn við afleiðingar þessa. Í málskoti kemur fram að aðallega sé krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X en til vara úr slysatryggingu launþega X. Hvað varði síðarnefndu kröfuna þá sé ljóst að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína vegna slyss sem uppfylli skilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar, þ.e. um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð sem olli M tjóni án vilja hans. Hvað kröfu úr ábyrgðartryggingu X varðar byggir M á því að vanbúnaður, þ.e. veikleiki eða bilun í hurðarbúnaði lyftarans hafi orðið til þess að hún hurðin fauk upp með slíkum krafti að tjón hlaust af. Hefði pumpan haldið með eðlilegum hætti hefði þá ekki komið til tjóns M. Því hafi verið um að ræða skaðabótaskyldan vanbúnað sem X hafi mátt vera kunnugt um og hefði eftirliti og viðhaldi verið sinnt sem skyldi hefði M ekki orðið fyrir tjóni. Í eftirfarandi úrbótum hafi sérstökum búnaði, þ.e. borða, verið komið fyrir við hurðarpumpuna til að koma í veg fyrir sambærileg slys. Með því hafi X í verki samþykkt að frekari úrbóta væri þörf og með því fallist á sök sína í málinu. Máli sínu til frekari stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í þeim.

Hvað varðar bótakröfu úr slysatryggingu launþega kemur fram í bréfi V til nefndarinnar að fallist sé á þá kröfu. Þá kemur fram að umræddur lyftari hafi verið yfirfarinn reglulega, síðast mánuði fyrir umrætt slys og hafi hurðarpumpur þá reynst í lagi, en þeim hafi áður verið skipt út eftir þörfum. Eftir umrætt atvik hafi pumpan verið ónýtt og skipt hafi verið um hana og enda hennar, en einnig hafi verið bætt við aukareim til að draga úr líkum á að atvikið endurtæki sig. Í ljósi þess að ummerki var að finna á hurðarbúnaði, svo og því að X hafi staðfest atvikalýsingu M í tilkynningum til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands sé fallist á að um bótaskyldan slysaatburð sem slíkan hafi verið að ræða. Hins vegar telur V ekki sýnt fram a að M hafi hlotið líkamsmeiðsl við umræddan atburð enda hafi hann verið við vinnu áfram og ekki upplýst X eða lækni um meiðsl sín fyrr en tveimur vikum síðar. Ýmislegt annað gæti hafa orsakað áverka hans, þ.e. hlutarof á bicepsin, en auk þess hafi ekki verið tekin afstaða til tengsla þeirra einkenna við fyrra heilsufar M. Hvað varði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hafi á engan hátt verið sýnt fram á að umræddum búnaði hafi verið áfátt, að slysahætta hafi fylgt notkun hans eða að X hafi verið kunnugt um neitt slíkt. Hurðarpumpum sé ætlað að auðvelda opnun og lokun hurða en geti ekki komið í veg fyrir að hurðir fjúki upp í miklum vindi. Um óhappatilviljun hafi því verið að ræða og einnig mögulegt aðgæsluleysi M sjálfs sem ekki hefði sýnt næga aðgæslu til samræmis við veðuraðstæður.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að líta verði svo á að atvik sem slík séu óumdeild, ekki síst með hliðsjón af viðurkenningu V á því að um bótaskyldan atburð sem slíkan hafi verið að ræða. Ágreiningur aðila snúi því fyrst og fremst að því hvort skilyrði skaðabótaskyldu X séu uppfyllt. M bendir á að ekki hafi verið lögð fram gögn er sýni fram á eftirlit með umræddum lyftara og viðhald

hans. Verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti, og hefði X, sem hefði verið kunnugt um slysið nokkrum dögum eftir að það atvikaðist, hæglega getað hlutast til um fullnægjandi rannsókn á orsökum og tildrögum þess. M byggi þá á því að slys hans verði rakið til þekktrar bilunar í hurðarbúnaði lyftarans. Það liggi enda fyrir að skipt hafi verið um hann áður, en slík útskipti geti ekki hafa komið til nema vegna galla, bilunar eða lítilla gæða pumpunnar. Þá liggi ekki fyrir hvort „nýja“ pumpan hafi verið sömu gerðar og sú sem var skipt út af þessum orsökum. Hafi starfsmenn X því mátt gera sér grein fyrir að hurðarbúnaðurinn væri ekki nægilega traustur, en vindasamt sé á vinnusvæðinu og verði að miða öryggi búnaðar við það. Er því þá sérstaklega hafnað að um eigin sök M hafi verið ræða, enda hafi hann aðeins verið að sinna hefðbundnum vinnuskyldum sínum.

Í viðbótarathugasemdum V kemur fram sú afstaða að M hafi í engu fært rök fyrir því í hverju meint bilun eða ágalli hafi falist eða að X hafi haft vitneskju um neitt slíkt. Það að bæta við viðbótarbúnaði í þeim tilgangi að auka öryggi starfsfólks geti á engan hátt talist viðurkenning á saknæmum vanbúnaði. Þá sé það hluti af eðlilegu viðhaldi að skipta um hurðarpumpur, enda séu þær íhlutir sem slitni við venjubundna notkun. Það að áður hafi verið skipt um pumpuna sé því ekki sönnun þess að hún hafi verið óörugg við notkun. Þá hafi M ekki tilkynnt X um slysið fyrr en 13 dögum eftir að það átti sér stað, og hafi hann verið við störf hluta þess tíma. Sakir þess, svo og þess að ekki sé ágreiningur um helstu atvik, verði ekki séð að hægt hefði verið að haga rannsókn betur og verði ekki vikið frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess. Þá eru lögð fram gögn um viðhaldssögu lyftarans auk upplýsinga frá framleiðanda um umræddar pumpur. Í viðhaldssögu lyftarans sé ekki minnst á útskipti á hurðarpumpum en fullyrt sé af hálfu X að ástand þeirra sé eitt þeirra atriða sem farið er yfir við reglulegt eftirlit.

Í viðbótarathugasemdum M er lýst þeirri afstöðu að það skjóti skökku við sé lagfæringa á hurðarpumpu ekki getið í viðhaldssögu lyftarans og hljóti skráningu X því að vera ábótavant. Í skráningu X um slysið komi þá fram að skipti á hurðarpumpu hafi síðast farið fram í nóvember 2013 og virðist pumpurnar hafa tilhneigingu til að gefa sig. Séu því að allar líkur á því að X hafi verið kunnugt um þennan ágalla fyrir slys M. Þá hafi ekki verið um óvenjumikinn vind að ræða, heldur aðeins eðlilegan miðað við íslenskar aðstæður og því ljóst að pumpan hafi ekki haldið hurðinni við venjulegar aðstæður. Fyrir liggi að lyftarinn hafi ekki verið búinn upprunalegum hurðarpumpum á slysdegi en ekkert liggi fyrir um þá pumpu sem gaf sig umrætt sinn, og byggi fullyrðingar X um gæði og eiginleika hennar eingöngu á getgátum. Sé því ljóst að umræddum búnaður hafi ekki uppfyllt kröfur um öryggi og aðbúnað á vinnustað og hafi það orsakað líkamstjón M.

Í viðbótarathugasemdum V eru fyrri röksemdir áréttaðar. Hurðarpumpa og pumpuendar séu hefðbundnir íhlutir sem geti þurft að skipta út eftir þörfum, líkt og þurrkublöðum, og sé þess ekki alltaf getið í viðgerðaskráningu. Gögn sýni þá fram á reglulegt eftirlit með lyftaranum og ætla megi að eftirlit með hurðarpumpum hafi verið innifalið í því og ekkert gefi til kynna að X hafi verið eða matt vera kunnugt um að þær væru í ólagi. Þá geti vindstyrkur í hviðum verið mikill þó ekki liggi fyrir gögn um hver hann hafi verið við umrætt atvik, og sé svo geti engin hurðarpumpa haldið við.

Álit.

Hvað varðar kröfu M um bætur úr slysatryggingu launþega þá liggur fyrir að V hefur, með bréfi dags. 2. desember 2022, fallist á þá kröfu. Verður því ekki fjallað frekar um þann lið málsins.

Hvað varðar kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X þá er það svo að almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M því sönnunarbyrði þess að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Eins og atvikum er háttað þykir þá ekki ástæða til að víkja frá fyrrgreindum almennum sönnunarreglum.

M byggir á því að umræddur hurðarbúnaður hafi verið haldinn vanbúnaði. Liggur þó ekkert fyrir um það í hverju sá vanbúnaður hafi falist, þ.e. með hvaða hætti ástand pumpunnar fyrir slysið hafi verið ófullnægjandi eða að augljós slysahætta hafi verið fyrir hendi. Liggur þannig ekkert fyrir um að umrædd pumpa hafi verið úr sér gengin eða festingum hennar eða útbúnaði á annan hátt ábótavant. Þó í kjölfar slyssins hafi verið tekin ákvörðun um að koma fyrir viðbótaröryggisbúnaði verður það ekki talið fela í sér viðurkenningu á sök eða sönnun þess að búnaðurinn hafi í sjálfu sér verið ófullnægjandi. Né heldur verða neinar sérstakar ályktanir um ástand pumpunnar dregnar af því að skipt hafi verið um pumpu í umræddum lyftara á árinu 2013. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að eftirliti með búnaði lyftarans hafi

verið ábótavant. Í málskoti kemur fram að hurðin hafi fokið upp í „mjög sterkri vindhviðu“. Í atvikalýsingu í öðrum gögnum er ýmist talað um „sterka vindhviðu“ eða að hurðin hafi fokið upp. Þó hurðarpumpan hafi ekki haldið við við slíkar aðstæður verður ekki dregin af því sú ályktun að hún hafi verið vanbúin þannig að leiði til skaðabótaskyldu X. Það er enda M sem, eins og áður segir, ber hallann af sönnunarskorti hvað það varðar. Er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð vegna.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V. M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 346/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 25. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni A var þann 17. febrúar 2021 ekið aftan á bifreið M á gatnamótum Skeiðarvogs og Langholtsvegar. Í kjölfar slyssins leitaði M daginn eftir atvikið á Heilsugæsluna Hlíðum og kvartaði undan verk milli herðablaða og stífleika aftan á hálsi. M leitaði svo til heimilislæknis þann 25. mars 2021 og kvartaði þá undan einkennum í baki eftir slysið. Við komu til heimilislæknis þann 9. apríl 2021 kvartaði M undan áframhaldandi einkennum frá baki og var ráðlagt að leita til sjúkraþjálfara vegna einkenna sinna. Við komu til heimilislæknis þann 30. apríl 2021 var M greindur með tognun í lendarhrygg og hefur verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna þeirra einkenna. Með bréfi dags. 22. desember 2021, hafnaði V bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A vegna lítils munatjóns bifreiðarinnar og sögu M um umferðarslys árið 2007. M byggir á því að hann hafi hlotið bæði tímabundnar og varanlegar afleiðingar vegna slyssins þann 17. febrúar 2021 og eigi þar af leiðandi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A. Varðandi slysið árið 2007 þá leitaði M einu sinni til læknis vegna þess slyss og fór ekki fram örorkumat auk þess sem hann hafi eftir það slys kvartað undan verk í handleggjum og hálsi.

V byggir á því í bréfi sínu að höggið á bifreið M hafi verið afar vægt og ekki var farið með bifreiðina í tjónaskoðun. Greiddar voru samkomulagsbætur vegna tjónsins, kr. 125.000. Ef það afstaða V að þegar litið er til þess hve vægur árekstur var sé þörf á frekari læknisfræðilegum gögnum í málinu og þá gögnum um fyrri einkenni til þess að sýna fram á orsakatengsl einkenna M í dag og atviksins. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti geri ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M því að mati V að bera hallan af sönnunarskorti í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins hinn 17. febrúar 2021. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði daginn eftir slysið til læknis og kvartað undan verk milli herðablaða sem leiðir upp og niður og stirðleika aftan á hálsi og þreyfieymsli ofarlega í mjóhrygg. Næstu mánuði á eftir á M nokkrar komur til heimilislæknis vegna einkenna frá baki eftir áreksturinn. Í sjúkragögnum er getið um fyrri einkenni frá hálsi og baki en virðast þau einkenni ekki hafa verið viðvarandi enda eingöngu um að ræða stakar komur til læknis vegna þeirra einkenna. Í málinu kemur ekki fram mat um að einkenni M séu varanleg og ekki liggur fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M frá bæklunarlækni eða hæfum og óvilhöllum aðilum. Jafnframt verður ekki séð að M hafi gengist undir neinar sértækar rannsóknir vegna einkenna sinna. Þá hefur V ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að um vægan árekstur hafi verið að ræða. Engar myndir, skoðunarskýrslur eða matsgerðir á þyngdarkrafti hafa verið lögð fram af hálfu V því til stuðnings. Af framlögðum gögnum að ráða telur nefndin því meiri líkur en minni á að M hafi orðið fyrir einhverju tjóni, a.m.k. tímabundnu tjóni þó ósannað sé að M hafi hlotið varanlegar einkenni vegna slyssins. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tímabundinna afleiðinga slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna tímabundins tjóns.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 347/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Brunatrygging húseigna.

Gildissvið vátryggingar. Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. nóvember 2022, ásamt afriti tölvupósts dags. 26. október 2022, skoðunarskýrslu AQ-rat ehf. og úrskurði nefndarinnar í máli 124/2019.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að bruni hafi átt sér stað í bökunarofni í húseign hans hinn 15. október 2022 með þeim afleiðingum að hliðar á innréttingum beggja vegna við ofninn brunnu sem og framhlið á ísskáp. Í tjónstilkynningu M til V sama dag kemur fram að kviknað hafi í innréttingu út frá Myndir af innréttingu við hlið bökunarofns fylgja málskoti. Í gögnum málsins er einnig skoðunarskýrsla frá AQ-rat ehf. þar sem segir um orsök tjóns: „*Óvíst hvað olli skemmdum á innréttingu, þetta tengist amk bakaraofni en virtist við prufun virka, þe enga bilun að sjá á almennri virkni*“

M telur að bæta eigi tjón hans á innréttingu úr brunatryggingu húseigna hjá V þar sem öll ummerki sé um eldsvoða séu fyrir hendi. M vísar til þess að íbúi íbúðar hafi komið tímanlega að og ef hann hefði ekki gert það hefði allt brunnið inni í íbúðinni.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur tjón M ekki falla undir gildissvið brunatryggingar húseignar. V vísar til 1. gr. 1. kafla vátryggingarskilmála fyrir þá vátryggingu þar sem segir að vátryggingin bæti beint tjón á hinu vátryggða af völdum eldsvoða. Þar segir einnig: „*Vátryggingin bætir ekki tjón af eldi sem ekki verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingar eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast*.“ V vísar einnig til skoðunarskýrslu aðila sem sendur var til að skoða aðstæður eftir tjónstilkynningu M og þess sem þar komi fram um að engin merki þess að orsök tjónsins væri að rekja til eldsvoða og vísar til þess að myndir bendi frekari til þess að hiti frá bakaraofni hafi valdið sviðnun á innréttingu.

Álit.

Í gögnum málsins er ekki að finna aðra lýsingu á atvikum en kemur fram í tjónstilkynningu M til V og það sem kemur fram í málskoti M. Hvorki í þeim gögnum né í skoðunarskýrslu AQ-rat ehf. er að finna sönnun um að eldsvoði hafi orðið í húseign M, né er hægt að sjá með greinilegum hætti af ljósmyndum af tjónsvettvangi að eldsvoði hafi orðið, frekar en að hluti innréttinga hafi sviðnað vegna hita. Í 1. gr. 1. kafla vátryggingarskilmála er gildissvið brunatryggingar húseigna V afmarkað og þar er gert að skilyrði að eldsvoði hafi orðið. Af almennum reglum um sönnun í vátryggingarétti verður ekki annað ráðið en að M beri sönnunarbyrði um að tjón hans falli undir gildissvið brunatryggingar húseignar hans hjá V. Sú sönnun liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina og á M því á grundvelli þeirra ekki rétt til greiðslu bóta úr brunatryggingu húseignar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 13. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 348/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var farþegi í bifreið sem ekið var aftan á þann 9. júní 2021 á Vesturlandsvegi við Grundartangaveg. M leitaði fimm dögum síðar á slysadeild Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi og var greind með tognun og ofreynslu á hálshrygg og brjósthrygg. V aflaði einhliða PC-crash skýrslu og hafnaði bótaskyldu þann 22. desember 2021 með vísan til þess að niðurstaða hraðaútreiknings benti ekki til þess að varanlegt heilsutjón gæti hafa hlotist af árekstrinum. Þann 17. október 2022 hafnaði V að standa sameiginlega að mati sérfræðinga á tímabundnum og varanlegum afleiðingum slyssins. M krefst þess að viðurkennt verði að V beri skylda til þess að greiða kostnað sem hlýst af sérfræðilegu mati á því hvort M hafi orðið fyrir tjóni vegna umferðarslyssins 9. júní 2021. Vísar M til 1. og 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og jafnframt 9. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingarstarfsemi þar sem kveðið er á um að vátryggingarstarfsemi skuli rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í vátryggingaviðskiptum og með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að áreksturinn hafi verið mjög vægur og ekki þess eðlis að varanlegt líkamstjón hefði getað hlotist af. V hefur samþykkt að greiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið. Þá er byggt á því að orsakatengsl á milli umræddsatviks og þeirra einkenna sem M hefur lýst séu ósönnuð. Einkenni M séu almenns eðlis og ekki einkennandi fyrir atvik sem þetta.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar eingöngu það hvort V beri skylda til þess á grundvelli 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, að greiða fyrir fyrirhugað mat á afleiðingum líkamstjóns sem lögmaður M hyggst afla í tengslum við umferðarslys M þann 9. júní 2021. Í 1. gr. skaðabótalaga segir að sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skuli greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningarbætur. Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Ekki er um almenna skyldu vátryggingafélags að ræða til að standa að gagnaöflun umfram það sem leiða má af ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eða eftir atvikum lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Með vísan til alls ofangreinds og þá sérstaklega meginreglna um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti verður ekki fallist á að greiðsluskylda V vegna fyrirhugaðs örorkumats sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 349/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Tjónshugtak. Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 2. nóvember 2022.
3. Tölvupóstur M, dags. 9. nóvember 2022.
4. Bréf M, dags. 14. nóvember 2022.

Málsatvik.

M lýsir því í málskoti að rakskemmdir urður á parketi í húseign hans vegna vatnstjóns. M kveðst hafa fengið tjón á parketinu bætt með því að nýtt parket hafi verið lagt á þann hluta gólfefnisins sem skemmdist. Myndir liggja auk þessa fyrir af gangi þar sem nýtt og gamalt gólfefni liggur saman.

M telur sig ekki hafa fengið tjón sitt að fullu bætt úr fasteignatryggingu sinni þar sem litamunur sé á hinu nýja parketi og því sem fyrir var, þannig að mismunandi glans, áferð og kvistar séu í því gamla og því nýja. M telur að frágangur leiði til verðrýrnunar á húseign hans og vitnar í málskoti til álits smiðs og fasteignasala um það. M ítrekar afstöðu sína í viðbótarathugasemdum sínum.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur vegna tjóns M og vísar m.a. til laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sem og 3. mgr. 21. gr. vátryggingarskilmála um bætur vegna gólfefnis sem er orðið eldra en fimm ára og frádrátt vegna þess. V bendir á að tjón M hafi verið bætt með nýju parketi sem sé sömu gerðar og hið eldra og þrátt fyrir óverulegan sjónarmun hafi ekki verið sýnt fram á að heildarútlit raskist þannig að frekari bótaréttur hafi stofnast til handa M. Einnig bendir V á að staðhæfingar í málatilbúnaði M um álit smiðs og fasteignasala feli ekki í sér sönnun um verðrýrnun.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að einhver litamunur sé á eldra parketi og því nýja sem lagt hafi verið til að gera við skemmd á hluta gólfs í húseign M. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að húseign hans í heild geti verið verðminni vegna þessa, en ekki verður annað séð af gögnum málsins að upphaflegt gólfefni sé komið eitthvað til ára sinna. Staðhæfingar M um hvað aðrir hafa sagt um mögulega verðrýrnun duga ekki sem sönnunargagn um slíka. Ekki telst því sannað að M hafi orðið fyrir frekara fjárhagstjóni í skilningi vátryggingarskilmála V um fasteignatryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til frekari bóta úr fasteignatryggingu sinni. hjá V.

Reykjavík, 6. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 350/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Ökutæki A

Sakarskipting. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 26. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 30. september 2022 verið á rafhlaupahjóli á leið yfir götu þegar bifreiðinni A hafi verið ekið í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að H lenti á bifreiðinni og varð fyrir meiðslum. M mótmælir þeirri afstöðu V að rafhlaupahjólið falli undir skilgreiningu vélknúins ökutækis skv. 42. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. M telur rafhlaupahjólið falla undir skilgreiningu á reiðhjóli skv. c-lið 30. tl. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem hjólið nái að hámarki 20 km/klst. skv. skráningargögnum og að samfellt hámarksafl þess sé 2 kw. Hjólið sé því ekki hannað til þess að komast hraðar en 25 km/klst auk þess sem það komi fram á heimasíðu Samgöngustofu að vélknúin hlaupahjól tilheyri flokki reiðhjóla og teljist ekki til léttra bifhjóla í flokki I. Þá bendir M á að skv. skráningargöngum framleiðanda hjólsins sé það ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km/klst. Með vísan til þess telur M að slysið sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A og um sé að ræða slys sem falli undir hlutlæga ábyrgðarreglu 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Í bréfi V kemur fram að hámarkshraði hjólsins sé 66 km/klst skv. upplýsingum á heimasíðu Motos og því sé komin fullnægjandi sönnun um að hjólið hafi verið hannað til að ná þeim hraða. Þá hafi M viðurkennt að hafa ekið hlaupahjólinu á 45 km/klst og faðir M hafi viðurkennt að hlaupahjólið væri hannað til aksturs á 70 km/klst. Hlaupahjólið falli því ekki undir skilgreiningu skv. c-lið 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga 77/2019 heldur falli það undir skilgreiningu 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga og verði það því að teljast til vélknúins ökutækis skv. 42. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga. Hlaupahjólið hafi því verið skráningarskylt skv. 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga og vátryggingarskylt skv. 10. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019. V telur að M beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið beint út á akbraut í hlið A sem hafi verið kyrrstæð á gatnamótum og brotið með háttsemi sinni fjölda ákvæða umferðarlaga.

Álit.

V byggir á því að rafhlaupahjólið í máli þessu sé bifhjól og því skráningar- og vátryggingarskylt. Samkvæmt 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 eru bifhjól skilgreind sem vélknúin ökutæki sem ekki telst bifreið, dráttarvél eða torfærutæki og er aðallega ætlar til farþega- eða farmflutninga, á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur eða fleiri hjólum með sprengirými yfir 50 cm ^{3} sé það búið brunahreyfli og hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst. Létt bifhjól greinast í létt bifhjól í flokki I séu þau ekki hönnuð til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund og í létt bifhjól í flokki II séu þau hönnuð til hraðari aksturs en 25 kílómetra á klukkustund. Í lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 kemur fram í 7. gr. að ákvæði 4.-6. gr. um skaðabótaábyrgð vegna tjóns gildi ekki um létt bifhjól í flokki I og í 11. gr. kemur fram að þau séu undanþegin vátryggingarskyldu skv. 8.–10. gr. laganna. Það liggur fyrir í málinu að rafhlaupahjólið var hvorki skráð né vátryggt og það liggja ekki fyrir gögn frá Samgöngustofu um að það sé skráningarskylt. Fyrir liggur að M tjáði lögreglu að hann hefði verið á 45 km hraða í aðdraganda árekstursins en þrátt fyrir það verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að rafhlaupahjólið hafi verið hannað til hraðari aksturs en 25 km á klukkustund. Verður því að telja að um lítið vélknúið ökutæki sé að ræða sem fellur undir c-lið 30. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar er að finna hlutlæga ábyrgðarreglu, þ.e. að eigandi (umráðamaður) ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Þá segir í 4. mgr. sömu greinar að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Í 5. mgr. segir svo að bætur fyrir tjón á munum megi lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða

gáleysi. Samkvæmt framburði M í fyrirliggjandi lögregluskýrslu sem var gerð á slysdegi kvaðst hann hafa verið að aka rafhlaupahjólinu á um 40-45 km/klst og þegar hann var að koma að gatnamótum Fljótasels og Flúðasels og hafi húsið á endanum komið í veg fyrir að hann sæi bifreiðina A í tæka tíð. Kvaðst hann hafa reynt að hemla en það hafi verið of seint. Í lögregluskýrslunni kom fram að ökumaður bifreiðarinnar A sagðist hafa verið að aka vestur Fljótasel þegar hún nam staðar á gatnamótum Fljótasels og Flúðasels og þá hafi hún séð aðila á rafhlaupahjóli koma á miklum hraða og hafi hann klesst í hliðina á bifreiðinni. Samkvæmt framburði Y sem var vitni að atvikinu sá hann þegar rafhlaupahjólið klessti harkalega á vinstri hlið A en hann gat ekki staðfest að bifreiðin hafi verið kyrrstæð. Hvað málavexti varðar verður að byggja á framangreindum gögnum þ.e. að M hafi ekið á A, sem hafi verið á litlum hraða eða kyrrstæð. Þykir því sýnt að M hafi verið meðvaldur að tjóni sínu, er hann ók á miklum hraða viðstöðulaust á A án þess að gæta að annarri umferð, sbr. 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga. Verður þá jafnframt að telja að X hafi með ökuhraða sínum í aðdraganda atviksins brotið gegn 3. mgr. 42. gr. umferðarlaga þar sem segir m.a. að hjólreiðamenn skuli sýna sérstaka aðgát við vegamót og þar sem akbrautir og stígar skerast. Verður samkvæmt þessu að telja sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur rafhlaupahjósins í umrætt sinn. Hvað varðar bætur fyrir líkamstjón, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar, þykir rétt að skerða þær um helming á grundvelli stórkostlegs gáleysis X.

Fyrir nefndinni var ekki gerð krafa um greiðslu bóta vegna muna úr ábyrgðartryggingu A og kemur hugsanlegur ágreiningur aðila hvað það varðar því ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V en skerða skal bætur til hans um helming.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 351/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingarskilmála. Forföll.

Gögn.

1. Málskot móttekið 27. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M átti pantaða ferð til Madeira dagana 1 – 10. október 2022 með millilendingu í Lissabon. Þann 23. september 2022 varð vinur M til 40 ára bráðkvaddur og var jarðsunginn þann 5. október 2022. Vegna fráfallsins hætti M við að fara í ferðina og hefur farið fram á endurgreiðslu þess ferðakostnaðar, sem hann hefur ekki getað fengið endurgreiddan frá ferðaþjónustuaðilum, úr kreditkortatryggingu sinni hjá V. Fer M fram á að V sé með sömu tryggingarvernd varðandi forföll í ferðatryggingu og t.d. flugfélög en þar fæst endurgreiðsla vegna fráfalls vinar.

V telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi úr forfallatryggingu kortatryggingar vegna ferðarinnar. Vísar V til þess að í grein 7.1.2 í vátryggingarskilmála kortatryggingarinnar komi fram að skilyrði greiðslu vegna forfalla er að það hafi verið náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður sem andist. Í greininni sé tæmandi talið í hvaða tilvikum tjón þegar vátryggður forfallast í ferð vegna andláts annars aðila eru bætt. Í tilviki M hafi verið um að ræða andlát vinar, ekki náins ættingja eða samstarfsmanns. Tjónið falli þannig utan gildissviðs skilmála vátryggingarinnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr forfallatryggingu kreditkortatryggingar hjá V vegna ferðar til Madeira sem hann fór ekki í vegna andláts náins vinar hans til 40 ára. Samkvæmt grein 7.1. í vátryggingarskilmálum kortatryggingarinnar bætir félagið ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, að hámarki kr. 700.000 vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar, ef hinn vátryggði kemst ekki í ferð af ástæðum sem taldar eru upp í greinum 7.1.1 – 7.1.9. Í grein 7.1.2. er fjallað um forföll vátryggðs ef hann kemst ekki í ferð vegna andláts 3ja aðila. Í greininni er að finna tæmandi upptalningu á því hvað tilvik falla undir vátrygginguna. Er þar ekki að finna ákvæði um að ferðakostnaður fáist endurgreiddur ef náinn vinur andist. Vátryggingafélögum er heimilt að takmarka gildissvið vátryggingar með þessum hætti og ber þeim aðilum sem bjóða upp á forfallatryggingar ekki skylda samkvæmt lögum til að vera með sömu eða sambærileg ákvæði í skilmálum sínum. Af þessu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kreditkortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 352/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 17. nóvember 2021, er hann var að störfum sem hlaðmaður hjá X, orðið fyrir slysi. Er slysið varð hafi M verið staddur í farþegarými flugvélar X, en hann hafi farið upp í vélina með því að ganga upp stigapall sem var festur við dyr vélarinnar. Samkvæmt venju hafi pallurinn verið festur við hægri inngang vélarinnar. Er M hafði lokið vinnu sinni inni í vélinni hafi hann ætlað sömu leið út, en þá hafi verið búið að fjarlægja pallinn og öðrum stigapalli verið komið fyrir hinum megin við vélina, þ.e. vinstra megin. Hafi sá pallur verið of lágur og að áliti M ekki af þeirri tegund sem hentaði fyrir þessa tilteknu gerð flugvélar. Hefði átt að setja tröppu ofan á pallinn, eða nota rétta gerð af palli, svo starfsmenn kæmust út úr vélinni án þess að þurfa að stökkva niður á pallinn. Hafi M reynt að ná sambandi við samstarfsfólk sitt svo laga mætti pallinn en það hafi ekki tekist. Hafi M því ákveðið að stökkva niður á pallinn með þeim afleiðingum að hann meiddist á vinstra fæti, en í stökkinu reyndi hann að hlífa hægra fæti vegna eldri meiðsla. Hafi hann þó ákveðið að harka af sér og halda vinnu sinni áfram og það hafi ekki verið fyrr en hann steig niður úr annarri flugvél síðar sem ljóst varð að ekki væri allt með felldu. Síðar hafi komið í ljós að hann var sköflungsbrotinn. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X enda verði slys hans rakið til saknæms og ólögmæts vanbúnaðar á vinnustað. Bæði hafi verið um að ræða ranga gerð palls, sem ekki hafi hentað umræddri flugvél, auk þess sem frágangur hans hafi verið óforsvaranlegur. Væntanlega sé þar um að kenna gáleysi annarra starfsmanna X, sem X beri ábyrgð á. Hægur vandi hefði verið fyrir X að koma í veg fyrir slysið með notkun rétts búnaðar auk þess sem X hefði getað stuðlað að réttu verklagi og þjálfun starfsmanna. Umræddur vanbúnaður sé þá alfarið á ábyrgð X og ekki við M að sakast í þeim efnum, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stoð í þeim.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að misræmi sé í frásögnum af atvikum. Þannig sé því annars vegar, í bréfi lögmanns M dags. 22. október 2022 og í tjónstilkynningu dags. 24. október 2022, haldið fram að sami pallur hafi verið færður til og hins vegar, í málskoti til nefndarinnar, að um annan stigapall sem hafi verið rangrar gerðar, hafi verið að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi pallurinn sjálfur verið í réttri stöðu en hugsanlega hafi trappa ekki verið sett við vélina. Af ljósmyndum megi þá ráða að ekki sé mikill hæðarmunur frá efri hluta tröppu að pallinum og því í raun óheppni að M hafi slasast við fallið. Þá hafi X sérstaklega grennslast fyrir um það hjá M hvern hann hefði hringt í til að óska eftir aðstoð en þá hafi hann ekki kannast við að hafa hringt í neinn. Margir starfsmenn hafi verið að vinna við umrædda flugvél og því hefði alltaf verið hægt að fá aðstoð hefði M borið sig eftir því, enda hafi allur búnaður til að fyrirbyggja atvikið verið fyrir hendi. Hafi M því verið í lófa lagið að tryggja eigið öryggi með því að bíða eftir aðstoð. Hann hafi hins vegar tekið þann kost að stökkva á pallinn þrátt fyrir að hann væri tæpur í hægra fæti og að því er virðist án þess að leita eftir aðstoð samstarfsmanna. Þá hafi X ekki fengið vitneskju um atvikið fyrr en löngu síðar, en M hafi ekki verið frá vinnu strax eftir atvikið og ekki leitað læknis fyrr en átta dögum eftir að það átti sér stað. Hafi því ekki stofnast tilkynningarskylda X í skilningi 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði því ekki vikið frá almennum sönnunarreglum í málinu. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verið rakið til saknæmrar háttsemi eða vanrækslu af hálfu X hvíli því á M og slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Í málskoti kemur fram að varakrafa M sé sú að hann fái í öllu falli bætur úr slysatryggingu launþega X hjá V. Í bréfi V kemur fram að fallist hafi verið á bótarétt úr slysatryggingu launþega með tölvupósti dags. 30. júní 2022. Þar sem þeirri staðhæfingu hefur ekki verið mótmælt af hálfu M verður að líta svo á að ekki sé uppi ágreiningur um bótarétt úr slysatryggingu launþega. Kemur sá þáttur málsins, svo og röksemdir M vegna hans, því ekki til frekari skoðunar.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hvenær óvinnufærni M vegna slyssins kom til en fyrir liggur að hann leitaði fyrst til læknis vegna þess hinn 25. nóvember 2021, eða átta dögum síðar, og svo virðist sem brot í sköflungi hafi ekki greinst fyrr en einhverjum vikum eftir það. Verður það því ekki metið X til sakar að hafa ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu samdægurs um atvikið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980, og verður hallinn af sönnunarskorti af þeim sökum ekki lagður á X.

Fyrir nefndinni liggja svör X til V þar sem kemur fram að fyrir þá flugvél sem um ræði þurfi að setja pall og einnig tröppu svo hægt sé að fara inn í vélina. Þetta hafi verið réttilega framkvæmt hægra megin þar sem M fór inn í vélina en ekki hafi verið búið að setja tröppu vinstra megin þar sem M fór út úr vélinni. Verður að telja að þessi lýsing sé í því samræmi við frásögn M í málskoti að rétt sé að byggja á henni, en engar frekari lýsingar, ljósmyndir, eða vitnisburðir liggja fyrir nefndinni. Af frásögn M í málskoti má þá jafnframt ráða að hann hafi gert sér grein fyrir því að varhugavert væri að stökkva niður á pallinn án þess að trappa væri ofan á honum. Í bréfi V til nefndarinnar, en þeim staðhæfingum hefur ekki verið mótmælt af hálfu M, kemur þá einnig fram að í samtali við X hinn 27. október 2022 hafi V ekki kannast við að hafa hringt í neinn eftir aðstoð og liggja engin gögn fyrir nefndinni er sýni fram á annað. Hefur því ekki heldur verið mótmælt af hálfu M að allur búnaður hafi verið fyrir hendi og hægur vandi fyrir M að leita eftir aðstoð.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að M, sem hafði á slysdegi starfað hjá X um nokkurra ára skeið, hafi gert sér grein fyrir því að tröppu vantaði á umræddan pall og að varhugavert gæti verið að stökkva niður á hann án slíkrar tröppu. Hafi hann samt sem áður tekið þá ákvörðun að stökkva án þess, að því er virðist, að leita eftir aðstoð samstarfsmanna. Verður því að telja að tjón hans verði rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs, en ekki er sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 353/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Stefnumerki.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 10. nóvember 2022.
3. Tjónstilkynning frá Aðstoð&Öryggi dags. 4. október 2022 ásamt afriti af bréfi dags. 18. október 2022 með afstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli 399/22.

Málsatvik.

Í málsgögnum liggur fyrir tjónstilkynning um árekstur bifreiðarinnar A við flutningabifreiðina B hinn 4. október 2022 á gatnamótum Faxafens og Skeifunnar. Þar kemur fram að bifreið A hafi verið ekið eftir Faxafeni þegar bifreið B hafi verið ekið úr Skeifunni í hægri beygju inn á Faxafen og þá hafi árekstur orðið með bifreiðunum. Biðskylda er af Skeifunni inn á Faxafen. Haft er eftir ökumanni bifreiðar A í skýrslunni að hann hafi ekið um Faxafen og ætlað að beygja til hægri inn í Skeifuna, en hætt við og ekið áfram Faxafen þegar bifreið B hafi verið ekið af stað og í hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B segist hafa ekið Skeifuna og beygt til hægri inn á Faxafen þegar hann sá að bifreið A var með stefnumerki til hægri til að aka inn í Skeifuna.

M telur að alla sök eigi að leggja á bifreið B þar sem sú bifreið hafi verið staðsett of langt til vinstri þannig að bifreið A hafi ekki getað ekið til hægri inn Skeifuna. Einnig bendir M á staðsetningu bifreiðar A við áreksturinn og að sú bifreið hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Einnig segir M að ökumaður bifreiðar B hafi vitað að bifreið A kæmist ekki framhjá og að hann hafi viðurkennt sök á vettvangi.

V gerir engar athugasemdir við málskotið.

Álit.

Gögn málsins lýsa aðdraganda áreksturs ágætlega. Ökumanni bifreiðar B bar að veita umferð um Faxafen forgang áður en hann ók af stað í hægri beygju gegn biðskyldu úr Skeifunni skv. fyrirmælum 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þessa gætti ökumaður B ekki nægilega vel og ber því meginsök á árekstrinum. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur hins vegar skýrt fram að hann hugðist beygja af Faxafeni inn í Skeifu og framburði ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi séð stefnumerki á bifreið A til hægri. Í 6. mgr 33. gr. umferðarlaga kemur fram að stefnumerki skuli gefa í tæka tíð en jafnframt að merkjagjöf skuli hætt þegar hún á ekki lengur við. Leggja verður til grundvallar að ökumaður bifreiðar A hafi með merkjagjöf gefið til kynna að hann hygðist aka til hægri og sú merkjagjöf hafi gefið ökumanni bifreiðar B til kynna að honum væri óhætt að aka áfram. Ber ökumaður bifreiðar A því hluta sakar vegna árekstursins, eða þriðjung.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig aö ökumaður bifreiðar B ber tvo þriðju (2/3) hluta sakar en ökumaður bifreiðar A ber einn þriðja (1/3) hluta sakar.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 354/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis X

Notkunarhugtak laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 22. desember 2022.
3. Tölvupóstur Varðar tryggginga hf., dags. 4. nóvember 2022, þar sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir vegna málskotsins.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 20. maí 2022 kom upp bruni í bifreiðinni X á bifreiðastæði í Hafnarfirði þar sem hún stóð kyrrstæð og mannlaus. Við hlið bifreiðar X var bifreið í eigu M, sem tryggð er ábyrgðatryggingu hjá Verði tryggingum hf. Tjón varð á bifreið M þar sem eldur frá bifreið X teygði sig í bifreið M.

M telur að bæta eigi tjón á bifreið hans úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem tjón á hans bifreið hafi orsakast af eldi í bifreið X.

V hefur hafnað bótaskyldu með með vísan til þess að tjón á bifreið M hafi ekki hlotist af notkun bifreiðarinnar X í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar og því greiðist ekki bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Álit.

Í 10. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 kemur fram að vátryggingarskylda hvílir á eigendum skráningarskyldra ökutækja um að kaupa ábyrgðartryggingu vegna þeirra. Þessari skyldu sinnti eigandi bifreiðarinnar X með því að kaupa slíka tryggingu hjá V. Gildissvið þessarar lögboðnu ábyrgðartryggingar nær til þeirrar skaðabótaábyrgðar sem hvílir hlutlægt á eigendum ökutækja skv. 4. og 5. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að eigandi ökutækis skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess þó tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns. Kveðið er á um fébótaskyldu eiganda í 1. mgr. 6. gr. laganna vegna ábyrgðar skv. 4. og 5. gr. þeirra og í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur fram að bótaábyrgð geti einnig farið eftir almennum skaðabótareglum.

Ábyrgð eiganda X sem gæti leitt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V verður því annað hvort að vera byggð á því að bifreiðin X hafi verið í „notkun“ þegar tjón varð af henni eða að eigandi eða ökumaður hafi skilið bifreiðina eftir í þannig ástandi að hann hafi mátt vita að tjón gæti hlotist af henni, eða þá að sannað væri að viðkomandi hefði borið eld að bifreiðinni.

Af upplýsingum í lögregluskýrslu verður ekki ráðið að eitthvað af þessum aðstæðum hafi verið fyrir hendi þegar tjón varð á bifreið M. Ekki er að sjá annað en að bifreiðin X hafi verið kyrrstæð og mannlaus og ekki í notkun þegar eldur kviknaði í henni og ekki er sýnt að eldurinn hafi kviknað vegna gáleysis eiganda eða ökumanns. Greiðsluskylda hefur því ekki myndast úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 355/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. nóvember 2022, ásamt skilmála vátryggingar.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M sé rafverktakafyrirtæki sem hafi tekið að sér vinnu við raflagnir í fasteign í eigu X í Reykjavík. Meðal þess sem starfsmenn M tóku að sér, var að bora fyrir raflögnum í tilteknum vegg í eldhúsi íbúðarinnar. Um er að ræða tveggja hæða hús og þann 5. apríl 2022 uppgötvaðist leki frá eldhúsi sem olli tjóni á neðri hæð hússins. Gerð hefur verið krafa í ábyrgðartryggingu M vegna tjónsins og því haldið fram að starfsmenn M hafi borað í niðurfallsrör sem lá inni í veggnum, með fyrrgreindum afleiðingum. Ágreiningur er um það hvort starfsmenn M hafi borað í rörið og, ef svo er, hvort þeir hafi sýnt af sér sök, þannig að skaðabótaábyrgð á tjóni X verði felld á M. V samþykkti bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M sem telur sig ekki bera ábyrgð á tjóninu. Starfsmenn M kannast ekki við að hafa borað í niðurfallsrör og jafnvel þó svo hefði verið byggir M á því að starfsmenn hans hafi fylgt öllum hátternisreglum sem þeim bar að fylgja og að tjónið sé ekki afleiðing af saknæmri háttsemi þeirra. Engar teikningar hafi verið aðgengilegar hjá Reykjavíkurborg þegar verkið var unnið en á verkstað hafi legið fyrir lagnateikning sem iðnaðarmenn unnu eftir og kynntu starfsmenn M sér þessa teikningu áður en þeir boruðu í vegginn. Teikningin sýndi engar lagnir nálægt staðnum sem borað var á. Hafi starfsmenn M borað í niðurfallsrörið var það vegna þess að lega þess er allt önnur en samkvæmt teikningunni.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að fullar forsendur hafi verið, m.v. fyrirliggjandi gögn, til að fallast á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M vegna tjónsins. Það liggi fyrir, og sé viðurkennt af hálfu M, að starfsmaður hans hafi við vinnu sína, borað með stórum steinbor í vegginn þar sem lögnin er staðsett. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum þá er viðkomandi starfsmaður sá eini sem hafi borað í vegginn á þeim stað sem lögnin er staðsett. Gera verði þær kröfur til iðnaðarmanna sem hafa sérþekkingu á sínu starfssviði, að þeir viðhafi viðeigandi aðgæslu þegar borað er í veggi þar sem vitað er að lagnir séu til staðar. Skýrlega komi fram á teikningum sem lágu fyrir á verkstað að allmargar lagnir eru staðsettar í svokölluðum lagnastokk inni í veggnum sem borað var í. Að mati V átti umræddur starfsmaður því að gera sér fulla grein fyrir því að lagnir væru staðsettar í veggnum sem borað var í og að hann þyrfti sérstaklega að gæta að sér við verkið. Það hafi hann hins vegar ekki gert og það verði að meta honum til sakar í skilningi skaðabótaréttar. Reyndum starfsmanni geti ekki dulist þegar stór steinbor fer í gegnum steinvegg og í gegnum plastlögn og hefði hann því átt að tilkynna þegar um atvikið, en með því hefði verið hægt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort tjón sem varð á fasteign í eigu X sé bótaskylt úr ábyrgðartryggingu M, en V sem vátryggingafélag M, hefur samþykkt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M vegna tjónsins. Svo bótaskylda sé fyrir hendi þarf að mega rekja tjónið til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu aðila sem M ber ábyrgð á. Ekki er ágreiningur um að starfsmenn M hafi borað í þennan tiltekna vegg með stórum steinbor á þeim stað sem tjónið átti sér stað. Verður að telja það sannað að starfsmenn M hafi valdið tjóni á niðurfallsrörinu sem olli vatnstjóni í fasteign X. Gera verður ríkar kröfur til þeirra sem taka að sér sérhæfð verk, eins og þau sem starfsmönnum M var falið að vinna og þar af leiðandi verður að leggja til grundvallar strangt sakarmat þegar skilyrði skaðabótaábyrgðar eru metin. Verður af gögnum málsins ekki annað ráðið en að tjónið megi rekja til óaðgæslu starfsmanna M í umrætt sinn en þeim bar að sína fyllstu aðgæslu er þeir boruðu í vegginn með stórum steinbor á þeim stað þar sem lagnastokkur er staðsettur og búast má við lögnum. Með vísan til þess telst tjón á fasteign X bótaskylt úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.
Tjónið er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 356/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.
Skráningarnúmer ökutækja : A og B

Sakarmat. Framúrakstur. Beygt til vinstri.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 10. nóvember 2022.
3. Bréf M, dags. 14. desember 2022.
4. Tölvupóstur V2, dags. 16. desember 2022.
5. Bréf lögmanns M, dags. 23. desember 2022 ásamt veðurvottorði dags. 22. desember 2022.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs 23. október 2022 í Borgarfirði kemur fram að bifreið A, sem vátryggð er hjá V1, var ekið fram úr bifreið B, sem vátryggð er hjá V2, en þeirri bifreið var á sama tíma ekið til vinstri áleiðis út af akbraut og varð þá árekstur með bifreiðunum. Á teikningu á framhlið sömu tjónstilkynningar, sem baðir ökumenn skrifa undir, kemur fram að áreksturinn hafi orðið við einhvers konar útskot af akbrautinni eða vegamót og að bifreið A hafi verið ekið fram úr tveimur bifreiðum áður en árekstur varð við bifreið A sem var ekið á undan þeim tveimur bifreiðum. Ökumaður bifreiðar A segir í sínum athugasemdum við tjónstilkynninguna að hún hafi hægt á bifreið B og gefið stefnuljós til að taka beygju inn að sumarbústaðalandi þegar árekstur varð við bifreið A sem hafi verið að taka fram úr en lent á vinstri hlið bifreiðar A eftir að hafa reynt að bremsa. Í athugasemdum ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi verið að aka á eftir röð bifreiða sem hafi verið á 56-60 km hraða og hafi hann því ákveðið að taka fram úr bílaröðinni en árekstur hafi orðið við bifreið A þegar henni var ekið til vinstri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa náð að bremsa og að hraði hafi verið frekar lítill þegar árekstur varð.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B. Í málskoti er atvikum lýst þannig að ökumaður bifreiðar sem hér er nefnd A hafi verið ekið í röð bifreiða á þjóðveginum í átt að Borgarnesi og bifreið á undan henni hafi ekið undir hámarkshraða eða á um 80 km/klst. Einnig lýsir M aðstæðum þannig að sól hafi verið lágt á lofti og vegsýn takmörkuð vegna þess. Einnig liggur fyrir veðurvottorð, dags. 22. desember 2022 þar sem gerð er grein fyrir veðuraðstæðum og sólarhæð. M telur að árekstur hafi átt sér stað við vegamót í skilningi 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og vegna sólar í akstursátt hafi framúrakstur bifreiðar B verið sérstaklega hættulegur, sbr. hátternisregla í a-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga. M telur að hún hafi gætt að umferð áður en hún tók vinstri beygju bæði á móti og fyrir aftan og þannig gætt hátternisreglna í 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga. Einnig bendir M á að hátternisreglur séu í 23. gr. vegna aðgæsluskyldu ökumanna við framúrakstur sem og komi fram í 1. mgr. 25.gr. þeirra að óheimilt sé að fara fram rétt áður en komið sé að vegamótum eða á þeim. M bendir á að ökumaður bifreiðar B hafi verið aka fimmtu bifreið í bifreiðaröð og tvær bifreiðar hafi verið milli hans og bifreiðar A þegar hann hóf framúrakstur og hann hafi ekki gætt hátternisreglna 2. og 4. mgr. 23. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 25. gr. laganna og þess að ökumaður bifreiðar A hafi verið að beygja til vinstri, sbr. b.lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995. Einnig vísar M til framkvæmdar nefndarinnar vegna nokkurra mála og lýsir aðstæðum í þeim m.t.t. þessa máls.

Í tölvupósti V2 til nefndarinnar, dags. 16. desember 2022, er tekið undir sjónarmið sem koma fram í bréfi ökumanns bifreiðar B dags. 14. desember sama ár en þar mótmælir ökumaður bifreiðar B því sem hann telur ítrekaðar rangfærslur í málskoti. Ökumaður bifreiðar B segist hafa ekið lengi á eftir bifreið A og tveimur öðrum á hraða sem var um 50-60 km/klst og hafi framúrakstur hans verið nýhafinn þegar bifreið A hafi verið ekið skyndilega til vinstri án þess að gefa stefnuljós eða gefa til kynna fyrirhugaða beygju til vinstri. Einnig er því mótmælt að skyggni til framúraksturs hafi ekki verið gott, sól hafi verið í suðvesturátt og þar sem ökumaður bifreiðar B kveðst hafa beðið lengi eftir að til staðar væru ákjósanlegar aðstæður til framúraksturs. Einnig bendir hann á að brotin lína hafi verið á akbraut og framúrakstur því heimill, auk þess sem ökumaður bifreiðar A hafi ekki beygt til vinstri á vegamótum heldur inn að malarslóða að sumarhúsum. Ökumaður bifreiðar B telur að ökumaður bifreiðar A hafi

ekki gætt varúðar skv. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga, þar sem komi fram að sá sem ætli að beygja á vegamótum skuli ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra og gæta sérstaklega að umferð sem á eftir komi. Ökumaður bifreiðar B fjallar auk þessa um úrskurði nefndarinnar og hvernig aðstæður í þeim málum séu sambærilegar eða eftir atvikum frábrugðnar aðstæðum sem uppi voru við umdeildan árekstur bifreiða A og B.

Í viðbótarathugasemdum M eru lýsingum ökumanns bifreiðar B mótmælt og ítrekuð rök fyrir sök hans. Vátryggingafélagið V1 gerir ekki efnislegar athugasemdir í málinu, sbr. tölvupóst félagsins til nefndarinnar dags. 10. nóvember 2022.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um sakarskiptingu milli ökumanna bifreiðar A og B, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að bifreið B hafi ætlað að aka fram úr að minnsta kosti þremur bifreiðum þar sem sem bifreið A var fremst þeirra og árekstur hafi orðið með bifreiðunum við vinstri beygju bifreiðar A með fyrirhugaðan akstur inn á malarslóða eða veg.

Í 40. tl. 1. mgr. 30. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að vegur í skilningi laganna geti verið bæði t.d. götuslóði og bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Þó ekki liggi fyrir í gögnum málsins vegakort, myndir af aðstæðum eða nákvæm staðsetning tjónsatviks verður sú víða skilgreining vegar lögð til grundvallar og þannig að ökumaður bifreiðar A hafi verið að beygja til vinstri á vegamótum í skilningi 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaganna. Í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að aka fram úr bifreiðum rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, auk frekari hátternisreglna við framúrakstur í 23. gr. sömu laga. Verður þó að nefna að þar sem ekki liggja fyrir myndir af aðstæðum á vettvangi og hversu áberandi slóðinn til vinstri út af veginum varð verður tekið tillit til þess við sakarmat að ekki sé sannað vegurinn, í skilningi 40. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, hafi verið áberandi. Ekki verður heldur annað ráðið af gögnum málsins en á akbraut þeirri sem ökumenn bifreiða A og B óku eftir í aðdraganda áreksturs hafi verið einhvers konar brotin lína máluð á akbrautina en í 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra kemur fram að heimilt sé að aka yfir þær línur með fyllstu varúð. Afgerandi varúðarskylda hvíldi því á ökumanni bifreiðar B þegar hann hóf framúrakstur m.t.t. fyrrnefndra ákvæða og ber hann meginsök á árekstrinum með því að gæta ekki fyllstu aðgátar við framúrakstur fleiri en einnar bifreiðar rétt við vegamót sem er þó ekki sannað að hafi verið augljós.

Háttsemi ökumanns bifreiðar A verður að skoða með hliðsjón af aðgæsluskyldu 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga og þess að ekki liggur fyrir sönnun á því að hún hafi gefið stefnumerki í aðdraganda áreksturs, dregið afgerandi úr ferð eða gert annað sem gaf til kynna að hún ætlaði að beygja til vinstri af akbraut. Ekki liggja fyrir skýrslur t.d. frá vitnum úr þeim tveimur bifreiðum sem ekið var á eftir bifreið A um að háttsemi ökumanns bifreiðar A hafi verið með þessum hætti. Ber hún hallann af þeim sönnunarskorti. Verður einnig að líta til þeirra aðstæðna að áður en bifreið A var ekið til vinstri verður ekki annað séð en að ökumaður bifreiðar B hafi hafið framúrakstur, en í skýrslum beggja ökumanna er þess getið að ökumaður bifreiðar B hafi náð að hemla áður en árekstur varð. Telst ökumaður bifreiðar A því einnig bera sök á árekstrinum.

Með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar hér að ofan um háttsemi ökumanna og sönnunarstöðu telst ökumaður bifreiðar B bera 2/3 hlut sakar en ökumaður bifreiðar A 1/3 hluta sakar, en ekki verður ályktað af fyrri framkvæmd nefndarinnar að aðstæður séu alveg eins og þær sem uppi voru í öðrum úrskurðum nefndarinnar, enda byggist sakarmat skv. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 á því að meta aðstæður í hvert sinn.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 357/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.

Sönnun atviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 29. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. desember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti er málavöxtum lýst með þeim hætti að þann 17. desember 2020 hafi uppgötvast leki frá frárennslislögn, sem liggur frá þaki og í gegnum húseign M. Við þetta hafi vatn lekið um húseignina og ollið tjóni á því. Þegar tjónið uppgötvaðist kveðst M hafa haft samband símleiðis við starfsmann V sem neitaði að koma á staðinn, þrátt fyrir ítrekanir. Það var svo ekki fyrr en 21. október 2021 sem starfsmenn V komu á staðinn og öfluðu sér upplýsinga um lekann og umfang skemmda. Ummerki lekans eru augljós eins og sést á myndum sem fylgdu málskoti og var tjónið verulegt. M telur upptök lekans vera bilun í frárennslislögn sem liggur í gegnum húsið, nánar tiltekið í vegg þess. Lögnin hafi því bilað innan hússins og var skyndilegur, óvæntur og ófyrirsjáanlegur leki sem fellur undir 1. gr. vátryggingarskilmálans. Búið er að gera við rörið og skemmdir enda var ekki unnt að bíða með viðgerðir enda lá húsið undir skemmtum. Þegar viðgerðir fóru fram voru teknar myndir af rörinu sem sýna hvar það gaf sig. Ekki verði séð að undanþágur 5. gr. skilmálans geti átt við um tjónið þar sem ekki sé um að ræða utanaðkomandi vatn frá svölum eða þakrennum, heldur frárennslislagnar sem leiðir vatn af flötu þaki, þ.e. ekki svölum eða þakrennum. Vatnið var þannig komið inn í lögn sem er innanhúss og er í samræmi við byggingarlag hússins. Ekki er um að ræða mistök í hönnun eða missmíði í lagnakerfi hússins. Óásættanlegt er hve langan tíma það tók V að mæta á staðinn til að meta tjón og taka afstöðu til tjónsins. M átti ekki kost á að bíða með viðgerðir enda lá húsið undir skemmdum og augljóslega ekki unnt að hafa frárennslislögnina í ólagi enda hefði vatn þá haldið áfram að leka um húsið. Verði talinn vafi til staðar hvað varðar málsatvik eða hvort unnt sé að staðreyna þau, þá ber að meta það V í óhag hve langan tíma það tók félagið að senda menn á staðinn og taka afstöðu til tjóns.

Í bréfi V til nefndarinnar segir að þegar M hafði samband við starfsmann félagsins hafi sá starfsmaður upplýst M að ekki færi fram skoðun nema formleg tjónstilkynning bærist vegna málsins og að tjón af völdum þakleka falli ekki undir trygginguna. Þannig hafi skoðun ekki verið þörf né tímabær m.a. þær upplýsingar sem M hafði gefið á þeim tímapunkti. Ekkert benti til þess að um bótaskyldan lagnaleka væri að ræða. Tafir á að tjónið hafi verið skoðað verða þ.a.l. allar raktar til M sjálfs. Er það mat V að ósannað verði að teljast að M hafi tilkynnt um tjónið fyrr en um miðjan október 2021, u.þ.b. tíu mánuðum eftir að tjónið uppgötvaðist. Engin matsgerð eða gögn hafa verið lögð fram sem sýna með sannanlegum hætti fram á orsök lekans. Af þeim takmörkuðu gögnum sem liggja fyrir er erfitt að fullyrða um orsök vatnslekans eða hvaðan vatnið kom. Verður að meta það M til tómlætis að hafa fjarlægt ummerki um leka án þess að tryggja sönnur á orsökum hans með tryggilegum hætti. Vísar V til 1. gr. skilmála vátryggingarinnar þar sem fram kemur að tryggingin taki til tjóns sem stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Ólíklegt verði að telja að þær umfangsmiklu skemmdir sem orðið hafa á lofti, veggjum og gólfefnum hússins megi rekja til lítillar sprungu á rörinu, enda var rörið umlukið steypu og hefði megnið af því átt að leita niður þó raki hefði e.t.v. getað smitast á lítið svæði í kring um rörið. Þegar starfsmenn V skoðuðu vettvang þann 21. október 2021 var ekki búið að brjóta frá rörinu eða rífa niður loftaklæðningu og þar sem búið er að skipta um rörin og/eða lagfæra og loka veggnum hafa starfsmenn V ekki fengi kost á að skoða þær sprungur eða skemmdir sem sagðar eru hafa verið á rörinu. Þá liggja engar upplýsingar fyrir um ástand þaksins eða niðurfallsins að öðru leyti. Er það því mat V að líklegasta skýringin á því tjóni sem varð á húseign M sé að regnvatn hafi lekið með þakinu eða framhjá niðurfallinu um langa hríð. Allt tjón af völdum langvarandi raka og vatnsleka er undanskilið skv. c-lið 2. gr. vátryggingarskilmálans. Er það því niðurstaða V að ósannað verði að teljast að vatnstjón á húseigninni verði rakið til leka úr lagnakerfi hússins.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess hann hafi tilkynnt tjónið í desember 2020 með símtali og fylgt því eftir í tölvupósti til V þann 13. janúar 2021. Engin leiðbeining hafi komið frá V um að tilkynning í síma væri ófullnægjandi og enginn reki gerður að því að kanna málið nánar eða gera kröfu um ítarlega skriflega tilkynningu frá M. Sú mótbára kemur fyrst fram nú. Verður í ljósi þess að leggja til grundvallar að V hafi borist gild tilkynning um tjónið. Telur M ljóst að skemmdir á húsnæðinu urðu vegna lekans. Myndir af ónýtu byggingarefni sem fargað var og myndir af vettvangi sýna svo ekki sé um villst að verulegt tjón varð. Þegar V skoðaði tjónið stóðu yfir viðgerðir á húsinu vegna lekans. Því hefði V átt að geta metið tjónið og orsakir þess þann 21. október 2021 og aflað sér gagna um orsakir tjóns. Bar V að benda á að það myndi bera fyrir sig sönnunarskort ef ekki yrði þá þegar aflað matsgerðar. Þess í stað horfðu fulltrúar félagsins á endurbæturnar og freista þess nú að varpa sönnunarbyrði á M. Er þetta að mati M brot á tillitsskyldu V í gagnkvæmu viðskiptasambandi, þar sem annar aðilinn nýtur yfirburða, hér V, sem vátryggingafélag gagnvart einstaklingi. Er því nærtækara að láta V bera hallan af því að ekki liggi fyrir matsgerð eða óyggjandi sönnun á orsökum vatnstjónsins sem óumdeilt er að varð í desember 2020.

Í viðbótarathugasemdum V vísar til þess að M fylgdi ekki fyrirmælum 15. gr. almennra vátryggingarskilmála félagsins þar sem fram kemur að tjón skuli tilkynnt skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti án ástæðulauss dráttar. Verður að teljast ósannað að M hafi tilkynnt tjónið til félagsins í skilningi skilmálans. Vísar V einnig til 16. gr. skilmálans þar sem segir að sá sem kröfu gerir í vátryggingu beri að sýna fram á tjónið og umfang þess. Það hefur M ekki gert. Við skoðun starfsmanna V þann 21. október 2021 hafi starfsmenn ekki greint neinn lagnaleka og fékk M þar af leiðandi svör frá V um að tjón af völdum leka, öðrum en lagnaleka, fengist ekki bætt úr tryggingunni. M upplýsti V ekki um meintan leka frá lögnum fyrr en eftir að lagnirnar höfðu verið fjarlægðar eða viðgerðar og búið var að steypa yfir þær aftur. Vegna þessa er ómögulegt að meta hvort tjónið varð vegna lagnaleka eða leka frá þaki eða af öðrum ástæðum.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort tjón á húseign M falli undir 1. gr. vátryggingarskilmála fasteignatryggingar M hjá V. Samkvæmt a-lið 1. gr. vátryggingarskilmálans greiðir vátryggingin bætur vegna skemmda á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennslislögnum hennar. Samkvæmt almennum sönnunarreglum vátryggingaréttar sbr. einnig 16. gr. þágildandi almennra skilmála V, ber þeim sem gerir kröfu um bætur úr vátryggingu að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Í málinu liggja fyrir ljósmyndir sem sýna fram á umfangsmiklar skemmdir á húseign M sem og myndir af skemmdum á lögninni. Það liggja hins vegar ekki fyrir neinar skýrslur eða matsgerðir sem sýna fram á það, hvort og þá hvaða tjón á húseign M, megi rekja til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr lögninni. M telur að V eigi að bera hallan af því að ekki liggi fyrir matsgerð eða óyggjandi sönnun á orsökum vatnstjónsins þar sem starfsmenn V hafi vanrækt tillitsskyldu sýna gagnvart M með því að upplýsa hann ekki um nauðsyn þess að afla matsgerðar til sönnunar á tjóni. Samkvæmt 12. gr. b í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 skal vátryggingafélag sjá til þess að tjónþoli fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til hans eru ákveðnar. Þegar metið er hvort og þá hvaða upplýsingar V bar að veita M um bótarétt sinn úr fasteignatryggingunni verður að líta til þess að M tilkynnti tjónið ekki skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti eins og 15. gr. þágildandi almennra vátryggingarskilmála V gera ráð fyrir. Kveðst M hafa átt nokkur samtöl við starfsmann V vegna tjónsins og vísar einnig til tölvupósts dags. 13. janúar 2021 þar sem fyrst og fremst var verið að fjalla um tjón í sumarbústað M. Starfsmaður V kveðst hafa átt óformlegt samtal við M vegna lekans þar sem hann upplýsti M um að tilkynna þyrfti tjónið formlega og að ekki færi fram skoðun á tjónum nema skrifleg tjónstilkynning berist. Einnig kveðst starfsmaður V hafa upplýst M um að tjón af völdum þakleka falli ekki undir fasteignatrygginguna. Virðist M ekki ýta frekar á eftir svörum frá V eða vegna lekatjónsins fyrr en í október 2021 en þá mættu starfsmenn V á staðinn og skoðuðu aðstæður og var það svo ekki fyrr en eftir þá heimsókn sem M opnaði vegginn sem lögnin lá í og sá þá þær skemmdir sem voru á lögninni. Hafði M ekki frumkvæði að því að kalla starfsmenn V á vettvang og gera þeim þannig möguleika á að skoða lögnina og þá mögulega endurskoða afstöðu sína til bótaskyldu. Hefur M auk þess ekki sýnt fram á það hvers vegna ekki var unnt að bíða með viðgerðir enda voru á þessum tíma liðnir meira en 10 mánuðir frá því M varð var við rakaskemmdir í eigninni. Verður þannig ekki talið að starfsmenn V hafi vanrækt

upplýsingaskyldu sína til M á þann hátt að sönnunarbyrði verði snúið við í málinu. Með vísan til alls ofangreinds verður þannig talið að M verði að bera hallan af sönnunarskorti í málinu og á hann því ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 358/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggðs X

Skaðabótaábyrgð. Verkframkvæmdir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 21. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir tjóni á bifreið sinni við akstur vegar milli Þorlákshafnar og Selfoss hinn 29. júní 2022. Unnið hafi verið að því af hálfu X að leggja olíuföl á veginn og ekki hafi verið viðvörunarskilti um hvað væri verið að vinna og hversu langur sá kafli væri, en hámarkshraði hafi verið 50 km/klst. M kveðst hafa mætt bifreið úr gagnstæðri átt og þá hafi steinar farið í framrúðu bifreiðar hans sem og á framenda bifreiðarinnar. Tjónið sé metið á 529.444 kr. og af málskoti má ráða að það hafi verið bætt úr kaskótryggingu bifreiðar M, en hann beri sjálfur kostnað vegna eigin áhættu og bónusmissis. Atvikið var tilkynnt til V 27. september 2022 og V óskaði eftir frekari upplýsingum hjá X 29. september 2022, en þá hafði X ekki áður borist tilkynning um tjónið.

M telur X bera ábyrgð á tjóni á bifreið sinni og vísar til þess að ekki hafi verið farið eftir gr. 4.1.1 í reglum Vegagerðarinnar um vinnusvæðamerkingar þar sem komi fram að gefa skuli upp lengd kafla í kílómetrum þar sem framkvæmdir eiga sér stað. M vísar til þess að ef hann hefði vitað að vegkaflinn hefði verið 29 km langur þá hefði hann aldrei ekið hann heldur farið aðra leið. M vísar til sakarreglunnar og dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur í fyrsta lagi að engin samtímagögn liggi fyrir sem staðfesta að tjón hafi orðið með þeim hætti sem lýst var í kröfubréfi lögmanns M til V hinn 27. september 2022. Einnig telur V að þó atvikið myndi teljast sannað hafi ekki verið sýnt fram á að tjón sé hægt að rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu X þar sem fyrirtækið hafi unnið eftir forskrift og útboðslýsingu Vegagerðarinnar og allar merkingar á framkvæmdasvæði hafi verið í samræmi við þær reglur sem Vegagerðin setji í útboðslýsingu sinni. Einnig bendir V á að lýsing M á tjóni sýni að það hafi orðið vegna grjótkasts frá annarri bifreið og því geti X ekki borið ábyrgð á.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um ábyrgð verktakafyrirtækisins X á tjóni á bifreið M þegar M kveðst hafa ekið henni hinn 29. júní 2022 um kafla vegar þar sem framkvæmdir áttu sér stað á vegum X. Í gögnum málsins kemur fram að engin samtímagögn liggi fyrir sem staðfesta að umrætt atvik átti sér stað hinn 29. júní 2022. Einnig kemur fram í málskoti að M vísar til þess að grjót hafi komið af bifreið sem hann var að mæta á veginum. Engar staðfestar upplýsingar liggja fyrir um að merkingar hafi ekki verið í samræmi við reglur Vegagerðarinnar á tjónsdegi þar sem fyrrnefnd samtímagögn liggja ekki fyrir um aðstæður á vettvangi. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M, en skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar ber þeim sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu sönnunarbyrðina um það. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V m.v. framlögð gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 359/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi á tímabilinu 8. ágúst 2012 til 27. febrúar 2018 leitað ítrekað til Y, heimilislæknis síns, starfsmanns X, vegna verkja í vinstra brjósti. Þrátt fyrir ítrekaðar komur hafi Y ekkert aðhafst fyrr en árið 2017, en þá hafi M verið komin með blóðuga útferð úr brjóstinu. Í maí 2017 sendi Y tilvísun á heilbrigðisstofnunina A sem leiddi ekkert sérstakt í ljós. M hafi leitað svo sjálf í sónar og ástungu í byrjun árs 2018, þar sem í ljós hafi komið að hún var með krabbamein í vinstra brjósti sem hafði verið að vaxa undanfarin 5-10 ár. Þurfti M í kjölfarið að undirgangast brjóstnám. Með tölvupósti dags. 11. febrúar 2018 gerði M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu X hjá V á grundvelli þess að uppgötva hefði mátt krabbameinið fyrr ef heimilislæknirinn Y hefði veitt henni fullnægjandi læknisþjónustu með fullnægjandi rannsóknum og eftirliti. V hafnaði bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X með bréfi dags. 19. febrúar 2021. M telur að Y hafi í fjölda ára veitt henni ófullnægjandi læknismeðferð vegna einkenna í vinstra brjósti. Hann hafi sent tilvísun í brjóstarannsókn árið 2012 og svo ekkert næstu árin þrátt fyrir að M væri áfram með einkenni í brjóstinu. Í júní 2017 sendi Y tilvísun á ný en boðaði M ekki til eftirlits þrátt fyrir að fullt tilefni væri til. Samkvæmt gögnum málsins hafði krabbameinið sem M greindist með árið 2018 grasserað í brjósti hennar í 5-10 ár skv. áliti Landlæknis og allan þann tíma leitaði hún ítrekað til Y með einkenni í brjóstinu. Þegar hann sendi hana í rannsóknir árin 2012 og 2017 án þess gera neitt frekar var krabbameinið því sannanlega til staðar. M byggir á því að bótaskylda sé til staðar úr sjúklingatryggingu X skv. lögum nr. 111/2000. Byggir M á 1. og 2. tölul. 2. gr. laganna og bendir á að sök er ekki skilyrði bótaábyrgðar samkvæmt lögunum, heldur aðeins að læknismeðferð hafi ekki verið eins og best var á kosið.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingu X og mótmælir því að Y hafi vangreint M og yfirsést að hún væri með krabbamein í vinstra brjósti. Vísar V til þess að M átti fjölmargar komur til Y á umræddu tímabili og gekkst undir fjölda rannsókna sérfræðinga í krabbameini og var niðurstaða þeirra allt þar til í byrjun árs 2018, neikvæð. Þeir sérfróðu aðilar sem M var vísað til af Y hafi ekki talið nauðsynlegt að boða M í eftirlit. Sjúkrasaga M og fjölmargar neikvæðar niðurstöður rannsókna, síðast sýnataka sem sýndi ekki æxlisvöxt gáfu ekki tilefni til frekara eftirlits af hálfu Y. Því er mótmælt að unnt hefði verið að greina meinið fyrr ef fullnægjandi læknisþjónusta með fullnægjandi rannsóknum og eftirliti hefði verið veitt. Y veitti fullnægjandi þjónustu í ljósi einkenna og niðurstaðna fjölmargra rannsókna sem lágu fyrir.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í þeirri grein laganna eru tilgreind að hvaða skilyrðum fullnægðum réttur til bóta stofnast úr sjúklingatryggingu. Þar segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M byggi kröfu sína á 1. tölul. 2. gr. laganna fremur en 2. tölul. þ.e. á vangreiningu og ófullnægjandi læknismeðferð heimilislæknis á tímabilinu frá 8. ágúst 2012 til og með 27. febrúar 2018. Ekkert hefur heldur komið fram samkvæmt gögnum málsins að tjón M megi rekja til bilunar eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður var við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Af því leiðir að bætur verða ekki reistar á 2. tölulið. Verður ekki vikið að 3. og 4. tölul. enda ekki vísað til þeirra töluliða í málskoti. Verður því hér vikið að því hvort skilyrði 1. tölul. 2. gr. séu uppfyllt. Í málinu liggur fyrir álit embættis landlæknis dags. 14. janúar 2021 vegna kvörtunar M til embættisins vegna meintra mistaka og/eða vanrækslu sem M telur sig hafa átt sér stað við veitingu heilbrigðisþjónustu tveggja aðila (A & B) sem falla undir eftirlit embættisins á árunum 2016-2018. Í álitinu er að finna umsögn óháðs sérfræðings, C sem komst að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða vanrækslu af hálfu sjúkrastofnunarinnar A vegna skorts á eftirfylgd eftir heimsókn M þann 12. júní 2017. Eðlilegt hefði verið að bjóða M eftirfylgd að 6 mánuðum liðnum með skoðun á brjóstinu og hugsanlega myndgreiningarrannsóknum ef skoðun gæfi tilefni til. Byggði landlæknir niðurstöðu sína á fyrrgreindu áliti C og komst að þeirri niðurstöðu að um vanrækslu af hálfu starfsfólks A hafi verið að ræða. Á grundvelli þessarar niðurstöðu gerði M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu A hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) sem, með bréfi dags. 30. júní 2022, hafnaði bótaskyldu úr tryggingunni á þeim grundvelli að ekki lægi fyrir bótaskylt tjón sem að öllum líkindum megi rekja til þátta sem falla undir gildissvið sjúklingatryggingar samkvæmt 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Taldi SÍ að mat á eftirfylgni hafi verið í höndum Y, læknis hjá X, sem var heimilislæknir M en ekki í höndum A. Það sé ekki hlutverk A að halda utan um alla þá einstaklinga sem greinast með hnút í brjósti og hafa eftirlit með þeim sjúklingum sem, eftir að hafa gengist undir viðeigandi rannsókn, eru taldir frískir. Samkvæmt þessu er ljóst að tveir opinberir aðilar, annars vegna embætti landlæknis sem byggir á áliti óháðs sérfræðings og svo hins vegar Sjúkratryggingar Íslands hafi komist að andstæðri niðurstöðu varðandi það hverjum hafi borið að halda utan um eftirfylgni eftir brjóstarannsókn M þann 12. júní 2017. Hefur að mati nefndarinnar ekki verið sýnt fram á það með fullnægjandi gögnum að heimilislækni M hafi borið að hafa sérstaka eftirfylgni eftir rannsókn þá sem M fór í þann 12. júní 2017 eða að koma hefði mátt hjá tjóni hefði slík eftirfylgni átt sér stað. Meðan svo háttar til er ekki fallist á að M hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni á grundvelli 1. tölul. 2. gr. vegna vanrækslu heimilislæknis á eftirfylgni eftir þá rannsókn. Fyrir þann tíma þ.e. á tímabilinu frá 8. ágúst 2012 til og með 27. febrúar 2017 átti M margar komur til heimilislæknis vegna ýmissa kvilla og þar á meðal vegna verkja í brjósti. Engin álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að Y hafi hagað læknisþjónustu sinni með ófullnægjandi hætti þannig að atvikið falli undir 1. tölul. 2. gr. laganna. Með vísan til þess og þeirrar staðreyndar að sérfræðingar á sviði brjóstakrabbameins greindu ekki krabbamein í brjósti M í rannsóknum sem framkvæmdar voru árin 2010, 2012, 2014 og 2017, verður því ekki talið að Y hefði getað hagað læknismeðferð sinni með öðrum hætti en hann gerði. Þannig verður ekki talið sannað að skilyrði 1. tölul. 2. gr. laganna séu uppfyllt þ.e. að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Af ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 360/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis A.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. október 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 17. september 2021 orðið fyrir meiðslum þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hans. Fram kemur að M hafi leitað til læknis samdægurs og kvartað undan verkjum í hálsi og baki. Þá hafi hann leitað reglulega til læknis og sjúkraþjálfara eftir slysið vegna viðvarandi verkja í hálshrygg og baki. V hafnaði bótaskyldu á grundvelli PC-crash skýrslu sem félagið lét gera og telur útilokað að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón í slysinu. M byggir á því að ljósmyndir sanni að um töluvert högg hafi verið að ræða sem hafi verið líklegt til að valda M varanlegu líkamstjóni. Þá byggir M á því að læknisfræðileg gögn málsins sýni að hann hafi hlotið áverka í slysinu og bendir M á að þótt ákomur á bifreið séu ekki stórkostlegar þurfi það ekki að endurspegla líkamstjón viðkomandi þar sem minniháttar ákoma geti orðið til mikils tjóns.

Í bréfi V kemur fram að V byggi á því að orsakatengsl milli árekstursins og einkenna M séu ósönnuð og að M beri sönnunarbyrði þar um. Höggið af árekstrinum hafi verið mjög vægt eins og sjáist af myndum og PC-crash skýrslu. V telur lýsingar M á einkennum hans vegna slyssins vera mjög algeng án þess að slys hafi komið til og sérstaklega algeng hjá einstaklingum sem vinna erfiðisvinnu eins og í tilfelli M. Þá hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesti orsakatengsl milli umferðarslyssins og þeirra einkenna sem kærandi rekur til þess.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins 17. september 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið varanlegt líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggur fyrir að M leitaði á læknavaktina sama kvöld og slysið varð og kvartaði yfir verkjum í hnakka og hálsvöðvum. Þremur vikum síðar fer hann til læknis og lýsir vöðvaverkjum, spennuhöfuðverk og skertu álagsþoli. Þá segist hann ráða illa við vinnu sína eftir slysið. Í vottorði heimilislæknis kemur fram að þegar M hafi fyrst komið til hans eftir slysið hafi hann verið slæmur af verkjum og gangi illa að höndla starf sitt. Þá hafi hann svefntruflanir vegna stífleika og verkja og hafi hann ekki getað farið á körfuboltaæfingu eftir slysið. Þegar M hafi komið til hans í apríl 2022 hafi M enn verið slæmur í baki, herðum og hálsi og svefntruflanir séu enn að valda honum ama. Að öðru leyti virðist ekki hafa verið eftirstöðvar af öðrum áverkum. Í málinu kemur ekki fram mat um að einkenni M séu varanleg og ekki liggur fyrir heildstætt mat á áhrifum árekstursins á M frá bæklunarlækni eða hæfum og óvilhöllum aðilum. Eins og þetta mál liggur fyrir virðist M glíma við tímabundnar afleiðingar slysins en ekki telst sannað að orsakatengsl séu á milli árekstursins og varanlegra einkenna M. Með vísan til þess er V ekki bótaskylt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 361/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 24. júní 2020, er hann var að störfum hjá X, orðið fyrir slysi. Atvik hafi verið þau að M varð fyrir raflosti er hann snerti kryddara og blöndunartromlu samtímis. M hafi verið að hreinsa krydd úr blöndunartromlu en við hlið hennar hafi verið kryddari sem skammti kryddi inn í tromluna. M hafi snert bæði tækin samtímis og fengið við það rafmagnsstuð sem olli því að hann missti meðvitund og féll í gólfið. Vegna tjóns sem hann rekur til þessa hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en V hafi, með bréfi dags. 3. nóvember 2021, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að verkstjóri og fyrirsvarsmenn X hafi ekki haft vitneskju um að kryddarinn leiddi út rafmagni svo og því að engin útskýring hafi fundist á rafmagnsbilun. M fellir sig ekki við þá afstöðu. Lögregla og Vinnueftirlit hafi verið kvödd á vettvang og samkvæmt takmarkaðri úttekt þess síðarnefnda hafi verið gerð athugasemd við öryggi fyrrgreindra tækja og öll vinna við þau bönnuð þar til þau hefðu verið yfirfarin og öryggi starfsfólks tryggt. Þá hafi verið gerð athugasemd við skort á áhættumati. Í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar komi þá fram að ekki hafi fundist bein skýring á orsökum slyssins en farið hafi verið fram á að löggiltur rafverktaki lagfærði raflagnir og yfirfæri vélbúnað. Í skýrslunni komi jafnframt fram að líklegast hafi bilun í kryddvélinni valdið raflosti M en lausataug hafi verið sprungin á nokkrum stöðum og sést inn í leiðara. Eftir slys M hafi verið framkvæmdar úrbætur sem fólust í viðgerðum á rafmagnstöflu, endurnýjun á köplum, endurnýjun á rafmagni í vélinni sem slysið varð við og endurnýjun á mótor vegna athugasemda Vinnueftirlitsins. Fyrirliggjandi séu þá skýrslur vitna fyrir héraðsdómi og staðfesti þær að rafmagnsvandamál í kryddaranum hafi verið þekkt innan X fyrir slysið. Aðrir starfsmenn hafi fengið raflost frá tækinu auk þess sem rafmagn hafi átt það til að slá út við notkun þess. Engar skriflegar verklagsreglur hafi þá legið fyrir vegna vinnu við tækin heldur hafi verið gefin munnleg fyrirmæli um að snerta þau ekki bæði samtímis. Ljóst sé að slys M verði rakið til vanbúnaðar kryddara og hættueiginleika hans sem vinnuveitandi hafi verið fullmeðvitaður um. Hafi V brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra með stoð í þeim með vanrækslu á því að tryggja nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum og að hægt væri að framkvæma störf þannig að ekki skapaðist hætta á heilsutjóni.

Í bréfi sem sent er af hálfu V til nefndarinnar kemur fram að V telji atvik í fyrsta lagi með öllu ósönnuð; í öðru lagi sé ósannað að eitthvað hafi verið athugavert við aðstæður á vinnustaðnum; í þriðja lagi að við mat á sök verði þá að hafa í huga stöðu M sjálfs; og í fjórða lagi, hafi um annað borð verið um bótaskylt atvik að ræða, að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Hvað varði fyrsta atriðið þá hafi M lýst atvikum svo fyrir lögreglu að hann hafi verið að þrífa tromluna en notað of lítinn pappír og því fengið raflost. Hafi hann verið fastur við tromluna þar til náðist að „rífa“ hann af henni. Frásögn M í tilkynningum til V og sjúkratrygginga sé á nokkuð annan veg en þar komi fram að hann hafi verið að þrífa krydd úr stáltromlu, lagt vinstri hönd á tromluna og farið með hægri hönd eða fingur í kryddvélina. Við það hafi hendur hans fests við vélarnar vegna rafmagnsleka úr kryddvélinni. Engin vitni hafi verið að atvikinu sem slíku, heldur aðeins því að M lá í gólfinu. Því sé því mótmælt af hálfu V að M hafi fengið rafstraum, engin sönnun liggi fyrir varðandi það og aðeins sé til að dreifa einhliða frásögn M um orsakir þess að hann lá á gólfinu. Sönnunarbyrði um atvik hvíli á M og við rannsókn á vélinni hafi ekkert fundist sem bendi til þess að hún leiði út rafmagn eða hafi verið athugaverð að öðru leyti. Hvað varðar annað atriðið, þ.e. að ósannað sé að aðbúnaður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi er vísað til þess að vélbúnaður sá sem M segist hafa verið að vinna við hafi verið skoðaður og einangrunarmældur og ekkert hafi fundist við þá skoðun og engin einangrunarbilun mælst við prófun. Þá hafi umræddar vélar verið lengi í notkun án þess að sambærileg atvik hafi komið upp. Eigi fullyrðingar M um

rafmagnsútleiðslu því ekki við nein rök að styðjast. Það að vélbúnaður sé orðinn gamall og farinn að láta á sjá jafngildi ekki vanbúnaði eða því að lagaáskilnaði sé ekki fullnægt. Viðhald sem ráðist hafi verið í sýni þá ekki fram á að sök hafi verið til staðar eða búnaður hafi verið bilaður eða ófullnægjandi að einhverju leyti. Þá er því alfarið hafnað að vitneskja hafi verið til staðar um að vélarnar leiddu út eða að kvartað hafi verið vegna ástands þeirra. Engin sönnun þess sé meðal málsgagna og vitni hafi lýst því fyrir héraðsdómi að hún kannist ekki við neitt slíkt. Með öllu sé ósannað að eitthvað tengt vélunum hafi leitt til þess að M féll í gólfið og liggi ekkert fyrir um orsök þess. Skortur á skriflegu áhættumati skipti þá engu máli hvað meinta sök X vegna þessa atviks varði, enda hvorki sýnt fram á að tjón M hafi tengst vélunum eða að skriflegt áhættumat hefði breytt einhverju um atvik málsins. Hvað þriðja atriðið, þ.e. stöðu M sjálfs varðar, verði að hafa í huga að M hafi verið verkstjóri og beri því ákveðnar skyldur sem slíkur, sbr. 20.-23.gr. laga nr. 46/1980. Sé fallist á fullyrðingar M að um alþekkt vandamál hafi M því borið að hlutast sjálfum til um úrbætur en ekkert liggi fyrir um að það hafi verið gert. Sé um sök að ræða hvíli hún því á M sjálfum sem hafi vanrækt verkstjóraskyldur sínar. Hvað fjórða atriðið varðar sé það þá svo, þyki á annað borð sannað að slys M hafi atvikast með þeim hætti sem hann haldi fram, að skerða beri bótarétt hans að fullu, eða í öllu falli að mestu, með vísan til stórfellds gáleysis hans sjálfs, sbr. 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993. Sé fallist á frásögn M verði enda að miða við að M hafi snert báðar vélarnar samtímis þrátt fyrir að hafa vitneskju um þá hættu sem það hefði í för með sér.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M og er slík sönnun forsenda þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi.

Af gögnum málsins er nokkuð óljóst hvort sjónarvottar hafi orðið að tildrögum umrædds atviks. Í lögregluskýrslu, dags. 24. júní 2020, kemur fram að Y hafi orðið vitni að því sem gerðist og er haft eftir honum að vélin hafi verið neikvætt hlaðin meðan tromlan hafi verið jákvætt hlaðin sem leitt hafi til þess að M hafi fengið raflost við snertingu á tromlunni og síðan kastast í gólfið. Vitnaskýrsla var síðan tekin af Y fyrir héraðsdómi og er vitnisburður hans hvað varðar atvik málsins þar nokkuð óljósari en virðist þó mega ráða af honum að Y hafi heyrt öskur og M hafi dottið öskrandi á gólfið. Hann hafi þá virst vera í öndunar- og hjartastoppi. Skýrsla var jafnframt tekin af vitninu Z fyrir héraðsdómi og kemur þar fram að hún hafi heyrt í M, snúið sér við og séð að hann var búinn að sleppa tækjunum og á leiðinni að detta í gólfið. Í fyrirliggjandi tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 14. september 2020, kemur þá jafnframt fram að M hafi fengið raflost. Fulltrúi X skrifar undir tilkynninguna ásamt M en gerir þó fyrirvara um þennan lið tilkynningarinnar. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort M hafi haft vitneskju um umræddan fyrirvara, né verður ráðin af tilkynningunni nánari útlistun þess í hverju hann sé fólginn, en engin sjálfstæð frásögn eða yfirlýsing frá X liggur fyrir nefndinni. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem fyrir nefndinni liggja verður þá ekki séð annað en að gengið sé út frá því að um raflost hafi verið að ræða og eru ekki bornar brigður á þá frásögn M. Nefndin telur því nægilega sýnt fram á að M hafi fengið raflost umrætt sinn. Skiptir ekki máli í því samhengi þó í lögregluskýrslu sé haft eftir M að hann hafi notað of lítinn pappír við þrif og því fengið raflost, en í málskoti sé byggt á því að M hafi snert tromlu og blandara samtímis og það leitt til raflosts, en ekki verður talið slíkt ósamræmi í frásögn M að það dragi úr trúverðugleika þess að um raflost hafi verið að ræða. Verður því ekki fallist á málatilbúnað V hvað það varðar að atvikið sem slíkt sé ósannað.

Kemur þá til skoðunar hvort tjón það sem M varð fyrir verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð vegna. Í rannsóknarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkastofnunar, dags. 4. mars 2020, kemur fram að samkvæmt upplýsingum rekstraraðila sé talið fullvíst að kryddblöndunarvélin hafi leitt út. Þá kemur fram að vélbúnaðurinn sé orðinn nokkuð gamall og vegna framleiðslunnar setjist olíublandað loft á hann. Rafstrengir kryddblöndunarvélarinnar hafi verið orðnir harðir og á einum stað sjáist inn að leiðara. Þá voru gerðar athugasemdir við greinatöflu auk þess sem bilunarstraumsrofi (lekaliði) væri með of hátt málgildi bilunarstraums miðað við notkun. Í niðurstöðukafla segir að ekki hafi fundist bein skýring á orsökum slyssins við skoðun, sem fólst í sjónskoðun og einangrunarmælingu, en í myndatexta við ljósmynd af kryddvélinni segir þó að líklegast sé að bilun í vélinni eða lögn að henni hafi verið valdur að raflosti M. Var farið fram á að málgildi bilunarstraums yrði lækkað og að rafverktaki yrði fenginn til að lagfæra raflagnir, yfirfara vélbúnað og lagfæra einangrunarbilun. Tilmæli í takmarkaðrar úttektar Vinnueftirlitsins, dags. 26. júní 2020, voru þá sú að öll vinna við umrædd tæki væri bönnuð þar til þau

hefðu verið yfirfarin og öryggi starfsfólks tryggt og að gera skyldi skriflegt áhættumat um öryggi og heilbrigði. Í tölvupósti frá Vinnueftirlitinu, dags. 25. febrúar 2021, kemur þá fram að X hafi tilkynnt stofnuninni um úrbætur, m.a. með lýsingum á viðgerðum á rafmagnstöflu, endurnýjun á köplum, endurnýjun á rafmagni í umræddri vél og endurnýjun á mótor. Frekari upplýsingar eða skýrslur um þær úrbætur liggja ekki fyrir nefndinni. Í skýrslum vitnanna Y og Z fyrir héraðsdómi kemur þá fram að aðrir starfsmenn hafi orðið fyrir raflosti við sambærilegar aðstæður, þó ekki verið fullyrt um fjölda slíkra tilvika eða alvarleika þeirra. Þá kemur fram í máli beggja vitna að starfsfólk hafi verið varað við því að hafa hendurnar samtímis á báðum vélunum enda væri þá hætta á raflosti. Jafnframt má ráða af vitnisburði Z að vélin hafi slegið út rafmagni. Af öllu framangreindu er það mat nefndarinnar að einhvers konar bilun, jafnvel þó Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi ekki tekist að greina hana við þá skoðun sem fór fram af hálfu stofnunarinnar, í rafkerfi vélbúnaðar hafi valdið raflosti M. Þá er það jafnframt mat nefndarinnar að forsvarmenn X hafi haft vitneskju um að hætta á raflosti væri til staðar og ekki hafi verið brugðist við þeirri vitneskju með fullnægjandi hætti. Verður því að líta svo á að vitneskja um ófullnægjandi aðbúnað í skilningi laga nr. 46/1980 hafi verið til staðar af hálfu X. Verður samkvæmt framansögðu að telja nægilega sýnt fram á orsakatengsl milli athafnaleysis X að þessu leyti og líkamstjóns M.

Kemur þá til skoðunar hvort staða M sjálfs hjá X hafi áhrif á réttarstöðu hans. V byggir á því að M hafi gegnt stöðu verkstjóra og beri því ábyrgð á því að starfsskilyrði séu fullnægjandi hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980. Í tilkynningu um slysið til Vinnueftirlitsins kemur fram að M sé verkstj/verksmiðjustj. Engar frekari upplýsingar um hlutverk eða starfssvið hans, s.s. upplýsingar úr starfslýsingu eða skipuriti, er þó að finna í gögnum málsins, og bæði vitnin tilgreina annan aðila, Þ, sem verkstjóra sinn og yfirmann M. Er því, af gögnum málsins, ekki sýnt fram á að M hafi verið verkstjóri í skilningi 20. gr. laga nr. 46/1980. Kemur þetta atriði því ekki til frekari skoðunar.

Að endingu kemur til skoðunar hvort rétt sé að skerða bætur til M vegna meðábyrgðar hans, enda sé sýnt að hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í því að tjónsatburður varð, sbr. 1.mgr. 23.gr. a. skaðabótalaga. Samkvæmt framansögðu er byggt á því að M hafi fengið raflost sem rekja megi til vanbúnaðar á vinnustað hans, en ekki liggur annað fyrir en að M, eins og öðru starfsfólki hafi verið kunnugt um hættu á raflosti við tilteknar aðstæður. Burtséð frá því verður ekki litið svo á að í því að snerta tvær vélar sem standa nálægt hvor annarri samtímis felist stórkostlegt gáleysi. Þannig sé það afar líkleg atburðarás við starfið að slík snerting eigi sér stað án þess að það verði metið viðkomandi til stórkostlegs gáleysis enda þurfi þá mun meira að koma til.

Samkvæmt öllu framansögðu er því óskertur bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X til staðar.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 362/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Vextir.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. nóvember 2022 ásamt fylgiskölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram M hafi orðið fyrir slysi á ferðalagi í Austurríki hinn 12 febrúar 2018. Með matsgerð, dags. 22. apríl 2022, hafi afleiðingar slyssins verið metnar til 20% varanlegrar örorku. Í kjölfar þess hafi bótakrafa verið send V, sem hafi, með bréfi dags. 23. júní 2022, hafnað því að greiða vexti af kröfunni samkvæmt 1. mgr. 123. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Hafi rök félagsins verið þau að ekki hafi verið tilkynnt um tjón í greiðslukortatryggingu M og kortanúmer ekki gefið upp fyrr en 27. maí 2022, en þá hafi ekki verið liðnir tveir mánuðir frá því V fékk tilkynningu um vátryggingaratburð. M er ósammála þeirri afstöðu enda hafi tilkynning um slys hennar verið send V hinn 16. mars 2018 og 1. mgr. 123. gr. laga um vátryggingarsamninga sé skýr um það að vextir miðist við tvo mánuði frá því að tilkynning um vátryggingaratburð er send.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í tjónstilkynningu, dags. 16. mars 2018, hafi ekki verið hakað í reit fyrir kreditkort og ekkert kortanúmer gefið upp. M hafi verið með fjölskyldutryggingu hjá V, og hafi bætur verið greiddar úr þeirri vátryggingu. Hinn 27. maí 2022 hafi lögmaður M svo fyrst upplýst um að M hafi verið með greiðslukortatryggingu í gildi og í kjölfar þess, hinn 27. júní 2022, hafi verið greiddar bætur úr þeirri tryggingu. Það sé ljóst að upplýsingar um kortatryggingu M séu grundvallarforsenda þess að hægt sé að greiða út bætur og ekki hafi liðið tveir mánuðir frá því að allar nauðsynlegar upplýsingar lágu fyrir og þar til greiðsla fór fram.

Í viðbótarathugasemdum M eru fyrri röksemdir og kröfur áréttaðar og lýst þeirri afstöðu að V vaði í villu hvað varði túlkun sína á viðeigandi lagaákvæðum.

Álit.

Í 1. mgr. 123. gr. laga um vátryggingarsamninga segir: *Félagið skal greiða almenna vexti af bótum eða vátryggingarfjárhæð þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um vátryggingaratburð var send því.* Hins vegar segir svo í 3. mgr. 123.gr. að ef rétthafi bóta eða vátryggingarfjárhæðar vanrækir að veita upplýsingar eða afhenda gögn sem nefnd eru í 120. gr. laganna geti hann ekki krafist vaxta fyrir þann tíma sem líður vegna þess. Í 1. mgr. 120. gr. segir að sá sem hyggst hafa uppi kröfu gegn félaginu skuli veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til að geta metið ábyrgð sína og greitt út vátryggingarfjárhæðina.

Fyrirliggjandi er tjónstilkynning M til V, dags. 16. mars 2018, og byggir M á því að með vísan til áðurnefndrar 1. mgr. 123. gr. laga um vátryggingarsamninga eigi hún þá rétt á vöxtum af bótum úr greiðslukortatryggingu sinni frá 16. maí 2018. Í umræddri tjónstilkynningu er hægt að haka annars vegar við V (heiti vátryggingafélags) og hins vegar við kreditkort þar sem spurt er um tegund tryggingar. Aðeins er hakað við V. Þá er sérstaklega spurt um það á eyðublaði vegna tjónstilkynningar hvort umrædd ferð hafi verið greidd með kreditkorti. Sá dálkur er alveg óútfylltur af hálfu M. Fyrir liggur að M var með fjölskyldutryggingu í gildi hjá V og að bótagreiðslur úr þeirri vátryggingu hafa farið fram.

Þá liggur fyrir að í tölvupósti lögmanns M, dags. 27. maí 2022 til V segir m.a.: „Hún var með kort í […] banka, kortanúmer á að vera hjá ykkur. Það er […].“

Að mati nefndarinnar lá því ekki fyrir fyrr en með umræddum tölvupósti að M væri með greiðslukortatryggingu hjá V, enda ber tjónstilkynning hennar, dags. 16. mars 2018, það með sér að um kröfu úr annars konar vátryggingu sé að ræða. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður þá að telja að V hafi fyrst fengið vitneskju um kröfu M úr greiðslukortatryggingu með bréfi lögmanns hennar 27. maí 2022. Þó tilkynning um tjónið sem slíkt hafi vissulega borist mun fyrr verður þá að telja að

upplýsingar um hvaða vátryggingu sé um að ræða séu meðal þeirra upplýsinga sem eru vátryggingafélagi nauðsynlegar til að meta ábyrgð sína, sbr. 1. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga. Samkvæmt því, sbr. 3. mgr. 123. gr. sömu laga, á M því ekki rétt til vaxta af bótagreiðslu úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til vaxta af bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 363/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, móttekið 28. nóvember 2022.

Málsatvik.

M slasaðist við akstur bifreiðarinnar X er hann ók bifreiðinni út af Snæfellsvegi þann 9. október 2021. Samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslu varð slysið um klukkan 9 að kvöldi, gott veður var á svæðinu, þurr vegur og heiðskírt en mjög dimmt. Hafði bifreiðinni verið ekið hægra megin út af veginum og var hún á hjólunum allan tímann. M sem var ökumaður bifreiðarinnar kvartaði undan eymslum í baki. Kvaðst ökumaður hafa sofnað undir stýri og ekki vaknað fyrr en bifreiðin var komin út af veginum.

V hefur samþykkt bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vegna líkamstjóns M en skerðir bótarétt um þriðjung vegna stórkostlegs gáleysis þar sem M sofnaði undir stýri. M telur ákvörðun V um skerðingu bóta ekki réttmæta og telur sig eiga rétt til óskertra bóta úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar S. Engin frumgögn eða vitnisburður liggi fyrir sem sýni fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þann 9. október 2021. Þótt ljóst sé að M hafi sofnað undir stýri, sé ekkert sem bendi til þess að M hafi sýnt af sér gáleysi. Það komi hvorki fram í gögnum frá lögreglu eða í áverkavottorði læknis að M hafi verið illa upplagður eða vegna annarra atvika verið ráðlagt frá því að aka bifreið áður en slysið gerðist. Þá sé það fullljóst að M var hvorki undir áhrifum áfengis né lyfja við akstur bifreiðarinnar. Vísar M til ýmissa dóma og úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

V vísar til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem finna má heimild vátryggingafélagsins til að lækka eða fella niður ábyrgð hafi vátryggður valdið því, af stórkostlegu gáleysi, að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella. Óvíst sé af hvaða ástæðu M sofnaði undir stýri en það liggi í augum uppi að fæstir sofna án þess að finna fyrir þreytu. Hefði M því átt með réttu að stöðva bifreiðina og leggja sig í t.d. 15 mínútur eins og mælt er með. Með þeirri háttsemi, að stöðva ekki bifreiðina þegar M fann fyrir þreytu, sýndi hann af sér stórkostlegt gáleysi og var hann þannig ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega sbr. 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Álit.

Þegar vátryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess, eins og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga kveður á um, sé fyrir hendi ber félagið sönnunarbyrði um að skilyrði þess ákvæðis sé uppfyllt. Þar segir: „Hafi vátryggður í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Hið sama á við ef vátryggður hefur af stórkostlegu gáleysi valdið því að vátryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum.“ V ber sönnunarbyrði um að háttsemi M við akstur X hinn 9. október 2021 hafi verið þannig að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Röksemdir V eru fyrst og fremst þær að M hafi hlotið að hafa fundið fyrir þreytu áður en slysið varð og því átt að stöðva bifreiðina og leggja sig. Ekkert í gögnum málsins sýnir fram á ástæðu þess að M sofnaði í umrætt sinn né að ástand hans að kvöldi 9. október 2021 hafi verið þannig að hann telst hafa verið ófær um að stjórna ökutækinu örugglega í skilningi 1. og 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Þannig er kominn upp vafi um hvort líkamlegt ástand M hafi verið með þeim hætti sem getið er um í fyrrgreindri lagagrein. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber V sem telst ekki hafa sýnt nægilega fram á að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur hinn 9. október 2021. M á því rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Niðurstaða.
M rétt á óskertum bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 364/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 4. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. desember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hjá X hinn 17. júlí 2021. Í málskoti er atvikum lýst svo að M hafi verið að stafla kössum, sem innihéldu fisk og ís, upp á vörubretti á athafnasvæði X þegar kassi féll skyndilega niður úr 1,7 metra hæð. M hafi reynt að grípa kassann, sem hafi verið um 24 kíló að þyngd, með hægri hendi og hafi það valdið því að slinkur eða högg kom á hendi hans og hann fékk áverka á vöðva og sin í tvíhöfða. Í tjónstilkynningu til V segir um tildrög atviksins að M hafi verið að raða kössum og „allt í einu rifnaði taug og skemmdi vöðva." Í læknisvottorði dags. 9. júlí 2022 segir þá, vegna komu M til læknis á slysdegi „Var að rétta einhverju upp fyrir haus og heyrir smell, strax verkir við það í biceps." V hafi, með bréfi dags. 28. júlí 2022, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að atvikalýsing í tjónstilkynningu og við komu til læknis á slysdegi hafi ekki verið með þeim hætti að félli undir skilgreiningu slysahugtaksins, þ.e. að utanaðkomandi atburður hafi valdið meiðslum M. M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að atvikalýsing í fyrrgreindum læknisfræðilegum gögnum hafi verið ónákvæm og þá hafi túlkur ekki verið viðstaddur. M hafi á síðari stigum aflað frekari gagna, s.s. framburðar vitnis að atvikinu og framburðar M með aðstoð túlks, sem sýni fram á að meiðsl M verði rakin til þess að kassinn féll úr stæðunni, sem sé vissulega skyndilegur utanaðkomandi atburður.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í skilmálum vátryggingarinnar sé slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður, sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannarlega án vilja hans. Er fyrri afstaða áréttuð og vísað til þess að sambærilega atvikalýsingu, án vísunar til utanaðkomandi atburðar, sé að finna í sjúkraskrá M vegna komu til læknis tveimur dögum eftir umrætt atvik, auk þess sem í gögnum málsins sé talað um áverka vegna langvarandi líkamlegrar vinnu. Ekkert í gögnum málsins bendi þá til þess að víkja eigi frá upprunalegri frásögn M um atvik og í framlögðum vitnisframburði komi ekkert fram um það af hverju M hafi orðið fyrir meiðslum.

Í viðbótarathugasemdum M er vísað til þess að samkvæmt læknisvottorði dags. 9. október 2022 komi ekkert fram í sjúkraskrá M varðandi áverka eða umkvartanir vegna einkenna frá hægri hendi og því sé ekkert sem bendi til þess að líkamstjón M verði rakið til innri áverka eða langvarandi líkamlegrar vinnu. Þá er því mótmælt að atvikalýsing M hafi breyst, hún hafi alltaf verið á sama veg. M sé hins vegar erlendur og tali afar takmarkaða ensku og því sé frásögn í sjúkraskrá takmörkuð og bjöguð. Tjónstilkynning til V sé þá byggð á frásögn í sjúkraskrá og þar af leiðandi sömu annmörkum háð. Ítarlegri upplýsingar liggi nú fyrir og sé einsýnt að tjón M verði rakið til slyss í skilningi vátryggingaréttar.

Álit.

Aðila greinir á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Telja verður að upphafleg lýsing M á atvikum eins og hún kemur fram í tjónstilkynningu og samtíma læknisfræðilegum gögnum uppfylli ekki þau skilyrði, enda er þar ekki minnst á að M hafi reynt að grípa kassa sem fallið hafði úr stæðunni. Almennt verður að byggja á samtímagögnum í málum af þessum toga en ekki er þó útilokað að nákvæmari og ítarlegri lýsingar geti komið fram síðar, ekki síst þegar tungumálaörðugleikar eru til staðar. Verður kröfu M því ekki hafnað þegar af þessari ástæðu heldur kemur til skoðunar hvort önnur gögn málsins styðji við atvikalýsingu eins og hún kemur fram í málskoti. Fyrirliggjandi er tilkynning til Sjúkratrygginga Íslands dags. 17. desember 2021 en þar er atvikum lýst svo á bls.1: „Tjónþoli var að stafla kössum á bretti sem

innihéldu fisk og ís. Þegar tjónþoli hafði náð að stafla upp í 1,7 m féll einn kassinn, hann reyndi að grípa kassann en við það gerðist slysið. Kassarnir voru 24 kg að þyngd.“ Tilkynningin er undirrituð af fulltrúa X og er ekkert sem bendir til þess að fyrirvari hafi verið gerður við umrædda atvikalýsingu þar. Þá liggur fyrir vitnisburður Y, dags. 6. ágúst 2021, samstarfsmanns M, þar sem fram kemur að vitnið hafi séð kassa detta af brettinu og á öxl M, sem hafi reynt að grípa hann. Á grundvelli þessa, svo og heildstæðri skoðun á gögnum málsins, er það mat nefndarinnar að nægilega sé sýnt fram á að líkamstjón M sé að rekja til fráviks frá hefðbundnu verkferli, þ.e. þess að kassi hafi fallið úr stæðunni sem M var að stafla kössum á. Er það því álit nefndarinnar að áverkar M verði raktir til skyndilegs utanaðkomandi atburðar, þ.e. slyss í skilningi viðeigandi skilmála.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 365/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Sönnun atviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 3. nóvember 2022, ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V2, dags. 21. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V1, dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð í Auðbrekku til móts við hús nr. 23 þann 1. október 2022. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu á vettvangi, heldur var fyrirtækinu Aðstoð & öryggi (A&Ö) falið að taka skýrslu af ökumönnum tveimur dögum síðar. Í ökutækjaskýrslu A&Ö er haft eftir ökumanni A að hún hafi verið að aka fram hjá bifreiðinni B þegar þeirri bifreið var ekið aftur á bak með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ökumaður B kveðst hafa stöðvað bifreið sína á götunni þar sem hann var að keyra út vörur. Hann hafi verið búinn að vera stopp í smá stund þegar ökumaður A sem ók mjög hratt, hafi ekið aftan á bifreiðina sína. Ágreiningur um sakarskiptingu var borinn undir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komast að þeirri niðurstöðu að sök eigi skiptast til helminga þar sem ósannað sé um stöðu ökutækja í aðdraganda áreksturs. M, sem var ökumaður bifreiðarinnar A, er ósátt við niðurstöðu tjónanefndar og telur að árekstur geti ekki hafa orðið með þeim hætti sem ökumaður B heldur fram.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi telur ljóst af gögnum málsins og þá sérstaklega myndum af vettvangi og af bifreiðunum í kjölfar áreksturs, að áreksturinn geti ekki hafa orðið með þeim hætti sem ökumaður B heldur fram. Skemmdir á bifreiðinni A séu á afturhorni sem fer ekki heim og saman við að bifreiðinni A hafi verið ekið aftan á B. V1 telur að árekstur hafi orðið með þeim hætti sem ökumaður A heldur fram og að gögn málsins sýni fram á það.

V2 telur að sök eigi að skipta til helminga milli ökumanna þar sem atvik í aðdraganda áreksturs séu ósönnuð.

Álit.

Af ofangreindu má ráða að töluverður ágreiningur er með aðilum hvað varðar atvik í aðdraganda áreksturs en enginn framburður vitna liggja fyrir um atvikið. Þannig heldur ökumaður A fram að bifreiðinni B hafi verið ekið aftur á bak á bifreið sína, og ökumaður B heldur því fram að bifreið sín hafi verið kyrrstæð þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreiðina. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, verður að telja að ekki sé unnt að leggja frásögn annars ökumanns til grundvallar umfram frásögn hins og verða atvik málsins því að teljast ósönnuð. Ekki er fallist á að orðalag ökumanns B um að ekið hafi verið aftan á bifreið hans sé beinlínis röng þó sú lýsing sé ónákvæm enda er tjón sannarlega á afturhluta bifreiðarinnar B. Með vísan til ofangreinds verður sök því, sbr. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, skipt til helminga enda ekki unnt að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 367/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)

Sönnun tjónsatviks.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti er atvikum lýst svo að hinn 21. febrúar 2020 hafi M orðið fyrir líkamstjóni vegna umferðarslyss. Atvik hafi nánar tiltekið verið þau að M hafi verið að hjóla eftir Rauðarárstíg í Reykjavík þegar hann mætti strætisvagni á hraðahindrun. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 26. janúar 2021 sé atvikum lýst svo að strætisvagninn hafi farið yfir á akrein M og við það hafi honum fipast, misst jafnvægið og dottið. Í lýsingu sem M hafi gefið á slysinu við komu á bráðamóttöku segi þá að hann hafi runnið til á hraðahindrun þegar honum fannst strætisvagninn þrengja að sér á götunni. V hafi, með tölvupósti, dags. 22. nóvember 2021, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið um að ræða ákomu milli bifreiðar og tjónþola auk þess sem um strætisvagn, sem auðvelt ætti að vera að hafa upp á hafi verið að ræða, en ekki óþekkt ökutæki. M fellir sig ekki við þau málalok. Ekki hafi verið unnt að ráða með vissu um hvaða ökutæki hafi verið að ræða, þrátt fyrir að samband hafi verið haft við rekstraraðila á umræddri strætisvagnaleið enda sé ekki fyllilega ljóst klukkan hvað atvikið átti sér stað, og sé ökutækið því óþekkt. Þá sé það ekki skilyrði bótaskyldu að um snertingu milli ökutækis og tjónþola hafi verið að ræða heldur þurfi aðeins að mega rekja tjónið til notkunar hins óþekkta ökutækis. M hafi sýnt fram á að svo hafi verið og sé bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi. Vísar M til fræðirita og fordæma máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að sú atburðarrás sem M byggi á í málskoti sé ósönnuð. Þannig hafi lögregla verið kölluð til vegna atviksins, en skýrsla hennar, dags. 3. apríl 2020, er fyrirliggjandi og hafi M aðeins tjáð lögreglu að hann hafi hrasað af hjólinu en ekki minnst á strætisvagn eða annað ökutæki. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins komi þá fram að umrædd hraðahindrun hafi verið frekar illa farin og óslétt. Gæti það allt eins hafa orsakað fall M af hjóli sínu. Engin snerting hafi verið milli M og ökutækis og þegar svo sé verði að gera ríkar kröfur til sönnunar þess að hreyfing tiltekins ökutækis hafi valdið slysinu og sú sönnun hvíli á tjónþola. Slík sönnun hafi ekki tekist enda verði niðurstaða ekki byggð á einhliða frásögn tjónþola.

Álit.

Mögulegur bótaréttur M vegna líkamstjóns byggir á 1. mgr. 15. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 en samkvæmt henni skal tjónsuppgjörsmiðstöð, þ.e. V, greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts ökutækis. Í ákvæðinu er hvergi fjallað um snertingu ökutækis og þess sem verður fyrir líkamstjóni heldur verður að líta til þess hvort ætla megi að líkamstjónið hafi „hlotist af notkun óþekkts ökutækis“. Það orðalag verður ekki túlkað svo þröngt að snerting þurfi að hafa átt sér stað. Eftir sem áður hvílir sönnunarbyrði þess að atvik hafi verið með þeim tiltekna hætti að tjón verði rakið til notkunar ökutækis á tjónþola, þ.e. M í þessu tilviki. Engin vitni voru að því þegar M féll í götuna, og í lögregluskýrslu, sem líta verður á sem frumgagn í málinu segir aðeins að M hafi hrasað af hjólinu, en ekkert er minnst á notkun annarra ökutækja sem þátt í þeirri atburðarás. Í sjúkraskrá M kemur fram, vegna komu hans á bráðamóttöku á slysdegi, sú lýsing á atvikum að hann hafi runnið til á hraðahindrun þegar honum fannst strætó þrengja að sér á götunni. Í tilkynningum til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga Íslands, sem sendar voru tæpu ári eftir slys M, koma fram sambærilegar lýsingar en auk þess segir í þeim að umrædd hraðahindrun hafi verið óslétt og illa farin. Eins og áður sagði var engum vitnum til að dreifa, atvikalýsingar eru samkvæmt framansögðu ekki fyllilega sambærilegar, og engar ljósmyndir eða nánari lýsingar á aðstæðum á vettvangi á slysdegi liggja fyrir nefndinni. Af heildstæðu mati á framangreindu hefur M, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til notkunar óþekkts ökutækis.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta frá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 368/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 29. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á gatnamótum þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreið M hinn 30. janúar 2022. Læknisfræðileg gögn málsins sýna að M leitaði á Læknavaktina daginn eftir áreksturinn og lýsti þar verkjum í mjóbaki. Einnig kemur fram í slíkum gögnum að M hafi leitað til læknis vegna bakverkja 10. febrúar, 12. apríl og 8. september 2022 og vottorð liggur fyrir um meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna bakverkja. Einnig kemur fram í sömu gögnum að M hafi ekki leitað til læknis vegna sambærilegra einkenna fyrir áreksturinn.

M telur sýnt með læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn 30. janúar 2022 og hann hafi enn einkenni vegna þess og þannig séu líkur á varanlegu líkamstjóni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til mynda af bifreiðunum eftir árekstur og að tjón hafi orðið lítið sem og PC-crash skýrslu dags. 22. febrúar 2022 þar sem höggkraftur er metinn vægur. V telur að einkenni M séu algeng án þess að slys hafi komið til og aðrar ástæður geti verið fyrir þeim en áreksturinn. Auk þess hafi M ekki aflað sér ítarlegs vottorðs bæklunarlæknis eða örorkumats sem staðfesti orsakatengsl.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að M leitaði til læknis vegna bakverkja daginn eftir árekstur þar sem ekið var aftan á bifreið sem hann ók hinn 30. janúar 2022. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. M hefur reglulega leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun og sótt sjúkraþjálfunarmeðferð vegna einkenna frá baki. Í læknisvottorði kemur auk þess fram að M hafi ekki leitað læknis áður vegna slíkra einkenna. Í ljósi þeirrar samfellu sem hefur verið í læknisvitjunum og meðferð M vegna bakverkja sem og að slík einkenni voru ekki þekkt áður hjá honum, sem og að tæpt ár er liðið frá árekstrinum, verður að telja nokkrar líkur á að M hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X, að því marki sem niðurstöður matsgerðar sýna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 369/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. nóvember, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í ökutækjaskýrslu frá Aðstoð & Öryggi (A&Ö) kemur fram að M hafi þann 7. október 2021 ekið bifreið sinni, A, utan í bifreiðina B er hún hugðist skipta um akrein á Vesturlandsvegi. Í málskoti kemur fram að M hafi farið samdægurs til læknis og kvartað undan verk í hægri öxl og doða frá hnakka niður í fingur. Var greiningin hálstognun, tognun á brjósthrygg og tognun á lendhrygg. Næst leitaði M til læknis þann 4. nóvember 2021 vegna verkja í hægri öxl, fram í bringu og greindist hún þá með rifbeinsbrot. V aflaði einhliða PC-crash skýrslu og hafnaði bótaskyldu vegna varanlegs heilsutjóns með vísan til þess að orsakatengsl væru ósönnuð. Mótmælir M þeirri niðurstöðu V að slys hennar sé ekki bótaskylt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda. Ljóst sé að M býr við afleiðingar vegna slyssins sem greiða ber bætur fyrir skv. ákvæðum skaðabótalaga. M hefur verið í samfelldri meðferð hjá sjúkraþjálfara frá slysdegi og ítrekað leitað til læknis auk þess sem M var fyrst um sinn óvinnufær vegna afleiðinga slyssins. PC-crash skýrslunnar var aflað einhliða af hálfu V og felur útreikningur forritsins á engan hátt í sér mat á líkamlegu ástandi M eftir slys.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem kærandi rekur til þess séu ósönnuð en M ber sönnunarbyrði um það atriði. Höggið af árekstrinum var mjög vægt eins og sést á myndum af bifreiðunum og PC-crash skýrslu dags. 7. nóvember 2021. Telur V ómögulegt að höggið af árekstrinum hafi getað valdið tognun á hálsi eða hægri öxl og því síður rifbroti. Meint rifbrot var ekki greint fyrr en mánuði eftir slysið og hefur ekki verið staðfest með myndrannsókn. Þá passar ekki að M hafi fengið högg á hægri hlið líkamans eins og hún hélt fram á hjá lækni á slysdegi en hún sat vinstra megin í bílnum, sömu megin og höggið kom á bílinn. M vinnur erfiðisvinnu sem matráður á leikskóla og verða einkenni hennar miklu fremur rakin til slits á líkamanum heldur en til umferðarslyssins. Í tölvupósti V dags. 19. nóvember 2021 kemur fram að V samþykki að greiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir slysi.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 7. október 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið fram hjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Í málinu liggja ekki fyrir heildstæð gögn um heilsufar M fyrir og eftir slysið, heldur læknisfræðileg gögn, þ.m.t. sjúkraskrá M fyrir tímabilið frá 7. júlí 2021 til og með 19. nóvember 2021. Þannig liggja ekki fyrir neinar upplýsinga um heilsufar M fyrir 7. júlí 2021. Þá liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. V hefur þegar samþykkt að endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu lækniskomu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem féll til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið og verður að telja miðað við gögn málsins að M eigi ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A vegna árekstursins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 370/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 5. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var þann 30. maí 2021 farþegi í bifreiðinni A sem verið var að bakka út úr bifreiðastæði við Nettó Granda þegar bifreiðinni B var bakkað á sama tíma og lentu þær á hvor annarri. M leitaði daginn eftir slysið á Læknavaktina og svo á Heilsugæsluna Lágmúla þann 22. júlí 2021 þar sem hún kvartaði undan verkjum í hægri öxl og hálsi. M hefur verið í sjúkraþjálfun og kveðst í dag vera óstarfhæf vegna afleiðinga slyssins. M tilkynnti um líkamstjón til V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 5. nóvember 2021. Þar kemur fram að V hafi aflað hraða- og höggútreiknings og að gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu. Telur M að gögnin beri með sér að hún hafi orðið fyrir tjóni í skilningi skaðabótalaga. Hraða- og höggkraftsútreiknings var aflað einhliða af V og hafi því ekkert sönnunargildi að lögum. Varhugavert sé því að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi slíkra gagna. Vísar M til ýmissa dóma og úrskurða nefndarinnar máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A. Afstaða V byggir á því að orsakatengsl milli umferðarslyssins þann 30. maí 2021 og einkenna sem M rekur til þess séu ósönnuð. Áreksturinn var mjög vægur og ekki til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum. Lýsingar M á einkennum sem hún rekur til slyssins eru mjög algeng án þess að slys hafi komið til og eru auk þess sömu einkenni og hún þjáðist af áður.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 30. maí 2021. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V og ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M leitaði á læknavaktina daginn eftir áreksturinn og kvartaði undan verkjum í hálsi auk þess sem hún var með höfuðverk og svima en það eru einkenni sem hún hafði haft áður. Svo var það ekki fyrr en þann 22. júlí 2021 sem M leitaði á heilsugæsluna og kvartar undan verk í hægri öxl auk þess sem hún var með vöðvabólgu í herðum og hálsi hægra megin. Niðurstaða myndgreiningar þann 8. nóvember 2021 sýndi slitbreytingar í hægri öxl. Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum hafði M fyrri sögu um verk í hægri öxl og bera gögn málsins ekki með sér hvort aukning hafi orðið á þeim einkennum við áreksturinn. Þá liggja ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila um líkamstjón af völdum þessa áreksturs. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hennar megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 30. maí 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 371/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 10. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. desember 2022, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M, dags. 6. janúar 2023.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M ásamt maka sínum (hér eftir X) keyptu golfferð til Spánar hinn 27. október 2021 með fyrirhugaðri brottför 8. apríl 2022. Hinn 14. febrúar 2022 gekkst X undir aðgerð og komust hvorki M né X í fyrirhugaða ferð í apríl vegna veikinda X. Í gögnum málsins liggja fyrir læknisvottorð dags. 31. mars 2022, 6. apríl 2022 og 31. maí 2022, sem og útfyllt eyðublað V vegna tjónstilkynningar læknis dags. 5. apríl 2022.

M hefur gert kröfu á X að greiddar séu bætur úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hennar vegna ferðakostnaðar hennar og X á grundvelli ákvæða í vátryggingarskilmálum um gildissvið vátryggingarinnar í gr. 7.1 og 7.1.1. M telur að hún eigi rétt á endurgreiðslu orlofsferðar fyrir sig og X og vísar til þess að X hafi greinst með hækkun á svokölluðu PSA fyrst á árinu 2014 og hafi við eftirlit fimm áður síðar greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli, eða í júlí árið 2019. Sú greining hafi hins vegar verið með þeim hætti að um hafi verið að ræða lágáhættusjúkdóm sem þýddi að engin meðferð átti sér stað vegna hans heldur virkt eftirlit. M lýsir því í málskoti að engar breytingar hafi verið á gildum sem eftirlit var með fram í lok árs 2021 en þá hafi verið hækkun á fyrrnefndum PSA gildum og í segulómun sem gerð hafi verið í kjölfarið hafi sést breytingar sem leiddu til þess að X var boðaður í viðtal hjá lækni í janúar 2022 sem síðan hafi leitt til aðgerðar í febrúar 2022. M bendir á að X hafi einungis verið í eftirliti vegna sjúkdómsins þegar þau keyptu þá ferð sem þau telja að forfallatrygging greiðslukortatryggingar V nái til, hann hafi stundað fulla vinnu, hafi ekki verið í læknismeðferð og hafi ferðast erlendis án þess að þjást af sjúkdómnum. M gerir athugasemdir við upplýsingar sem sendar voru af hálfu læknis til V með tjónstilkynningu dags. 5. apríl 2022 og telur að þar komi fram rangfærslur, m.a. að veikindi X hafi haft áhrif á dagsleg störf hans og að hann hafi verið í meðferð við veikindunum síðustu 12 mánuði og að meðferðin hafi hafist árið 2019. M vísar til læknisvottorðs þess þvagfæraskurðlæknis sem hafði með meðferð X að gera og dagsett er 31. maí 2022 og að þar komi ekki fram að X hafi þjáðst af sjúkdómi eða verið í meðferð vegna hans, í skilningi undanþáguákvæðis í gr. 7.2.1 í vátryggingarskilmálum V. M telur að það að fara í blóðprufur vegna eftirlits með tilteknum gildum í blóði geti hvorki falið í sér að þjást af sjúkdómi ná heldur að hafa notið læknishjálpar eða meðferðar við sjúkdómi. Orðið þjáning sé skv. íslenskri orðabók fyrst og fremst kvöl og sársauki og þannig hafið ekki staðið á hjá X þegar þau M keyptu þá ferð sem þau forfölluðust í. M telur ekki heldur að hann hafi gengist undir með ferð í skilningi læknisfræðinnar, þ.e. skv. íslenskri orðabók lækningaraðferð sem sé endurtekin aðgerð sem beitt er til lækningar. M telur að V hafi ekki sýnt fram á að þessi tvö skilyrði séu uppfyllt og geti því ekki beitt ákvæði gr. 7.2.1 í vátryggingarskilmálum.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til gr. 7.2.1 í vátryggingarskilmálum sem segir að félagið bæti ekki: *„Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði, óhefðbundin lækningameðferð. Jafnframt eru undanþegin sem stafa af því að tjón sem stafa af því að vátryggður gengst undir meðferð sem hann var á biðlista vegna þegar staðfestingargjald var greitt.“*
V vísar einnig til þess að í gr. 7.1.9 í sömu skilmálum komi fram að framvísa beri læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði félagsins. V telur að það hafi komi fram upplýsingar í slíku eyðublaði félagsins dags. 5. apríl 2022 hafi komið fram upplýsingar um að X hafi þjáðst af krabbameini í blöðruhálskirtli þegar ferð hans og M hafi verið keypt, en hann hafi greinst með þann sjúkdóm á árinu 2019. Þá hafi

hafist virkt eftirlit skv. vinnuleiðbeiningum og í því felist meðferð í skilningi gr. 7.2.1 í vátryggingarskilmálum V. V vísar auk þess til að skv. íslenskum málskilningi þýði það að þjást af krabbameini að vera með krabbamein.

Álit.

Ágreiningur er um hvort M og X eigi rétt til greiðslu bóta úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V. Í gr. 1.2 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að vátryggingin nái bæði til korthafa og maka og ekki er af gögnum málsins að skilja að ágreiningur sé um að bæði M og X séu vátryggð. Réttur til bóta úr forfallatryggingu er tiltekinn til vátryggðs í gr. 7.1 í sömu skilmálum og í gr. 7.1.1 segir að ferðakostnaður greiðist m.a. ef veikindi hins vátryggða koma í veg fyrir að hann geti ferðast. Í gr. 7.1.2 kemur síðan fram að vátryggingin taki m.a. til þess ef vátryggður getur ekki ferðast vegna þess að náinn ættingi veikist alvarlega. Verður að líta svo á að X geti byggt rétt sinn á gr. 7.1.1, í ljósi þess að það voru hans veikindi sem komi í veg fyrir að hann gæti ferðast en M geti byggt ekki byggt rétt sinn á því ákvæði, þar sem hún veiktist ekki sjálf, heldur á gr. 7.1.2 þar sem fjallað er um að náinn ættingi veikist alvarlega.

Í gr. 7.2 eru tilgreind ýmis tilvik sem leiða til takmörkunar á bótaskyldu úr forfallatryggingunni. Þannig kemur fram samkvæmt gr. 7.2.1 að félagið bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt. Samkvæmt þessu undanþáguákvæði þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt svo félagið geti borið það fyrir sig. Annars vegar að vátryggður hafi þjáðst af veikindum og sjúkdómi á greiðsludegi staðfestingargjaldsins og hins vegar að hann hafi á sama tíma verið í meðferð vegna viðkomandi veikinda eða sjúkdóms. V ber sönnunarbyrði um að þessi tvö skilyrði séu uppfyllt. Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki talið óyggjandi að sjúkdómur sá sem X greindist með í júlí 2019 hafi haft þannig áhrif á heilsufar hans að hann hafi þjáðst af honum og verið í meðferð vegna hans eins og skilyrði í fyrrnefndu undanþáguákvæði kveður á um á síðustu sex mánuðum fyrir kaup á ferð hans og X. Í því samhengi verður að benda á að ekki liggur með skýrum hætti fyrir hvort og þá hvenær M leitaði til læknis á því sex mánaða tímabili og verður V að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Hvað mögulegan rétt M til greiðslu bóta úr forfallatryggingu á grundvelli gr. 7.1.2 verður ekki séð af gögnum málsins að veikindi X, eiginmanns hennar og náins ættingja þar með, hafi falið í sér alvarleg veikindi í skilningi ákvæðisins. Þannig verður bótaréttur M vegna greiðslu ferðakostnaðar hennar ekki leiddur af vátryggingarskilmálum V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta vegna ferðakostnaðar X, eiginmanns síns, úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar hjá V en á ekki rétt á bótum vegna eigin ferðakostnaðar.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 372/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis: A

Miskabætur skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 31. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að faðir M, X, hafi látist er rafmagnsbifhjólinu A var ekið á hann þar sem hann var á ferð á rafskútu eftir hjólastíg við Sæbraut í Reykjavík að morgni hins 10. nóvember 2021. Á grundvelli þess geri M, með vísan til 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en þar segi að þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars megi gera að greiða maka, börnum og foreldrum hins látna miskabætur, kröfu um greiðslu miskabóta úr ábyrgðartryggingu A. V hafi, með bréfi dags. 6. október 2021, hafnað kröfu hennar. M byggir á því að það hafi verið stórkostlegt gáleysi af hálfu ökumanns A að aka rafmagnsbifhjóli sínu, sem sé hannað til allt að 45 kílómetra akstursrhaða á klukkustund og því létt bifhjól í flokki II, eftir hjólastig þar sem umferð slíkra farartækja sé óheimil samkvæmt ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019. Hafi ökumanni A átt að vera, eða mátt vera, ljóst að ólögleg ferð hans um hjólastíg gæti skapað hættu fyrir leyfilega umferð, ekki síst við þær aðstæður sem uppi voru á slysdegi, þ.e. myrkur, blautt malbik og engin lýsing. Hafi ólögmæt ferð ökumanns A um stíginn skapað þær aðstæður sem leiddu til banaslyssins. Í rökstuðningi V fyrir höfnun sé þá byggt á því að báðir aðilar hafi reynt að afstýra árekstri, og báðir sveigt í sömu átt, með þeim afleiðingum að árekstur varð á grasflöt milli hjólastígsins og göngustígs sem liggur nær sjónum. Þessum málflutningi er mótmælt af hálfu M enda sé ekkert í gögnum málsins sem styðji við þessa atvikalýsingu. Því sé þá haldið fram af hálfu M að X hafi verið á rafskútu hægra megin á hjólastígnum með aksturssstefnu til austurs, þegar hann mætti A skyndilega sömu megin, þ.e. röngu megin miðað við aksturssstefnu A sem var til vesturs. Hafi X því sveigt til vinstri, til norðurs, til að forða árekstri, en á sama tíma hafi ökumaður A sveigt til hægri til að koma sér yfir á réttan helming miðað við aksturssstefnu. Jafnvel þó A hefði reynt að afstýra árekstri, eins og haldið sé fram af hálfu V, breyti það þá engu um þær varasömu aðstæður sem vera hans á hjólastígnum hafi skapað.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji fyrirliggjandi gögn ekki renna stoðum undir það að ökumaður A hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi í skilningi 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þá er þeirri lýsingu sem fram komi í málskoti um að A hafi verið ekið öfugu megin á reiðhjólastígnum umrætt sinn, þ.e. sömu megin og rafskúta X var, hafnað sem ósannaðri. Það að rafmagnsbifhjólinu A hafi verið ekið eftir hjólastíg umrætt sinn þyki eitt og sér ekki sönnun þess að ökumaður þess hafi valdið slysinu af stórfelldu gáleysi og sé því þar af leiðandi hafnað að skilyrði 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt.

Álit.

Meðal gagna fyrir nefndinni eru lögregluskýrsla dags. 10. nóvember 2021, skýrsla tæknideildar lögreglu og skýrsla um bíltæknirannsókn á rafhlaupahjóli hins látna. Frekari gögn er varpað geti ljósi á tildrög slyssins liggja ekki fyrir, t.d. hvorki framburðarskýrsla af ökumanni A né skýrsla um bíltæknirannsókn á A. Þá virðast engin vitni hafa orðið að árekstrinum sjálfum, en þau vitni sem tilgreind eru í fyrirliggjandi lögregluskýrslu komu á vettvang eftir að slysið hafði átt sér stað. Af framangreindum gögnum verður ekki ráðið með vissu um háttsemi A og X í aðdraganda árekstursins, þó ljóst virðist að báðir aðilar hafi beygt til norðurs, og lent harkalega saman en ákomur voru á framendum beggja farartækja. Engin hemla- eða skriðför voru þá sjáanleg á vettvangi en ekki liggur heldur fyrir hver aksturshraði farartækjanna hvers um sig var í aðdraganda áreksturs þeirra. Samkvæmt skýrslu um bíltæknirannsókn á rafhlaupahjólinu var þá búið að aftengja hraðatakmörkun, þannig að hámarkshraði þess gat verið 51,2 kílómetrar á klukkustund en ekki 25 eins og upplýsingar framleiðanda gefa til kynna og þá voru hjólbarðar þess slitnir. Eins og áður segir liggur sambærileg skýrsla um A ekki fyrir nefndinni. Af framangreindum gögnum verður ekki talið að sýnt sé fram á að aksturslag A sem slíkt,

eða afstaða þess á hjólastígnum hafi orsakað umrætt slys og verður því ekki, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, byggt á því.

Óumdeilt er í málinu að ekki hafi verið heimilt að aka bifhjólinu A, léttu bifhjóli í flokki II, á umræddum hjólastíg. Hins vegar verður samkvæmt framansögðu ekki talið sýnt fram á að sú háttsemi hafi valdið dauða X. Þegar af þeirri ástæðu verður, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að telja að ekki sé sýnt fram á að skilyrði 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga fyrir greiðslu miskabóta séu uppfyllt en sönnunarbyrði þess hvílir á M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á miskabótum skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 373/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: S

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 30. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að ganga á gangstétt 26. júlí 2021, lent á skemmd með þeim afleiðingum að hún féll fram fyrir sig, lenti illa og axlarbrotnaði. M leggur fram myndir af gangstéttinni sem sýna skemmdir og telur að orsakir slyssins verði raktar til saknæmrar vanrækslu sveitarfélagsins á því að halda gangstéttinni ekki í forsvaranlegu horfi eða merkja misfelluna til að vekja athygli gangandi vegfaranda á henni.

V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að sveitarfélaginu hafi ekki verið kunnugt um að gangstéttin hafi verið í ólagi á þeim tíma þegar slysið varð. Því væri ósannað að starfsmenn sveitarfélagsins hefðu sýnt af sér vanrækslu eða aðra saknæma háttsemi er leitt gæti til bótaskyldu. Þá byggir V einnig á því að M hafi átt að sjá misfelluna í gangstéttinni þar sem slysið átti sér stað um hábjartan dag. V telur því að slysið verði rakið til óhappatilviks.

Álit.

Það liggur í máli þessu að misfella var á gangstétt þeirri sem M datt um þegar hún slasaðist. Það liggur einnig fyrir að gangstéttinn hafði verið þannig um langa hríð. Það er hins vegar ekki sannað að sveitarfélagið hafi haft vitneskju um misfelluna og því ósannað að starfsmenn þess hafi sýnt af sér vanrækslu eða saknæma háttsemi. Slysið gerðist að sumarlagi þegar bjart var úti og verður að telja að M hafi átt að sjá misfelluna sem var vel sýnileg á myndum sem liggja fyrir í málinu. Slys M verður því rakið til óhappatilviks og V er ekki bótaskylt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 374/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Gildissvið vatryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 8. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. nóvember 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti, fylgigögnum þess og viðbótarathugasemdum M kemur fram að hinn 26. febrúar 2020 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi verið að gera við svokallað tröpputæki, og verið að toga tröppu í því út þegar hann fékk slink á baugfingur. Í sjúkraskrá komi þá fram að hann hafi verið að toga með fingrum 3-4 þegar hann heyrði smell í baugfingri. V hafi, með bréfi dags. 28. október 2022, hafnað bótaskyldu vegna atviksins á grundvelli þess að atvikið uppfylli ekki hugtaksskilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar. M mótmælir því og byggir á því að tjón hans megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. Ekki sé sýnt fram á að veikleiki innan líkama M sjálfs hafi valdið tjóninu, heldur hafi utanaðkomandi atburður, þ.e. slinkurinn sem kom á fingur hans, valdið því. Það sé þá enda V sem beri að sýna fram á að meiðsl M verði rakin til innra ástands hans. Það að toga í hlut með þeim hætti sem M hafi gert hljóti að teljast utanaðkomandi atvik. Líkami vátryggðs þurfi þannig að verða fyrir áhrifum frá hlutum eða atvikum utan við hann svo um slys í skilningi vátryggingarskilmálanna sé að ræða en hins vegar sé nægilegt að líkami vátryggðs sé hið eina sem er á hreyfingu, eins og t.a.m. þegar um fall er að ræða og ekki sé gerð krafa um að slík óhöpp eigi sér einhverjar sérstakar skýringar. Tjónsorsökina sé í þessu tilviki sannarlega að finna utan líkama M og sé bótaskylda þar af leiðandi til staðar. Máli sínu til stuðnings vísar M til dómafordæma.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji ósannað að meiðsli M verði rakin skyndilegs utanaðkomandi atburðar en sönnunarbyrði þess hvíli samkvæmt almennum sönnunarreglum á M. Það að toga í tæki og fá við það slink teljist að mati félagsins ekki utanaðkomandi atburður og ekkert liggi fyrir um að frávik hafi orðið á þeirri atburðarás sem M hafi mátt vænta við verkið, að eitthvað hafi farið úrskeiðis við framkvæmd þess eða átakið skyndilega orðið meira en vænta mátti, en samkvæmt dómaframkvæmd verði einhver slík frávik að vera til staðar. Eins og atvikum sé lýst hafi ekkert utanaðkomandi leitt til tjóns M.

Álit.

Í 8. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs, og gerist sannanlega án vilja hans. Málsatvik virðast óumdeild, þ.e. að M hafi verið að toga í umrædda tröppu þegar eitthvað small í baugfingri, sbr. frásögn hans sjálfs við komu á heilsugæslu hinn 27. febrúar 2020. Er það og til samræmis við atvikalýsingu í fyrirliggjandi tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 8. júlí 2022, og tjónstilkynningu til V dags. 26. ágúst 2022. Verður ekki ráðið af þessari lýsingu eða öðrum fyrirliggjandi gögnum að einhver frávik hafi orðið við framkvæmd þessa verks, og liggur ekki annað fyrir en að um venjubundna framkvæmd hafi verið að ræða. Liggur því ekkert fyrir um að aðstæður hafi með einhverjum hætti haft áhrif á þá hreyfingu M að toga í tröppuna. Það að M fékk slink á baugfingurinn og eitthvað small í honum við þá hreyfingu að toga í tröppuna telst ekki til utanaðkomandi atburðar í sjálfu sér, enda verði þá að koma til einhvers konar utanaðkomandi frávik frá venjubundinni og eðlilegri atburðarás við framkvæmd hreyfingar. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðisins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 376/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni X, sem er í eigu M, var ekið um Úlfarsfellsveg þegar rafmagnshlaupahjóli var ekið inn á veginn og á bifreiðina, nánar tiltekið aftara dekki bifreiðarinnar. Af sameiginlegri tjónstilkynningu aðila kemur ekki fram í orðum hvernig tjónatvikið varð. Í henni er hins vegar teikning sem bendir til þess að bifreið M hafi verið á akbrautinni og rafmagnshlaupahjólinu hafi verið ekið inn á hana. Af frekari frásögn og ljósmyndum sýnist tjónsatvikið hafa orðið við hraðahindrun á veginum sem er rétt við þann hluta gangstéttar sem gert er ráð fyrir að gangandi og eftir atvikum hjólandi vegfarendur fari yfir veginn. Ekki eru þó hefðbundnar gangstéttarmerkingar á staðnum. Af sömu gögnum má ráða að eitthvað tjón hafi orðið á rafmagnshlaupahjólinu en framburður stjórnanda þess af atvikum liggur ekki fyrir í málinu. Í tölvupósti V til M dags. 28. október 2022 kemur fram að V hyggist *„..bæta tjón á ökutæki mótaðila“* og er það ítrekað í tölvupósti 7. nóvember 2022.

Í málskoti kemur fram að M telur að *„..ábyrgð tjóns sé þess aðila sem ók á bifreið málskotsaðila á rafmagnshlaupahjóli“* og að *„rafmagnshlaupahjól sé hluti af innbúi.“*

V segir í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 13. desember 2022 að það telji að stjórnandi rafhlaupahjólsins hafi sýnt gáleysi við akstur sinn inn á Úlfarsfellsveg og eigi, á grundvelli 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar X, en í umræddri grein kemur fram að bætur fyrir tjón á munum meig lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af gáleysi.V vísar til ýmissa ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings varðandi ætlað gáleysi stjórnanda rafhlaupahjólsins.

Álit.

Málatilbúnað M verður að skilja með hliðsjón af málskoti þannig að hún sé ósátt við þá afstöðu V að ætla að bæta tjón á rafmagnshlaupahjóli úr ábyrgðartryggingu hennar, m.v. þau svör sem hún fékk frá félaginu með tölvupósti dags. 28. október og 7. nóvember 2022 og að það sé sá ágreiningur sem hún ákvað að skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Það skýtur því aðeins skökku við þegar afstaða V, eins og gerð er grein fyrir henni í bréfi félagsins, dags. 13. desember 2022, að það eigi ekki að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu M vegna ætlaðs tjóns á rafmagnshlaupahjóli. Ef niðurstaða V hefði verið sú gagnvart M fyrr þá hefði M væntanlega ekki haft tilefni til málskots til nefndarinnar, en ekki kemur fram í gögnum málsins að nokkur vátrygging sé fyrir hendi hjá stjórnanda rafmagnshlaupahjólsins sem M hafi gert kröfu í.

Hvað varðar mögulegan ágreining um rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu M hjá V vegna ökutækisins X telur nefndin að sönnunarbyrði um gáleysi stjórnanda rafmagnshlaupahjólsins hvíli á V. Eins og áður segir liggur ekki fyrir sjálfstæð frásögn hans af atvikum og telst ekki ljóst hvort hann hafi farið út á veg vegna þess að hann hélt að M myndi stöðva við hraðahindrun og hleypa honum yfir eða önnur atriði sem geta haft áhrif á gáleysismatið. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V.

Niðurstaða.

Réttur til bóta vegna tjóns á rafmagnshlaupahjóli er til staðar úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 377/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Slysahugtak vátryggingaréttar. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 28. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína hinn 18. maí 2021 en atvik hafi verið þau að hann var að rúlla þungri heyrúllu af kerru þegar rúllan valt til baka að honum með þeim afleiðingum að hann sleit hásin við tilraun til að taka á móti henni. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr slysatryggingu launþega hjá V, en V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 15. nóvember 2021, með þeim rökum að ekki væri sýnt fram á að tjón M yrði rakið til slyss í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála. M er ósammála þeirri afstöðu og telur ljóst að það að rúllan hafi rúllað til baka að honum feli í sér skyndilegan utanaðkomandi atburð sem uppfylli því skilyrði slysahugtaksins. Þá beri áverkar hans með sér að um töluvert högg hafi verið að ræða. M hafi þá aldrei fengið sambærilega áverka áður.

Í bréfi V kemur fram að í tjónstilkynningu, dags. 26. júlí 2021, hafi M lýst atvikinu svo: „Var að taka rúllu af kerru til að gefa hrossum og við það slitnaði hásin.“ Í skilmálum vátryggingarinnar sé slys skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Fyrrgreind atvikalýsing bendi þá ekki til þess að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða en af dómaframkvæmd sé ljóst að meiðsli sem orsakast af því að lyfta þungum hlut teljist ekki slys í skilningi vátryggingaréttar. Miða verði við þá lýsingu sem fram komi í frumgögnum, þ.e. tjónstilkynningu, en ekki síðar til komna atvikalýsingu í málskoti sem hafi ekki verið sett fram fyrr en eftir að höfnun félagsins lá fyrir. Séu þá ekki fyrirliggjandi önnur gögn, s.s. lýsingar vitna eða læknisfræðileg gögn, sem staðfesti hina síðar til komnu atvikalýsingu. Samkvæmt framansögðu séu skilyrði slysahugtaksins ekki uppfyllt.

Álit.

Aðila greinir á um hvort umrætt atvik falli undir slysahugtak vátryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Telja verður að upphafleg lýsing M á atvikum í tjónstilkynningu uppfylli ekki þau skilyrði. Þó er ekki loku fyrir það skotið að nákvæmari og ítarlegri lýsingar geti komið fram síðar og verður kröfu M því ekki hafnað þegar af þeirri ástæðu heldur kemur til skoðunar hvort önnur gögn málsins styðji við atvikalýsingu eins og hún kemur fram í málskoti. Engin vitni virðast hafa orðið að atvikinu. Þá eru læknisfræðileg gögn af skornum skammti, en t.a.m. liggja ekki fyrir upplýsingar úr sjúkraskrá M, þ.á.m. um komu til læknis eða rannsóknir í kjölfar umrædds atviks. Í fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 3. júní 2021, kemur fram að M sé óvinnufær með öllu tímabilið 18. maí 2021 til 30. júlí 2021 vegna sjúkdóms. Í fyrirliggjandi sjúkradagpeningavottorði dags. 22. september 2021 segir þá að M sé óvinnufær tímabilið 16. júní 2021 til 3. janúar 2022 vegna aðgerðar vegna eldra hásinarslits. Kemur þannig ekkert fram í fyrirliggjandi læknisfræðilegum gögnum um tildrög þess að M sleit hásin, með hvaða hætti og hvenær það gerðist. Verður því ekki talið nægilega sýnt fram á að áverkar M verði raktir til slyss í skilningi skilmálanna og verður hann að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 378/2022
Nafn málskotsaðila (M):
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Stórkostlegt gáleysi. Miskabætur skv. 26. gr. skaðabótalaga.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 1. desember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 8. desember 2022, ásamt myndbandsupptöku.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 24. október 2018 er hann féll aftur fyrir sig niður brattan stiga á veitingarstað á Laugavegi, með þeim afleiðingum að hann skall harkalega með höfuðið í gólfið á jarðhæð og hlaut alvarlega áverka og mikið höfuðhögg. M býr við mikla þroskahömlun og þarfnast aðstoð við allar athafnir dagslegs lífs. Þegar slysið átti sér stað var M í umsjón stuðningsfulltrúa sambýlisins Y, þar sem M er íbúi. Fallist hefur verið á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X vegna slyssins og hafa afleiðingar slyssins verið metnar til 25 stiga miska í matsgerð S læknis dags. 20. október 2022. Í uppgjöri gerði M kröfu um greiðslu miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga að fjárhæð kr. 2.500.000 sem byggir á því að slysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. V hefur hafnað þeirri kröfu með tölvupósti dags. 28. október 2022. M telur að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis sem hafi m.a. falist í hegðun og ákvarðanatöku stuðningsfulltrúans sem sá um M hinn örlagaríka dag auk þess sem skortur á verkferlum, áhættumati og ýmsir vankantar sem sneri að umönnun M voru samverkandi þættir í því að slysið varð.

V telur að skilyrði fyrir beitingu heimildarákvæðis a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga séu ekki til staðar. Byggir afstaða félagsins á því að ekki hafi verið sýnt fram á að tjóninu hafi verið valdið með háttsemi sem telst til stórkostlegs gáleysis. Sönnunarbyrði um það hvílir á M og hafi sú sönnun ekki tekist. Ekki hafi verið lögð fram fullnægjandi gögn um hver raunveruleg færni M hafi verið. Einstaklingsbundin áætlun hafi verið gerð fyrir M og að starfsmaður X hafi í umræddri ferð hagað henni í samræmi við þau skriflegu fyrirmæli sem þar koma fram. Ekki hafi verið til staðar fyrirmæli um að nota hjólastól eða annan öryggisbúnað í styttri ferðum eins og þeirri sem farið var í á slysdegi. Ósannað sé að koma hefði mátt í veg fyrir slysið með notkun á stuðningsbelti og þannig séu orsakatengsl milli atviksins og þess að stuðningsbelti var ekki notað ósönnuð.

Álit.

Ekki er um það deilt að slys M er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu sem sveitarfélagið X hefur hjá V. Í málinu er ágreiningur um rétt M til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í því ákvæði kemur fram að heimilt sé að láta þann sem af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi veldur líkamstjóni greiða slíkar bætur. Svo krafa M verði tekin til greina þarf háttsemi starfsmanna X því að fela í sér veruleg frávik frá því sem eðlilegt má telja. Ítarleg gögn liggja fyrir í málinu og þar á meðal er úttekt og tillögur að úrbótum sem unnar voru af hálfu óháðs ráðgjafa í janúar 2019. Í málinu er einnig að finna stjórnsýslulega úttekt og niðurstöðu máls sveitarfélagsins X dags. 13. desember 2019. Með viðbótarathugasemdum frá M fylgdi einnig myndbandsupptaka sem sýnir færni M til gangs þó ekki sé að finna dagsetningu á myndbandsupptökunni þá má út frá öðrum gögnum málsins ályktа að færni M hafi á slysdegi verið sambærileg og myndbandið sýnir, þ.e. hann hafi þurft aðstoð við gang, noti oft stuðningsbelti og eftir atvikum hjólastól. Í stjórnsýslulegri úttekt dags. 13. desember 2019 er sérstaklega tekið fram að undirbúningur að opnun Y í júlí 2018 hafi ekki verið sem skyldi. Skort hafi á fræðslu og þjálfun nýrra starfsmanna og áhættumat ekki verið unnið. Eftir slysið hafi verið gerðar verulegar útbætur á skipulagi og rekstri Y sem eigi að tryggja að atvik af þessu tagi geti ekki gerst aftur. Í samantekt fyrrgreinds óháðs ráðgjafa dags. í janúar 2019 er fjallað um ýmsa þætti sem hann telur eðlilegt að horfa til þegar lagt er mat á mögulegar orsakir slyssins. Er þar helst að nefna að slysið gerðist í bröttum stiga sem M átti erfitt með að fara upp, ekki var notað stuðningsbelti eða hjólastóll, stuðningsfulltrúi sem falið var umsjón með M í umrætt sinn hafði fengið litla sem enga þjálfun í umsjón

með M, starfsþjálfun hans hafði einkum falist í því að vinna með öðrum starfsmönnum og læra af þeim í stað þess að fara á námskeið eða fá fræðsluefni. Auk þess var lítið til af verklagsreglum og öðrum skjölum í gæðakerfi X og við skoðun hjá Y vakti athygli ráðgjafans að ekki var til handbók og öryggis- og viðbragðsáætlun, áhættumat hafði ekki verið unnið og kröfulýsing var ekki til.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. gæðum þjónustunnar. Í 1. gr. laganna kemur fram að markmið þeirra sé að fatlað fólk eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Í 2. mgr. 1. gr. segir að þjónustuna skuli miða við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður viðkomandi, óskir og önnur atriði sem skipta máli. Af niðurstöðu fyrirliggjandi úttekta verður ekki annað ráðið en að stjórnendur Y, sem eru starfsmenn X, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að vanrækja það að sinna þjálfun starfsmanna á fullnægjandi hátt, gerð verklagsreglna, gerð gæðahandbóka og öryggis- og viðbragðsáætlunar. Þannig hafi stjórnendur Y falið ungum og óreyndum stuðningsfulltrúa umsjón með M án þess að hann hafi fengið til þess fullnægjandi þjálfun eða leiðbeiningar og án þess að fyrir lægju ítarlegar verklagsreglur. Þekkti stuðningsfulltrúinn lítið til M enda hafði hann eingöngu tvisvar áður verið til aðstoðar í umönnun hans og var þetta í fyrsta sinn sem honum var falin umsjón með M. Að mati nefndarinnar eru bein orsakatengsl milli þeirrar vanrækslu og slyss M þann 24. október 2018. Með vísan til alls ofangreinds er fallist á rétt M til miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 379/2022
Nafn málskotsaðila (M):
Nafn varnaraðila: V
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging fasteignasala.
Vátryggingartaki: X

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V dags. 8. desember 2022 ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
5. Bréf V dags. 21. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgiskjölum þess kemur fram að M telji sig eiga rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X þar sem hann hafi, við sölumeðferð á fasteigninni Y, vanrækt þær skyldur sem á honum hvíli samkvæmt lögum nr.70/2015 um sölu fasteigna og skipa. Gögn og greinargerðir frá M eru nokkuð umfangsmikil en í grófum dráttum er atburðarásinni lýst svo að með kaupsamningi dags. 20. desember 2021 hafi M fest kaup á fasteiginni Y. Við kynningu á eigninni hafi komið fram að hún væri mikið endurnýjuð og hefði fengið viðurkenningu fyrir vandaðar endurbætur á árinu 2016. Fljótlega eftir afhendingu hafi farið fram skoðun á Y í tengslum við gerð tilboðs í vátryggingaviðskipti. Hafi við þá skoðun komið fram að stigi milli 1. hæðar og kjallara Y uppfyllti ekki kröfur viðkomandi vátryggingafélags hvað gerð og umbúnað varðaði. Í kjölfarið hafi M aflað frekari gagna um eignina og þá hafi komið í ljós að tilteknar framkvæmdir við Y hafi aldrei verið tilkynntar til byggingarfulltrúa og því ekki verið samþykktar eða teknar út. Þær framkvæmdir sem M tiltaka í þessum efnum eru: Gerð fyrrnefnds stigaops; breyting á innra skipulagi í kjallara; breyting á votrými í kjallara; hjólageymsla í bakgarði; og niðurföll á lóð. Sé því um óleyfisframkvæmdir að ræða og sitji M uppi með kostnað vegna leyfisumsókna, svo og kostnað við að koma Y í fyrra horf fáist ekki leyfi fyrir umræddum framkvæmdum. Við skoðun á Y hafi M aldrei verið upplýst um að umræddar framkvæmdir hefðu ekki verið til samræmis við lög og reglur að þessu leyti, og hafi þau á þeim tíma ekki verið kunnug ákvæðum byggingarreglugerðar varðandi það hvaða framkvæmdir væru leyfisskyldar, né hafi þau haft þekkingu til að lesa úr teikningum og áttað sig á því að leyfisskyldar framkvæmdir væri ekki að finna í þeim. Við kynningu á Y hafi verið tilgreint tvisvar í söluyfirliti að veitt hefði verið viðurkenning fyrir vandaðar endurbætur á eigninni. Hefði X aflað sér upplýsinga um málið hefði hins vegar komið í ljós að viðurkenningin tók aðeins til endurbóta utanhúss, sem framkvæmdar hafi verið samkvæmt leyfi frá árinu 2009. Í söluyfirliti hafi þá ekki komið fram að ein geymslnanna í garði Y var byggð án tilskilins byggingarleyfis. M telja að X hafi borið að afla sér gagna um eignina, og kynna sér þau af eigin raun, og t.a.m. hafi honum borið að sækja samþykktar teikningar af Y og bera þær saman við upplýsingar seljenda um þær framkvæmdir sem þau hefðu ráðist í. Þá hafi komið fram í söluyfirliti að byggingarár Y væri 1924. Fljótlega eftir afhendingu hafi M hins vegar veitt athygli viðurkenningarskildi á vesturgafli hússins þar sem fram komi að byggingarár þess sé 1908, og sé húsið því aldursfriðað. Þessa hefði X átt að verða var er hann tók eignina til sölumeðferðar og afla upplýsinga um þetta misræmi. Við skoðun hafi M hins vegar ekki verið bent á skjöldinn, né hafi þau komið að húsinu vestan megin. Máli sínu til stuðnings vísa M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 70/2015.

Í bréfi V til nefndarinnar er tekið fram að skaðabótaábyrgð fasteignasala sé ekki hlutlæg heldur komi hún til á grundvelli sakarreglunnar. Óraunhæft sé að ætla að fasteignasali geti aflað heildstæðs yfirlits yfir endurbætur og breytingar á eldri fasteignum og verði ekki krafist sjálfstæðrar gagnaöflunar hans vegna hverrar einustu breytingar. Verði slík skylda þá ekki leidd af lögum nr. 70/2015. Þá er í svari V farið yfir einstaka þætti kröfu M. Hvað umræddan stiga varði hafi M, við skoðun sína á Y, átt að gera sér grein fyrir því að umræddur stigi var brattur og ekki barnvænn. Þar sem M hafi hugsað sér að skipta stiganum út á þeim grundvelli sé fjártjón þeirra óljóst, og því er þá alfarið hafnað að X hafi borið að ráðast í sjálfstæða skoðun á stiganum í því skyni að kanna hvort hann stæðist kröfur byggingarreglugerðar. Hvað varði innra skipulag í kjallara hafi, samkvæmt upplýsingum frá seljanda, ekki verið átt við burðarveggi og hafi engin gögn verið lögð fram sem sýni fram á áhrif breytingarinnar

á burðargetu. Sé því hafnað að X hafi mátt vera ljóst að um tilkynningar- eða leyfisskyldar framkvæmdir hafi verið að ræða eða að honum hafi borið að framkvæma sérstaka skoðun á því. Votrými í kjallara sé þá teiknað sem slíkt og verði X ekki metið það til sakar að hafa ekki gert sér grein fyrir breytingum á því. Hvað varði geymslu í garðinum þá hafi hún upphaflega verið útiskýli sem hafi verið lokað og sé auðfæranleg. Nágrannar hafi ekki gert athugasemdir vegna hennar og sé óljóst hvert tjón M, sem hafi fengið fleiri fermetra en tilgreindir voru vegna umræddrar geymslu, sé vegna þessa. Hvað varði niðurföll á lóð þá verði það ekki metið X til sakar að ekki hafi verið sótt um leyfi vegna breytinga á þeim og aftur sé óljóst hvert fjártjón M sé. Hvað varði kröfu M í heild liggi ekki fyrir matsgerð eða annars konar sönnun á tjóni þeirra og sé því óljóst í hverju það, eða sök X, felist. X hafi þá ekki haft neinar forsendur til að rengja það að byggingarár Y hafi verið hið sama og tilgreint var í fasteignaskrá. Hafi upplýsingar um eignina stafað frá seljendum og ekkert sem bendi til þess að X hafi borið að standa að frekari gagnaöflun. Hann hafi þá mátt treysta því að endurbætur sem sérstök viðurkenning hefði verið veitt vegna, hafi verið til samræmis við lög og reglur.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísa M til ríkrar sérfræðiábyrgðar fasteignasala og þess stranga sakarmats sem af henni leiði. Samkvæmt b.-lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skuli teikningar sem sýna fyrirkomulag innan húss fylgja með söluyfirliti. Engin slík teikning hafi legið fyrir og hafi X ekki kynnt sér hana. Þetta hafi leitt til þess að söluyfirlit hafi ekki gefið rétta mynd af eiginleikum Y og verið í andstöðu við opinberar upplýsingar um hana. Þá verði ekki séð að X hafi farið fram á staðfestingu á, eða frekari upplýsingar um, viðurkenninguna sem veitt var vegna endurbóta á Y, enda hefði hann þá komist að því til hvaða endurbóta viðurkenningin tók svo og því að byggingarár Y var ranglega tilgreint. Seljendur hafi þá látið X í té „framkvæmdablað“ þar sem taldar voru upp framkvæmdir við Y á árunum 2008-2020. Á grundvelli sérfræðiþekkingar sinnar hefði X átt að vera ljóst að sumar þeirra framkvæmda voru leyfisskyldar og hefði hann því átt að skoða hvort þeirra væri getið í nýjustu samþykktu teikningum af eigninni. X hafi því vanrækt að afla þeirra gagna sem honum bar og voru nauðsynleg til gerðar söluyfirlits sem samrýmdist lagaáskilnaði. Hvað varði geymsluna í bakgarði Y þá telji M ljóst, af svörum V til nefndarinnar, að samtal hafi átt sér stað milli X og seljenda um það mannvirki og hafi borið að upplýsa M um það í söluferlinu. Þá sé það fráleitt nægilegt til að gera tjón M vegna þessa kröfuliðar að engu að nágrannar hafi ekki kvartað, enda sé um leyfisskylda framkvæmd að ræða auk þess sem skrifleg heimild lóðarhafa aðliggjandi lóða sé áskilin. Því sé ljóst að kostnaður falli á M við að koma hjólageymslunni (eða fjarlægja hana ella) svo og öðrum óleyfisframkvæmdum í löglegt horf. Að endingu gerir M kröfu um að fá þóknun, eða umsýslugjald, fasteignasölunnar endurgreitt í ljósi brota X á starfsskyldum sínum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Í b-lið 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tiltekið að teikning er sýni fyrirkomulag innan húss skuli jafnframt vera fyrir hendi svo og lóðaruppdráttur sé hann til. Í 1. mgr. 12. gr. segir að fasteignasali skuli afla upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti, og skuli sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er en ástand eignarinnar, gerð hennar og búnað skuli hann kynna sér af eigin raun. Í 2. mgr. 12. gr. kemur svo fram að fasteignasali beri ábyrgð á því ef upplýsingar í söluyfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, enda sé um að kenna gáleysi hans eða þeirra er starfa í hans þágu. Í 13. gr. kemur þá fram að fasteignasali skuli við kynningu á eign gæta þess að upplýsingar og lýsingar á henni séu réttar og í sem bestu samræmi við eiginleika og ástand eignarinnar svo og að gæta skuli hófs í lýsingum á henni. Í 27. gr. laganna segir svo m.a. að fasteignasali beri ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valdi af ásetningi eða gáleysi og að um sakarmat og sönnun gildi reglur skaðabótaréttar. Um mat á sök fasteignasala gildir svo strangt sakarmat enda um að ræða útselda sérfræðiþjónustu.

Fyrirliggjandi er söluyfirlit vegna Y, dags. 30. nóvember 2021. Kemur þar í tvígang fram að veitt hafi verið viðurkenning vegna vandaðra endurbóta á fasteigninni. Er ekki tiltekið hvort um er að ræða framkvæmdir innan- eða utanhúss. Þá kemur fram í söluyfirliti að áhugasamir geti nálgast „framkvæmdablað“ frá seljendum. Fyrirliggjandi er umrætt framkvæmdablað seljenda, dags. nóvember 2021. Kemur þar m.a. fram lýsing á þeim framkvæmdum sem M telja að hafi verið framkvæmdar án tilskilinna leyfa. Segir þannig m.a. að kjallarinn hafi verið endurnýjaður frá grunni vorið 2010 og m.a.

hafi verið gert stigaop, að drenlagnir og klóak hafi verið endurnýjuð sumarið 2017 og að haustið 2017 hafi verið útbúin geymsla fyrir hjól á baklóðinni. Samkvæmt framlögðum tölvupósti byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 17. október 2022, eru umþrættar framkvæmdir, þ.e. opnun milli hæða, breyting á skipulagi með tilfærslu á burðarvegg, breyting á votrými, bygging geymsluskúrs, og gerð nýrra niðurfalla á lóð, leyfisskyldar, og liggja engin gögn fyrir af hálfu V sem sýni fram á annað. Þá virðist ágreiningslaust, sbr. m.a. framlagðan tölvupóst frá seljendum Y, dags. 17. júlí 2022, að engin gögn eða teikningar hafi verið lögð fram vegna endurbóta á kjallaranum. Komu umræddar framkvæmdir því ekki fram á þeim teikningum sem voru til staðar af Y er X tók hana til sölumeðferðar. Í ljósi sérfræðiþekkingar fasteignasala verður að ætla að X hafi mátt vera það ljóst er hann fékk framkvæmdablaðið í hendur að um leyfisskyldar framkvæmdir væri að einhverju leyti að ræða. Í ljósi þess og svo og þess að hægt er að nálgast teikningar rafrænt með lítilli fyrirhöfn, verður jafnframt að telja að X hafi við sölumeðferð borið að afla og hafa fyrirliggjandi teikningar af innra skipulagi Y, sbr. b.-lið 2. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015. Þá bar honum jafnframt að kynna sér þær teikningar, sbr. þá kröfu til vandaðra vinnubragða við gerð söluyfirlits og kynningu á eign sem leiðir af fyrrgreindum ákvæðum sömu laga. Verður að telja skyldu til framangreinds sérlega ríka þar sem í söluyfirliti var mikil áhersla lögð á endurbætur á húsinu og þær framkvæmdir sem þar hefðu átt sér stað. Hefði X skoðað fyrirliggjandi teikningar af Y hefði honum enda mátt vera ljóst að tilskilinna leyfa var ekki aflað fyrir umræddum framkvæmdum og þá jafnframt borið að upplýsa M um þá staðreynd, enda megi ætla að slíkar upplýsingar hefðu haft áhrif á það verð sem M voru reiðubúin að greiða vegna kaupanna.

Hvað varðar það að byggingarár Y hafi verið ranglega tilgreint í söluyfirliti verður þá ekki séð að sýnt hafi verið fram á fjártjón vegna þess, jafnvel þó meta mætti seljendum og fasteignasala það til ákveðins gáleysis að hafa ekki gætt þess að það hafi verið rétt tilgreint í söluyfirliti. Hefur því ekki verið sýnt fram á rétt til bóta hvað það atriði varðar.

Er það því, samkvæmt öllu framansögðu, mat nefndarinnar að X hafi sýnt af sér gáleysi við sölumeðferð á Y. Þá er að mati nefndarinnar fyrirséð að M verði fyrir fjártjóni vegna þess, þ.e. vegna þess kostnaðar sem ætla má að þau verði fyrir við að koma Y í það lögmæta horf sem þau máttu vænta þess að fasteignin væri í við kaupin. Þó nákvæmt fjártjón þeirra vegna þessa liggi ekki fyrir er það því mat nefndarinnar að bótaréttur sé til staðar samkvæmt framansögðu. Í því samhengi er rétt að benda á að ágreiningur er meðal aðila varðandi það hvort endurbætur á kjallara hafi falið í sér tilfærslu á burðarvegg og því er rétt að taka fram að réttur M til bóta takmarkast við þá vinnu sem nauðsynleg er til að afla tilskilinna leyfa, og/eða eftir atvikum koma Y í upprunalegt horf fáist slík leyfi ekki.

Rétt er að taka fram að það er mat nefndarinnar að krafa M um endurgreiðslu umsýslugjalds falli utan við verksvið hennar, enda sé ekki um að ræða kröfu um bætur vegna tjóns sem starfsábyrgðartrygging X tekur til. Kemur sá þáttur kröfu M því ekki til frekari skoðunar.

Niðurstaða.

M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V, að því marki er varðar fjártjón sem hlýst af því að afla leyfa fyrir framkvæmdum sem átt höfðu sér stað fyrir kaup þeirra á fasteigninni að Y.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 380/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Tilkynningarfrestur. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot móttekið 7. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 9. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 15. desember 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður fjórhjóls sem leigt var hjá tilteknu fyrirtæki hinn 4. júlí 2021 þegar hún slasaðist við að missa stjórn á fjórhjólinu. Í lögregluskýrslu kemur fram að M kveðst hafa verið að aka á eftir öðru fjórhjóli þegar hún missti sjónar á veginum um stund og áttaði sig ekki á því að hún væri að koma að brekku sem leiddi til þess að hún varð hrædd og missti stjórn á fjórhjólinu, ók utan í grjót og velti hjólinu og fékk það að hluta ofan á sig. Vitni voru að atvikinu og var M flutt á sjúkrahús í kjölfar atviksins. Gögn eru um læknisheimsóknir M í málinu og rannsóknir og tveimur dögum eftir atvikið var hún greind með tognun á háls-, brjóst- og lendhrygg sem og tognun á mjöðm og úlnlið. Í læknisfræðilegum gögnum er heimsóknum M til læknis lýst ásamt upplýsingum um að beiðni um sjúkraþjálfun hafi verið gefin út vegna sömu áverka 9. ágúst 2021, einnig liggur fyrir undirrituð beiðni um sjúkraþjálfun dagsett 18. október 2022 með tilvísun til tjónsatviksins, sem og skýrsla frá sjúkraþjálfara dags. 18. nóvember 2022. Líkamstjón M var tilkynnt til V með tjónstilkynningu dags. 28. október 2022.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda fjórhjólsins X og vísar í fyrsta lagi til þess að tjón M hafi ekki verið tilkynnt innan tilkynningarfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Í því samhengi vísar V til þess að M hafi eingöngu leitað til læknis strax eftir atvikið og ekki aftur eftir það vegna afleiðinga slyssins áður en það var tilkynnt til V 28. október 2022. Ekki liggi fyrir hver meðferð M hafi verið hjá sjúkraþjálfara eftir að beiðni hafi verið gefin út í slíka hinn 9. ágúst 2021. V telur að M hafi í síðasta lagi haft vitneskju um líkamstjón sitt þegar hún leitaði til læknis og fékk umrædda beiðni 9. ágúst 2021 og hafi ársfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga því verið liðinn þegar M tilkynnti V um tjón sitt og vísar til Hrd. 107/2009 varðandi það að slysatrygging ökumanns í skilningi þágildandi umferðarlaga sé persónutrygging skilningi laga um vátryggingarsamninga og þannig gildi 1. mgr. 124. gr. laganna um vátrygginguna. Í öðru lagi telur V að líkamstjón M hafi komið til vegna þess að hún hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur fjórhjólsins þar sem hún hafi ekið því án þess að hafa öðlast ökuréttindi. V vísar til þess að ekkert komi fram í gögnum málsins um að M hafi haft hæfni til aksturs án ökuréttinda og að það séu orsakatengsl milli þess að M hafi ekki öðlast ökuréttindi og þess að hún missti stjórn á fjórhjólinu í greint sinn. Þannig hafi M brotið gegn ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019 og að ekki skipti máli hvar M hafi ekið í greint sinn. Einnig vísar V til þess að M hafi brotið gegn varúðarreglu í gr. 4.1. í skilmálum félagsins um ökutækjatryggingu. V vísar til dóma og úrskurðaframvæmdar og telur hægt sé að takmarka ábyrgð félagsins að hálfu vegna stórkostlegs gáleysis með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

M vísar í málskoti til þess að V geti ekki beitt tilkynningarfresti þar sem um skaðatryggingu sé að ræða en ekki höfuðstólstryggingu. Einnig telur M að skoða verði heildarmynd varðandi slys hennar og vísar til ábyrgðar þess fyrirtækis sem leigði henni fjórhjólið sem hún var á þegar hún slasaðist og að hún hafi ekki verið að aka á vegi heldur vegslóða. Einnig vísar M til laga nr. 65/2015 um starfsábyrgðartryggingu leigusala og laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og dóms héraðsdóms í tíð eldri laga um slíkar ferðir. Einnig vísar M til þess að hún hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur og slys hennar hafi orðið vegna rykmökks frá ökutæki á undan henni og því hafi ekki verið orsakatengsl milli réttindaleysis hennar og slyssins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist hinn 4. júlí 2021 við akstur fjórhjóls. Beiðni um sjúkraþjálfun var gefin út vegna afleiðinga áverka sem M hlaut í slysinu hinn 9. ágúst 2021 og aftur í október 2022, auk þess sem meðferð sjúkraþjálfara er lýst í skýrslu dags. 18. nóvember 2022. Verður ekki af þeim gögnum talið sannað að M hafi vitað um atvik sem kröfur hennar um bætur vegna varanlegs líkamstjóns eru byggðar á meira en ári áður en tjón hennar var tilkynnt til V, hinn 28. október 2022. Er því ekki fallist á að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn, en hann gildir um umrædda vátryggingu þar sem hún er persónutrygging í skilningi laganna og hefur tilvísun lögmanns M til orðskýringa um höfuðstólstryggingu ekki þýðingu hvað það varðar.

Í málinu liggur einnig fyrir að M slasaðist við aksturs fjórhjólsins, sem hún leigði án þess að hafa ökuréttindi til að aka slíku hjóli, en ekki verður lagt til grundvallar að M hafi verið neydd til þess að aka fjórhjólinu í greint sinn. Viðbrögð M við ástæðum verður að telja beintengd við reynsluleysi hennar af akstri fjórhjóla og hefur möguleg háttsemi starfsmanna fjórhjólaleigunnar eða það hvort M ók á vegi eða vegslóða ekki bein áhrif á mat á stórkostlegu gáleysi hennar í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga, sem gilda um þá vátryggingu sem hún gerir kröfu um bætur úr hjá V. Mat á háttseminni tekur mið af því að M hafði ekki ökuréttindi til að aka fjórhjóli í greint sinn og í ljósi þess að slík ökutæki geta verið hættuleg telst stórkostlegt gáleysi af hennar hálfu að hafa ekið því auk þess sem hún braut gegn varúðarreglu ákvæðis vátryggingarskilmála í gr. 4.1. Orsakatengsl eru á milli réttindaleysis hennar og þess að slysið varð og var sök hennar nokkur í skilningi 1. mgr. 90. gr. fyrrnefndra laga auk þess sem hún fór gegn mikilvægri varúðarreglu. Verður því lagt til grundvallar að V geti takmarkað ábyrgð sína um helming (50%) af heildarlíkamstjóni M vegna slyssins 4. júlí 2021.

Niðurstaða.

M , á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega í eigin ökutækis ökutækisins X hjá V en bótaréttur hennar takmarkast við helming af heildartjóni hennar.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 381/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging

Bótafjárhæð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 15.11.2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 8.12.2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júní 2020 varð tjón á rúðu í stofu í fasteign M. Um var að ræða tjón á einni rúðu af fjórum samliggjandi rúðum. Tjónið var bótaskylt úr fasteignatryggingu hjá V. Skipt var um hina skemmdu rúðu um sumarið 2020 en M og V voru sammála um að mikill litamunur væri á nýju rúðunni og hinum þremur sem voru fyrir í fasteigninni. Féllst V því á að skipta rúðunni út að nýju. Í nóvember 2021 var rúðunni skipt út fyrir aðra og greiddi V fyrir rúðuskiptin. Það var hins vegar afstaða M að seinni rúðan væri enn gjörólík þeim rúðum sem fyrir voru í fasteigninni. V féllst á það með M að enn væri litamunur á glerjunum en hafnaði að greiða kostnað fyrir frekari skipti á rúðunni. Byggði höfnun á því að litamunurinn á gleri rúðanna myndi ekki rýra verð-og notagildi eignarinnar. M geta ekki fellt sig við að rúða sem var sett í stað skemmdrar rúðu sé allt öðruvísi að lit og ásýnd en þær rúður sem fyrir eru í húsinu. M telja tjónið hafa ekki verið fullbætt. Vísa M til 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og telja sig eiga fullan rétt á bótum fyrir fjártjón sitt. M byggja m.a. á því að þessi áberandi í litamunur sé ágalli á ásýnd eignarinnar sem rýri verðmæti fasteignarinnar. Aðal-og varakrafa M er sú að V greiði fyrir skipti á rúðugleri eða rúðuglerjum á efri hæð fasteignarinnar annað hvort með því að skipta um nýju rúðuna og setja í hennar stað rúðu sem svarar til þeirra rúða sem fyrir eru eða með því að skipta um þær eldri rúður sem fyrir eru þannig í stað þeirra verði settar nýjar rúður samsvarandi nýjustu rúðunni. Þrautavarakrafa M er sú að V verði gert skylt að greiða með beinum hætti fyrir þá verðrýrnun sem verður á fasteign M vegna þess að rúðuglerin á efri hæð hússins eru ekki með nokkrum hætti sambærileg að útliti. M leggja áherslu á að V hafi í tvígang viðurkennt að litamunur á rúðum réttlæti að fengin verði ný rúða í því skyni að bæta tjónið. V beri að fylgja viðurkenningunni eftir alla leið annað hvort með því að framkvæma fullnaðarviðgerð eða greiða fullar bætur. M byggja á því að það sé viðurkennd grundvallarregla í vátryggingarétti að vátryggður eigi rétt til bóta vegna muna, sem ekki hafa orðið fyrir tjóni, ef þeir standa í ákveðnu sambandi við þá muni sem hafa orðið fyrir tjóni og falla undir vátryggingu. Vísa M í þessu sambandi til úrskurða dönsku úrskurðarnefndarinnar í vátryggingamálum og úrskurðar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 400/2019. M mótmæla því að ákvæði skilmála fasteignatryggingarinnar um að undanskilið bótasviði séu skreytingar og annað afleitt tjón hafi þýðingu í málinu.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að bótasvið fasteignatryggingarinnar sé skilgreint í skilmála tryggingarinnar og þar komi m.a. fram að „Vátryggingin bætir jafnframt tjón á gleri í hinni vátryggðu húseign ef það brotnar en eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreypt eða því er annan hátt endanlega fyrir komið á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að vátryggja sérstaklega.“ Þá undanskilji skilmálinn tjón af völdum brots á gleri og annað afleitt tjón. V segir að M hafi kosið að félagið myndi annast rúðuskiptin og fá iðnaðarmenn í verkið sem V samþykkti. Starfsmenn verktakans hefðu borið prufur undir M sem völdu lit sem var næstur litnum á þeim rúðum sem voru til staðar í eigninni. Nákvæmlega sami litur á gleri og var á þeim rúðum og fyrir eru í fasteigninni var ekki fáanlegur hjá framleiðanda þrátt fyrir mikla leit. Starfsmaður verktakans hafi staðfest að raki væri inn í fasteigninni þar sem allar rúður „grétu“. Samkvæmt skilmála félagsins miðast tjónabætur við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem hafa skemmst eða eyðilagst. Miðað sé við að fjárhags-eða eignastaða vátryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir. V hafni því alfarið að munur á lit glerjanna rýri verð-og/eða notagildi eignarinnar enda sé slíkt undanþegið skilmálanum og þurfi að tryggja sérstaklega og að auki sé afleitt tjón undanþegið í skilmála fasteignatryggingar.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur á milli málsaðila um það hvort M hafi fengið fullar bætur úr fasteignatryggingu hjá V í kjölfar tjóns sem varð á gleri í glugga í fasteign M. Í þágildandi skilmálum fasteignatryggingar hjá V er kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur m.a. fram í grein 2.13. „Vátryggingin bætir jafnframt tjón á gleri í hinni vátryggðu húseign ef það brotnar en eingöngu eftir að það er ísett, inngreypt eða því er á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að vátryggja sérstaklega.“ Í greinum 2.13.1-2.13.5 er upptalning á því sem vátryggingin bætir ekki í tengslum við tjón á gleri. Í málinu er ekki deilt um bótaskyldu heldur ákvörðun bóta. Í 1. mgr. 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 segir „Sé ekki um annað samið í vátryggingarsamningi á vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt.“ Í 5. gr. Skilmála fasteignatryggingarinnar er fjallað um hvernig bætur eru ákveðnar en þar segir m.a. „Tjónsbætur samkvæmt þessari vátryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags-eða eignastaða vátryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.“ Í grein 5.3. segir m.a. „Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á hinni vátryggðu húseign. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu eða greiðir kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinu vátryggða.“ Loks er í grein 5.4 ákvæði um takmörkun á greiðsluskyldu V vegna tjóns á parketi. Frekari takmarkanir á greiðsluskyldu eru ekki tilteknar í skilmála tryggingarinnar.

Samkvæmt gögnum málsins og þá einkum fyrirliggjandi ljósmyndum af gluggum í stofu á efri hæð húss M verður ekki hjá því komist að líta svo á að gluggarnir fjórir myndi eina samfellda heild. Í málinu er ekki deilt um það að umrætt gler, sem verktakar frá V settu í gluggann í stað glersins sem brotnaði, er töluvert frábrugðið glerjunum sem eru í hinum þremur gluggunum. Við þessar aðstæður verður ekki litið svo á að fjárhags-eða eignastaða vátryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir nema að það séu eins gler í öllum fjórum umræddum gluggum. Sú staðreynd að heildarásýnd húseignarinnar er ekki sú sama eftir að skipt var um hið brotna gler hefur í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir M. Eins og orðalag 1. mgr. 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 ber með sér er heimilt að semja á annan veg en að vátryggður fá fullar bætur fyrir fjártjón sitt. V hefur hins vegar ekki takmarkað greiðsluskyldu sína í skilmála fasteignatryggingarinnar vegna tjóna sambærilegum þessu sem hér eru til umfjöllunar eins og félagið hefur t.d. gert vegna tjóna á parketi. Með vísan til alls framangreinds eiga M rétt á að annað hvort verði skipt um nýja glerið og í stað þess sett gler sem svarar til þeirra glerja sem fyrir eru í húseigninni eða skipt verði um þau þrjú eldri gler sem fyrir eru í umræddri gluggaröð þannig í stað þeirra verði sett ný gler samsvarandi nýjasta glerinu.

Niðurstaða.

M eiga rétt á frekari bótum vegna tjóns sem varð vegna brots á rúðu þann 12. júní 2020 úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 382/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka: X

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 11. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 15. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags 16. janúar 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 24. janúar 2023.
5. Myndband.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 4. nóvember 2021. Atvikum er lýst þannig í tjónstilkynningu M til V dags. 6. febrúar 2021 að M hafi slasast þegar hann var að tæma gám með þvottavélum á bílaplani við húsnæði X. Nánar tiltekið hafi hann misst tök á þvottavél sem hafi dottið framan/ofan á hann úr um 2 metra hæð þannig að hann hafi fengið hnykkáverka í mjóbak. Í gögnum málsins liggja fyrir skriflegar og undirritaðar yfirlýsingar frá samstarfsmönnum M dags. 13. og 14. október 2022 um að ekki hafi verið formlegar vinnureglur/verklagsreglur um hvernig ætti að tæma gáma með þvottavélum og öðrum tækjum. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 10. nóvember 2020 af hálfu M og 11. nóvember 2020 af hálfu V er atvikum þannig lýst að M hafi verið að losa gám og hann hafi misst 80 kg þvottavél á brjóstkassann úr 2 metra hæð þannig að hann hafi fengið hnykk á mjóbak. Tilkynning til Vinnueftirlitsins ber með sér að 9. nóvember 2020 hafi X verið tilkynnt um slys M og þar segir að hinn slasaði hafi verið að tæma gám með þvottavélum þegar hann skyndilega missti tak á einni vélinni og fær hana ofan á sig. Í þeirri tjónstilkynningu er starfsgrein M tiltekin sem „lagermaður og áfylling á hillur“.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyss hans og þannig eigi hann bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M vísar til þess að sönnun liggi fyrir um hvernig slys hans atvikaðist og hann hafi verið einn að flytja til þvottavélar þar sem heppilegra hefði verið að tveir væru við störf. Yfirlýsingar tveggja samstarfsmanna hans staðfesti hins vegar að engar verklagsreglur hafi verið um að tveir ættu að vinna umrætt verk, en þær hafi síðan verið settar eftir slys M hvað það varðar að nú verði tveir menn að taka efstu þvottavélina niður en ekki einn. Einnig vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og þannig eigi að leggja frásögn hans til grundvallar atvikum skv. dómaframkvæmd. M vísar til þess að aðstæður hafi verið þröngar þar sem hann var að taka þá þvottavél niður úr 2 metra hæð og þannig hafi hann ekki getað brugðist öðruvísi við þegar hann missti takið á þvottavélinni. M vísar til þess að X hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Vísar hann þar einkum til ákvæða 13.,21.-23., 37. og 42. gr. laganna. Einnig bendir M á að ekki hafi verið fyrir hendi á vinnustað X svokallaðir pressugafflar til að klemma utan um þvottavélarnar til að auðvelda flutning þeirra. Einnig telur M að verkstjórn hafi verið ábótavant.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar í fyrsta lagi til þess að M hafi verið ráðinn til starfa sem lagerstjóri hjá X og hafi þannig haft með hendi verkstjórn á vinnustaðnum í greint sinn. Það hafi því verið hans hlutverk að skipuleggja og stjórna vinnu í umrætt sinn sem og að breyta verklagi ef það var ekki nægilega öruggt í skilningi ákvæða laga nr. 46/1980. Einnig bendir V á að M hafi ekki lagt fram óvinnufærnisvottorð fyrr en 9. nóvember 2020 vegna slyssins og þann dag hafi það verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins og sé því ekki hægt að meta X það til sakar að hafa ekki tilkynnt fyrr. V bendir einnig á að myndband sem lagt hafi verið fram sýni ekki hvenær það var tekið upp.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M dags. 16. janúar 2023 koma m.a. fram mótmæli um að M hafi verið lagerstjóri á slysdegi og leggur áherslu á að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi og þannig hafi tilkynningarskylda X til Vinnueftirlitsins verið fyrir hendi. Önnur sjónarmið lögmanns M í þeim athugasemdum er fyrst og fremst ítrekun á þeim sjónarmiðum sem koma fram í málskoti.

V bendir síðan á í sínum viðbótarathugasemdum dags. 24. janúar 2023 að undirritaður ráðningarsamningur M og X dags. 18. júní 2020 feli í sér að hann hafi verið ráðinn til starfa sem lagerstjóri. Einnig bendir V á að yfirlýsingar samstarfsmanna M um verklag eða skort á reglum um slíkt séu dagsettar 2-3 árum eftir slysdag og séu því ekki samtímagagn.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur er um hvort í gildi hafi verið sérstakar verklagsreglur um hvernig átti að færa þvottavélar til á lager X og hvort M hafi haft sérstakt hlutverk við að móta slíkar reglur og hver staða hans var hjá X. Yfirlýsingar dagsettar tæpum 2 árum eftir slys M sýna að tveir samstarfsmenn M fullyrða að engar verklagsreglur hafi verið yfir hendi um hvernig ætti að færa umræddar þvottavélar til. V hefur ekki lagt fram gögn sem sýna annað og verður sönnunargildi umræddra yfirlýsinga ekki gert að engu þrátt fyrir að sá tími hafi liðið frá slysi M þar til að yfirlýsingar voru gerðar. Af almennum ákvæðum laga nr. 46/1980 verður ekki annað ráðið en að X hafi haft skyldur til að tryggja öryggi og góðs aðbúnaðar á vinnustað. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir um framkvæmd þess verks sem M hafði með höndum á slysdegi verður að meta það X til sakar að hafa ekki haft skýrar verklagsreglur um hvernig ætti að flytja þvottavélar til úr tiltekinni hæð, en af tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dagsett og undirrituð 11. nóvember 2020 af hálfu X kemur fram að M hafi verið að færa þvottavél úr 2 metra hæð. Það stendur X nær að leggja fram gögn um hvernig verklagi er háttað á vinnustaðnum og getur ekki vísað til almennra skyldna lagerstjóra um almennt skipulag vinnu til að komast hjá því. Hvað varðar stöðu M sem lagerstjóra verður ekki ráðið af gögnum sem liggja fyrir í málinu að M hafi haft þær sérstöku skyldur að útbúa verklagsreglur vegna þessara sérstöku aðstæðna og verður einnig að telja að það standi X nær að sýna fram á það. Að þessu sögðu verður að telja að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M þar sem ekki sé sýnt að skipulag vinnunnar hafi verið fullnægjandi af hálfu X. Hvað varðar háttsemi M sjálfs telst hún ekki fela í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 og verða bætur til hans því ekki takmarkaðar vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 383/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Greiðslukortatrygging.

Gildissvið vátryggingar. Túlkun vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 16. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. desember 2022 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 13. desember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 15. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að veski í eigu M hafi verið stolið, og virðist ekki deilt um að bótaskylda úr greiðslukortatryggingu M hjá V sé fyrir hendi. Aðila greinir hins vegar á um hvort bætur skuli greiddar vegna tvennra sólgleraugna sem í veskinu voru. Samkvæmt tölvupósti V til M, dags. 25. október 2022, byggir V á gr. 5.2.8 í viðeigandi skilmálum en þar komi fram að tjón á gleraugum vegna þjófnaðar bætist ekki og því falli umrætt tjón utan gildissviðs vátryggingarinnar. M byggir á því að um sé að ræða undanþáguákvæði sem skýra beri þröngt, og sé um vafa að ræða hljóti vátryggður að njóta hans. Sólgleraugu eða önnur gleraugu sem ekki séu hefðbundin sjóngleraugu, þ.e. hjálpartæki, falli einfaldlega ekki undir ákvæðið skv. orðalagi þess, og ekki sé tilefni til að túlka „gleraugu“ svo vítt að nái til þeirra. M vísar þá til ýmissa réttarheimilda sem taki til gleraugna og í engum tilvikum taki þær til sólgleraugna. Þar sem lög og reglugerðir er varða gleraugu taki ekki til sólgleraugna ætti skilmálar V heldur ekki að gera það. Sólgleraugu eigi meira skylt við skartgripi en hjálpartæki og beri að skoða umrætt skilmálaákvæði í því ljósi. Þá vísar M til skilmála annarra vátrygginga þar sem gleraugu komi til umfjöllunar, og megi sjá af þeim að með „gleraugum“ sé aðeins átt við hefðbundin sjóngleraugu, þ.e. hjálpartæki, en ekki t.a.m. sól- eða sundgleraugu. V hafi þá verið í lófa lagið að orða skilmála sína með þeim hætti að ljóst sé til hvaða muna vátryggingin taki.

V byggir hins vegar á því að samkvæmt skýru orðalagi sínu taki skilmálaákvæðið til allra tegunda gleraugna og sólgleraugu, sem notuð séu til að verjast sterku sólarljósi, séu einfaldlega ein tegund gleraugna. Skipti tilvísanir M til laga, reglugerða og annarra skilmála félagsins eða annarra vátryggingafélaga ekki máli í því samhengi, enda nægi að horfa til orðalags skilmálans og túlka „gleraugu“ með almennum hætti. Sé bótaskylda vegna sólgleraugna M því ekki fyrir hendi.

Álit.

Í 5. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála um farangur og tafir kemur fram að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum vegna t.a.m. þjófnaðar en ágreiningslaust er í málinu að tjón M sé að rekja til þjófnaðar. Í gr. 5.2 er þá fjallað um takmarkanir á bótaskyldu vegna slíks tjóns, og segir í gr. 5.2.8 að meðal þess sem ekki er bætt sé „Tjón á gleraugum vegna þjófnaðar, ráns eða innbrots“. Það er mat nefndarinnar að færa megi rök fyrir því að „gleraugu“ taki aðeins til hefðbundinna sjóngleraugna, enda sé hefð fyrir því að tala ella um „sólgleraugu“, „sundgleraugu“, „öryggisgleraugu“ og svo framvegis. Af gögnum málsins má ráða að sólgleraugu þau sem voru í veski M hafi ekki verið með styrk og því ekki hjálpartæki, heldur hafi þeim aðeins verið ætlað að veita vörn gegn sólarljósi. Verða þá sólgleraugu að teljast eðlilegur hluti farangurs og eðlilegt að þau séu geymd í veski eða tösku þegar þau eru ekki í notkun. Þar sem er, samkvæmt framansögðu, um farangurstryggingu að ræða, verður jafnframt að gera kröfu um að undanþáguákvæði séu orðuð með skýrum og afdráttarlausum hætti sé ætlunin að undanskilja ákveðna hluti sem teljast til hefðbundins farangurs. Um einhliða samda skilmála er að ræða og allan vafa sem rís um túlkun þeirra ber að túlka neytanda í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936. Hafi V ætlað umræddri undanþágu að ná til annarra hluta en hefðbundinna „gleraugna“, hefði því enda verið í lófa lagið að orða umrætt ákvæði með skýrari hætti.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu sinni, hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 384/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vinnuveitandi: A

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 25. janúar 2017 dottið í hálku og fallið harkalega aftur fyrir sig og skollið í götuna. M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess. Slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en fjórum vikum síðar og því ekki verið rannsakað skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M telur því að sönnunarbyrði vegna óljósra og umdeildra málsatvika sé nú á A og vísar í því sambandi til dómafordæma. M telur A hafa viðurkennt að hálka hafi verið þegar hún datt þar sem það kemur fram í tilkynningu A til Vinnueftirlitsins. Mótmæli A við því hafi ekki komið fram fyrr en í höfnunarbréfi V, dags. 23. júlí 2021. Í málskoti kemur enn fremur fram að samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands megi sjá að hiti hafi farið töluvert undir frostmark dagana 10.-19. janúar 2017, hiti hafi verið yfir frostmarki 20.-24. janúar og töluverð úrkoma hafi verið í Reykjavík 20.-21. janúar og bæði 23. og 25. janúar hafi úrkoma mælst 7,0 mm. M telur að miðað við þessa miklu úrkomu og hitabreytingar dagana áður hafi skapast réttu skilyrðin fyrir hálkumyndun á svæðinu. M rekur slysið til þess að ekki hafi verið búið að salta og sanda svæðið þar sem hún datt og verði að meta A það til gáleysis að hafa ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir slysahættu. Dómafordæmi sýni að ríkar kröfur séu gerðar til þeirra sem reka þjónustu í húsnæði sínu.

Í bréfi V kemur fram að félagið hafi aldrei gengist við því að slys M megi rekja til hálku sem hafi verið komin til vegna ísingar eða frosts. Tekið er fram að hálka geti myndast við margs konar aðstæður, ekki eingöngu ísingu. V mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að hálkan hafi verið komin til vegna ísingar, þ.e. frosthálku. Vandséð sé hvernig koma hefði mátt í veg fyrir hálku sem rekja megi rigningar eða bleytu þar sem ekki sé hægt að salta eða sanda líkt og þegar um frosthálku sé að ræða. V telur að þrátt fyrir að slysið hafi ekki verið tilkynnt innan tímafrests til Vinnueftirlitsins þá geti félagið ekki fallist á að það eitt og sér leiði til þess að lagt verði til grundvallar að M hafi runnið í ísingu. Frásögn M verði að eiga sér stoð í öðrum gögnum. Fram kemur hjá V að dagana fyrir slysið hafi hiti verið vel yfir frostmarki og sama hafi verið á slysdegi. Þetta komi fram í gögnum frá Veðurstofu Íslands og af þeim sökum sé ekki unnt að leggja frásögn M til grundvallar. Og þótt um hálku hefði verið að ræða hefði A þurft að hafa eðlilegt ráðrúm til að grípa til aðgerða en slysið átti sér stað kl.9:15 um morguninn. Þá telur V að dómafordæmi þau sem M vísar til staðfesti að tilvist ísingar eða hálku nægi ekki svo bótaskyldu sé slegið fastri. Meira þurfi að koma til, svo sem skortur á viðhaldi, lýsingu, vitneskja húseiganda eða rekstraraðila o.s.frv. og ekkert slíkt liggi fyrir í málinu.

Álit.

Það liggur fyrir í þessu máli að M datt fyrir utan vinnustað sinn og slasaðist. Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort um hálku vegna ísingar hafi verið að ræða. Þá liggur fyrir að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það leiðir þó ekki eitt og sér til þess að talið verði að M hafi dottið vegna hálku sem A beri ábyrgð á. M telur að hún hafi dottið sökum ísingar en V telur að hálkan hafi verið tilkomin vegna bleytu. Í málinu liggur fyrir veðurfarsyfirlit frá Veðurstofu Íslands og þar má sjá að dagana 20.-25. janúar var hiti yfir frostmarki. Úrkoma var 7,0 mm 24. janúar og úrkomutegund var rigning. Úrkoma var 4,2 mm 25. janúar og úrkomutegund rigning. Í gögnum sem koma frá gagnabanka Veðurstofu Íslands má sjá að hiti á Kjalarnesi var yfir frostmarki aðfararnótt 25. janúar 2017 og um morguninn, hiti á Geldinganesi var á sama tíma yfir frostmarki og úrkoma náði ekki 1,0 mm, hiti á Korpu á sama tíma var einnig yfir frostmarki. Gögn frá Veðurstofu Íslands benda því ekki til þess að um hálku hafi verið að ræða vegna ísingar heldur að M hafi dottið vegna rigningarhálku. Ekki verður séð að A hafi borið að gera ráðstafanir

vegna þeirrar hálku sem getur myndast vegna rigningar. Af þeim sökum verður að líta svo á að fall M hafi verið óhappatilvik og er V því ekki bótaskylt.

Niðurstaða.
M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 385/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 17. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. desember 2022, ásamt mynd.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatnstjón hafi orðið á eldhúsinnréttingu í húsnæði M þann 30. júlí 2022 og að tjónamatsmaður sem er verktaki á vegum V hafi komið á staðinn og upplýst M um að undirskápar og borðplötur sem þeim tengjast væru ónýt auk stærri skápa sem stæðu á sökklum. Starfsmenn X hafi fjarlægt skápana og fargað og stóð M í þeirri trú að V myndi bæta tjón á öllum þeim skápum sem fargað var. V viðurkenndi bótaskyldu vegna tjónsatviksins en sendi bótatilboð vegna hluta tjónsins, einungis vegna þriggja skápa af níu undirskápum sem tengdir voru sökklum auk tveggja stærri skápa. Telur M sig hafa verið í góðri trú eftir samtal við starfsmann X þann 9. ágúst 2022 að henda ætti öllum skápum og borðplötum sem tengdar væru sökklum vegna tjónsins enda yrðu þeir bættir. Það hafi því komið M á óvart þegar starfsmaður V upplýsti að hægt hefði verið að nota suma skápana og borðplötur aftur með því að skipta um sökkla sem voru ónýtir. Ekki er um það deilt að sökklarnir voru ónýtir auk hluta veggja og vatnstengis sem gaf sig. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem starfsmenn X hafi hent allri innréttingunni án þess að M hafi beðið þá um það.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Vísar V til c-liðar greinar 7.1. í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkefninu eða við verkið. Jafnvel þó atvikið teldist falla undir gildissvið ábyrgðartryggingar X, telur V að ósannað sé að starfsmenn X hafi fleygt allri innréttingunni án þess að hafa fengið fyrirmæli um það frá M og þar með sýnt af sér sök. Að sögn starfsmanna X hafi M hringt í þá þegar þeir voru byrjaðir að taka niður skápana og beðið þá einnig um að henda hinum hlutanum því hann ætlaði að nýta tækifærið og endurnýja innréttinguna í heild sinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort sannað sé að starfsmenn X hafi, án þess að samþykki M lægi fyrir, fleygt allri eldhúsinnréttingu M og þannig sýnt af sér saknæma háttsemi. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því. Af framansögðu verður ráðið að M byggir kröfu sína á þeim grundvelli að hann hafi ekki gefið starfsmönnum M heimild til þess að fleygja allri innréttingunni en á sama hátt halda starfsmenn X því fram að M hafi sérstaklega beðið þá um að fleygja henni. Gegn neitun X og án vitnisframburða eða annarra sönnunargagna verður að telja ósannað að starfsmenn X hafi í heimildarleysi fleygt allri innréttingunni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 386/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Tilefnislaus stöðvun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. nóvember 2022.
2. Bréf V2 dags. 7. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 9. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar varð, hinn 22. október 2022, árekstur milli bifreiðanna A, sem M ók umrætt sinn, og B, við Bæjarháls í Reykjavík. Að sögn M var hún að keyra mjög hægt að umferðarljósum þar sem henni fannst bíllinn „eitthvað skrítinn“. Hafi hún svo staðnæmst og fengið B aftan á sig. Samkvæmt frásögn B beygði hann inn á hægri akrein Bæjarháls, en skipti fljótlega yfir á vinstri akrein vegna fyrirhugaðrar akstursstefnu. A hafi verið eina bifreiðin á vinstri akrein. A hafi þá stöðvað bifreiðina mjög skyndilega og án ástæðu með fyrrgreindum afleiðingum.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að A bæri helming sakar vegna tilefnislausrar stöðvunar og B helming sakar vegna þess að hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og telur að B hafi ekki fylgst nægilega vel með umferð og að hann hefði átt að geta brugðist við aðstæðum.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi og V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsa bæði þeirri afstöðu að sök skuli skipt til helminga til samræmis við niðurstöðu tjónanefndar, enda hafi hvorugur ökumanna gætt nægilega að hátternisreglum umferðarlaga umrætt sinn.

Álit.

Í 2. mgr. 18. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 kemur fram að ökutæki sem ekið er á eftir öðru ökutæki skuli vera svo langt frá því að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutæki sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Verður að telja að B hafi ekki gætt nægilega að áskilnaði þessa ákvæðis og beri því nokkra sök á umræddum árekstri. Í 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga kemur þá fram að áður en ökumaður ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða ökutækis skuli hann ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Í 3. mgr. 36. gr. sömu laga kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Að mati nefndarinnar verður að telja að A hafi ekki gætt nægilega að þessum hátternisreglum í aðdraganda áreksturs. Liggur þá ekkert fyrir um að A hafi gefið fyrirhugaða stöðvun til kynna með nokkrum hætti. Þykir hún því einnig bera nokkra sök á umræddum árekstri. Við mat á sök hennar verður þó að líta til þess annars vegar að því er ekki mótmælt að akstursshraði A hafi verið afar lítill og stöðvun hennar því ekki jafnskyndileg og ella, og hins vegar þess að B hafði, að eigin sögn, nýlokið akreinaskiptum og engar aðrar bifreiðar voru á veginum. Við akreinaskipti hvílir sérstök aðgæsluskylda á ökumönnum, sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Auk þess liggur ekki fyrir að B hafi verið fyrir aftan A, þannig að aðgæsluskylda vegna B hafi stofnast þegar A dró úr ökuhraða. Samkvæmt því, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar, verður sök skipt þannig að A ber 1/3 hluta sakar en B 2/3 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar á umræddum árekstri en ökumaður 2/3 hluta. .

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Margrét Arnheiður Jónsdóttir

Mál nr. 387/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 18. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni er hún stökk af trampólíni á dýnu við fimleikaiðkun þann 17. febrúar 2021. Sleit hún krossband og reif liðþófa í hægra hné og fór í aðgerð á hnénu í framhaldinu. V staðfesti bótaskyldu í tölvupósti þann 4. apríl 2022 en með tölvupósti dags. 3. október 2022, hafnaði V að standa að örorkumati vegna afleiðinga slyssins þar sem ráðgefandi læknir hefði yfirfarið fyrirliggjandi gögn vegna slyssins og niðurstaða hans hefði verið á þann veg að varanleg læknisfræðileg örorka myndi ekki ná 15%. Á þeim tíma lá ekki fyrir lokavottorð/vottorð meðferðarlæknis sem V hafði kallað eftir en það barst 6. október 2022 og var þá sent til V og þess óskað að V endurskoðaði afstöðu sína til þátttöku í mati á varanlegum afleiðingum. Með tölvupósti þann 10. október 2022 upplýsti V að staðið yrði við fyrri ákvörðun um að standa ekki að mati þar sem talið væri að varanleg örorka næði ekki 15%. M telur að fyrirliggjandi gögn sýni fram á yfirgnæfandi líkur á því að varanleg læknisfræðileg örorka hennar vegna slyssins nái því lágmarki sem skilmálar tryggingarinnar geri ráð fyrir. Samkvæmt miskatöflu örorkunefndar getur óstöðugt hné eftir liðbandaáverka með mikilli vöðvarýrnun og hreyfiskerðingu sem ekki verður lagað með neinum aðgerðum ásamt liðþófarifu með vöðvarýrnun og hreyfiskerðingu numið samtals 25% varanlegri læknisfræðilegri örorku. Endanlegt mat á þessu getur ekki legið fyrir nema með mati matsmanns líkt og lagt er upp með samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Telur M að V hafi byggt ákvörðun sína á ófullnægjandi gögnum og að V hafi gefið út bindandi yfirlýsingu um staðfesta bótaskyldu vegna málsins þann 4. apríl 2022 og telur félaginu óheimilt að draga þá yfirlýsingu til baka með þessum hætti.

Í bréfi V er vísað til greinar 5.2.2 um frítímaslysatryggingu í viðeigandi vátryggingarskilmálum þar sem fram kemur að bætur vegna varanlegrar örorku greiðist ekki út ef hún er lægri en 15%. Í grein 5.2.10 komi fram að félagið standi ekki að og greiði ekki fyrir mat á læknisfræðilegri örorku ef ljóst er, að áliti félagsins á fyrirliggjandi gögnum og/eða töflu örorkunefndar um miskastig, að lágmarki skv. grein 5.2.2 verði ekki náð. Skilmáli þessi sé ásamt vátryggingarskírteini hluti vátryggingarsamnings milli M og V. Hafa sambærilegir skilmálar verið taldir eðlilegir á sínu sviði og gert ráð fyrir að vátryggingartökum sé í lófa lagið að kynna sér skilmála sem þessa við töku tryggingarinnar. Bendir V á að bótaskyldu hafi ekki verið hafnað, heldur hafi V hafnað að standa sameiginlega að mati á varanlegum afleiðingum. Telur V ljóst með hliðsjón af þeim gögnum sem liggja fyrir, sbr. miskatafla örorkunefndar, að varanlegir áverkar M vegna slyssins nái ekki 15% lágmarki, en skv. lið VII.B.b. miskatöflunnar ætti umræddur áverki ekki að vera metinn hærri en 10%.

Álit.

Ágreiningur aðila snýst um það hvort V beri að standa að læknisfræðilegu mati vegna afleiðinga umrædds slyss, svo metið verði hvort læknisfræðileg örorka M nái 15 stigum. Samkvæmt grein 5.2.2 í skilmála frítímaslysatryggingar er slíkt lágmark áskilið svo bætur séu greiddar. Samkvæmt grein 5.2.10 sömu skilmála stendur V ekki að og greiðir ekki fyrir mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku ef ljóst er, að áliti V á fyrirliggjandi gögnum og/eða töflu örorkunefndar um miskastig, að lágmarki skv. grein 5.2.2 verði ekki náð. Orðalag umræddra skilmálaákvæða verður að teljast skýrt og M hefur ekki fært rök fyrir því að þau séu óeðlileg eða ósanngjörn. Verður því að telja á grundvelli þeirra að M eigi ekki sjálfkrafa rétt til þess að V standi að læknisfræðilegu mati á afleiðingum slyssins. Hins vegar hefur V ekki sýnt fram á það á hverju félagið byggi það mat sitt að læknisfræðileg örorka M muni ekki ná 15 stigum. Ákvæði 5.2.10 er undanþáguákvæði frá þeirri meginreglu sem fram kemur í grein 5.2.9 að leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, skuli V og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins. Það hvílir á V að sýna fram á að fyrrgreint

undanþáguákvæði eigi við. Vísar V til þess að læknisfræðileg gögn hafi verið lögð fyrir ráðgefandi lækni félagsins til umsagnar og að niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið sú að gögn málsins bæru ekki með sér að metin örorka gæti náð 15% lágmarki með hliðsjón af miskatöflu örorkunefndar. Hefur V ekki lagt fram það mat ráðgefandi læknis, heldur vísað til þess í svari sínu til nefndarinnar að samkvæmt lið VII.B.b í miskatöflu Örorkunefndar muni umræddur áverki ekki vera metinn hærri en 10%. Verður af tilvitnuðum lið í miskatöflunni ekki ráðið að það séu meiri líkur en minni á því að áverki M verði metinn undir 15% miska enda liggur engin læknisfræðileg staðfesting á því fyrir. Er óstöðugt hné eftir liðbandaáverka metið á bilinu frá 5% til og með 20%, allt eftir því hversu mikil vöðvarýrnun og hreyfiskerðing viðkomandi er með samkvæmt miskatöflunum. Verður því samkvæmt framansögðu að telja að V sé ekki heimilt að hafna því að standa að læknisfræðilegu mati á afleiðingum slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt til þess að V standi að læknisfræðilegu mati á afleiðingum frítímaslyss hennar hinn 17. febrúar 2021.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 389/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta/verslun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 21. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. febrúar 2023.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að föstudaginn 14. október 2022 hafi M farið með báða fjölskyldubíla sína í dekkjaskipti hjá X. Á mánudeginum eftir dekkjaskiptin uppgötvaði M tjón á síls annarrar bifreiðar sinnar, A og telur M að tjónið hafi átt sér stað við dekkjaskiptin. Tjónið hafið ekki verið til staðar fyrir dekkjaskiptin og hafið bifreiðin A verið lítið notuð þessa helgi og enginn umgangur um hana farþegamegin þar sem tjónið er staðsett. M hafði strax samband við X og lét vita af tjóninu og sendi myndir auk þess sem bifreiðin var skoðuð af starfsmönnum X. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins með tölvupósti dags. 31. október 2022. M telur nægilega sannað að starfsmenn X hafi valdið tjóninu á bílnum. Það sem styðji það er að blár litur sem sést á skemmdum passar við hluti á verkstæðinu. Eðli þeirra skemmda sem um teflir styður líka að tjónið hafi orðið með þeim hætti sem M lýsir. Ljóst sé að sá hlutur sem stungist hafi undir bílinn hafi gert það af miklu afli. Ef það hefði gerst í akstri hefði það án efa valdið muna meira tjóni. Hafnar M rökum X um að öll tæki sem þeir nota séu rauð en af mynd af verkstæðinu sést að bæði standar, vagnar og trillur hafa grænan og bláan lit.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á orsakatengsl milli tjóns á bifreiðinni og starfsemi X. Verkstæðið noti 4 arma bílalyftu við svona verk og öll þeirra tæki og verkfæri sem notuð eru við dekkjaskipti fólksbifreiða eru rauð að lit. Það liggi fyrir að eftir dekkjaskiptin var bifreiðinni ekið að minnsta kosti tæpa 70 km. leið. Bifreiðin hafi verið í notkun fram til mánudagsins þegar tjónið uppgötvaðist. Það sé allt eins líklegt að tjónið hafi átt sér stað á meðan á framangreindri notkun bifreiðarinnar stóð.

Álit.
Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreiðinni A megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr víðtækri ábyrgðarvernd sem er valkvæður hluti af ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hann ekki hafa lagt fram gögn sem sýna með skýrum hætti að tjón á bifreið hans sé hægt að rekja til þess að starfsmenn X hafi sýnt gáleysi við dekkjaskipti á bifreiðinni. Hallann af slíkum sönnunarskorti verður því að leggja á M sem á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 390/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra.
Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 8. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M, dags. 5. janúar 2023.
4. Bréf V, dags. 9. janúar 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti um kröfu í starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hjá V hinn 4. febrúar 2022 vegna ætlaðra galla á byggingu húseignar M og þar nefnt sérstaklega að flísaleggja þurfi baðherbergi upp á nýtt. Í tjónstilkynningu kemur einnig fram að verk hafi verið unnið á árinu 2019. Starfsmaður V skoðaði aðstæður í kjölfarið og V tilkynnti M um höfnun bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hinn 11. mars 2022.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M sem byggingarstjóri þar sem X hefði ekki átt að dyljast ágallar á verki við eftirlit, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Tjón á baðherbergjum hefði komið í ljós strax og húseign M hefði verið tekin í notkun og V hefði gefist kostur á að skoða tjónið áður en ráðist hafi verið í lagfæringar á því. M byggir á almennum meginreglum skaðabótaréttar og ströngu mati á saknæmi byggingarstjóra og mikilvægi þess að þeir sinni eftirliti sínu með því að framkvæmd verks sé tæknilega og faglega fullnægjandi M telur að tjón á húseign hans verði ekki rakið til efnisgalla og verði tjón vegna flísalagnar ekki rakið til annars en ófullnægjandi framkvæmdar við verk við byggingu húseignarinnar og hefði ekki átt að dyljast byggingarstjóra við venjubundið eftirlit. M vísar til þess að augljóst sé að annað hvort hafi ekki verið grunnað undir flísar á baðherbergi eða rangur grunnur notaður því binding flísa við vegginn hafi ekki verið til staðar. M bendir á að starfsmaður V hafi staðfest eðli tjónsins og hafi V verið í lófa lagið að stöðva viðgerðir til þess að láta kanna frekar hvað hafi leitt til tjónsins, eða hvatt M til að fá frekara mat á eðli tjónsins. Þannig hafi V verið í yfirburðastöðu gagnvart M um að rannsaka atvik frekar.

V hefur hafnað greiðsluskyldu þar sem ekki liggi fyrir hvers vegna flísar á tilteknum baðherbergjum hafi losnað, en við skoðun starfsmann V hafi flísar verið „lausar frá líminu“ án þess að sýnt hafi verið hvers vegna það hafi verið. Þannig telur V óljóst hvort tjón sé tilkomið vegna efnisgalla, meðferðar á efni, faglegrar framkvæmdar verktaka eða annarra orsaka. Einnig hafnar V því að um ágalla sé að ræða sem ekki hefði átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit og þannig sé skaðabótaskylda hans ekki fyrir hendi á grundvelli 29. gr. laga um mannvirki.

M segir í viðbótarathugasemdum að gögn málsins sýni að óumdeilt sé að mistök hafi átt sér stað og V hafi viðurkennt að flísar hafi ekki haft viðloðun við plötur. M bendir einnig aftur á að V sé sérfræðingur hvað varðar tjón og skoðun fasteigna á meðan M sé það ekki. M bendir á að flísar hafi verið endurnýttar og sé því ljóst að vöntun á grunni undir flísar eða það að rangur grunnur hafi verið notaður sé augljós orsök tjóns M. Einnig er bent á að V hafi komið á vettvang og haft alla möguleika til að kanna betur orsakir til að sýna fram á að um annað en mistök í eftirliti byggingarstjóra hafi verið að ræða og að umræddir gallar hefðu verið öðruvísi en þannig að þeir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit.

Í viðbótarathugasemdum V segir að aðilar málsins séu sammála um að málið snúist um tiltekin baðherbergi í húseign M en myndir sem M hafi sent af tjóni séu af öðrum baðherbergjum og þannig liggi ekki fyrir að flísar hafi verið endurnýttar. Einnig bendir M á að ekki sé sjálfkrafa fyrir hendi bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þegar verk misferst.

Álit.

Ágreiningur í málinu hverfist um hvort sannað sé að skilyrði skaðabótaskyldu liggi fyrir varðandi störf byggingarstjóra húseignar M og hvort ætlað tjón á baðherbergjum sé hægt að rekja til atvika sem byggingarstjóri ber skaðabótaábyrgð á.

Hvað varðar skaðabótakröfu M á byggingarstjórann X varðar þá verður að minna á að samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal byggingarstjóri hafa virkt eftirlit með því að þeir sem koma að byggingu mannvirkis fylgi samþykktum hönnunargögnum, verklýsingum og ákvæðum laga þessara, laga um byggingarvörur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Verði byggingarstjóri við eftirlit var við ágalla á verki iðnmeistara eða hönnuðar skal hann gera viðkomandi aðvart og krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs tíma. Komi verulegir ágallar á mannvirki í ljós við úttekt, við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun, sem ekki hefur verið bætt úr og rekja má til stórfelldrar vanrækslu á verksviði einstakra iðnmeistara eða hönnuða, ber byggingarstjóri meðábyrgð á ágöllunum gagnvart eiganda, enda hefðu ágallarnir ekki átt að dyljast byggingarstjóra við eftirlit skv. 1. málslið þessarar málsgreinar. Þá segir í 7. mgr. sömu lagagreinar að byggingarstjóri í starfi beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum ef eigandi eða annar þriðji maður verður fyrir tjóni af völdum gáleysis byggingarstjórans í starfi. Þó beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.

Þegar lagaákvæði þessi eru virt heildstætt ber byggingarstjóri meðábyrgð á faglegri framkvæmd tiltekins verkþáttar sem unninn er á ábyrgð iðnmeistara, ef verulegir ágallar hafa komið í ljós á verkþættinum við lok verkhluta eða framkvæmda, eða eftir að mannvirki er tekið í notkun og rekja má ágallana til stórfelldrar vanrækslu á verksviði viðkomandi iðnmeistara og ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit hans.

Þetta þýðir að sá sem heldur því fram að það séu ágallar á verki iðnmeistara sem nemi stórfelldri vanrækslu af hans hálfu og að ágallarnir hefðu ekki átt að dyljast byggingarstjóranum við eftirlit ber sönnunarbyrði um þá þætti. Í þessu máli hvílir sönnunarbyrði því á M.

Í gögnum málsins liggur fyrir lýsing á tjóni af hálfu M sem og upplýsingar frá V um skoðun starfsmanns V á vettvangi í febrúar 2022. Ekki verður lögð skaðabótaábyrgð á X á grundvelli fyrrnefndra laga um mannvirki af lýsingum M einum saman eða þeim gögnum sem liggja fyrir um ætlað tjón. Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra er ekki efndatrygging vegna húsbygginga heldur þarf að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fyrir hendi af hálfu byggingarstjóra. Ekki er af gögnum þessa máls nægilega sýnt fram á það og á M því ekki að svo stöddu rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 391/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 16. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 28. nóvember 2019, orðið fyrir líkamstjóni er hann féll í hálku fyrir utan vinnustað sinn, en hann var starfsmaður X. Slysið hafi atvikast í lok dags, og hafi M átt erindi úr á plan við vinnustaðinn, en hvorki hafi verið búið að sanda né salta svæðið þrátt fyrir hættulegar aðstæður. Hann hafi upplýst yfirmann sinn um slysið er hann mætti til vinnu daginn eftir. M byggir á því að vinnuveitanda, X, hafi borið að tryggja öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum, sbr. nánar tilgreind ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um sé að ræða vinnusvæði þar sem bílar séu þvegnir, sem auki hættu á hálkumyndun, og starfsmenn eigi oft erindi á. Liggi því í augum uppi að grípa hafi þurft til viðeigandi hálkuvarna, og fylgja því eftir að hálkuvörnum væri sinnt, en eftir slys M hafi verið gripið til frekari ráðstafana til að varna hálkumyndun. V hafi, með bréfi dags. 13. maí 2022, hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, m.a. á þeim grunni að leiðbeiningar um verklag við hálkuvarnir hefðu legið fyrir, mannbroddar og kassi með salti hefðu verið aðgengilegir starfsfólki, auk þess sem gerður hafi verið samningur við verktaka um hálkuvarnir eftir þörfum. Ekki liggi fyrir að aðstæður á slysdegi hafi verið með þeim hætti að þörf hafi verið á frekari aðgerðum og því ósannað að X hafi vanrækt skyldur sínar. M mótmælir framangreindu, enda hafi salt verið staðsett hinum megin við götuna og aðgengi að því þar af leiðandi erfitt auk þess sem hægur vandi hefði verið fyrir X að kveikja á upphitun sem sé til staðar á planinu. Þá vísar M til þess að slys hans hafi ekki verið réttilega tilkynnt Vinnueftirlitinu og verði X þar af leiðandi að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem leiði af því að fullnægjandi rannsókn hafi ekki farið fram.

Í bréfi V er lýst þeirri afstöðu að slys M verði ekki rakið til saknæmra mistaka eða saknæms vanbúnaðar af hálfu X heldur aðeins óhappatilviljunar. Þá sé atvikalýsing M röng, enda hafi M, bæði gagnvart X og eins í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem hann hafi undirritað, lýst atvikum svo að hann hafi verið á leið til vinnu þegar hann rann í hálku og slasaðist á hné. Á matsfundi hafi M þá gefið sömu lýsingu. Í málskoti og kröfubréfi M sé hins vegar að finna aðra lýsingu og sé því ljóst að frásagnir af slysstað og tíma séu mjög á reiki auk þess sem af læknisfræðilegum gögnum sé ekki ljóst hvenær slysið atvikaðist. Þó verði að telja ljóst að slys M hafi átt sér stað snemma morguns en ekki í lok dags. Verði X ekki metið það til sakar að hafa ekki hálkuvarið planið á þeim tíma dags enda hafi M mætt fyrstur til vinnu og samkvæmt verkáætlun sé það í verkahring þess starfsmanns að hálkuverja. Ekki hafi verið sýnt fram á að aðstæður hafi verið slíkar að ástæða hafi verið til hálkuvarna áður en vinnudagurinn hófst. Þá hafi slys M virst minni háttar og M fljótt kominn til starfa aftur og hafi því ekki skapast skylda til að tilkynna slysið innan sólarhrings til Vinnueftirlitsins, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að um sé að ræða misskilning varðandi það hvenær slysið hafi átt sér stað. Áréttað er slysið hafi atvikast að kvöldi 29. nóvember 2019 og hafi verið vitni að því, en sá einstaklingur sé nú fluttur úr landi og vitnisburður hans því ekki fyrirliggjandi. Yfirmaður M hafi hins vegar ekki verið störfum fyrr en morguninn eftir og hafi honum verið tilkynnt um atvik þá. Við það hafi væntanlega umræddur misskilningur skapast og hann leitt yfir í matsskýrslu, þar sem lýsing úr tilkynningu til Sjúkratrygginga hafi verið tekin upp. Jafnvel þó M hefði sjálfur átt að sinna hálkuvörnum hefði hann eftir sem áður þurft að ganga yfir götuna til að sækja salt. Mergurinn málsins sé eftir sem áður sá að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt sem skyldi og áréttað er að ekkert liggi fyrir um að kallaður úr verktaki til að hálkuverja, né hafi verið kveikt á upphitun undir planinu.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Engar ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi á slysdegi, né eru fyrirliggjandi upplýsingar um veðuraðstæður. Þá verður að taka undir með V varðandi það að nákvæm tímasetning er nokkuð á reiki, þannig er t.a.m. ekki að finna sömu dagsetningu í málskoti og viðbótarathugasemdum M auk þess sem í bráðamóttökuskrá vegna komu M dags. 29. nóvember 2019 segir að atvikið hafi átt sér stað tveimur dögum fyrr. Hvað sem því líður liggur fyrir, í tilkynningu X til V að ekki hafi verið ágreiningur um að um vinnuslys hafi verið að ræða, og kemur þar fram að M hafi verið þrjá daga frá vinnu, en á bráðamóttöku hinn 29. nóvember 2019 fékk M vottorð um óvinnufærni í eina viku. Á grundvelli þess að M var sannanlega óvinnufær í kjölfar slyssins bar X, skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 að tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins. Á grundvelli þess að það var ekki gert ber að slaka á almennum sönnunarkröfum hvað varðar atvikið sjálft, og verður því að byggja á því slys hans hafi atvikast með þeim hætti að hann hafi fallið í hálku á plani við vinnustað sinn í lok vinnudags. Það eitt að M hafi fallið í hálku leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að bótaskylda stofnist á hendur X, heldur þarf í öllu falli, jafnvel þó tilkynningarskylda hafi verið vanrækt, að gera það líklegt að X hafi vanrækt skyldur sínar hvað varðar það að tryggja öryggi á vinnustað. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni liggur ekki fyrir að almennum hálkuvörnum hafi verið ábótavant eða að tilefni hafi verið til sérstakra aðgerða umrætt sinn. Það að gripið hafi verið til aukinna úrræða til að varna hálkumyndun í kjölfar slyss M verður þá ekki talið fela í sér viðurkenningu á sök X. Eins og mál þetta liggur fyrir verður M að bera hallann af framangreindu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 392/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M nr. 1, dags. 13. desember 2022.
4. Viðbótarathugasemdir M nr. 2, dags. 28. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
5. Tölvupóstur V dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í júlí 2022 hafi starfsmenn X sett niður gulan stein með röri og skilti á akbraut fyrir utan húsnæði M í Reykjavík. Umrætt skilti tengist merkingum vegna framkvæmda í aðliggjandi götu. M hafi ásamt a.m.k. fjórum öðrum ekið á skiltið þar sem það var staðsett sunnan megin við innkeyrslu að húsi M. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar fyrir í málinu. Eftirlitsaðili á verkstað hafi fjarlægt skiltið eftir að M hafði samband við hann og upplýsti um tjónið. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna sjálfsábyrgðar sem hún þurfti að greiða vegna tjóns á bifreið sinni. Byggir M kröfu sína á því að merkingar hafi ekki verið samkvæmt útgefnu og samþykktri merkingaráætlun. Á merkingaráætlun er sýnt skilti á öðrum stað en það var staðsett þ.e. norðan megin við innkeyrslu að húsi M en ekki sunnan megin þar sem skiltið var staðsett er tjónið varð. Ekki hafi verið aflað sérstaks afnotaleyfis frá Reykjavíkurborg fyrir skilti á akbrautina sunnan við innkeyrslu að húsi M og telur M að með því að setja skiltastein og skilti þarna í óleyfi hafi X valdið henni tjóni sem V beri að bæta úr ábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins þar sem allar merkingar hafi verið í samræmi við útgefið afnotaleyfi og merkingaráætlun sem samþykkt var af Reykjavíkurborg. Skiltið sem ekið var á er merkt inn á merkingaráætlun þá sem verkfræðistofa vann fyrir X og var samþykkt af Reykjavíkurborg. Er það afstaða V að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tjón á bifreið M sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri skaðabótaábyrgð á. Engin gögn liggi fyrir um að starfsmenn X hafi gengið óforsvaranlega frá skiltinu.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að skiltið hafi verið staðsett á röngum stað og að eftirlitsaðili með framkvæmdum hafi ekki sinnt skyldu sinni. Ástæða þess að þessi staðsetning var ekki valin til merkinga var vegna þess að við útkeyrsluna er hár veggur sem skyggir alfarið á merkið. Tjónið hafi orðið þar sem sett var niður föst hindrun í óleyfi á akbraut þétt við innkeyrsluna. Þar sem innkeyrslan er rúmum metra hærri en akbrautin var skiltasteinninn neðan við sjónlínu þegar bakkað var út úr innkeyrslu hússins. Rörið er aðeins 5 sentímetrar í þvermál og skiltið sem snýr í austur og vestur var þannig mjórra séð úr austri þ.e.a.s. frá innkeyrslunni.

Í viðbótarathugasemdum V leggur það áherslu á að sök verði ekki lögð á X á þeim grundvelli að skiltið sé ekki staðsett nákvæmlega á þeim punkti sem það er staðsett í samþykktri merkingaráætlun enda verður hún ekki skilin þannig að skiltið eigi að vera á nákvæmlega þeim punkti sem það er staðsett á. Starfsmenn X þurfi við útfærslu að taka tillit til nærumhverfis og staðsetja skiltið í samræmi við það. Vísar V til almennrar aðgæsluskyldu ökumanna í 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 20. gr. laganna sem kveður á um að ökumaður sem ekur ökutæki aftur á bak skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Að lokum vísar V til 3. mgr. 26. gr. sem kveður á um að ökumenn skuli veita umferð hvarvetna forgang þegar ekið er inn á veg af bifreiðastæði.

Álit.

Sönnunarbyrði fyrir því að tjón M verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Í málinu liggur fyrir að X fékk framkvæmdaleyfi vegna umræddra framkvæmda

og að samkvæmt korti yfir vinnusvæðamerkingar bar X að staðsetja skilti nálægt húsi M, þó ekki nákvæmlega á þeim stað sem það var staðsett, heldur nokkrum metrum norðar. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg skal umferðarmerkjum þannig komið fyrir að þau séu stöðug, vel sýnileg og ekki hættuleg fyrir starfsmenn eða vegfarendur. Af ljósmyndum í lögregluskýrslu sem og af skoðun nefndarmanna á myndum af kortavef Google verður ekki annað séð en að skiltið hafi verið sett niður á þann stað sem almennt ætti að teljast öruggur fyrir vegfarendur þ.e. upp við gangstéttarkant við enda bifreiðastæða við götuna og ekki fyrir innkeyrslum húss M eða nágrannahúss M. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmönnum X hafi borið að staðsetja skiltið nákvæmlega á þeim stað sem það var teiknað á yfirlitskorti vinnusvæðamerkinga né að skiltið, sem er svokallað H-merki, hafi ekki verið í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. Umrætt skilti var appelsínugult að lit og var fest á gult áberandi fótstykki og hefði því ekki átt að dyljast M við akstur inn og út úr innkeyrslu hússins. Eftirlitsaðili framkvæmdanna fjarlægði skiltið þegar honum var gert kunnugt um tjónin. Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 393/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 12. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 28. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að í júlí 2022 hafi starfsmenn X sett niður gulan stein með röri og skilti á akbraut fyrir utan húsnæði M í Reykjavík. Umrætt skilti tengist merkingum vegna framkvæmda í aðliggjandi götu. M hafi ásamt a.m.k. fjórum öðrum ekið á skiltið þar sem það var staðsett sunnan megin við innkeyrslu að húsi M. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar fyrir í málinu. Eftirlitsaðili á verkstað hafi fjarlægt skiltið eftir að M hafði samband við hann og upplýsti um tjónið. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna sjálfsábyrgðar sem hún þurfti að greiða vegna tjóns á bifreið sinni. Byggir M kröfu sína á því að merkingar hafi ekki verið samkvæmt útgefnu og samþykktri merkingaráætlun. Á merkingaráætlun er sýnt skilti á öðrum stað en það var staðsett þ.e. norðan megin við innkeyrslu að húsi M en ekki sunnan megin þar sem skiltið var staðsett er tjónið varð. Ekki hafi verið aflað sérstaks afnotaleyfis frá Reykjavíkurborg fyrir skilti á akbrautina sunnan við innkeyrslu að húsi M og telur M að með því að setja skiltastein og skilti þarna í óleyfi hafi X valdið henni tjóni sem V beri að bæta úr ábyrgðartryggingu X.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins þar sem allar merkingar hafi verið í samræmi við útgefið afnotaleyfi og merkingaráætlun sem samþykkt var af Reykjavíkurborg. Skiltið sem ekið var á er merkt inn á merkingaráætlun þá sem verkfræðistofa vann fyrir X og var samþykkt af Reykjavíkurborg. Er það afstaða V að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að tjón á bifreið M sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri skaðabótaábyrgð á. Engin gögn liggi fyrir um að starfsmenn X hafi gengið óforsvaranlega frá skiltinu.

Í viðbótarathugasemdum M er ítrekað að skiltið hafi ekki verið staðsett samkvæmt merkingaráætlun eins og sést á ljósmyndum í lögregluskýrslu. Tjónið hafi orðið þar sem sett var niður föst hindrun í óleyfi á akbraut þétt við innkeyrsluna. Þar sem innkeyrslan er rúmum metra hærri en akbrautin var skiltasteinninn neðan við sjónlínu þegar bakkað var út úr innkeyrslu hússins. Rörið er aðeins 5 sentímetrar í þvermál og skiltið sem snýr í austur og vestur var þannig mjórra séð úr austri þ.e.a.s. frá innkeyrslunni.

Í viðbótarathugasemdum V leggur það áherslu á að sök verði ekki lögð á X á þeim grundvelli að skiltið sé ekki staðsett nákvæmlega á þeim punkti sem það er staðsett í samþykktri merkingaráætlun enda verður hún ekki skilin þannig að skiltið eigi að vera á nákvæmlega þeim punkti sem það er staðsett á. Starfsmenn X þurfi við útfærslu að taka tillit til nærumhverfis og staðsetja skiltið í samræmi við það. Vísar V til almennrar aðgæsluskyldu ökumanna í 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 20. gr. laganna sem kveður á um að ökumaður sem ekur ökutæki aftur á bak skuli ganga úr skugga um að það sé unnt án þess að það skapi hættu eða óþægindi fyrir aðra. Að lokum vísar V til 3. mgr. 26. gr. sem kveður á um að ökumenn skuli veita umferð hvarvetna forgang þegar ekið er inn á veg af bifreiðastæði.

Álit.

Sönnunarbyrði fyrir því að tjón M verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Í málinu liggur fyrir að X fékk framkvæmdaleyfi vegna umræddra framkvæmda og að samkvæmt korti yfir vinnusvæðamerkingar bar X að staðsetja skilti nálægt húsi M, þó ekki nákvæmlega á þeim stað sem það var staðsett, heldur nokkrum metrum norðar. Samkvæmt 6. gr.

reglugerðar nr. 492/2009 um merkingu og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda á og við veg skal umferðarmerkjum þannig komið fyrir að þau séu stöðug, vel sýnileg og ekki hættuleg fyrir starfsmenn eða vegfarendur. Af ljósmyndum í lögregluskýrslu sem og af skoðun nefndarmanna á myndum af kortavef Google verður ekki annað séð en að skiltið hafi verið sett niður á þann stað sem almennt ætti að teljast öruggur fyrir vegfarendur þ.e. upp við gangstéttarkant við enda bifreiðastæða við götuna og ekki fyrir innkeyrslum húss M eða nágrannahúss M. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmönnum X hafi borið að staðsetja skiltið nákvæmlega á þeim stað sem það var teiknað á yfirlitskorti vinnusvæðamerkinga né að skiltið, sem er svokallað H-merki, hafi ekki verið í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995. Umrætt skilti var appelsínugult að lit og var fest á gult áberandi fótstykki og hefði því ekki átt að dyljast M við akstur inn og út úr innkeyrslu hússins. Eftirlitsaðili framkvæmdanna fjarlægði skiltið þegar honum var gert kunnugt um tjónin. Samkvæmt öllu framansögðu hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 395/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Skaðsemisábyrgðartrygging.
Nafn vátryggingartaka: A

Skaðabótaábyrgð. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. desember 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 11. febrúar 2020 verið að fara niður loftstiga sem brotnaði með þeim afleiðingum að M féll niður á gólf og féll illa. M hafi í kjölfarið verið metin til 12% læknisfræðilegrar örorku samkvæmt matsgerð, dags. 31. janúar 2022. Fram kemur að stiginn var keyptur hjá A og M hafi farið eftir leiðbeiningum við uppsetningu stigans og stytt stigann um eitt þrep. M skrifaði A tölvupóst vegna slyssins og í kjölfar þess var stiganum skipt út án endurgjalds. Í september 2021 hafi V óskað eftir að fá að skoða stigann en slíkt hafi ekki verið gert þrátt fyrir ítrekanir. M byggir á því að stiginn hafi verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. M telur ljóst að stiginn hafi brotnað vegna þess að kvistur var í timbrinu þar sem hann brotnaði eins og sést á meðfylgjandi myndum. Það sé alkunna að kvistur í timbri veiki styrkleika þess og þar með burðargetu. M hafnar þeirri skýringu V að farið hafi verið hámarksburðargetu stigans. Samkvæmt upplýsingum á stiganum sjálfum hafi hámarksburðargeta verið 150 kg. en M sé 90 kg. skv. matsgerðinni og því langur vegur upp í hámarksburðargetu. Þá hafnar M því einnig að stiginn hafi verið ranglega settur upp.

Í bréfi V kemur fram að félagið byggi á því að M hafi ekki sýnt fram á að loftastiginn hafi verið haldin ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og hún beri sönnunarbyrði um það atriði. Samkvæmt upplýsingum M hafi eiginmaður hennar sett upp stigann og virðist ekki hafa stytt hann í samræmi við leiðbeiningar með þeim afleiðingum að stiginn var ekki nógu uppréttur. Uppsetninginn hafi gert það að verkum að álag á hann var of mikið þegar hann var notaður. A hafnar því að stiginn hafi verið haldinn ágalla. Stiginn sem brotnaði hafi verið skoðaður af söluaðila A og hann taldi að stiginn hafi brotnað þar sem hann hafi verið of langur fyrir staðsetninguna. Hann ráðlagði að nýr stigi yrði styttur um tvö þrep. Ekki liggi neitt fyrir sem sýni að stiginn hafi verið haldinn ágalla t.d. matsgerð dómkvadds matsmanns. V hafnar því að snúa eigi sönnunarbyrði við í málinu eða slakað á sönnunarkröfum.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort loftastiginn í málinu sé haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Í ákvæðinu kemur fram að vara teljist haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttur mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því hvernig hún er kynnt, notkun sem með sanngirni má gera ráð fyrir og hvenær vöru er dreift. Það liggur ekki fyrir mat á því hvort stiginn hafi verið haldinn ágalla og hvor málsaðili hefur sínar skýringar á því hvers vegna stiginn brotnaði. M telur stigann hafa brotnað vegna þess að kvistur hafi verið í timbrinu en V telur stigann hafa brotnað vegna þess að hann hafi ekki verið settur rétt saman. Sönnunarbyrði um það að stiginn hafi verið haldinn ágalla hvílir á M. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið vegna hvers loftastiginn brotnaði og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Það telst því ekki sannað að hann hafi verið haldinn ágalla eins og M heldur fram. Með vísan til þess hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr skaðsemisábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2022.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 396/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka sjúklingatryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M fór í augasteinaaðgerð í janúar 2016 hjá X. Gerð voru augasteinaskipti í báðum augum samtímis. Eftir aðgerðina var sjón M ekki góð og var henni upphaflega tjáð að sjónin þyrfti tíma til að jafna sig. Síðar á árinu 2016 gekkst M svo undir laseraðgerð til þess að laga það sem M telur hafa misfarist í augasteinaaðgerðinni. Laseraðgerðin hafði þveröfug áhrif, sjónin lagaðist ekki og nætursjón stórversnaði. Kveðst M ítrekað hafa leitað til X sem hafi greitt 3-4 gleraugu fyrir hana, síðast haustið 2019. M kveðst í dag sjá mjög illa í myrkri, hafa gráleitan flekk á hægra auga og vera með viðvarandi augnþurrk og þurfi að nota augndropa og augngel daglega. Auk þess þarf M að notast við gleraugu við að lesa eða skoða allt sem er innan við 50 cm frá andlitinu hennar. M gerði kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu X hjá V og með bréfi dags. 24. nóvember 2021 hafnaði X bótaskyldu. M byggir á því að um bótaskylt atvik sé að ræða samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu þar sem annað hvort hafi eitthvað misfarist í augasteinaaðgerðinni sjálfri, eða í öllu falli hafi verið gerð mistök þegar ákveðið var að senda hana í laseraðgerð svo skömmu eftir hina aðgerðina og áður en sjónin var búin að jafna sig. Ef ekki verður fallist á að um sé að ræða bótaskylt atvik skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu byggir M á því að þá hljóti alla vega að vera um að ræða sjaldgæfan fylgikvilla eftir aðgerðirnar sem falli undir 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, enda geti ekki verið algengt að aðgerðir endi með þeim hætti sem þær gerðu í tilviki M.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M valdi að fara í augasteinaaðgerð með fjölfókus gerviaugasteinum þar sem hún var ekki sátt við sjónina eins og hún var orðin. Að sjónin í dag standist ekki væntingar er miður en getur að mati V ekki talist sjúklingatryggingaatburður. Í dag þarf M að nota dauf gleraugu til að fá bestu sjón. Ekki hefur verið gert sennilegt að staða hennar í dag sé verri en fyrir meðferð hjá X. Líklegt sé að versnun sjónar tengist augnþurrki, sem sé væntanlega helsta augnvandamál M í dag. X kannast ekki við kvartanir M vegna tvísýni en telur að þar sé M að vísa til svokallaðs skugga eða draugs. Það eru einkenni sem algeng eru hjá þeim sem hafa fengið fjölfókus gerviaugasteina. Vísar V til þess að M hafi gengist undir fleiri aðgerðir á augum og hafi auk þess ýmis heilsufarsvandamál en þeir sjúkdómar og lyfin sem þeim tengjast geta valdið og/eða ýtt undir þurrkvandamál í augum. V telur því að M hafi ekki gert líklegt að einkenni hennar séu fylgikvillar sem rekja megi til augasteinaaðgerða fyrir 6 árum síðan.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Í þeim töluliðum segir að bætur skuli greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til eftirtalinna atvika:

„1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.“

Engin læknisfræðileg gögn né álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra aðila liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að aðgerðunum sem M gekkst undir á árinu 2016 hafi ekki verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til álita að réttur til bóta úr tryggingunni hafi stofnast á grundvelli 1. töluliðar. Kemur þá til skoðunar hvort M búi við fylgikvilla eftir aðgerðina sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að hún búi við bótalaust. Líta þarf til þeirra atriða sem nefnd eru hér að ofan við mat á því. Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu sem sýna fram á að M búi við fylgikvilla sem rekja má til annarrar hvorrar aðgerðarinnar sem hún gekkst undir á árinu 2016. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að meta hvort skilyrðið um alvarleika fylgikvillans hafi verið uppfyllt. Af ofangreindu leiðir að M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 397/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 19. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 7. júlí 2022 hafi tjón orðið á bifreið M þegar grindverk á vegum X fauk á hana í miklu roki. Að mati M gekk X ekki nægjanlega vel frá grindverki sem afmarkar vinnusvæði með þeim afleiðingum að grindverkið fauk á tvær bifreiðar sem voru staðsettar á bifreiðastæði þar við hlið. Önnur bifreiðin var í eigu M og varð hún fyrir tjóni vegna girðingarinnar. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins með tölvupósti dags. 12. október 2022. M telur að X hefði átt að tryggja girðinguna betur fyrir veðrið sem varð 7. júlí 2022 en girðingin hafi verið í umráðum X lengi. Starfsmaður X hafi sagst hafa samband við yfirmenn sína vegna tjónsins og tjáð lögreglu að X ætlaði að sjá til þess að girðingin yrði fest betur svo að hún myndi þola meiri vind. Þá varaði X íbúa ekki við því að leggja í bifreiðastæði við girðinguna. Þannig telur M að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið sinni á grundvelli sakarreglunnar og vinnuveitendaábyrgðar.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Girðingin hafi verið sett upp með hefðbundnum hætti og þungir steinar haldi girðingunum saman. Atvikið hafi átt sér stað um hásumar og engar veðurviðvaranir höfðu verið gefnar út fyrir svæðið. Veðurspá var ekki með þeim hætti að fyrirséð hafi verið að ráðast þyrfti í sérstakar ráðstafanir vegna veðurs þrátt fyrir að síðar hafi komið í ljós að vindar á svæðinu gætu orðið óvenjulega sterkir líkt og á tjónsdegi. Það voru ekki starfsmenn M sem settu upp girðinguna og geti því ekki borið ábyrgð á því ef eitthvað var gert rangt við uppsetningu hennar. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið sýnt fram á að uppsetningu hafi verið ábótavant eða með öðrum hætti en venjulega tíðkast.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreiðinni A megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Samkvæmt upplýsingum frá X voru það ekki starfsmenn félagsins sem settu girðinguna upp, það voru starfsmenn annars félags en X hafði á tjónsdegi umráð yfir henni. Að mati nefndarinnar hefur M ekki sýnt fram á að uppsetning girðingarinnar hafi með einhverjum hætti brotið í bága við það sem almennt má gera ráð fyrir og/eða að starfsmenn X hafi vitað eða mátt vita að girðingin gæti fokið við aðstæður líkt og mynduðust á tjónsdegi þannig að athafnaskylda hafi hvílt á starfsmönnum X til að bregðast við. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 398/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúkra- og slysatrygging.
Nafn vátryggðs: X

Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 19. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 10. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að X hafi dottið við veiðar hinn 6. september 2019 og hlotið rifu í liðþófa sem hafi leitt til óvinnufærni hans 5. september 2021. M telur að réttur til bóta tímabundinn missi starfsorku úr sjúkra- og slysatryggingu sé fyrir hendi vegna óvinnufærni X.

M bendir á að einungis sé gerð krafa um bætur vegna tímabundins missis starfsorku og tjón hafi komið til eftir að hann gekkst undir aðgerð hjá bæklunarskurðlækni eftir að hafa áður sótt sjúkraþjálfun og meðferð hjá öðrum lækni.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að tjónið var tilkynnt 27. september 2021 eða um tveimur árum eftir það atvik sem M telur að hafi leitt til tjónsins og að í læknisfræðilegum gögnum komi fram að X hafi fyrst leitað til læknis 25. febrúar 2021. Einnig bendir V á að ítrekað hafi verið leitað eftir upplýsingum frá læknum og sjúkrastofnunum vegna X án árangurs. V bendir á að læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 12. október 2022 sýni ekki með skýrum hætti að óvinnufærni sé rakin til tjónsatburðar 6. september 2019 og ekki liggi fyrir samtímagögn vegna atviksins eða upplýsingar frá sjúkraþjálfara. Þannig telur V ósannað að ætluð óvinnufærni X sé hægt að rekja til þess atviks sem hann tilkynnti til V og átti sér stað hinn 6. september 2019.

Í viðbótarathugasemdum X vegna málskotsins dags. 10. janúar 2023 kemur fram að X kveðst hafa leitað meðferðar fyrst hjá sjúkraþjálfara vegna tjónsatviksins og lögð hafi verið fram gögn frá bæklunarlækni sem framkvæmdi aðgerð á X. Auk þess vísar X til þess að hann hafi svarað öllum tölvupósti V og hafi félagið átt að leiðbeina honum frekar ef þær upplýsingar væru ekki fullnægjandi.

Álit.

Ágreiningur er um rétt M til greiðslu bóta vegna óvinnufærni X. Í tjónstilkynningu er vísað til þess óvinnufærni tengist tjónsatviki sem átti sér stað 6. september 2019. Þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu sýna ekki með skýrum hætti að óvinnufærni X sé tilkomin vegna þess atviks. Sönnunarbyrði um það ber M og verður að bera hallann af sönnunarskorti. Af þeim gögnum sem M leggur fram verður ekki ráðið að V hafi vanrækt að upplýsa M um hvaða gögn þyrfti að leggja fram til að bætur greiddust, auk þess sem sýnt er að V reyndi að afla læknisfræðilegra gagna án árangurs. Eins og málið liggur fyrir nefndinni er því ekki unnt að fallast á að M eigi rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt til bóta úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 400/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila: V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækja.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1, dags. 13. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2, dags. 19. desember 2022.
4. Tölvupóstur M, dags. 23. desember 2022.
5. Tölvupóstur V2, dags. 3. janúar 2023.
6. Tölvupóstur V1, dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.
Í gögnum málsins kemur fram að bifreið A var ekið aftan á bifreið B hinn 20. apríl 2022. Í gögnum málsins kemur fram að V1, sem vátryggði bifreið A á tjónsdegi, féllst á bótaskyldu gagnvart M, eiganda bifreiðar B, með tölvupósti, en eftir það sendi V1 þá afstöðu félagsins til M að ekki væri fallist á að bæta tiltekið tjón á afturhluta bifreiðar B. Í gögnum málsins er skýrsla Aðstoðar&Öryggis dags. 11. nóvember 2022 þar sem kemur fram að bifreiðar A og B hafi verið bornar saman m.t.t. ákomustaða í árekstri. Í sömu skýrslu kemur fram það mat skýrsluhöfundar að afar líklegt sé að beygla á farangursloki (afturhlera) bifreiðar B sé eftir framenda bifreiðar A þegar bifreið A var ekið aftan á bifreið B hinn 20. apríl 2022.

M telur að gögn málsins sýna að tjón á farangursloki bifreiðar B sé vegna áreksturs við bifreið A og vísar um það til skýrslu Aðstoðar&Öryggis dags. 11. nóvember 2022.

V2 telur að M eigi að fá tjón sitt bætt að fullu frá V2 og byggir á því í fyrsta lagi að V2 hafi þegar viðurkennt bótaskyldu í málinu og sé skuldbundið af þeirri ákvörðun. Hins vegar vísar V1 til samskipta ökumanna eftir árekstur og rannsóknar Aðstoðar&Öryggis vegna málsins sem staðfesti bæði atvik og hvaða skemmdir hafi orðið.

V1 hefur hafnað greiðsluskyldu vegna tjóns á farangursloki/afturhlera bifreiðar B og telur skýrslu Aðstoðar&Öryggis ekki sanna að slíkt tjón hafi orðið við árekstur milli bifreiða A og B hinn 20. apríl 2022. V1 vísar til þess að ekkert tjón hafi verið sjáanlegt framan á bifreið A eftir áreksturinn, en m.v. ákomu á bifreið B hafi þurft nokkuð högg til, sem hefði þá skilið eftir ákomu á bifreið A. Einnig vísar V1 til þess að ekki hafi komið fram í téðri skýrslu hverjir hafi verið viðstaddir samanburð á bifreiðunum og heil vika hafi liðið frá því að tjónsatvik varð þar til skýrsla var gerð, auk þess sem ökumaður bifreiðar A hafi staðfastlega neitað því að tjón á afturhlera bifreiðar B hafi verið af hans völdum. V1 telur að M eigi að bera hallann af sönnunarskorti vegna málsins.

Álit.
Í málinu liggur fyrir að árekstur varð milli bifreiða A og B hinn 20. apríl 2022, en ágreiningur er um hvort tjón á afturhlera bifreiðar B hafi orðið í þeim árekstri. Í skýrslu Aðstoðar&Öryggis dags. 11. nóvember 2022, sem sérstaklega var aflað til að kanna líkur á þessu, kemur fram að skýrsluhöfundur telji „afar líklegt“ að tjón á umræddum afturhlera sé vegna tilgreinds áreksturs bifreiða A og B. Verður einhliða yfirlýsing ökumanns bifreiðar B um að hann telji tjónið ekki hafa komið til í þessum árekstri ekki talið hnekkja niðurstöðu skýrslunnar, eða það hvort og þá hverjir hafi verið viðstaddir samanburð á bifreiðunum. Frekari gögn um eðli tjónsins hafa ekki verið lögð fyrir nefndina. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst komin fram sönnun um að tjón á afturhlera bifreiðar B hafi orðið við árekstur við bifreið A hinn 20. apríl 2022 og er V1 því greiðsluskylt vegna alls tjónsins úr ábyrgðartryggingu bifreiðar A.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 401/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Sönnun tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. janúar 2023.
3. Tölvupóstur V, dags. 30. nóvember 2022 og 27. janúar 2023.
4. Ódagsettar athugasemdir M.
5. Tölvupóstur V, dags. 27. janúar 2023.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að M hafi verið við akstur á bifreið sinni hinn 12. nóvember 2022 þegar grófmöl hafi rignt yfir bifreið hans. M framvísar myndum af skemmdum á bifreið sinni, sem vátryggð er hjá V2 og mynd af vörubifreiðinni X sem vátryggð er hjá V, ásamt vagni og myndskeiði þegar ekið er framúr bifreið X með umræddum vagni. Ökumaður X kveðst hafa verið við akstur á sama stað og M en lýsir atvikum þannig að vagn aftan í bifreið X hafi verið tómur þar em hann hafi verið á leið í námu að sækja efni. Einnig telur ökumaður X að veður hafi verið stillt ásamt úrkomu og það dragi úr líkum á því að laus jarðefnið fjúki, auk þess sem varasamt hafi verið að fara framúr ef aðstæður hefðu verið þessar.

M telur að sýnt sé að grjót hafi komið frá vörubifreiðinni X hvort sem það hafi komið af palli hennar eða þannig að grjót eða steinar geti hafa setið fastir milli hjóla. Einnig mótmælir M skýringum ökumanns X á málinu og bendir á að hann hafi tekið framúr X til að koma í veg fyrir frekara tjón.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sannað að tjón á bifreið M sé hægt að rekja til notkunar bifreiðar X. Í myndbandi hafi ekkert komið fram um grjótkast frá X og vitnar V í frásögn ökumanns X um að vagn hafi verið tómur og veðuraðstæður góðar. Einnig telur V að hluti tjóns á bifreið M virðist af myndum vera vegna annars en grjótkasts og sé tjón víða á bifreið M, t.d. bílstjóramegin sem varla verði rakið til atvika sem M lýsir. Ekki séu heldur frekari sönnunargögn sem styðji mál M.

Vátryggingafélag M gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málskotsins.

.

Álit.
Í gögnum málsins kemur fram að bæði M og ökumaður bifreiðarinnar X staðfesta að þeir hafi ekið á sama tíma á sama stað hinn 12. nóvember 2022. Ágreiningur er hins vegar um hvort grjót hafi farið af bifreið X á bifreið M við akstur þar og/eða við framúrakstur M. Í gögnum málsins liggur fyrir myndbandsupptaka af framúrakstri sem ekki sýnir grjótkast og ökumaður X segir að tengivagn hafi verið tómur á þeirri leið sem ekið var í greint sinn. Myndir af bifreið M sýna skemmdir á en ekkert mat liggur fyrir á því að þær skemmdir séu líklegastar til að koma til vegna grjótkasts. Ekki var um að ræða akstur á malarvegi og engin vitni eru að atburðinum sem geta stutt frásögn M.

Sönnunarbyrði um hvort tjón á bifreið M telst ótvírætt rakið til notkunar X hvílir á M. Hallann af sönnunarskorti um að ótvírætt sé hægt að rekja skemmdir á bifreið hans til aksturs X verður því M að bera. Af framlögðum gögnum hefur sönnun ekki fyllilega tekist og á M þannig ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. .

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 402/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila V1 og V2
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Árekstur á brú.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 20. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V1 dags. 18. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem aðilar virðast þó hafa fyllt út hver í sínu lagi, varð, hinn 28. október 2022, árekstur milli bílaleigubifreiðarinnar B, sem M ók umrætt sinn, og A, við Jökulsárlón. Á báðum eintökunum er hakað við að A hafi ekið aftan á B í akstri a sömu akrein og í sömu átt, en ekki er hakað við aðra valmöguleika um tjónsatvik. Í nánari lýsingu A á atvikum segir að hún hafi verið að aka yfir Jökulsárbrú þegar B byrjaði að bakka vegna bíls úr gagnstæðri átt, hún hafi ekki náð að hemla í tæka tíð og lent aftan á B. M lýsir atvikum á þann veg að hæð á einbreiðri brúnni hafi varnað því að hann sá aðra bifreið á henni þegar hann ók inn á hana. Þegar hann varð þeirrar bifreiðar var hafi hann stöðvað og gætt að aðstæðum áður en hann hóf akstur aftur á bak. Þegar hann varð A var, um 200 metrum fyrir aftan sig hafi hann stöðvað M. A hafi því keyrt aftan á B eftir að hún hafði staðnæmst. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar vátryggingafélaganna og var niðurstaða hennar sú að ökumaður A bæri helming sakar vegna þess að hann hafi ekki gætt nægilega að umferð fyrir framan sig og B bæri helming sakar fyrir að gæta ekki nægilega að sér við akstur aftur á bak. M fellir sig ekki við þá niðurstöðu og segir í málskoti að hann hafi stöðvað aksturinn þegar enn hafi verið um 200 metra fjarlægð milli A og B. Hafi A ekki stöðvað heldur ekið á B kyrrstæða.

Í bréfi V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, er lýst þeirri afstöðu að B beri alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak. Ljóst sé að B hafi verið ekið aftur á bak í aðdraganda áreksturs, en ósannað sé hvort, og hve lengi B hafi staðnæmst fyrir atvikið. Af lýsingu A svo og ljósmyndum af vettvangi bendi þó allt til þess að akstri B aftur á bak hafi ekki verið lokið er árekstur átti sér stað. Hafi M því ekki gætt nægilega að áskilnaði 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um aðgæslu við akstur aftur á bak og hafi það orsakað umræddan árekstur.

V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, lýsir í bréfi sínu til nefndarinnar þeirri afstöðu að A beri alla sök á umræddum árekstri þar sem gríðarlega rík aðgæsluskylda hvíli á ökumönnum sem koma akandi að einbreiðum brúm og ósannað sé að B hafi verið ekið aftur á bak er árekstur varð. Hafa verði í huga að B hafi verið á brúnni um nokkurt skeið. Henni hafi verið ekið inn á brúna, en staðnæmst þegar ljóst var að bifreið var komin á brúna úr gagnstæðri átt. B hafi þá ekið aftur á bak en hafi verið kyrrstæð um nokkurt skeið þegar A ók aftan á hana. Rétt viðbrögð A, þegar ökumaður hennar varð þess var að tvær bifreiðar voru á hinni einbreiðu brú hefðu verið að staðnæmast að fullu. Hafi A þá átt að haga akstursrhaða sínum með þeim hætti að hægt væri að bregðast við umferð á brúnni og þeim vanda sem þar var kominn upp. Hámarkshraði á vettvangi sé 30 kílómetrar á klukkustund og hefði A því átt að hafa nægt ráðrúm til að bregðast við. B hafi hins vegar brugðist rétt við í öllu og stöðvað akstur aftur á bak er hann varð A var.

Álit.

Umræddur árekstur átti sér stað einbreiðri brú, en áður en ekið er að henni eru umferðarmerki við veginn sem vara sérstaklega við því að um einbreiða brú sé að ræða auk þess sem hámarkshraði á brúnni og einbreiðum vegarkafla framan við hana er 30 kílómetrar á klukkustund. Er ljóst að við slíkar aðstæður hvílir afar rík aðgæsluskylda á ökumönnum. Þá er ágreiningslaust að B hafði hafið akstur inn á brúna þegar hann varð var annarrar bifreiðar sem hafið hafði akstur inn á brúna úr gagnstæðri átt. Er og óumdeilt að B hóf akstur aftur á bak til að forðast árekstur við þá bifreið með því að aka B af brúnni. Verður því að miða við að B hafi verið á brúnni í nokkra stund fyrir áreksturinn. Aðila greinir hins vegar á um hvort B hafi verið kyrrstæð eða henni ekið aftur á bak við árekstur A og B, en á sameiginlegri og undirritaðri framhlið tjónstilkynningar kemur ekkert fram um afstöðu B í aðdraganda áreksturs. Hvað

sem því líður verður þá að líta svo á að A hafi mátt gera sér grein fyrir að um einbreiða brú væri að ræða og haga akstri sínum til samræmis við það, svo og það að gera má ráð fyrir að A hafi mátt verða þess var að önnur ökutæki voru á brúnni og að ökumaður B þyrfti að aka henni aftur á bak af brúnni til að forða árekstri. Við einbreiðar brýr má einmitt vænta slíkra aðstæðna, og þurfa ökumenn þá að haga akstri sínum þannig að ráðrúm sé til að bregðast við, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Er það því mat nefndarinnar að ökumaður A beri alla sök á umræddum árekstri.

Niðurstaða.
Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 403/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Launatrygging X

Gildissvið vátryggingar. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. janúar 2023..
3. Bréf M, dags. 9. janúar 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi með tjónstilkynningu til V dags. 17. desember 2021 tilkynnt um óvinnufærni sína vegna veikinda í tengslum við kulnun og streitu. M hafi verið óvinnufær frá 9. september 2021 og hafi síðan verið sagt upp störfum hjá vinnuveitanda sínum og sé enn óvinnufær. M gekk í X með beiðni dags. 6. október 2019 og í þeirri beiðni kemur fram að M samþykki, með undirritun sinni, að henni sé ljóst að sjúkrasjóður félagsins greiði ekki bætur vegna óvinnufærni af völdum sjúkdómsástands sem henni var eða mátti vera kunnugt um fyrir undirritun beiðninnar. Vátryggingarvernd M hjá V kom til vegna inngöngu hennar í X og af gögnum málsins verður ekki annað skilið en að sjúkrasjóður félagsins sé svokölluð launatrygging hjá V.

V hefur hafnað bótum vegna óvinnufærni M og telur 3. gr. vátryggingarskilmála eiga við, en þar komi fram undanþáguákvæði í i. og j.lið varðandi m.a. sjúkdóma sem hinn vátryggði vissi eða mátti vita að hann var haldinn áður enn hann gekk í X sem og sjúkdóma sem fyrst sýndu einkenni, á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi eða versnandi heilsufarsástæður á því tímabili. V telur að upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum sýni að M hafi verið haldin kvíða- og fælniröskun nokkuð lengi, sbr. ummæli í læknisvottorði dags. 24. janúar 2022 og hafi verið ávísað geðdeyfðarlyfjum frá því í nóvember 2018. V telur að óvinnufærni M frá 9. september 2021 tengist fyrra heilsufari hennar sem hafi magnast upp vegna atvinnuástands, sbr. ummæli í sama læknisvottorði.

M telur að hún eigi rétt á bótum úr launatryggingu V vegna óvinnufærni og telur að 3. gr. vátryggingarskilmála eigi ekki við. M bendir á það sjúkdómsástand sem hafi komið til vegna kulnunar í september 2021 tengist ekki fyrra heilsufari og hafi lyfjaávísanir til hennar verið vegna annars vegar vefjagigtar og fyrirtíðaspennu hafi ekki verið vegna geðdeyfðar heldur til þess að takast á við tiltekin einkenni. Þó þau lyf sem M fékk ávísað hafi verið geðdeyfðarlyf þá hafi skammtastærðir þær sem M tók ekki verið ætlaðar til meðferðar við kulnun eða kvíðasjúkdóms.

Álit.

Ágreiningur er um hvort veikindi M sem leiddu til óvinnufærni hennar í september 2021 séu þess eðlis að þau tengist sjúkdómi sem hún vissi eða mátti vitað að hún væri haldin áður en hún hlaut vátryggingarvernd hjá V, í ljósi undanþáguákvæðis í 3. gr. vátryggingarskilmála V, eða að sjúkdómurinn hafi fyrst sýnt einkenni þegar vátryggingin var ekki í gildi. Eins og fyrr segir er um að ræða undanþáguákvæði í vátryggingarskilmálum V, en ekki verður annað séð en að V hafi einhliða samið ákvæðin. Almennar túlkunarreglur vátryggingaréttar gera ráð fyrir því að V beri sönnunarbyrði um að skilyrði undanþáguákvæða vátryggingarskilmála séu uppfyllt. Í þessu máli liggja fyrir upplýsingar úr sjúkraskrá M um þá læknishjálp sem hún hafði hlotið áður en hún gekk í X í október 2019. Ekkert mat, eða sérfræðiupplýsingar liggja fyrir um hvort sú læknishjálp hafi falið í sér meðferð við sambærilegum einkennum og þeim sem leiddi til veikinda M í september 2021. Þó M hafi sýnt einkenni um vefjagigt eða fyrirtíðaspennu og jafnvel einkenni fælni- eða kvíðaröskunar, áður en hún hlaut vátryggingarvernd hjá V, verður ekki ráðið, án frekari læknisfræðilegs mats, að það séu orsakatengsl milli þess og veikinda M í september 2021. Hallann af sönnunarskorti um það ber V og M á því rétt á bótum úr launatryggingu hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr launatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 404/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við starf sitt í þágu X þann 21. september 2021. Atvikið varð með þeim hætti að M opnaði bílhurð í strekkingsvindi, hurðin fauk upp og þegar M reyndi að halda í hurðina, kom hnykkur á hendi M. Bíllinn sem um ræðir var nýlegur og var ekki fokband til staðar til að aftra því að bílhurðin gæti fokið upp. Í eldri bílum, þ.á.m. þeim sem M hafði áður unnið í voru slík fokbönd. M kveðst margsinnis hafa beðið X um að koma fyrir fokbandi í bílnum svo ekki þyrfti að halda við bílhurðina þegar veður gæfi tilefni til þess. Ekkert hafi verið aðhafst af hálfu X þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir M í þá veru. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við ákvæði 79-81. gr. laga nr. 46/1980 og vísar M til ýmissa dóma því til stuðnings að við þær aðstæður beri vátryggingartaki hallann af óvissu vegna ágreinings sem kann að rísa vegna málsatvik og aðstæðna í umrætt skipti. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 15. nóvember 2022. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og 77/2019 og reglugerða settra með stoð í þeim lögum auk dóma og telur að X hafði brugðist þeirri skyldu sinni að hlutast til um að tryggja öryggi starfsmanna. Felur það í sér vítavert gáleysi af hálfu X og ber hann því ábyrgð á því tjóni M sem hlaust af þessu athafnaleysi.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að M hafi hvorki sýnt fram á sök X né orsakatengsl á milli meints athafnaleysis X og tjóns M. V vísar jafnframt til þess að ástæða þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins strax var sú að X fékk engar upplýsingar um slysið á tjónsdegi né næstu daga þar sem M svaraði hvorki símtölum né tölvupóstum frá yfirmönnum sínum í langan tíma. Þetta skeytingarleysi M og skort á upplýsingum frá honum verður að meta honum í óhag og ljóst að V verður ekki látið bera halla af sönnun í málinu. V hafnar því að bifreiðin hafi verið vanbúin, hún hafi staðist allar skoðanir og uppfyllt öll öryggisatriði. Hún var síðast skoðuð fyrir slysið í mars 2021. Það að ekki hafi verið komið fyrir aukabúnaði sem er á engan hátt nauðsynlegur eða gerð krafa um samkvæmt neinum öryggisstöðlum getur ekki talist sem vanbúnaður þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir þessum búnaði. Mótmælir V því að fokbönd séu til þess gerð að koma í veg fyrir líkamstjón bílstjóra eða annarra. Þau eru til þess gerð að koma í veg fyrir það að bílhurðar fjúki upp og valdi tjóni á bílnum sjálfum eða öðrum munum eða aðilum sem hurðin gæti fokið á. Fokbönd eru ekki gerð með öryggi bílstjóra í huga og snúa ekki að því. Ósannað er að fokband hefði komið í veg fyrir slysið þar sem venjan er að fokbönd stöðvi ekki bílhurð fyrr en hún hefur opnast töluvert langt út og því allar líkur á að handleggur M sem hélt í hurðina hefði stöðvað hurðina áður en fokband hefði gert það og afleiðingarnar þannig orðið þær sömu og raun varð.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að X hafi mátt vera ljóst að M var óvinnufær strax morguninn eftir slysið og hafi því borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt gögnum málsins var slysið skráð hjá X í síðasta lagi 29. september 2021 en ekki sent Vinnueftirlitinu fyrr en 17. janúar 2022. Í viðbótarathugasemdum V er þessu hafnað sem röngu. Hið rétta er að slysið var skráð í atvikaskráningu þann 11. janúar 2022 en var fyrst skráð með rangri tjónsdagsetningu þ.e. 29. september 2021 í stað 21. september 2021. Dagsetningar sem M vísar í eru ekki dagsetningar á því hvenær slysið var skráð, heldur eru þetta dagsetningar á því hvenær slysið átti sér stað. M hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hann hafi veitt X upplýsingar um slysið fyrr en nokkrum mánuðum eftir að það átti sér stað.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í athugasemdum sínum til nefndarinnar hefur X upplýst að það skorti upplýsingar frá M til þess að geta tilkynnt slysið og að M hafi hvorki svarað símtölum né tölvupóstum frá X í langan tíma eftir slysið. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hann hafi með sannanlegum hætti tilkynnt yfirmönnum eða öðrum starfsmönnum X um tildrög slyssins og er því ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að X tilkynnti ekki slysið strax til Vinnueftirlitsins. Ber M því sönnunarbyrði um það að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. M byggir á því að hann hafi ítrekað óskað eftir því að svokölluð fokbönd yrðu sett í bifreiðina og að orsakatengsl séu milli tjónsatviksins og þess að slík bönd voru ekki til staðar. Hefur M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings. Þrátt fyrir að í svokallaða atvikaskráningu starfsmanna hafi undir liðnum tillaga að úrbótum verið nefnd fokbönd verður það ekki talið fela í sér viðurkenningu á sök eða sönnun þess að bifreiðin hafi verið vanbúin eða að slík bönd hefðu komið í veg fyrir tjónið. Ber M þannig hallann af sönnunarskorti um ofangreind atriði. Er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 405/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 7. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 2. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 12. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 5. janúar 2021 hafi óhapp átt sér stað við uppdælingu á sementi á athafnasvæði X með þeim afleiðingum að sementsryk dreifðist um aðliggjandi svæði. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns sem þetta hafi haft í för með sér á bifreið og fasteign hans. V hafi fallist á að atvikið sem slíkt væri bótaskylt en hafi hins vegar hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingunni vegna tjónsins. M kvartar yfir því að V hafi ekki sent þar til hæfa matsmenn til að meta tjón hans með fullnægjandi hætti innan eðlilegra tímamarka eftir að viðurkenning á bótaskyldu lá fyrir, heldur hafi höfnun þess hvað varði tjón á fasteign M verið byggð á einhliða mati á tjóninu sem hafi verið framkvæmt tíu mánuðum eftir tjónsdag. Þá hafi bifreið í eigu félags sem M sé í forsvari fyrir orðið fyrir tjóni og liggi fyrir mat Y, bifreiðaumboðs, á því en þar komi fram að innri vélarbúnaður bifreiðarinnar sé þakinn sementsryki, síur séu stíflaðar, rúður mattar eftir snertingu við rykið o.s.frv. Sýnt sé að fasteign M, lausafé og bifreið hafi orðið fyrir tjóni vegna sementsryks sem legið hafi yfir svæðinu mánuðum saman. Vandséð sé hvernig M sé stætt á því að hafna bótaskyldu á grundvelli einhliða aflaðs mats eftir að M hafi ítrekað farið fram á að fullnægjandi tjónsmat væri framkvæmt. Framganga V og meðferð þess á málinu samræmist þá ekki lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Er aðalkrafa M sú að úrskurðað verði um greiðsluskyldu en til vara og þrautavara er gerð krafa um að nefndin úrskurði um það hvort málsmeðferð af hálfu V sé til samræmis við lög og skilmála viðeigandi vátryggingar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ekki sé deilt um atvikið sem slíkt eða bótaskyldu vegna þess og hafi félagið greitt út bætur til nokkurra tjónþola, þeirra á meðal M, en greitt hafi verið fyrir þrif og lakkviðgerð á bifreið í hans umráðum, og hlutast til um þrif á bifreiðum og fasteignum sem sannanlega hafi orðið fyrir tjóni. Hvað varði varakröfu M telji V þá að málsmeðferð þess hafi á öllum stigum verið til samræmis við lög og skilmála félagsins, auk þess sem það falli utan valdsviðs nefndarinnar að taka afstöðu til umkvartana um málsmeðferð. Tjón á bifreiðinni hafi verið að fullu bætt. Hvað varðar meint tjón á fasteign M vísar V til fyrirliggjandi matsgerðar verkfræðistofunnar Z þar sem fram komi að engar beinar skemmdir á fasteigninni séu til staðar vegna sementsryks eða hreinsunar þess. Það hvíli á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns, og telji M að um raunverulegt tjón, sem ekki hafi þegar verið bætt, sé að ræða, hvíli það á honum að leggja fram gögn því til staðfestingar. Það hafi ekki verið gert og eigi M ekki frekari rétt til bóta.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttuð sú afstaða að tjón hans hafi ekki verið að fullu metið eða bætt af hálfu V. Hvað bifreiðina varði þá hafi M verið bent á það eitt að láta þrífa hana á bifreiðaverkstæði Þ. Það úrræði hafi dugað skammt og hafi bifreiðin alls ekki verið þrifin með fullnægjandi hætti. Eftir nokkurn eftirrekstur hafi M verið vísað á bifreiðaverkstæðið Æ þar sem bifreiðin hafi verið þrifin og mössuð að hluta. Sú aðgerð hafi einungis dugað til bráðabirgða og M hafi að eigin frumkvæði farið með bifreiðina á bílasprautunarverkstæðið Ö en starfsmaður Ö hafi metið það svo að lakk bifreiðarinnar væri mögulega skemmt og áferð þess mött auk þess sem sement hafi enn fundist víðs vegar á bifreiðinni. M hafi farið fram á það við Ö að óskað væri eftir því við V að bifreiðin yrði tekin til mats og viðgerðar hjá Ö en V hafi hafnað þeirri umleitan með vísan til þess að með vinnu Æ við bifreiðina hafi tjón M verið bætt að fullu. Ljóst sé þó að svo hafi ekki verið, enda hafi enn verið sement í vélarrúmi bifreiðarinnar og á yfirborði hennar og tjón M hafi aldrei verið raunverulega metið. Við skoðun Y á bifreiðinni, um níu mánuðum eftir tjónsatvikið, hafi enda komið í ljós að sementsryk var enn í bifreiðinni, og liggi fyrir

skrifleg staðfesting þess efnis. Þar sem fullnægjandi mat hafi ekki farið fram á bifreiðinni sé þá ekki sýnt fram á að tjón M að þessu leyti hafi verið fullbætt. Hvað fasteign M varði telji M þá fullvíst og að mörgu leyti sannað að tjón hafi orðið á fasteign hans, enda sýni hjálögð gögn og ljósmyndir það. Þá sé sementsryk enn að gera vart við sig svæðinu um tveimur árum eftir umrætt atvik og því ljóst að hreinsunaraðgerðir á vegum V hafi ekki dugað til. Þá eru enn gerðar athugasemdir við starfshætti M sem hafi loks látið meta tjónið, með einhliða mati, rúmlega tíu mánuðum eftir tjónsatvik en M hafi staðið í þeirri trú að mat mundi fara fram á tjóni hans fljótlega eftir tjónsatvik og að hann fengi tjón sitt að fullu bætt. Hvað varði valdsvið nefndarinnar sé henni þá falið að fjalla um ágreining á grundvelli laga um vátryggingarsamninga svo og annarra viðeigandi réttarheimilda, og sé því til þess bær að taka afstöðu til lögbundinna réttinda M við úrvinnslu málsins.

Í viðbótarathugasemdum V er áréttað að V telji tjón M fullbætt. Sönnunarbyrði um umfang tjóns hvíli á tjónþola, sér í lagi í þeim tilvikum sem hann telji tjón sitt vanbætt. Þar sem M hafi ekki lagt fram gögn er færi sönnur á meint tjón hans hafi slík sönnun ekki tekist.

Álit.

Óumdeilt er meðal aðila að óhapp á athafnasvæði X hafi valdið útblæstri sementsryks sem dreifðist um nágrennið. Þá er og óumdeilt að bótaskylda vegna tjóns sem rekja megi til þess sé til staðar úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Aðila greinir hins vegar á um umfang þess tjóns sem M hafi orðið fyrir og hvort það hafi verið bætt með fullnægjandi hætti með þeim aðgerðum sem ráðist var í af hálfu V. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns.

Hvað varðar meint tjón á fasteign M þá liggur fyrir tjónamatsskýrsla verkfræðistofunnar Z, en tjónaskoðun fór fram hinn 6.október 2021. Kemur þar fram að lögmaður M hafi verið viðstaddur upphaf skoðunar og lagt fram kröfugerð vegna hennar. Niðurstaða matsins er sú að engar beinar skemmdir séu á húseigninni vegna sementsryks eða eftirfarandi hreinsunar. M telur þrátt fyrir það að tjón hafi orðið á fasteign hans og krefst bóta vegna þess. Engin gögn, s.s. mats- eða álitsgerð, hafa þó verið lögð fram er sýni fram á slíkt tjón, hafa þó verið lögð fram er sýni fram á tjón á fasteigninni. Ódagsettar ljósmyndir sem lagðar eru fram af hálfu M og sýna vissulega óhreinindi á rúðum og töluvert sementsryk á útidyratröppum verða þannig ekki taldar hnekkja þeirri niðurstöðu fyrrnefndrar matsskýrslu að ekki sé sýnt fram á beinar skemmdir á húseigninni af völdum sementsryks eða hreinsunar. Hefur M því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á tjón sitt að þessu leyti.

Hvað varðar umfang tjóns á ofangreindri bifreið gilda sömu meginreglur hvað varðar sönnunarfærslu. Til sönnunar á tjóni sínu hefur M lagt fram tölvupóst, dags. 24. september 2021, frá bifreiðaumboðinu Y ásamt ljósmyndum af bifreiðinni. Í tölvupóstinum segir: „Mikið um fínt sements ryk yfir öllu vélarrými og einnig mikið í loftsíunni eins og sést á myndunum.“ Ekki liggur fyrir frekara mat eða gögn um ástand bifreiðarinnar, eða að það megi rekja til umræddsa tjónsatburðar hinn 5. janúar 2021, en skoðun Y fór fram tæpum níu mánuðum síðar. Þá liggja ekki fyrir nefndinni nein gögn er sýni fram á tjón á ytra byrði bifreiðarinnar sem rakið verði til umræddsa atviks. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því ekki talið að M hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir frekara tjóni en hefur þegar verið bætt af hálfu V.

Hvað varakröfu og þrautavarakröfu M varðar þá byggir hann á því að málsmeðferð af hálfu V hafi ekki verið til samræmis við lög og reglur eða viðeigandi vátryggingarskilmála. Er þó ekki vísað til tiltekinna ákvæða laga, reglna eða skilmála þessu til stuðnings. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar fjallar hún um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, þó með þeim takmörkunum sem leiða af 4. gr. um frávísunarástæður. Þar sem ekki verður talið sýnt fram á, á grundvelli málatilbúnaðar M, að og þá með hvaða hætti málsmeðferð af hálfu V hafi brotið gegn ákvæðum laganna verður varakröfu og þrautavarakröfu M hafnað þegar af þeirri ástæðu.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 7. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 406/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Slysahugtak vátryggingaréttar. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot sent 25. ágúst 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. desember 2022.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. nóvember 2020 hafi M lyft barnabarni sínu upp. Hafi barnið farið að berjast um í fangi hennar og hafi M við það fengið mikla verki í bakið. Samkvæmt myndgreiningu sem M gekkst undir hinn 18. mars 2021 var hún greind með fjölda samfallsbrota í hrygg auk útbreiddra slitbreytinga. M telur bótaskyldu úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar til staðar en V hafi, með bréfi dags. 2. desember 2021, hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að atvikið uppfylli ekki hugtaksskilyrði slysahugtaks vátryggingaréttar. M mótmælir því og byggir á því að tjón hennar megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar, þ.e. þess að barnið fór að berjast um. Í sjúkraskrá M segi í lýsingu heimilislæknis vegna komu hennar á heilsugæslu hinn 16. nóvember 2020 að hún hafi lyft barnabarni sínu og skyndilega fengið tak í mjóbakið. Varast beri að byggja of mikið á þeirri lýsingu enda hafi hún fyrst og fremst þjónað þeim tilgangi að skýra læknisfræðilegar ástæður áverka fremur en útlistun þess að atvik félli undir slysahugtak vátryggingaréttar. M hafi síðar lýst atvikum með nákvæmari hætti, og sé sú lýsing staðfest með vætti sonar hennar. Af þeirri lýsingu sé ljóst að um slys í skilningi vátryggingaréttar hafi verið að ræða og ekkert hafi komið fram sem geri þá lýsingu ótrúverðuga. Tjón M megi því rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar en ekki innra ástands og sé bótaskylda þ.a.l. fyrir hendi.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji ósannað að meiðsli M verði rakin skyndilegs utanaðkomandi atburðar en miða verði við samtímagögn við mat á því. Í fyrirliggjandi sjúkragögnum sé ekki getið um hreyfingar barnsins eða annað utanaðkomandi heldur aðeins það að M hafi fengið tak í bakið. Það hafi fyrst verið í tjónstilkynningu M, sem send hafi verið hinn 7. október 2021, að atvikum var lýst á þann hátt að barnið hefði barist um. Breyti yfirlýsing sonar M, sem sé dags. 25. ágúst 2022, eða hátt í tveimur árum eftir atvikið engu um framangreinda afstöðu enda sé hún seint fram komin. Þá byggir V á því að ársfrestur til að skjóta ágreiningi til nefndarinnar hafi verið liðinn þegar málskot barst hinn 5. desember 2022 enda hafi afstöðubréf V verið dags. 2. desember 2021..

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að málskot hafi verið sent hinn 25. ágúst 2022 og málskotsgjald innt af hendi sama dag. Málskotið og gögn þess hafi hins vegar ekki borist nefndinni. Þegar það hafi komið í ljós hafi M samstundis brugðist við og sent málskot og fylgigögn þess að nýju hinn 1. desember 2022, eða innan umrædds frestar.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti krefjist hann ekki meðferðar málsins fyrir úrskurðaraðila innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um höfnun félags á bótakröfu hans í heild eða að hluta. Fyrir liggur að bréf V, þar sem bótaskyldu er hafnað, er dags. 2. desember 2021. Þá liggur fyrir að gögn málsins bárust nefndinni með tölvupósti hinn 1. desember 2022. Hvort sem miðað er við það tímamark eða greiðslu málskotsgjalds liggur því fyrir að M hefur ekki glatað rétti til bóta á grundvelli þessa ákvæðis og verður ágreiningur aðila tekinn til efnislegrar skoðunar.

Í 4. kafla viðeigandi vátryggingarskilmála er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem er vátryggður og gerist án vilja hans. Aðila deilir á um hvort skilyrðið um utanaðkomandi skyndilegan atburð sé uppfyllt, en af lýsingu þeirri sem fram kemur í sjúkraskrá vegna komu M til læknis hinn 16. nóvember 2020, þ.e. að hún hafi fengið tak í bakið við að lyfta barninu, verður ekki ráðið að svo sé. Í síðar tilkomnum lýsingum M í tjónstilkynningu og málskoti og í vitnisburði sonar hennar um atvikið er hins vegar lýst atburðarás

sem felur í sér frávik frá því sem M mátti vænta og fellur undir framangreinda skilgreiningu slysahugtaksins. Þó almennt verði að byggja á samtímagögnum um atvik er ekki loku fyrir það skotið að nákvæmari og ítarlegri lýsingar geti komið fram síðar. Verður þá að skoða hvert tilvik fyrir sig varðandi það hvaða frásagnir verða lagðar til grundvallar enda styðji þá önnur gögn og atvik við þær. Fyrir liggur að M greindist með fjölda samfallsbrota og slitbreytingar í lendhrygg, en að einhverju leyti virðist hafa verið um eldri áverka að ræða. Þá má ráða af sjúkragögnum að M hafi hælbrotnað í maí 2019 og að einhver einkenni vegna þess kunni enn að vera til staðar. Einnig kemur fram að M hafi sótt sjúkraþjálfun en engin frekari gögn, s.s. greinargerð sjúkraþjálfara, um þá meðferð liggja fyrir nefndinni. Liggja því engin læknisfræðileg gögn fyrir nefndinni er styðja við atvikalýsingu M, um að einkenni hennar megi rekja til umrædds atviks og um líkur þess að atvikið hafi átt sér stað með tilteknum hætti umfram annan. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að áverkar M verði raktir til slyss í skilningi skilmálaákvæðisins og verður hún að bera hallann af því.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 407/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Vátryggingartaki ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta/Verslun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 1. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 12. desember 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 8. ágúst 2019, orðið fyrir líkamstjóni er hún féll fyrir utan húsnæði Y, en hún var þar að störfum í þágu vinnuveitanda síns, Z. Að vinnudegi loknum hafi hún gengið út á flísalagða verönd sem tilheyri húsnæði Y, en þá runnið í fitubletti á flísunum og fallið. Starfsmaður X, en það fyrirtæki sjái um mötuneytið í Y, hafi misst fituríka sósu á flísarnar og ekki þrifið nægilega vel eftir það óhapp. M gerir kröfu um bætur í ábyrgðartryggingu X vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir en V hafnaði kröfunni með bréfi dags. 16. september 2022 með vísan til þess að slys M yrði ekki rakið til sakar X. M byggir kröfu sína á því að tjón hennar sé að rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis þess starfsmanns X sem hafði umsjón með matarafgreiðslu hjá Y, enda hafi hann ekki þrifið flísarnar nægilega vel eftir að sósa fór á þær. Sjá megi þá á fyrirliggjandi myndbandsupptöku af atvikinu að sósa, sem starfsmaður X ferjaði í og úr húsnæði Y, hafi skilið eftir sig fitublett á flísunum. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerða settra með stoð í þeim máli sínu til stuðnings.

V mótmælir málavaxtalýsingu M, enda komi ekkert fram í gögnum málsins sem staðfesti að orsök meiðsla M hafi verið sú að starfsmaður X hafi hellt niður sósu eða vanrækt að þrífa eftir slíkt óhapp. Ekki sé sýnt fram á að starfsmaður X hafi hellt niður vökva á stéttina eða að það hafi gerst skömmu fyrir slysið. Ekkert liggi þá fyrir um það hvernig eða hvenær bleyta við inngang húsnæði Y hafi komið til. Umræddur starfsmaður hafi þá aðeins dvalið í stutta stund dag hvern í starfsstöð Y, þ.e. aðeins í þeim tilgangi að framreiða mat, og hafi hann ekki verið í neinni aðstöðu til að sjá til þess að lögum og reglum um húsnæði vinnustaða væri framfylgt, enda hvíli það fyrst og fremst á Y sem vinnuveitanda. Þá hafi slys M atvikast kl. 16:06 og sé gengið út frá því að vökvi hafi hellst niður um hádegisbil hefði það staðið starfsfólki Y nær að bregðast við hefðu hættulegar aðstæður skapast fyrir framan húsnæðið.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Fyrirliggjandi er myndbandsupptaka er sýnir vettvang á slysdegi og má greina af henni að bleyta er á flísunum á þeim stað þar sem M virðist hafa fallið. Hins vegar liggur ekkert fyrir, vitnisburðir eða upplýsingar um nánari skoðun á vettvangi eða annað, er sýni fram á að um hafi verið að ræða fitublett. Hafi fitublettur verið til staðar er þá ekki sýnt fram á að hann hafi komið til með þeim hætti sem M lýsir, þ.e. að starfsmaður X hafi misst niður sósu og vanrækt að þrífa hana nægilega. Eins og mál þetta horfir við nefndinni hefur því ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til athafna, athafnaleysis, eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 408/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila : V
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Framúrakstur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 2. desember 2022.
2. Bréf V, dags. 20. desember, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. janúar 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, sem báðar eru vátryggðar hjá V á þjóðvegi 1 á milli Blönduóss og Bólstaðarhlíðar. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. M sem var ökumaður bifreiðarinnar A lýsir tjóninu með þeim hætti í málskoti að tjónið hafi orðið þegar hann ók bifreið sinni fram úr bifreiðinni B og annarri bifreið. Þegar bifreið hans var lítið eitt komin fram úr B hafi ökumaður þeirrar bifreiðar sveigt til vinstri til að taka fram úr þriðja ökutækinu fyrir framan hann. Við það hafi hliðarspegill bifreiðarinnar B strokist við hægri hlið bifreiðarinnar A. M tilkynnti tjónið til V sem felldi alla sök á M sem ökumann A og komst tjónanefnd vátryggingafélaganna að sömu niðurstöðu. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur að tjónið geti ekki hafa orðið með þeim hætti að hann hafi ekið inn í hlið bifreiðarinnar B. Ákomur á ökutækjunum bendi til þess að bifreiðinni B hafi verið ekið utan í bifreiðina A þegar þær voru samsíða og þannig ber ökumaður B alla sök á árekstrinum. Telur M að V hafi með því að grundvallar afstöðu sína á kolröngum forsendum sem brjóti í bága við 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Ökumaður B hafi ekki tilkynnt tjónið fyrr en M skaut ákvörðun V til tjónanefndar vátryggingafélaganna og engin gögn styðji hans framburð. Vísar M til c-liðar 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. mgr. 28. gr. og b-liðar 1. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 auk 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.

Ökumaður B lýsir atvikinu með þeim hætti að bifreiðinni A var ekið inn í hlið bifreiðar hans með þeim afleiðingum að tjón varð á hliðarspegli bifreiðarinnar. Kveðst ökumaður B aldrei hafa orðið var við A en mjög mikil rigning hafi verið og slæm skilyrði til framúraksturs.

V vísar til þess í afstöðu sinni að ökumenn séu ekki sammála um hvorri bifreiðinni hafi verið ekið yfir miðlínu vegar og þar sem báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V mun félagið ekki taka frekari afstöðu til sakarskiptingar en vísar þó til 23. og 24. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 38/2020.

Álit.

Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og gerðu ökumenn ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu á vettvangi. Óumdeilt er að bifreiðinni A var ekið á vinstri akrein fram úr bifreiðinni B í aðdraganda áreksturs og að árekstur varð þegar bifreiðin A var komin samhliða bifreiðinni B. Styðja ákomur á bifreiðunum það einnig. Þar sem engin gögn liggja fyrir um annað verður að telja að fullbrotin miðlína hafi verið á veginum sem gefur til kynna að framúrakstur sé heimill enda sé fyllstu varúðar gætt sbr. d-lið 23. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þannig. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Þá skal sá sem ekur fram úr öðru ökutæki skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá segir í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Af skemmdum á bifreiðunum verður ekki ráðið hvor bifreiðin hafi ekið yfir miðlínu vegar er árekstur varð. Ökumaður B kveðst ekki hafa orðið var við bifreiðina A og neitar að hafa sveigt í veg fyrir bifreiðina. Með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem um framúrakstur gilda og nefnd eru hér að framan er rík aðgæsluskylda lögð á ökumann við framúrakstur og verður hann að bera hallan af sönnunarskorti um að ökumaður B hafi farið yfir miðlínu vegar er árekstur varð. Verður öll sök því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.
Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 409/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 24. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 21. júlí 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 6. nóvember 2018 hafi M slasast við störf sín hjá X. Hafi slysið atvikast þannig að til stóð að hífa stórt grjót upp á vörubílspall bifreiðarinnar A, sem er í eigu fyrirtækisins Y, með krana sem áfastur var við bifreiðina. Þegar hífa átti grjótið upp á vörubílspallinn var það verk M að koma öðru minna grjóti, undir stóra grjótið, til þess að hægt væri að festa keðjur utan um stóra grjótið, og hífa svo upp. Þegar M beygði sig eftir minna grjótinu, með bakið í stóra grjótið, hrökk önnur keðjan til við hífinguna með þeim afleiðingum að keðjan lenti á M sem rotaðist við höggið. Lögregla kom á vettvang og liggur skýrsla hennar dags. 9. nóvember 2018 fyrir í málinu. Jafnframt liggur fyrir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 23. mars 2019. M hefur gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 7. janúar 2022.

M telur að orsök slyssins megi rekja til saknæmrar háttsemi X. Við framkvæmd verksins hafi M verið án öryggishjálms, enda hafi honum ekki verið útvegaður slíkur við framkvæmd verksins. Þá hafi ekkert áhættumat verið gert né áætlun um forvarnir. Þrátt fyrir að M hafi reynslu af sambærilegum verkum, verði illa séð hvernig reynsla hans hafi átt að nýtast til þess að forðast tjónið. Sá ásláttarbúnaður sem notaður var við hífinguna þegar slysið varð, var ekki viðurkenndur og bannaði Vinnueftirlitið notkun hans eftir slysið. Þannig verði að meta það X til sakar að M var falið að framkvæma verkið án öryggishjálms eða annars öryggisbúnaðar, með óöruggan og óviðurkenndan ásláttarbúnað, að ógleymdu því að ekkert áhættumat né skriflegar forvarnir höfðu verið gerðar. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og reglugerða settra með stoð í lögunum. Hægt sé að álykta með nær óyggjandi hætti að líkur þess að M hefði orðið fyrir tjóni við rækslu starfs síns, hafi verið hverfandi, hafi ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglna sem hafa verið settar út frá þeim, verið fylgt. Markmið áhættumats fyrir hættuleg störf er að greina hvaða hættur fylgja tilteknum verkþáttum með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og jafnframt mæla skýrlega fyrir um hvaða verklagi skuli fylgt til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á slysum og hvað tæki skuli notuð. Telja verði að slysið hefði auðveldlega mátt fyrirbyggja.

V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og byggir á því að slysið verði ekki rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. Vörubifreiðin, kraninn og annar búnaður sem notaður var við hífinguna var í eigu fyrirtækisins Y og starfsmaður þess aðila stjórnaði hífingunni. Verkinu var stjórnað af vörubílstjóranum sem var ekki starfsmaður X. Slysið verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi sem X ber ábyrgð á. Keðjan rakst utan í neðanverðan háls M og eru því ekki orsakatengsl milli slysins og þess að hann valdi að nota ekki hjálm við verkið. Því síður er sýnt fram á orsakatengsl milli skorts á áhættumati og slyssins. Þá var flutningur grjótsins á ábyrgð Y og hefði það verið þeim aðila nær að gera áhættumat vegna verksins.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að M hafi farið í grjótnámuna að fyrirmælum X og framkvæmt umrætt verk, hvar vörubílstjóri Y stjórnaði hífingu á grjótinu. Verkefni starfsmanns Y geti ekki talist svo sjálfstætt að umræddur verktaki verði talinn bera ábyrgð á tjóni M. Verkefnið var enda þáttur í meginstarfsemi X. Ekki verði séð hvernig skylda X til að er áhættumat geti flust yfir til verktaka, sér í lagi þegar litið er til þess að verkefni M var daglegur þáttur í starfi hans hjá X. Þá vísar M til þágildandi reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa, þar sem fram kemur í 6. mgr. 4. gr. að atvinnurekandi skuli láta persónuhlífar í té endurgjaldslaust og tryggja að þær séu í góðu lagi. Verður því ábyrgð á notkun persónuhlífa ekki velt yfir á M enda þær ekki í boði af hálfu X til handa M á slysdegi.

Álit.

Ágreiningur er uppi um það hvort sýnt sé fram á að líkamstjón M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem vinnuveitandinn X beri skaðabótaábyrgð á. Í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 71/2021 var fjallað um sama tjónsatvik en þar laut ágreiningur aðila að því hvort tjón M mætti rekja til notkunar skráningarskylds vélknúins ökutækis, sbr. 1. mgr. 88. gr. þágildandi umferðarlaga. Niðurstaða nefndarinnar í því máli var sú að tjónið yrði ekki rakið til notkunar bifreiðar og var bótaskylda úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar því ekki fyrir hendi. M beinir kröfunni nú að vinnuveitanda sínum, X og telur eins og fram kemur hér að framan að tjónið megi rekja til þess að M var falið að framkvæma verkið án öryggishjálms eða annars öryggisbúnaðar, með óöruggan og óviðurkenndan ásláttarbúnað auk þess sem ekkert áhættumat né skriflegar forvarnir voru til staðar vegna verksins.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum hvílir sú skylda á atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Samkvæmt 65. gr. laganna ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og skal áætlunin meðal annars fela í sér mat á áhættu samkvæmt ákvæði 65. gr. a í lögunum. Í þeirri grein er mælt fyrir um að við gerð áhættumats skuli sérstaklega litið til starfa þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin en öðrum starfsmönnum. Einnig kemur fram að þegar áhættumat á vinnustað gefi til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skuli atvinnurekandi grípa til nauðsynlegra forvarna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hættuna eða, þar sem þess er ekki kostur, draga úr henni eins og frekast unnt er. Fyrir liggur að X hafði ekki framkvæmt slíkt áhættumat á því verki sem M var falið að framkvæma á slysdegi. Í umsögn Vinnueftirlitsins kemur fram að meðvirkandi orsök slyssins hafi verið skortur á skriflegur áhættumati og áætlun um forvarnir er varða umrædda vinnu. Í fyrirmælum um úrbætur er þess sérstaklega getið að gera skuli skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði vegna verkþáttarins sem slysið var við og að hún eigi meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta verið verkþáttinn. Þær skyldur atvinnurekenda sem taldar eru upp í lögum nr. 46/1980 hvíla skv. 1. mgr. 12. gr. á hverjum þeim sem rekur atvinnustarfsemi. Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum, sbr. 1. mgr. 17. gr. Er þannig ljóst samkvæmt lögunum að báðum aðilum, X og Y bar að gera áhættumat vegna verksins og tryggja örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum þrátt fyrir að umsögn Vinnueftirlitsins beinist eingöngu að fyrirtækinu Y. Í ljósi umsagnar Vinnueftirlitsins telur nefndin rétt að X beri hallan af þeirri óvissu um hvort skriflegt áhættumat og nauðsynlegar forvarnir hefðu getað komið í veg fyrir slysið. Einnig má leiða að því líkur að orsakatengsl séu milli slyssins og þess að M var ekki með hjálm þrátt fyrir að áverkar hafi fyrst og fremst verið á hálsi M þar sem fram kemur í læknisvottorði dags. 10. desember 2019 að við skoðun á heilsugæslu þann 9. nóvember 2018, þremur dögum eftir slysið, var M með roða og sár vinstra megin á hálsi og upp á hnakka. Sárið var staðsett við hnakkafestuna. Þannig er það mat nefndarinnar að meiri líkur en minni eru fyrir því að hjálmur hefði a.m.k. getað takmarkað tjón M.

Með vísan til alls ofangreinds verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna vinnuslyss úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 410/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging ökumanns og eiganda ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Vátryggingasvik.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. febrúar 2023, ásamt dómi Landsréttar í máli nr. 21/2022.

Málsatvik.

M, ók bifreiðinni X hinn 30. nóvember 2018 og skv. tjónstilkynningu til V varð árekstur milli X og annarrar bifreiðar á bifreiðastæði fyrir utan verslun í Seljahverfi í Reykjavík. Nánar tiltekið ók M bifreiðinni X aftur á bak á á aðra bifreið sem var kyrrstæð á bifreiðastæðinu. M telur að gólfmotta í bifreiðinni hafi á einhvern hátt fest bensíngjöfina með fyrrgreindum afleiðingum og að akstursshraði A hafi verið á bilinu 30 til 40 kílómetrar á klukkustund í aðdraganda árekstrar. M leitaði samdægurs til læknis og í tjónstilkynningu kemur fram að slys hafi orðið á fólki. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir matsgerð dags. 10. desember 2019 þar sem afleiðingar líkamstjóns M voru metnar.

V hafnaði bótaskyldu í desember 2019, eftir að hafa áður viðurkennt hana, og vísaði gruns um vátryggingasvik, þ.e. að atvik hefðu verið sett á svið og þannig hefðu bæði M og ökumaður kyrrstæðu bifreiðarinnar hefðu haft ásetning til þessa. Þeir sömu voru kærðir til lögreglu vegna sömu málavaxta. Í janúar 2021 lauk rannsókn lögreglu með því að málið var fellt niður og sú ákvörðun staðfest af hálfu ríkissaksóknara með ákvörðun 17. maí 2021. Dómur hefur einnig gengið í máli ökumanns hinnar kyrrstæðu bifreiðar, nánar tiltekið dómur Landsréttar í máli 21/2022, sem kveðinn var upp 24. febrúar 2023. Þar var V dæmt til greiðslu bóta vegna líkamstjóns þess ökumanns og talið ósannað að atvik hafi verið sett á svið, eða valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Atvik í því máli höfðu einnig verið til umfjöllunar í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 73/2020 þar sem nefndin komst að sömu niðurstöðu og kom fram í dómi Landsréttar.

M telur að hann eigi rétt á bótum vegna líkamstjóns síns og vísar til þess að V hafi viðurkennt bótaskyldu í upphafi og sé V bundinn við þá viðurkenningu. Einnig vísar M til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr 73/2020 sem og dóms Landsréttar frá 24. febrúar sl.

V hefur ítrekað við nefndina að félagið hafni bótaskyldu og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði fyrir því atvik það sem leitt hafi til líkamstjóns hans hafi yfirhöfuð átt sér stað. V telur tjónstilkynningu ekki nægja heimild um það, vísar til teikninga af ákomum á bifreiðunum og þess að bifreið X hafi verið fargað þannig að ekki sé hægt að staðreyna að tjón hafi orðið á þeirri bifreið. V telur að M verði að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt um atvikið til lögreglu eins og borið hafi að gera þar sem tjónstilkynning beri með sér að slys hafi orðið á fólki, sbr. 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig telur V að ef sannað er að atvikið hafi átt sér stað hafi M ekið viljandi á hina kyrrstæðu bifreð og hinn ökumaðurinn vitað af því og þannig sé um ásetning að ræða og tilraun til tryggingasvika, sbr. 248., sbr. 155. og 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. V bendir einnig á að engin vitni hafi gefið sig fram af atvikinu og skýringar M um erindi á þann stað sem áreksturinn varð ótrúverðugar. Einnig hafi M þekkt hinn ökumanninn og báðar bifreiðar hafi verið keyptar innan við tveimur mánuðum fyrir hið meinta atvik og bifreið X tryggð hjá V einungis 8 dögum fyrir það. Einnig vísar V til þess að sami aðili hafi skrifað tjónstilkynningu þó reynt hafi verið að láta líta út fyrir að það hafi verið tveir með því að nota ósamlita penna. Ósamræmi sé einnig varðandi aðstæður á bifreiðastæði og lýstum ákomum á bifreiðunum, M og hinn ökumaðurinn hafi ekki tryggt sér sönnun með því að kalla til t.d. sjálfstætt tjónaskoðunarfyrirtæki, árekstur.is auk þess sem ökumaður kyrrstæðu bifreiðarinnar (stefnandi í máli Landsréttar nr. 21/2022) hafi átt fyrirfram bókaðan tíma hjá lækni 30. nóvember 2018 án þess að geta gefið skýringar á því. V telur einnig að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem hann hafi búið yfir upplýsingum sem hann mátti vita að gætu haft áhrif, t.d. að hann þekkti ökumann kyrrstæðu bifreiðarinnar.

Álit.

Í þessu máli er sams konar ágreiningur uppi og í máli nefndarinnar nr. 73/2020 sem varðaði ökumann hinnar kyrrstæðu bifreiðar sem M kveðst hafa ekið bifreiðinni X á hinn 30. nóvember 2018. Í dómi Landsréttar hinn 24. febrúar sl. í máli réttarins nr. 21/2022 er fjallað um stóran hluta þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í þessu máli um atvikið sem slíkt, sem og huglæga afstöðu stefnanda í því máli, þ.e. ökumann hinnar kyrrstæðu bifreiðar sem M ók X á og var V þar dæmt til greiðslu bóta á þeim forsendum að sannað væri að atvikið hefði átt sér stað, þ.e. árekstur milli X og hinnar kyrrstæðu bifreiðar, ekki væri sannað að tjóni hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi og að orsakatengsl væru milli metins líkamstjóns og atviksins.

Þegar atvik í þessu máli eru metin verður ekki hjá því litið að nefndin hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að atvik séu sönnuð, þ.e. að gögn málsins sýni að árekstur hafi orðið þannig að bifreiðinni X hafi verið ekið á kyrrstæða bifreið. M var ökumaður bifreiðarinnar og verður að leggja sjálfstætt mat á það hvort sýnt sé að hann hafi gert það af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína skv. 89. eða 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sönnunarbyrði um slíka háttsemi M ber V. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að háttsemi M verði rakin til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis þó aðstæður í aðdraganda tjónsatviksins séu að einhverju leyti ótrúlegar. Til þess að V geti beitt fyrrgreindum ákvæðum til takmörkunar á ábyrgð sinni verður félagið að leggja fram skýrari sönnunargögn en þau sem fyrir liggja. Í því samhengi er einnig litið til þess að rannsókn lögreglu vegna meintrar tilraunar til fjársvika af hálfu M var felld niður og sú ákvörðun staðfest af hálfu ríkissaksóknara í maí 2021. Þó sönnunarkröfur séu ekki þær sömu í sakamálum og einkamálum verður ekki hjá því litið að vafi um sönnun ásetnings eða stórkostlegs gáleysis M verður að meta V í óhag skv. almennum sönnunarreglum. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að skilyrði 120. gr. laga um vátryggingarsamninga sé uppfyllt. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V, en matsgerð um afleiðingar líkamstjóns hans hefur ekki verið hnekkt af hálfu V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 412/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 23. desember 2022, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi hinn 16. febrúar 2020 slasast við störf um borð í dráttarbát á vegum X. M sat í brú bátsins er bátnum var siglt á mikilli ferð á olíuskip sem dráttarbáturinn var að aðstoða í höfn. Við árekturinn tókst M á loft, flaug eftir brúnni og skall harkalega í stjórnpúlt bátsins. Vegna þessa hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 4. október 2022 og svo aftur með tölvupósti dags. 31. október 2022 eftir beiðni M um endurskoðun á afstöðu V. M byggir kröfu sína á því að orsök slyssins verði rakin til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X sem X ber ábyrgð á, á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð. M byggir afstöðu sína í fyrsta lagi á því að slysið megi rekja til gáleysis Y, skipstjóra dráttarbátsins. Hann hafi gert mistök sem hafi ollið hörðum árekstri. Í öðru lagi verði slysið rakið til gáleysis X með því að fela skipstjóra sem ekki hafði fullnægjandi reynslu eða þjálfun til þess að stjórna dráttarbátnum með öruggum hætti til þess að taka að sér skipstjórnina við krefjandi aðstæður á slysdegi. Vísar M til 1. mgr. 171. gr. og 1. mgr. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Þá vísar M einnig til þess að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt lögum nr. 18/2013 um rannsókn samgönguslysa. Slík vanræksla hafi þau áhrif að sönnunarbyrði um ástæður og atvik í kringum vinnuslys verði lögð á vinnuveitandann, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 20/2003 og 309/2002.

V hefur viðurkennt bótaskyldu á grundvelli 172. gr. siglingalaga vegna slyssins en hafnað bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu X þ.e. að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M. V hafnar því að Y, skipstjóri dráttarbátsins hafi verið reynslulítill. Hann hafi haft áralanga reynslu af stjórn stórra og smærri fiskiskipa sem stýrimaður og starfað við stjórn dráttarbáta í yfir 9 mánuði er tjónið varð. Er varðar gáleysi Y þá liggi fyrir atvikalýsing aðila sem var á staðnum sem lýsir því að aðstæður hafi verið verulega hættulegar og nauðsynlegt hafi verið að bregðast skjótt við aðstæðum til að koma í veg fyrir að skipið sem var verið að aðstoða myndi reka upp í brimgarð hafnarinnar. Eðli málsins samkvæmt megi gera ráð fyrir að notkun dráttarbáta við aðstæður sem þessar feli í sér nokkur högg þar sem beinlínis er gert ráð fyrir að dráttarbátnum sé siglt utan í skip sem er margfalt þyngra en dráttarbáturinn. Hér hafi því verið um óhappatilvik að ræða sem helst megi rekja til óaðgæslu M. Hvað varðar viðsnúna sönnunarbyrði þar sem tjónið var ekki tilkynnt til rannsóknarnefndar sjóslysa þá nær viðsnúin sönnunarbyrði eingöngu til þeirra þátta sem hefði verið hægt að upplýsa betur. Í þessu máli sé ekkert óljóst um málsatvik, það liggi fyrir atvikalýsingar á því hvað hafi gerst.

Í viðbótarathugasemdum sínum skoraði M á V að leggja fram sögn til staðfestingar á því að Y hafi hlotið fullnægjandi þjálfun á alla dráttarbáta X á slysdegi eða önnur gögn um viðeigandi þjálfun hans auk lögskráningar hans á dráttarbátinn. M vísar einnig til þess að reyndur skipstjóri hefði ekki siglt beint á skipið, heldur nálgast það á undir 10-20 gráðu horni.

Í viðbótaathugasemdum V er reynsluleysi eða skortur á þjálfun Y hafnað. Með viðbótarathugasemdum V fylgdi útprentun úr sjóferðabók lögskráninga sem sýnir reynslu Y og lögskráningu hans á dráttarbát á slysdegi. Einnig lýsir V því að Y hafi fengið alla viðeigandi þjálfun til að stjórna dráttarbátum í eigu X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um það hvernig atvikum var háttað er slysið átti sér stað og verður því ekki litið

svo á að atvik málsins séu svo illa upplýst að tilefni sé til að varpa sönnunarbyrði um atvik á X þrátt fyrir að rannsóknarnefnd samgönguslysa hafi ekki fengið strax tilkynningu um atvikið. Ber M því sönnunarbyrði um það að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Hvað varðar reynsluleysi skipstjóra dráttarbátsins þá hefur V lagt fram útskrift úr lögskráningarkerfi fyrir tímabilið frá 1. janúar 2020 til 9. febrúar 2023. Þar kemur fram yfirlit yfir öll þau réttindi sem Y hefur öðlast auk yfirlits yfir reynslu hans sem stýrimaður á bátum og skipum allt frá árinu 2013. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem hnekkja því að Y hafi haft fullnægjandi þekkingu og reynslu til þess að stjórna dráttarbát eða að hann hafi ekki þekkt til seinkunar á viðbragði vélar dráttarbátsins og þannig sýnt af sér saknæma háttsemi er hann sigldi á olíuskipið á fullri ferð. Samkvæmt öllu framansögðu og á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja er því ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem það beri ábyrgð á.
M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 414/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Fjárhæð tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttekið 9. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf M, dags. 3. febrúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð með bifreið M, sem er af gerðinni Saab 9-5 Aero, árgerð 2007, og vinnuvél í eigu X hinn 24. febrúar 2022. V hefur viðurkennt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna atviksins og metur bifreið M í því ástandi sem hún var á 230.000 krónur og hefur greitt fyrir bifreiðina og dráttarvexti, samtals að 240.000 krónur hinn 1. júlí 2022. M tók við greiðslu með fyrirvara um frekari kröfur og í málinu er ágreiningur milli M og V um bótafjárhæð. Nokkur samskipti voru með tölvupósti milli M og V og liggja þau samskipti fyrir í gögnum málsins.

M gerir kröfu um viðurkenningu á því að tjón hans sé 1.150.000 kr. vegna altjóns á bifreið sinni og við það bætist dráttarvextir frá tjónsdegi. M leggur fram tjónamat frá verkstæði á skemmdum á bifreið sinni og áætlaðan viðgerðarkostnað upp á um 1.200.000 kr. Einnig vísar M til fjölda gagna sem hann leggur fram um verðmat á bifreiðum sömu gerðar og hans frá bílasölum, þar sem verðmæti er metið á bilinu 500.000 – 1.600.000 kr. Einnig bendir M á að eðlilegast hefði verið að hann hefði fengið tjón sitt bætt með því að bifreið hans yrði löguð eða bifreið sömu gerðar hefði verið keypt í staðinn fyrir þá sem tjón varð á og bendir á að kostnaður við að flytja inn sambærilegar bifreiðar sé yfir 3 milljónir kr. Í viðbótarathugasemdum M dags. 3. febrúar 2023 kemur einnig fram að M telur að athugasemdir í aðalskoðun bifreiðar hans komi málinu ekki við, auglýsing á Facebook ákvarði ekki verðmæti bifreiða og þar sé auk þess verið að auglýsa eldri bifreið en bifreið hans. Einnig telur M að það afsal vegna bifreiðar hans sem V leggi fram geti varla talist fullgildur pappír þar sem það sé ekki vottað af tveimur vottum. Einnig vísar M til gagna um auglýsingar og ásett verð á fleiri sambærilegum bifreiðum.

V hefur hafnað því að tjón M sé meira en sem nemur þeirri fjárhæð sem V hefur þegar greitt, að verðmæti bifreiðar M sé ekki meira en 230.000 krónur. V vísar aðallega til þess að skv. afsali dags. 14. janúar 2022 hafi M keypt bifreiðina á því verði, eftir að bifreiðin hafi verið til sölu frá því í lok nóvember 2021 skv. auglýsingu á Facebook þar sem ásett verð hafi verið 500.000 kr., en í sömu auglýsingu hafi komið fram að eitt og annað væri bilað í bifreiðinni. Einnig vísar V til þess að daginn fyrir kaup M á bifreiðinni hafi hún verið færð til árlegrar aðalskoðunar þar sem sett hefði verið út á stýrisenda, hjólaspyrnur og stífufestingar, auk annarra festinga og endurskoðun hafi átt að fara fram í febrúar á bifreiðinni, en hún hafði ekki farið fram þegar áreksturinn varð 24. febrúar 2022. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að verðmæti bifreiðar hans sé meira en það sem hann greiddi fyrir bifreiðina um miðjan janúar 2022, eða 230.000 kr. Ekki liggi fyrir að viðgerð hafi farið fram á bifreiðinni, eða að M hafi lagt nokkurn kostnað í það að laga það sem amaði að henni skv. gögnum vegna endurskoðunar. V vísar til 32. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X þar sem segir m.a. að bætur fyrir altjón á munum skuli miðast við markaðsverðmæti þeirra á tjónsdegi og það það verð sé það sem ætla má að fáist við sölu á almennum markaði gegna staðgreiðslu að teknu tilliti til aldurs, ástands, notkunar, afskrifta o.þ.h. V telur að þau verðmöt sem M hefur lagt fram taki mið af mati á sambærilegum bifreiðum án skoðunar á bifreið M m.t.t. ástands hennar, auk þess sem V bendir á að verðbil sé mjög stórt.

Álit.

Í málinu er, eins og fyrr segir, nokkur ágreiningur um verðmæti bifreiðar M og þar af leiðandi fjárhæð tjóns hans, en ekki verður að gögnum málsins ráðið að ágreiningur sé um að bifreiðin hafi orðið fyrir altjóni við árekstur við vinnuvél X. Í 32. gr. vátryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X hjá V kemur fram að bætur fyrir altjón á munum miðist við markaðsverðmæti þeirra á tjónsdegi og af athugasemdum V verður ekki annað ráðið en að félagið telji ákvæðið í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga um um

vátryggingarsamninga nr. 30/2004 um að réttur til bóta miðist við fullt fjártjón, eða það sem gerir tjónþola eins settan fjárhagslega og hann hefði ekki orði fyrir tjóni.

Í gögnum málsins eru ýmis gögn sem lögð hafa verið fram til að sýna raunverulegt verðmæti bifreiðar M. Af þeim gögnum verður ekki litið framhjá því að fyrir liggur í málinu afrit skjals sem nefnt er kaupsamningur og afsal milli kaupanda og seljanda ökutækis. Skjalið er dagsett 14. janúar 2022 og undirritað af M sem kaupanda bifreiðarinnar GN-P82 og seljanda hennar. Þar er kaupverð miðað við staðgreiðslu sagt 230.000 kr. Þó umrætt skjal hafi ekki verið undirritað af tveimur vottum verður ekki séð af málflutningi M að hann haldi því fram að efni skjalsins sé rangt eða að ekki sé um undirritun hans sjálfs að ræða. Verður því að leggja til grundvallar að hinn 14. janúar 2022 hafi M keypt bifreiðina GN-P82 á 230.000 kr. Sönnunarbyrði um að verðmæti bifreiðarinnar hafi verið annað og meira á tjónsdegi hvílir á M. Í gögnum málsins liggja fyrir gögn um verðmat á sambærilegum bifreiðum og bifreið M en ekki liggur fyrir í þeim gögnum með skýrum hætti að þau verðmöt taki mið af ástandi bifreiðar M. Af athugasemdum við aðalskoðun bifreiðarinnar hinn 13. janúar 2022 verður ekki annað ráðið en að ástand hennar hafi þarfnast lagfæringa. Ekkert liggur fyrir í málinu um að slíkar lagfæringar hafi átt sér stað eða annað sem aukið hefði verðmæti bifreiðarinnar frá því að M keypti hana stuttu áður. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M sem telst ekki hafa sýnt fram á að verðmæti bifreiðar hans hafi verið meira en 230.000 kr. hinn 24. febrúar 2022 þegar varð altjón á bifreiðinni við árekstur við vinnuvél í eigu X. M á því ekki rétt á frekari bótagreiðslum frá V, en miðað við dráttarvexti til 1. júlí 2022, sem var greiðsludagur, verður ekki séð að V hafi vanbætt tjón vegna þess þáttar málsins.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á frekari bótum en greiddar hafa verið úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 415/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka áabyrgðartryggngar: A

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 24. desember 2020 fallið um rafmagnssnúru sem strengd hafi verið yfir gönguleið í kirkjugarði og hafi slasast. Hún hafi verið flutt með sjúkrabifreið á bráðamóttöku heilsugæslunnar í Keflavík og í kjölfarið farið í aðgerð á vinstri öxl en hún glími enn við einkenni eftir slysið. Í gögnum málsins kemur fram að Hvalneskirkjugarður setji upp 12 kassa með tenglum víðsvegar um kirkjugarðinn svo fólk geti tengt ljós og sett á leiði. Kassarnir séu eign kirkjugarðsins en ljósin og rafmagnssnúrurnar séu í eigu kirkjugarðsgesta. M telur frágang í kirkjugarðinum hafa verið ábótavant og að skortur hafi verið á umsjón og varúðarráðstöfunum í garðinum. Hún telur að slysið megi rekja til saknæmrar og háttsemi umsjónarmanna garðsins með því að hafa ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk slasaðist á leið sinni um garðinn. Sú skylda hvíli á umsjónarmönnum að sjá til þess að garðurinn sé öruggur fyrir almenning. Þá hafi fjöldi snúra legið yfir gönguleiðir í garðinum og fjöldi fólks átt leið um garðinn

Í bréfi V kemur fram að það telji að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Það sé rík hefð í kirkjugörðum landsins að setja upp jólaljós á leiði og hafi sú framkvæmd gengið vel og verið án vandkvæða og í raun vandséð hvaða annan mögulega hátt væri hægt að hafa á. Fram kemur að kassarnir séu víðs vegar um garðinn og þess sé gætt að þeir séu ekki nógu nálægt leiðum til að ekki strekkist á snúrum. Sóknarnefnd hafi eftirlit með að ekki sé slysahætta af snúrum efn ómögulegt sé að hafa stöðugt eftirlit með slíku og það sé á ábyrgð kirkjugarðsgesta að leggja til og tengja snúrur við ljós á leiðum.

Álit.

Það liggur fyrir í málinu að settir eru 12 kassar með tenglum víðs vegar um kirkjugarðinn. Gestir komi sjálfir með ljós sem þeir tengi við kassa og setji upp á leiði. Af myndum sem liggja fyrir í gögnum málsins má sjá að rafmagnssnúrurnar liggja með óskipulegum hætti frá kössunum að leiðum í kirkjugarðinum. Þá liggur fyrir að ljósin eru sett upp á dimmasta mánuði ársins og mikil umferð fólks liggur um kirkjugarðinn um jólatímann. Gera verður þá kröfu til kirkjugarðsins að frágangur snúranna sé þannig að fólki stafi ekki hætta af enda mikið af eldra fólki þar á ferð. Í framburði vitnis sem liggur fyrir í málinu kemur fram að M hafi gengið varlega til að passa sig á snúrunum en hafi dottið vegna einnar sem var strekkt þvert yfir gangveginn . Það verður ekki séð að eftirlit hafi verið með því hvernig snúrurnar hafi verið lagðar heldur hafi það alfarið verið lagt á ábyrgð kirkjugarðsgesta. Snúrurnar hafi því legið þvert yfir gangvegi sem telja verður óforsvaranlegt. Með vísan til framangreinds verður að telja A það til gáleysis að hafa ekki gert ráðstafanir til að tryggja öryggi kirkjugarðsgesta og er V því bótaskylt.

Niðurstaða.

M á rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 416/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fasteignatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 11. janúar 2023.

Málsatvik.

Hinn 3. apríl 2021 varð M fyrir meiðslum er hún var að ganga inn um sjálfvirka hurð að verslun Y í húsnæði X. Slysið atvikaðist með þeim hætti að hurðin lokaðist á M í þann mund sem hún gekk inn um dyrnar, með þeim afleiðingum að M féll og slasaðist nokkuð við fallið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar X hjá V, enda verði tjón hennar rakið til búnaðar og ástands sjálfvirkar rennihurðar í húsnæði þar sem almenningur venji komu sínar. Ljóst sé af myndbandi af umræddu atviki að hurðin hafi ekki virkað sem skyldi, en ekki verði séð að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi er hún gekk inn um dyrnar á eðlilegan máta. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða byggingarreglugerðar nr. 112/2012 þar sem fram komi áskilnaður um ástand hurða af þessu tagi. Strangt sakarmat eigi þá við um eigendur fasteigna og sú háttsemi eða athafnaleysi X sem leitt hafi til umrædds atviks sé saknæm og ólögmæt og leiði til bótaskyldu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur í fyrsta lagi fram að félagið telji umrædda hurð hvorki í eigu né umsjá X, heldur fyrirtækisins Y. Vísar V þá til þess að vátryggingafélag Y hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að hurðin hafi virkað eins og til var ætlast og engar villur komið fram við skoðun. Hún hafi uppfyllt staðla og kröfur sem gerðar verði til slíkra hurða og ekki sé kunnugt um nein önnur slys við notkun hennar. Þá vísar V til myndbands af atvikinu en þar megi sjá að M hafi gengið rólega að hurðinni og svo hörfað til baka til að hleypa öðrum viðskiptavini út. Hafi hún svo hikað við hurðarkarminn á leið inn og hafi hurðin þá rekist í hana með fyrrgreindum afleiðingum. Hafi því verið um óhappatilvik að ræða fremur en tjón sem rekja megi til ágalla á hurðinni.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að engar eignaskiptayfirlýsingar eða aðrar heimildir hafi verið lagðar fram er sýni fram á að umrædd hurð sé ekki í eigu og á ábyrgð X. Þá hafi M gengið að hurðinni á sínum eðlilega gönguhraða og sé óeðlilegt ef það leiði til þess að viðskiptavinir klemmist í hurðinni. Er þá jafnframt vísað til þess að búnaður hurðarinnar, sem hafi verið gamall, hafi verið uppfærður eftir slysið sem bendi til þess að endurstilling hafi verið nauðsynleg.

Álit.

Sönnunarbyrði þess að tjón hennar verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á ágalla á umræddri hurð, og fyrir liggur tölvupóstur þjónustuaðila þar sem kemur fram að rennihurðin hafi virkað eins og ætlast var til af henni og engar villur í búnaði, skynjarar hafi verið góðir og hjólabúnaður í lagi. Þó eftirfarandi uppfærsla á búnaði hurðarinnar hafi átt sér stað felst ekki í því sönnun þess að búnaður hurðarinnar hafi verið ófullnægjandi eða leitt til augljósrar slysahættu. Hefur þá ekki verið sýnt fram á að eftirliti eða viðhaldi með hurðinni hafi verið ábótavant og í ósamræmi við þær kröfur sem gerðar verða til eigenda fasteigna þar sem almenningur venur komur sínar. Er því ekki sýnt fram á annað en að um óhappatilvik hafi verið að ræða, og er þá óþarft að fjalla frekar um eignarhald umræddrar hurðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingarlið fasteignatryggingar X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 417/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 23. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 6. nóvember 2022 hafi M ekið á stöpul á bílastæði við verslun X í Hafnarfirði. Stöpullinn var illa staðsettur, grár og engar merkingar á honum. Hvorki málaður gulur né með skilti á. Vísar M til þess að samkvæmt svörum frá V hafi stöpullinn verið færður úr stað af malbikunarverktaka og ekki verið settur aftur á sinn stað. Var þessi tiltekni stöpull sá eini sem ekki var gengið frá á réttan hátt. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns á bifreið hennar en með bréfi dags. 28. nóvember 2022 hafnaði V bótaskyldu. M er ósátt við þá afstöðu V og vísar til þess að hún hafi gætt varúðar en þarna hafi verið um að ræða hlut sem sást ekki í myrkri þar sem hann var illa merktur og í þeirri hæð sem hann sést ekki í augnlínu við bílstjóra á háum bílum. Er M því algjörlega ósammála að um sé að ræða aðgæsluleysi af hennar hálfu. Telur M þetta vera vanrækslu og mistök af hálfu X að ganga ekki betur frá eftir þessar framkvæmdir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V aflaði upplýsinga bæði frá X og svo eiganda fasteignarinnar sem verslun X er staðsett í vegna málsins. Kom fram í þeim samskiptum að steinstöplarnir hafi þann tilgang að koma í veg fyrir að keyrt sé á grindur fyrir innkaupakerrur. Þeir hafi verið færðir til vegna malbikunarframkvæmda en ekki verið færðir til baka á réttan stað. Önnur tjón hafi ekki átt sér stað við þennan stöpul frá því malbikunarframkvæmdirnar stóðu yfir. Vísar V til þess að miðað við fyrirliggjandi gögn málsins ásamt myndum af aðstæðum og staðsetningu umrædds stöpuls geti V ekki fallist á að hann hafi verið staðsettur á hættulegum stað eða verið hættulegur jafnvel þó hann hafi ekki verið staðsettur á réttum stað. Rík skylda hvíli á ökumönnum að gæta varúðar í umferðinni og sérstaklega á bílastæðum þar sem m.a. er mikið um gangandi vegfarendur. Telur V því að orsök tjónsins megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis ökumanns bifreiðarinnar. Einnig bendir V á að hér var um verk sjálfstæðs verktaka að ræða.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort tjón á bifreið M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á svo hafi verið. Af gögnum málsins og þá sérstaklega ljósmyndum af vettvangi verður ekki séð að staðsetning á stöplinum hafi verið óforsvaranleg eða með þeim hætti að augljós hætta á tjóni hafi verið til staðar. Hefur M því ekki tekist að fullnægja þeim sönnunarkröfum sem á henni hvíla og er ekki sýnt fram á að umrætt tjón megi rekja til atvika sem X ber bótaábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns á bifreið M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 418/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 14. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. desember 2022.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi tilkynnt um tjón á bifreið sinni með tjónstilkynningu hinn 8. febrúar 2022 þegar gámur, sem stóð á bifreiðaplani hafi fokið í miklu verði og hafnað á bifreiðinni. Í gögnum málsins er ljósmynd sem ætla má að sýni staðsetningu gámsins á bifreiðaplani þar sem eru stöðureitir fyrir bifreiðar við hlið gámsins.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu og vísar til þess að vindhviður hafi mælst allt að 39,8 m/sek þegar gámur á vegum X fauk á bifreið hans og að frágangur gámsins með tilliti til veðurspár hafi ekki verið fullnægjandi. M telur ekki ljóst hvort stöðuleyfi hafi verið fyrir gáminn og ef svo væri þá hefði verið farið gegn reglum um stöðuleyfi þar sem þar segi skýr að lausafjármuni skuli staðsetja svo ekki stafi hætta af og það hafi ekki verið gert í greint sinn.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að skilyrði 2. gr. vátryggingarskilmála um gildissvið ábyrgðartryggingar séu ekki uppfyllt þar sem tjón M verði ekki rakið til skaðabótaábyrgðar X. V bendir á að gámurinn sem fauk sé úr þykku stáli og þar af leiðandi mjög þungir og alla jafna geymdir utandyra. Ekkert hafi bent til þess að sérstök hætta hafi stafað af staðsetningu gámsins og tjón M sé rakið til óhappatilviks þar sem óvenju sterkar vindhviður hafi verið þegar verst lét í veðri.

Álit.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V hverfist um hvort X beri skaðabótaábyrgð á því að gámur á þess vegum fauk af stað og á bifreið M með tilheyrandi tjóni. Ekki verður séð af gögnum málsins að slík atvik hefðu áður komið til eða að frágangur gámsins hafi verð að nokkur leyti í ósamræmi við skráðar reglur. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að starfsmönnum X hafi mátt vera ljóst að hætta væri á að gámurinn fyki í greint sinn vegna veðurútlits. Sá sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt og ber því hallann af sönnunarskorti og verður M að bera slíkan halla og á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 420/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Sönnun tjóns. Upplýsingaskylda vátryggðs.

Gögn.

1. Málskot móttekið 19. desember 2022.
2. Bréf V dags. 22. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 29. desember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að frystikista M hafi sennilega eyðilagst vegna rafmagnsleysis í kjölfar óveðurs þann 9. október 2022. Atvikið hafi ekki uppgötvast fyrr en 29. október þegar til stóð að halda matarboð og sækja kjöt í kistuna. Þá var allt í henni orðið illa lyktandi og ónýtt. Kistan var lítið notuð og stóð við hlið annarrar kistu sem gengið var um nær daglega. Starfsmenn Íslenska Gámafélagsins hafi komið fjarlægt ónýtu matvælin þann 2. nóvember 2022. M datt ekki í hug að taka myndir af matvælunum áður en þeim var fargað þar sem hann vissi ekki að vátryggingin tæki á slíkum tjónum. Telur M sig hafa gert allt rétt þ.e. tilkynnt tjónið, reynt að finna reikninga yfir matinn í kistunni og hafði samband við vitni. Kistan stendur enn fyrir utan heimili M og bíður þess að starfsmenn V komi og skoði hana. Reikningar fyrir keyptum matvælum fyrir hluta bótafjárhæðarinnar hafa verið sendir til V að beiðni þeirra. Fyrirtækið sem tæmir rusl í sveitarfélaginu beri vitni um að skemmdur matur hafi verið fjarlægður úr frystikistu hjá M. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti þann 24. nóvember 2022 þar sem M hafi ekki lagt fram viðunandi sönnunargögn til að sanna tjón sitt.

V vísar til þess að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að sýna fram á að krafa hans eigi við rök að styðjast, þ.e. að umræddur atburður hafi gerst eins og hann lýsir og að tjón hafi orðið á þeim matvælum sem hann taldi fram í tjónstilkynningu að hefðu skemmst í tjóninu. M hefur þrátt fyrir ítrekuð samskipti við V, ekki lagt fram fullnægjandi gögn að mati V. Innbústrygging sú sem um ræðir nær m.a. til tjóns sem verður vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kæliskáps sbr. grein 3.11. í skilmála vátryggingarinnar. Nær tryggingin til matvæla sem skemmast og til frystikistunnar ef hún er yngri en 5 ára. Vísar V einnig til 11. gr. almennra skilmála þar sem tekið er fram að við uppgjör bóta skulu tryggður eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem félagið þarf til að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Er umrædd regla í samræmi við meginreglu vátryggingaréttar um að tjónþola beri að sanna tjón sitt m.a. með því að leggja fram gögn til stuðnings kröfu sinni um greiðslu bóta.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kæliskáps. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ekki sé ágreiningur um að tjónsatvikið sem slíkt falli undir trygginguna, heldur telur V að tjón M sé ósannað í skilningi 11. gr. almennra vátryggingarskilmála félagsins þar sem M var búinn að henda öllum matvælum sem voru í frystikistunni án þess að hafa tekið myndir af matvælunum til staðfestingar. M hefur lagt fram til nefndarinnar afrit af samskiptum sínum við rekstrarstjóra yfir sorphirðu í sveitarfélagi því sem M býr í þar sem fram kemur að starfsmenn sorphirðunnar staðfesti að hafa aðstoðað M við að losa hann við gríðarlega mikið magn af matvælum í byrjun nóvember 2022. Í vátryggingarskilmála þeirrar tryggingar sem hér um ræðir eða í almennum skilmálum félagsins er hvergi að finna ákvæði sem skyldar vátryggðan til þess að taka ljósmyndir og afhenda V til sönnunar á tjóni. Orðalag 11. gr. almennra skilmála V skyldar M eingöngu til þess að veita V upplýsingar og afhenda gögn sem *„hann hefur aðgang að"* eins og það er orðað í umræddu ákvæði. Verður því með vísan til alls ofangreinds að telja að M hafi veitt V allar þær upplýsingar og gögn sem hann hefur aðgang að í skilningi 11. gr. skilmálans. M hefur veitt V aðgang að umræddri frystikistu til skoðunar, afhent V kvittanir sem til eru fyrir matvælunum og lagt fram staðfestingu frá yfirmanni sorphirðu sveitarfélagsins um að matvæli hafi verið fjarlægð frá heimili M eftir tjónið. Með hliðsjón af framangreindu á M rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.
M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 421/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttekið 13. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur M, dags. 2. janúar 2023.
4. Tölvupóstur V, dags. 3. janúar 2023.

Málsatvik.
Í málskoti kemur fram að tjón varð á húseign M hinn 18. október 2022 þegar flæddi upp úr niðurföllum í húseigninni. Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar frá M um það tjón og lýsing hennar á aðstæðum í öðrum húseignum hennar í sveitarfélaginu X á liðnum árum.

M telur að sveitarfélagið X beri skaðabótaábyrgð á tjóni í húseign hennar þar sem lögnum sveitarfélagsins hefi ekki verið haldið við eða þær lagfærðar þrátt fyrir vatnstjón á svæðinu. M telur ljóst orsök tjóns hennar sé í lögnum sveitarfélagsins sem hafi í greint sinn sent dælubíl til að losa um stíflu og hafi þannig viðurkennt greiðsluskyldu sína. M telur einnig að starfsmönnum X sé kunnugt um að lagnir séu ónýtar eða mjög lélegar og vísar hún til orða starfsmanna sveitarfélagins um það. Einnig vísar M til þess að engin tillaga um úrbætur liggi fyrir. M vísar þar að auki til þess að V hafi bætt sambærilegt tjón hjá öðrum tjónþola.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að á tjónsdegi hafi myndast stífla í lög frá heimtaugarbrunni og að stofnlögn í götu. Einnig vísar V til þess að samskipti hafi átt sér stað daginn fyrir tilkynntan tjónsdag milli M og X þar sem M hafi verið að biðja um teikningar vegna staðsetningar brunns við húseign hennar þar sem hún væri að lenda í „stífluveseni í lögnunum“ á húseign hennar. V telur að ekki hafi verið sýnt fram á vanrækslu af hálfu X, mistök eða aðra háttsemi sem leitt geti til skaðabótaábyrgðar X og þannig greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.
Í gögnum málsins er ekki staðfest með nokkrum gögnum að ástand lagna í sveitarfélaginu X hafi verið með þeim hætti að tjón á húseign M megi leiða af vanrækslu starfsmanna sveitarfélagsins að bregðast við eða sinna viðhaldi. Frásögn M, án frekari gagna til staðfestingar, eða það sem hún hefur eftir óþekktum starfsmönnum X án gagna því til staðfestingar, eru ekki næg sönnunargögn um ástand eða viðbrögð sveitarfélagsins. Þannig verður ekki, m.v. fyrirliggjandi gögn, talið sannað að tjón á húseign M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem sveitarfélagið X ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.
M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 422/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 6. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. janúar 2023 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 15. október 2020 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við starf sitt í húsnæði X, en þar hafi hann verið að störfum í þágu vinnuveitanda síns, Y. M hugðist koma fyrir hillurekka í kjallara X og hafi verið að færa til vörur og varning í þeim tilgangi. Þegar hann hafi verið að færa til plastplötur úr pökkunarvél hafi svokallaður varmaskiptir hrunið á vinstri hendi hans með þeim afleiðingum að M varð fyrir líkamstjóni. Atvikið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en viku eftir slysdag en lögregla hafi verið kölluð á vettvang. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu dags. 27. febrúar 2021, kemur fram að fótur undir varmaskiptinum hafi verið laus, og varmaskiptirinn hafi fallið við að lausi fóturinn fór undan honum. M hafi reiknað með því að fætur undir varmaskiptinum væru fastir en hann hefði ekki ætlað að færa hann sjálfan heldur plötur sem voru staðsettar bak við hann. Z, verkstjóri X, hafi beðið M að aðstoða við að flytja dót sem átti að henda. Z hafi snúið baki í M þegar slysið átti sér stað og hafi hann því ekki séð nákvæmlega hvað gerðist. M telur að aðbúnaði á vinnustað og verkstjórn hafi verið ábótavant og því sé bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X til staðar. Vísar M til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna settra á grundvelli þeirra, þar sem m.a. komi fram að vélum og tækjum skuli þannig komi fyrir að ekki stafi af þeim hætta máli sínu til stuðnings. V hafi hins vegar, með bréfi dags. 29. nóvember 2021, hafnað bótaskyldu, meðal annars með þeim rökum að ekki væri óeðlilegt að ónýta eða bilaða hluti væri að finna í geymslum, og hafi M mátt átta sig á því. Að sögn Z hafi hann þá varað M við því að hreyfa varmaskiptinn, og svo virðist, samkvæmt frásögn M sjálfs að hann hafi vanrækt að fylgja þeim fyrirmælum þegar hann færði varmaskiptinn. Verði því ekki talið að verkstjórn hafi verið ábótavant. M mótmælir framangreindu, enda sé það ósannað að Z hafi gefið fyrirmæli í þessa veru. Þá bendi öll gögn málsins, utan einnar símaskýrslu, til þess að M hafi alls ekki verið að færa varmaskiptinn heldur dót í kringum hann. Við tilfærslu á öðru dóti hafi varmaskiptirinn dottið á M vegna vanbúnaðar sem honum hafi ekki verið kunnugt um.

Í bréfi sínu til nefndarinnar áréttar V fyrri afstöðu. Sérstaklega er tekið fram að staðhæfing M um að hann hafi ekki fært til varmaskiptinn sé í beinni mótsögn við fyrsta framburð hans fyrir lögreglu sem hafi verið fenginn þremur dögum eftir slysið. Hljóti að verða að byggja á slíkum samtímagögnum en ekki framburði sem hafi verið gefinn mörgum mánuðum síðar. Jafnvel þó byggt verði á því að M hafi verið að „færa til dót“ eins og komi fram í öðrum málsgögnum, hljóti varmaskiptirinn að falla undir það að vera „dót“ og hafi M því farið gegn skýrum fyrirmælum Z um að færa hann ekki einsamall. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá hafi slík skylda hvílt á Y sem vinnuveitanda en ekki X en hvað sem því líði hafi Vinnueftirlitið fengið upplýsingar um slys M þegar á slysdegi, enda hafi lögregla, sem kvödd var á vettvang, haft samband við Vinnueftirlitið auk þess sem öryggisstjóri X hafi strax haft símasamband við eftirlitið en ekki sé gerð krafa um sérstakt form tilkynningar.

Í viðbótarathugasemdum M er sérstaklega fjallað um að skylda til tilkynningar til Vinnueftirlitsins hafi hvílt á X, og að ekki hafi verið nægilegt að hringja inn slíka tilkynningu heldur hafi X borið að hlutast til um framkvæmd rannsóknar.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber M því sönnunarbyrði þess að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmætra athafna

eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. Eins og atvikum er háttað þykir þá ekki ástæða til að víkja frá fyrrgreindum almennum sönnunarreglum enda liggur samkvæmt lögregluskýrslu fyrir að Vinnueftirlitið fékk þegar tilkynningu um slysið þó skrifleg tilkynning hafi ekki borist fyrr en viku síðar.

Aðila greinir að nokkru á um atvik við slys M, en þar sem Z sneri baki í hann voru engin vitni að atvikinu sem slíku. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ætlað að færa plötur sem voru við varmaskiptinn. Í framburði Z fyrir lögreglu kemur fram að hann hafi snúið baki að M þegar hinn síðarnefndi fór að færa varmaskiptinn. Í símaframburði M, sem fenginn var þremur dögum síðar, kemur fram að hann hafi verið að færa til varmaskiptinn þegar hann datt, en við skýrslugjöf hjá lögreglu kemur fram að hann hafi ætlað að færa til plötu við varmaskiptinn en eitthvað hafi gerst og varmaskiptirinn fallið eða snúist. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins, dags. 22. október 2020, kemur fram að M hafi verið að færa til dót þegar varmaskiptirinn datt á hann. Er samkvæmt framansögðu ekki fyllilega ljóst hvað gerðist en í öllu falli verður að miða við að M hafi verið að athafna sig, hvort sem það var við flutning á plötum eða varmaskiptinum sjálfum, í námunda við títtnefndan varmaskipti. Gegn mótmælum M, og þar sem ekki kemur skýrt fram í yfirlýsingu Z að hann hafi tjáð M að einn fótur varmaskiptisins hafi verið í ólagi, verður að byggja á því að M hafi ekki verið kunnugt um að varmaskiptirinn stæði völtum fótum og að ekki væri óhætt að athafna sig í námunda við hann. Af gögnum málsins má ráða að varmaskiptirinn sé nokkuð þungur, eða um 100 kíló, og eins séu á honum oddhvassar brúnir. Af gögnum málsins verður þá ekki ráðið annað en að varmaskiptirinn hafi verið látinn standa á „fótunum“ þrátt fyrir að óumdeilt sé að einn þeirra hafi verið laus og verður því að telja að Z, sem vissi um ástand fótarins, hafi verið kunnugt um hættuna sem fólst í að athafna sig í námunda við varmaskiptinn, enda væri hætt við því að hann félli ræki einhver eða eitthvað á hann. Jafnvel þó byggt væri á fyrirliggjandi yfirlýsingu Z verður hins vegar ekki séð að hann hafi varað M sérstaklega við þessari hættu og verður að meta honum það til gáleysis. Er þá einnig litið til þess að varmaskiptirinn var á svæði sem M var sérstaklega beðinn um að aðstoða við tiltekt á en ekkert bendir til að um umrædd geymsla hafi alla jafna verið starfssvæði hans. Er það samkvæmt framansögðu mat nefndarinnar að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé til staðar.

Niðurstaða.
M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 423/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingarskilmála. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. janúar 2023.

Málsatvik.

M, starfsmaður tiltekins sveitarfélags, lenti í umferðarslysi frítíma sínum, 6. febrúar 2022. Gerði M kröfu um að V viðurkenni greiðsluskyldu úr slysatryggingu sem sveitarfélagið er með í gildi hjá V samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélagsins. V hafnaði hins vegar bótaskyldu á þeim grundvelli að tjón af völdum umferðarslysa, þegar starfsmaður er ekki við störf sín, falli ekki undir slysatrygginguna.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að í ákvæðum vátryggingarskilmála V um slysatryggingu launþega komi fram í 7. gr. að þegar bótaréttur er fyrir hendi vegna umferðarslyss úr lögboðinni ökutækjatryggingu þá stofnist ekki bótaréttur úr slysatryggingu launþega, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. M vísar þá til ákvæðis í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M vegna starfa hennar og þar komi fram að skilmálar sem um slysatryggingu gildi séu almennir skilmálar sem séu í gildi fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga [SÍT], með þeim frávikum sem í kjarasamningi greinir. Þannig vísar M til þess að í ákvæðum kjarasamnings komi fram að tryggingin gildi allan sólarhringinn auk þess sem hún gildi þrátt fyrir vátryggingu annars staðar, sbr. ákvæði kjarasamningsins í gr. 7.1.8 og 7.1.9. Slysatrygging M verði því að fara eftir ákvæðum kjarasamningsins sjálfs, ákvæði hans gildi um frávik en ekki skilmálar tryggingarinnar sjálfrar né heldur almennir skilmálar SÍT fyrir atvinnuslysatryggingar launþega sem kjarasamningurinn vísar til. Telur M þar af leiðandi að hún eigi bótarétt úr tryggingunni þar sem tjón vegna umferðarslyss í frítíma falli undir slysatryggingu launþega hjá félaginu. M vísar til þess að við túlkun umræddra ákvæða verði að líta til þess að vátryggingarskilmálar séu almennt samdir einhliða af vátryggingarfélagi og ef vafi sé um þýðingu eða skilning ákvæða þeirra verði að túlka slíkan vafa V í óhag skv. almennum túlkunarreglum. Einnig vísar M til orðalags kjarasamninga almennt um að umferðarslys séu undanþegin í slysatryggingum en ekki sé sambærileg ákvæði í kjarasamningum t.d. X og einhverra annarra sveitarfélaga. M telur að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 eigi ekki við þar sem ekki var samið um sambærileg frávik í þeim samningi sem þar var til umfjöllunar og í kjarasamningi M.

V hafnar röksemdum M og vísar til 7. gr. vátryggingarskilmála um slysatryggingu launþega þar sem komi fram að félagið greiði ekki bætur sé bótaréttur fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatryggingu, þ.e. hvort heldur úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. V hafnar því að það komi skýrt fram í kjarasamningi að launþega sé tryggður réttur til bóta úr slysatryggingu launþega vegna umferðarslysa og heildartúlkun á slysatryggingarkafla kjarasamningsins leiði heldur ekki til þeirrar niðurstöðu. V vísar til þess að í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M sé vísað til almennra skilmála sem voru í gildi fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá SÍT og þá hafi undanþága vegna umferðarslysa þá þegar verið fyrir hendi og bæði í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 232/2021 og í dómi Hæstaréttar í máli 405/2016 hafi verið staðfest að sams konar tilvísun taki af vafa um að bótaréttur vegna umferðarslysa sé ekki fyrir hendi úr slysatryggingu launþega. Þannig telur V að með engu móti sé skýrt að bótaréttur sé fyrir hendi til handa M úr slysatryggingu launþega. Ekki þurfi að orða undanþágu sérstaklega í kjarasamningnum sjálfum. Einnig nefnir V til áréttingar að dómur Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 sé fordæmi fyrir afstöðu félagsins varðandi fyrirmyndir skilmála sem vísað er til í kjarasamningum sem gerðir hafa verið eftir árið 2000.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega hjá V kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu þ.e. ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi, sbr. 7. gr. Samkvæmt framangreindu er ljóst að bótaréttur er ekki fyrir hendi úr slysatryggingunni, nema annað leiði af kjarasamningi. Verður því að leggja mat á það hvort ákvæði kjarasamningsins feli í sér að tjón vegna umferðarslysa falli undir slysatryggingu launþega.

Í fyrsta lagi segir í gr. 7.1.7 kjarasamningsins að skilmálar slysatryggingar þeirrar sem fjallað er um í kjarasamningnum séu almennir skilmálar, sem í gildi voru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá SÍT, þegar kjarasamningurinn var gerður, eftir því sem það á við og með þeim frávikum sem í kjarasamningnum greinir.

Kjarasamningurinn sem M starfaði eftir á slysdegi gilti frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023 og var því í gildi þegar M slasaðist. Fyrir liggur að SÍT var lagt niður þegar það sameinaðist öðrum félögum undir heitinu Samtök fjármálafyrirtækja í ársbyrjun 2007. Það er því ljóst að engir almennir skilmálar voru í gildi hjá SÍT þegar kjarasamningurinn var gerður. Síðustu skilmálar SÍT virðast skv. gögnum málsins hafa verið gerðir þann 5. júní 2000. Við túlkun á því hvaða þýðingu það hefur í kjarasamningum þegar vísað er til fyrrgreindra skilmála sem ekki eru lengur í gildi verður að líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 þar sem fram kemur að almenn tilvísun til skilmála SÍT í kjarasamningum eftir að SÍT var lagt niður feli í sér að samningsaðilar hafi sammælst um að bótaréttur skv. kjarasamningi skuli ráðast af þeim skilmálum sem SÍT gaf út þann 5. júní 2000. Í þágildandi skilmálum SÍT, nánar tiltekið í gr. 12.1, kom fram að ekki greiðast bætur vegna varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu. Sambærilegt ákvæði er sem fyrr segir í gr. 9.17 í vátryggingarskilmálum V. Ekkert kemur fram í kjarasamningnum sjálfum eða öðrum gögnum sem bendir til þess að líta hafi átt framhjá hefðbundnum vátryggingarskilmálum vegna slysatryggingarkafla kjarasamningsins.

Það eitt að í ákvæðum kjarasamnings í gr. 7.1.8 og 7.1.9 komi fram að vátrygging gildi allan sólarhringinn eða þó önnur vátrygging sé í gildi, víkur ekki til hliðar þeirri tilvísun sem er í gr. 7.1.7 um að um slysatryggingu kjarasamningsins gildi tilgreindir skilmálar, sbr. þágildandi gr. 12.1 í almennum skilmálum slysatryggjenda SÍT. Þá segir auk þess skýrlega í gr. 7.1.8. kjarasamningsins að takmarkanir á bótaskyldu, sem um geti í tryggingaskilmálum, falli niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi vegna þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af því leiðir að takmarkanir á bótaskyldu, svo sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum slysatryggingar V, halda gildi sínu þegar starfsmaður verður fyrir slysi í frítíma, þ.m.t. að bótaréttur falli niður þegar bótaréttur er fyrir hendi samkvæmt lögbundinni ökutækjatryggingu.

Af þessum sökum og í ljósi þess að M á bótarétt vegna slyssins úr lögboðinni ökutækjatryggingu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki bótarétt úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 424/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingarskilmála. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. janúar 2023.

Málsatvik.

M, starfsmaður tiltekins sveitarfélags, lenti í umferðarslysi frítíma sínum, 22. október 2021. Gerði M kröfu um að V viðurkenni greiðsluskyldu úr slysatryggingu sem sveitarfélagið er með í gildi hjá V samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélagsins. V hafnaði hins vegar bótaskyldu á þeim grundvelli að tjón af völdum umferðarslysa, þegar starfsmaður er ekki við störf sín, falli ekki undir slysatrygginguna.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að í ákvæðum vátryggingarskilmála V um slysatryggingu launþega komi fram í 7. gr. að þegar bótaréttur er fyrir hendi vegna umferðarslyss úr lögboðinni ökutækjatryggingu þá stofnist ekki bótaréttur úr slysatryggingu launþega, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. M vísar þá til ákvæðis í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M vegna starfa hennar og þar komi fram að skilmálar sem um slysatryggingu gildi séu almennir skilmálar sem séu í gildi fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga [SÍT], með þeim frávikum sem í kjarasamningi greinir. Þannig vísar M til þess að í ákvæðum kjarasamnings komi fram að tryggingin gildi allan sólarhringinn auk þess sem hún gildi þrátt fyrir vátryggingu annars staðar, sbr. ákvæði kjarasamningsins í gr. 7.1.8 og 7.1.9. Slysatrygging M verði því að fara eftir ákvæðum kjarasamningsins sjálfs, ákvæði hans gildi um frávik en ekki skilmálar tryggingarinnar sjálfrar né heldur almennir skilmálar SÍT fyrir atvinnuslysatryggingar launþega sem kjarasamningurinn vísar til. Telur M þar af leiðandi að hún eigi bótarétt úr tryggingunni þar sem tjón vegna umferðarslyss í frítíma falli undir slysatryggingu launþega hjá félaginu. M vísar til þess að við túlkun umræddra ákvæða verði að líta til þess að vátryggingarskilmálar séu almennt samdir einhliða af vátryggingarfélagi og ef vafi sé um þýðingu eða skilning ákvæða þeirra verði að túlka slíkan vafa V í óhag skv. almennum túlkunarreglum. Einnig vísar M til orðalags kjarasamninga almennt um að umferðarslys séu undanþegin í slysatryggingum en ekki sé sambærileg ákvæði í kjarasamningum t.d. X og einhverra annarra sveitarfélaga. M telur að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 eigi ekki við þar sem ekki var samið um sambærileg frávik í þeim samningi sem þar var til umfjöllunar og í kjarasamningi M.

V hafnar röksemdum M og vísar til 7. gr. vátryggingarskilmála um slysatryggingu launþega þar sem komi fram að félagið greiði ekki bætur sé bótaréttur fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatryggingu, þ.e. hvort heldur úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. V hafnar því að það komi skýrt fram í kjarasamningi að launþega sé tryggður réttur til bóta úr slysatryggingu launþega vegna umferðarslysa og heildartúlkun á slysatryggingarkafla kjarasamningsins leiði heldur ekki til þeirrar niðurstöðu. V vísar til þess að í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M sé vísað til almennra skilmála sem voru í gildi fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá SÍT og þá hafi undanþága vegna umferðarslysa þá þegar verið fyrir hendi og bæði í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 232/2021 og í dómi Hæstaréttar í máli 405/2016 hafi verið staðfest að sams konar tilvísun taki af vafa um að bótaréttur vegna umferðarslysa sé ekki fyrir hendi úr slysatryggingu launþega. Þannig telur V að með engu móti sé skýrt að bótaréttur sé fyrir hendi til handa M úr slysatryggingu launþega. Ekki þurfi að orða undanþágu sérstaklega í kjarasamningnum sjálfum. Einnig nefnir V til áréttingar að dómur Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 sé fordæmi fyrir afstöðu félagsins varðandi fyrirmyndir skilmála sem vísað er til í kjarasamningum sem gerðir hafa verið eftir árið 2000.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega hjá V kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu þ.e. ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi, sbr. 7. gr. Samkvæmt framangreindu er ljóst að bótaréttur er ekki fyrir hendi úr slysatryggingunni, nema annað leiði af kjarasamningi. Verður því að leggja mat á það hvort ákvæði kjarasamningsins feli í sér að tjón vegna umferðarslysa falli undir slysatryggingu launþega.

Í fyrsta lagi segir í gr. 7.1.7 kjarasamningsins að skilmálar slysatryggingar þeirrar sem fjallað er um í kjarasamningnum séu almennir skilmálar, sem í gildi voru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá SÍT, þegar kjarasamningurinn var gerður, eftir því sem það á við og með þeim frávikum sem í kjarasamningnum greinir.

Kjarasamningurinn sem M starfaði eftir á slysdegi gilti frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023 og var því í gildi þegar M slasaðist. Fyrir liggur að SÍT var lagt niður þegar það sameinaðist öðrum félögum undir heitinu Samtök fjármálafyrirtækja í ársbyrjun 2007. Það er því ljóst að engir almennir skilmálar voru í gildi hjá SÍT þegar kjarasamningurinn var gerður. Síðustu skilmálar SÍT virðast skv. gögnum málsins hafa verið gerðir þann 5. júní 2000. Við túlkun á því hvaða þýðingu það hefur í kjarasamningum þegar vísað er til fyrrgreindra skilmála sem ekki eru lengur í gildi verður að líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 þar sem fram kemur að almenn tilvísun til skilmála SÍT í kjarasamningum eftir að SÍT var lagt niður feli í sér að samningsaðilar hafi sammælst um að bótaréttur skv. kjarasamningi skuli ráðast af þeim skilmálum sem SÍT gaf út þann 5. júní 2000. Í þágildandi skilmálum SÍT, nánar tiltekið í gr. 12.1, kom fram að ekki greiðast bætur vegna varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu. Sambærilegt ákvæði er sem fyrr segir í gr. 9.17 í vátryggingarskilmálum V. Ekkert kemur fram í kjarasamningnum sjálfum eða öðrum gögnum sem bendir til þess að líta hafi átt framhjá hefðbundnum vátryggingarskilmálum vegna slysatryggingarkafla kjarasamningsins.

Það eitt að í ákvæðum kjarasamnings í gr. 7.1.8 og 7.1.9 komi fram að vátrygging gildi allan sólarhringinn eða þó önnur vátrygging sé í gildi, víkur ekki til hliðar þeirri tilvísun sem er í gr. 7.1.7 um að um slysatryggingu kjarasamningsins gildi tilgreindir skilmálar, sbr. þágildandi gr. 12.1 í almennum skilmálum slysatryggjenda SÍT. Þá segir auk þess skýrlega í gr. 7.1.8. kjarasamningsins að takmarkanir á bótaskyldu, sem um geti í tryggingaskilmálum, falli niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi vegna þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af því leiðir að takmarkanir á bótaskyldu, svo sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum slysatryggingar V, halda gildi sínu þegar starfsmaður verður fyrir slysi í frítíma, þ.m.t. að bótaréttur falli niður þegar bótaréttur er fyrir hendi samkvæmt lögbundinni ökutækjatryggingu.

Af þessum sökum og í ljósi þess að M á bótarétt vegna slyssins úr lögboðinni ökutækjatryggingu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki bótarétt úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 425/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Notkunarhugtakið. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið 20. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. janúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 16. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir líkamstjóni þann 23. febrúar 2022 er hann datt úr stiga við að fara upp á tankbíl við störf sín. Var hann á leið upp á tankbílinn til þess að opna tankinn að ofanverðu, sem er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að tæma tankinn á bílnum. Bæði tankurinn og bíllinn eru tryggð hefðbundinni ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V. M krafðist þess því að viðurkennd yrði bótaskylda úr ábyrgðartryggingu ökutækis vegna málsins. V hafnaði viðurkenningu á bótaskyldu og telur málið falla undir slysatryggingu launþega þar sem V taldi ekki að atvikið yrði rakið til notkunar ökutækisins. M vísar til þess að tjón sem orsakast beinlínis af tækjum er heyra til eðlilegs útbúnaðar til að ferma og afferma flutningabifreiðar á venjulegan hátt verða almennt talin hafa orðið við notkun ökutækis í skilningi laga nr. 30/2019. Stiginn sem M féll úr er eðlilegur og nauðsynlegur búnaður tankbílsins og nauðsynlegt er að fara upp stigann við venjubundin not tankbílsins sem slíks. Öðruvísi er ekki unnt að opna tankinn að ofanverðu, sem er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að tæma tankinn á bílnum. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 150/2006.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Afstaða félagsins byggir á því að slys M falli utan gildissviðs lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins A. Til þess að slys verði fellt undir gildissvið 4. gr. laga um ökutækjatryggingar þarf slys að verða rakið til notkunar ökutækisins í skilningi lagaákvæðisins. Að mati V eru ekki orsakatengsl milli notkunar bifreiðarinnar og slyss M. Þegar metið er hvort um notkun sé að ræða verður að horfa til þess að lagaleg skilgreining á hugtakinu notkun ökutækis er þrengri en almenn orðskýring gefur til kynna. Vísar V til dómaframkvæmdar um 1. mgr. 88. gr. eldri umferðarlaga nr. 50/1987 máli sínu til stuðnings. Meginreglan sé sú að kyrrstætt vélknúið ökutæki telst ekki í notkun í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar. Vísar V til ýmissa dóma máli sínu til stuðnings og mótmælir jafnframt að dómur Hæstaréttar í máli nr. 150/2006 hafi fordæmisgildi um þennan ágreining.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar M að líkt og í máli því sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 150/2006 hafi M slasast við venjubundin not tankbílsins sem slíks. Stiginn sem M féll úr er eðlilegur og nauðsynlegur búnaður tankbílsins og nauðsynlegt er að fara upp stigann við venjubundin not tankbílsins sem slíks. Öðruvísi sé ekki unnt að opna tankinn að ofanverðu, sem er nauðsynlegur undanfari þess að hægt sé að tæma tankinn. M telur því yfir allan vafa hafið að tjón hans beri að bæta úr ábyrgðartryggingu tankbílsins.

Álit.

Af gögnum málsins er óljóst hvort M hafi haft þau tengsl við ökutækið A að hann hafi verið ökumaður þess í aðdraganda tjónsatviksins en í málskoti er gerð krafa um viðurkenningu á bótarétti M úr ábyrgðartryggingu ökutækis. Í svarbréfi V er einnig byggt á því að gerð hafi verið krafa í þá tryggingu en ekki slysatryggingu ökumanns og eiganda og verður því álit nefndarinnar byggt á því. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 skal eigandi ökutækis bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í ökutækinu eða ógætni ökumanns. Um er að ræða hlutlæga ábyrgðarreglu þ.e. ábyrgð án sakar og gerir reglan ráð fyrir því að orsakatengsl þurfi að vera til staðar milli tjóns sem ökutæki veldur og notkunar þess. Almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar setja slíka sönnunarbyrði á herðar tjónþola, í þessu tilviki M.

Óumdeilt er að M slasaðist er hann datt úr stiga við það að fara upp á kyrrstæðan tankbíl. Ekkert bendir til þess að slysið hafi orsakast af hreyfingu ökutækisins eða að það hafi á annan hátt verið í notkun í

skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar. Þannig bendir ekkert til þess að slysið hafi orðið vegna sérstaks búnaðar ökutækisins eða hættueiginleika þess. Verður samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af dómaframkvæmd ekki talið að tjón M verði rakið til notkunar ökutækis í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019.

Niðurstaða.
M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 426/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sakarlíkindaregla. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 20. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 1. febrúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 8. febrúar 2023.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að starfsmenn X voru við vinnu við malbiksframkvæmdir við Bíldshöfða í Reykjavík hinn 20. júlí 2022 þegar þeir söguðu í gegnum tvö stofnrör eigu M og við það varð tjón á fimm ljósleiðarastrengjum í eigu M. Á tjónsdegi voru í gildi lög nr. 81/2003 um fjarskipti þar sem fjallað var um vernd fjarskiptavirkja í 71. gr. Í 1. mgr. 71. gr. þeirra laga segir: *„Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna“.* Í 3. mgr. 71. gr. segir síðan: „*Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt.“* Hér er um að ræða svokallað sakarlíkindareglu í skaðabótarétti ef tjón verður vegna jarðrasks eða annarra framkvæmda, nema hann geti sýnt að ekki hafi verið hægt að komast hjá tjóni þó fyllstu aðgæslu hafi verið gætt. Auk þessa eru lagðar eru þær skyldur á þá sem gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir að afla upplýsinga um legu fjarskiptavirkja og samráð við eigendur þeirra um tilhögun framkvæmda. Ágreiningur er um hvort M getur gert kröfu um skaðabætur á grundvelli 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti í ábyrgðartryggingu X hjá V.

M telur að starfsmenn X hafi farið gegn fyrirmælum 1. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti með því að við sögun malbiks, sem teljist jarðrask í skilningi sama ákvæðis, hafi sömu starfsmenn ekki aflað upplýsinga um legu ljósleiðarastrengja né haft samráð við starfsmenn M vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þannig hafi starfsmenn X ekki gætt fyllstu aðgæslu í skilningi 3. mgr. 71. gr. sömu laga. Í báðum ákvæðum sé fjallað um jarðrask og aðrar ráðstafanir sem af geta hlotist skemmdir og ekki sé vafi á að framkvæmdir X falli undir það. Einnig telur M að þó að almenn upplýsingagjöf t.d. í almennu upplýsingabréfi til verktaka gefi til kynna að dýpt á lagnir sé að jafnaði 15-40 cm þá sé alltaf fyrirvari um aðstæður og áréttingum að gæta þurfi ítrustu aðgæslu. Því hafi verið ljóst af hálfu M að taka hafi þurfti almennum upplýsingum með fyrirvara sem og að breytingar á landslagi eftir að almennar teikningar séu gerðar geti haft áhrif á hvernig lesa þurfi úr þeim. Einnig hafnar M því að X geti komið sér frá ábyrgð með því að vísa til útboðs- og verklýsingar vegna verksins frá því sveitarfélagi sem bauð það út, en slík gögn víki ekki til hliðar lagaákvæðum um skaðabótaábyrgð. Einnig hafnar M því að lagning ljósleiðara sé ekki í samræmi við það sem almennt má gera ráð fyrir í landi sveitarfélagsins þar sem framkvæmdirnar voru.

V hefur hafnað bótaskyldu og leggur áherslu á að ákvæði 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti feli ekki í sér hlutlæga skaðabótareglu heldur sé um sakarlíkindareglu að ræða og þurfi að túlka vafa um orðalagi „fyllstu aðgæslu“ X í hag en ekki M. V telur í ljós leitt að þau fjarskiptavirki sem skemmdust hafi legið mun nær yfirborði jarðar en gengur og gerist og X hafi ekki getað vitað það. V vísar á bug þeim skýringum M um að ef X hefði beðið sérstaklega um upplýsingar á því svæði sem hafi verið að vinna á þá hefði staðan verið önnur. V vísar til ummæla í málskoti M um að ef beðið hefði verið um sérstakar upplýsingar hefði X fengið almennt upplýsingabréf um að dýpt á lagnir sé mismunandi en að jafnaði séu þær lagðar á 15-40 cm dýpt, háð aðstæðum og áréttað að ekki væri hægt að ganga að dýpt lagna M

sem vísum og því sérstaklega áréttað að það þurfi að sýna sérstaka aðgæslu. Einnig vísar V til upplýsinga á tiltekinni vefsíðu móðurfélags M, þar sem aðgengilegar eru teikningar af legu strengja ljósleiðara og að þar sem komi ekki fram upplýsingar um óvenjulega legu þeirra strengja sem skemmdust og að X hefði því ekki verið miklu nær

við slíka athugun. V telur að M sem eigandi fjarskiptavirkja sem hefur sérfræðiþekkingu á legu þeirra geti ekki vísað til almennra upplýsinga og þannig velt ábyrgð yfir á aðra og verði M því að bera hallann af því að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um legu strengja. Einnig bendir V á að X hafi verið að vinna við yfirborðsviðgerðir á malkbiki þegar tjón varð og þess vegna hafi skylda skv. 1. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti ekki verið fyrir hendi. Um hafi verið að ræða óhappatilvik sem enginn ber skaðabótaábyrgð á. Einnig vísar V til þess til vara að í 15. gr. vátryggingarskilmála V fyrir ábyrgðartryggingu X komi fram varúðarregla um að áður en hafinn sé gröftur í jörðu skuli vátryggður kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. X hafi ekki sinnt þeirri skyldu og með vísan til. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og fyrirvara í vátryggingarskilmálum hafni V ábyrgð í heild vegna þess að X hafi farið gegn fyrirmælum varúðarreglu.

Í viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar kemur fram áréttíng um að M hafi sett upp aðgengilegt form á vefsíðu sinni þar sem beiðni um lagnateikningar sé afgreidd með skjótum hætti, eða almennt á um 24 klst. Einnig sé hægt að fá skjótari afgreiðslu sé haft samband símleiðis. Um sé að ræða gjaldfrjálsa þjónustu við verktaka sem sé mjög aðgengileg á heimasíðu M. Einnig vísar M til mikilvægis sakarlíkindareglu 3. mgr. 71. gr. fjarskiptalaga varðandi vernd fjarskiptavirkja og að í nýjum fjarskiptalögum nr. 70/2022 sé sambærileg regla, auk þess sem komið hafi fram í lögskýringargögnum með þeim lögum að áhersla löggjafans á vernd almannahagsmuna af ótrufluðum fjarskiptum sé mikil. Einnig vísar M til þess að jarðrask í skilningi 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti feli í sér þær framkvæmdir sem X hafi verið í á tjónsdegi og staðsetning ljósleiðarastrengjanna sem skemmdust hefði verið nákvæmlega þar sem þeir hefðu verið innmældir árið 2000 og í samræmi við teikningar sem aðgengilegar hefðu verið á vef móðurfélags M. Einnig bendir M á að engar reglur hafi verið á þeim tíma sem ljósleiðarstrengir þessir voru lagðir um hvar lega þeirra ætti að vera og á þeim rúmu 20 árum sem liðið hafi síðan hafi hönnunarfyrirmæli í seinni tíð gert ráð fyrir meiri dýpt en áréttað sé í öllum upplýsingum frá M að ekki sé hægt að ganga að því sem vísu. Einnig vísar M tilvísunum V til almennra upplýsingabréfa til íbúa sem ætla í framkvæmdir á lóðum sínum á bug þar sem þær eigi ekki við um framkvæmdir X. Einnig telur M að álit sveitarfélags hafi ekki þýðingu við afgreiðslu málsins.

Í viðbótarathugasemdum V er vísað til samhengis við umfjöllun félagsins um varúðarreglur.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur er milli M og V um gildissvið og túlkun fyrirmæla 1. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti nr. 81/2003 sem og bótareglu 3. mgr. sama ákvæðis laganna. Í 1. mgr. 71. gr. laganna kemur fram að þar sem fjarskiptavirki eru megi ekki gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir nema afla upplýsinga um legu fjarskiptavirkja og samráð við eigendur þeirra um tilhögun framkvæmda. Í gögnum málsins er ekki að finna upplýsingar um að það hafi starfsmenn M gert þegar þeir réðust í framkvæmdir sem fólu í sér að saga í sundur malbik á Bíldshöfða hinn 20. júlí sl. en verður orðið jarðrask eða aðrar ráðstafanir ekki skilið öðruvísi skv. orðanna hljóðan en að framkvæmdir M hafi falið slíkt í sér. Starfsmönnum X bar því að afla sér upplýsinga um mögulega legu fjarskiptavirkja eins og ljósleiðarastrengja áður en framkvæmdir hófust skv. skýrum skyldum sem kveðið er á um í 1. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti nr. 81/2003 sem og að hafa samráð við M áður en framkvæmdir hófust. Atvinnurekstur X og reynsla af framkvæmdum skiptir þar einnig máli í ljósi þess að starfsmönnum X hefði mátt vera ljóst að gæta þyrfti að undirlagi við framkvæmdir almennt. X og V fyrir þess hönd hefur haldið því fram að framkvæmdir hafi verið þess eðlis að ekki hafi mátt vænta fjarskiptavirkja eins grunnt og gert var ráð fyrir að farið væri í jörðu og að almennar leiðbeiningar M hafi verið þess eðlis að þó teikningar hefðu verið skoðaðar þá hefðu þær sýnt lagnir á öðrum stað en þær voru og málatilbúnaður V verður ekki skilinn öðruvísi en að í því felist að tjónið hefði orðið þrátt fyrir aðgæslu starfsmanna X og lestur af teikningum. Þar verður þó að horfa til þess að almennar leiðbeiningar M fela í sér fyrirvara um að alltaf beri að sýna ítrustu aðgæslu þar sem ljósleiðarastrengir geti verið á mismunandi dýpt þó þeir séu að jafnaði á 15-40 cm dýpi. V hefur ekki sýnt fram á að ef

starfsmenn X hefðu haft beint samband við M vegna framkvæmdanna þá hefði M gefið þær almennu upplýsingar en ekki upplýsingar um rétta legu strengjanna skv. innmælingu frá árinu 2000. Hallann af því að hafa ekki aflað upplýsinga hjá M beint, eins og fyrirmæli 1. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti voru, verður að leggja á X og verður að meta það starfsmönnum X til einhvers gáleysis að hafa ekki gert það.

Við mat á því hvort skilyrði skaðabótaskyldu, skv. sakarlíkindareglu 3. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti, séu fyrir hendi verður að líta til þess að mat nefndarinnar er að starfsmenn M hafi sýnt gáleysi með því að fara gegn fyrirmælum 1. mgr. 71. gr. laganna og teljast þeir því ekki hafa sýnt fyllstu aðgæslu í skilningi 3. mgr. 71. gr. sömu laga. Telst X því bera skaðabótaábyrgð á tjóni M og bótaskylda fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 18. janúar 2023 kemur fram sú varakrafa félagsins að takmarka eigi ábyrgð þess með vísan til 26. gr. laga um vátryggingarsamninga þar sem X hafi ekki fylgt varúðarreglu vátryggingaskilmála um að áður en hafinn sé gröftur í jörðu skuli vátryggður kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Til þess að V geti takmarkað ábyrgð sína þarf sök vátryggðs við að fara gegn fyrirmælum í varúðarreglu að vera meira en óveruleg, sbr. orðalag 26. gr. laga um vátryggingarsamninga. Sú sök starfsmanna X sem gerð er grein fyrir hér að ofan, þ.e. að fara gegn fyrirmælum 1. mgr. 71. gr. þágildandi laga um fjarskipti getur leitt til skaðabótaábyrgðar þó hún sé óveruleg, en ef sökin er óveruleg getur V ekki takmarkað ábyrgð sína gagnvart tjónþola.

Við mat á því hvort sök hafi verið óveruleg eða ekki óveruleg verður ekki hægt að líta framhjá því að það að afla ekki upplýsinga um legu ljósleiðarastrengja getur haft þær augljósu afleiðingar að fari sé í gegnum þá í framkvæmdum eins og gerðist hinn 20. júlí sl. Um er að ræða sök sem er meira en óveruleg og verður því að líta til þess hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvika að öðru leyti skv. fyrirmælum 26. gr. laga um vátryggingarsamninga. Verður ekki litið framhjá því að sú varúðarregla sem X fór í bága við hefur beina þýðingu varðandi það að takmarka hættu á tjónum sem því sem varð, sökin var ekki óveruleg eins og áður sagði og skýr orsakatengsl eru á milli þess að ekki var farið eftir varúðarreglu og þess tjóns sem varð. Með hliðsjón af atvikum öllum getur V því takmarkað ábyrgð sína um 50% úr ábyrgðartryggingu X hjá V og á M því rétt á bótum úr vátryggingu sem nemur helmingi tjóns síns.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V en ábyrgðin takmarkast við helming (50%) af heildartjóni M.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 428/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Atvinnurekandi: A

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttekið dags. 12. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þann 21. september 2021 þegar hann ók vörubifreið að fyrirtækinu A til að sækja fleka. Starfsmaður A hafi híft nokkra fleka upp á vörubifreiðina sem hver um sig hafi vegið um 71,5 kg og síðan hafi fimm slíkir fallið af bifreiðinni og á M sem varð undir þeim. Vinnueftirlitið hafi ekki komið á vettvang. M byggir á því að 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 hafi ekki verið framfylgt en í greininni sé sú skylda lögð á atvinnurekendur að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota hæfi verkinu þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsa sé hætta búin. M telur A bera ábyrgð á háttsemi starfsmanns þess sem hafi ekki gætt nægilega að sér við lestun bifreiðarinnar á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Stæðum hafi verið staflað án þess að þær væru tryggilega festar. M byggir einnig á því að ekki hafi verið gert áhættumat sem sé áskilið skv. 65. gr. a. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í bréfi V kemur fram að bótaskyldu sé hafnað þar sem ekki þykir sýnt fram á að slysið sé að rekja til sakar af hálfu A. Því er hafnað að starfsmaður A hafi ekki gætt nægilega að sér við lestun vörubifreiðarinnar. Þá telur V að starfsmaður A geti ekki verið látinn bera ábyrgð á því hvernig staðið var að lestuninni heldur hljóti þetta að vera ábyrgð M sem ökumanns bifreiðarinnar. Hann hljóti að hafa meira skynbragð á það sem ökumaður hversu hátt sé unnt að stafla á bifreiðina til að öruggt geti talist. Þá er bent á að sönnunarbyrði hvíli á M. Vinnueftirlitið hafi verið látið vita af atvikinu en hafi ekki séð ástæðu til vettvangsrannsóknar.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvor beri ábyrgð á því að bitar féllu af vörubifreiðinni á M. Ekki virðist vera ágreiningur um tildrög slyssins og í lögregluskýrslu sem er frumgagn í málinu kemur fram hjá starfsmanni A, sem og M, að M hafi staðið við bifreiðina og verið að laga timbur sem flekarnir voru settir á. Mikill vindur hafi verið og 5 flekar hafi fokið af bifreiðinni og á M. Þá liggur fyrir í málinu að atvinnuveitandi M tilkynnti slysið til Vinnueftirlitsins sem hafi ekki rannsakað slysið. Sönnunarbyrði um það að sök hafi verið hjá A vegna slyssins hvílir á M. Meðal gagna málsins eru veðurmælingar við Straumsvík sem sýna að vindhraði hafi verið 9,4 -14,2 m/s þegar slysið átti sér stað og að mesta hviða hafi verið 18,4 m/s. Samkvæmt vindhraðaflokkun vedur.is telst vindhraði 10-20 m/s talsverður vindur og vera stinningskaldi eða strekkingur. Það var því ekki viðvörun vegna veðursins. Aðilum ber þó saman um að flekarnir hafi fokið af pallinum. Ekki lá fyrir áhættumat við hleðsluna en þrátt fyrir það verður ekki séð að starfsmaður A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða að slys M sé að rekja til atvika sem A verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Því verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Með vísan til þess ber V ekki bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. febrúar 2023,

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 429/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nöfn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging.
Nafn vátryggingartaka (X)

Erfðaréttur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 22. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. janúar 2023.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 25. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Með úrskurði sínum í máli 211/2021 komst Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum að þeirri niðurstöðu að Y ætti rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X. Í kjölfarið áttu sér samskipti milli V og lögmanns Y. Í tölvupósti V dags. 15. september 2021 kom fram að félagið mundi una áðurnefndum úrskurði. Í kjölfarið komu aðilar sér saman um matsmann og var sameiginleg matsbeiðni dags. hinn 29. september 2021. Matsfundur fór fram hinn 21. október 2021, og er fyrirliggjandi matsgerð dags. 13. desember 2021. Áður en matsgerð lá fyrir, eða hinn 20. nóvember 2021, lést Y og fékk M, sem var einkaerfingi Y samkvæmt erfðaskrá, leyfi til einkaskipta á dánarbúi hans. Í kjölfar þess að matsgerð lá fyrir sendi lögmaður tillögu að fullnaðaruppgjöri bótagreiðslu á grundvelli hennar. V hafnaði kröfunni með vísan til 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar er krafan hefði ekki verið viðurkennd í skilningi þess ákvæðis.

Í málskoti er þeirri afstöðu mótmælt og gerð krafa um að V greiði M miskabætur á grundvelli matsgerðarinnar auk vaxta og kostnaðar. Í 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga sé að finna sérreglu um að krafa um bætur fyrir þjáningar og varanlegan miska erfist ekki nema slík krafa hafi verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða hún verið gerð fyrir dómi í sakamáli. Um sé að ræða undantekningarreglu sem ekki verði túlkuð rýmra en orðalag hennar gefi til kynna. V hafi þá með samskiptum sínum og svörum til aðila viðurkennt bótakröfuna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið telji skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga ekki uppfyllt, þar sem bótakrafa hafi ekki verið send V fyrr en tæpum mánuði eftir andlát Y heitins. Þó V hafi fallist á bótaskyldu úr sjúklingatryggingu feli það ekki í sér viðurkenningu á bótakröfu sem kunni að verða sett fram síðar. Þar sem krafan hafi ekki verið send V fyrr en eftir andlát Y hafi krafan ekki verið viðurkennd og því hafi hún ekki erfst.

Í viðbótarathugasemdum M er áréttað að tillaga að bótauppgjöri hafi verið send V hinn 17. desember 2021, eða fjórum dögum eftir að matsgerð lá fyrir. Ljóst sé að Y hafi verið látinn þegar matsgerðin lá loks fyrir en það breyti því ekki að V sé skuldbundið til að hlíta niðurstöðu hennar, enda hafi félagið samþykkt að hlíta úrskurði nefndarinnar í máli 211/2021. Þá hafi V samþykkt þann sérfræðilækni sem framkvæmdi matið, félagið hafi þá tekið virkan þátt í gerð matsins, og m.a. komið að viðbótarspurningum sem hafi haft þau áhrif að flækja og seinka matsferlinu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga erfist krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í sakamáli. Aðila greinir samkvæmt framansögðu á um hvort krafa Y um bætur vegna þjáningar og varanlegs miska úr sjúklingatryggingu X hafi verið viðurkennd í skilningi þessa ákvæðis. Skýringar í greinargerð með umræddu ákvæði veita ekki skýrar leiðbeiningar varðandi það hvers kyns athafnir leiði til þess að krafa teljist viðurkennd en samkvæmt orðalagi ákvæðisins er ljóst að það er ekki nauðsynlegt að mál hafi verið höfðað til heimtu eða viðurkenningar hennar. Hlýtur þá að koma til skoðunar og mats nefndarinnar hvort V hafi með atferli sínu viðurkennt kröfuna, en óumdeilt er að fjárhæð hennar lá ekki fyrir fyrr en eftir andlát Y.

Fyrir liggur að úrskurður nefndarinnar í máli 211/2021 var kveðinn upp hinn 1. september 2021. Hinn 9. september 2021 innti lögmaður M V eftir því hvort félagið hygðist una úrskurðinum og hinn 15. sama

mánaðar barst svar V þess efnis að úrskurðurinn hefði verið ræddur innan V og ákveðið að una honum. Liggur því fyrir að V féllst á að Y heitinn ætti rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X þó fjárhæð bótakröfu hans lægi ekki fyrir. Í framhaldinu, þ.e. dagana 15. – 29. september átti lögmaður Y í töluverðum samskiptum við V, þar sem aðilar komu sér saman um matsmann og stóðu saman að matsbeiðni, og má m.a. ráða af fyrirliggjandi gögnum að V hafi komið á framfæri spurningum, s.s. um skoðun á sjúkrasögu Y og beiðni um sérstakt mat á því hvaða afleiðingar mætti rekja til umrædds sjúklingatryggingaratburðar og hverjar til grunnsjúkdóms. Liggur því fyrir að í kjölfar úrskurðar nefndarinnar í máli 211/2021 féllst V á að taka þátt í mati á afleiðingum hins bótaskylda atburðar. Þá verður ekki séð að athugasemdir hafi verið gerðar við efni, aðferðafræði eða niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar.

Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að með framangreindum athöfnum hafi V viðurkennt kröfuna sem slíka og að í raun verði að telja það tilviljun að fjárhæð kröfunnar lá ekki fyrir fyrr en eftir andlát Y, en matsfundur fór fram hinn 21. október 2021. Verður það þá ekki talið fortakslaust skilyrði fyrir viðurkenningu kröfu að krónutala hennar liggi fyrir. Eins og áður segir virðist ekki um það deilt að Y hafi átt kröfu til bóta, né um matsgerðina sem slíka eða þá kröfufjárhæð sem af henni leiðir. Er það af öllu framansögðu mat nefndarinnar að skilyrði 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga um að krafa hafi verið viðurkennd sé uppfyllt.

Niðurstaða.

Krafa Y um bætur úr sjúklingatryggingu X hjá V erfist til M samkvæmt 2. mgr. 18. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 430/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
Atvinnurekandi: A

Skaðsemisábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot dags. 21. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 11. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram M hafi þann 27. nóvember 2019 verið að fara niður af gám þegar hnoð í stiga gáfu sig og M hafi fallið til jarðar. Nánar tiltekið hafi M verið að vinna við almennt viðhald, viðgerðir og nýsmíði þegar stiginn/tröppurnar sem hann notaði til að komast niður af gám, sem var 2,5 metrar á hæð, gaf sig og olli því að M féll harkalega til jarðar og slasaðist. A sé dreifingaraðili stigans sem hafi verið nýlegur á slysdegi og ekkert hafi bent til þess að hann hafi ekki verið í lagi. M telur óumdeilt að hnoðin hafi gefið sig þegar M stóð í þeim og því sé augljóst að stiginn hafi verið gallaður. A sé framleiðandi stigans í skilningi laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 og bótagrundvöllur samkvæmt lögunum sé hlutlægur.

Í bréfi V kemur fram að M hafi ekki sýnt fram á að stiginn hafi verið gallaður í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 eða skilmála tryggingarinnar. M beri sönnunarbyrði fyrir því en fullyrðingin sé ekki studd neinum gögnum. Fram kemur að samkvæmt upplýsingum A hafi B, vinnuveitandi M, keypt stigann árið 2017 og hafi stiginn því verið í notkun í rúm 2 ár þegar slysið varð. M hafi notað stigann til að komast upp á gám sem er 2,5 m hár en efsta þrep stigans sé í 1,95 m hæð. M hafi því líklega þurft að stökkva niður þessa 55 cm sem munar um hæð gámsins og efstu tröppu stigans og stiginn gefið sig við höggið. A hafi selt mikinn fjölda af samsvarandi stigum án þess að fá kvartanir.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvort stiginn í málinu sé haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Í ákvæðinu kemur fram að vara teljist haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttur mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum því hvernig hún er kynnt, notkun sem með sanngirni má gera ráð fyrir og hvenær vöru er dreift. Það liggur ekki fyrir mat á því hvort stiginn hafi verið haldinn ágalla og hvor málsaðili hefur sínar skýringar á því hvers vegna stiginn gaf sig. M telur stigann hafa gefið sig þegar hnoð hafi gefið sig en V telur stigann hafa gefið sig við högg þegar M hafi mögulega stokkið niður af gáminum á stigann. Sönnunarbyrði um það að stiginn hafi verið haldinn ágalla hvílir á M. Af framlögðum gögnum verður ekki ráðið vegna hvers stiginn gaf sig og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Í því samhengi skiptir ekki máli hvort stiginn var keyptur árið 2017 eða 2019. Það telst því ekki sannað að stiginn hafi verið haldinn ágalla eins og M heldur fram. Með vísan til þess hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaábyrgð vegna tjónsins og M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 431/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttekið 23. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 16. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var þann 25. október 2021 ökumaður í kyrrstæðri bifreið á aðrein af Miklubraut inn á Grensásveg er bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið M. M leitaði ekki læknisaðstoðar samdægurs en kveðst fljótlega eftir slysið hafa fundið fyrir auknum stífleika í hálshrygg og mjóbaki með leiðniverk niður í læri. M leitaði á Læknavaktina þann 12. nóvember 2021 þar sem einkenni hans hafi verið að ágerast. M leitaði svo aftur til læknis í janúar 2022 vegna sömu einkenna og fékk í kjölfarið beiðni um sjúkraþjálfun sem hann hefur sótt síðan. M tilkynnti um líkamstjón til V sem hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 21. nóvember 2022. Þar kemur fram að V hafi aflað hraða- og höggútreiknings og að gögn málsins bendi ekki til að varanlegt heilsutjón geti hafa hlotist af atvikinu. Telur M varhugavert að hafna bótaskyldu eingöngu á niðurstöðu PC-crash útreiknings sem aflað var einhliða af félaginu og hefur ekki mikið sönnunargildi. Í málinu liggi fyrir læknisfræðileg gögn sem bendi til þess að M hafi hlotið áverka við slysið. Skemmdir á bifreiðunum hafi verið nokkrar og bendi til þess að um nokkuð högg hafi verið að ræða. Þá liggi fyrir læknisfræðileg gögn um greiningu einkenna M fljótlega eftir umferðarslysið svo og gögn um síðari komu til læknis og meðferð sjúkraþjálfara. Fram komi í fyrirliggjandi sjúkragögnum að M eigi ekki sögu um verkjavandamál.

V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A. Afstaða V byggir á því að ósannað sé að fyrir hendi á milli slyssins og þeirra áverka sem M telur sig hafa orðið fyrir. Bendir V á að samkvæmt dómaframkvæmd er ekki nægilegt til sönnunar um orsakatengsl á milli atburðar og tjóns í líkamstjónamálum að hugsanlegt geti verið að um slík tengsl sé að ræða, heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu í raun og veru fyrir hendi. M hafi ekki lagt fram gögn sem sýni fram á orsakatengsl. Um lágorkuárekstur hafi verið að ræða sem ómögulegt sé að hafi valdið varanlegu líkamstjóni. M hafi verið gefinn kostur á að koma að sínum athugasemdum við öflun skýrslunnar en M hafi ákveðið að nýta sér ekki þann möguleika og verður sjálfur að bera hallan af því að hafa ekki gert það. Vísar V til dóms Landsréttar í máli nr. 877/2018 og nánar tilgreindra úrskurða nefndarinnar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M megi rekja til árekstursins þann 25. október 2021. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. M leitaði ekki til læknis fyrr en tæplega þremur vikum eftir áreksturinn og kvartaði þá undan verkjum í stífleika í hálshrygg og bakverkjum. M leitaði svo aftur til læknis rúmlega tveimur mánuðum síðar vegna verkja í mjóbaki. Þannig eru lýsingar M á einkennum sínum í læknisfræðilegum gögnum almenns eðlis og ekki er hægt að fullyrða, án þess að sérstakt mati fari fram á því, að meiri líkur en minni séu á því að M hafi hlotið þann áverka í ofangreindum árekstri. M ber hallan af sönnunarskorti um að líkamstjón hans megi rekja til þess áreksturs sem hér um ræðir. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs þann 25. október 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 433/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V)
Heiti vátryggingar: Húftrygging smábáta.
Nafn vátryggðs: Dánarbú X

Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags. Varúðarreglur.

Gögn.

1. Málskot móttekið 28. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bátur í eigu X sé staddur upp á landi á Þingeyri og M hafi, ásamt öðrum erfingjum X, komið veiðarfærarúllum inn í stýrishús bátsins í júlí sl. Í september hafi umræddar rúllur verið horfnar og var það tilkynnt til lögreglunnar á Ísafirði sem og til V sem hafi hafnað bótakröfu í tvígang.

M gerir kröfu um að bætur fyrir veiðarfærarúllur séu greiddar úr húftryggingu smábáta hjá V og vísar til þess að bátur X sé fulltryggður hvort sem hann sé uppi á landi eða við bryggju.

V hafnaði bótaskyldu úr húftryggingunni og byggir það á því að M hafi tilkynnt til lögreglu í október 2022 um tjón sem átt hafi sér stað í júlí sama ár. Í dagbók lögreglu komi fram að tvær handfærarúllur hafi verið settar í stýrishús til geymslu en bátur X hafi verið á landi um nokkurt skeið. Einnig kom þar fram að báturinn hafi verið búinn að vera upp á landi um nokkurt skeið og erfitt sé fyrir ókunnuga að opna hurð stýrishússins. V vísar til gr. 9.3 í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að læsa þurfi bátnum tryggilega þegar frá honum sé gengið og að ýmis búnaður, t.d. handfærarúllur og annar laus búnaður skuli fjarlægður úr bátnum þegar hann sé upp á landi eða í höfn í lengri tíma. V telur að brotið hafi verið gegn varúðarreglu í gr. 9.3 og beri þannig ekki ábyrgð vegna tjóns X.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum V, sem um húftryggingu smábáts X giltu, kemur fram í 2. kafla, í gr. 2.1. að vátryggðum og þeim sem samsamast honum beri að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur og að misbrestur á því geti letti til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í gr. 9.3 í 1. kafla sömu vátryggingarskilmála segir að báti skuli læst tryggilega og handfærarúllur og annar laus búnaður skuli fjarlægður þegar bátur sé uppi á landi. Í gögnum málsins kemur skýrlega fram að veiðarfærarúllum, sem ekki verður annað ályktað um en að séu handfærarúllur, eða í besta falli laus búnaður, var komið fyrir í stýrishúsi báts X þegar hann var uppi á landi. Bátnum virðist ekki hafa verið læst tryggilega þó erfitt hafi verið fyrir ókunnuga að komast inn í stýrishúsið. Í 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur skýrlega fram að ef sök er ekki óveruleg geti vátryggingafélag takmarkað ábyrgð sína í heild eða hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. V gerði slíkan fyrirvara í vátryggingarsamningi sínum við X og þær eða þau sem ábyrgð bera á X ekki hafa fylgt varúðarreglu gr. 9.3 og með tilliti til sakarstigs og orsakatengsla geti V takmarkað ábyrgð sína að fullu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr húftryggingu smábáta X, dánarbús hjá V.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Anna Dögg Hermannsdóttir

Mál nr. 434/2022
Nafn málskotsaðila M
Nafn varnaraðila V
Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.
Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Biðskylda.

Gögn.

1. Málskot móttekið 29. desember 2022.
2. Bréf V dags. 30. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V dags. 24. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 21. nóvember 2022 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn, á Reykjavíkurvegi til suðurs við gatnamót Álftanesvegar. Aðilum bar ekki saman um tildrög árekstursins, en samkvæmt skýrslu Aðstoðar & öryggis sem kvatt var á vettvang er haft eftir ökumanni A að hann hafi ekið suður Hafnarfjarðarveg yfir gatnamót Álftanesvegar á hægri akrein. B hafi verið ekið af aðrein gegn biðskyldu frá Álftanesvegi hægra megin við A. A hafi þá sveigt til vinstri en það ekki dugað til og B hafi því ekið á A. Hins vegar er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið af aðrein frá Álftanesvegi inn á hægri akrein Reykjavíkurvegar. Hann hafi ekið 10-20 metra, jafnvel lengra, frá gatnamótunum þegar A hafi ekið frá vinstri akrein og yfir á þá hægri á mikilli ferð með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ljóst sé að M hafi bara verið að skipta um akrein til að komast áfram en mikil umferð hafi verið á vinstri akreininni.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að B bæri alla sök á árekstrinum þar sem honum hefði borið að veita allri umferð um Reykjavíkurveg forgang.

M er ósáttur við þau málalok og vísar í málskoti til framburðar síns í framangreindri skýrslu. A hafi verið á töluverðum hraða og ætlað að stinga sér fram fyrir B með þeim afleiðingum að árekstur varð og sé með ólíkindum að A beri þá ekki sök á árekstrinum. B hafi þá ekið varlega og aðeins verið á um 30 kílómetra hraða á klukkustund í aðdraganda áreksturs.

V, sem var vátryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Óumdeilt er að í aðdraganda umrædds áreksturs ók B inn á Reykjavíkurveg frá Álftanesvegi. Forgangur umferðar um Reykjavíkurveg á umræddum stað er gefinn til kynna með biðskyldumerki, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, en þar segir að þegar ekið er inn á veg eða yfir veg skuli ökumaður veita umferð ökutækja, gangandi og hjólandi á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Aðila greinir hins vegar á um hvar á veginum áreksturinn atvikaðist og hvort B hafi ekið í veg fyrir A eða hvort A hafi skipt um akrein og ekið á B. Samkvæmt framburði A reyndi hann að sveigja frá og til vinstri en það hafi ekki dugað til til að forða árekstri. Engin frekari gögn, vitnaframburðir eða annað liggja þá fyrir er styðji við þá frásögn M að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B í þeim tilgangi að komast fram fyrir B. Þar sem það er hins vegar ljóst í málinu er að B bar að veita allri umferð um Reykjavíkurveg forgang og eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja að hann hafi ekki gætt nægilega að þeim áskilnaði og að það hafi orsakað árekstur aðila.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 22. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Hildigunnur Hafsteinsdóttir Heiða Óskarsdóttir

Mál nr. 435/2022
Nafn málskotsaðila (M)
Nafn varnaraðila (V): Vátryggingafélag Íslands hf.
Heiti vátryggingar: Slysatrygging launþega.
Nafn vátryggingartaka (X)

Gildissvið vátryggingarskilmála. Undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot móttekið 30. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. janúar 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 17. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. janúar 2023.

Málsatvik.

M, starfsmaður tiltekins sveitarfélags, lenti í umferðarslysi frítíma sínum, 27. október 2021. Gerði M kröfu um að V viðurkenni greiðsluskyldu úr slysatryggingu sem sveitarfélagið er með í gildi hjá V samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélagsins. V hafnaði hins vegar bótaskyldu á þeim grundvelli að tjón af völdum umferðarslysa, þegar starfsmaður er ekki við störf sín, falli ekki undir slysatrygginguna.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að í ákvæðum vátryggingarskilmála V um slysatryggingu launþega komi fram í gr. 9.17 að þegar bótaréttur er fyrir hendi vegna umferðarslyss úr lögboðinni ökutækjatryggingu þá stofnist ekki bótaréttur úr slysatryggingu launþega, nema annað leiði af kjarasamningi. M vísar þá til ákvæðis í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M vegna starfa hennar og þar komi fram að skilmálar sem um slysatryggingu gildi séu almennir skilmálar sem séu í gildi fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga [SÍT], með þeim frávikum sem í kjarasamningi greinir. Þannig vísar M til þess að í ákvæðum kjarasamnings komi fram að tryggingin gildi allan sólarhringinn auk þess sem hún gildi þrátt fyrir vátryggingu annars staðar, sbr. ákvæði kjarasamningsins í gr. 7.1.8 og 7.1.9. Slysatrygging M verði því að fara eftir ákvæðum kjarasamningsins sjálfs, ákvæði hans gildi um frávik en ekki skilmálar tryggingarinnar sjálfrar né heldur almennir skilmálar SÍT fyrir atvinnuslysatryggingar launþega sem kjarasamningurinn vísar til. Telur M þar af leiðandi að hún eigi bótarétt úr tryggingunni þar sem tjón vegna umferðarslyss í frítíma falli undir slysatryggingu launþega hjá félaginu. M vísar til þess að við túlkun umræddra ákvæða verði að líta til þess að vátryggingarskilmálar séu almennt samdir einhliða af vátryggingarfélagi og ef vafi sé um þýðingu eða skilning ákvæða þeirra verði að túlka slíkan vafa V í óhag skv. almennum túlkunarreglum. Einnig vísar M til orðalags kjarasamninga almennt um að umferðarslys séu undanþegin í slysatryggingum en ekki sé sambærileg ákvæði í kjarasamningum t.d. X og einhverra annarra sveitarfélaga. M telur að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 eigi ekki við þar sem ekki var samið um sambærileg frávik í þeim samningi sem þar var til umfjöllunar og í kjarasamningi M.

V hafnar röksemdum M og telur að ljóst sé af gögnum málsins að hún hafi verið í frítíma þegar hún slasaðist í umferðarslysi. Slysatrygging X hjá V gildi allan sólarhringinn en undanskilji umferðarslys skýrlega með vátryggingarskilmálum og ákvæði kjarasamnings, þannig að ákvæði kjarasamnings vísi til almennra skilmála atvinnuslysatrygginga SÍT og skv. þeim séu umferðarslys undanþegin bótaskyldu, en skv. sömu kjarasamningum falli takmarkanir á bótaskyldu sem um getur í tryggingarskilmálum einungis niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi. Af því leiði að þegar starfsmaður er ekki við störf sín gildi þær takmarkanir á bótaábyrgð sem fram koma í vátryggingarskilmálanum, sbr. einnig gr. 7.1.8. kjarasamningsins. Þá segi enn fremur í gr. 7.1.7. kjarasamningsins að skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT), þegar samkomulagið (kjarasamningurinn) var gert. Í fyrirmynd SÍT að skilmálum slysatryggingar launþega frá 5.6.2000 segi m.a. skýrlega að ekki greiðist bætur fyrir varanlega örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu. Sambærilega undantekningu sé jafnframt að finna í skilmálum V. Telur V að þó skilmálar SÍT hafi ekki verið uppfærðir og ákvæði kjarasamningsins staðið óbreytt gildi þær takmarkanir sem þar komi fram eftir sem áður. Einnig vísar V á bug að beita skli andskýringarreglu samningaréttar, enda sé um að ræða túlkun á ákvæðum kjarasamnings þar sem halli á hvorugan aðila við samningsgerð. Einnig vísar V á

bug að fram sé komin venja í vinnurétti sem opni fyrir bótarétt með þeim hætti sem M heldur fram. V telur skýrt í kjarasamningi að sé launþegi í frítíma sínum, gildi þær takmarkanir á bótaskyldu sem komi fram í viðkomandi skilmálum, sem séu í þessu tilfelli, eins o áður segir skilmálar SÍT, sem séu samhljóða skilmálum fyrir slysatryggingu launþega hjá V.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega hjá V kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu þ.e. ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi, sbr. gr. 9.17. Samkvæmt framangreindu er ljóst að bótaréttur er ekki fyrir hendi úr slysatryggingunni, nema annað leiði af kjarasamningi. Verður því að leggja mat á það hvort ákvæði kjarasamningsins feli í sér að tjón vegna umferðarslysa falli undir slysatryggingu launþega.

Í fyrsta lagi segir í gr. 7.1.7. kjarasamningsins að skilmálar slysatryggingar þeirrar sem fjallað er um í kjarasamningnum séu almennir skilmálar, sem í gildi voru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá SÍT, þegar kjarasamningurinn var gerður, eftir því sem það á við og með þeim frávikum sem í kjarasamningnum greinir.

Kjarasamningurinn sem M starfaði eftir á slysdegi gilti frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023 og var því í gildi þegar M slasaðist. Fyrir liggur að SÍT var lagt niður þegar það sameinaðist öðrum félögum undir heitinu Samtök fjármálafyrirtækja í ársbyrjun 2007. Það er því ljóst að engir almennir skilmálar voru í gildi hjá SÍT þegar kjarasamningurinn var gerður. Síðustu skilmálar SÍT virðast skv. gögnum málsins hafa verið gerðir þann 5. júní 2000. Hvað varðar þýðingu þessa verður að líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 þar sem fram kemur að almenn tilvísun til skilmála SÍT í kjarasamningum eftir að SÍT var lagt niður feli í sér að samningsaðilar hafi sammælst um að bótaréttur skv. kjarasamningi skuli ráðast af þeim skilmálum sem SÍT gaf út þann þann 5. júní 2000. Í þágildandi skilmálum SÍT, nánar tiltekið í gr. 12.1, kom fram að ekki greiðast bætur vegna varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatryggingu. Sambærilegt ákvæði er sem fyrr segir í gr. 9.17 í vátryggingarskilmálum V. Ekkert kemur fram í kjarasamningnum sjálfum eða öðrum gögnum sem bendir til þess að líta hafi átt framhjá hefðbundnum vátryggingarskilmálum vegna slysatryggingarkafla kjarasamningsins.

Það eitt að í ákvæðum kjarasamnings í gr. 7.1.8 og 7.1.9 komi fram að vátrygging gildi allan sólarhringinn eða þó önnur vátrygging sé í gildi, víkur ekki til hliðar þeirri tilvísun sem er í gr. 7.1.7 um að um slysatryggingu kjarasamningsins gildi tilgreindir skilmálar, sbr. þágildandi gr. 12.1 í almennum skilmálum slysatryggjenda SÍT. Þá segir auk þess skýrlega í gr. 7.1.8. kjarasamningsins að takmarkanir á bótaskyldu, sem um geti í tryggingaskilmálum, falli niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi vegna þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af því leiðir að takmarkanir á bótaskyldu, svo sem tilgreindar eru í vátryggingaskilmálum slysatryggingar V, halda gildi sínu þegar starfsmaður verður fyrir slysi í frítíma, þ.m.t. að bótaréttur falli niður þegar bótaréttur er fyrir hendi samkvæmt lögbundinni ökutækjatryggingu.

Af þeim sökum og í ljósi þess að M á bótarétt vegna slyssins úr lögboðinni ökutækjatryggingu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki bótarétt úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir Jóhann Tómas Sigurðsson Heiða Óskarsdóttir